Hæstaréttardómar 1981

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar galli á bls. 1610 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1981

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Ábyrgð 1138
Aðfararheimild 815
Aðild 7, 1135, 1353
Áfengislög 82, 108, 689, 952, 1079, 1168, 1264, 1415, 1552
Áfrýjun 2, 233, 266, 496, 594, 1415
Ákæra 118, 145, 1300
Alm. hegningarlög, brot gegn 106. gr. og 108. gr. 490, 710
Alm. hegnigarlög, 147. gr., sýkna 310
Alm. hegningarlög, brot gegn 231. gr. 261
Áskorunarmál 896
Atvinnuleyfi 1183
Aval (víxilábyrgð) 1089
Ávana- og fíkniefni 18
Barnaverndarmálefni 675
Bifreiðaárekstur 48, 383, 659, 1363
Bifreiðar:
a) einkamál 374, 383, 473, 659, 1203, 1363
b) opinber mál 48, 82, 108, 572, 687, 952, 960, 1079, 1082, 1264, 1346, 1415, 1552
Blóðrannsókn, bifreiðarstjórn 82, 108, 689, 1079, 1168, 1264, 1415
Botn stöðuvatns, eignarréttur 182
Bráðabirgðaöguleyfissvipting úr gildi felld 402, 1049
Búfjárræktarlög 1238
Búskipti 884
Dómarar 687, 1033, 1496, 1497
Eignardómsmál 1584
Eignarréttur 182, 1584
Endurgjald, mannvirki 910, 928
Endurgreiðsla 1357
Falsgögn, öflun 430
Farmbréf 35
Farmsamningar 610
Farmskemmdir 610
Fasteign, leigusamningur, brottnám 233, 1499
Fasteignakaup, fasteignaviðskipti 416, 605, 1219, 1422, 1524
Félag, heiti 72
Fiskafli, ólögleg meðferð 1449
Fjárdráttur 108, 310, 1534
Fjárnám 233, 535, 566, 815, 1213, 1219, 1508, 1579
Fjárskipti, óvígð sambúð 128
Fjársvik 118, 310, 874, 940, 945
Fjölbýlishús 359
Flutningar 35
Forkaupsréttur 247
Forsendur 1323

Bls.
Frávikning úr starfi 166, 834
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 88, 185, 566, 633, 665, 896, 965, 997, 1300, 1307, 1573
b) frá Hæstarétti 5, 266, 496, 535, 1429, 1432, 1496, 1497
c) frávísunardómur úr gildi felldur 10, 406
Frestur 569, 570, 571, 1040
Fundið fé, ólögleg meðferð 257
Fyrning sakar 145
Gallar 416, 1390, 1422, 1512, 1524
Gatnagerðargjald 160
Geðheilbrigðisrannsókn 684, 1036, 1129
Gengisskráning 469
Gerðardómur 1243
Gjafsókn 185
Gjalddagi 26
Gjaldeyriskaup 469
Gjaldþrotaskipti 1056
Greiðslustöðvun, synjun 630
Gæsluvarðhald 52, 67, 140, 229, 678, 684, 708, 762, 1036, 1046, 1052, 1129, 1413, 1480, 1520, 1570
Hafning máls 569, 570, 571, 742, 964, 1134
Handtaka, ólögleg 430
Heimvísun 41
Heiti félags 72
Hlutdeild, 254. gr. alm. hegningarlaga 1454
Húsaleiga 748, 1357
Iðgjaldagreiðslur 1150
Ítrekun, réttaráhrif 1086, 1168, 1264, 1415, 1435, 1488
Jarðakaup 247
Jarðalög 299
Kaupgjaldsmál 54, 101, 557
Kjarasamningar 54
Kæruheimild, leyfi 5, 1429, 1432
Kærumál:
1) Ábyrgð 1138
2) Áskorunarmál 896
3) Barnaverndarmálefni 675
4) Bráðabirgðaökuleyfissvipting úr gildi felld 402, 1049
5) Dómarar 687, 1033, 1496, 1497
6) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 665, 896, 1573
b) frá Hæstarétti 5, 633, 1429, 1432, 1496
c) frávísunardómur úr gildi felldur 10, 46
7) Frestur 1040
8) Geðheilbrigðisrannsókn 684, 1036, 1129
9) Gjaldþrotaskipti 1056
10) Greiðslustöðvun, synjun 630
11) Gæsluvarðhald 52, 67, 140, 229, 678, 684, 708, 762, 1036, 1046, 1052, 1129, 1413, 1480, 1520, 1570
12) Jarðalög 299

Bls.
13) Kæruheimild, leyfi 5, 1429, 1432
14) Kærumálskostnaður 351, 355
15) Miskabætur 687
16) Réttargæslumaður, skipun 5
17) Ríkisábyrgð 1138
18) Sératkvæði 351, 355, 406
19) Skiptalok 1056
20) Skipti 1138
21) Uppboð 687
22) Vitnaskylda 351, 355
23) Vítur 687
24) Þinglýsing 229, 1025, 1029, 1370
Kærumálskostnaður 351, 355
Landamerkjamál 1060
Lausafjárkaup 1390, 1512
Lax- og silungsveiði, brot gegn lögum 775, 780
Leigubifreiðar 1183
Leigusamningur, fasteign 233
Lífeyrissjóðir 1150
Líkamsárás 1376
Líkamsmeiðingar 287, 374, 572, 581, 1376
Lóðarleigusamningur 910, 928
Lögreglumenn 1113
Lögtak 395, 1477
Málsástæður 535
Málskostnaður 351, 355, 594, 742, 960, 964, 1134, 1307, 1584
Manndráp 639, 710
Mannvirki, endurgjald 910, 928
Miskabætur 687, 1229
Nytjastuldur 689, 1264
Ólögleg handtaka 430
Ómaksbætur 105, 106, 107, 108, 282, 638, 1126, 1127, 1346
Ómerking 41, 88, 566, 965, 1238, 1300, 1499
Ómerking ummæla 652, 834, 1229
Opinberir starfsmenn 166, 287, 430, 485, 834
Opinbert starf, vanræksla 485
Orlof, orlofsfé 547, 1477
Óvígð sambúð 128
Rangur framburður fyrir dómi 430
Réttaráhrif ítrekunar 1086
Réttargæslumaður, skipun 5
Riftun 997
Ríkisábyrgð 1138
Sakarkostnaður 960, 964
Sambúð, óvígð 128
Sératkvæði 18, 128, 166, 247, 287, 310, 351, 355, 359, 383, 406, 430, 469, 496, 639, 710, 743, 910, 965, 1089, 1113, 1203, 1213, 1243, 1300, 1346, 1398, 1483, 1499, 1540, 1584
Sjóveðréttur 557
Skaðabótamál 166, 233, 359, 374, 383, 416, 473, 496, 610, 834, 1099, 1113, 1203, 1363, 1390, 1422, 1512, 1524

Bls.
Skattamál 395
Skiptalok 1056
Skipti 1138, 1289
Skjalafals 874, 1099, 1435, 1534
Skuldabréf 26
Skuldamál 2, 7, 303, 594, 748, 785, 884, 1160, 1353, 1367, 1474
Stefna 1474
Stjórnsýsla 266, 1183
Stöðuvatn, eignarréttur að botni 182
Stöðuveiting, umsögn 266
Söluþóknun, fasteign 605
Tékkamisferli 940, 945, 1099
Tilraun 1488
Tómlæti 748
Tryggingarbréf 815, 1540
Umferðarlög 48, 82, 108, 374, 383, 473, 572, 659, 689, 952, 960, 1079, 1082, 1168, 1264, 1346, 1415, 1552
Ummæli, ómerking 652, 834, 1229
Umsýsla 768
Uppboð 26, 160, 687, 743, 1238, 1338, 1398
Uppsögn 1559
Útburðarmál 1483
Útivistardómar, útivist 1, 2, 7, 105, 106, 107, 108, 282, 533, 534, 566, 594, 638, 1126, 1127, 1128, 1129, 1135, 1344, 1345, 1346, 1474
Vanræksla í opinberu starfi 485
Vanheimild 997
Varnarþing 566
Vátrygging 345
Veðréttur 815
Veðsetning, gildi 1323
Veðskuldabréf 1338, 1398
Veðtrygging 1540
Verðlagsbrot 145
Verðstöðvun 1357
Verðtrygging 1219
Vextir 247, 1213
Vinnusamningur 1559
Vinnuslys 496
Vitnaskylda 351, 355
Vítur 687, 1025, 1029
Víxilábyrgð (aval) 1089
Víxilmál 535, 543, 1089, 1579
Þinglýsing 299, 1025, 1029, 1370
Þjófnaður 108, 118, 136, 257, 261, 282, 689, 1086, 1178, 1289, 1435, 1488
Þóknun flytjanda opinbers máls 964
Ærumeiðingar 652, 1229
Öflun falsgagna 430
Ökuhraði 1082
Öryggisbelti 473

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXII. árgangur. **1981**

Miðvikudaginn 7. janúar 1981.

Nr. 48/1979. **Kristjana Einarsdóttir**
gegn
Þorsteini Jónssyni og
Rósu Þorsteinsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristjana Einarsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 7. janúar 1981.

Nr. 163/1979. **Friðrik Sæmundsson**
gegn
Páli Þorgeirssyni
og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Friðrik Sæmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Gagnáfrýjandi, Páll Þorgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 7. janúar 1981.

Nr. 241/1980. **Jörmundur Ingi Hansen**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jörmundur Ingi Hansen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 9. janúar 1981.

Nr. 169/1978. **Hörður Ólafsson**
(sjálfur)
gegn
Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Lögfræðiskrifstofu Maclay, Murray and Spens
(sjálfur).

Skuldamál. Áfrýjun. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sína aðallega á aðildarskorti, en til vara á því, að verk það, sem stefndi vann, hafi reynst gagnslaust. Af hálfu áfrýjanda var sótt þing í héraði, er málið var þingfest, án þess að hann hefði uppi andmæli við kröfum stefnda. Í næsta þinghaldi var ekki sótt þing af hans hálfu, og hafa lögmæt forföll ekki verið sönnuð. Áfrýjandi hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans ekki til greina fyrir Hæstarétti. Ber því þegar af þeirri ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 1.900.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hörður Ólafsson, greiði stefnda, Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Lögfræðiskrifstofu Maclay, Murray and Spens, 1.900.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. sept. sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. ágúst 1978, af Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, f. h. Lögfræðiskrifstofu Maclay, Murray and Spens, 169 West George Street, Glasgow, Skotlandi, gegn Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, Mávahlíð 30, Reykjavík, til greiðslu á U.K. £ 83.00 auk 13% ársvaxta frá 1. apríl 1976 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Við þingfestingu máls þessa gerði lögmaður stefnda kröfu um

málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 200.000. Lögmaður stefnanda mótmælti upphæð málskostnaðartryggingarinnar og skyldu til greiðslu slíkrar tryggingar. Var því ákveðin fyrirtekt í máli þessu miðvikudaginn 13. september 1978 til þess að gefa lögmönnum aðilja kost á að tjá sig um ágreiningsefnið. Er málið var tekið fyrir þann dag, var ekki sótt þing af hálfu stefnda og ekki boðuð lögmæt forföll. Var málið þá dómtekið að ósk lögmanns stefnanda, sem jafnframt lýsti því yfir, að hann liti svo á, að þar sem stefndi hefði ekki sótt þing, hefði hann fallið frá kröfu sinni um málskostnaðartryggingu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að stefndi, sem sé lögmaður hér í borg, hafi fengið lögfræðifirma stefnanda til þess að gefa álit í sambandi við gerðardómsmál, sem umbjóðandi hans, Guðbjörn Guðjónsson, hafi átt í við Metro Shipping and Finance, en gerðardómurinn hafi verið í Glasgow. Stefnandi hafi síðan leitað ráðgjafar hjá lögmanni, „counsel", og hafi síðan sent skriflega álitsgerð og hafi reikningur stefnanda numið samtals stefnufjárhæðinni og sé þá með talin þóknun lögmannsins. Stefnandi telji, að stefndi beri persónulega ábyrgð gagnvart sér á greiðslu reikningsins, en stefndi hafi ekki fengist til að greiða hann þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Þar sem þingsókn féll niður af hálfu stefnda, án þess að lögvarnir kæmu fram, verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 26.900.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Ólafsson, greiði stefnanda, Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Lögfræðiskrifstofu Maclay, Murray and Spens, U.K. £ 83.00 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til greiðsludags og kr. 26.900 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. janúar 1981.

Nr. 3/1981. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
bæjarfógetanum í Kópavogi.

Kærumál. Synjun dómara um skipun réttargæslumanns. Kæruheimild. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Með kæru 24. desember 1980, sem barst Hæstarétti 9. janúar 1981, hefur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins kært til Hæstaréttar „synjun sakadóms Kópavogs um uppkvaðningu úrskurðar um skipun réttargæslumanns við handtöku Harðar Júlíussonar, Þinghólsbraut 10, Kópavogi, . . . vegna rannsóknar á ætluðum refsilagabrotum Harðar . . .". Er þess krafist, að synjun bæjarfógetans verði hrundið og að lagt verði fyrir hann að kveða upp í sakadómi úrskurð um synjun þessa.

Rannsóknarlögreglustjóri vísar til 4. og 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um kæruheimild.

Bæjarfógetinn í Kópavogi hefur sent Hæstarétti greinargerð af sinni hálfu og krefst þess, að kæru þessari verði vísað frá Hæstarétti.

Hinn 19. desember 1980 ritaði rannsóknarlögregla ríkisins sakadómi Kópavogs svohljóðandi bréf:

„Eftir ósk Harðar Júlíussonar, Þingholtsbraut 10, Kópavogi, f. 12.01.1950, sem handtekinn var nú í morgun vegna gruns um brot gegn XXII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, og með vísan til 61. gr., 4. mgr., og 73. gr. laga nr. 74/1974 er þess hér með óskað, að Guðmundur Þórðarson hdl. verði skipaður réttargæslumaður kærða".

Bæjarfógetinn í Kópavogi svaraði þessu bréfi samdægurs. Lýsti hann þar yfir því, að hann teldi skipun réttargæslumanns fyrir handtekinn mann alfarið vera lögreglumál, enda tengdist sú réttargæsla á engan hátt sakadóminum, fyrr

en þá hugsanlega á síðara stigi málsins. Sæi hann sér ekki fært eða skylt að verða við beiðni þessari.

Hinn 22. desember 1980 ritaði rannsóknarlögreglustjóri ríkisins sakadómi Kópavogs bréf og krafðist með vísan til 2. mgr. 73. gr. laga nr. 74/1974 úrskurðar sakadómsins um framangreinda synjun um skipun réttargæslumanns við lögreglurannsóknina. Hann tók fram í bréfinu, að Hörður hefði verið handtekinn að morgni 19. desember vegna grunsemda, sem þá hefðu beinst gegn honum um brot á 203. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga, 45. gr. laga nr. 53/1966 og 16. gr., sbr. 41. gr. laga nr. 82/1969. Kvað hann Hörð hafa borið fram þá ósk, að Guðmundur Þórðarson héraðsdómslögmaður yrði skipaður réttargæslumaður sinn. Ætti Hörður rétt á því samkvæmt 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 73/1979, að honum yrði skipaður réttargæslumaður þegar eftir handtöku.

Af hálfu bæjarfógetans í Kópavogi var bréfi þessu svarað 23. desember 1980. Segir þar m. a. svo:

„Þar sem sakadómur Kópavogs hefur þegar skipað réttargæslumann samtímis úrskurði um gæsluvarðhald, uppkveðnum 19. þ. m., sem fylgir bréfi þessu, eru eigi forsendur fyrir frekari meðferð þessa tiltekna máls, hvorki með úrskurði né á annan hátt".

Í 172. gr. laga nr. 74/1974 segir, að „aðili" geti kært til Hæstaréttar úrskurði héraðsdómara um þau efni, er þar greinir. Þetta ákvæði ber að túlka svo, að af hálfu almenningsvalds sé kæruheimild í höndum ríkissaksóknara, nema lög segi annað. Í lögum nr. 107/1976 um breytingu á lögum um meðferð oipnberra mála er ekki vikið að því, að rannsóknarlögreglustjóri hafi kæruheimild. Með hliðsjón af 73. gr. laga nr. 74/1974 og þeirri stefnu, sem í henni felst, verður að telja, að kæruheimild vegna framangreindrar synjunar sé í höndum ríkissaksóknara, en ekki rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 13. janúar 1981.

Nr. 164/1978. **Halldór Guðmundsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Sandi Dugguvogi s/f
(Baldvin Jónsson hrl.).

Skuldamál. Aðildarskortur. Útivist áfrýjanda í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. september 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði, og var honum þó löglega stefnt. Hér fyrir dómi reisir hann sýknukröfu sína á aðildarskorti. Hann telur kröfum stefnda ranglega beint gegn sér persónulega og hafi áfrýjandi átt að sækja Halldór Guðmundsson h/f um þær.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir því, að kröfur stefnda á hendur áfrýjanda stafi af sandsölu stefnda vegna tiltekinna mannvirkja, sem verið var að reisa. Í málinu hefur stefndi lagt fram afhendingarnótur, 13 talsins, dagsettar í október til desember 1977.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa áfrýjandi og tveir menn aðrir komið fyrir dóm. Þá hafa m. a. verið lagðir fram tveir verksamningar um verk þau, sem sandsalan frá stefnda varðar. Leggja verður til grundvallar, að sand þennan hafi múrarameistari eða starfsmenn, er unnu að byggingarstarfsemi, sem verksamningarnir víkja að, pantað hjá stefnda og kvittað fyrir móttöku. Á úttektarnótunum er getið um verk þau, sem úttekt varðar. Á einni nótunni er greint símanúmer

Halldórs Guðmundssonar h/f. Ekki er neitt leitt í ljós um fyrri viðskipti málsaðilja né hver viðbrögð áfrýjanda voru, er honum bárust reikningar stefnda, og raunar ekki sýnt fram á, hvenær honum hafi borist þeir. Innheimtubréf stefnda til áfrýjanda er ritað 13. júní 1978 og mál höfðað með stefnu, birtri 21. s. m.

Samkvæmt gögnum máls var hlutafélagið Halldór Guðmundsson stofnað árið 1964, og var áfrýjandi stærsti hluthafi og prókúruhafi, þegar viðskipti þau urðu, sem eru undirrót málssóknarinnar. Í tilkynningu í Lögbirtingablaði 24. janúar 1980, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, greinir, að hlutafélagið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Hafnarfjarðar 10. júlí 1979 og hafi engar eignir fundist í búinu og ekkert hafi komið upp í lýstar kröfur. Sé skiptum lokið samkvæmt 120. gr. laga nr. 6/1978.

Þegar litið er á samningsskipti þau, sem hér hafa verið reifuð, aðdraganda að þeim og vitneskju stefnda um, hver verk það voru, sem úttektin varðaði, verður eigi talið, að stefndi hafi sýnt fram á, að áfrýjandi hafi bakað sér persónulega ábyrgð á fjárkröfum þeim, sem málssóknin lýtur að. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Halldór Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Sands Dugguvogi s/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. ágúst 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. júní 1978, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri miðvikudaginn 21. júní 1978, af Sandi Dugguvogi s/f, Dugguvogi 6, Reykjavík, gegn Halldóri Guðmundssyni, Herjólfsgötu 14, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 341.581 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 70.353 frá 1. nóvember 1977 til 1. desember sama ár, en af kr. 245.197 frá þeim degi til 1. janúar

1978, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 341.581 frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkv. 6 reikningum fyrir sölu á sandi til stefnda, að fjárhæð kr. 341.581 samtals. Sandur þessi, samtals 700 tunnur, hafi verið afhentur á tímabilinu 13. október til 22. desember 1977 og séu allar afhendingarnóturnar 13 talsins með móttökukvittunum.

Stefndi hafi eigi fengist til að greiða skuld þessa þrátt fyrir margítrekuð greiðslutilmæli.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 56.700.

Dóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Guðmundsson, greiði stefnanda, Sandi Dugguvogi s/f, kr. 341.581 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 70.353 frá 1. nóvember 1977 til 1. desember sama ár, en af kr. 245.197 frá þeim degi til 1. janúar 1978, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 341.581 frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, og kr. 56.700 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. janúar 1981.

Nr. 242/1980. **Ríkharður J. Björgvinsson**
gegn
Jóhannesi Sveinbjörnssyni
og Jóni Oddssyni.

Kærumál. Frávísunardómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 2. desember 1980, sem barst Hæstarétti 15. s. m., hefur sóknaraðili með heimild í 21. gr., 1. mgr., 1. tl., b, í lögum nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1980. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að frávísunardóminum verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Til vara krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði aðeins staðfestur að því er varðar varnaraðiljann Jón Oddsson og „að málskostnaður dæmdur varnaraðila Jóhannesi verði felldur niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti".

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

Héraðsstefna í máli þessu var birt 28. febrúar 1980. Þar sagði um kröfur: „Fyrir dóminum mun stefnandi gera þær réttarkröfur, **aðallega**, að sala íbúðar á 2. hæð D í húsinu Æsufelli 6, Reykjavík, skv. kaupsamningi og afsali, dags. 29. des. 1978, verði dæmd ógild, en **til vara**, að stefndu verði **in solidum** gert að greiða kr. 4.000.000.00" með vöxtum, eins og nánar greinir.

Í greinargerð stefnanda í héraði, sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, eru kröfur ekki greindar að öðru leyti en því, að það, er í stefnu segir, er efnislega endurtekið og bætt við: „Til

þrautavara er bótakröfunni beint að stefnda Jóni einum. . . ."

Fallast má á það með héraðsdómara, að heimilt hafi verið að ganga fram hjá sáttamönnum og leggja ágreining aðilja beint fyrir bæjarþing. Byggist það á 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, svo og 78. gr. fyrrnefndu laganna.

Þá ber og að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara, að það varði ekki frávísun máls þessa, að deilur aðilja hafa verið til umfjöllunar hjá handhöfum rannsóknar- og ákæruvalds og hjá stjórn Lögmannafélags Íslands.

Eins og fram kemur í héraðsdómi og því, sem hér að framan er rakið úr héraðsstefnu og greinargerð stefnanda í héraði, var þess ekki getið glögglega strax í upphafi, að riftunarkröfu væri beint að varnaraðiljanum Jóhannesi einum. Hvernig sem skilja mátti kröfugerðina í upphafi, verður ekki talið, að það varði frávísun, þó að slíkri kröfu væri einnig beint að Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni. Mátti fá um það atriði efnisdóm. Þar við bætist, að við munnlegan flutning um frávísunarkröfuna í héraði var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að riftunarkröfunni væri beint að Jóhannesi einum. Þessi málatilbúnaður af hálfu stefnanda, sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, er eigi svo vandaður sem skyldi og vera ber eftir 88. gr. laga nr. 85/1936, en hann leiðir þó ekki til þess, að vísa beri málinu frá héraðsdómi, sbr. og þá meginreglu, er fram kemur í 113. gr. laganna, að aðilja sé heimilt að breyta kröfum sínum gagnaðilja í hag.

Hið sama og nú var rakið er um það að segja, að í greinargerð stefnanda í héraði var sú þrautavarakrafa gerð, að bætur, sem í stefnu var krafist úr hendi beggja hinna stefndu, greiðist af stefnda Jóni einum.

Eins og í hinum kærða dómi segir, hefði það verið ljósari málatilbúnaður af hálfu stefnanda í héraði að taka fram, hverjum hluta söluverðs hann mundi skila, ef riftun yrði heimiluð. Engu að síður verður að hafa í huga, að um riftun, ef til kemur, fer eftir almennum reglum þar að lútandi, sbr. 57. og 58. gr. laga nr. 39/1922. Er það og fordæmisregla í íslenskum rétti, að unnt sé að heimila riftun, þó að sá, sem

kröfu gerir, bjóði ekki jafnframt fram tiltekin skil af sinni hálfu.

Í hinum kærða dómi er loks á því byggt, að tiltekið umboð til varnaraðiljans Jóns Oddssonar hafi ekki verið lagt fram sem málsskjal. Eftir 105. gr. laga nr. 85/1936 var rétt að leggja skjal þetta fram við þingfestingu, en engu að síður mátti úr þessu bæta síðar. Varðar þetta atriði ekki frávísun málsins frá héraðsdómi.

Þeir gallar, sem nú hafa verið raktir, þykja ekki allir saman, fremur en hver um sig, vera með þeim hætti, að þeirra vegna sé rétt að vísa máli þessu frá bæjarþingi Reykjavíkur. Önnur rök hníga ekki heldur til þeirrar niðurstöðu. Verður því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1980.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 24. október sl., höfðaði Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði, f. h. Ríkharðs J. Björgvinssonar, Flúðaseli 12, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. febrúar sl., gegn Jóhannesi Sveinbjörnssyni, Æsufelli 6, Reykjavík, og Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, Sólvallagötu 29, Reykjavík, til ógildingar kaupsamningi, dags. 29. desember 1978, varðandi íbúð á 2. hæð D í húsinu nr. 6 við Æsufell í Reykjavík og afsali, dags. sama dag, og til greiðslu skaðabóta.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að sala íbúðar á 2. hæð D í húsinu Æsufelli 6, Reykjavík, skv. kaupsamningi og afsali, dags. 29. desember 1978, verði dæmd ógild, en til vara, að stefndu verði in solidum gert að greiða kr. 4.000.000 með 19% ársvöxtum frá 29. desember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. september 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en þó eigi lægri vöxtum en dómvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð stefnanda er sett fram þrautavarakrafa á þá leið, að bótakröfunni er beint að stefnda Jóni einum.

Stefndi Jóhannes Sveinbjörnsson krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða stefnda Jóhannesi málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi Jón Oddsson gerir í fyrsta lagi þá dómkröfu, að málinu verði þegar í stað vísað frá dómi, hvað honum viðvíkur.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Frávísunarkrafa stefnda Jóns Oddssonar er hér til meðferðar.

II.

Í greinargerð stefnanda er málavöxtum lýst á þá leið, að með kaupsamningi, dags. 27. október 1977, hafi stefnandi keypt 5 herbergja íbúð á 2. hæð D í fjölbýlishúsinu Æsufelli 6, Reykjavík. Kaupverðið hafi verið ákveðið kr. 12.000.000. Seljandi hafi verið Þorgeir Yngvason. Samkvæmt kaupsamningnum hafi stefnanda borið að greiða við samþykkt kauptilboðs kr. 2.000.000, 27. desember 1977 kr. 2.000.000, 1. maí 1978 kr. 500.000, 10. júlí 1978 kr. 1.000.000 og 5. maí 1978 kr. 2.000.000.

Stefnandi hafi ekki getað staðið skil á greiðslu, sem fram átti að fara 1. maí 1978, kr. 500.000, og ekki heldur síðari greiðslum. Þá hafi lögmaður seljanda ritað stefnanda bréf, dags. 20. okt. 1978, þar sem kaupsamningi hafi verið rift. Í bréfi þessu komi einnig fram, að stefnandi hafi þá verið kominn í vanskil með greiðslur vaxta og afborgana af ýmsum lánum, sem hvíldu á íbúðinni, og að íbúðin var komin undir uppboð.

Í þessum vandræðum sínum hafi stefnandi leitað til stefnda Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns til þess að fá hann til að greiða úr vandræðum sínum. Stefndi Jón hafi eindregið ráðlagt að reyna að komast hjá riftun og selja íbúðina sjálfur. Hafi stefndi Jón ritað seljanda bréf, dags. 3. nóvember 1978, þar sem hann hafi farið þess á leit f. h. stefnanda, að fallið yrði frá riftun kaupanna gegn því, að stefnandi greiddi vanskilin upp að fullu. Stefnandi hafi þó ekki getað innt greiðsluna af hendi og hafi þá verið gengið frá riftunarsamningi. Eftir að sá samningur var gerður, hafi enn hafist viðræður um, að riftun kæmi ekki til framkvæmda, og hafi þær viðræður endað þannig, að seljandinn féllst á að falla

frá riftun og heimila stefnanda að selja íbúðina sjálfum beinni sölu. Um afstöðu stefnanda hafi mestu ráðið fortölur stefnda Jóns Oddssonar, sem hafi fullyrt, að stefnandi mundi fara miklu betur út úr þessu máli fjárhagslega, ef sá háttur væri hafður á, sbr. bréf stefnda Jóns, sem dags. er 30. nóvember 1978, dskj. 5, þar sem hann fullyrði, að sennilega væri nú hægt að selja íbúðina á rúmar 15 milljónir króna. Stefndi Jón hafi krafist þess, að stefnandi og eiginkona hans gæfu sér fullt og ótakmarkað umboð til þess að ganga frá uppgjöri við Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann vegna Þorgeirs Yngvasonar og til þess að selja íbúðina. Í trausti þess, að íbúðin yrði ekki seld fyrir lægra verð en rúmar 15 milljónir króna, hafi stefnda Jóni verið gefið umboð þetta. Í beinu framhaldi af útgáfu umboðsins hafi stefndi Jón síðan selt íbúðina stefnda Jóhannesi, sbr. kaupsamning á dskj. 8 og afsal, dskj. 9, fyrir kr. 12 milljónir, sem hafi verið sama verð og íbúðin hafði kostað 14 mánuðum áður.

Stefnandi hafi strax mótmælt þessari sölu við stefnda Jón, en án nokkurs árangurs, og kröfubréf lögmanns stefnanda til beggja stefndu hafi ekki haft þann árangur, að stefndu féllust á að láta kaupin ganga til baka eða að kaupverðið yrði hækkað.

Í kaupsamningi, dags. 29. desember 1978, hafi verið ákvæði um, að stefnanda bæri að afhenda kaupanda íbúðina 28. febrúar 1979. Þetta samningsákvæði hafi verið látið í samninginn án vilja og vitundar stefnanda og þegar stefnandi hafði ekki afhent lykla á þeim degi, hafi stefndu látið bera stefnanda út úr íbúðinni, sjá úrskurð á dskj. 15, þeir hafi gert fjárnám í bifreið stefnanda og síðan krafist sölu hennar á nauðungaruppboði til lúkningar dæmdum málskostnaði í útburðarmálinu.

Með matsbeiðni, dags. 21. mars 1979, hafi stefnandi beðist þess, að dómkvaddir yrðu 2 matsmenn til þess að meta hæfilegt og líklegt söluverð íbúðarinnar á söludegi og hafi niðurstaða matsmanna orðið sú, að íbúðin teldist hæfilega metin kr. 16.000.000 á söludegi og sé þá miðað við, að íbúðin hefði verið seld við eðlilegar aðstæður og á sambærilegum kjörum og kaupsamningur, dags. 29. desember 1978, segi til um.

Í greinargerð stefnanda kemur fram, að stefnandi hafi kært stefndu til rannsóknarlögreglu ríkisins og muni mál þeirra nú vera hjá ríkissaksóknara til ákvörðunar. Einnig hafi stefndi Jón verið kærður til stjórnar Lögmannafélags Íslands og muni mál hans vera enn til meðferðar þar.

Í greinargerð stefnanda er krafa stefnanda um ógildingu kaup-

anna sögð byggð á reglum íslensks réttar um ógilda löggerninga. Stefndi Jón hafi farið út fyrir umboð sitt, er hann seldi íbúðina á svo lágu verði sem raun varð á. Hann hafi talið stefnanda trú um, að hann gæti selt íbúðina fyrir miklu hærra verð en raunverulega fékkst.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda Jóni hafi verið mikið í mun, að stefndi Jóhannes fengi íbúðina fyrir lágt verð, og að til þess hafi legið sérstakt vináttusamband þeirra félaga og tengdir. Stefnda Jóhannesi hafi verið fullljóst, að söluverð íbúðarinnar á 12 milljónir króna hafi verið alltof lágt miðað við gangverð. Á svipuðum tíma og hann keypti íbúðina að Æsufelli 6 hafi hann selt fyrir milligöngu fasteignasölu stefnda Jóns 2ja herbergja íbúð, sem hann átti að Hjallabraut 2, Hafnarfirði, fyrir krónur 14 milljónir.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að ógilda beri samninginn vegna svika við gerð hans, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936. Þá er einnig bent á 7. gr. laga nr. 60/1958, en sú lagagrein leiði einnig til ógildingar samningnum, og er í því sambandi bent á, að stefndu hafi notfært sér fjárhagslega erfiðleika stefnanda til þess að afla sér hagsmuna á kostnað hans. (Hér mun vera um ranga tilvitnun hjá stefnanda að ræða). Enn fremur er af hálfu stefnanda vísað til 32. gr. laga nr. 7/1936 um rökstuðning fyrir því, að ógilda beri samninginn.

Í greinargerðinni kemur enn fremur fram, að verði ekki á það fallist, að ógilda beri samninginn, sé sú krafa gerð til vara, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda kr. 4 milljónir auk vaxta. Sé þá byggt á matsgerðinni á dskj. 21 og tekið tillit til reiknings stefnda á dskj. 14. Réttur er áskilinn til að gera sérstakar athugasemdir við þann reikning síðar, og er honum að svo stöddu mótmælt sem röngum.

Til þrautavara er bótakröfunni beint að stefnda Jóni einum, og er þá byggt á reglum um bótaábyrgð umboðsmanns, sem fer út fyrir umboð sitt.

III.

Stefndi Jón Oddsson rökstyður frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi með því, að málið hafi eigi verið lagt fyrir sáttanefnd, eins og réttarfarslög standi til. Í öðru lagi er krafist frávísunar vegna þess, að málið hafi verið til umfjöllunar hjá stjórn LMFÍ vegna kæru stefnanda og þar hafi verið lögð fram hliðstæð kröfugerð svo og við embætti ríkissaksóknara eftir kæru stefnanda til rann-

sóknarlögreglu ríkisins og gagnkæru stefnda Jóns. Í þriðja lagi er krafist frávísunar vegna vanreifunar stefnanda og í fjórða lagi vegna óheimils málasamlags. Í öllum tilvikum er gerð krafa um málskostnað að mati réttarins samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Vakin er athygli á því, að sérstaklega mikil vinna hafi verið lögð af hálfu stefnda Jóns í mál þetta, svo sem hjá matsnefnd, rannsóknarlögreglu ríkisins vegna viðamikillar gagnaöflunar, en orðið hafi að afla margvíslegra gagna vegna þess, hvernig stefnandi hafi hagað framlagningu skjala og gagna. Útlagður kostnaður sé og talsverður og tímafrek vinna við greinargerð stefnda Jóns í máli þessu.

Af hálfu stefnda Jóhannesar er ekki tekin afstaða til frávísunarkröfunnar

Af hálfu stefnanda var því haldið fram við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefnda Jóns, að það væru bara varakrafa og þrautavarakrafa, sem varði stefnda Jón, þannig að ef til kæmi, þá ætti málið að halda áfram gagnvart stefnda Jóhannesi.

Frávísunarkröfunni var mótmælt með vísan til 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 78. gr. sömu laga, svo og með vísan til 79. gr., 83. gr. og 84. gr. laga nr. 85/1936.

Því var jafnframt sérstaklega mótmælt, að málið væri ekki nægjanlega reifað. Kröfur stefnanda væru af sömu rót, það er af sama löggerningi, og geti því málasamlagið ekki verið óheimilt, enda sé það í hag aðilja, að höfðað sé eitt mál, en ekki tvö.

Málið sé enn til meðferðar hjá ríkissaksóknara og liggi hjá stjórn LMFÍ, þar til því verði lokið hjá rannsóknarlögreglu. Af hálfu stefnanda var gerð krafa um málskostnað í þessum þætti málsins, sem verði tekið tillit til við ákvörðun málskostnaðar við efnisdóm í málinu.

IV.

Álit dómsins.

Samkvæmt 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, svo og 78. gr. laga nr. 85/1936 og 84. gr. sömu laga var heimilt að ganga fram hjá sáttamönnum með sáttatilraun í máli þessu.

Ekki verður á þá skoðun stefnda Jóns fallist, að vísa beri máli þessu frá dómi vegna þess, að málið sé til meðferðar hjá ríkissaksóknara vegna kæru til rannsóknarlögreglu og hjá stjórn LMFÍ

vegna kæru. Kæru til þessara aðilja verður ekki jafnað til höfðunar dómsmáls.

Eins og að framan er rakið, er mál þetta höfðað gegn stefndu Jóhannesi og Jóni „til ógildingar kaupsamningi, dags. 29. desember 1978, varðandi íbúð á 2. hæð D í húsinu nr. 6 við Æsufell í Reykjavík og afsali, dags. sama dag, og til greiðslu skaðabóta".

Það var ekki fyrr en við munnlegan flutning málsins um frávísunarkröfu stefnda Jóns, að því var lýst yfir af hálfu stefnanda, að aðalkrafa málsins, að sala íbúðarinnar verði dæmd ógild, varðaði ekki stefnda Jón.

Þrautavarakrafa stefnanda kemur fram í greinargerð, en ekki í stefnu.

Með því, sem hér hefur verið rakið, þykir stefnandi hafa brotið fyrirmæli 88. gr. laga nr. 85/1936 um skýra kröfugerð í stefnu.

Við þingfestingu málsins 6. mars sl. voru lögð fram af hálfu stefnanda dskj. 1—22, en þó er hvergi að finna í málsskjölum neina greinargerð fyrir því, hvernig eða með hvaða hætti stefnandi ætlar að endurgreiða stefnda Jóhannesi, færi svo, að aðalkrafa stefnanda um ógildingu kaupsamnings frá 28. desember 1978 yrði tekin til greina.

Kröfur stefnanda gagnvart stefnda Jóni eru m. a. á því byggðar, að hann hafi farið út fyrir umboð sitt. Umboðið hefur ekki verið lagt fram.

Þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, þykir stefnandi hafa brotið svo meginreglu laga nr. 85/1936 um skýran og ljósan málatilbúnað, að vísa beri málinu frá dómi.

Samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem eftir atvikum telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000 fyrir hvorn stefndu.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Ríkharður Björgvinsson, greiði stefndu, Jóhannesi Sveinbjörnssyni og Jóni Oddssyni, kr. 100.000 hvorum í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. janúar 1981.

Nr. 71/1978. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Holberg Mássyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Arnar Guðmundsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Því var einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Af hálfu ákæruvalds var hér fyrir dómi krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu, en refsing ákærða, bæði fangelsis- og sektarrefsing, verði þyngd. Eigi var krafist sakfellingar að því leyti sem ákærði var sýknaður í héraðsdómi. Kemur því ekki hér til álita, hvort ákærði hafi afhent Þórhalli Tryggva Tryggvasyni 150 til 200 gr af efninu marihuana, né heldur, hvort ákærði hafi selt Arnari Sigurbjörnssyni meira en 1200 gr af nefndu efni.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð allmörg ný skjöl, þ. á m. nýtt sakavottorð ákærða. Samkvæmt því sætti hann í sakadómi Reykjavíkur 28. mars 1978 50.000 króna sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 19. nóvember 1977. Tvívegis hefur hann sætt refsidómi í Svíþjóð. Hinn 14. maí 1978 var hann í Hovrätten över Skåne och Blekinge dæmdur í 9 mánaða fangelsi fyrir tilraun til smygls á fíkniefnum, og 30. október 1979 var hann í Hovrätten för Västra Sverige dæmdur í 2 ára fangelsi fyrir stórfellt fíkniefnabrot. Þá var ákærði í sakadómi Reykjavíkur 15.

apríl 1980 sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en eigi gerð sérstök refsing.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið brot það, er greinir í 1. tl. ákæru. Varðar það við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969 um sama efni, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. og nú 2. gr. og 10. gr. reglugerðar nr. 390 19. desember 1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna. Samkvæmt endurriti dómssáttar, er gerð var við Lárus Halldór Grímsson í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 7. janúar 1976 viðurkenndi hann að hafa snemma vors 1975 ásamt Herbert Þorvarði Guðmundssyni keypt marihuana af ákærða að Skipholti 47 hér í borg. Vegna brots þessa samþykkti Lárus Halldór að greiða 20.000 króna sekt til ríkissjóðs.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið brot þau, sem greinir í 2. tölulið ákæru og hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi. Er þessi játning hans studd framburðum þeirra, er hann átti skipti við. Varða brot þessi við ákvæði laga þeirra og reglugerðar, er í ákæru getur.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði og 5.000.00 króna (nýkr.) sekt til ríkissjóðs, en vararefsing sektar verði fangelsi 50 daga, ef sekt er ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar, en skipaður verjandi ákærða hefur óskað staðfestingar á tildæmdum málsvarnarlaunum í héraði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Ákærði, Holberg Másson, sæti fangelsi 5 mánuði og 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 50

daga fangelsi, ef sekt verður ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að við teljum rétt að láta refsiákvörðun samkvæmt héraðsdómi standa óbreytta, þó þannig, að vararefsing sektar verði sú, sem til er tekin í atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 2. desember 1977.

SAKAREFNI.

Málið var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 22. mars 1977, gegn Holberg Mássyni, til heimilis að Snorrabraut 67, Reykjavík, fæddum 21. september 1954 í Vestmannaeyjum, fyrir að hafa brotið gegn lögum um ávana- og fíkniefni þannig:

„I. Um jólaleytið 1974 flutt hingað til lands frá Bandaríkjum Norður-Ameríku 10 gr af marihuana og hérlendis gefið efnið ónefndum aðilum að mestu.

II. Í mars 1975 í New York keypt tæplega 2 kg af marihuana fyrir 500 bandaríkjadali og hinn 29. s. m. flutt efnið hingað til lands. Í apríl að Skipholti 47 í Reykjavík selt Gunnari Sigurðssyni, Herbert Þorvarði Guðmundssyni og Lárusi Grímssyni 100 gr af efninu á a. m. k. kr. 500 hvert gramm. Skömmu eftir þetta að Maríubakka 22 selt Herbert Þorvarði 100 gr af marihuana á kr. 500—600 hvert gramm, afhent Þórhalli Tryggva Tryggva-

syni 150—200 gr af efninu. Selt Arnari Sigurbjörnssyni að heimili ákærða marihuana í nokkur skipti, samtals allt að 1500 gr af efninu á kr. 400 hvert gramm og að lokum afhent ónefndum aðilum samtals um 50 gr af efninu."

Meint brot eru talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Ríkissaksóknari krefst þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er sakhæfur, hefur ekki áður sætt kærum eða refsingum, svo vitað sé.

Ákæran var birt ákærða í dómi 2. nóvember sl. og þá þegar hæstaréttarlögmaður Jón E. Ragnarsson skipaður verjandi. Vörn bar að skila þann 21. nóvember, en frestur veittur til 29. nóvember. Þann dag var vörn skilað, málið lagt í dóm og það dómtekið.

MÁLAVEXTIR.

Ákærði, Holberg Másson, hefur í ítarlegri fíkniefnarannsókn viðurkennt að hafa þann 29. mars 1975 smyglað hingað til lands frá Bandaríkjunum 2 bricks, eða tæplega 2 kg, af marihuana.

Ákærði er einn til frásagnar um aðdraganda og framkvæmd smygls þessa. Hann lýsir því að hafa á fyrstu árum menntaskólanáms starfað að tilraunum með gerð og eðli loftbelgja. Vegna þessa hafi hann m. a. farið nokkrar ferðir til Bandaríkjanna. Segir hann utanferðir sínar hafa orðið þess valdandi m. a., að ýmsir kunningjar hafi hreyft því, hvort hann væri ekki fáanlegur til að útvega marihuana eða önnur fíkniefni frá Bandaríkjunum. Hann kvaðst hafa hafnað þessu, en þó hugleitt málið, enda þótt vegið hafi þungt, að hann var í sértrúarflokki og á þeim tíma mjög mótfallinn hvers konar meðhöndlun vímugjafa og fíkniefna.

Sumarið 1974 hóf ákærði eðlisfræðinám í New Mexico, og í jólaleyfi 1974 kom hann til Íslands og flutti þá með sér 10 grömm af marihuana, sem hann kvaðst að mestu hafa gefið ýmsum kunningjum sínum, sem hafi líkað efnið mjög vel og lagt hart að ákærða að útvega meira. Ekki kvaðst ákærði þá þegar hafa ákveðið slíkt og var hérlendis við eðlisfræðitilraunir fram á vorið 1975.

Þann 6. mars 1975 hélt ákærði til Bandaríkjanna, enda þá nýbúinn að fá námslán hjá lánasjóði íslenskra námsmanna. Förin var fyrst og fremst farin til að greiða skólagjöld að ákærða sögn,

en eftir að skólagjöld höfðu verið greidd, sagðist hann hafa átt um 500 $. Í för þessari kvaðst ákærði hafa hitt vin sinn, Jón Ólafsson úr Keflavík, og sagði ákærði Jón oft hafa orðað og reyndar lagt að sér að sjá um sendingu fíkniefna til Íslands með ákveðnum hætti. Ákærði kveðst ekki hafa orðið við þessum tilmælum Jóns, en segir þau og þó fremur umleitanir kunningja hér heima hafa hreyft við þeirri hugsun ákærða að framkvæma fíkniefnakaup og smygl, en þó sé þar varla um beinan orsakavald að ræða. Þó tekur ákærði skýrt fram, að við brottför héðan til Bandaríkjanna hafi ásetningur alls ekki staðið til fíkniefnasmygls.

Ákærði lýsir því, að skólafélagi sinn, John að nafni, blökkumaður ættaður frá New York, hafi gefið sér nafn og símanúmer líklegs útveganda fíkniefna í New York og reyndar sjálfur lofað að undirbúa þann aðilja við komu og erindi ákærða. Ákærði segir svo hafa farið, en fjárráð hafi ráðið því, hversu mikið magn var hægt að kaupa. Hjá umræddum efnisútveganda í New York kvaðst ákærði á endanum hafa keypt fyrir 500 $ og fengið 2 bricks af marihuana. Ekki kvaðst ákærði hafa vigtað efnið, en segir 1 brick nánast 2 ensk pund. Þannig hafi umrætt efnismagn verið á bilinu 1700—1900 grömm. Efninu kvaðst ákærði hafa pakkað í plastumbúðir og síðan látið setja um það umbúðapappír í stórverslun í New York og flutt þannig með sér til Íslands í handtösku þann 29. mars 1975, er ákærði kom flugleiðis.

Eftir hingaðkomu geymdi ákærði efnið ýmist að heimili ömmu sinnar í Reykjavík eða móðurbróður í Þorlákshöfn. Ekki kvaðst ákærði hafa verið búinn að kanna söluhorfur hérlendis, en orðið heldur óánægður með viðbrögð kunningja, sem vildu kaupa 5—10 grömm í senn. Ákærði segir sér hafa þótt fráleitt að standa í slíkum sölum, en viljað selja í stærri skömmtum. Á fyrstu vikum telur ákærði, að sér hafi tekist að dreifa um 500 grömmum og þá m. a. selt þremur aðiljum, Gunnari Sigurðssyni, Herbert Þorvarði Guðmundssyni og Lárusi Grímssyni, um 100 grömm í Skipholti 47 á 500 kr. hvert gramm og litlu síðar selt Herbert áðurnefndum á heimili hans að Maríubakka 100 grömm á sama einingarverði. Í gögnum máls kemur fram, að kaupendur eru sammála um efnismagnið, en telja einingarverðið hafa verið 1—200 kr. hærra hvert gramm. Sambýlismanni sínum, Þórhalli Tryggva Tryggvasyni, kvaðst ákærði hafa afhent 150—200 grömm sem greiðslu skuldar að mestu, en Þórhallur hafi lánað ákærða peninga fyrir brottför. Nefndur Þórhallur var ítarlega yfirheyrður um þetta atriði og staðfesti að hafa lánað ákærða 100.000 kr.

við brottför hans til Bandaríkjanna vorið 1975, en orðið fremur óánægður, er ákærði vildi greiða lánið með marihuana. Þórhallur neitaði alfarið að hafa tekið við greiðslu í efni, en kvaðst hins vegar hafa fengið hjá ákærða 2—3 filmubox með marihuana í, en alls ekki telja, að þar hafi verið um greiðslu lánsins að ræða.

Þá sagði ákærði, að töluvert efnismagn hefði farið í eigin neyslu og ýmissa kunningja, en ákærði að öðru leyti verið kominn í vandræði með eftirstöðvar vegna smáskammtahugsunarháttar kaupenda. Auk þess kvaðst hann um svipað leyti hafa sveigt aftur til fyrri trúarskoðana og þá m. a. hætt notkun marihuana og áfengis. Hafi sér því einnig þótt þversögn í að vera orðaður við dreifingu fíkniefna og þótt góð lausn, er Arnar Sigurbjörnsson, kunningi mætta (sic), falaðist eftir heildarefnismagni fyrir 350—400 kr. hvert gramm.

Í framburði Arnars kemur fram, að hann kvaðst hafa verið að ræða við ákærða um gerð auglýsingaloftbelgs fyrir hljómsveitina Brimkló og þá orðið þess áskynja, að ákærði átti marihuana. Hafi svo samist þeirra í milli, að Arnar ráðstafaði efninu fyrir ákærða og skilaði 400 kr. fyrir hvert gramm. Nokkrum sinnum kvaðst Arnar hafa komið heim til ákærða og sótt efni, og er það reyndar í samræmi við framburð ákærða, en að vel athuguðu máli telur Arnar efnismagnið í mesta lagi hafa verið 1200 grömm, og andvirðinu kvaðst hann hafa skilað smátt og smátt eftir sölur.

Ekki treysti ákærði sér til að ákvarða heildarmagnið til Arnars nákvæmlega, en taldi það með vissu hafa verið innan við 1½ kg.

Að verulegu leyti hefur við rannsókn málsins verið upplýst um dreifingu Arnars á fíkniefninu, en stærsti kaupandi af honum var Ásgeir Heiðar Ásgeirsson.

Verjandi ákærða, hæstaréttarlögmaður Jón E. Ragnarsson, gerir í skriflegri vörn eftirfarandi dómkröfur:

1) Að ákærði verði sýknaður.
2) Til vara, ef til sakfellingar kemur, að ákvörðun um refsingu verði frestað með skilorði.
3) Til þrautavara, að refsing verði fésekt, en verði dæmd frelsisskerðing, þá verði hún skilorðsbundin.
4) Loks er ex tuto krafist mildustu refsingar, sem lög heimila.

NIÐURSTÖÐUR.

Í ákæruskjali, ákærulið 1, er ákærði saksóttur fyrir að hafa um jólaleytið 1974 flutt hingað til lands frá Bandaríkjum Norður-

Ameríku 10 grömm af marihuana og hérlendis gefið efni ónefndum aðiljum að mestu. Ákæruatriði þetta er byggt á eigin játningu ákærða, og ekkert hefur komið fram í málinu, sem vefengir þá játningu. Þykir því eðlilegt miðað við gögn málsins í heild að leggja framburð ákærða til grundvallar og telja þetta nægilega sannað. Ákærði hefur þannig unnið til refsingar með ofanritaðri háttsemi, sem varðar við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Með eigin framburði ákærða, sem og er studdur framburðum annarra aðilja að verulegu leyti, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi unnið til sakar fyrir háttsemi, sem réttilega er lýst í lið 2 í ákæruskjali, með því að hafa í mars 1975 í New York keypt tæplega 2 kg af marihuana fyrir 500 $ og flutt efnið til Íslands þann 29. mars. Rétt þykir að byggja á framburði ákærða og telja sannað, að ákærði hafi neytt töluverðs af efnum þessum og einnig gefið ónafngreindum kunningjum sínum samtals um 50 grömm. Þá er og talið nægilega sannað með framburði ákærða o. fl. aðilja, að ákærði hafi dreift töluverðu af efnum þessum gegn gjaldi í apríl 1975 og þannig m. a. að Skipholti 47, Reykjavík, selt þremur nafngreindum aðiljum, Gunnari Sigurðssyni, Herbert Guðmundssyni og Lárusi Grímssyni, 100 grömm af efninu fyrir a. m. k. 500 kr. hvert gramm og skömmu síðar selt nefndum Herbert Þorvarði að Maríubakka 22 100 grömm á kr. 500—600 hvert gramm. Þá telst og sannað, að ákærði hafi selt Arnari Sigurbjörnssyni nokkrum sinnum marihuana gegn peningagreiðslum síðar og þá fengið greiddar kr. 350—400 fyrir hvert gramm, en gegn framburði Arnars verður ekki talið sannað, að efnismagnið hafi numið meiru en 1200 grömmum. Gegn eindreginni neitun Þórhalls Tryggva Tryggvasonar verður ekki talið sannað, að ákærði hafi afhent nefndum aðilja 150—200 grömm af marihuana sem greiðslu peningaskuldar, og verður ákærði sýknaður af því ákæruatriði. Með framangreindu atferli, sem ákært er út af undir ákærulið 2 í ákæruskjali, hefur ákærði, Holberg Másson, unnið til refsingar fyrir háttsemi, sem þannig var réttilega lýst í ákæruskjali, og eins og þar greinir, varðar við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Samkvæmt ofansögðu hefur ákærði framið mjög alvarlegt brot með ólöglegu smygli og dreifingu kannabisefna í miklu magni.

Samkvæmt vottorði ríkissaksóknara hefur ákærði ekki áður unnið til sakar, en eins og verjandi hefur vikið að í vörn, hefur ákærði í janúar sl. orðið uppvís að enn frekara fíkniefnabroti, og er þar nánar um að ræða mjög stórfellt smygl. Hegðun ákærða hefur því vægast sagt ekki verið óaðfinnanleg síðan fyrra brot var framið, sbr. 70. gr., 8. tl., alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Í þessu máli verður ekki tekin afstaða til seinna brots, sem ekki hefur verið ákært út af, enda mundu réttarfarsákvæði tryggja ákærða jafna heildarútkomu þótt ákært yrði og sakfellt í hinu síðarnefnda máli, sbr. 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanrituðu virtu, sbr. og 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði, en þar sem ákærði dreifði fíkniefnum gegn gjaldi, og sannað telst, að hann hafði fyrir það verulegan fjárhagságóða, þykir jafnframt rétt með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma ákærða til greiðslu 500.000 kr. fésektar, og komi 75 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og samkvæmt 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talið kr. 30.000 sem málsvarnarlaun skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns E. Ragnarssonar.

Dómsorð:

Ákærði, Holberg Másson, sæti fangelsi í 7 mánuði. Ákærði greiði einnig kr. 500.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 75 daga fangelsi í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talið kr. 30.000 sem málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns E. Ragnarssonar.

Fimmtudaginn 15. janúar 1981.

Nr. 25/1979. **Eiríkur Sigurjónsson og Guðný Ragnarsdóttir**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Þorkeli Árnasyni
(Sigurður Helgason hrl.).

Uppboð. Skuldabréf. Gjalddagi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 2. febrúar 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þeir krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum máls þessa verður við það að miða, að áfrýjendur hafi fengið kröfu frá útibúi Landsbanka Íslands í Grindavík hinn 6. eða 7. nóvember 1977 um greiðslu afborgunar og vaxta af veðskuldabréfi því, sem uppboðsbeiðni stefnda er byggð á. Stefndi kveðst hafa tekið veðskuldabréfið úr útibúinu um 10. nóvember og komið því í hendur Gísla Sigurkarlssyni, héraðsdómslögmanni í Keflavík. Áfrýjandinn Guðný kveðst hafa farið í útibúið „til að greiða“ 11. eða 12. nóvember, en þá hafi sér verið tjáð, að bréfið hefði verið tekið þaðan 10. nóvember.

Með bréfi 16. nóvember 1977 krafðist Gísli Sigurkarlsson þess fyrir hönd stefnda, að áfrýjendur greiddu allan höfuðstól veðskuldabréfsins vegna greiðsludráttar svo og tiltekna vexti og kröfu, sem stefndi taldi sig eiga á áfrýjendur. Í bréfinu sagði, að uppboðs yrði krafist, ef kröfurnar yrðu ekki greiddar innan 8 daga. Lögmaðurinn tók fram, að greiðslu-

staður væri skrifstofa sín í Keflavík, en einnig mætti greiða Sveini Sigurkarlssyni lögfræðingi og semja við hann, en heimilisfang hans var sagt á tilteknum stað í Grindavík.

Í hinum áfrýjaða úrskurði greinir frá þeim framburði áfrýjandans Guðnýjar, að hún hafi í nóvember 1977 boðið bæði stefnda og Sveini Sigurkarlssyni að greiða gjaldfallna afborgun og vexti af veðskuldabréfinu. Stefndi kveðst hafa fengið slíkt boð frá Guðnýju, en segist ekki hafa viljað taka við greiðslunni, nema einnig væri borguð fyrrnefnd krafa. Sveinn Sigurkarlsson kveðst aftur á móti ekki hafa fengið slíkt greiðslutilboð fyrr en 9. desember 1977.

Hinn 16. nóvember 1977 mátti ekki krefjast greiðslu alls höfuðstóls veðskuldabréfsins og hvorki þá né síðar tengja greiðslu annarrar kröfu greiðsluafborgunar og vaxta af veðskuldabréfinu með þeim hætti sem gert var og fyrr er lýst.

Hvort sem áfrýjendur málsins máttu eða máttu ekki, eftir að þeim hafði borist bréf Gísla Sigurkarlssonar frá 16. nóvember, bíða frekari innheimtuaðgerða, verður að telja, að óumdeilt boð áfrýjandans Guðnýjar, sem hún gerði stefnda í nóvember 1977, en hann hafnaði, hafi leitt til þess, að viðtökudráttur varð hjá kröfuhafa, stefnda. Stóð svo, allt þar til hinar gjaldföllnu greiðslur voru lagðar á geymslureikning í Landsbanka Íslands 23. desember 1977.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er ekki fram komið, að þau vanskil hafi orðið á greiðslum samkvæmt veðskuldabréfi því, sem um getur í máli þessu, að það heimili að krefjast greiðslu alls höfuðstóls þess.

Í málinu er óumdeilt, að uppboðssala hefur engin farið fram á Túngötu 6 í Grindavík. Getur stefndi því eigi krafist greiðslu alls höfuðstóls margnefnds veðskuldabréfs með heimild í því ákvæði þess, að slíkt megi gera, „verði leitað fullnægju í eigninni til lúkningar öðrum kröfum".

Samkvæmt ofanskráðu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna uppboðs.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjendum samtals 2.500.00 krónur (nýkr.) í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hins umbeðna uppboðs.

Stefndi, Þorkell Árnason, greiði áfrýjendum, Eiríki Sigurjónssyni og Guðnýju Ragnarsdóttur, samtals 2.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Grindavíkur 6. nóvember 1978.

Uppboðsbeiðandi, Þorkell Árnason, Leynisbrún 5, Grindavík, hefur krafist þess, að fram fari nauðungaruppboð á fasteigninni Túngötu 5, Grindavík, þinglesinni eign Eiríks Sigurjónssonar og Guðnýjar Ragnarsdóttur, til lúkningar skuld samkvæmt veðskuldabréfi að upphæð kr. 2.850.000 auk 10% ársvaxta af þeirri upphæð frá 1. maí 1977 til 1. nóvember sama ár, þ. e. kr. 142.500, 3% dráttarvaxta á mánuði af framangreindum fjárhæðum frá 1. nóvember 1977 (til greiðsludags — undanskilið) og innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, ritunar uppboðsbeiðni, kr. 5.000, svo og alls annars kostnaðar, sem af vanskilunum kunni að leiða. Hann krefst einnig málskostnaðar að mati dómsins úr hendi uppboðsþola vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Af hálfu uppboðsþola, hjónanna Eiríks Sigurjónssonar og Guðnýjar Ragnarsdóttur, Túngötu 6, Grindavík, er þess krafist, að synjað verði um uppboðið og gjaldfellingu veðskuldabréfsins, er málið byggist á. Þá er sú krafa gerð, að uppboðsbeiðanda verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þess hinn 27. október sl.

Með bréfi umboðsmanns uppboðsbeiðanda, dags. 17. janúar 1978, til bæjarfógetans í Grindavík var krafist uppboðs á fasteigninni Túngötu 6, Grindavík, til lúkningar skuld og kostnaði, svo sem greinir í upphafi úrskurðar þessa. Uppboðsbeiðninni fylgdi í frumriti veðskuldabréf, útgefið hinn 12. júlí 1977 af Eiríki Sigurjónssyni og Guðnýju Ragnarsdóttur til handhafa, að fjárhæð kr. 2.850.000. Skuldina lofa þau að greiða að fullu með 19 jöfnum afborgunum, kr. 150.000 í hvert sinn, auk 10% ársvaxta af höfuðstóli skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, frá 1. maí 1977. Gjalddagi vaxta og afborgana samkvæmt veð-

skuldabréfinu er 1. maí og 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóvember 1977, og veitir skuldareiganda 4. veðrétt með uppfærslurétti í fasteigninni Túngötu 6, Grindavík, ásamt m. a. tilheyrandi lóð eða lóðarréttindum og mannvirkjum á lóðinni. Tíðkanleg ákvæði eru í bréfinu um, að allur höfuðstóll lánsins sé þegar í stað fallinn í gjalddaga án fyrirvara eða aðvörunar, verði dráttur á greiðslu vaxta eða afborgana, verði hinni veðsettu eign ávallt haldið vátryggðri fyrir þeirri upphæð, er skuldareigandi telur fullnægjandi, verði leitað fullnægju í eigninni til lúkningar öðrum kröfum, verði bú skuldara tekið til skiptameðferðar sem þrotabú eða hann á nokkurn hátt vanefni skyldur sínar sem skuldari samkvæmt bréfinu. Þá er skuldin er í gjalddaga fallin, er skuldareiganda heimilt að leita fullnægju í hinni veðsettu eign og láta selja hana á nauðungaruppboði án undangengins dóms eða sáttar samkvæmt 15. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885 eða selja hana á opinberu uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 39. gr. laga nr. 95 frá 5. júní 1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18 frá 4. nóv. 1887 og lög nr. 57/1949.

Veðskuldabréfið var án athugasemda innfært í veðmálabækur hinn 12. júlí 1977 til þinglýsingar á bæjarþingi Grindavíkur. Samkvæmt veðbókarvottorði er fasteignin Túngata 6, Grindavík, með tilheyrandi leigulóð, eign uppboðsþola samkv. heimildarbréfi, dags. 1. maí 1973 (sic).

Uppboðsþolum var tilkynnt um hina framkomnu uppboðsbeiðni hinn 18. janúar 1978 og þar með, að auglýsing yrði send til birtingar í Lögbirtingablaðinu hinn 13. febrúar 1978. Með bréfi umboðsmanns uppboðsþola, dags. 2. febrúar 1978, til bæjarfógetans í Keflavík (og Grindavík) er kunngerð sú fyrirætlan uppboðsþola að halda uppi vörnum og beðið um, að frestað verði auglýsingu uppboðsins í Lögbirtingablaðinu. Í framhaldi af uppboðsbeiðni Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, dags. 9. mars 1978, sem uppboðsþolum var tilkynnt um hinn 15. mars sl., var uppboðið tekið fyrir hinn 7. júlí sl. eftir útgáfu auglýsingar hinn 17. apríl sl., sem birtist í 33., 34. og 36. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1978. Þá hafði borist önnur uppboðsbeiðni frá Inga R. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, dags. 27. júní 1978, svo og frá Landsbanka Íslands, veðdeild, dags. 15. mars 1978. Síðar barst uppboðskrafa Garðars Garðarssonar héraðsdómslögmanns, dags. 13. september 1978. Uppboðsbeiðnirnar, aðrar en sú, sem er til úrskurðar í máli þessu, hafa verið afturkallaðar, svo sem hér greinir: Veðdeildar Landsbanka Íslands hinn 11. ágúst 1978, Inga R. Helga-

sonar hinn 25. ágúst s. á. og Garðars Garðarssonar hinn 18. október s. á.

Í málsútlistun uppboðsbeiðanda segir, að löglegt greiðslutilboð hafi aldrei komið fram, nema ef kalla mætti deponeringu, dags. 23. desember 1977, því nafni, en það hafi verið allt of seint og því verið ákveðið að gjaldfella bréfið samkvæmt ákvæðum í því sjálfu. Dagana 1.—9. nóvember hafi greiðslustaður bréfsins verið Landsbanki Íslands, Grindavík, en greiðsla ekki boðin fram í bankanum á því tímabili, þótt spurst væri fyrir um bréfið (haft samband við bankann) hinn 10. s. m. Í bréfi umboðsmanns uppboðsbeiðanda, dags. 16. s. m., hafi komið fram, að hann hefði bréfið til innheimtu og jafnframt að greiðslustaður væri að Tjarnargötu 3, Keflavík, enn fremur, að Sveinn Sigurkarlsson, Norðurvör 11, Grindavík, mætti taka við greiðslu eða semja um greiðslu fyrstu 8 dagana eftir dagsetningu bréfsins. Uppboðsbeiðandi tilgreindi einnig sem ástæðu kröfu um gjaldfellingu, að hún hefði verið heimil samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins vegna þess, að aðrir kröfuhafar hefðu leitað fullnægju í eigninni, sbr. uppboðsbeiðnir þær, er greinir hér að framan.

Af hálfu uppboðsþola er eftirfarandi fært fram: 1) Löglegar greiðslur hafi „í þrígang“ verið boðnar, en þeim verið hafnað af umboðsmönnum uppboðsbeiðanda, nema með skilyrðum, sem áttu sér ekki löglega stoð. Eigi sé um að sakast, þótt dráttur yrði á deponeringu, þar sem fyrst hafi hvað eftir annað verið reynt að koma löglegri greiðslu til réttra aðilja. 2) Greiðslustaður bréfsins hafi ekki verið ljós. Það hafi verið til innheimtu í Landsbanka Íslands í Grindavík, en er uppboðsþolar hafi ætlað að inna greiðslu af hendi þar hinn 10. nóvember, hafi komið í ljós, að bréfið hafði verið tekið úr innheimtunni degi áður þrátt fyrir þá réttarvenju, sem telja verði löghelgaða, að skuldari hafi allt að 15 daga frest frá gjalddaga til að inna greiðslu af hendi samkvæmt veðskuldabréfi. Þeim hafi síðan ekki verið tilkynnt um greiðslustað bréfsins, fyrr en þau fengu innheimtubréf, dags. 16. nóvember 1977. 3) Þrátt fyrir uppboðsbeiðnir annarra hafi ekki verið leitað fullnægju í eigninni með þeim hætti, að heimilt væri að gjaldfella veðskuldabréfið samkvæmt ákvæði þess; til þess þyrfti uppboðshaldari að hafa sett sölubing á eigninni sjálfri.

Uppboðsbeiðandi og uppboðsþoli Guðný Ragnarsdóttir hafa gefið aðiljaskýrslur fyrir réttinum. Einnig hafa þau Sveinn Sigurkarlsson lögfræðingur, Norðurvör 11, Grindavík, og Margrét

Böðvarsdóttir afgreiðslustúlka, Garðavegi 2, Keflavík, borið vætti.

Guðný Ragnarsdóttir kvað uppboðsþolana hafa gefið út umrætt veðskuldabréf vegna kaupa á fasteigninni Túngötu 6, Grindavík, af uppboðsbeiðanda. Hún kvað bréfið hafa verið búið að liggja tilbúið heima hjá sér í þrjá—fjóra mánuði, er uppboðsbeiðandi kom þar hinn 4. eða 5. nóvember sl. og náði í það. Henni hafi skilist á uppboðsbeiðanda, að hann mundi sætta sig við nokkurn frest á greiðslu, en ekki hafi verið rætt, hvar bréfið yrði. Eftir um tvo daga hafi hún fengið innheimtutilkynningu frá Landsbankanum í Grindavík, en er hún fór þangað til að greiða hinn 11. eða 12. nóvember, hafi henni verið tjáð, að bréfið hefði verið tekið þaðan hinn 10. nóvember. Síðan hafi hún fengið bréf, dagsett 16. nóvember 1977, frá Gísla K. Sigurkarlssyni héraðsdómslögmanni, sbr. dskj. nr. 7. Fljótlega eftir það kvaðst hún hafa hringt til Sveins Sigurkarlssonar og sagst vera reiðubúin að greiða afborgun og vexti samkvæmt bréfinu, en hann hafi ekki viljað taka við slíkri greiðslu, nema hún samþykkti jafnframt víxil fyrir skuld að fjárhæð kr. 333.514, sem henni hafi skilist, að væri greiðsla vaxta út af kaupsamningi, sem þar kæmi þó hvergi fram. Sama dag kveðst hún hafa átt tal af uppboðsbeiðanda og þá skilist, að hann væri reiðubúinn að veita viðtöku greiðslu afborgunar og vaxta. Þetta hafi verið skömmu fyrir kvöldverðartíma og þau bæði í vinnu, en svo hafi um talast, að uppboðsbeiðandi kæmi í kvöldverðartíma það kvöld og sækti greiðsluna. Rétt á eftir hafi Sveinn Sigurkarlsson hringt til hennar og hún þá ítrekað fyrra greiðslutilboð, en hann hafi sagt, að ekki yrði gengið frá neinni greiðslu, nema nefndar kr. 333.514 yrðu jafnframt gerðar upp, en greiða mætti fjárhæðina í tvennu lagi. Hún kvað eiginmann sinn hafa verið á sjó í nóvembermánuði, en komið í land um mánaðamót nóvember — desember og þá talað við Gísla K. Sigurkarlsson.

Uppboðsbeiðandi kvaðst hafa sótt veðskuldabréfið til Guðnýjar Ragnarsdóttur, er einhverjir dagar voru liðnir fram yfir gjalddaga þess, og hafi hún ekkert rætt um gjaldfrest. Kvaðst hann strax hafa farið með bréfið til innheimtu í Landsbankaútibúið í Grindavík, en um 10. nóvember tekið það þaðan og komið því til Gísla K. Sigurkarlssonar. Nokkru síðar hafi hann veitt uppboðsþolum veðleyfi vegna láns, sem hafi átt að renna til hans. Alllöngu síðar, þó í nóvember fremur en desember, hafi Guðný hringt til hans skömmu fyrir kvöldverðartíma og talað um, að

hann gæti þá í kvöldverðartímanum sótt til hennar greiðslu afborgunar og vaxta af bréfinu, en það hafi hann ekki gert, enda hafi hann viljað jafnframt fá greiddar kr. 333.514 sem vexti vegna kaupanna. Enn síðar hafi Eiríkur Sigurjónsson talað við hann og boðið fram greiðslu afborgunar og vaxta, en þar sem Eiríkur hafi ekki viljað viðurkenna greiðslu (-skyldu) á nefndum kr. 333.514, hafi hann ekki viljað veita greiðslunni viðtöku, enda verið búinn að ákveða að gjaldfella allt bréfið. Hann kvaðst ekki hafa sagt uppboðsþolum frá því, er hann tók veðskuldabréfið úr Landsbankaútibúinu, eða hverjum hann hefði falið frekari innheimtutilraunir.

Sveinn Sigurkarlsson bar, að hinn 9. desember sl., þ. e. örugglega þann dag og ekki fyrr, hafi Guðný Ragnarsdóttir hringt til hans og talað um, að hún vildi greiða af veðskuldabréfinu, sem um ræðir í málinu. Kvaðst hann lítið hafa getað sagt, enda aðeins haft í höndum afrit af innheimtubréfi, dskj. nr. 7, og greiðslufrestur samkvæmt því verið liðinn. Síðar sama dag hafi hann talað við Erling Kristinsson, tengdason uppboðsbeiðanda, og hafi Erling sagt, að bréfið yrði allt gjaldfellt, nema greiddar yrðu kr. 333.514 til viðbótar við fyrstu greiðslu afborgunar og vaxta samkvæmt bréfinu. Kvaðst Sveinn hafa hringt til Guðnýjar að kvöldi sama dags og borið henni þessi orð ásamt þeim skilaboðum frá Erling, að greiða mætti nefnda viðbótarfjárhæð með víxlum eftir þrjá og sex mánuði. Hann kvaðst hafa tekið fram, að hann hefði ekkert vald til samninga. Hann skýrði svo frá, að ef talað hefði verið við hann í þessu sambandi fyrir 9. desember, væri fullvíst, að þá hefði ekki verið boðin fram nein greiðsla. Hann kvað sig minna, að Guðný hefði eitt sinn talað um lífeyrissjóðslán, sem hún ætti von á.

Margrét Böðvarsdóttir kvaðst hafa verið nágranni og vinkona uppboðsþola Guðnýjar Ragnarsdóttur fram um mitt ár 1977, er hún fluttist til Keflavíkur. Hún kvaðst seint í nóvembermánuði 1977, að öllum líkindum milli 20. og 28. nóvember, hafa farið til Grindavíkur og komið við hjá Guðnýju. Þetta hafi verið um kvöldmatarleyti og Guðný verið í síldargalla, nýkomin úr vinnu. Kvaðst hún muna, að Guðný hefði verið með bréf í höndunum og sagst þurfa að hringja til Sveins Sigurkarlssonar lögfræðings. Hún hafi síðan hringt til Sveins og vitnið hafi heyrt, að hún bauð einhverja greiðslu. Eftir símtalið hafi Guðný haft orð á því, að Sveinn hafi ekki viljað borgun og að „það væri meira hvað þetta gengi illa“ eða eitthvað á þá leið.

Í málinu liggja frammi ljósrit kaupsamnings aðiljanna, dags. 20. september 1975, og afsals, dags. 1. maí 1977, hvort tveggja varðandi fasteign þá, er um ræðir í málinu. Í kaupsamningi getur veðskuldabréfs þess, sem fjallað er um í máli þessu, en þess utan er í hvorugu skjalanna orðuð skuldbinding kaupenda til vaxtagreiðslna.

Þá liggja frammi afrit tveggja kvittana Landsbanka Íslands fyrir deponeringum af umræddu veðskuldabréfi: 1) Dags. 23. desember 1977, að fjárhæð kr. 301.500 (afborgun kr. 150.000, 10% vextir frá 1. maí 1977 til 1. nóvember 1977, kr. 142.000, og dráttarvextir frá 1. nóvember 1977 til 23. desember 1977, kr. 9.000). 2) Dags. 28. apríl 1978, að fjárhæð kr. 285.000 (afborgun kr. 150.000, vextir kr. 135.000). Enn fremur liggja frammi afrit bréfa, þar sem fram kemur, að hinn 29. desember 1977 sendi umboðsmaður uppboðsþola umboðsmanni uppboðsbeiðanda ávísun að fjárhæð kr. 42.000 til greiðslu innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá LMFÍ til viðbótar fyrri deponeringu, en ávísunin var síðan endursend með bréfi umboðsmanns uppboðsbeiðanda, dags. 11. janúar 1978.

Í málinu er eigi upplýst, að uppboðsbeiðandi hafi vitjað greiðslu gjaldfallinnar afborgunar og vaxta samkvæmt veðskuldabréfi því, sem í málinu greinir, er hann sótti það á heimili uppboðsþola. Hins vegar verður við það miðað samkvæmt framburði uppboðsþola Guðnýjar Ragnarsdóttur, sem að því leyti er í samræmi við framburð uppboðsbeiðanda, að henni hafi borist innheimtutilkynning frá Landsbanka Íslands, útibúi í Grindavík, 6. eða 7. nóvember 1977, og innheimtubréf umboðsmanns uppboðsbeiðanda á tímabilinu 17.—20. sama mánaðar. Ósannað er, að uppboðsþolar hafi boðið fram greiðslu afborgunar og vaxta samkvæmt veðskuldabréfinu fyrr en 9. desember 1977, en þá þegar var greiðsludráttur slíkur, að uppboðsbeiðanda var eigi lengur skylt að sætta sig við dráttarvexti eina sem viðurlög vanskilanna, og var allur höfuðstóll skuldarinnar þegar af þeirri ástæðu gjaldkræfur samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins. Þau gerðu síðan eigi tilraun til beitingar þess úrræðis að geymslugreiða fé, er greiðslu hafði verið hafnað af hálfu uppboðsbeiðanda, fyrr en 23. desember sama ár.

Samkvæmt auglýsingu, útgefinni 17. apríl 1978, skyldi nauðungaruppboð fara fram á fasteigninni Túngötu 6, Grindavík, með tilheyrandi lóðarréttindum og mannvirkjum að kröfu Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns. Að þeirri og síðari uppboðs-

beiðnum afturkölluðum hefur uppboðsbeiðandinn, Þorkell Árnason, samkvæmt 21. gr. laga nr. 57/1949 og heimild í hinu gjaldfallna veðskuldabréfi, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 og 39. gr. laga nr. 95/1947, rétt til að krefjast þess, að uppboðsaðgerðum verði fram haldið á grundvelli þess, sem þegar hefur gert verið.

Úrslit málsins verða því samkvæmt framansögðu þau, að hið umbeðna uppboð verður látið ná að ganga fram samkvæmt kröfu uppboðsbeiðanda og á hans ábyrgð. Það verður haldið á eigninni sjálfri eftir nánari ákvörðun uppboðsréttarins.

Rétt er, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Í þinghaldi hinn 7. júlí sl. voru af misgáningi lögð fram skjöl, uppboðsbeiðni Landsbanka Íslands, veðdeildar, ásamt veðskuldabréfi, dskj. nr. 12 og 13, sem uppboðsmáli þessu eru óviðkomandi og varða raunar aðra fasteign.

Sérstakt uppboðsréttarmál um hinn framkomna ágreining hófst hinn 28. febrúar sl. Þá setti umboðsmaður uppboðsþola fram þá kröfu, að hinn reglulegi uppboðshaldari, bæjarfógetinn í Grindavík, viki sæti. Í þinghaldi hinn 20. október sl. var krafan formlega afturkölluð, enda hafði Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari annast meðferð málsins frá 7. júlí sl., og kveður hann upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Umbeðið uppboð skal ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. janúar 1981.

Nr. 2/1980. **Vöruflutningamiðstöðin h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Gunnari Ásgeirssyni h/f
(Gylfi Thorlacius hrl.).

Flutningar. Farmbréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. og 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi mótmælir því ekki, að sér hafi verið kunnugt um þann fyrirvara, sem áfrýjandi gerði um ábyrgð sína í prentuðum farmbréfseyðublöðum sínum, en heldur því fram, að hann hafi ekki viljað á þann fyirrvara fallast. Meðal annars af þeim sökum hafi farmbréf um sendinguna verið ritað á farmbréfseyðublöð hans sjálfs, sem engin ákvæði geymdu um ábyrgð flytjanda á þeim varningi, sem tekinn var til flutnings.

Í málinu er ekkert komið fram um, að áfrýjandi hafi sérstaklega áskilið sér gagnvart stefnda, er hann veitti sendingunni viðtöku til flutnings eða áður, að um ábyrgð sína færi eftir þeim fyrirvara, sem prentaður var á farmbréfseyðublað hans sjálfs. Áfrýjanda var þetta þó í lófa lagið, ef hann vildi halda fyrirvaranum til streitu. Samkvæmt þessu og þar sem áfrýjandi hafði sérstaka ástæðu til þess að ætla, svo sem farmbréfið frá stefnda var úr garði gert, að hann vildi ekki hlíta greindum skildaga, verður ekki talið, að skil-

dagi þessi hafi gilt í þeim lögskiptum, sem hér er um fjallað. Þar sem enn fremur er með öllu óupplýst, með hverjum atvikum sendingin glataðist, eftir að áfrýjandi veitti henni viðtöku, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vöruflutningamiðstöðin h/f, greiði stefnda, Gunnari Ásgeirssyni h/f, 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 21. júní sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 5. júní 1978, af Gunnari Ásgeirssyni h/f, Suðurlandsbraut 16 hér í borg, gegn Vöruflutningamiðstöðinni h/f, Borgartúni 21, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 16.894 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 3. desember 1976 til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Sáttatilraunir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að hinn 16. ágúst 1976 kom starfsmaður stefnanda í afgreiðslu stefnda með pakka frá stefnanda, og var pakkinn merktur Gesti Fanndal, Siglufirði. Með pakkanum, sem í voru loftnet, var fylgibréf frá stefnanda. Starfsmaður stefnda tók við pakkanum og kvittaði fyrir móttöku á fylgibréfið, og fékk starfsmaður stefnanda afrit bréfsins í hendur. Flutningskostnaður var greiddur. Móttakandi vörunnar á Siglufirði kvartaði við stefnanda um, að varan hefði ekki komið fram, og við athugun kom í ljós, að bifreiðarstjórinn, sem ók vörunni á vegum stefnda til Siglufjarðar, taldi pakkann ekki hafa komið fram við affermingu á Siglufirði, og hefur pakkinn ekki fundist síðan. Pakkinn hvarf þannig gersamlega, eftir að honum var veitt viðtaka í afgreiðslu stefnda hér í borg. Stefnandi krafði stefnda um

andvirði vörunnar, kr. 16.894, en stefndi hefur alfarið hafnað greiðslu.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að stefndi, sem sé mestu samtök farmflytjenda á landi og taki að sér að flytja vöru og afhenda hana, beri alfarið ábyrgð á þeim vöruflutningum, sem hann taki að sér. Stefndi hafi ekki mótmælt því, að varan hafi glatast í meðförum hans, en neiti hins vegar greiðsluskyldu sinni og telji sig ekki bera ábyrgð á vörunni. Deilan í máli þessu sé því um það, hvort stefndi eigi að bera ábyrgð á vöru, sem komin sé í hans vörslu, eða ekki. Stefnandi bendir á, að meginregla íslensks réttar sé sú, að farmflytjandi, sem takist á hendur flutning á vöru gegn flutningsgjaldi, beri ábyrgð á vörunni, meðan hún sé í hans vörslu. Glatist varan, efir að hún sé komin í vörslu farmflytjanda, beri farmflytjandinn sönnunarbyrði um það, að glötun vörunnar hafi orðið, án þess að vanrækslu af hans hendi eða mistökum væri um að kenna. Meginregla þessi komi fram í 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og 114. gr. og 116. gr. loftferðalaga nr. 34/1964 og 67. og 74. gr. umferðarlaga, eins og Hæstiréttur hafi staðfest í dómi sínum 5. nóvember 1969 í málinu nr. 40/1969: Gunnar og Ebenezer h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f gegn Gunnari Kjartanssyni og gagnsök. Í máli því, sem nú sé fyrir bæjarþinginu, hafi stefndi, Vöruflutningamiðstöðin h/f, á engan hátt reynt að sýna fram á, að ekki væri um vanrækslu eða mistök að ræða hjá stefnda, og sé því ljóst, að hann beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda og beri að bæta honum það. Samningur aðilja hafi verið á þessa leið, þar sem stefndi hafi tekið að sér án nokkurra athugasemda að flytja vöruna gegn gjaldi og skila henni til viðtakanda. Með samningi þessum hafi stefndi tekið á sig ábyrgð á varðveislu vörunnar og hann hafi sérstaka vörugeymslu til þess arna og stefnandi hafi í öllu mátt treysta því, að stefndi uppfyllti skyldur sínar að þessu leyti. Viðskiptavenjur á þessu sviði falli í þessa sömu átt og dómar hafi staðfest þessar reglur. Það, sem stefndi beri fyrir sig, sé prentuð athugasemd á fylgiblöðum stefnda sjálfs, sem hljóði þannig: „Við viljum vekja sérstaka athygli á því, AÐ VIÐ BERUM EKKI ÁBYRGÐ Á VÖRUM, sem liggja í vörugeymslum okkar eða eru í flutningum á okkar vegum. Eru þær að öllu leyti á ábyrgð eigenda og/eða sendanda, og getum við því ekki bætt tjón á þeim ef þær skemmast eða glatast. VIÐ VILJUM ÞVÍ BENDA SENDANDA Á AÐ VÁTRYGGJA VÖRUNA.“ En stefnandi bendi á, að fyrirvara þessum á eyðublöðum stefnda hafi verið mótmælt af

stefnanda og fleiri fyrirtækjum og félagi þeirra, Félagi íslenskra stórkaupmanna, enda hafi stefnandi ekki notað eyðublöð stefnda, þar sem þessi fyrirvari sé pentaður. Stefnandi hafi jafnan afhent stefnda vörurnar með eigin prentuðum fylgibréfum og það hafi verið látið athugasemdalaust af hálfu stefnda. Slíkur almennur fyrirvari um ábyrgðarleysi af stefnda hálfu í formi þessara prentuðu orða á fylgiblaðseyðublaði, sem stefnandi hafi ekki notað, gildi ekki gagnvart stefnanda og geri það ekki að verkum, að stefndi geti borið fyrir sig ábyrgðarleysi í þessu tilviki. Um svipað tilvik hafi verið dæmt í dómi Hæstaréttar 11. desember 1975 í málinu nr. 18/1973: Gylfi Guðmundsson gegn H/f Eimskipafélagi Íslands. Þar hafi félagið borið fyrir sig, að það hafi á hausti hverju birt í dagblöðum tilkynningu þess efnis, að félagið brunatryggði ekki vörur viðskiptamanna í vörugeymslum og lægju vörurnar því þar á ábyrgð vörueiganda. Um þetta segi Hæstiréttur: „Þessar almennu auglýsingar stefnda geta ekki leyst hann undan ábyrgð á tjóni áfrýjanda.“ Slíkum almennum auglýsingum megi alfarið jafna við hina prentuðu fyrirvara á eyðublöðum stefnda, sem ekki hafi verið notuð í máli þessu, og sé því ljóst, að Hæstiréttur hafi hér skapað fordæmi í þessu ágreiningsefni. Þannig hafi bæði verið dæmt um ábyrgð farmflytjanda eins og stefnda í máli þessu og sönnunarbyrði hans og einnig um það, að farmflytjandinn geti ekki leyst sig undan slíkri ábyrgð með almennum tilkynningum. Samningur aðilja skeri úr um þetta og stefnandi hafi afhent sitt eigið fylgibréf með vörunni og starfsmaður stefnda hafi athugasemdalaust tekið við því og þar með hafi á engan hátt verið samið um, að stefndi bæri ekki ábyrgð á vörunni, meðan hún væri í hans vörslu.

Stefndi andmælir þessum sjónarmiðum stefnanda og styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi tekið upp þá stefnu að hafa þá skilmála í flutningasamningum, að hann beri ekki ábyrgð á vörum, sem liggi í vörugeymslum hans eða séu í flutningum á hans vegum og að þær séu að öllu leyti á ábyrgð eigenda og/eða sendanda, eins og fyrirvarinn segi, sem áður var greindur. Þessir skilmálar séu prentaðir á fylgibréfaeyðublöð stefnda og hafi verið kynntir öllum heildsölum, eins og stefnandi reyndar hafi upplýst. Stefnanda hafi verið kunnugt um þennan fyrirvara stefnda, eins og fram sé komið og óumdeilt sé í málinu, og hann hafi kosið að nota þjónustu stefnda með þeirri áhættu, sem því hafi fylgt og honum hafi verið kunnugt um. Stefndi hafi tekið þessa stefnu vegna þess, að honum hafi ekki

tekist að fá váryggingarsamning hjá neinu tryggingarfélagi til þess að vátryggja vörur í hans vörslum, og hafi hann því ekki átt annars úrkosti en að firra sig ábyrgðinni. Stefnanda og öðrum sendendum hafi verið í lófa lagið að vátryggja sjálfir vörurnar í meðförum stefnda og það sé einkamál stefnanda, hvort hann hafi gert það eða ekki. Þótt stefnandi hafi notað eigin fylgibréfaeyðublað, eins og nokkrir heildsalar aðrir hafi kosið, breyti hér engu, þar sem fyrirvari stefnda standi óhaggaður og öllum kunnur, hvaða eyðublöð sem notuð séu. Stefnandi hafi aldrei mótmælt sjálfur þessum fyrirvara stefnda um ábyrgðarleysi og Félag íslenskra stórkaupmanna hafi heldur ekki gert það. Einn einasti heildsali hafi andmælt þessum fyrirvara, Ó. Johnson & Kaaber h/f, og hafi það oft verið rætt milli forsvarsmanna stefnda og þess fyrirtækis. Þannig sé fyrirvarinn forsenda stefnda í flutningasamningunum og það hafi stefnandi vitað og einnig hafi hann vitað, að stefndi hefði alls ekki tekið að sér að flytja vöruna, ef sérsamningar hefðu átt að gilda um stefnanda að þessu leyti. Á hinn bóginn megi líta á kröfur og sjónarmið stefnanda þannig, að hann efist um, að stefnda hafi yfirleitt verið heimilt að undanskilja sig ábyrgðinni, eins og hér sé um ófrávíkjanlega reglu að ræða. En það geti ekki verið, þar sem ábyrgðarregla vörslumanns sé meginregla og aðiljum sé í sjálfsvald sett að semja á annan hátt skv. meginreglunni um samningafrelsi. Eftir að mál þetta hafi komið upp, hafi stefndi til öryggis tekið alfarið fyrir, að nokkrir notuðu eigin fylgibréfaeyðublöð, og hafi stefnandi sem aðrir viðskiptavinir stefnda frá 1. janúar sl. notað eyðublöð stefnda með hinum prentaða fyrirvara.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið, afhenti stefnandi stefnda vöru, sem skyldi flutt til Siglufjarðar, en varan hvarf eftir það, og hefur hvergi til hennar spurst. Stefndi ber fyrir sig yfirlýsingu sína á prentuðu fylgibréfi um það, að hann beri ekki ábyrgð á vörum, sem liggi í vörugeymslum hans eða séu í flutningum á hans vegum, og að vörurnar séu að öllu leyti á ábyrgð eigenda eða sendanda. Stefnandi vissi um áskilnað þennan, en fylgibréf stefnda var ekki notað í flutningasamningi þeim, sem mál þetta snýst um, heldur fylgibréf stefnanda sjálfs.

Í máli þessu er annars vegar deilt um það, hvort stefnandi hafi samið sig undir áskilnað stefnda um ábyrgðarleysi á vörum í hans vörslu, og hins vegar um það, hvaða gildi slíkur áskilnaður hafi.

Með lögjöfnun frá 119. og 120. gr. laga nr. 34/1964 verður að

telja, að stefndi geti ekki, svo gilt sé, leyst sig undan ábyrgð á tjóni á vörum í hans vörslu, sem valdið er af starfsmönnum hans af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Jafnvel þótt stefnandi hefði notað fylgibréf stefnda með áskilnaðinum um ábyrgðarleysi stefnda, þá hefði undanþága stefnda frá bótaábyrgð ekki gildi, þegar um slíka sök væri að ræða.

Stefnandi hafði engin tök á að fylgjast með meðferð vörunnar, eftir að starfsmaður stefnda tók við henni og hún skyldi flutt með bifreið stefnda til Siglufjarðar. Telja verður því, að stefndi beri sönnunarbyrði í málinu. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að varan hafi glatast, án þess að ásetningi eða stórfelldu gáleysi starfsmanna hans sé um að kenna, og verður hann því talinn bera skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda. Verður stefnda því gert að greiða stefnanda stefnukröfuna ásamt vöxtum, en dráttarvextir verða ekki dæmdir. Verður stefnda einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 150.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Vöruflutningamiðstöðin h/f, greiði stefnanda, Gunnari Ásgeirssyni h/f, kr. 16.894 með 16% ársvöxtum frá 3. desember 1976 til 21. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 150.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. janúar 1981.

Nr. 105/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Pálmari Magnússyni
(Jón Oddsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Því var einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Mál þetta var þingfest 25. júní 1979. Fékk ákærði þá vikufrest til að segja til um, hvern hann óskaði skipaðan verjanda sinn. Í þinghaldi 16. júlí s. á. óskaði ákærði þess, að Jón Hauksson héraðsdómslögmaður yrði skipaður verjandi sinn. Var það gert í þinghaldi 12. október 1979 að verjanda viðstöddum. Fékk hann frest til 15. nóvember s. á. til að skila vörn, en sótti þá eigi dómþing. Ákvað dómari þá „að fresta málinu um sinn í því skyni að gefa skipuðum verjanda kost á að skila vörn sinni". Næst var þingað í málinu 9. janúar 1980. Skipaður verjandi ákærða sótti ekki þing. Getur dómari þess þá í þingbók, að hann hafi a. m. k. þrisvar sinnum á tímabilinu frá 15. nóvember til áramóta ámálgað við skipaðan verjanda ákærða að skila vörn í málinu, en jafnan án árangurs. Síðan er skráð í þingbók: „Verður því að telja, að veittur hafi verið nægur frestur til varnar og ekki verði hjá því komist lengur að taka málið til dóms, einkum með skírskotun til 2. tl. 129. gr. laga nr. 74/1974". Var síðan dómur kveðinn upp í málinu 15. s. m., án þess að vörn kæmi fram.

Vegna vanrækslu skipaðs verjanda á að skila málsvörn bar héraðsdómara samkvæmt 2. mgr. 84. gr. laga nr. 74/1974 að skipa ákærða annan verjanda og dómtaka eigi málið fyrr en vörn hefði borist.

Að svo vöxnu máli verður ekki hjá því komist að ómerkja

hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 1.500.00 krónur (nýkr.).

Það athugast, að héraðsdómari gætti eigi ákvæða XII. kafla laga nr. 74/1974, er Guðmundur Elíasson kom fyrir dóm 20. desember 1978, en hann var ekki áminntur um sannsögli, og óvíst er um tengsl hans við ákærða.

Víta ber harðlega skipaðan verjanda ákærða, Jón Hauksson héraðsdómslögmann, fyrir framangreinda vanrækslu á að skila vörn í málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 15. janúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 9. þ. m., er höfðað með ákæru, dagsettri 15. júní 1979, á hendur Pálmari Magnússyni, Foldahrauni 39 F í Vestmannaeyjum, fæddum 30. ágúst 1955 í Reykjavík, „fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 25. nóvember 1978 bifreið sinni, V 1248, neyta áfengis við aksturinn og vera undir áhrifum þess við hann, vítt og breitt um götur Vestmannaeyjakaupsaðar, til skiptis við bróður ákærða, Friðrik Erlingsson Karlsson, þótt sá væri bæði undir áhrifum og ökuréttindalaus, allt þar til akstrinum lauk við Vestmannabraut 53, og var ákæröi þá við stjórn bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 35. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1973 14/12 í Reykjavík. Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1973 14/12 í Reykjavík. Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.

1974 16/1 í Reykjavík. Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.

1974 11/5 í Vestmannaeyjum. Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1975 15/4 í Reykjavík. Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið.

1976 25/7 í Vestmannaeyjum. Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 25. nóvember 1978, kl. 0625, var hringt á lögreglustöðina frá húsinu nr. 14 B við Bárustíg og skýrt frá grunsamlegum akstri rauðrar bifreiðar af gerðinni Ford Cortina.

Tveir lögreglumenn fóru þegar að svipast um eftir bifreiðinni. Óku þeir frá lögreglustöðinni og vestur Vestmannabraut. Er þeir komu að Skólavegi, sáu þeir, hvar bifreið var ekið austur Vestmannabraut og lagt í stæði framan við húsið nr. 53 við þá götu. Óku þeir þegar að bifreið þessari, sem reyndist vera rauð Ford Cortina og bar skráningarnúmerið V 1248. Um leið og þeir óku að bifreiðinni, sáu þeir mann undir stýri hennar, sem þeir þekktu fyrir ákærða í máli þessu. Bifreiðin var ekki í gangi, er þeir komu að henni, en vél hennar var mjög heit viðkomu. Maður sat í farþegasæti við hlið ákærða, og sá annar lögreglumaðurinn, er ákærði tók kveikjuláslykla bifreiðarinnar og afhenti þá manni þessum, og reyndist hann vera með þá.

Færðu þeir menn þessa á lögreglustöðina svo og bifreiðina. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra neitaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni, sem hann kvaðst vera eigandi að. Sagði hann, að maður sá, sem með honum var, hefði ekið bifreiðinni og væri hann bróðir hans. Hefðu þeir skipt um sæti, er þeir sáu, að lögreglan nálgaðist. Einnig sagði ákærði við sama tækifæri, að tveir menn aðrir

hefðu verið með þeim í bifreiðinni, en ekki gat hann nafngreint þá. Hefðu þeir verið farnir úr bifreiðinni, er lögreglan kom á staðinn. Aðspurður kvað ákærði þá hafa hafið aksturinn á Básaskersbryggju og ekið síðan vítt og breitt um bæinn. Hann kvaðst hafa verið við drykkju frá því um kl. 19 um kvöldið og hefði hann m. a. verið í hófi í húsi Kiwanis við Strandveg.

Ekki vissi ákærði, hve mikils magns áfengis hann hafði neytt. Allur var framburður ákærða ruglingslegur og erfitt að henda reiður á honum.

Læknir var kvaddur á lögreglustöðina til að taka blóðsýni úr ákærða, en að svo búnu var hann færður í fangageymslu lögreglunnar.

Maður sá, sem var í för með ákærða, kvaðst heita Friðrik Erlingsson, fæddur 20. júlí 1962. Hann var mjög ölvaður, og var framburður hans mjög ruglingslegur. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni neðan frá Básaskersbryggju og vítt og breitt um bæinn, þar til hann hitti lögregluna. Var á honum að skilja, að ákærði hefði ætlað að taka sökina á sig. Ekki kannaðist hann við, að fleiri hefðu verið í bifreiðinni, þegar þeir stönsuðu á þeim stað, þar sem lögreglan kom að þeim. Aftur á móti sagði hann, að þeir hefðu tekið Guðmund Elíasson, Ásavegi 20, upp í bifreiðina á Heiðarvegi og ekið honum heim. Hefðu þeir hitt hann, er þeir komu neðan af Básaskersbryggju.

Tekið var blóðsýni úr Friðrik til alkóhólákvörðunar, en að svo búnu var hann færður í fangageymslu lögreglunnar.

Í blóðsýni því, er tekið var úr ákærða, reyndist alkóhólmagnið 1.91‰, en hjá Friðrik reyndist magn alkóhóls 1.51‰.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis um kl. 20 í húsi Kiwanis við Strandveg. Kvaðst hann hafa neytt töluverðs áfengis þarna og af mörgum tegundum. Ákærði kvaðst ekki vita, hvað klukkan var orðin, þegar hann yfirgaf Kiwanishúsið. Sagði ákærði, að eiginkona hans hefði ekið þeim í áðurnefnt hóf á bifreið þeirra, V 1248.

Ákærði neitaði því eindregið að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn, en kvaðst ekki muna, hver ók bifreiðinni. Þó kvaðst hann muna, að fyrst eftir dansleikinn hefði hann farið heim til sín og þá hefði eiginkona hans ekið. Ákærði kvaðst muna, að bifreið hans hefði verið ekið eftir þetta, en fullyrti, að alltaf hefði verið ódrukkinn maður við stýri.

Varðandi aðdraganda handtökunnar skýrði ákærði svo frá, að það hefði verið á Vestmannabraut, sem lögreglan kom að bif-

reiðinni og hefði bróðir hans, Friðrik, verið með honum. Ekki kvaðst ákærði geta gert grein fyrir því, hver ók bifreiðinni á þann stað, þar sem þeir voru handteknir. Sagði hann, að þegar lögreglan kom að bifreiðinni, hefði hann verið kominn út úr henni, en hann hefði ekki verið með kveikjuláslykla hennar. Neitaði ákærði, ítrekað aðspurður, að hafa ekið bifreiðinni umrædda nótt.

Friðrik Erlingsson skýrði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis um kl. 2130 umrætt kvöld. Síðar um kvöldið hefði hann farið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja.

Að afloknum dansleik hefði hann staldrað við fyrir utan danshúsið, en því næst farið í leigubíl með tveimur félögum sínum. Hefðu þeir farið í samkvæmi í hús við Illugagötu. Fyrir utan það hús hefðu þeir hitt ákærða og hefði hann verið á bifreiðinni V 1248. Hefði ákærði boðið honum upp í bifreiðina og því næst ekið um götur bæjarins. Sagði Friðrik, að m. a. hefði ákærði ekið niður á bryggju þá, sem v/s Herjólfur liggur við. Þar hefði ákærði leyft honum að aka bifreiðinni og hefði hann ekið 5—10 metra spöl þarna á bryggjunni, en þá hefði ákærði tekið við stjórn hennar á nýjan leik.

Friðrik kvaðst hafa fundið til lítils háttar áfengisáhrifa við aksturinn.

Eftir að ákærði hafði tekið við stjórn bifreiðarinnar á ný á bryggjunni, sagði Friðrik, að þeir hefðu farið í áðurnefnt hús við Illugagötu og hefði ákærði einnig komið inn.

Kvaðst hann hafa farið úr gleðskap þessum einhvern tíma um morguninn ásamt ákærða. Hefðu þeir farið burt á bifreið ákærða, sem jafnframt hefði verið ökumaður. Hefði ákærði ekið sem leið liggur frá Illugagötu niður á Vestmannabraut, en þar hefði hann stöðvað bifreiðina. Skömmu síðar hefði lögreglan komið að og fært þá á lögreglustöðina.

Þá sagði hann, að þegar þeir fóru úr gleðskapnum, hefðu þeir tekið með tvo farþega, Guðmund og Björn, og hefði þeim verið ekið heim til þeirra.

Vitnið Guðmundur Elíasson skýrði svo frá, að það hefði farið í samkvæmi í húsi austur í bæ og hefðu þeir ákærði og Friðrik verið þar. Eftir að hafa verið í húsi þessu um stund hefði það farið í hús við Illugagötu. Hefði hann farið þangað í bifreið ákærða, en ökumaður hefði verið piltur, sem kallaður sé Stebbi. Sagði vitnið, að ákærði og Friðrik hefðu einnig verið í bifreiðinni í umrætt sinn og hefðu þeir einnig farið inn í áðurnefnt hús við Illugagötu.

Vitnið kvaðst hafa farið úr húsi þessu einhvern tíma um nóttina og hefði það fengið far með bifreið ákærða. Kvaðst það muna, að með því í bifreiðina hefðu farið þeir ákærði og Friðrik, en ekki kvaðst vitnið muna, hver ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Kvaðst vitnið helst halda, að því hefði verið hleypt úr bifreiðinni á horni Kirkjuvegar og Ásavegar og þaðan gengið heim.

Vitnið Unnur Lilja Elíasdóttir, eiginkona ákærða, skýrði svo frá, að það hefði verið með ákærða í hófi því, er haldið var í húsi Kiwanis við Strandveg, og hefðu þau komið þangað á bifreið þeirra. Kvaðst vitnið hafa verið þarna, meðan hófið stóð. Að því loknu hefði það ekið fólki úr hófinu, en ekið heim skömmu síðar. Vitnið kvaðst hafa orðið viðskila við ákærða, þegar það fór að aka áðurnefndu fólki. Vitnið kvaðst hafa vaknað við, að ákærði og Friðrik voru komnir í íbúðina ásamt fleirum, sem það vissi ekki deili á, enda ekki farið á fætur. Sagði vitnið, að allir þessir hefðu staðið stutt við, en ekki vissi það, hvort þeir fóru akandi eða gangandi frá húsinu. Einhvern tíma fyrir hádegi kvaðst vitnið síðan hafa hringt á lögreglustöðina og þá verið sagt, að ákærði og Friðrik væru þar svo og bifreiðin.

Vitnið Ómar Garðarsson lögreglumaður skýrði svo frá, að frá því þeir lögreglumennirnir sáu bifreið ákærða og þar til þeir komu að henni hefði aðeins liðið örstutt stund og vegalengdin einnig verið mjög stutt. Enn fremur sagði vitnið, að gersamlega útilokað væri, að ökumaður og farþegi bifreiðarinnar V 1248 hefðu getað skipt um sæti á þeim örstutta tíma, sem leið, frá því að þeir lögreglumennirnir urðu bifreiðarinnar varir og þar til þeir voru komnir upp að bifreiðinni, þar sem hún var komin í stæðið framan við húsið nr. 53 við Vestmannabraut, enda hefðu þeir aldrei séð neina hreyfingu á mönnunum í bifreiðinni. Kvaðst vitnið því ekki vera í nokkrum vafa um, að ákærði hefði verið ökumaður bifreiðarinnar V 1248, þar sem henni var ekið austur Vestmannabraut laugardagsnóttina 25. nóvember 1978. Loks sagði vitnið, að enginn hefði farið út úr bifreiðinni V 1248, frá því hún stöðvaði og þar til lögregluna bar að.

Vitnið Ófeigur Óskar Sigurpálsson lögregluvarðstjóri sagði, að það og Ómar Garðarsson lögreglumaður hefðu farið út af lögreglustöðinni, jafnskjótt og tilkynning barst um akstur bifreiðarinnar V 1248. Hefðu þeir ekið vestur Vestmannabraut og stöðvað við gatnamót þeirrar götu og Skólavegar. Kvaðst vitnið þá hafa séð til bifreiðar, sem ekið var á móti lögreglubifreiðinni, og hefði bifreið þessi þá verið, þar sem Vestmannabraut er hæst. Hefðu

þeir ekið á móti bifreið þessari, en henni verið ekið að gangstéttarbrún í þann mund, sem bifreiðarnar mættust. Hefði það þá séð, að tveir menn voru í framsæti bifreiðarinnar. Sagði vitnið það vera útilokað, að menn þessir hefðu getað skipt um sæti, meðan þeir lögreglumennirnir sáu til ferða bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið ekki vera í nokkrum vafa um, að ákærði hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Loks sagði vitnið, að Ómar Garðarsson hefði gengið að bifreiðinni bílstjóramegin, en það hefði farið að henni farþegamegin og hefði það þá séð, að ákærði rétti Friðrik kveikjuláslykla bifreiðarinnar.

Vitnið Arndís Egilsson sagði, að atvik þetta væri því í fersku minni. Staðfesti vitnið, að það hefði hringt á lögreglustöðina og hefðu tildrög þess verið þau, að útidyrabjöllu heimilis þess hefði verið hringt og hefðu tveir ölvaðir menn verið á tröppunum. Kvaðst það hafa borið kennsl á mennina og hefðu þeir verið ákærði í máli þessu og bróðir hans. Hefði það vísað mönnum þessum burt og séð, að þeir fóru út í rauða Cortina bifreið. Friðrik hefði sest undir stýri, en ákærði við hlið hans. Sá fyrrnefndi hefði reynt að aka bifreiðinni áfram, en það ekki tekist, vegna þess að hún var föst í snjó. Hefði ákærði þá tekið við, en bróðir hans ýtt og hefði þá tekist að mjaka bifreiðinni úr snjónum. Sá, sem ýtti, hefði komist upp í bifreiðina og henni hefði þá verið ekið vestur Vestmannabraut, og kvaðst vitnið ekki hafa séð meira til ferða bifreiðarinnar eftir það. Vitnið kvaðst hafa hringt í lögregluna, meðan verið var að losa bifreiðina úr snjónum. Þá sagði vitnið, að það hefði séð, að ákærði hefði fengið sér að drekka úr vínflösku, meðan hann sat undir stýri bifreiðarinnar. Loks kvaðst vitnið hafa séð, þegar það fór til dyra, að í aftursæti bifreiðarinnar hefði legið maður, og er það hefði spurt þá, hver það væri, hefði því verið svarað, að þetta væri Guðmundur Elíasson.

Niðurstaða.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, með framburðum vitna og öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Hefur hann með því orðið brotlegur gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 35. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 120.000 króna sekt, er

renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Pálmar Magnússon, greiði 120.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. janúar 1981.

Nr. 107/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hans Anders Þorsteinssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, meðal annars um breytingar, sem gerðar hafa verið á götum, þar sem árekstur sá varð, sem mál þetta er risið af.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi og brot ákærða réttilega heimfærð til lagaákvæða. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu

dóms þessa og vararefsing varðhald 2 daga. Í máli þessu verður ekki tekin afstaða til þáttar ökumanns R 8470 í bifreiðaárekstrinum.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Ákærði, Hans Anders Þorsteinsson, greiði 250.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. september 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 26. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 353/1979: Ákæruvaldið gegn Hans Anders Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. júlí 1979, gegn Hans Anders Þorsteinssyni bifreiðarstjóra, Kleppsvegi 132 í Reykjavík, fæddum 6. september 1918 í Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa miðvikudaginn 10. janúar 1979, er hann ók bifreiðinni R 2566 eftir hægri akrein norður Kleppsveg í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu, af skyndingu og án þess að gefa stefnumerki beygt í veg fyrir bifreiðina R 8479, sem

ekið var í sömu átt eftir vinstri akrein, á móts við afleggjarann að Kleppsspítalanum, þannig að árekstur varð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 46. gr., 2. mgr. 52. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hvorki sætt kærum né refsingum, sem hér skipta máli.

Hinn 10. janúar 1979 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur á Kleppsvegi við afleggjarann að Kleppsspítalanum. Höfðu þar rekist saman bifreiðarnar R 2566, sem ákærði ók, og R 8479. Tveir lögregluþjónar fóru á staðinn. Tók annar þeirra skýrslu af ökumönnunum, en hinn gerði uppdrátt af vettvangi.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar kvaðst ákærði hafa ekið norður Kleppsveg og ætlað að taka U beygju og aka síðan suður Kleppsveg. Hann sagðist ekki hafa verið fullkomlega á vinstri vegarhelmingi. Hann kvaðst hafa litið í baksýnisspegil og því næst beygt, en þá fyrst orðið bifreiðarinnar R 8479 var. Hann kvaðst ekki hafa gefið stefnumerki.

Hinn 28. febrúar sl. hafnaði ákærði að ljúka máli þessu með greiðslu lögreglusektar. Í skýrslu, sem hann gaf hjá lögreglunni þann dag, kvaðst hann hafa verið að öllu leyti á vinstri akrein, áður en hann beygði. Sagði hann vettvangsuppdrátt sýna þetta mjög greinilega.

Ákærði mætti fyrir dómi hinn 30. mars sl. Hann taldi þá, að ökumaður bifreiðarinnar R 8479 hefði ekið eftir snjóruðningi merktum D á uppdrætti lögreglunnar og troðið sér meðfram sinni bifreið, en ákærði kvaðst hafa ekið á vinstri vegarhelmingi, þó nær miðju vegar.

Verður nú rakinn framburður vitna.

Vitnið Jónas Helgason trésmiður, til heimilis að Vesturbergi 25 í Reykjavík, var ökumaður bifreiðarinnar R 8479. Vitnið kvaðst hafa ekið á vinstri vegarhelmingi Kleppsvegar, áður en árekstur-inn varð. Vitnið sagði bifreið sína fyrst hafa snert nefndan snjóruðning, þegar það beygði til að forðast árekstur. Vitnið mundi, að ákærði viðurkenndi fyrir lögreglu, að hann hefði ekki litið í hliðarspegil, er hann beygði, heldur aðeins í baksýnisspegil. Einnig viðurkenndi hann, að hann hefði ekki gefið stefnumerki.

Vitnið Rúna Bjarnadóttir skrifstofustúlka, til heimilis að Stuðlaseli 46 í Reykjavík, var farþegi í bifreiðinni R 8479 og sat í framsæti bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt

ökumann bifreiðarinnar, en hann var vinur vinnufélaga vitnisins. Vitnið sagði bifreiðina R 8479 hafa ekið eftir vinstri akrein norður Kleppsveg. Samsíða henni var jeppabifreið, sem beygt var fyrir bifreiðina R 8479. Vitnið mundi ekki, hvort ökumaður jeppabifreiðarinnar gaf stefnumerki.

Vitnið Birgir Þór Ólafsson skrifstofumaður, til heimilis að Skeiðarvogi 93 í Reykjavík, var farþegi í bifreiðinni R 8479 og sat í aftursæti hægra megin. Vitnið sagði, að bifreiðinni R 8479 hefði verið ekið á vinstri akrein Kleppsvegar. Samsíða henni ók jeppabifreið, sem skyndilega ók í veg fyrir bifreiðina R 8479. Vitnið mundi sérstaklega eftir því, að ökumaður jeppabifreiðarinnar gaf ekki stefnumerki.

Vitnið Benedikt Benediktsson, rannsóknarlögreglumaður á slysarannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, mundi eftir því, að ákærði sagði á árekstrarstað, að hann hefði ekki verið fullkomlega á vinstri vegarhelmingi, þegar hann beygði. Þá sagði vitnið, að framburður ökumanns bifreiðarinnar R 8479 hefði getað staðfest miðað við hjólför bifreiðarinnar.

Vitnið Gunnar Theodór Gunnarsson, lögregluþjónn nr. 121, staðfesti að hafa gert vettvangsuppdrátt þann, er að málinu snýr, og að hafa gert hann eftir bestu vitund. Vitnið sagði, að för eftir bifreiðina R 8479 hefðu bent til þess, að ökumaður hennar hefði reynt að beygja undan bifreið ákærða og við það lent í jaðri snjóruðnings, sem var við vegarbrúnina.

Telja verður sannað með hliðsjón af framburði vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem hann er ákærður fyrir. Brot hans telst varða við 1. mgr. 46. gr. og 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, krónur 25.000, og komi 3 daga varðhald í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal greiðslu 50.000 króna í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Hans Anders Þorsteinsson, greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 50.000 krón-

ur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar héraðsdómslögmanns.

Þriðjudaginn 20. janúar 1981.

Nr. 6/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Ólafi Stefáni Halldórssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1981, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. janúar 1981.

Ár 1981, laugardaginn 17. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í fangelsinu Síðumúla 28, af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Ólafur Stefán Halldórsson, atvinnulaus og heimilislaus, fæddur 10. september 1958, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. janúar nk. vegna gruns um brot gegn 244. gr. og 257. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Er í greinargerð með kröfu RLR vísað til 3. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Málavextir.

Um kl. 0040 sl. nótt var kærði, Ólafur Stefán Halldórsson, handtekinn innandyra í versluninni Goðaborg í Reykjavík. Hafði hann brotið rúðu í útihurð og farið þar inn, en við það skarst hann á fæti. Í fórum kærða voru m. a. nokkrir hnífar og hassmoli.

Kærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ætlað að stela vélbyssu til þess að skjóta tiltekna eiturlyfjasala, en enga byssu fundið og þá tekið hnífana. Kærði var undir áhrifum áfengis og/eða lyfja, þegar hann var handtekinn.

Kærði á hvergi höfði sínu að að halla. Hann á hvergi fastan samastað, en sefur nótt og nótt í gistiskýlinu að Þingholtsstræti 25. Hann hefur enga atvinnu stundað a. m. k. um nokkurt skeið og er í mikilli óreglu, og má telja, að hann hafi ekki möguleika til þess að hafa löglega ofan af fyrir sér.

Hinn 7. þ. m. var kærði úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um innbrot, og var hann látinn laus sl. mánudag þann 12. janúar.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 3. og 5. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir rétt að verða við kröfu um gæsluvarðhald og ákveða, að kærði skuli sæta því allt til miðvikudagsins 28. janúar nk., kl. 1700.

Brot það, sem kærði er nú grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, ef sök sannast, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ólafur Stefán Halldórsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. janúar nk., kl. 1700.

Fimmtudaginn 22. janúar 1981.

Nr. 29/1978. **Páll Halldórsson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar
f. h. safnaðarins
(Jón Finnsson hrl.).

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. janúar s. á. Hann krefst þess, að stefndi greiði honum 2.434.11 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir eigi athugasemdir við breytta kröfugerð áfrýjanda að því er tekur til vaxta.

Með tilvísun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að ársvextir verða eins og í kröfugerð áfrýjanda greinir. Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 1.500.00 krónur (nýkr.) í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar fyrir hönd safnaðarins, greiði áfrýjanda, Páli Halldórssyni, 644.80

krónur með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 150.00 krónur í málskostnað í héraði.

Áfrýjandi greiði stefnda 1.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 22. maí 1975.

Stefnandi málsins er Páll Halldórsson organleikari, Drápuhlíð 10, Reykjavík.

Varnaraðili er sóknarnefnd Hallgrímskirkju í Reykjavík fyrir hönd safnaðarins.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kr. 307.892 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðili krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða varnaraðilja málskostnað að mati dómsins.

Endurteknar sáttatilraunir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hefur árum saman verið organleikari Hallgrímskirkju í Reykjavík. Stefnandi er og hefur verið félagsmaður í Félagi íslenskra organleikara (FÍO). Í nóvember 1970 var samið um kaup og kjör organleikara í prófastsdæminu. Ber samningur þessi yfirskriftina „Samkomulag." Honum fylgir „Skýrgreining á skiptingu organleikara í A, B og C flokka". Stefnandi heldur því fram, að varnaraðili hafi ekki efnt þennan samning af sinni hálfu, heldur greitt stefnanda lægra

kaup en honum hafi borið og auk þess skuldi varnaraðili stefnanda orlofsuppbót. Varnaraðili hefur ekki viljað á þetta fallast með stefnanda, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Áðurgreint „Samkomulag" hefur m. a. eftirtalin ákvæði að geyma:

„Félag íslenzkra organleikara og samstarfsnefnd sóknarnefnda Reykjavíkurprófastsdæmis gera með sér svohljóðandi samkomulag.

Í samkomulagi þessu er organleikurum skipt í þrjá flokka, A, B og C, samkvæmt nánari skýringu FÍO, sem fylgir samkomulagi þessu.

Um a-organleikara.

1) Nú hefur söfnuður tvo þjónandi presta starfandi, sem að jafnaði messa báðir hvern helgan dag, og ber þá slíkum söfnuði að ráða a-organleikara í þjónustu sína, sé hann fyrir hendi.

A-organleikari haldi a. m. k. eina sjálfstæða orgeltónleika á ári í þeirri kirkju, sem hann er ráðinn við, og þá í samráði við sóknarnefnd, enda sjái hún um framkvæmd þeirra tónleika.

2) Hlutverk organleikarans er að spila við messugerðir allar á vegum safnaðarins, sem fram fara í kirkjunni eða á öðrum stöðum, ef kirkja er ekki fyrir hendi. Organleikari skal einnig æfa kór kirkjunnar og fylgjast með þátttöku kórfélaga á æfingum og við messur. Organleikarinn sjái um tónleikahald kirkjukórsins, eftir því sem aðstæður leyfa. Organleikarinn annist orgelleik á sérstökum samkomum kirkjunnar, ef óskað er.

3) Laun a-organleikara miðist við 2/3 hluta launa kennara í tónlistarskóla, sem nú eru í 19. launaflokki opinberra starfsmanna, og er gert ráð fyrir, að tónlistariðkun sé eina starf organleikarans.

Um b-organleikara.

1) Söfnuður með einn þjónandi prest getur ráðið b-organleikara í þjónustu sína, ef a-organleikari er ekki fyrir hendi. B-organleikari gengur fyrir c-organleikara um stöður, sbr. skýringar í greinargerð um flokkun organista eftir reglum F.Í.O.

2) Skyldur b-organleikarans gagnvart messugerðum og æfingum kórs kirkjunnar vegna messugerðar eru þær sömu og a-organleikarans.

3) Ekki skal þess krafist af b-organleikara, að hann haldi sjálfstæða orgeltónleika eða leiki einleik á vegum safnaðarins. Sé þess óskað, kemur greiðsla fyrir slíkt tónleikahald.

4) Forfallist organleikarinn skal hann útvega staðgengil í

samráði við stjórn F.Í.O. og greiði sóknarnefnd kostnað, sem af því leiðir.

5) Laun b-organleikara miðast við 2/3 hluta 12. launaflokks opinberra starfsmanna.

6) Sé a-organleikari ráðinn við kirkju með einn þjónandi prest, skulu laun hans miðast við 2/3 hluta 15. launaflokks opinberra starfsmanna.

Önnur atriði.

2) Sumarfrí organleikara skal miðast við tímabilið 1. júní til 1. okt. og skal vera 21 virkur dagur í einu lagi. Sumarfríið sé tekið í samráði við sóknarnefnd. Sóknarnefnd greiðir laun staðgengils.

3) Deilumál, sem upp kunna að koma, skulu ræðast á fundum með stjórn F.Í.O. og fulltrúum safnaða prófastsdæmis.

6) Laun organleikara samkvæmt samningi þessum miðast við 1. 7. '70.

Reykjavík í nóvember 1970.

Launadeild F.Í.Ó.	Samninganefnd sóknarnefndanna
Guðmundur Gilsson	í Reykjavíkurprófastsdæmi.
Haukur Guðlaugsson	Leifur Sveinsson
Ragnar Björnsson	Ástráður Sigursteindórsson".

Áðurgreind skýrgreining á skiptingu organleikara í A, B og C flokka er svohljóðandi:

„A-organleikarar:

A-deild skal skipuð þeim organleikurum, sem tekið hafa einleikarapróf á orgel frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða erlendum, viðurkenndum tónlistarskóla. Þó skal þetta ekki vera skilyrði, sé um organleikara að ræða, sem aflað hefur sér samsvarandi menntunar utan skóla og haldið að staðaldri — miðað við aðstæður — opinbera orgeltónleika við góðan orðstír.

A-meðlimur skal einnig hafa lokið prófi í söngstjórn frá viðurkenndum tónlistarskóla eða hafa samsvarandi viðurkennda hæfileika til söngstjórnar. Æskilegt er að A-meðlimur hafi sæmilega þekkingu á hljóðfærum sinfoníuhljómsveitar og sé fær um að stjórna kirkjulegum verkum með hljómsveit.

B-organleikarar:

B-deild skal skipuð orgelleikurum, sem lokið hafa kirkju orgelleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum tónlistarskóla eða þeim, sem sýnt geta hliðstæða kunnáttu. B-meðlimir skulu einnig hafa hæfileika til söngstjórnar

og miðist sú kunnátta við lokapróf úr söngkennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík.

C-organleikarar:

C-deild skal skipuð orgelleikurum, sem lítið eða ekkert leika á Pedalorgel, og þeim, sem eingöngu leika á Harmónium.

Ragnar Björnsson Guðmundur Gilsson Haukur Guðlaugsson."

III.

Stefnandi heldur því fram, að honum hafi borið að fá greidd laun sem organleikara í A flokki. Laun A flokks organleikara hafi á tímabilinu 1. júlí 1970 til 31. desember 1973 numið samtals kr. 1.105.676, en það séu þau laun, sem hann hafi þannig átt rétt á. Hins vegar hafi varnaraðili aðeins greitt honum kr. 862.265 í laun fyrir nefnt tímabil. Beri varnaraðilja því að greiða stefnanda mismuninn, kr. 243.411.

Í öðru lagi bendir stefnandi á, að hann hafi ekki fengið greidda orlofsuppbót á laun sín á tímabilinu frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1974. Nemi orlofsfé á nefndu tímabili samtals kr. 64.481.

Samkvæmt ofanskráðu telur stefnandi, að varnaraðili skuldi honum samtals kr. 307.892 (243.411 + 64.481). Kemur þessi fjárhæð heim við dómkröfur stefnanda í málinu.

Í aðiljaskýrslu, sem lögð var fram 25. maí 1975, skýrir stefnandi m. a. svo frá, að 27. september 1967 hafi verið gerðar breytingar á lögum FÍÓ og hafi þá verið samþykkt að skipa félagsmönnum í flokkana A, B og C.

Stefnandi kveðst hafa verið úrskurðaður í A flokk, án þess að hann léti í ljós nokkrar óskir um það, og kveðst hann hafa goldið sín gjöld til félagsins samkvæmt því. Síðar hafi þessi flokkaskipting verið felld niður.

Stefnandi skýrir svo frá: „Árið 1970 voru gerðir samningar milli launanefndar F.Í.O. og samstarfsnefndar safnaðanna í Reykjavík. Þeir voru lengi á döfinni, og ætla ég, að mönnum hafi leiðst að bíða. Samningarnir voru samþykktir af F.Í.O. á fundi í Laugarneskirkju seint um kvöld. Það líður og bíður, og er mér borgað samkvæmt gömlu samningunum. Gjaldkeri Hallgrímsprestakalls, sem síðar varð formaður sóknarnefndarinnar, leitaði bréflega skýringa hjá F.Í.O. Á aðalfundi Hallgrímsprestakalls 1971 ræddi ég um þetta mál, og urðu nokkrar orðahnippingar milli mín og gjaldkerans. Hann skipaði mér í svokallaðan B-flokk. Ekkert gerðist hjá sóknarnefnd Hallgrímsprestakalls. Skrif-

aði ég því nokkur bréf, bæði sóknarnefnd, einstökum sóknarnefndarmönnum og prestum safnaðarins.

Þegar ég fékk engin svör, ákvað ég að skjóta málinu samkvæmt 4. gr. samningsins til stjórnar F.Í.O., og var mér þó óljúft að fara með þetta mál út úr sókninni. Stjórn F.Í.O. tókst ekki þrátt fyrir miklar tilraunir að fá samstarfsnefnd safnaðanna á fund. Var þá tekið það ráð að boða sóknarnefndarmenn Hallgrímsprestakalls á fund með stjórn F.Í.O. Þá gerðist það, að Hermann Þorsteinsson reyndi að afboða þá, sem boðaðir höfðu verið. Það tókst þó ekki betur en svo, að á fundinum, sem haldinn var í Laugarneskirkju, mættu 3 nefndarmenn og 2 varamenn. Þrátt fyrir álit þessa fundar urðu engar breytingar á greiðslum til mín. Það var ekki fyrr en ég tilkynnti sóknarnefndinni með ábyrgðarbréfi, að ég ætlaði að leita réttar míns fyrir dómstólunum, þó að það væri ekki að mínu skapi, að ég var boðaður á fund með mjög stuttum fyrirvara í Hallgrímskirkju. Á þeim fundi voru 3 sóknarnefndarmenn og báðir prestar safnaðarins. Mér var lesin þar bókun nefndarinnar um, hvað hún teldi rétt að greiða mér í kaup. Ég hélt fram samningsrétti mínum, en formaður nefndarinnar virtist hafa að mestu leyti orð fyrir fundarmönnum, sem flestir virtust hálfvolgir eða deigir. Það er rétt, að samningur er samningur. En skýrgreiningar nefndarmanna eru annað.

Í samkomulaginu stendur hvergi, að tónlistariðkun skuli vera eina starf organleikarans. Þar stendur: „Gert er ráð fyrir . . .“ o. s. frv.

Í síðastliðin 3 ár hefur organleikarastarfið við Hallgrímskirkju verið eina starf mitt, en til þess tíma var ég starfsmaður á Borgarbókasafni og um tíma á Tollpóststofunni í Reykjavík. En ég skammast mín ekki fyrir að hafa unnið hjá þessum stofnunum og skal hjálpa til að fá vottorð um veru mína þar, ef þurfa þykir og þess er óskað. Um margra ára skeið var ég barnaskólakennari og hafði þá jafnan á hendi söngkennslu að meira eða minna og stundum öllu leyti, nákvæmlega eins og einir 6 organleikarar hér hafa nú, án þess að talið sé þeim til dómsáfellis. En satt er það, að á tímabili var heilsu minni svo háttað, að ég taldi mér ofviða að hafa á hendi tilskilinn kennslustundafjölda með organleikarastarfinu. Tók ég því feginshendi að hafa starf í Borgarbókasafni Reykjavíkur að hluta (það var fyrst 10, en síðar líðlega 20 stundir á viku), og vil ég geta þess, að hér í nágrenninu er sú kvöð lögð á organleikarann, að hann starfi jafnframt í bókasafni bæjarins. Enn má geta þess, að einhverjir organleikarar

hafi starfað og starfi við fjarskyldari störf en organleikarastarfið.

Á fyrstu árum Hallgrímssafnaðar í Reykjavík var mér ekki goldið orlofsfé. Söfnuðurinn fékk þá léð húsnæði til guðþjónustuhalds í Austurbæjarskólanum í Reykjavík. Á sumrin fóru fram viðgerðir og hreingerningar á skólanum, og féllu þá jafnan messur niður í nokkrar vikur. Taldi ég þá sanngjarnt að láta greiðslur orlofsfjár niður falla. Þessi skipan hélzt, unz Björn heitinn Guðmundsson varð gjaldkeri safnaðarins. Hann galt mér orlofsfé, og man ég glöggt þau orð, sem hann lét fylgja. „Þú átt rétt á því eins og allir aðrir," sagði hann. Þegar Hermann Þorsteinsson tók við gjaldkerastörfunum neitaði hann að greiða orlofsfé, en kom með einhverja frásögn af, hvernig því væri háttað hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga. Ég kvartaði um þetta við þáverandi formann sóknarnefndar, Sigtrygg heitinn Klemenzson. Hann taldi sjálfsagt að greiða orlofsfé. Ekki varð þó af greiðslum. Svo veiktist Sigtryggur og dó. Að neita greiðslum orlofsfjár er því brot á samningnum, vonandi ekki brot á landslögum. Ég játa, að krafan um greiðslu orlofseyris var sett fram nokkuð af handahófi. Ég taldi mér heimilt að haga innheimtu þess að eigin geðþótta. Gerði ég þetta líka m. a. til að gera málið einfaldara."

Hér fyrir dómi hefur stefnandi m. a. skýrt svo frá: „Ég vil taka fram, að á helmingi starfstímans hafði ég ekki pípuorgel í kirkjunni, heldur harmoníum, þ. e. stofuorgel. Ég byrjaði sem organleikari hjá Hallgrímskirkju árið 1940, en pípuorgel kom í kirkjuna árið 1954. Ég tók aldrei sumarfrí á árunum 1967 til 1974. Ég fór ekki fram á það að fá sumarfrí á árunum 1970 til 1974 og hafði ekkert samráð við sóknarnefndina um það. Á árunum 1967 til og með 1969 óskaði ég eftir að fá greitt fé til að borga staðgengli mínum, á meðan ég væri í sumarleyfi. Ræddi ég um þetta við Sigtrygg heitinn Klemenzson, þáverandi formann. Hann sagði mér að fara til gjaldkerans, sem þá var Hermann Þorsteinsson, núverandi formaður, en hann neitaði að greiða féð. Ég fékk ávallt greidd mín föstu laun öll sumrin, sem ég hefi unnið hjá stefnda, og reyndar allan ársins hring."

IV.

Lögmaður varnaraðilja hefur í greinargerð m. a. stutt sýknukröfu sína þessum rökum:

„Í nóvembermánuði 1970 gerði Félag ísl. organleikara og Samstarfsnefnd sóknarnefnda Reykjavíkurprófastsdæmis með sér „Samkomulag", þar sem kveðið var á um skiptingu organleikara

í þrjá flokka, A, B og C launakjör o. fl. Í „Samkomulaginu" eru ítarleg ákvæði um störf A og B organleikara.

Tilgangurinn með skiptingu organleikara í flokka var ekki sízt sá að skapa menntuðum organistum, sem hefðu tónlistarstörf að aðalstarfi, kjör, sem þeir gætu sæmilega við unað. Í inngangsorðum þessa „Samkomulags" er tekið fram, að flokkaskiptingin í A, B og C sé samkv. nánari skýringu FÍO, sem fylgi „Samkomulagi" þessu. Þessi skilgreining er undirrituð af samningarnefndarmönnum FÍO, Ragnari Björnssyni, Guðmundi Gilssyni og Hauki Guðlaugssyni, og *er ljóst af áðurgreindum upphafsorðum „Samkomulagsins", að hún er hluti af „Samkomulaginu" og fylgiskjal með því.* Af þessu leiðir, að Félag ísl. organleikara getur ekki einhliða ákveðið skilgreininguna í skiptingu organleikara í A, B og C flokk með þeim áhrifum, að umsamin kjör breyttust. Ef þessu væri ekki svo farið, gæti Félag ísl. organleikara einfaldlega ákveðið nýja skilgreiningu á skiptingu organleikara í flokka, þannig að allir félagsmenn færu í A flokk.

Samkv. „Samkomulaginu" var gert ráð fyrir því, eins og áður getur, að tónlistariðkun væri eina starf organleikara í A flokki og að hann héldi a. m. k. eina sjálfstæða orgeltónleika á ári í þeirri kirkju, sem hann er ráðinn við. Samkvæmt skilgreiningunni skal A organleikari hafa tekið einleikarapróf á orgel frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða erlendum viðurkenndum tónlistarskóla. Þó er þetta ekki skilyrði, sé um organleikara að ræða, sem aflað hefur sér samsvarandi menntunar utan skóla og haldið að staðaldri — miðað við aðstæður — opinbera tónleika við góðan orðstír. Þá skal A maður einnig hafa lokið prófi í söngstjórn frá viðurkenndum tónlistarskóla eða hafa samsvarandi viðurkennda hæfileika til söngstjórnar.

Stefnandi máls þessa hafði orgelleik að aukastarfi fram að 70 ára aldri, en til þess tíma mun hann hafa gegnt öðrum störfum, m. a. verið starfsmaður á Borgarbókasafni og um tíma á Tollpóststofunni í Reykjavík. Ljóst er því, að stefnandi uppfyllir ekki skilyrði „Samkomulagsins" um orgelleik að aðalstarfi, og hann uppfyllir heldur ekki menntunarskilyrði né skilyrði um opinbera orgeltónleika, enda þótt á engan hátt séu bornar brigður á tónlistarhæfileika hans eða starfshæfni að öðru leyti. Það er einnig skoðun meirihluta samningarnefndar FÍO, að stefnandi falli ekki undir skilgreininguna samkv. A flokki.

Samkv. „Samkomulaginu" skulu söfnuðirnir greiða staðgengli organleikarans kaup í sumarleyfi hans, en auk þess fær organ-

leikarinn greitt kaup sjálfur í sumarleyfinu. Ef stefnandi hefur ekki neytt réttar síns til þess að taka sumarleyfi, er það hans eigin ákvörðun, og hefir hann ekki við neinn annan en sjálfan sig að sakast. Honum hefir jafnan staðið opið að taka sumarleyfi og láta stefnda greiða staðgengli sínum þann tíma."

V.

Hermann Valdimar Þorsteinsson, formaður sóknarnefndar Hallgrímskirkju, hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá: „Ég vil taka fram, að það hefur aldrei staðið á eða verið hafnað greiðslu til staðgengils organleikarans vegna fjarveru í sumarleyfi. Það var sami skilningur fyrrverandi sóknarnefndarformanns, Sigtryggs Klemenzsonar, og mín, að organleikari kirkjunnar ætti rétt að sumarleyfi samkvæmt „Samkomulagi" frá því í nóvember 1970 og sóknarnefndinni bæri að greiða staðgengli laun í fjarveru organleikara kirkjunnar. Hins vegar var ekki talið, að sóknarnefnd bæri að greiða organleikara kirkjunnar tvöföld laun fyrir sumarleyfistíma, sem ekki væri notaður. Staðgengill hefur aldrei framvísað reikningi hjá sóknarnefnd fyrir orgelleik hjá kirkjunni í fjarveru organleikarans Páls Halldórssonar. Ég minnist fundar í skrifstofu Sigtryggs Klemenzsonar í Arnarhvoli með organleikaranum Páli Halldórssyni, þar sem kjaramál organleikarans voru rædd. Neikvæð niðurstaða varð á sérstakri kröfu organleikarans um greiðslu í sumarleyfistíma, sem ekki var notaður. Ég tók við vörslu á fjármálum Hallgrímssafnaðar 28. febrúar 1962 úr hendi Björns Guðmundssonar, þáverandi gjaldkera Hallgrímssafnaðar. Frá honum fékk ég engar upplýsingar varðandi afbrigðilegar greiðslur á orlofsfé til organleikara og taldi því rétt, þegar á reyndi, að halda mig við gildandi samning milli organistafélagsins og safnaðanna í prófastsdæminu, sem gilti á hverjum tíma. Mér er ekki kunnugt um, hvort Björn Guðmundsson greiddi stefnanda orlofsfé. Ég vil ítreka það, að ég og sóknarnefndin í heild harmar þennan málarekstur, sem, eins og glöggt hefur komið fram oft áður, m. a. hér fyrir dóminum, að organleikari kirkjunnar hefur ekki sætt sig við þann samning, sem félag hans gerði við sóknarnefndir haustið 1970. Allir erfiðleikarnir virðast stafa af því, að sá samningur er af hans hendi ekki talinn hæfur grundvöllur fyrir útreikningi á launum hans. Ítrekuð sáttatilboð hafa verið gerð, sem öllum hefur verið hafnað, svo ekki virðist vera um neina færa leið að ræða aðra en þá, að dómur gangi í máli þessu."

Stefnandi hefur lagt fram afrit af bréfi til varnaraðilja, dagsettu 19. febrúar 1971, undirrituðu af *Páli Kr. Pálssyni*, formanni stjórnar FÍO, og er það svohljóðandi:

„Í lögum F.Í.O. eru eftirfarandi ákvæði:

Í 2. gr.: „Félagið er stéttarfélag og því lögformlega aðili um kaup og kjör meðlima sinna“ . . . . .

Í 3. gr.: „Skulu þeir skiptast í 3 deildir félagsins, A-, B- og C-deildir, þannig: Í A-deild: Organleikarar með einleikaraprófi og ýtarlega alhliða menntun í faginu, og aðrir þeir, sem sýnt hafa í verki tilsvarandi kunnáttu“ . . . . .

Í 4. gr.: „Stjórn félagsins skal rannsaka hæfni og aðstöðu umsækjanda og ákveða, hvaða deild þeir tilheyra“ . . . . .

Samkvæmt viðtekinni venju, er ákvæðum um próf ekki beitt varðandi eldri félaga. Organleikari Hallgrímskirkju, Páll Halldórsson, er — og hefur verið — í A-flokki.

Að öðru leyti vísast til samnings, sem gerður var milli samstarfsnefndar safnaða í Reykjavíkurprófastsdæmi og launanefndar F.Í.O., gerðum í nóvember s.l.“

Hér fyrir dómi hefur Páll Kr. Pálsson lýst því yfir, að hann minni, að hann hafi gefið ofangreinda yfirlýsingu. Kvaðst hann halda, að rétt væri frá greint í skjalinu, enda þótt hann gæti ekkert um það staðhæft, þar sem hann hefði engin gögn í höndum varðandi málsefnið.

Í yfirlýsingu, dagsettri 1. ágúst 1973, til varnaraðilja hafa *Ragnar Björnsson og Guðmundur Gilsson* skýrt svo frá:

„Sem nefndarmenn í síðustu samninganefnd F.Í.O. við samninganefnd söknarnefndanna í Reykjavíkurprófastsdæmi um laun, kjör og skyldur organleikara skal eftir beiðni söknarnefndarinnar í Hallgrímssöfnuði áréttaður skilningur okkar á fyrrnefndri samningagerð.

Í téðum samningi, grein I, lið 3, segir: „ — og er gert ráð fyrir að tónlistariðkun sé eina starf organleikarans.“ Í skilgreiningu um A-, B- og C-organleikara, stendur: „A-deild skal skipuð organleikurum, sem tekið hafa einleikarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. — Þó skal þetta ekki vera skilyrði, sé um organleikara að ræða, sem aflað hafa sér samsvarandi menntunar og haldið að staðaldri — opinbera tónleika við góðan orðstír.“

Með hliðsjón af þessum ákvæðum verður ekki séð, að núverandi organleikari Hallgrímskirkju falli undir skilgreininguna um A-organleikara.“

Guðmundur Gilsson hefur hér fyrir dómi staðfest efni yfirlýsingarinnar. Hann skýrði jafnframt svo frá, að honum væri ekki um það kunnugt, að skipting í A, B og C flokka hafi verið fyrir hendi, þegar samningurinn var gerður, enda hafi beinlínis verið að því stefnt, að slík skipting yrði tekin upp með þessum samningum. Hafi honum því ekki verið kunnugt um neina viðtekna venju um skiptingu organleikara innan FÍO í ákveðna flokka fyrr en með samkomulaginu frá því í nóvember 1970. Aðspurður, hvort launanefnd FÍO hafi verið falið að skipa organleikurum í flokka, svaraði hann þannig: „Ég get ekki svarað þessu öðruvísi en svo, að launanefndin hafi haft frjálsar hendur til þess að ná sem hagkvæmustu samningum f. h. félagsins." Hann segir, að skýrgreining á skiptingu organleikara í A, B og C flokka hafi legið fyrir við samningsgerðina og hluti af samkomulaginu, enda hafi flokkunin verið forsenda þeirra miklu kauphækkana, sem fengust við samningana.

Ragnar Björnsson hefur hér fyrir dómi staðfest efni áðurgreindrar yfirlýsingar. Aðspurður, hvort skiptingin í A, B og C flokka hafi verið til orðin, áður en samkomulagið var gert í nóvember 1970, svaraði hann þannig: „Ég treysti mér ekki til þess hér á þessari stundu að svara því nákvæmlega, hvenær skiptingin varð í A, B og C, en þegar samkomulagið var gert í nóvember 1970, var þessi skipting fyrir hendi." Aðspurður, hvort skiptingin, sem fylgdi samkomulaginu, hafi átt að gera breytingu á skiptingu, sem áður var í A, B og C flokka, svaraði hann þannig: „Ég get ekki heldur svarað þessu neitt nákvæmlega án þess að hafa fyrra samkomulagið við hendina, en þetta var ekki í fyrsta skipti sem heildarsamkomulag var gert á milli FÍO og sóknarnefnda Reykjavíkurprófastsdæmis."

Í bréfi til varnaraðilja, dagsettu 21. desember 1971, dskj. 14, hafa þeir Ingólfur Möller, Ástráður Sigursteindórsson og Leifur Sveinsson m. a. skýrt svo frá:

„Í viðræðunum um samningana var andinn sá fyrst og fremst að tryggja menntuðum organistum viðunandi kjör. Þeir organistar, sem þegar væru starfandi, en skorti tilskilda menntun á A og B flokkk, skyldu halda þeim launum, sem þeir þegar höfðu, að viðbættri vísitölu. Að öðru leyti vísast til skilgreiningar stjórnar F.Í.O., sem fylgdi samningunum, um flokkun organista.

Hins vegar teljum vér ekki í vorum verkahring að skipa einstökum organistum í flokka, til þess þurfa að liggja fyrir prófgögn eða hæfnisskýrslur hvers einstaks organista."

Ofangreindir samningamenn hafa einnig gefið yfirlýsingu, dagsetta 31. júlí 1973, dómskjal nr. 16, sem er svohljóðandi:

„Samkvæmt tilmælum lýsum við undirritaðir því hér með yfir, að við teljum launagreiðslur hjá Hallgrímssöfnuði í Rvík til organleikara Hallgrímskirkju á tímabilinu 1/7'70 til 31/7'73 vera í fullu samræmi við „Samkomulag" milli samninganefndar sóknarnefndanna í Reykjavíkurprófastsdæmi og launanefndar F.Í.O., gert í nóvember 1970."

Leifur Sveinsson hefur í bréfi til varnaraðilja, dags. 27. apríl 1971, m. a. tekið fram:

„Ég tel Pál Halldórsson eiga að tilheyra B-flokki.

Umboð samninganefndar þeirrar, sem ég átti sæti í, tel ég fallið niður, og ítreka ég það því, að þetta er persónulegt mat mitt sem fyrrverandi samninganefndarmanns."

Ástráður Sigursteindórsson hefur hér fyrir dómi 27. október 1975 lýst því yfir, að hann hafi undirritað dómskjöl nr. 14 og 16. Hann kveðst gera ráð fyrir, að þeir, sem undirrituðu dómskjal nr. 16, hafi fengið upplýsingar áður um það, hver laun stefnandi fékk. Aðspurður, hvort stefnandi hafi fallið undir þástarfandi organista, er skorti tilskilda menntun í A og B flokk, kvaðst hann ekki geta svarað, en vísaði til síðustu málsgreinar á dómskjali nr. 14. Hann kvaðst heldur ekki geta sagt um, hvernig flokkum var háttað samkvæmt eldri samningum. Hann kvað yfirlýsinguna á dómskjali nr. 16 hafa verið gefna, vegna þess að stefnandi hafi talið, að hann ætti rétt á hærri launum samkvæmt samkomulaginu en hann fékk greidd hjá varnaraðilja, en báðar yfirlýsingarnar á dómskjölum nr. 14 og 16 hafi verið gefnar samkvæmt ósk varnaraðilja. Vitnið kvaðst ekki hafa samið dómskjal nr. 16, en taldi, að einhverjar nýjar upplýsingar hefðu legið fyrir umfram þær, sem lágu fyrir í desember 1971, og á grundvelli þeirra upplýsinga hafi yfirlýsingin á dómskjali nr. 16 verið gefin.

Ingólfur Möller hefur hér fyrir dómi 5. nóvember sagt, að í samningaviðræðunum hafi andinn fyrst og fremst verið sá að tryggja menntuðum organistum viðunandi kjör. Vitnar vitnið í því sambandi til 2. mgr. í bréfinu á dómskjali nr. 14. Í þeirri setningu hafi þeir, sem yfirlýsinguna gáfu, haft í huga stefnanda og Jón Ísleifsson, organista í Neskirkju, enda hafi samninganefnd FÍO talið, án þess að vitnið fengi það skriflegt, að þessir tveir organistar féllu ekki í heild undir samninginn, sem gerður var í nóvember 1970. Hann skýrir einnig svo frá: „Á þessum tíma var ég formaður sóknarnefndar Nessóknar, og greiddi sóknar-

nefndin Jóni Ísleifssyni organista óbreytt laun frá því, sem hann hafði haft, að viðbættri vísitölu, eins og hún var á hverjum tíma. Ég fékk munnlegar upplýsingar frá sóknarnefnd Hallgrímskirkju, að Páli Halldórssyni væru greidd laun á sama hátt, og á grundvelli þeirra upplýsinga er yfirlýsingin og skoðun okkar á dskj. nr. 16 gefin."

Haukur Guðlaugsson organisti hefur í ódagsettu utanréttarvottorði skýrt svo frá:

„Ég vil taka fram vegna flokkunar Páls Halldórssonar, félaga okkar í Félagi íslenzkra organleikara: Ég tel, að enn sé í gildi sú fyrsta flokkun hans, er hann greiddi félagsgjöld A manna í félagi okkar."

VI.

Upplýst er, að stefnandi stundaði nám í orgelleik hjá Páli Ísólfssyni árin 1926—1930. Auk þess var hann í danska kennaraháskólanum á árunum 1948 og 1949 við nám í orgelleik, söngstjórn og fleiru. Þá stundaði hann nám í orgelleik um skeið hjá Eduard Müller og Emilius Bangert og í tónlistarsögu hjá dr. Victor Urbanschitch. Þá hefur hann um langt skeið verið söngstjóri kórs Hallgrímskirkju. Af vottorðum, sem liggja frammi í málinu, má ráða, að stefnandi hefur tónlistarhæfileika og starfshæfni sem orgelleikari, enda þótt hann hafi ekki lokið sérstökum prófum. Það er einnig ljóst, að stefnanda var skipað í A flokk organleikara innan Félags íslenskra organleikara. Stefnandi hefur hins vegar ekki sannað gegn mótmælum varnaraðilja, að sú flokkaskipun í flokkana A, B og C, sem gerð var við kjarasamninginn í nóvember 1970, hafi átt að vera sú sama, sem áður hafði verið gerð innan félagsins. Gegn mótmælum varnaraðilja hefur stefnandi heldur ekki sannað, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í kjarasamningnum frá því í nóvember 1970, til þess að eiga rétt á launum samkvæmt A flokki kjarasamningsins. Verður krafa stefnanda um laun samkvæmt þeim flokki því ekki tekin til greina, og ber að sýkna varnaraðilja af fyrri kröfulið stefnanda.

Í kjarasamningnum segir, að sumarfrí skuli tekið í samráði við sóknarnefnd á tímabilinu 1. júní til 1. október ár hvert. Hvorugur aðilja virðist hafa gengið eftir því, að sumarfrí yrði tekið. Eigi verður á það fallist, að stefnandi hafi átt að hafa frumkvæði að því, hvort og hvenær sumarleyfið yrði tekið. Stefnandi fékk ekkert sumarleyfi. Við hinn munnlega málflutning var af hálfu

varnaraðilja fallið frá mótmælum um, að krafa stefnanda um orlof væri fallin niður fyrir aðgerðarleysi. Að svo vöxnu máli ber að taka kröfu stefnanda um orlofsfé til greina, enda hefur fjárhæð þeirrar kröfu ekki sætt andmælum tölulega.

Úrslit málsins verða þá þau, að varnaraðilja verður dæmt að greiða stefnanda kr. 64.481 með vöxtum, eins og krafist hefur verið, auk málskostnaðar, sem ákveðst kr. 45.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varnaraðili, sóknarnefnd Hallgrímskirkju f. h. safnaðarins, greiði stefnanda, Páli Halldórssyni, kr. 64.481 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1974 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. janúar 1981.

Nr. 7/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Pétri Blöndal Gíslasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1981, sem barst Hæstarétti 20. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 16. janúar 1981.

Ár 1981, föstudaginn 16. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og uppkveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

1. Hjá lögreglu í Reykjavík þann 7. þ. m. var yfirheyrður Sigurbjörn Sigurbjörnsson, fæddur 3. nóvember 1958, en hann hafði verið handtekinn með fíkniefni í sínum fórum. Viðurkenndi hann að hafa neytt kannabisefna sl. 4—5 ár og hann nær alltaf keypt slík af Pétri Blöndal Gíslasyni, er hann kvað um þessar mundir reka umboðsskrifstofu fyrir hljómsveitir í félagi við Bjarna Harðarson. Nefndir Pétur Blöndal og Bjarni Harðarson hafa ítrekað verið viðriðnir fíkniefnaviðskipti.

Nefndur Sigurbjörn kvaðst, auk kannabisefna í einstaka tilvikum, hafa keypt amfetamín, eða svonefnt speed, af nefndum Pétri. Nafngreindi Sigurbjörn nokkra aðilja, sem komið hafa við sögu í fíkniefnamálum, er hann kvað eiga aðild að fíkniefnaviðskiptum nefnds Péturs, en kvað Bjarna Harðarson standa honum næst í þessum viðskiptum.

Sigurbjörn kvaðst ekki með neinu móti geta tilgreint heildarefnismagn, er hann hefði keypt af nefndum Pétri, en sér virst sem Pétur væri að dreifa efnum fyrir aðra. Þó kvaðst Sigurbjörn vita til þess, að Pétur sjálfur hefði komið með talsvert magn af tyrknesku hassi nú í haust, og kvaðst Sigurbjörn hafa verið að fá af því í smáskömmtum í allt að tvo mánuði. Kvaðst hann aldrei hafa séð heildarmagn efnis hjá Pétri, en þó séð hjá honum 1—2 þunnar plötur af Tyrkjahassinu í plastfilmu. Sigurbjörn kvaðst síðast hafa verslað við Pétur í byrjun desember sl. og þá af honum keypt 3 gr af hassi og lítilræði af svonefndu speedefni, en efnið talist endurgreiðsla peningaláns.

Þá kvaðst Sigurbjörn áðurnefndur hafa farið með Pétri á tilgreindan veitingastað hér í borg um mánaðamót nóv/des. sl., en þar hafi Pétur móttekið hvítt duft, er hann hafi síðan sama kvöld og á heimili sínu veitt sér og sagt vera cocaine.

Nefndur Sigurbjörn kvað Pétur útvega hljómlistarmönnum fíkniefni og nafngreindi aðilja í því sambandi.

2. Valdimar Óli Þorsteinsson, fæddur 5. desember 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 8. og 15. þ. m. Lýsti hann þá komu sinni hingað til lands í nóvember 1979 með 240 gr af hassolíu. Kvaðst hann hafa komist í samband við Pétur nokkurn sem líklegan söluaðilja fíkniefna í gegnum kunningja sinn, Guðgeir Sigmundsson. Kvaðst hann hafa hitt Pétur á veitingastað í Reykjavík og þeir rætt væntanlegt verð á hassolíunni í viðurvist Guðgeirs. Hafi það verið ákveðið líklega gkr. 35.000 hvert gramm og Pétur við þetta tækifæri afhent sér einhverja peningaupphæð fyrir hassolíu, er nefndur Guðgeir hafi þegar afhent Pétri. Valdimar kvað nefndan Guðgeir, er geymt hefði fyrir sig alla ofangreinda hassolíu, hafa afhent Pétri umsamið magn hassolíu, er hafi verið 70 gr, og sá átt að sjá um innheimtu hjá Pétri.

3. Ofangreindur Guðgeir Sigmundsson, fæddur 2. september 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 8. og 15. þ. m. og bar á sama veg og ofangreindur Valdimar Óli um geymslu á 240 gr af hassolíu á heimili sínu. Kvaðst hann hafa haft samband við Bjarna Harðarson og haldið á heimili hans með 140 gr af hassolíunni og hafi aðili þar staddur, Pétur að nafni, sem samkvæmt myndbendingu Guðgeirs hjá lögreglu muni vera Pétur Blöndal Gíslason, boðist til að taka að sér sölu hassolíunnar og við þetta tækifæri móttekið 10 gr af henni. Daginn eftir hafi þeir ásamt Valdimar Óla hist á veitingastað í Reykjavík og rætt um söluverð, er ákveðið hafi verið gkr. 30.000 pr. gr til nefnds Péturs. Guðgeir kvaðst síðar hafa afhent Pétri 130 gr af hassolíunni á heimili Bjarna Harðarsonar við Hverfisgötu, en sá þá ekki verið heima. Hafi Pétur þá greitt fyrir 10 gr og nokkru síðar skilað sér í tvennu lagi gkr. 1.500.000, en ekki gert endanlega upp.

4. Í dag, kl. 1100, var handtekinn Bjarni Harðarson, fæddur 17. febrúar 1957, og var hann yfirheyrður hjá lögreglu í framhaldi af handtöku og síðan hér í dómi.

Bjarni kvað Guðgeir Sigmundsson hafa komið á heimili sitt fyrir u. þ. b. ári síðan, en hann áður haft símasamband og boðið sér hassolíu til kaups. Hafi hann af nefndum Guðgeir keypt 2 gr af hassolíunni, en vísað honum á Pétur Blöndal Gíslason sem hugsanlegan kaupanda að olíunni og þeir síðan rætt við á heimili sínu, en ekki kvaðst hann þó hafa verið vitni að viðskiptum þeirra. Hafi hann þó síðar orðið var við, að Pétur væri að selja hassolíu, og sjálfur af honum keypt um 15 gr á kr. 25.000—30.000 hvert gramm.

Bjarni kvaðst búsettur að Hverfisgötu 106 A hér í borg, en í

einu herbergi þar hefði hann síðan í byrjun desember sl. ásamt Pétri Blöndal starfrækt umboðsskrifstofu fyrir hljómsveitir, er Sambönd héti. Heimilaði Bjarni húsleit í íbúð sinni, og fundust þar fíkniefni og hlutir tengdir notkun slíkra og nánar sem hér segir:

a) 1/2 gr hvítt duft, vegið í umbúðum, gaf jákvæða svörun fyrir amfetamíni.

b) Hassolía ætluð, vegin í umbúðum, nánar plasttappa, 2.7 gr.

c) Kannabisfræ og stönglar, vegið án umbúða, alls 21.8 gr.

Þá fundust í nefndri íbúð, og nánar í geymsluherbergi innan af skrifstofu umboðsfyrirtækis, fíkniefni og nánar sem hér segir:

d) Ætluð hassolía í 6 stk. plasttöppum, vegið í umbúðum alls 14 gr.

e) Ætluð hassolía í umbúðaplasti, glæru, vegið í umbúðum alls 1.9 gr.

Bjarni, sem viðstaddur var nefnda húsleit, gaf þá skýringu á tilvist efnis undir lið a hér að ofan, að þar væri um að ræða speedefni, er hann hefði keypt sl. gamlárskvöld af Lárusi Grímssyni á gkr. 15.000.

Þá kvaðst hann eigandi hassolíu skv. lið b, en hann kvaðst hafa keypt hana kvöldið áður af Pétri Blöndal á gkr. 30.000, en ekki enn hafa greitt efni. Þá kannaðist Bjarni við sem sína eign kannabisfræ undir lið c hér að ofan. Bjarni neitaði hins vegar að hafa haft nokkra vitneskju um tilvist hassolíu þeirrar, er getið er um í liðum d og e hér að ofan, en kvaðst telja hana eign Péturs Blöndal án þess þó að hafa í fórum hans séð meira magn en nefnt 1 gr, er Pétur hafi selt sér. Neitaði Bjarni alfarið að hafa staðið í dreifingu fíkniefna að undanförnu.

5. Ofangreindur Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði, til heimilis að Drekavogi 10, Reykjavík, var handtekinn kl. 0945 í morgun og var síðan færður í yfirheyrslu hjá lögreglu og síðan yfirheyrður hér í dómi nú í kvöld. Nefndur Pétur neitaði alfarið að hafa haft nokkur afskipti af fíkniefnum, frá því er hann lauk afplánun refsidóms í september 1979, og neitaði aðspurður að hafa móttekið nokkuð magn hassolíu til dreifingar nálægt áramótum 1979/1980. Kvaðst hann undanfarið hafa haft lífsviðurværi af rekstri umboðsskrifstofu fyrir hljómsveitir, héti fyrirtækið Sambönd og væri starfrækt í einu herbergi í íbúð Bjarna Harðarsonar að Hverfisgötu 106 A hér í borg, en nefndur Bjarni væri meðeigandi sinn að nefndri umboðsskrif-

stofu. Þá kvaðst Pétur nú fyrir skömmu hafa hafið störf við garðyrkju við Landspítalann hluta úr degi.

NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er nefndur Pétur Blöndal Gíslason borinn sökum um verulega dreifingu fíkniefna, en hann hefur alfarið neitað sökum. Jafnframt fundust ætluð fíkniefni á skrifstofu þeirri, er Pétur rekur í félagi við nefndan Bjarna Harðarson. Þykir því ljóst, að rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli nefnds Péturs Blöndal er á algeru frumstigi og eftir að yfirheyra fjölmarga aðilja, er tengjast máli þessu, og samprófa. Þykir í því sambandi nauðsynlegt, að Pétur Blöndal nái ekki að tefja eða torvelda rannsókn, svo sem með undanskoti sakargagna eða með því að hafa samband við samseka. Af hálfu lögregluyfirvalda er þess krafist, að Pétur Blöndal verði úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar.

Verið er að rannsaka ætluð brot Péturs Blöndal Gíslasonar og fleiri aðilja gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Pétri Blöndal Gíslasyni að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmarkað sem allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði, til heimilis að Drekavogi 10, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 26. janúar 1981.

Nr. 1/1979. **Meistarafélag húsasmiða**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda
(Hjörtur Torfason hrl.).

Heiti félags.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. janúar 1979. Krefst hann þess, „að hið stefnda félag verði með dómi skyldað til þess að fella niður úr nafni sínu heitið „innréttinga"". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn 3.000.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Meistarafélag húsasmiða, greiði stefnda, Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda, 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hefur Meistarafélag húsasmiða, Skipholti 70 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi

Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. nóvember 1976, á hendur Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda, „til þess að hið stefnda félag verði með dómi bæjarþingsins skyldað til þess að fella niður úr nafni sínu heitið „innréttinga“ svo og að hinu stefnda félagi verði gert skylt að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.“

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt gögnum málsins kemur fram, að á fundi stjórnar Landssambands íslenskra iðnaðarmanna 23. desember 1936 hafi verið rætt um iðntakmörk milli húsasmiða og húsgagnasmiða. Er frásögn af meðferð málsins og afgreiðslu svohljóðandi:

„3. Rætt um iðntakmörk milli húsa- og húsgagnasmiða. Höfðu verið haldnir fundir með fulltrúum frá báðum iðngreinum og þar náðst samkomulag um mörg atriði. Um nokkur atriði náðist þó ekki samkomulag, og var stjórn sambandsins falið að gera tillögur um þau. Niðurstaðan hefur orðið eftirfarandi ákvörðun um Takmörk milli iðngreina húsa- og húsgagnasmiða.

A: Samkvæmt samkomulagi milli nefnda úr báðum iðngreinum.

B: Samkvæmt úrskurði stjórnar Landssambands iðnaðarmanna á fundi 23. des. 1936 um atriði, er nefndirnar gátu ekki orðið sammála um.

1. Húsasmiðum tilheyrir:

A: Trésmíði við mótauppslátt, hurðir, glugga og stiga; uppsetning veggja og skilrúma undir múrhúðun eða strigalagningu; klæðning veggja og skilrúma með masoniti, korki og öðrum plötum úr tré eða trékendu efni; smíði á húsgrindum, húsþökum, húsveggjum og öðru tilheyrandi bol timburhúsa. Eldhúsbúnaður, sem unninn er á staðnum og festur. Undirbúningur undir föst sæti í samkomuhúsum; Parketlagnir.

B: Festur innbúnaður í eldhús, hvar sem hann er smíðaður, handrið, brjóstpanill, sem ekki er úr harðviði, og laus skilrúm.

2. Húsgagnasmiðum tilheyrir:

A: Trésmíði við húsgögn, máluð, bónuð, gljáfægð (póleruð) og bólstruð, í herbergi, sem notuð eru til íbúðar, svo sem borðstofur, dagstofur, svefnherbergi, skrifstofur, barnaherbergi, forstofur, einkastofur o. fl. Lausir húsmunir úr tré í samkomuhúsum, opinberum skrifstofum, rannsóknarstofum o. s. frv. Stólar í samkomuhús, þótt fastir séu.

B: Spónlagnir.

3. Báðar iðngreinar mega smíða:

A: Leikfimisáhöld og útbúnað í leikfimishús, fastan og lausan. Verkfæri alls konar. Líkkistur. Lausan innbúnað í verzlunarbúðir.

B: Fastan innbúnað í verzlunarbúðir. Lausan innbúnað í eldhús. Brjóstpanil úr harðvið. Bekki, lausa og fasta. Einnig mega báðar iðngreinar undirbúa undir gljáfágun (eftir aðalsmíði) og gljáfága (pólera) handrið og brjóstpanil.

Frá Trésmíðafélagi Reykjavíkur komu seinna tvær athugasemdir við þessa skiftingu. Önnur um fastar búðarinnréttingar og hin um lausan innbúnað í eldhús, er þeir álíta, að beri skilyrðislaust að telja, að tilheyri húsasmíðum. Þessum athugasemdum svaraði sambandsstjórn með eftirfarandi bréfi:

Reykjavík, 5. apríl 1937.

Bréf yðar d.s. 22. f. m. höfum vér meðtekið og munum leggja með gögnum málsins. Vér teljum ekki rétt að svo komnu að gera breytingar á þeim tillögum, er settar voru fram í bréfi voru frá 27. des. s. á., en munum, ef ágreiningur rís um þau atriði, er nefnd eru í bréfi yðar, hafa hliðsjón af athugasemdum yðar við væntanlegan úrskurð í málinu.

Virðingarfyllst,

F. h. Landssambands Iðnaðarmanna.

Til Trésmiðafélags Reykjavíkur".

Þá kemur og fram í skýrslu frá landsþingi Landssambands iðnaðarmanna, að fjallað hafi verið um takmörk milli iðngreinanna og málið afgreitt eins og hér segir:

„4. Erindi um takmörk milli iðngreina.

Um mál þetta er getið í skýrslu Landssambandsstjórnar, sem prentuð er hér að framan, en forseti reifaði málið nánar.

Í umræðum um málið bar Einar O. Kristjánsson fram svohljóðandi tillögu:

„Iðnþingið telur sér ekki fært að taka afstöðu til takmarka milli iðngreina á þeim stutta tíma, sem það hefir til umráða, en tjáir sig ásátt með þá afgreiðslu, sem þessi mál hafa fengið hjá Sambandsstjórninni. Jafnframt felur það Sambandsstjórninni að láta ágreining út af þessum málum eftirleiðis ganga til gerðardóms Landssambands iðnaðarmanna."

Tillagan samþ. með samhlj. atkv.

Bar þá forseti undir fundinn, hvort fulltrúar óskuðu að ræða skýrslu Sambandsstjórnar, og þegar svo var ekki, óskaði hann

atkvæða um skýrsluna, og var hún samþykkt með samhljóða atkvæðum."

Einnig kemur fram, að á fundi stjórnar Landssambands íslenskra iðnaðarmanna 31. mars 1937 hafi verið lagt fram bréf frá Trésmiðafélagi Reykjavíkur út af samkomulagi og úrskurði um starfsskiptingu milli húsasmiða og húsgagnasmiða. Ekki kemur fram, hvert var efni bréfs þessa.

Fram er komið, að fundargerðarbækur Landssambands íslenskra iðnaðarmanna og önnur skjöl hafi brunnið í eldsvoða aðfaranótt 10. mars 1967. Er atriði þau, sem rakin hafa verið hér að framan, að finna í Tímariti iðnaðarmanna, málgagni Landssambands íslenskra iðnaðarmanna.

Hinn 20. janúar 1975 ritaði Sverrir Hallgrímsson, formaður Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda, húsgagna- og innréttingaframleiðendum boðsbréf, og er efni þess svohljóðandi:

„Á síðasta aðalfundi Húsgagnameistarafélags Reykjavíkur var einróma samþykkt að breyta nafni félagsins í Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda. Félagið er landsfélag.

Ástæðan fyrir nafnbreytingunni er fyrst og fremst sú að reyna að sameina alla húsgagna- og innréttingaframleiðendur á landinu í eitt félag. Félagið telur brýna nauðsyn bera til þess vegna harðnandi samkeppni erlendis frá, en eins og allir vita er nú frjáls innflutningur á húsgögnum og innréttingum.

Hjálagt fylgja lög félagsins, sem skýra nánar tilgang og starfsreglur þess.

Stjórn félagsins væntir þess, að þér séuð sammála því, að sem flestir séu í félaginu og að starfsemi þess sé sem öflugust. Stjórnin bendir á, að félagið er opið öllum framleiðendum, er fullnægja skilyrðum 3. gr. laga þess fyrir inntöku. Í 5. gr. er fjallað um inntökubeiðnir. Inntökugjald er kr. 5.000.00, félagsgjald 1974 fyrir a. flokk var kr. 15.000.00."

Í lögum Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda frá 1975 segir svo í 1.—4. gr.:

„1. gr.

Félagið heitir Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að safna öllum húsgagna- og innréttingafyrirtækjum landsins í einn félagsskap. Að efla samtök og gæta hagsmuna fé-

lagsmanna í öllu því, er iðngreinina og fjárhagslegt öryggi varðar.
2. Að samræma afstöðu félagsmanna til þeirra sveina og annars starfsfólks, er þeir hafa í þjónustu sinni.
3. Að vinna að því að tryggja sem bezt vinnufrið við húsgagna- og innréttingaframleiðslu svo og að koma í veg fyrir vinnustöðvanir með friðsamlegum samningum vinnusala og vinnukaupa.
4. Að vera félagsmönnum til leiðbeiningar um allt, er snertir atvinnurekstur þeirra.
5. Að vera málsvari félagsmanna gagnvart almenningi og hinu opinbera.
6. Að stuðla að vandaðri framleiðslu og framförum í iðngreininni í hvívetna.

3. gr.

Í félaginu geta verið:
a. Þau skrásett fyrirtæki, sem starfa í húsgagna- og innréttingaiðnaði, enda hafi þau meistara í þjónustu sinni.
b. Meistarar, sem reka sjálfstætt húsgagna- -og/eða innréttingaverkstæði.
c. Þeir meistarar, sem voru félagsmenn fyrir nafnbreytingu félagsins og ekki fullnægja ofangreindum skilyrðum, halda sínum rétti áfram.

4. gr.

Rétt til fundarsetu hafa forsvarsmenn fyrirtækjanna, hafa þeir allir tillögurétt og málfrelsi, en atkvæðisrétt hefur aðeins einn fyrir hvert fyrirtæki, þó má hann fara með fleiri atkvæði, sbr. 7. gr.“

Hinn 21. nóvember 1975 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf og krafðist þess, að orðið „innrétting“ yrði fellt niður úr heiti félagsins, því notkun þess þar væri mjög villandi. Var bent á, að mörk iðnréttinda milli húsasmiða og húsgagnasmiða hefðu verið ákveðin með samkomulagi og úrskurði Landssambands iðnaðarmanna 1936 og starfsgreinaskrá Hagstofu Íslands. Væri félagið meistarafélag húsgagnasmiða, þótt breytt hefði verið um nafn þess og félagsaðild rýmkuð.

Í svarbréfi stefnda var frá því skýrt, að á fundi í félaginu hefði

verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, að nafn félagsins skyldi vera óbreytt.

Höfðaði stefnandi svo mál þetta.

Krafa stefnanda er byggð á því, að smíði innréttinga sé sérstök iðngrein, sem falli undir húsasmíði. Samkvæmt iðnlöggjöf hafi húsasmiðir á grundvelli iðnréttinda sinna einir rétt til að smíða innréttingar og setja þær upp á staðnum. Smíði staðlaðra innréttinga í verksmiðjum geti þó verið öðrum heimil, en mörkin milli húsgagnasmíði og smíði innréttinga á verkstæðum geti oft verið vandfundin. Starfsskipting milli húsgagnasmiða og húsasmiða sé byggð á samkomulagi stéttarfélaga í þessum iðngreinum og úrskurði Landssambands íslenskra iðnaðarmanna frá árinu 1936. Þessi starfsskipting eigi sér einnig stoð í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands og riti Sameinuðu þjóðanna frá 1971: „Index to the International Standard Industrial Classification of the Economic Activities". Samkvæmt þessu sé notkun stefnda á heitinu „innréttingar" í nafni sínu brot á einkarétti stefnanda og villandi og því brot á 9. gr. laga nr. 84/1933 og 14. gr. laga nr. 79/1971. Er því haldið fram, að þrátt fyrir breytingu á nafni stefnda virðist félaginu eftir sem áður ætlað að vera stéttarfélag húsgagnasmíðameistara, en því sé ætlað rýmra starfssvið en talið hafi verið samrýmast starfi stéttarfélaga. Því sé ljóst, að hið stefnda félag sé með ólögmætum hætti að hasla sér völl á starfssviði félagsmanna stefnanda.

Af hálfu stefnda kemur fram, að félagið sé stofnað í Reykjavík á árinu 1974 á grundvelli samþykktar, sem gerð hafi verið á aðalfundi Húsgagnameistarafélags Reykjavíkur það ár, um að breyta nafni félagsins í Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda. Komi þetta fram í umburðarbréfi frá 20. janúar 1975 um að breyta félaginu í landsfélag og marka tilgang þess að nýju. Nafnbreytingin hafi fyrst og fremst verið helguð því stefnumiði að breyta félaginu í framleiðendafélag á sviði húsgagna- og innréttingaframleiðslu fremur en að starfrækja það einungis sem meistarafélag í tiltekinni grein handiðnaðar. Hafi þessi breyting verið gerð jafnframt nafnbreytingunni og feli hún í sér raunverulega og efnislega breytingu á félaginu í samræmi við atvinnu- og viðskiptahætti á þessu sviði nú á dögum. Í samræmi við þetta sé félaginu nú ætlað að vera fyrirtækjafélag fremur en félag einstaklinga, sem hafi meistararéttindi í handiðnaði, þótt þeir geti einnig verið félagar. Komi þetta fram í 1. tl. 2. gr. og 3. gr. samþykkta félagsins. Samkvæmt a lið 3. gr. geti orðið félagar bæði

iðjufyrirtæki, er starfa á grundvelli 1. kafla laga nr. 79/1971, og iðnaðarfyrirtæki, er starfa á grundvelli 2. kafla laganna. Einnig geti orðið félagar iðnmeistarar, þ. e. handiðnaðarmenn, sem reka sjálfstætt húsgagna- og/eða innréttingaverkstæði á eigin ábyrgð. Hins vegar sé ekki ætlunin, að aðrir iðnmeistarar séu félagsmenn, nema þeir hafi þegar verið félagar í Húsgagnameistarafélagi Reykjavíkur fyrir nafnbreytinguna og áunnið sér rétt þar. Að vísu sé sú krafa gerð um iðjufyrirtæki í þessu sambandi, að þau hafi iðnmeistara í þjónustu sinni, og því sé hugsanlegt, að félagið geti ekki náð til allra framleiðenda, er starfa á grundvelli 1. kafla laganna nr. 79/1971. Þessi takmörkun sé eðlileg með tilliti til þess, að félagið hafi orðið til í hópi iðnmeistara, en brjóti ekki í bága við hinn yfirlýsta tilgang félagsins. Auk þess hljóti hún að teljast skynsamleg bæði frá sjónarmiði framleiðenda og neytenda. Þá sé þess að gæta, að orðið meistari í a og b lið 3. gr. samþykkta félagsins taki ekki einungis til húsgagnasmíðameistara, heldur geti það einnig átt við trésmíðameistara og meistara í öðrum greinum handiðnaðar, er kunni að ná til þessa framleiðslusviðs, sem félaginu er helgað. Sé þannig ekki unnt að vísa til þessa hugtaks til stuðnings þeirri staðhæfingu, að félagið sé fagfélag húsgagnasmíðameistara, enda fái það ekki staðist af öðrum ástæðum og sé það ekki gert í stefnu málsins. Verði að hafa það hugfast í sambandi við mál þetta, að í nafni stefnda felist ekki nein staðhæfing um það, að húsgagnaframleiðsla og innréttingaframleiðsla séu ein og hin sama iðngrein, heldur aðeins um það, að framleiðsla á þessu tvennu eigi sér eðlilegan skyldleika, sem geri framleiðendunum eðlilegt að leita samstöðu um ýmis hagsmunamál sín. Verði ekki dregið í efa, að þetta sé réttmætt. Í nafni félagsins felist heldur ekki nein staðhæfing um það, að félagið sé hið eina félag allra húsgagna- og innréttingaframleiðenda hér á landi. Nafnið sé að sjálfsögðu tengt því stefnumiði félagsins að safna öllum húsgagna- og innréttingafyrirtækjum landsins í einn félagsskap. Þetta sé hins vegar aðeins stefnumið og í því og nafni félagsins felist ekki bein staðhæfing um annað en það, að félagið sé landsfélag, þ. e. opið öllum aðiljum, er uppfylli inngönguskilyrði þess, hvar á landinu sem þeir eru búsettir eða starfandi. Nafnið útiloki því engan veginn, að önnur félög geti verið starfandi með sama tilgang. Nafn félagsins geti því ekki talist villandi og alls ekki þannig, að í bága fari við rétt félags stefnanda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að það fái ekki staðist, að nafn stefnda brjóti í bága við rétt

félagsmanna stefnanda, þ. e. húsasmíðameistara, svo sem haldið sé fram í stefnu, því að hið stefnda félag sé framleiðendafélag, eins og nafninu sé ætlað að gefa til kynna, en ekki smíðafélag í hinni hefðbundnu merkingu. Þetta fái heldur ekki staðist af þeirri ástæðu, að félagsmenn stefnanda hafi alls ekki einir réttindi til innréttingasmíða, jafnvel þótt fylgt sé þeim heimildum, sem stefnandi vísi til að þessu leyti. Sé þar aðallega um að ræða bókun frá fundi Landssambands iðnaðarmanna 23. desember 1936. Í fundargerðinni sé eftirfarandi inngangur með bókun þeirri, sem stefnandi tilfæri í málatilbúnaði sínum: „Rætt um iðntakmörk milli húsa- og húsgagnasmiða. Höfðu verið haldnir fundir með fulltrúum frá báðum iðngreinum og þar náðst samkomulag um mörg atriði. Um nokkur atriði náðist þó ekki samkomulag, og var stjórn sambandsins falið að gera tillögur um þau. Niðurstaðan hefur orðið eftirfarandi ákvörðun um takmörk milli iðngreina húsa- og húsgagnasmiða.“ Sé ljóst, að hér sé fremur um tillögu að ræða frekar en úrskurð. Af bókun þessari sé alveg ljóst, að tillögurnar miðist við, að báðir aðiljar, húsasmiðir og húsgagnasmiðir, megi smíða innréttingar, sbr. liði 3 a og 3 b. Það sé því ekki um að ræða einkarétt annars aðiljans, nema að því leyti sem leiða mætti af lið 1 b, en gildissvið þess liðar sé mjög takmarkað. Af hálfu stefnda er haldið fram, að orðunum „Festur innbúnaður í eldhús, hvar sem hann er smíðaður“, sé aðeins ætlað að gefa til kynna, að húsasmiðir megi einir setja upp innbúnað í eldhús á staðnum. Vinna að uppsetningu innréttinga og frágangi á staðnum sé þannig ekki ágreiningsatriði, en hljóti hins vegar að teljast aukaatriði í málinu, þar sem sú framleiðslustarfsemi, sem stefndi leggi megináherslu á, taki ekki til slíks. Önnur atriði í lið 1 b séu lítilvæg í þessu máli. Þá er því einnig haldið fram, að ljóst sé af bókuninni, að húsasmiðum sé ekki ætlað að mega vinna mikilvæga vinnu við innréttingar, sem skipti yfirgnæfandi máli nú á dögum, þ. e. spónlagningar, sbr. lið 2 b. Um plastlagnir sé ekki rætt, þar sem þær hafi ekki tíðkast á þessum tíma, en eðli málsins samkvæmt muni þær væntanlega eiga heima með spónlögnum, þ. e. í lið 2 b, nema um sé að ræða klæðningu veggja eða skilrúma, sbr. lið 1 a. Þessar umræddar tillögur eða markareglur styðji því ekki málstað stefnanda, eins og þær liggi fyrir. Verði að telja þýðingarlaust að beina málinu að deilu um handiðnaðarréttindi, þar sem niðurstaðan geti aldrei orðið sú, að húsasmiðir eigi einir allan rétt á smíði innréttinga á sviði handiðnaðar. Auk þess mundi slík

niðurstaða ekki duga stefnanda. Jafnframt sé á það að líta, að ekki sé unnt eftir öllum atvikum að byggja á þessum tillögum eða reglum eftir hljóðan þeirra um mörk hinna umræddu handiðnaðargreina. Í fyrsta lagi hljóti reglur þessar að teljast úreltar að verulegu leyti með tilliti til þeirra stórfelldu breytinga í atvinnu- og viðskiptaháttum, sem hafi orðið síðan þær voru samdar, bæði vegna efnis, sem innréttingar eru gerðar úr, og aðferða við framleiðslu þeirra og smíði. Alla vega séu þær úreltar í þeim skilningi, að þær veiti ekki viðhlítandi eða nothæfa úrlausn um eðlileg mörk milli iðngreinanna miðað við þá starfshætti og þær veitendaþarfir, sem ríkjandi eru í dag. Í annan stað sé óhjákvæmilegt að draga í efa, að þeim hafi nokkurn tíma verið fylgt til hlítar í reynd. Sé vitað um kunna húsgagnasmiði af eldri kynslóðinni, sem hafi að staðaldri lagt stund á innréttingasmíði af því tagi, sem félag stefnanda virðist vilja eigna sínum mönnum, og sjálfsagt hafi einhverjir félagsmenn stefnanda t. d. lagt stund á fullsmíði spónlagðra innréttinga. Loks sé það höfuðatriði í þessu sambandi, að ofangreindar tillögur eða markareglur nái eðli sínu samkvæmt einungis til smíði á sviði handiðnaðar, en ekki til framleiðslu á sviði verksmiðjuiðnaðar eða iðju skv. 1. kafla laga nr. 79/1973. Mörkin milli iðju og iðnaðar í merkingu þessara laga hafi oft verið nokkuð umdeild, þótt líklegast sé, að aðiljar máls þessa hafi á þeim svipaðar skoðanir. Ljóst sé, að þróunin um ákvörðun þeirra marka hafi verið í þá átt á síðari árum, að handiðnaður hafi orðið að þoka fyrir verksmiðjuiðnaði fremur en hitt. Að minnsta kosti hafi sú þróun orðið á markaðnum með tilkomu nýrra framleiðsluhátta, aukinni vélvæðingu og verkaskiptingu í iðnaði og á öðrum sviðum atvinnulífsins. Tilvísun stefnanda í atvinnuvegaflokkun á vegum Hagstofu Íslands og Sameinuðu þjóðanna (Index to the International Standard Industrial Classification of all Economic Activities, 1971) styðji ekki málstað stefnanda, heldur málstað stefnda. Í íslensku flokkuninni frá 1969—1973 og hinum alþjóðlegu reglum sé einmitt byggt á því, að smíði og framleiðsla húsgagna og innréttinga (furniture and fixtures) eigi sér eðlilegan og sjálfsagðan skyldleika, a. m. k. þegar efnið er aðallega tré. Sé þetta flokkað saman sem atvinnugrein og þá eftir sömu sjónarmiðum og staðreyndum og þeim, sem stefndi hafi talið rétt að fara eftir. Hins vegar sé uppsetning innréttinga á notkunarstað talin hafa sérstöðu og sé það eðlilegt eftir atvinnuháttum. Í hinni breyttu flokkun Hagstofu Íslands frá 1974 sé hins vegar byggt á skilgreiningu milli

naglfastra og ónaglfastra fylgihluta húsa, en það verði að teljast mjög óraunhæft frá atvinnusjónarmiði, bæði frá sjónarhóli framleiðanda og neytanda, auk þess sem hún sé óhjákvæmilega óljós. Skilgreiningin falli heldur ekki saman við áðurumræddar iðngreinamarkareglur, þar sem í þeim sé viðurkennt, að skyldleiki hljóti að vera á milli smíði húsgagna og innréttinga. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er því mótmælt af hálfu stefnda, að hlutinn „innréttinga" í nafni félagsins brjóti í bága við löglegan rétt stefnanda á neinn þann hátt, er varðað geti banni við notkun nafnsins, svo sem krafist er af hálfu stefnanda. Er því haldið fram, að notkun stefnda á nafni sínu sé hvorki brot á lögum um iðju og iðnað né 9. gr. laga nr. 34/1933 um samkeppnishætti. Er því mótmælt, að það skipti máli í þessu sambandi, þótt fleiri fagmenn í húsgagnasmíði geti verið félagar en þeir, sem eru framleiðendur að húsgögnum og innréttingum.

Að því leyti sem kröfugerð stefnanda er byggð á því, að stefnda sé óheimilt að starfa sem meistarafélag með aðild fyrirtækja, þá þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að sú starfsemi raski hagsmunum hans þannig, að hann eigi kröfu til, að nafni stefnda verði breytt, svo sem krafist er.

Af hálfu stefnanda hefur ekki verið sýnt fram á, að félagsmenn hans eigi að lögum einkarétt á smíði hvers konar innréttinga úr tré. Hefur ekki verið leitt í ljós, að við breytingu þá, sem gerð var á nafni stefnda, hafi félagar stefnda gengið inn á svið innréttingasmíði, sem félagsmenn stefnanda kunna að eiga rétt til einir.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Meistarafélags húsasmiða, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 26. janúar 1981.

Nr. 163/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhannesi Friðrik Vestdal
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Ákærði viðurkenndi afdráttarlaust fyrir lögregluþjónum þeim, er stóðu að handtöku hans, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, er hann ók frá Hótel Loftleiðum að staðnum, þar sem hann var handtekinn. Hefði hann hætt akstri, er hann gerði sér ljóst, að hann væri ekki fær um að aka bifreið sökum ölvunarástands síns. Eftir handtökuna var hann fluttur á lögreglustöð. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra þar ítrekaði hann þá viðurkenningu sína, að hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af öðrum sakargögnum verður að byggja á þessum framburði ákærða, enda þykir ekki mark takandi á síðari afturköllun hans.

Að svo vöxnu máli þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem í ákæru er lýst.

Við ákvörðun refsingar ber að leggja til grundvallar viðurlög þau, sem greinir í 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi voru, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að öðru leyti er brot ákærða réttilega heimfært til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin saksóknarlaun í ríkissjóð 1.800.00 krónur (nýkr.) og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.800.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Friðrik Vestdal, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.800.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 1.800.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 28. desember 1979.

Ár 1979, föstudaginn 28. desember, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er á skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1476/1978: Ákæruvaldið gegn Jóhannesi Friðrik Vestdal.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Jóhannesi Friðrik Vestdal kennara, Breiðabólstað í Álftaneshreppi, fyrir að aka laugardaginn 20. maí 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 5506 frá Hótel Loftleiðum í Reykjavík norður Flugvallarveg að vöruskálum við slökkvistöðina. Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 19. mars 1937 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1956 12/10 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.

1956 16/10 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

1959 6/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1960 4/8 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1960 10/10 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 47., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
1960 26/10 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 32. gr. umferðarlaga.
1963 12/12 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, svipting ökuleyfis í 1 ár fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
1965 31/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1965 28/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 18. og 38. gr. umferðarlaga.
1974 16/10 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 27. og 50. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17/1 1974.
1976 10/11 í Kjósarsýslu: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 20. maí 1978, kl. 0113, barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að bifreið hefði verið ekið frá Hótel Loftleiðum eftir Flugvallarvegi og lagt í porti milli bragga, sem næstir eru slökkvistöðinni, og væri ökumaður hennar líklega undir áhrifum áfengis. Þrír lögreglumenn fóru þegar á staðinn og hittu fyrir í portinu ákærða, þar sem hann stóð utan við bifreiðina G 5506, bláa Trabant bifreið, árgerð 1978. Hann var greinilega undir áhrifum áfengis og viðurkenndi fyrir lögreglumönnum að hafa ekið bifreiðinni frá Hótel Loftleiðum að portinu, en hann hætt akstrinum, er hann hafi gert sér ljóst, að hann væri ekki fær um að stjórna bifreið vegna ölvunarástands síns. Ákærði var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla, en þessu næst var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólákvörðunar.

Í varðstjóraskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að talsverður áfengisþefur var af andardrætti hans, andlitið þrútið, fatnaður snyrtilegur, í framkomu kurteis, en þrætugjarn, augu vot og dauf, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Ákærði lýsti atvikum hér fyrir dómi.

Hann hafði föstudagskvöldið 19. maí 1978 verið á Hótel Loftleiðum, en þangað kom hann um kl. 1900 í því skyni að hitta Þjóðverja, sem hann hafði kynnst fyrir 4 árum í örræfaferð, en þeir hringdu nú í hann og mæltu sér mót við hann þarna. Þeir voru ekki komnir, er hann kom, og fór hann þá á barinn og beið þeirra þar. Hann hafði fyrst keypt sér eitt glas af vermouth, gæti hafa verið tvöfaldur, og drukkið það, en eftir það einungis drukkið pilsner, meðan hann var á hótelinu, en hann fór þaðan nokkru eftir miðnætti. Hann hélt þá frá hótelinu á bifreið sinni, G 5506, og ók henni að bröggum rétt sunnan við Bílaleigu Loftleiða, þar sem hann lagði bifreiðinni. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur þennan. Hann hafði þarna ákveðið að fara í heimsókn til kunningja síns vestur í bæ, og ætlaði hann að geyma bifreiðina þarna. Hann kvaðst hafa verið með tvær áfengisflöskur í bifreiðinni, eina af ákavíti og aðra af whisky, og hafi þær verið í brúnum bréfpoka í aftursæti bifreiðarinnar. Hann teigði sig nú eftir ákavítisflöskunni og sturtaði í sig fjórðungi af innihaldi hennar á 10—12 mínútum, sem hann taldi hafa liðið þangað til lögreglan kom á staðinn.

Ákærða var bent á, að í varðstjóraskýrslu skýrði hann svo frá, að hann hefði ekki neytt áfengis að akstri loknum og að hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði svaraði því þá til, að þarna hefði hann átt við, að hann hefði ekki neytt áfengis, eftir að lögreglan kom. Þá hafi hann, er hann játaði áfengisáhrifum við aksturinn, átt við, að hann fyndi til áfengisáhrifa, þegar varðstjórinn spurði hann.

Ákærði sagði, að er hann hefði fengið bifreiðina afhenta hjá lögreglunni daginn eftir framangreint atvik, hafi vínið verið óhreyft í bifreiðinni, beint fyrir aftan bílstjórasætið í brúnum plastpoka.

Lögreglumennirnir Hákon Birgir Sigurjónsson, nr. 134, Haukshólum 6, Reykjavík, Hermann Guðmundsson, nr. 192, Norðurbrún 4, Reykjavík, og Guðmundur Guðveigsson, nr. 62, Rauðalæk 29, Reykjavík, hafa borið vætti fyrir dómi í máli þessu, og ber þeim saman um, að þeir hafi í greint sinn verið saman í lögreglubifreið á Snorrabraut við Hverfisgötu í Reykjavík, er borist hafi til þeirra um fjarskiptastöð lögreglunnar tilkynning um, að ölvaður maður æki þá bifreið frá Hótel Loftleiðum, og kvað vitnið Hákon tilkynninguna hafa komið frá leigubifreið, sem það taldi, að hefði ekið á eftir bifreið þeirri, sem grunur lék á, að

ölvaður maður æki. Vitnin kveða lögreglubifreiðinni hafa verið ekið á mikilli ferð og með viðvörunarmerkjum áleiðis að Hótel Loftleiðum, þar til þeir óku suður Flugvallarveg og komu að bröggum þeim, sem eru sunnan við slökkvistöðina. Þar á veginum hafði þá staðið leigubifreið og leigubílstjóri hennar bent þeim á bláa Trabant bifreið í sundi milli bragganna þarna. Lögreglubifreiðinni var þegar ekið að Trabant bifreiðinni, var þá ákærði aftan við bifreiðina að kasta af sér vatni. Hann var greinilega undir áhrifum áfengis. Vél bifreiðarinnar var heit eða volg, og hafði ákærði þarna viðurkennt að hafa ekið henni frá Hótel Loftleiðum. Ekki minntust lögreglumennirnir þess, að ákærði hefði haldið því fram, að hann hefði neytt áfengis að akstri loknum. Vitnin Hermann Guðmundsson og Guðmundur Guðveigsson kváðu engin merki hafa verið um, að áfengisneysla hefði átt sér stað í bifreiðinni, og hefði verið gerð sérstök leit í og við bifreið ákærða að áfengi, en ekkert fundist. Hann hefði heldur ekki verið með áfengi á sér. Vitnin kváðu örstutta stund hafa liðið, frá því að þeim var tilkynnt um meintan ölvunarakstur og þar til þeir komu að bröggunum, eða 1—3 mínútur. Þeir kváðu leigubifreiðinni hafa verið ekið af staðnum, fljótlega eftir að þeir komu á staðinn, og vissu þeir ekki, hvaða skráningarnúmer hún bar eða hver hefði verið ökumaður hennar, en þetta var ætlunin að kanna að yrði, eftir að ákærði hafði verið handtekinn.

Vitnið Hákon Birgir Sigurjónsson kvaðst hafa ekið bifreið ákærða að lögreglustöðinni og þar gert, svo sem venja hans er í þessum tilvikum, leit að áfengi í bifreiðinni, en ekkert fundið.

Ekki hefur við síðari könnun upplýst, hver leigubifreiðarstjórinn var.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða, mældust við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 1.54‰ alkóhóls.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum máls þessa er ljóst, að ákærði ók bifreið sinni, G 5506, í framangreint sinn eftir neyslu áfengis fyrr um kvöldið frá Hótel Loftleiðum eftir Flugvallarvegi, þar til hann stöðvaði bifreiðina við bragga sunnan slökkvistöðvar Reykjavíkur.

Hins vegar hefur hann haldið því fram, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ölvunarástand hans, er hann var handtekinn, stafi af áfengisneyslu hans, eftir að akstri lauk.

Þegar virt er, hversu lítill tími líður, frá því að tilkynnt var um akstur ákærða, þar til lögreglumenn komu á staðinn, sem gefur lítið sem ekkert svigrúm til áfengisneyslu, og hins, að 3

lögreglumenn leita sérstaklega í bifreið ákærða að áfengi án þess að finna nokkuð, en hjá því hefði ekki getað farið við slíka leit, að þeir hefðu fundið 2 flöskur í bréfpoka, sem ekki höfðu verið faldar sérstaklega, verður að telja fullyrðingu ákærða fyrirslátt einan, einkum ber að hafa í huga, að hann er óstöðugur í framburði sínum um þetta efni, og svo að fram kemur, að tilkynnt hafi verið um akstur ákærða af leigubifreiðarstjóra, sem þá ekur á eftir honum.

Með skýrslu lögreglunnar, vætti vitna og niðurstöðum alkóhólákvörðunar er komin lögfull sönnun um, að ákærði var undir áhrifum áfengis við framangreindan akstur, og hefur hann með þessu atferli gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Ákærði var með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. okt. 1975 (sic), gert að sæta varðhaldi í 10 daga og var sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Dómur þessi hefur ítrekunaráhrif í máli þessu.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, hæfilega ákveðin 150.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Friðrik Vestdal, greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 150.000, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dómsins að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. janúar 1981.

Nr. 32/1979. **Friðrik Sigurðsson**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Birni Jónssyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. febrúar 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara sýknu að svo stöddu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Til þrautavara krefst áfrýjandi lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frávísunarkröfu sína reisir áfrýjandi á því, að mál þetta sé ekki höfðað í héraði á réttu varnarþingi.

Varnarþingsregla 1. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 á við um mál þetta. Gat stefndi ekki sótt heimild í 83. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 til að reka það á bæjarþingi Dalvíkur. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 4.000.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Björn Jónsson, greiði áfrýjanda, Friðrik Sigurðssyni, 4.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Dalvíkur 5. maí 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. apríl sl., hefur Björn Jónsson, Röðli, Djúpavogi, Suður-Múlasýslu, höfðað hér fyrir bæjarþingi Dalvíkur, með stefnu, útgefinni 22. desember 1976, á hendur Friðrik Sigurðssyni, Garðarsbraut 18, Akranesi, og Dalvíkurkaupstað. Dómkröfur stefnanda í stefnu á hendur stefnda Friðrik eru þær, að hann verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 2.205.442 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 300.000 frá 22. maí 1975 til 8. júlí 1976 og af kr. 805.442 frá 8. júlí 1976 til 15. desember 1976 og síðan 2½% dráttarvöxtum frá 15. desember 1976 til greiðsludags af kr. 2.205.442. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda Friðriks að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómara. Þá gerir stefnandi þær dómkröfur á hendur báðum stefndu, að þeim verði gert að þola staðfestingu á löghaldi, sem lagt var á jarðýtu, International TD 15 B, árgerð 1965, í vörslu Dalvíkurkaupstaðar, hinn 18. desember 1966, að öðru leyti er stefnda Dalvíkurkaupstað stefnt til réttargæslu og kröfur ekki gerðar á hendur honum.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni þannig, að í stað þess að krefjast vaxta frá 22. maí 1975 krefst hann nú vaxta frá 1. nóvember 1975.

Dómkröfur stefnda Dalvíkurkaupstaðar eru þær, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og honum jafnframt tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Þá krefst hann þess, að aflétt verði löghaldi því, sem gert var í jarðýtu af gerðinni International TD 15 B, árgerð 1965, hinn 18. desember 1976.

Af hálfu stefnda Friðriks Sigurðssonar var í upphafi gerð krafa um, að kröfum stefnanda yrði alfarið vísað frá dómi og honum yrði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda.

Hinn 21. febrúar 1977 fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda Friðriks, og með úrskurði dómsins, uppkveðnum 2. mars 1977, var frávísunarkröfu stefnda Friðriks synjað, og eru dómkröfur hans í málinu nú þær aðallega, að hann

verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 150.000 með 13% ársvöxtum frá 26. febrúar 1976 til greiðsludags og málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hinn 25. mars 1975 hafi hann keypt jarðýtu af gerðinni International TD 15 B, árgerð 1965, af Landverki h/f, Keflavík. Kaupverð hafi m. a. átt að greiðast með 17 víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 101.845, og einum víxli að fjárhæð kr. 103.365, og hafi þeir átt að greiðast á tímabilinu 1. júní 1975 til 1. nóvember 1976. Til tryggingar greiðslu víxlanna hafi stefnandi sett Landverki h/f veð í umræddri jarðýtu og hafi veðið verið skráð móttekið hinn 11. apríl 1975 hjá sýslumanni Suður-Múlasýslu. Í maímánuði 1975 hafi stefnandi ákveðið að selja jarðýtuna aftur. Hafi hann falið sölumanni hjá SÍS, Pétri Ó. Péturssyni, umboð til þess að athuga sölu og hafi hann gert samkomulag við stefnda Friðrik Sigurðsson. Söluverð hafi verið ákveðið kr. 2.400.000, og skyldi stefndi taka að sér greiðslu á öllum víxlunum 18, sem veðtryggðir voru. Bréflegir samningar hafi ekki verið gerðir og því ekkert afsal til handa stefnda. Stefndi Friðrik hafi mjög fljótlega lent í vanskilum með greiðslur og þar sem víxlarnir hafi verið samþykktir af stefnanda, hafi verið gengið að honum með greiðslur. Hinn 15. desember 1976 hafi stefnandi orðið að gera dómssátt við Almennar tryggingar h/f, Reykjavík, sem þá hafi verið orðinn eigandi víxlanna, upp á kr. 1.400.000 auk vaxta vegna vanskila stefnda Friðriks við þann aðilja, en þar að auki hafi hann áður orðið að innleysa víxil hjá lögmanni í Keflavík og þar að auki hafi hann orðið að innleysa ávísun frá stefnda að fjárhæð kr. 150.000, sem stefndi hafi sent honum til greiðslu, en engin innstæða reynst fyrir. Stefnandi hafi farið til fundar við stefnda Friðrik í júní/júlí 1976 til að reyna að koma málinu í lag og verið í Reykjavík þess vegna í 2 vikur. Þá hafi hann komist að því, að stefndi Friðrik hefði selt stefnda Dalvíkurkaupstað hina veðsettu jarðýtu, sem Friðrik hafi þó ekkert afsal fengið fyrir. Stefnandi hafi átt tal við bæjarstjórann á Dalvík um málið, sem hafi viðurkennt að hafa haft einhverja vitneskju um veð, en stefndi Friðrik muni hafa haft við orð að færa veðið af þessari jarðýtu yfir á aðra. Aldrei hafi hann þó nefnt þetta við stefnanda, sem ekki hafi haft hinn minnsta grun um sölu þessa til Dalvíkurkaupstaðar, fyrr en eftir að hún var um garð gengin, og alllöngu áður en hann uppgötvaði þessa sölu

hafi stefndi Friðrik hætt með öllu að greiða víxla þá, sem hann hafði tekið að sér að greiða.

Sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1. Dómssátt vegna víxla, sem stefndi Friðrik átti að greiða og veðtryggðir eru í jarðýtunni ..... kr. 1.400.000
2. Krafa samkvæmt reikningi frá 8. júlí 1975 .... — 655.442
3. Endurkrafa vegna innstæðulausrar ávísunar .... — 150.000

Samtals kr. 2.205.442

Hinn 18. desember 1976 hafði fógetaréttur Dalvíkur lagt lögbald á umræddda jarðýtu að beiðni stefnanda, enda krafa stefnanda gjaldfallin og jafnvel undanskot eigna eða tilraun til þess. Samkomulag hafi orðið um gerðina við lögmann stefnda Dalvíkurkaupstaðar.

Af hálfu stefnda Friðriks er málavaxtalýsingu stefnanda mótmælt. Hið sanna sé, að í byrjun maímánaðar árið 1975 hafi hann keypt jarðýtu af gerðinni International TD 15 B, árgerð 1965, af stefnanda. Kaup þessi hafi komist á fyrir milligöngu Péturs Ó. Péturssonar, sölumanns hjá SÍS. Kaupverðið hafi verið umsamið kr. 2.400.000 og hafi hann greitt fyrstu innborgun þann 9. maí 1975, kr. 500.000, og skyldi hann greiða eftirstöðvarnar með jöfnum mánaðarlegum greiðslum með kr. 101.845 hvern mánuð frá og með 1. júní 1975, uns skuldin yrði að fullu greidd, og áttu vextir að vera meðtaldir í þessum greiðslum. Stefndi Friðrik hafi greitt þessar greiðslur framan af, ýmist beint til stefnanda eða staða, sem stefnandi átti skuld að gjalda á og hann vísaði á. Stefndi Friðrik hafi gengið mjög eftir því við áðurnefndan Pétur Ó. Pétursson, umboðsmann stefnanda, að gengið yrði frá kaupunum skriflega, og hafi hann í því sambandi boðið fram að samþykkja víxla til tryggingar eftirstöðvum kaupverðs og jafnframt að setja ábyrgðir eða tryggingar fyrir greiðslum víxlanna. Hafi hann farið margar ferðir til nefnds Péturs í þessu sambandi. Málin hafi æxlast svo, að stefndi Friðrik hafi aldrei verið krafinn um skuldaviðurkenningu eða tryggingu fyrir greiðslu eftirstöðvanna og í trausti hins munnlega samkomulags hafi hann haldið áfram að greiða hinar mánaðarlegu greiðslur. Vegna vissra erfiðleika hjá honum hafi svo farið, að greiðslufall varð af hans hálfu og muni hann enn skulda stefnanda nokkrar eftirstöðvar kaupverðsins.

Stefndi Friðrik styður aðalkröfu sína þeim rökum, að stefnu-

kröfur, eins og þær séu fram settar í stefnu og greinargerð af hálfu stefnanda, séu slíks eðlis, að sýkna beri hann af þeim, þar sem í fyrsta lagi krafa um kr. 1.400.000 vegna dómssáttar, sem stefnandi gerði við Almennar tryggingar h/f, sé honum alls óviðkomandi og ósannað sé, að hann hafi skuldbundið sig til að greiða víxla þá, sem séu grundvöllur dómssáttarinnar. Sama sé að segja um reikning, dags. 8. júlí 1975, um kr. 655.442, en kröfur á þeim reikningi séu aðallega vegna vinnutaps stefnanda, ferðakostnaðar hans til Reykjavíkur og einhvers innleysts víxils. Kröfum þessum sé mótmælt, enda ósannað, að hann hafi skuldbundið sig til þess að greiða þar greindar kröfur. Þá sé krafist sýknu af kröfu um greiðslu innstæðulausrar ávísunar að fjárhæð kr. 150.000, þar sem varla fáist séð, hvernig hann megi þola dóm fyrir bæjarþingi þessu vegna slíkrar kröfu. Aðalkrafan sé einnig studd þeim málsrökum, að stefndi Friðrik verði vart dæmdur til þess að greiða skuld, sem ekki sé í gjalddaga fallin, en um slíkt yrði að ræða, ef honum yrði gert að greiða dómssáttina áðurnefndu. Þá fáist ekki séð, hvernig stefnandi geti krafið um höfuðstól þeirrar dómssáttar öðruvísi en að hafa áður greitt þann höfuðstól eða fengið kröfuna framselda frá Almennum tryggingum h/f. Varakrafan sé að hluta studd sömu rökum og aðalkrafan, en með tilliti til þeirrar væntanlegu afstöðu dómsins, að efnisdómur verði lagður á kröfu vegna innstæðulausrar ávísunar að fjárhæð kr. 150.000. Varakrafan sé því í reynd sú, að að svo stöddu verði stefndi Friðrik einungis dæmdur til að greiða stefnanda andvirði hinnar innstæðulausu ávísunar, kr. 150.000 ásamt 13% ársvöxtum frá útgáfudegi til greiðsludags og málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnda Dalvíkurkaupstaðar er því mótmælt, að bæjarstjóranum á Dalvík hafi verið kunnugt um veð það, sem hvíla átti á umræddri jarðýtu. Bæjarsjóður Dalvíkur hafi keypt jarðýtuna af stefnda Friðrik þann 5. desember 1975 og sé afsal gefið út sama dag. Í því afsali standi: „Á vélinni hvíla engar kvaðir né veðbönd". Dalvíkurkaupstaður hefði aldrei samþykkt kaupin á jarðýtunni, ef vitað hefði verið um þessa veðsetningu, og því síður samþykkt, að hennar væri að engu getið í afsali. Stefnandi máls þessa hafi keypt umrædda jarðýtu hinn 25. mars 1975 af Landverki h/f, Keflavík, og hafi kaupverðið átt að greiðast að hluta með víxlum. Til tryggingar greiðslu víxlanna hafi stefnandi sett Landverki h/f veð í ýtunni og veðið verið skráð móttekið hinn 11. apríl 1975 hjá sýslumanni Suður-Múlasýslu. Stefnandi hafi síðan selt stefnda Friðrik jarðýtuna vorið 1975, en Frið-

rik þessi eigi lögheimili á Akranesi, eins og fram komi í stefnu. Til þess að veðsetningin héldi áfram gildi sínu, hafi nauðsyn borið til þess að þinglýsa veðinu að nýju á bæjarþingi Akraness samkvæmt reglum 7. gr. laga nr. 18/1887 um veð. Á sama hátt hafi átt að þinglýsa þessu sjálfsvörsluveði á bæjarþingi Dalvíkur, þegar bæjarsjóður Dalvíkur hafi keypt jarðýtuna, til þess að það héldi gildi sínu. Samkvæmt framangreindu hafi veðsetning stefnanda á jarðýtunni ekkert gildi gagnvart Dalvíkurkaupstað og beri því að aflétta löghaldi því, sem gert hafi verið hinn 18. desember 1976.

Yfirheyrslur í málinu fóru fram hér fyrir dómi 24. nóvember 1977 og 3. mars og 6. apríl 1978.

Fram er lagt í málinu svofellt vottorð Péturs Ó. Péturssonar: „Það staðfestist hér með, að undirritaður umgekkst sölu á International TD 15 B, jarðýtu árgerð 1965, fyrir Björn Jónsson, Röðli, Djúpavogi, í maímánuði 1975. Kaupandi vélarinnar var Friðrik Sigurðsson, nú til heimilis að Garðarsbraut 18, Akranesi. Heildarverð vélarinnar átti að vera kr. 2.400.000,00 (tvær milljónir og fjögur hundruð þúsund 00/100), sem áttu að greiðast þannig: Útborgun kr. 500.000,00, mánaðamótin júlí—ágúst 100.000,00, mánaðamótin ágúst—sept. 100.000,00, lok september '75 50.000,00, lok október '75 50.000,00. Síðan lofaði kaupandi að inna af hendi greiðslu á víxlum, sem Björn hafði samþykkt vegna kaupa á þessari vél til Landverks h.f., Keflavík. Víxlar þessir voru 18 að tölu, 16 að upphæð kr. 101.845,00 með gjalddaga 1. júní '75 og áframhaldandi 1. hvers mánaðar til 1. september 1976, 1. okt. 1976 kr. 103.365,00 og 1. nóvember 1975 kr. 101.845,00. Samtals voru þessir víxlar að upphæð kr. 1.834.730,00, og eru vextir þá meðtaldir. Ofangreind kjör jarðýtunnar voru samþykkt af báðum aðilum, en ekki var hægt að útbúa afsal á vélinni vegna þinglýstra kvaða, sem ekki var hægt að hnika".

Vottorð þetta hefur Pétur Ó. Pétursson staðfest hér fyrir dómi og skýrir svo frá, að stefndi Friðrik hafi þekkt til umræddrar jarðýtu, þegar hún var í eigu Landverks h/f í Keflavík, og hafi hann ætlað að kaupa hana, en stefnandi hafi orðið fyrri til. Friðrik hafi síðan keypt ýtuna af stefnanda, skömmu eftir að stefnandi eignaðist hana. Segir vitnið, að bæði sér og stefnda Friðrik hafi verið kunnugt um víxilskuldir stefnanda við Landverk h/f vegna kaupanna og að jarðýtan var að veði til tryggingar víxlunum. Hafi ætlunin verið sú, að Friðrik yfirtæki víxilskuldir þessar með útgáfu nýrra víxla og setti síðan ýtuna að veði fyrir þeim

víxilskuldum. Hins vegar hafi ekki reynst unnt að hafa uppi á öllum víxlunum, þar sem eigendaskipti höfðu orðið að þeim og ekki unnt að ganga þannig frá málum þessum, að hægt yrði að aflýsa veðinu hjá sýslumanninum á Eskifirði. Vitnið segist telja, að stefnandi hafi að minnsta kosti til að byrja með gert stefnda Friðrik aðvart um, þegar hann fékk tilkynningar um gjalddaga víxlanna. Vitnið segir, að enginn skriflegur kaupsamningur hafi verið gerður, en það hafi átt að gera það, þegar veðinu hefði verið aflýst. Vitnið kveðst hafa tekið við fyrstu greiðslu, kr. 500.000, og lagt inn á reikning Björns og í framhaldi af því hefði Björn sent vélina með skipi, að því er vitnið minnir. Segir vitnið, að litið hafi verið svo á, að greiðsla þessi væri staðfesting á því, að kaupin væru komin á. Kveðst vitnið ekki hafa veitt fleiri greiðslum móttöku vegna kaupa þessara.

Stefnandi, Björn Jónsson, skýrir svo frá hér fyrir dómi, að hann hafi keypt umrædda ýtu af Landverki h/f fyrir kr. 2.2 milljónir. Kveðst hann hafa greitt kr. 600.000 út, en eftirstöðvarnar á 18 víxlum. Hafi hann sett vélina að veði til tryggingar víxlunum. Þegar til kom, hafi ekki verið verkefni fyrir ýtuna og hafi hann haft samband við Pétur Óla Pétursson og beðið hann að selja ýtuna fyrir sig. Pétur hafi síðan fengið tilboð frá stefnda Friðrik upp á kaupverð kr. 2.400.000, sem greiðast skyldu þannig, að strax áttu að greiðast kr. 500.000 og síðan 1. ágúst kr. 100.000 og 1. september kr. 100.000 og 1. október kr. 50.000 og 1. nóvember kr. 50.000 og síðan skyldi Friðrik yfirtaka víxilskuldir stefnanda vegna kaupa hans á ýtunni, samtals 18 víxla, 17 þeirra að fjárhæð kr. 101.845 og 1 að upphæð kr. 103.365. Stefnandi kveðst hafa samþykkt tilboð þetta og hafi Pétur átt að ganga frá kaupunum. Kveðst stefnandi síðan hafa fengið greiddar kr. 500.000 og þá sent stefnda ýtuna með skipi. Af þeim 300.000, sem stefndi skyldi greiða í viðbót, kveðst stefnandi ekkert hafa fengið utan ávísun að fjárhæð kr. 150.000, sem stefndi hafi sent honum í pósti í febrúar 1976. Ávísun þessi hafi reynst innstæðulaus. Stefnandi segir, að í ljós hafi komið, að víxlarnir hafi verið komnir í hendur annarra aðilja en í upphafi, og hafi því ekki reynst mögulegt að ganga frá yfirtöku þeirra til stefnda og hafi þá svo um samist milli sín og stefnda Friðriks, að hann tilkynnti Friðrik um gjalddaga víxlanna, skyldi Friðrik síðan senda greiðslu þessa beint til víxileiganda. Segir stefnandi að samkomulag þetta hafi orðið í viðræðum þeirra á milli í síma, einnig hafi Pétur haft milligöngu um, að þessi háttur yrði upp

tekinn. Fyrsta víxilinn kveðst stefnandi hafa greitt, þar sem stefndi Friðrik gat það ekki, síðan hafi stefndi ætlað að greiða honum hann seinni hluta júlímánaðar. Stefnandi kveðst hins vegar aldrei hafa fengið þessa greiðslu þrátt fyrir viðtöl við stefnda. Víxla, sem féllu 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. desember, hafi stefndi Friðrik greitt og kr. 20.000 inn á víxil, sem féll 1. janúar. Segir stefnandi, að stefndi Friðrik hafi innt þessar greiðslur af hendi beint til víxileigenda að sinni tilvísun. Frekari greiðslur hafi stefndi Friðrik ekki innt af hendi vegna kaupanna. Stefnandi segist hafa fengið tilkynningar um gjalddaga þeirra víxla, sem eftir voru, og látið Friðrik vita af því. Segir stefnandi, að allir víxlarnir 10 að tölu hafi verið í eigu Almennra trygginga h/f og ekki gerður neinn reki að innheimtu þeirra, fyrr en þeir voru allir gjaldfallnir. Segist stefnandi hafa staðið í þeirri meiningu, að Friðrik hefði gert upp þessa víxla, þar til í júní 1976, að honum var stefnt til greiðslu víxils, sem féll 1. janúar 1976, eign Sparisjóðsins í Keflavík. Kveðst stefnandi af því tilefni hafa farið suður og hitt Friðrik og hafi þeir farið saman til Garðars Garðarssonar lögmanns, sem hafði með málið að gera, og samdi Friðrik þá við Garðar um, að hann frestaði málshöfðun og greiddi honum kr. 20.000 upp í kröfuna. Stefnandi segir, að Friðrik hafi ekki staðið við samkomulagið við Garðar, og kveðst stefnandi hafa greitt eftirstöðvar kröfunnar. Í þessari ferð kveðst stefnandi hafa komist að því í viðtali við Friðrik, að Friðrik hefði ekkert greitt af víxilskuldunum við Almennar tryggingar. Kveðst stefnandi að lokum hafa gert sátt fyrir dómi og vera búinn að greiða höfuðstól sáttarinnar að fullu og hluta vaxta og kostnaðar. Stefnandi segir, að dráttur á innheimtu víxlanna hjá Almennum tryggingum hafi stafað af því, að stefndi Friðrik hafi stöðugt samið við þá um frest á greiðslum, sem hann síðan hafi ekki staðið við. Kveðst stefnandi hafa fengið þær upplýsingar hjá Almennum tryggingum, að Friðrik væri búinn að semja um greiðslurnar. Stefnandi segist hafa fengið vitneskju um það hjá Pétri Óla Péturssyni í febrúar 1976, að Friðrik væri búinn að selja Dalvíkurbæ ýtuna. Stefnandi kveðst hafa hringt í bæjarstjórann á Dalvík strax eftir viðtalið við Pétur og hafi bæjarstjórinn þá viðurkennt að hafa vitað, að veð hefði verið á ýtunni, þegar hann keypti hana, hafi hann kynnt sér það hjá sýslumanni Suður-Múlasýslu. Bæjarstjórinn hafi jafnframt skýrt sér frá því, að Friðrik hefði lofað að flytja veðið yfir á aðra ýtu, sem hann keypti. Stefnandi telur rangminni hjá

sér, að víxill með gjalddaga 1. júní hafi ekki verið greiddur af stefnda.

Stefndi Friðrik Sigurðsson skýrir svo frá hér fyrir dómi, að hann kannist við að hafa keypt umrædda ýtu fyrir milligöngu Péturs Óla Péturssonar af stefnanda. Segir hann rétt, að umsamið kaupverð hafi verið kr. 2.400.000. Hafi það átt að greiðast þannig: Við afhendingu kr. 500.000, síðan hafi hann átt að samþykkja víxla fyrir öllum eftirstöðvunum að fjárhæð kr. 101.845, 17 stykki með mánaðarlegum gjalddögum og 1 að fjárhæð kr. 103.365. Segir hann, að aldrei hafi verið gengið frá útgáfu þessara víxla, þrátt fyrir að hann hafi gengið eftir því. Hann hafi enn fremur ekki fengið skriflegt afsal fyrir ýtunni og ekki verið aflýst veði, er á henni hvíldi. Segir mættur (sic), að Pétur hafi fært fram þær ástæður, að ekki hefði tekist að ná sambandi við fyrri eigendur víxlanna. Hann kveðst hafa greitt Pétri fyrstu 500.000 krónurnar, síðan hafi hann greitt stefnanda sem svaraði andvirði fyrsta víxilsins, síðan hafi hann greitt víxilskuldir stefnanda eftir hans tilvísun, samtals sex sinnum, og síðan 20.000 upp í sjöunda víxilinn. Segir hann, að greiðslur þessar hafi verið inntar af hendi til ýmissa aðilja. Í viðbót við þetta kveðst stefndi hafa sent ávísun, kr. 150.000, til stefnanda í febrúar 1976, sú ávísun hafi reynst innstæðulaus og hafi stefnandi orðið að leysa hana til sín og sé hún ógreidd enn. Kveður stefndi fjárhagserfiðleika hafa komið í veg fyrir frekari greiðslur af sinni hendi. Hann kveðst síðan hafa selt þessa ýtu Dalvíkurkaupstað. Kveðst hann þá ekki hafa getið þess, að ýtan væri veðsett. Kveðst hann hafa ætlað að flytja veðið yfir á aðra ýtu, sem síðan hafi ekki reynst unnt að gera. Hann segir, að hann og stefnandi hafi hist hjá Þorvaldi Lúðvíkssyni í Reykjavík til að ná samkomulagi um skil á skuld stefnda, en þær viðræður hafi ekki borið árangur vegna kröfugerðar stefnanda. Stefndi segir, að greiðslurnar í júlí, ágúst, september og október séu rangar og hafi ekki verið við sig samið um þær. Segir hann, að ekki hafi verið gert ráð fyrir, að greiddir yrðu vextir af víxlum þeim, er hann átti að samþykkja, og mismunur kaupverðs og greiðslna þeirra, er áður eru upp taldar, kr. 65.270, hafi átt að greiðast á tímabilinu júní—ágúst 1975. Þá segir hann, að rangt sé, að hann hafi lofað að inna af hendi greiðslur, sem Björn hafi samþykkt. Stefndi kveðst kannast við að hafa átt viðræður við Jón Halldórsson, lögmann Almennra trygginga, um að taka að sér greiðslu einhvers hluta skuldar stefnanda við Almennar tryggingar. Viðræður þessar hafi orðið árang-

urslausar, og kveðst hann aldrei hafa innt af hendi greiðslur til þessa aðilja. Stefndi kveðst líta svo á, að hann skuldi stefnanda vegna vélakaupanna kr. 1.017.930 auk tékkans, kr. 150.000. Stefndi segir, að kaupin hafi verið hugsuð þannig, að hann sambykkti víxla til stefnanda, sem tryggðir yrðu með veði í vélinni, og sem stefnandi gæti notað til að leysa veðið af. Hann segir, að hluti víxilupphæðanna hafi verið hugsaður sem vextir, þ. e. kr. 1.845 af hverjum víxli.

Valdimar Bragason, bæjarstjóri Dalvíkurkaupstaðar, skýrir svo frá, að umrædd ýta hafi verið keypt af stefnda Friðrik á kr. 3.000.000 og greiddar út í hönd. Seljandi hafi ekki getið þess, að veð væri á ýtunni. Hins vegar hafi sér borist vitneskja um það annars staðar frá, og kveðst hann hafa kannað það á þann hátt að hafa samband við sýslumann Borgarfjarðarsýslu, sem hafi gefið þær upplýsingar, að engin veð hvíldu á lausafé stefnda, sem þar átti þá lögheimili. Einnig hafi hann haft samband við sýslumann Suður-Múlasýslu, þar sem honum var kunnugt um, að fyrri eigandi átti lögheimili í þeirri sýslu, og fengið þá þær upplýsingar, að veð hvíldi á ýtunni þar. Kveðst hann hafa fengið þær upplýsingar, að veðið væri niður fallið vegna reglna um þinglýsingu lausafjárveða, og að þeim upplýsingum fengnum svo og yfirlýsingu stefnda um, að engar kvaðir hvíldu á ýtunni, hafi hann ákveðið kaupin í trausti þess, að ýtan væri kvaðalaus. Hann segir, að stefndi hafi ekki getið þess, að hann hefði ekki afsal fyrir ýtunni.

Aðiljar eru sammála um, að kaup hafi komist á um nefnda jarðýtu og að um þau hafi verið gerður munnlegur samningur. Að virtum framburði stefnanda og stefnda Friðriks og með hliðsjón af greiðslu stefnda Friðriks á kr. 150.000 með (innstæðulausri) ávísun upp í útborgunarliði samningsins svo og með samanburði við samning stefnanda við Landverk h/f um kaup hans á ýtunni þykir mega miða við framburð vitnisins Péturs Óla Péturssonar um efni hins munnlega samnings.

Aðiljar eru sammála um, að ekki hafi tekist að uppfylla það ákvæði samningsins, að stefndi Friðrik yfirtæki víxilskuldir stefnanda, sem um var samið, en í þess stað var sá háttur upp tekinn, að stefndi Friðrik greiddi þær í gjalddaga ýmist til stefnanda sjálfs eða annarra aðilja að tilvísun stefnanda.

Aðiljar eru sammála um, að stefndi Friðrik hafi innt af hendi eftirtaldar greiðslur: Kr. 500.000 fyrir afhendingu, kr. 150.000 með ávísun, sem reyndist innstæðulaus, og síðan greiðslu á and-

virði samtals sjö víxilskulda stefnanda í gjalddaga 1. júní 1975, 1. júlí 1975, 1. ágúst 1975, 1. september 1975, 1. október 1975, 1. nóvember 1975 og 1. desember 1975, hver greiðsla að fjárhæð kr. 101.845, enn fremur kr. 20.000 upp í greiðslu (kr. 101.845), sem fram átti að fara 1. janúar 1976.

Viðurkennt er af hálfu stefnda Friðriks, að frekari greiðslur hafi ekki farið fram af hans hendi.

Á stefndi Friðrik því eftir að inna af hendi eftirtaldar greiðslur samkvæmt samningnum, og er þó ekki litið á hina innstæðulausu ávísun (kr. 150.000) sem greiðslu:

Mánaðamót júlí/ágúst	kr.	100.000
Mánaðamót ágúst/september	—	100.000
Lok september 1975	—	50.000
Lok október 1975	—	50.000
1. janúar 1976	—	81.845
1. febrúar 1976	—	101.845
1. mars 1976	—	101.845
1. apríl 1976	—	101.845
1. maí 1976	—	101.845
1. júní 1976	—	101.845
1. júlí 1976	—	101.845
1. ágúst 1976	—	101.845
1. september 1976	—	101.845
1. október 1976	—	103.365
1. nóvember 1976	—	101.845
eða samtals	kr.	1.401.815

Ber að dæma stefnda Friðrik til að greiða stefnanda framangreinda fjárhæð ásamt eftirtöldum vöxtum: 2% mánaðarvöxtum af kr. 100.000 frá 1. ágúst 1975 til 1. september s. á., af kr. 200.000 frá þeim degi til 1. okt. s. á., af kr. 250.000 frá þeim degi til 1. nóv. s. á., af kr. 300.000 frá þeim degi til 1. jan. 1976, af kr. 381.845 frá þeim degi til 1. febr. s. á., af kr. 483.690 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 585.535 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 687.380 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 789.225 frá þeim degi til 1. júní s. á., af kr. 891.070 frá þeim degi til 1. júlí s. á., af kr. 992.915 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., af kr. 1.094.760 frá þeim degi til 1. sept. s. á., af kr. 1.196.605 frá þeim degi til 1. október s. á., af kr. 1.299.970 frá þeim degi til 1. nóvember s. á. og af kr.

1.401.815 frá þeim degi til 15. des. 1976, en 2½% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eins og að framan er rakið, yfirtók stefndi Friðrik ekki víxilskuldir stefnanda, eins og gert var ráð fyrir í samningi. Eru aðiljar sammála um, að ástæðan hafi verið erfiðleikar stefnanda sjálfs á að ná til víxileigenda og semja við þá.

Eigi er gegn andmælum stefnda Friðriks sannað, að hann hafi á annan hátt tekið á sig ábyrgð á nefndum víxilskuldum stefnanda. Verður stefndi Friðrik því ekki krafinn um kostnað þann, er stefnandi varð fyrir vegna vanskila hans á nefndum víxilskuldum. Hins vegar þykir rétt að taka nokkurt tillit til kostnaðar stefnanda af ferðum til Reykjavíkur vegna tilrauna hans til að fá fram efndir á samningum við stefnda, við ákvörðun málskostnaðar.

Eins og að framan er rakið, krefst stefnandi að því er virðist annars vegar, að viðurkenndur verði veðréttur hans í framangreindri ýtu til tryggingar skuld stefnda við hann, og hins vegar, að staðfest verði kyrrsetningargerð, sem fram fór í ýtunni 18. desember 1976.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi eignast veðrétt í ýtunni til tryggingar skuld stefnda Friðriks. Aðiljar eru sammála um, að ákvæði hins munnlega samnings þeirra um þetta efni hafi aldrei komið til framkvæmda. Fullyrðing stefnanda um, að hann hafi orðið veðhafi í ýtunni með greiðslu eigin skulda, sem hann hafði sjálfur tryggt með veði í ýtunni, fær ekki staðist. Krafa stefnanda um viðurkenningu á veðrétti verður því ekki tekin til greina.

Kröfu um staðfestingu á kyrrsetningunni beindi stefnandi í upphafi að stefnda Friðrik og stefnda Dalvíkurkaupstað. Kröfu þessari á hendur stefnda Friðrik var vísað frá dómi með úrskurði, uppkveðnum 2. mars 1977, og er krafa þessi nú aðeins höfð uppi á hendur Dalvíkurkaupstað.

Með afsali, dags. 5. desember 1975, seldi stefndi Friðrik meðstefnda Dalvíkurkaupstað ýtuna. Ágreiningslaust er, að ýtan var ennþá eign Dalvíkurkaupstaðar, er kyrrsetning var gerð í henni 18. desember 1976 til tryggingar skuld stefnda Friðriks við stefnanda. Eigi hefur verið sýnt fram á, að stefndi Dalvíkurkaupstaður hafi undirgengist ábyrgð á téðri skuld stefnda Friðriks við stefnanda. Gátu eignir Dalvíkurkaupstaðar eigi orðið andlag kyrrsetningar til tryggingar þeirri skuld, sbr. 6. gr. laga nr. 18/1949.

Ber því að sýkna stefnda Dalvíkurkaupstað af kröfu stefnanda og fella kyrrsetninguna niður.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda Friðrik til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 370.000.

Rétt þykir að dæma stefnanda til að greiða stefnda Dalvíkurkaupstað málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Dómsorð:

Stefndi, Friðrik Sigurðsson, greiði stefnanda, Birni Jónssyni, kr. 1.401.815 ásamt 2% mánaðarvöxtum af kr. 100.000 frá 1. ágúst 1975 til 1. september s. á., af kr. 200.000 frá þeim degi til 1. okt. s. á., af kr. 250.000 frá þeim degi til 1. nóv. s. á., af kr. 300.000 frá þeim degi til 1. jan. 1976, af kr. 381.845 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 483.690 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 585.535 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 687.380 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 789.225 frá þeim degi til 1. júní s. á., af kr. 891.070 frá þeim degi til 1. júlí s. á., af kr. 992.915 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., af kr. 1.094.760 frá þeim degi til 1. sept. s. á., af kr. 1.196.605 frá þeim degi til 1. okt. s. á., af kr. 1.299.970 frá þeim degi til 1. nóv. s. á. og af kr. 1.401.815 frá þeim degi til 15. des. 1976, en 2½% mánaðarvöxtum af kr. 1.401.815 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 370.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Kröfu stefnanda um staðfestingu löghalds, sem fram fór 18. des. 1976 í jarðýtu International TD 15 B, árgerð 1965, er synjað.

Stefnandi greiði stefnda Dalvíkurkaupstað kr. 40.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. janúar 1981.

Nr. 63/1978. **Haraldur Bjarnason**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. mars 1978. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 472.09 krónur (47.209 gkr.) með 13% ársvöxtum frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 18% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur samþykkt kröfur áfrýjanda. Verða þær að fullu teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 2.500.00 nýkrónur.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Hafnarfjarðar h/f, greiði áfrýjanda, Haraldi Bjarnasyni, 472.09 krónur með 13% ársvöxtum frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 18% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 2.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 20. febrúar 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. þ. m., hefur Haraldur Bjarnason, Álfaskeiði 84, Hafnarfirði (lögm. Egill Sigurgeirsson hrl.), höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 15. nóvember 1976, á hendur Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f, Hafnarfirði (lögm. Guðjón Steingrímsson hrl.), til heimtu á kröfu að fjárhæð kr. 47.209 ásamt 18% ársvöxtum frá 16. september 1976 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

II.

Stefnandi, Haraldur Bjarnason, er sveinn í járnsmíði, tók sveinspróf árið 1973. Hann hóf störf hjá stefnda 1. október 1974. Hann fór á námskeið, er veitir starfsmönnum rétt til svonefnds námskeiðsálags, og er námskeiðsskírteini út gefið 6. janúar 1976. Stefnukrafan í máli þessu er kaupkrafa, og er deila málsaðilja sprottin af því, að ágreiningur er um skyldu stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð, er nemur 10% á grunnkaup stefnanda fyrir tímabilið 6. janúar 1976 til 16. september sama ár, en útreikningur kaupeftirstöðva er miðaður við þann dag. Af hálfu stefnanda eru þessar kaupeftirstöðvar taldar svonefnt 10% námskeiðsálag, en stefndi telur sig hafa greitt námskeiðsálag að fullu.

Í stefnu er grundvelli málssóknarinnar svo lýst:

„Í kjarasamningum járniðnaðarmanna, sem stefndi er aðili að, segir svo í 10. gr.: „Þeim sveinum, sem sótt hafa 60 kennslustunda námskeið (kennslustund 45 mín.) til að auka verkþekkingu og vinnuhæfni sína, skal greiða 10% álag á hverja vinnustund, samkvæmt samningi þessum.“ Ekki er ágreiningsefni í málinu, að námskeiðsálag er 10% á grunnkaup með vísitölu. Stefndi hefir verið ófáanlegur til að greiða skuld þessa.“

Í skriflegri aðiljayfirlýsingu framkvæmdastjóra stefnda segir m. a.:

„Ekki er dreginn í efa réttur starfsmanna, sem lokið hafa framhaldsnámskeiði fyrir sveina, til 10% viðbótarlauna við umsamið lágmarkskaup. Hins vegar þarf slíkt námskeið ekki að sama skapi að gilda við mat atvinnurekanda á viðkomandi starfsmanni til hærri launa heldur en samningar kveða á um.“

Smkvæmt þessu telur stefndi, að sér hafi verið heimilt að lækka

yfirborgun til stefnanda, er hann ávann sér rétt til námskeiðsálags, þannig að heildarlaun yrðu hin sömu. Þessu hefur stefnandi mótmælt.

III.

Helstu þættir í launataxta málmiðnaðarmanna á því tímabili, sem hér um ræðir, voru:

1. GRUNNKAUP.
2. ÁLÖG (er reiknast sem prósentutala á grunnkaup).
   Meðal þeirra eru:
   a) Óþrifaálag 10%.
   b) Námskeiðsálag 10%.
3. YFIRBORGANIR.
4. VÍSITALA.

Það kemur fram, bæði í kjarasamningi og taxtatöflum, útgefnum af atvinnurekendafélagi stefnda, Félagi málm- og skipasmiðja, svo og í aðiljaskýrslum, að *álag* hefur aðra merkingu en *yfirborgun*. Álög eru bundin í kjarasamningi. Í kjarasamningunum er tæmandi skilgreint, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, til þess að álag beri að greiða, og enn fremur hversu mörg % viðkomandi tiltekið álag sé á grunnkaup. Yfirborgun er hins vegar notuð um annan kaupauka, er byggist upphaflega á vinnusamningi starfsmanns og atvinnurekanda.

IV.

Við dómtöku málsins var m. a. bókað:

„Að gefnu tilefni frá dómaranum er því lýst yfir af hálfu stefnda, að sú staðhæfing stefnanda sé ekki rengd, að samanlagðir kaupaukar hans hafi ekki hækkað, er stefnandi lauk námskeiði og fékk námskeiðsskírteini."

Samkvæmt þessu liggur það því fyrir, að kaupauki stefnanda á því tímabili, sem stefnukrafan tekur til, var eigi minni en lágmarkskjör, þ. e. grunnkaup + 10% + vísitala, svo og að yfirborgun stefnanda lækkaði um 10%, þegar stefnandi ávann sér rétt til námskeiðsálags, enda var heildarkaupauki hans óbreyttur (að því er virðist 30%) þrátt fyrir námskeiðið.

Stefndi hefur á því byggt í málinu, að sér hafi verið heimilt að skerða einhliða og án uppsagnar yfirborgun þá, sem hér um ræðir.

Til vara hefur stefndi talið, að sér hafi verið heimilt að segja

upp með lögmæltum og kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti vinnusamningi aðilja, þ. e. þeim þætti, er að yfirborgun laut.

Á fyrrnefndu málsástæðuna verður eigi fallist. Það er álit dómsins, að stefnda hafi verið með öllu óheimilt að lækka umsamda yfirborgun einhliða og gegn eindregnum mótmælum stefnanda og það á miðju gildistímabili kjarasamnings. Á hitt má fallast með stefnda, að honum hafi verið heimilt að segja yfirborguninni upp með lögmæltum uppsagnarfresti, sem óumdeilt er, að var einn mánuður miðað við mánaðamót.

Við aðiljayfirheyrslu stefnanda var m. a. bókað:

„Mætti segir, að yfirmenn fyrirtækisins hafi vitað, að hann fór á námskeiðið. Hann segist hafa rætt það við Stefán, að nú væri hann búinn að fara á námskeiðið.

Stefán hafi þá sagt, að hann gæti ekki borgað hærra kaup, „því þá væri hann farinn að borga með okkur."

Mætti segir, að yfirborgun sín sé nú 30%. Hann segist, spurður af lögmanni sínum, ekki hafa fengið námskeiðsálag greitt."

Telja verður, að eins og atvikum var háttað, þá hafi falist fullnægjandi uppsögn í ofangreindum ummælum framkvæmdastjórans, en samkvæmt kjarasamningi málsaðilja, er þá var í gildi, var uppsagnarfrestur stefnanda 1 mánuður miðað við mánaðamót. Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda frá 6. janúar og til febrúarloka 1976 þá skerðingu, er stefnandi varð fyrir á yfirborgun sinni, er honum bættist réttur til námskeiðsálags.

Fjárhæð þess hluta stefnukröfu, er tekur til tímabilsins 6. janúar 1976 til 1. mars s. á., er kr. 12.480, þ. e. 10% kaupauki á grunnkaup með vísitölu. Verður það sú fjárhæð, sem stefnda ber samkvæmt framansögðum úrslitum málsins að greiða.

Málskostnaður ákveðst kr. 60.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Hafnarfjarðar h/f, greiði stefnanda, Haraldi Bjarnasyni, kr. 12.480 með 13% ársvöxtum frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. febrúar 1981.

Nr. 145/1979. **Byggingavöruverslun Tryggva Hannessonar**
gegn
Nýborg h/f.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Byggingavöruverslun Tryggva Hannessonar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Nýborg h/f, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 500.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. febrúar 1981.

Nr. 139/1980. **Benedikt Bogason**
gegn
lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Benedikt Bogason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Verkfræðingafélagi Íslands, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 350.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. febrúar 1981.

Nr. 154/1980. **Sjólastöðin h/f**
gegn
Ísleifi Haraldssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sjólastöðin h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ísleifi Haraldssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 350.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. febrúar 1981.

Nr. 155/1980. **Sjólastöðin h/f**
gegn
Magnúsi Óskari Ólafssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sjólastöðin h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Magnúsi Óskari Ólafssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 350.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. febrúar 1981.

Nr. 156/1980. **Sjólastöðin h/f**
gegn
Gunnari Sigurðssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sjólastöðin h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gunnari Sigurðssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 350.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. febrúar 1981.

Nr. 193/1980. **Dánarbú Friðjóns Stephensen og Önnu Oddsdóttur Stephensen**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, dánarbú Friðjóns Stephensen og Önnu Oddsdóttur Stephensen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. febrúar 1981.

Nr. 212/1980. **Björn Pétursson h/f**
gegn
Hákoni Árnasyni hrl.
f. h. fyrirtækisins Marc Aurel.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Pétursson h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Hákoni Árnasyni hrl. f. h. fyrirtækisins Marc Aurel, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 350.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1981.

Nr. 178/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Helga Bjarnasyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Fjárdráttur. Þjófnaður. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógeta í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, og er krafist þyngingar refsingarinnar af hálfu ákæruvalds.

Mál þetta var höfðað gegn ákærða með fjórum ákæruskjölum.

Verður hér á eftir vikið að þeim í sömu röð og gert er í héraðsdómi.

I. Ákæra 20. júlí 1976.

Samkvæmt ákæruskjali þessu er ákærða gefið að sök:

1. Að „hafa seint í desembermánuði 1975 selt 10 bækur, sem ákærði fékk að láni hjá Herði Berg Hlöðverssyni, Holtsgötu 31 í Reykjavík, og hagnýtt sér andvirði þeirra".

2. Að „hafa 7. janúar 1976 slegið eign sinni á aðrar fimm bækur á heimili fyrrnefnds Harðar Bergs".

Er fyrra brotið talið varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hið síðara við 244. gr. þeirra laga.

Með eigin framburði ákærða er sannað, svo sem í héraðsdómi getur, að hann hefur framið brot þessi. Varða þau við hegningarlagaákvæði þau, sem að framan greinir.

II. Ákæra 19. nóvember 1975.

Með þessu ákæruskjali er opinbert mál höfðað á hendur ákærða fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga „með því að hafa þriðjudagskvöldið 4. febrúar 1974 stolið vasareiknivél frá Karli Kristjánssyni, þar sem ákærði var staddur á heimili Karls að Snorrabraut 81 í Reykjavík."

Í ákæruskjali hefur ártal misritast 1974 í stað 1975. Var málið flutt með hliðsjón af þessu, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur játað að hafa framið brot þetta, og eru málsatvik rakin í héraðsdómi. Varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákæra 15. nóvember 1976.

Ákærða er hér „gefið að sök að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 6. maí 1976 slegið eign sinni á allt að 17 hljómplötur

og tvær bækur í húsinu nr. 3 við Pósthússtræti, þar sem ákærði var gestkomandi.“ Er brotið talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæruskjali þessu hefur misritast húsnúmer 3 í stað 13. Var málið flutt með hliðsjón af þessu, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur viðurkennt verknað þennan, og eru málsatvik rakin í hinum áfrýjaða dómi. Varðar brotið við nefnda grein almennra hegningarlaga.

IV. Ákæra 29. nóvember 1976.

Samkvæmt ákæruskjali þessu er opinbert mál höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka þriðjudaginn 27. júlí 1976 ofurölvi bifreiðinni Y 4978 frá Kirkjustræti í Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar, uns lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Arnarneshálsi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.“

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum máls, sem að er vikið í hinum áfrýjaða dómi, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er hér gefin að sök. Er brot þetta réttilega heimfært til lagaákvæða í héraðsdómi.

Í öllum framangreindum ákæruskjölum er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafist í síðastgreindu ákæruskjali, að ákærði verði dæmdur til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 19. apríl 1975, var ákærði dæmdur í fangelsi 3 mánuði fyrir þjófnað, framinn 15. september 1973, og fyrir að aka bifreið hinn 13. maí 1974 með áhrifum áfengis. Var refsing skilorðsbundin í 3 ár frá uppsögu dómsins að telja. Með brotum þeim, er getur undir I, II og III hér að framan hefur ákærði rofið skilorðið. Verður honum því dæmd refsing í einu lagi fyrir brot þau, er dómur 19. apríl 1975 fjallar um, og brot þau, sem

honum eru gefin að sök í máli þessu, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Brot það, sem greinir undir II að framan, er framið 4. febrúar 1975, áður en framangreindur dómur 19. apríl 1975 var kveðinn upp. Hefsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt 244. gr. og 247. gr. almennra hegningarlaga, 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga og með hliðsjón af 77. gr., 78. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Þykir mega staðfesta ákvörðun hins áfrýjaða dóms um ákvörðun refsingar ákærða.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða.

Viggó Guðmundsson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 2.000 krónur (gkr.), eins og um getur í héraðsdómi. Kröfu þessarar, sem ekki var borin undir ákærða fyrir dómi, er ekki getið í ákæruskjali. Verður því ekki dæmt um hana í þessu máli, og ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því leyti.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 1.800.00 krónur (nýkr.).

Höndum hefur verið kastað til rannsóknar máls þessa, og vítaverður dráttur hefur orðið á rekstri þess.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Jóns Helga Bjarnasonar, ökuleyfissviptingu hans og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákvæði héraðsdóms um framangreindar skaðabætur á að vera ómerkt.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur,

og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.800.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 6. október 1977.

Árið 1977, fimmtudaginn 6. október, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1129/1976: Ákæruvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Jóni Helga Bjarnasyni verkamanni, Háukinn 5, Hafnarfirði, fyrir eftirtalin refsilagabrot:

I.

Að hafa seint í desembermánuði 1975 selt 10 bækur, sem ákærði fékk að láni hjá Herði Berg Hlöðverssyni, Holtsgötu 31, Reykjavík, og hagnýtt sér andvirði þeirra.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

1. Að hafa 7. janúar 1976 slegið eign sinni á aðrar fimm bækur á heimili fyrrnefnds Harðar Bergs.

2. Að hafa þriðjudagskvöldið 4. febrúar 1975 stolið vasareiknivél frá Karli Kristjánssyni, þar sem ákærði var staddur á heimili Karls að Snorrabraut 81 í Reykjavík.

3. Að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 6. maí 1976 slegið eign sinni á allt að 17 hljómplötur og tvær bækur í húsinu nr. 3 við Pósthússtræti, þar sem ákærði var gestkomandi.

Teljast verknaðir þessir varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Að aka þriðjudaginn 27. júlí 1976 ofurölvi bifreiðinni Y 4978 frá Kirkjustræti í Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar, uns lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Arnarneshálsi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

IV.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar svo og til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 16. janúar 1951 á Akureyri, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1969 29/9 í Hafnarfirði: Dómur: Sýknaður af meintum brotum gegn 202. gr., sbr. 200. gr., 1. mgr., hegningarlaga og 45. gr. og 46. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

1972 4/1 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

1975 19/4 í Hafnarfirði: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244. gr. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr., 18. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1975 19/4 í Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

1975 19/4 í Hafnarfirði: Dómur: Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 19/4 1975.

1975 4/5 í Hafnarfirði: Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.

Samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins eru málsatvik þessi:

I. Fjárdráttur.

Rétt fyrir jólin 1975 kom ákærði heim til Harðar Bergs Hlöðverssonar að Holtsgötu 31, Reykjavík, og falaðist eftir bókum úr bókasafni hans, og kvað Hörður hann hafa tjáð sér, að hann hefði ætlað að lána þær sjúkling á geðdeild Borgarspítalans. Hörður Berg lánaði honum 10 bækur, voru það dýrustu bækur hans.

Hörður kvað ákærða ekki áður hafa komið inn á heimili hans, en þeir hefðu þó þekkst um tveggja ára skeið. Ákærði kvað þá hafa verið við vindrykkju á heimili Harðar þennan dag frá hádegisbili. Er líða tók á daginn, hafi þeir orðið vínlausir og þá tekið að ráðgera að verða sér úti um meira vín, en báðir hafi þeir verið peningalausir. Þá hefði ákærði rætt um það við Hörð

að fá lánaðar hjá honum bækur, og kvað ákærði strax hafa verið um það rætt, að hann mundi setja þær að veði fyrir peningaláni. Ákærði kvaðst hafa fengið 12—15 bækur hjá Herði og farið með þær í Bókina á Skólavörðustíg og viljað setja þær að veði gegn peningaláni, en starfsmenn verslunarinnar hafi ekki viljað fallast á það, en boðist til að kaupa bækurnar og hann gæti svo fengið þær borgaðar næsta dag, en þá var útborgunardagur hjá ákærða. Þetta hefði hann gert og fengið um 8.000 kr. fyrir bækurnar, sem hann hafi notað til áfengiskaupa og greiðslu á veitingum á Hótel Borg og veitingastaðnum Óðali og Hörður og notið þess.

Hann kvaðst svo daginn eftir hafa ætlað að leysa út bækurnar, en þá hefði verið komið mikið hærra verð á þær, sem þá voru þar ennþá, en sumar töldu afgreiðslumennirnir vera seldar. Þá mundi ákærði ekki nöfn bókanna, svo ekki var unnt að finna þær eftir bókatitlum, enda höfðu afgreiðslumennirnir ekki reiknað með, að ákærði kæmi aftur.

Nokkru eftir áramót komst Hörður að því, að ákærði hafði selt bækurnar, sem hann lánaði honum. Ekki eru fram komin nöfn eða verðmæti bókanna nema um eina, Pétur mikla, í brúnu bandi.

Ljóst er, að ákærði fékk greindar bækur að láni og seldi síðan án heimildar og hagnýtti sér andvirði þeirra. Með verknaði þessum hefur ákærði gerst brotlegur við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þjófnaður.

1. Nokkrum dögum eftir verknað þann, sem lýst er í lið I, eða 7. janúar 1975, kom ákærði aftur á heimili þar greinds Harðar Bergs, og kvað hann Hörð þá hafa verið þar við drykkju. Eftir að hafa dvalið þar nokkra stund, ætlaði ákærði heim, en komst þá að raun um, að hann var peningalaus, átti ekki einu sinni fyrir strætisvagnafargjaldi heim. Tók ákærði þá 5 bækur úr bókasafni Harðar án leyfis og seldi þær í versluninni Bókinni við Skólavörðustíg fyrir kr. 2.500, og eyddi hann peningum þessum í bíóferðir, vindlinga o. fl. Ekki er upplýst, hvaða bækur þetta voru, en ein þeirra var „Þúsund og ein nótt", í bláu bandi.

2. Þriðjudagskvöldið 4. febrúar 1975 kom ákærði á heimili Karls Kristjánssonar að Snorrabraut 81, sem hann þekkti. Ákærði var þá mikið ölvaður. Meðan hann dvaldi hjá Karli, sá hann þar í íbúð Karls vasareiknivél, sem hann stakk á sig. Nokkru síðar

ók Karl honum að samkomuhúsinu Þórscafé, þar sem hann fór inn. Þar bauð hann vasareiknivélina til kaups dyravörðum o. fl. Hann gaf út, að hann væri sölumaður hjá Heimilistækjum s/f, og seldi hana svo Viggó Guðmundssyni leigubifreiðarstjóra, Gyðufelli 14, Reykjavík, sem þar var, fyrir krónur 3.000, sem Viggó greiddi með krónum 1.400 í peningum, 1.000 kr. í tékka, og kr. 600 var gömul ökugjaldsskuld ákærða til hans, sem gekk upp í kaupin. Þetta sama kvöld hafði Karl uppgötvað, að vasareiknivélin var horfin af heimili hans, en hann var nýbúinn að kaupa hana fyrir kr. 8.000. Greindi hann konu sinni, Þóru Benediktsdóttur, frá þessu, er hún kom heim seint um kvöldið, og jafnframt, að hann grunaði ákærða um að hafa tekið hana. Hún brá við skjótt og fór þegar í samkomuhúsið Þórscafé og hafði upp á ákærða, sem þá viðurkenndi í viðurvist lögreglu að hafa tekið reiknivélina og gaf upp, hverjum hann hefði selt hana. Var náð í kaupandann og vélin af honum tekin og fengin í hendur konunni. Þá hafði ákærði eytt þeim peningum, sem hann fékk fyrir vélina, en skilað tékkávísuninni að upphæð kr. 1.000.

3. Aðfaranótt fimmtudagsins 6. maí 1976 hafði ákærði verið á ferð í miðborg Reykjavíkur eftir áfengisneyslu að Hótel Borg þá fyrr um kvöldið. Hann sá þá ljós í glugga hjá Ómari Aðalsteinssyni, Pósthússtræti 13, Reykjavík, sem hann kvaðst hafa þekkt í 2 ár. Hann bankaði upp á hjá Ómari, og mun þá klukkan hafa verið um 0200 að nóttu, og kvað Ómar hann hafa vakið sig, en ákærði kvað þar hafa verið fleira fólk og hann sameinast hópnum og verið þá nokkuð undir áhrifum áfengis. Hann hefði verið peningalítill og kvaðst hafa lánað einum gesta þarna þá peninga, sem hann var með, og þá verið þannig settur, að hann átti ekki fyrir fargjaldinu heim. Hann leitaði þá eftir því að fá að sofa þarna um nóttina, svo sem oft áður, og fékk að sofa í stofunni, og kvaðst Ómar hafa þvertekið fyrir það í fyrstu að leyfa ákærða að vera, en það svo orðið úr, að hann hafi leyft honum að sofa í stofunni. Er ákærði vaknaði morguninn eftir, kvað hann alla hafa verið farna úr íbúðinni og hann þá tekið 17 hljómplötur og 2 bækur eftir Þórberg Þórðarson, sem legið hefðu á hillu í stofunni. Setti hann muni þessa í plastpoka og fór með þá í Safnbúðina á Laufásvegi og seldi fyrir kr. 8.500. Peninga þessa notaði hann svo til greiðslu fyrir áfengi og aðrar veitingar að Hótel Borg þennan sama dag og svo til að greiða fargjaldið heim. Ómar hafði komið í stofuna kl. 0930 um morguninn, og var þá ákærði farinn. Hann hafði þó ekki aðgætt fyrr en um kvöldið, hvort allt

var með felldu í íbúðinni, og þá kom í ljós, að bækurnar og hljómplöturnar voru horfnar. Bækurnar voru Ofvitinn og Íslenzkur aðall eftir Þórberg Þórðarson, en hljómplöturnar Brahm (sic), greatest hits, At home at the palace, Judy Garland, The hits of Judy Garland, The bezt (sic) of Joan Baez, Bonansa Country and Western, River-Terry Reed, Music-Carol King, True stories-Judy Collings, Hits of '69, Paint your Wagon, Space Odyssey, Án þín — Hörður Torfason, Rigoletto, operan, Coppelia-ballett og svo 3 hljómplötur, sem vinkona Ómars átti.

Ómar kvaðst ekki gera neinar fjárkröfur á hendur Jóni, ákærða í máli þessu.

Ákærði er sannur að sök um að hafa tekið ófrjálsri hendi muni þá, sem greindir eru í lið 1—3 hér að framan, og hagnýtt sér þá. Með þessum verknuðum hefur hann gerst sekur um brot á 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ölvunarakstur.

Þriðjudaginn 27. júlí 1976, kl. 0155, var ákærði af lögreglunni í Kópavogi stöðvaður í akstri bifreiðarinnar Y 4978 á Hafnarfjarðarvegi skammt sunnan Arnarneshæðar. Bifreiðinni hafði verið ekið mjög hægt og rásaði á veginum. Ákærði var bersýnilega ölvaður og var færður á lögreglustöðina í Kópavogi, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla, en hann svo fluttur á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólákvörðunar.

Í varðstjóraskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, andlit rjótt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu rauð, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður greinargóður.

Í hægra framsæti bifreiðarinnar sat maður, sem var ofurölvi og gat ekki gert grein fyrir sér, en síðar kom í ljós, að var Emil Guðmundsson, Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi, og reyndist vera eigandi bifreiðarinnar.

Ákærði hefur lýst atvikum hér fyrir dómi.

Mánudagskvöldið 26. júlí 1976 hafði hann verið að Hótel Borg og þar fengið sér eitt glas af Campari, síðar hitti hann svo Emil Guðmundsson, gefið honum í eitt glas. Eftir áfengisneyslu þessa hafði hann farið með Emil og manni að nafni Þorbjörn Aðalsteinsson út í bifreið, sem Emil hafði umráð yfir, og ekið henni, þ. e. Y 4978, fyrir Emil frá Kirkjustræti að Umferðarmiðstöðinni

og þaðan að Skólavörðustíg, þar sem Þorbjörn fór úr bifreiðinni, en svo ók ákærði henni áleiðis til Hafnarfjarðar, uns aksturinn var stöðvaður á Arnarnesinu. Hann hafði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en eigi neytt þess við aksturinn né að honum loknum.

Skýrslur voru af lögreglu teknar af Emil Guðmundssyni og Þorbirni Aðalbjörnssyni, Skólavörðustíg 24 A, Reykjavík, og voru þær í megindráttum í samræmi við framburð ákærða.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í greint sinn, mældust við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 2.37‰ alkóhóls.

Með framburði ákærða, skýrslu lögreglunnar og niðurstöðum alkóhólrannsóknar er nægilega sannað, að ákærði ók bifreiðinni í greint sinn undir áhrifum áfengis frá Kirkjustræti að Umferðarmiðstöðinni og svo að Skólavörðustíg 24 A og svo þaðan að Arnarnesi, Garðabæ.

Með atferli þessu hefur ákærði gerst sekur um brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

IV. Refsingar o. fl.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 19. apríl 1975, var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár. Með verknuðum þeim, sem lýst er í lið I og II, 1. og 3. lið, hefur ákærði rofið skilorðið samkvæmt dóminum, og verður því nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga dæmt í einu lagi refsing fyrir þar greind brot og brot þau, sem fjallað er um í máli þessu.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt 244. gr. og 247. gr. almennra hegningarlaga, 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga svo og með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin í heild fangelsi 7 mánuði.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 9. september 1976, að hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með úrskurði lögreglustjórans í Hafnarfirði.

Viggó Guðmundsson leigubifreiðarstjóri, Gyðufelli 14, Reykjavík, hefur gert kröfu til, að ákærði greiði honum kr. 2.000 sem endurgreiðslu á peningum, sem hann greiddi ákærða fyrir hina stolnu reiknivél, kr. 1.400 og kr. 600 gömul ökugjaldsskuld.

Ákærði hefur fallist á kröfu þessa, og þykir mega taka hana til greina.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði skal frá 9. september 1976 að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði Viggó Guðmundssyni, Gyðufelli 14, Reykjavík, kr. 2.000.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1981.

Nr. 161/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Helga Bjarnasyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Fjársvik. Þjófnaður. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjað er tveim dómum, öðrum uppkveðnum í sakadómi Reykjavíkur 18. febrúar 1980, en hinum uppkveðnum í sakadómi Hafnarfjarðar 13. mars s. á. Þann dóm kvað upp Guðmundur L. Jóhannesson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði. Brot þau, er síðari dómurinn fjallar um, eru framin, áður en dómur í fyrra málinu var kveðinn upp. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti.

Báðum er dómunum skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Er þess aðallega krafist af hálfu ákæruvalds, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákærum og refsing hans þyngd, en til vara, að ákærði verði sakfelldur fyrir fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir atferli það, sem um ræðir í II. lið ákæru 22. janúar 1980, sbr. áðurnefndan dóm sakadóms Reykjavíkur.

Verður undir I hér á eftir fjallað um ákæruatriði þau, er dæmd voru í sakadómi Hafnarfjarðar, en undir II um ákæruatriði þau, er dæmd voru í sakadómi Reykjavíkur.

I.

Ákæra 28. mars 1979.

Sakargiftum er lýst í hinum áfrýjaða dómi og málsatvik rakin. Hefur ákærði viðurkennt að hafa framið brot þau, sem honum eru hér gefin að sök. Í ákæru hefur misritast verðmæti bóka þeirra, sem ákærði sveik út hjá bókaforlaginu Iðunni, 63.800 krónur í stað 63.300, og ber að miða verðmæti andlags þessa brots við lægri fjárhæðina.

Varða brot þessi við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra 22. janúar 1980.

a) Sannað er með játningu ákærða og framburði Unnar Kristjánsdóttur, að ákærði hafi ófrjálsri hendi tekið 15 bækur og eina lengju af vindlingum í íbúð hennar, svo sem nánar er greint frá í dómi sakadóms Reykjavíkur.

Varðar þetta atferli ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

b) Staðfesta ber úrlausn sakadóms Reykjavíkur um sýknu af síðara ákæruatriði í ákæruskjali þessu.

III.

Refsing. Skaðabætur. Sakarkostnaður.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir.

Staðfesta ber ákvæði dóms sakadóms Hafnarfjarðar 3.

mars 1980 um greiðslu skaðabóta til bókaforlagsins Iðunnar, þó þannig samkvæmt málflutningi af hálfu ákæruvalds, að ársvextir verða 19% frá 13. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig ber að staðfesta ákvæði sama dóms um greiðslu skaðabóta til Lilju Guðmundsdóttur vegna söluturnsins Sólvallagötu 74 í Reykjavík og svo ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 18. febrúar 1980 um greiðslu skaðabóta til Unnar Kristjánsdóttur, Kárastíg 4, og Braga Kristjónssonar, Laufásvegi 54, beggja hér í borg.

Þá ber að staðfesta ákvæði beggja dómanna um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, 1.800.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði bókaforlaginu Iðunni 633.00 krónur ásamt 19% ársvöxtum frá 13. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Lilju Guðmundsdóttur vegna söluturnsins Sólvallagötu 74, Reykjavík, 175.90 krónur, Unni Kristjánsdóttur, 271.70 krónur og Braga Kristjónssyni 230.00 krónur.

Ákvæði dóms sakadóms Hafnarfjarðar 3. mars 1980 og sakadóms Reykjavíkur 18. febrúar 1980 um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars

Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.800.00 krónur.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. febrúar 1980.

Ár 1980, mánudaginn 18. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 81/1980: Ákæruvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 22. f. m., gegn Jóni Helga Bjarnasyni verkamanni, Skarðshlíð 34 E, Akureyri, fæddum 16. janúar 1951, Akureyri, „fyrir eftirtalda þjófnaði í októbermánuði 1979 í Reykjavík:

I. Með því að hafa, fimmtudaginn 4., stolið 15 bókum og vindlingalengju úr íbúð Unnar Kristjánsdóttur að Kárastíg 10.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Með því að hafa, laugardaginn 20., stolið 10.000 kr. úr bifreiðinni R 59433 við Ármúla 28.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Í máli þessu krefst Unnur Kristjánsdóttir, Kárastíg 10, þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni 27.170 kr., og Bragi Kristjónsson, Laufásvegi 54, krefst bóta að fjárhæð 23.000 kr.

1) Miðvikudagskvöldið 4. okt. f. á. fór ákærði af skemmtistaðnum Óðali ásamt öðrum manni heim til Unnar Kristjánsdóttur, Kárastíg 10. Ákærði fékk að gista í íbúð Unnar um nóttina, og varð hann eftir í íbúðinni, er Unnur fór til vinnu. Síðdegis, er Unnur kom heim, var ákærði þar enn, og hafði hann tekið nokkuð af bókum frá Unni að ófrjálsu og selt þær í fornbókaversluninni Bókavörðunni og eytt peningunum. Var hér um að ræða 8 ritverk eftir Halldór Laxness (þar af Heimsljós í 2 bindum) og Disneyrímur Þórarins Eldjárn. Fram er komið, að ákærði seldi bækur í versluninni þennan dag í tvennu lagi fyrir samtals 23.000 kr.

Til skila komust bækur þær, sem Unnur saknaði, að undanskildum Heimsljósi og Disneyrímum.

Auk þeirra bóka, sem nú hefur verið um rætt, sést af gögnum

málsins, að fornbókasalinn afhenti eftirtaldar bækur, sem hann kvaðst hafa keypt af ákærða þennan dag: Atómstöðin, Gerpla, Dagleið á fjöllum, Salka Valka, Vefarinn mikli, Íslandsklukkan (3 bd.) og Vítt sé ég land og fagurt (Guðm. Kamban) (2 bd.). Þessar bækur kannaðist Unnur ekkert við og kvað ekki vera frá sér komnar, en ákærði heldur því fram, að allar bækur, sem hann seldi þennan dag, hafi hann tekið í íbúð Unnar. Er það hulið, hvernig þessum bókum er varið.

Ákærði hefur einnig kannast við, að hann hafi tekið að ófrjálsu karton af sígarettum í íbúð Unnar og slegið eign sinni á það.

2.) Laugardaginn 20. október f. á. kærði Sigfús Sverrisson, þá Hverfisgötu 34, til lögreglunnar yfir því, að ákærði hefði þann dag stolið frá honum 10.000 kr. Kvaðst Sigfús hafa verið við Hótel Borg og verið með bíl og ákærði þá komið að máli við sig og beðið sig að aka með sig bæjarleið. Sigfús kvaðst hafa tekið ákærða í bílinn og ekið fyrst inn í Ármúla, en þar hefði hann þurft að skreppa inn í hús og ákærði orðið eftir í bílnum á meðan. Þegar hann kom út aftur, hefði ákærði verið horfinn og í ljós hafi komið, að hann hafði farið í hanskahólf í bílnum og tekið með sér 10.000 kr., sem þar hefðu verið.

Ákærði var yfirheyrður á Akureyri fyrir lögreglu 30. nóv. og játaði strax, að hann hefði slegið eign sinni á 10.000 kr., sem Sigfús átti, en greindi öðruvísi frá atvikum. Hann kvað Sigfús hafa fengið sér í hendur 10.000 kr. og beðið sig að kaupa fyrir sig tæki í bílinn. Þetta kveðst ákærði hafa tekið að sér og farið af stað með peningana, meðan Sigfús brá sér á júdóæfingu. Hins vegar hafi farið svo, að hann hafi leiðst út í að kaupa áfengi fyrir peningana í stað þess að kaupa tækið.

Við meðferð máls þessa heldur ákærði fast við þessa skýrslu. Hann hafi að vísu dregið sér umræddа fjárhæð, en ekki tekið hana sjálfur í vörslur sínar með leynd.

Ekki hefur tekist að ná til nefnds Sigfúsar til þess að bera vitni í málinu, og hefur ekki verið talið fært að fresta málinu lengur í því skyni.

Niðurstöður.

Sannað er, að ákærði hefur framið þjófnaðarbrot það, sem greint er í ákærulið I, og unnið til refsingar skv. 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ekki þykir vera sannað gegn framburði ákærða, að hann hafi tekið peninga að ófrjálsu úr bifreið Sigfúsar Sverrissonar, og verður því að sýkna ákærða af II. lið ákæru, enda þykir 118. gr.

laga 74/1974 ekki veita heimild til þess að dæma ákærða fyrir fjárdrátt þann, er hann hefur játað á sig. Heimild 118. gr. miðast við, að verknaðarlýsing ákæru sé rétt.

Um fyrri refsingu ákærða er þetta að segja:

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði tvívegis verið áminntur 1966 fyrir skjalafals. Hann hefur 1972 verið sektaður með dómssátt um 2.000 kr. sekt fyrir svikabrot. Hann var síðan dæmdur 1975 í 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað og ölvun við bifreiðarstjórn og árið 1977 verið dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, svik og ölvun við akstur.

Refsing ákærða verður ákveðin 60 daga fangelsi.

Skaðabótakröfurnar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina.

Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði greiði Unni Kristjánsdóttur 27.170 kr. og Braga Kristjónssyni 23.000 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 13. mars 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 640/1979: Ákæruvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. febrúar 1980, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 28. mars 1979, höfðað gegn Jóni Helga Bjarnasyni, Háukinn 5, Hafnarfirði, sem nú er til heimilis að Skarðshlíð 34 E, Akureyri, fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að svíkja út þann 13. júní 1978 samtals 17 bækur og 2 áspilaðar kassettur hjá bókaforlaginu Iðunni, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík, að verðmæti samtals kr. 63.300, og vísa í því sambandi á laun sín hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur án þess að vera ráðinn hjá því fyrirtæki eða eiga nokkuð þar inni. Enn fremur fyrir að svíkja út þann 2. og 3. september 1978 vörur fyrir samtals kr. 17.590 hjá söluturninum Sólvallagötu 74, Reykjavík, með því að segjast vera starfsmaður hjá fyrrnefndu bókaforlagi og fá vörurnar út á það.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 16. janúar 1951 á Akureyri, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1969 28/9 Hafnarfirði: Dómur: Sýknaður af meintum brotum gegn 202. gr., sbr. 200. gr., 1. mgr., hegningarlaga og 45. gr. og 46. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

1972 4/1 Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

1975 19/4 Hafnarfirði: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr., 18. gr., 2. mgr., 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1975 19/4 Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 19/4 1975.

1975 4/5 Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1977 6/10 Hafnarfirði: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 244., 247. gr. hegningarlaga, 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 9/9 1976.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af refsikröfum ákæruvaldsins, en til vara, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem yrði skilorðsbundin. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs.

Málavextir eru samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

I.

Þriðjudaginn 13. júní 1978 kom ákærði í bókaforlagið Iðunn, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík, og hafði tal af Jóhanni Páli Valdimarssyni, forstjóra þess, sem hann kvaðst kannast við, og vildi fá þar keyptar vörur gegn greiðslu síðar.

Ákærði hafði þá verið atvinnulaus um tíma og var orðinn peningalaus. Hann greindi Jóhanni Páli frá því, að hann hefði ekki handbæra peninga, en tjáði honum jafnframt, að hann mundi fá peninga nokkru síðar, þar eð hann ætti laun inni hjá Bæjarútgerð

Reykjavíkur, sem hann ætti að fá útborguð 16. júní á eftir, og með þeim ætlaði hann að greiða væntanlega vöruúttekt. Þá tjáði ákærði Jóhanni Páli, að faðir hans ætti um þessar mundir afmæli, og langaði hann til að gefa honum í þessu tilefni ýmsar bækur um þjóðlegan fróðleik, sem hann lofaði greiðslu á síðar, svo sem fyrr getur. Á þessum forsendum féllst Páll á, að ákærði fengi að taka út 7 bækur að fjárhæð kr. 31.500. Síðar þennan sama dag hafði ákærði enn samband við Jóhann Pál í síma og óskaði eftir að fá að taka út nokkrar bækur hjá forlaginu með sama hætti, sem hann ætlaði að gefa móður sinni, en þeirri málaleitan var hafnað. Ákærði kom þá enn sama dag í bókaforlagið og lagði þar erindi sitt fyrir Ásgeir Má Valdimarsson og sagðist hafa hug á að eignast nokkrar bækur eftir Allistair MacLean og Hammond Innes og auk þess tvær áspilaðar kassettur. Hann greindi Ásgeiri frá því, að hann hefði ekki handbæra peninga, en hélt því fram við hann sem Jóhann Pál, að hann ætti inni laun hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur og mundi hann greiða úttektina nokkrum dögum síðar, og ef hann yrði kominn út á sjó á vegum Bæjarútgerðarinnar, sagðist hann hafa gert ráðstafanir til, að reikningurinn vegna úttektarinnar yrði greiddur af bæjarútgerðinni. Jafnframt vísaði hann til fyrri úttektar um það, að hann hefði verið í reikningsviðskiptum hjá bókaforlaginu. Á þessum forsendum var samþykkt, að ákærði fengi að taka út 10 bækur og 2 kassettur, allt að fjárhæð kr. 31.800.

Ákærði kom enn á forlagið næsta dag og reyndi að fá bækur út á lánskjörum, en málaleitan hans var þá hafnað.

Skuld ákærða vegna framangreindra viðskipta, að fjárhæð kr. 63.300, var ekki greidd föstudaginn á eftir, svo sem ákærði hafði lofað, og er athugað var með að fá hana greidda hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur, var þar ekki við það kannast, að nein loforð hefðu verið gefin af bæjarútgerðinni um, að skuldin yrði greidd fyrir ákærða, né að hann væri þar starfandi.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi engin laun átt inni hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur, er viðskiptin áttu sér stað, og einnig hafi verið uppspuni, að hann hafi ætlað að gera ráðstafanir til, að reikningur hans við forlagið yrði greiddur af bæjarútgerðinni, en hann hefði hins vegar gert ráð fyrir að fá pláss á togaranum Snorra Sturlusyni, Reykjavík. Ákærði laug þessu til að fá því til leiðar komið, að honum yrðu afhentar bækurnar án greiðslu, en þær ætlaði hann svo að selja aftur til að verða sér úti um peninga til áfengiskaupa og annars þess, sem hann vanhagaði um, og

því valdi hann bækur, sem hann taldi auðseljanlegar. Bækurnar, sem hann fékk afhentar fyrr um daginn, fór hann með í fornbókaverslun á Hverfisgötu og seldi þær fyrir kr. 10.000, en hinar fór hann með í fornbókaverslun á Frakkastíg og seldi þær og fyrir kr. 10.000. Kassetturnar gaf hann. Peningunum eyddi hann svo til áfengiskaupa o. fl.

II.

Laugardagskvöldið 3. september 1978 kom ákærði í verslunina söluturninn Sólvallagötu 74, Reykjavík, og vildi hann fá að taka út tóbaksvörur o. fl. gegn greiðslu síðar. Afgreiðslustúlkan í versluninni vildi ekki lána honum væntanlega úttekt á vörum þessum. Ákærði tjáði stúlkunni þá, að hann væri starfsmaður hjá bókaforlaginu Iðunni, og gekk frekar eftir því við hana að fá vörurnar lánaðar. Hún hafði þá samband við innkaupastjóra verslunarinnar, sem heimilaði, að vöruúttektin yrði skrifuð hjá ákærða, og var það einkum vegna þess, að hann hafði ekki nema góða reynslu af viðskiptum við bókaforlagið. Ákærði tók svo út eina lengju af Winston vindlingum, greiddi kr. 1.200 í peningum, en fékk lánað kr. 2.500. Ákærði fór svo með lengjuna af Winston vindlingunum í söluturninn að Bræðraborgarstíg 29, Reykjavík, og gat selt þær þar fyrir kr. 4.700 með því að segja afgreiðslumanninum, að hann hefði keypt þær þarna í versluninni fyrr um daginn. Eftir þetta fór ákærði aftur í söluturninn að Sólvallagötu 74 og fékk keypta aðra lengju af Winston vindlingum, og laug hann því þá til, að hann hefði læst fyrri lengjuna inni í bókaforlaginu. Lengju þessa af Winston vindlingum náði ákærði að selja í Birkiturninum við Hringbraut með því að segjast hafa keypt hana í versluninni fyrr um daginn.

Kvöldið eftir kom ákærði enn í söluturninn Sólvallagötu 74 og vildi fá teknar út tóbaksvörur gegn greiðslu síðar. Við afgreiðslu í versluninni var þá innkaupastjóri hennar, Lilja Guðmundsdóttir, og vildi hún ekki í fyrstu leyfa ákærða úttektina á lánskjörum, einkum með hliðsjón af því, að henni þótti reikningur ákærða vegna úttektarinnar kvöldið áður vera orðinn nokkuð hár. Ákærði tjáði henni þá, að hann væri ásamt fleirum að vinna þetta kvöld við hljómplötuupptöku í bókaforlaginu Iðunni á nýrri hljómplötu með Megasi, og lofaði hann jafnframt að greiða úttektina kl. 1300 næsta dag. Ákærði fékk þá að taka út 1 lengju af Winston vindlingum, 1 lengju af Salem vindlingum, 1 pk af vindlingum og 1 Coca-Cola flösku, sem var skrifað hjá honum.

Winston lengjuna af vindlingunum gat hann talið afgreiðslumanninn í söluturninum Bræðraborgarstíg 29 á að kaupa á kr. 4.700, en honum gekk erfiðlega að selja Salem vindlingana, sem ekki eru jafn auðseljanlegir. Hann gat þó selt þá í söluturninum Kaplaskjólsvegi 1 með því að segja afgreiðslustúlkunni, að hann hefði keypt þá þar fyrr um daginn, en aðeins átt að kaupa einn pakka. Hún lét hann þá hafa einn pakka úr lengjunni, sem hún tók, og greiddi honum kr. 4.230 í peningum.

Ákærði var ekki starfsmaður bókaforlags Iðunnar né hafði hann verið við vinnu þar við hljómplötuupptöku greint sunnudagskvöld, og kvaðst hann hafa logið þessu til að fá lánstraust við úttekt tóbaksvaranna. Ákærði var, er hann tók út vörurnar, peningalaus og sá fram á, að hann gæti ekki greitt úttektina mánudaginn 4. september, eins og hann hafði lofað, og því hafði hann gefið upp sem símanúmer sitt 17337, en það númer hafði hann ekki, og kvaðst hann hafa gert það til þess, að ekki næðist til hans á þeim tíma, er honum bar að greiða.

Tilgangur hans með því að ná út þessum vörum var að afla sér peninga til áfengiskaupa með því að selja þær aftur, sem hann og gerði. Peningunum, sem hann fékk fyrir þær, eyddi hann til áfengiskaupa og greiðslu annarra veitinga á Hótel Loftleiðum.

III.

Niðurstöður.

Ljóst er, að ákærði með því að skýra rangt frá um eigin hag í sambandi við vöruúttektirnar, svo sem er lýst í lið I og II, kom því til leiðar, að honum voru þær afhentar á lánskjörum, og leyndi því jafnframt, að honum mundi ókleift að greiða vörurnar á umsömdum tíma. Þá hagnýtti hann sér vörurnar til að afla sér reiðufjár til eyðslu í eigin þágu.

Með verknuðum þessum hefur ákærði gerst sekur um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga.

Eftirtaldir aðiljar hafa gert kröfu til skaðabóta:

1. Bókaforlagið Iðunn, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík, kr. 63.300 ásamt dráttarvöxtum frá 13. júní 1978 til greiðsludags, 3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði 7/9 '78 (sic).
2. Lilja Guðmundsdóttir, Digranesvegi 34, Kópavogi, vegna söluturnsins Sólvallagötu 74, Reykjavík kr. 17.590.

Ákærði hefur fallist á kröfur þessar, sem er í hóf stillt, og þyk-

ir mega taka þær til greina að öðru leyti en því, að dæmdir vextir verða miðaðir við venjulega innlánsvexti í lánastofnunum að viðbættum 1% ársvöxtum.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Árna Grétars Finnssonar, sem ákveðast kr. 100.000.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði greiði bókaforlaginu Iðunni, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík, kr. 63.300 ásamt 20% ársvöxtum frá 13. júní 1978 til 1. júní 1979, 23% frá þeim degi til 1. september 1979, 28% frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% frá þeim degi til greiðsludags og söluturninum Sólvallagötu 74, Reykjavík, kr. 17.590.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Árna Grétars Finnssonar, kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1981.

Nr. 6/1978. **Ófeigur Pálsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Önnu Dóru Fanneyju Theodórsdóttur
(Hörður Einarsson hrl.).

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 6. janúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. desember 1977. Krefst hann sýknu

af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda, sem ekki hefur áfrýjað málinu, krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi greinir frá því, að málsaðiljar stofnuðu til festa haustið 1970. Hófu þau þá sambúð, er stóð allt til aprílmánaðar 1973, er þau slitu sambúðinni. Í héraðsdómi er einnig greint frá vinnutekjum hvors þeirra um sig á sambúðartímanum. Á þessu tímabili hóf áfrýjandi að reisa íbúðarhús í þarfir málsaðilja beggja. Er ágreiningslaust, að í lánsumsókn til húsnæðismálastjórnar ríkisins hafi þess verið getið, að þau væru í sambúð og að hjúskapur væri fyrirhugaður. Húsbygging þessi var skammt á veg komin, er sambúðin rofnaði, og skipti áfrýjandi á henni og bifreið, svo sem greinir í héraðsdómi. Líkur eru að því færðar, að stefnda hafi innt af hendi nokkurt fé vegna byggingarstarfsemi þessarar og unnið eitthvað við bygginguna. Þykir henni bera nokkur fjárgreiðsla vegna hlutdeildar sinnar í eign þessari, sem áfrýjandi ráðstafaði eftir sambúðarslitin. Verður niðurstaða héraðsdóms því staðfest, þó svo, að vextir reiknast aðeins frá birtingardegi stefnu 15. júlí 1974.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.000,00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vextir reiknist aðeins frá 15. júlí 1974.

Áfrýjandi, Ófeigur Pálsson, greiði stefndu, Önnu Dóru Fanneyju Theodórsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.000.00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Benedikts Siurjónssonar.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, með skírskotun til forsendna hans.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m., hefur Anna Dóra Fanney Theodórsdóttir, Réttarholtsvegi 1 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. júlí 1974, á hendur Ófeigi Pálssyni, Dynskógum 3, Egilsstöðum, Suður-Múlasýslu. Eru endanlegar dómkröfur stefnanda, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 750.000 með 9% ársvöxtum frá 16. maí 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Stefnandi, sem er fædd 7. júní 1954, hefur skýrt svo frá málavöxtum, að hún hafi verið nemandi í gagnfræðadeild Vogaskóla hér í borg, en sumarið 1970 hafi hún farið í kaupavinnu á bæ einn í Hjaltastaðaþinghá. Hafi hún þá kynnst stefnda, sem hafi búið hjá foreldrum sínum á Egilsstöðum, og hafi þau opinberað trúlofun sína um haustið. Stefndi hafi svo um haustið flust til Reykjavíkur og búið á heimili foreldra hennar, en unnið í Straumsvík. Hafi þau eftir það búið saman sem hjón væru, þar til þau slitu samvistir. Sumarið 1971 kveður stefnandi þau svo hafa flust austur að Egilsstöðum og hafi þau í fyrstu búið á heimili foreldra stefnda að Dynskógum 3. Hún hafi um tíma starfað á hóteli þar, en nokkru síðar hafi hún fengið vinnu við heimilisstörf. Hún hafi þar fengið herbergi sem hluta af launakjörum sínum og hafi stefndi flust til hennar. Stefnandi kveðst hafa verið í þessu starfi í nokkra mánuði, en er hún hætti í því, hafi hún tekið á leigu húsnæði á Egilsstöðum. Hafi stefndi flust í þetta húsnæði með henni og hafi þau greitt húsaleigu nokkurn veginn að jöfnu. Frá hausti 1971 til vors 1972 kveðst stefnandi hafa starfrækt ballettskóla fyrir börn á Egilsstöðum. Frá því í maímánuði 1972 til aprílmánaðar 1973 kveðst hún svo hafa starfað hjá Prjónastofunni Dyngju á Egilsstöðum. Stefnandi kveður þau aðallega hafa haft heimili sitt í húsnæði því, sem hún hafi tekið á leigu á Egilsstöðum. Hún hafi þar unnið öll heimilisstörf, keypt til heimilisins og venjulega greitt fæðiskostnað. Hún hafi einnig

lagt af sínu fé til fatakaupa á stefnda ekki síður en hann, en þó ekki hafi hún keypt á hann alklæðnað. Auk þess hafi hún keypt flest heimilisáhöld fyrir kaup sitt, svo sem borðbúnað, matarílát og ýmsa aðra hluti til að gera heimilið hlýlegt. Þá hafi verið keypt ný eldavél, sem hafi kostað átta þúsund krónur, og hafi þau aðiljarnir keypt hana saman. Allan þann tíma, sem þau aðiljarnir bjuggu saman, kveður stefnandi stefnda hafa unnið við byggingavinnu hjá Húsiðjunni h/f á Egilsstöðum sem nemi í húsasmíðum, en hann hafi þá fengið greitt meira en nemakaup. Hún kveður nú stefnda hafa fengið úthlutað byggingarlóð hjá Egilsstaðakauptúni. Og þegar sambúðinni lauk, hafi verið búið að steypa upp kjallara og plötu fyrir 1. hæð. Hún kveður stefnda hafa unnið mikið í byggingunni, en auk þess hafi hann fengið aðstoð föður síns og bræðra, en einnig kveðst stefnandi hafa unnið talsvert við bygginguna. Hún hafi unnið við að slá upp undir plötu. Einnig hafi hún unnið við að naglhreinsa mikið af timbri og við að tjarga grunninn. Hún kveðst hafa unnið ýmislegt fleira þarna, enda hafi það verið áhugamál sitt engu síður en stefnda að koma byggingunni áfram. Kveðst hún hafa unnið við húsið á kvöldin, eftir að hún hafi lokið vinnu á vinnustað sínum, og um helgar. Stefnandi kveður tekjur sínar fyrst og fremst hafa gengið til heimilishalds þeirra aðiljanna og hafi ekki verið mikið aflögu til að ganga til byggingarinnar. Þó hafi eitthvað af tekjum hennar farið til byggingarframkvæmdanna, en að öðru leyti hafi bygginguni verið komið upp fyrir tekjur stefnda, með lánsfé og með vinnuframlagi fyrir aðiljana. Stefnandi kveðst eitt sinn hafa látið stefnda fá peninga til kaupa á timbri, er hún hafi verið nýbúin að fá greidd laun frá Prjónastofunni Dyngju, en stefndi þá ekki haft handbæra peninga. Hún hafi því ekki átt neina peninga fyrir ferð til Reykjavíkur, er sambúð þeirra lauk. Stefnandi kveður þau aðiljana hafa ákveðið að gifta sig sumarið 1973 og hafi þau verið byrjuð að undirbúa það, meðal annars verið búin að afla sér læknisvottorða. Þau hafi sótt um lán til húsnæðismálastjórnar til byggingarframkvæmdanna veturinn 1973 og hafi stefndi þá aflað yfirlýsingar foreldra hennar þess efnis, að þau samþykktu giftinguna, en yfirlýsing þessi hafi þurft að fylgja lánsumsókn. Sambúð þeirra aðiljanna hafi svo lokið í aprílmánuði 1973 á þann veg, að stefndi hafi einn góðan veðurdag flust af heimili þeirra án nokkurs sérstaks aðdraganda eða skýringa. Hafi ekki gefist tækifæri til að ræða um aðskilnað þeirra og sé varla hægt að tala um það, að skipti hafi farið fram á milli aðiljanna á búsmunum.

Stefndi hafi verið búinn að taka sína muni úr húsnæðinu, áður en hún hafi vitað, að hann væri að fara. Sjálf kveðst stefnandi hafa farið með persónulega muni sína, fatnað sinn og búsáhöld, sem móðir hennar hafi sent skömmu áður. Stefnandi kveður stefnda eitt sinn hafa fengið peninga hjá sér til að kaupa miða í happdrættisláni ríkissjóðs, en ekki muni hún nú, hversu miðarnir voru margir. Stefnandi kveður eignir í búi þeirra aðiljanna hafa verið þessar helstar:

1. Hús í byggingu að Reynivelli 12, Egilsstöðum.
2. Miðar í happdrættisláni ríkissjóðs í vörslum stefnda.
3. Ýmiss konar húsmunir, sem aðiljarnir hafi skipt á milli sín.
4. Skuldir vegna húsbyggingarinnar hafi verið einhverjar, en nettóverðmæti byggingarframkvæmdanna hafi ekki verið undir einni og hálfri milljón.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að haustið 1970 hafi aðiljarnir opinberað trúlofun sína og hafi þau þann vetur haldið til á heimili foreldra stefnanda. Þann veturinn hafi hann unnið í Straumsvík, en stefnandi verið í gagnfræðaskóla hér í borg. Hafi hann haft kvöld- og helgarfæði á heimilinu, en hann hafi aftur á móti lagt stefnanda til vasapeninga og peninga til kaupa á fötum og til annarra persónulegra þarfa. Vorið 1971 hafi aðiljarnir svo flutt til Egilsstaða, enda hafi stefnandi þá fengið vinnu á hóteli þar. Fyrstu þrjá mánuðina hafi þau búið á heimili foreldra hans, en þá hafi stefndi tekið á leigu herbergi og greitt sjálfur húsaleiguna. Þau hafi haldið þar til í tvo mánuði. Í nóvembermánuði það ár hafi stefnandi ráðið sig sem ráðskonu á heimili á Egilsstöðum og hafi hún haft þar í laun kr. 5.000 á mánuði auk herbergis, sem þau bjuggu í. Hafi vistin staðið í fjóra mánuði. Þá hafi hann tekið á leigu stórt herbergi og hafi það verið heimili aðiljanna, þar til sambúð þeirra lauk. Sambúð þeirra aðiljanna hafi þó ekki verið samfelld framangreint tímabil, t. d. hafi stefnandi verið allan júlímánuð og allan desembermánuð 1972 í Reykjavík og hafi hann þá sent henni peninga til þess að greiða ferðakostnað austur. Sumarið 1972 kveðst stefndi hafa byrjað byggingarframkvæmdir á lóð, er sér hafi verið úthlutað, og hafi hann steypt grunn hússins þá um haustið, en 30. mars 1973 hafi húsið verið komið á það byggingarstig, að grunnurinn hafi verið steyptur og plata. Að byggingarframkvæmdum kveðst stefndi að mestu hafa unnið einn, en hann hafi notið aðstoðar föður síns og bræðra af og til. Stefnandi hafi ekkert unnið við bygginguna og hafi enga fjármuni lagt í hana, enda hafi hún haft mjög lágar

tekjur. Stefndi kveður aðiljana hafa eignast ýmsa hluti til heimilisins á sambúðartímanum. Hafi þar verið um að ræða gjafir og hluti, sem þau keyptu fyrir eigin peninga, aðallega þó fyrir tekjur hans, en hann hafi haft mikið hærri tekjur en stefnandi. Við sambúðarslitin hafi það orðið að samkomulagi með aðiljum, að stefnandi hafi fengið alla þá hluti úr innbúinu, sem hún kærði sig um, enda hafi hún lýst því yfir, að hún gerði engar frekari kröfur á hendur honum.

Vitnið Óskar Mikaelsson, sem var framkvæmdastjóri Prjónastofunnar Dyngju á Egilsstöðum á þeim tíma, sem hér er um að ræða, hefur skýrt svo frá, að það hafi oft komið fyrir, að stefnandi hafi þurft að fá laun sín greidd fyrirfram til þess að greiða kostnað við byggingarframkvæmdir, sem hún og stefndi stóðu í. Hafi þetta aðallega verið, þegar leysa þurfti út efni til byggingarinnar. Kvaðst Óskar muna eftir tveim tilvikum, er stefndi hafi komið með stefnanda, er hún hafi beðið um fyrirframgreiðslu til að leysa út efni. Þá kveðst Óskar oft hafa átt leið upp í hverfið, þar sem byggingarframkvæmdirnar voru, og hafi hann þá séð báða aðilja vera að sýsla við húsið. Hafi stefnandi sagt sér, að hún hefði verið að naglhreinsa timbur og ýmislegt annað, og hafi hann séð hana vera að raða timbri við húsið.

Kröfur stefnanda eru aðallega byggðar á því, að óumdeilt sé, að aðiljar málsins hafi búið saman, opinberað trúlofun sína og ákveðið og undirbúið stofnun hjúskapar sumarið 1973. Hvorki stefnandi né stefndi hafi átt neinar eignir, þegar þau byrjuðu að vera saman, en er samvistum þeirra lauk, hafi framkvæmdum við byggingu hússins nr. 12 við Reynivelli, sem stofnað hafi verið til með hjúskap aðiljanna fyrir augum, verið það langt komið, að nettóverðmæti þeirra hafi numið ekki lægri fjárhæð en kr. 1.500.000. Því hafi verið um að ræða verulega eignamyndun á sambúðartímanum. Hafi stefnandi lagt fram fjármagn til framkvæmdanna, er hún m. a. hafi oftar en einu sinni fengið laun sín greidd fyrirfram til að geta lagt til efniskaupa, er stefndi hafði ekki peninga. Einnig hafi stefnandi lagt til vinnu við byggingunа. Þá hafi stefnandi lagt fram mestallt til heimilishalds aðiljanna, m. a. keypt húsbúnað og búsáhöld. Þá hafi stefnandi einnig keypt föt á stefnda. Þá hafi stefnandi unnið öll heimilisstörf á heimilinu. Einnig hafi hún lagt til húsnæði að öllu leyti um tíma. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að allar eignir, sem til hafi verið í búi aðiljanna við sambúðarslit þeirra, hafi verið í óskiptri sameign þeirra og eigi þau tilkall til þeirra að jöfnu. Þar sem

stefndi hafi haldið eignunum, geri stefnandi kröfu til peningagreiðslu úr hans hendi, sem nemi áætluðu verðmæti helmings þeirra. Við þær aðstæður, sem hér eru fyrir hendi, sé heimilt að byggja slíka skiptingu á grundvelli ákvæða 90. gr. skiptalaga og sé enginn annar skiptigrundvöllur fær en helmingaskipti. Er því haldið fram í þessu sambandi, að ekki verði byggt á upplýsingum stefnda um verðmæti byggingarframkvæmdanna, þar sem þær hafi ekki verið seldar almennri sölu. Til vara er stefnukrafan byggð á því, að stefnandi eigi rétt á endurgjaldi fyrir vinnu og framlög í þágu sameiginlegs heimilishalds aðiljanna og eignarmyndunar á sambúðartímanum, enda hafi aðiljarnir búið saman sem hjón og undirbúið giftingu sína, en stefndi slitið sambúðinni af tilefnislausu.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að stefnandi hafi hvork lagt fé né vinnu í byggingarframkvæmdirnar að Reynivöllum 12. Verkið hafi að öllu leyti verið unnið af stefnda, föður hans og bræðrum. Fasteignin hafi verið skráð á nafn stefnda og hann hafi talið hana fram sem sína eign við skattframtal. Hafi stefnandi ekki með neinum hætti öðlast eignarrétt yfir henni eða hluta hennar. Þá er og mótmælt mati stefnanda á verðmæti eignarinnar og því haldið fram, að ósannað sé, að verðmæti eignarinnar hafi verið meira en fram komi hjá stefnda. Þá er á það bent, að á skattframtölum komi fram, að stefndi hafi stofnað til skulda og hafi þær að öllu verulegu stafað af byggingarframkvæmdunum. Þessar skuldir hafi stefndi tekið á sig að greiða. Þá er og á það bent, að stefndi hafi haft hærri laun en stefnandi. Er því mótmælt, að byggt verði á ákvæðum 90. gr. skiptalaga um samskipti aðiljanna. Þá er sýknukrafan einnig byggð á því, að við sambúðarslitin hafi stefnandi fengið í sinn hlut allt innbú og hafi hún jafnframt lýst yfir, að hún gerði ekki frekari kröfur á hendur stefnda. Er því og haldið fram, að við sambúðarslitin hafi stefnandi m. a. tekið hluti, sem hún hafði gefið stefnda. Hljóti að verða að líta svo á, að þeir hlutir innbúsins, sem stefnandi tók með sér og voru umfram það, sem hún aflaði, skoðist sem bein greiðsla til hennar, enda hafi það verið í samræmi við samkomulag þeirra við slit trúlofunar þeirra. Þá er því haldið fram, að taka verði mið af því, að heimilishald aðiljanna hafi verið mjög smátt í sniðum og hafi þau notið ýmislegrar fyrirgreiðslu foreldra stefnda, m. a. þvotta og fæði, á meðan þau störfuðu bæði utan heimilisins. Af hálfu stefnda er því sérstaklega mótmælt, að nettóverðmæti byggingarframkvæmdanna hafi numið kr. 1.500.000.

Heldur hafi það verið réttilega metið á kr. 350.000, en sú fjárhæð komi fram á skattframtali stefnda, enda hafi verðmæti bifreiðarinnar, sem stefndi fékk í staðinn, ekki verið meira.

Undir rekstri málsins hefur komið fram, að ágreiningslaust er með aðiljum, að ástand byggingarframkvæmdanna að Reynivöllum 12 á Egilsstöðum hafi verið þannig við samvistarslit aðiljanna, að búið hafi verið að steypa plötu fyrir 1. hæð og undir henni kjallara á helmingi af grunnfleti hússins.

Samkvæmt skattframtölum stefnanda árin 1973 og 1974 námu tekjur hennar árið 1972 kr. 132.842 og árið 1973 kr. 270.118. Frádráttarliðir fyrra árið námu kr. 24.433 og síðara árið kr. 57.486. Af síðara framtalinu kemur einnig fram, að stefnandi hafi hinn 9. október 1973 keypt notaða bifreið, en einnig stofnað til skuldar að fjárhæð kr. 70.000.

Samkvæmt skattframtölum stefnda árin 1972, 1973 og 1974 námu tekjur hans árið 1971 kr. 258.822, árið 1972 kr. 351.913 og 1973 kr. 405.314. Frádráttarliðir námu kr. 60.565 fyrsta árið, kr. 42.795 næsta ár og kr. 20.535 síðasta árið. Í skattframtalinu 1973 kemur fram, að samkvæmt meðfylgjandi húsbyggingarskýrslu hafi stefndi byrjað byggingu húss á Egilsstöðum hinn 1. júní 1972. Sé hús þetta fjögur herbergi og eldhús, alls 250 m^3. Kemur og fram, að í árslok 1972 hafi stefnandi verið búinn að leggja í bygginguna samtals kr. 366.216, þar með talin eigin vinna hans. Einnig kemur fram, að stefndi hafi á sama ári stofnað til skulda við banka og fyrirtæki, samtals að fjárhæð kr. 180.988. Í skattframtali árið 1974 kemur fram, að stefndi hafi með afsali, dags. 17. júlí 1973, skipt við Helga Garðarsson á húsgrunninum að Reynivöllum 12 og bifreið af gerðinni Pontiac árgerð 1969 og hafi söluverð verið kr. 350.000. Samkvæmt framtalinu námu skuldir stefnda í árslok 1973 kr. 75.300.

Hér að framan hafa verið raktar skýrslur aðilja um sambúð þeirra. Er ágreiningslaust, að þau höfðu heitið hvort öðru eiginorði. Kemur og fram, að aðiljarnir hafi fyrst í stað búið á heimilum foreldra þeirra. Síðar hafi þau búið í húsnæði, sem stefnandi fékk með vinnu, sem hún stundaði, síðar í húsnæði, sem stefnandi greiddi leigu fyrir, en að lokum hafi þau búið í húsnæði, sem þau hafi greitt leigu fyrir að jöfnu. Ekki er unnt að fallast á það með stefnanda, að unnt sé að líta svo á, að samband aðiljanna hafi verið þess eðlis eða vinnuframlag hennar og fjárframlög hennar í þágu stefnda hafi verið slík, að stofnast hafi með þeim félagsbú og að hún hafi við samvistarslitin átt kröfu til, að

sameiginlegar eignir þeirra kæmu til skipta milli þeirra samkvæmt 90. gr. skiptalaga, og þar sem skipti hafi ekki farið fram eigi stefnandi fjárkröfu á hendur stefnda um helming eignanna. Gegn andmælum stefnda verður og að telja ósannað, að stefnandi hafi lagt fram fé í þágu stefnda eða vinnu til byggingarframkvæmdanna. Hins vegar þykir mega líta svo á, að stefnandi hafi með vinnu við sameiginlegt heimilishald lagt til vinnuframlag í þágu stefnda og að við aðstæður þær, sem sköpuðust, er stefnandi flutti í burtu, eigi stefnandi rétt á greiðslu endurgjalds fyrir það vinnuframlag. Þykir endurgjald þetta hæfilega ákveðið kr. 80.000. Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 9% ársvöxtum frá 16. maí 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 40.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ófeigur Pálsson, greiði stefnanda, Önnu Dóru Fanneyju Theodórsdóttur, kr. 80.000 með 9% ársvöxtum frá 16. maí 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. febrúar 1981.

Nr. 109/1980. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Sigvalda Jónssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða, og er brot hans réttilega talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. og 72. gr. sömu laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Taka ber bótakröfu Landsbanka Íslands til greina þannig, að frá höfuðstól, 3.320.00 krónum (nýkr.), dragist 155.00 krónur (nýkr.). Dæma ber því ákærða til að greiða Landsbanka Íslands 3.165.00 krónur (nýkr.) með vöxtum frá 31. desember 1979 til greiðsludags. Vextir ákveðast samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979, 43.5% á ári frá 31. desember 1979 til 1. júní 1980 og 46% á ári frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.800.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 1.800.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Ákærði, Sigvaldi Jónsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands 3.165.00 krónur ásamt 43.5% ársvöxtum frá 31. desember 1979 til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 1.800.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. mars 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 19. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 185/1980: Ákæruvaldið gegn Sigvalda Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 11. þ. m., gegn Sigvalda Jónssyni vélskólanema, Bollagötu 6, nú Miklubraut 60, fæddum 21. júní 1948 í Reykjavík, „fyrir þjófnað og fjársvik samkvæmt 244. og 248. gr., sbr. að nokkru 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að stela þann 30. desember 1979 seðlaveski með kr. 12.000 í og bankabók nr. 153696 við Landsbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, þar sem ákærði var staddur í íbúð að Mánagötu 20 í Reykjavík, og taka heimildarlaust út úr bókinni í bankanum daginn eftir kr. 332.000 og reyna síðan að taka út úr henni kr. 560.000 í útibúinu á Selfossi þann 3. janúar 1980, en var þá handtekinn.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Hinn 30. des. 1979 var ákærði staddur í íbúð Ottós Ryel, Mánagötu 20, ásamt fleira fólki, m. a. Kjartani Bjarnasyni, Elliheimilinu Grund. Þykir sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi tekið þar að ófrjálsu seðlaveski Kjartans ásamt sparisjóðsbók hans. Í veskinu voru 12.000 kr. í peningum skv. tilkynningu Kjartans, og ákærði kannast við, að eitthvað hafi verið af peningum í veskinu, en hann ekki talið þá. Ákærði fór næsta dag í Landsbankann og tók 332.000 kr. út úr bankabókinni. Hann ritaði rétt nafn sitt undir úttektarnótuna. Gerði hann sér síðan glaðan dag um áramótin. Hinn 3. janúar kom hann í útibú Landsbankans á Selfossi og hugðist taka út úr bókinni 560.000 kr. og hafði ritað úttektarnótu, en þarna var ákærði handtekinn. Hann hafði glatað veskinu, en 15.500 kr., sem hann hafði á sér, voru afhentar Kjartani Bjarnasyni, sem hefur lýst yfir því, að hann geri ekki frekari kröfur. Landsbankinn hefur krafist þess,

að ákærði verði dæmdur til þess að greiða bankanum 332.000 kr. ásamt 4.5% mánaðarvöxtum frá 31. des. 1979 til greiðsludags, þó að frádregnum 15.500 kr.

Ákærði tók veskið með peningunum og bankabókinni og sló eign sinni á verðmæti þessi. Hefur hann þannig brotið gegn 244. gr. alm. hegningarlaga. Úttekt á innstæðu úr bankabók þeirri, er hann hafði aflað með þjófnaðarbroti, er hins vegar ekki sjálfstætt brot, og verður ákærði því ekki dæmdur fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

Ákærði varð 1964 uppvís að brotum gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

11. ágúst 1965 5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.

31. jan. 1966 5 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

27. okt. 1966 30 daga fangelsi (hegningarauki) fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarbrot.

26. jan. 1968 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

18. sept. 1968 30 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot og tilraun til nytjastuldar.

19. sept. 1968 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarbrot.

14. apríl 1971 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn hegningarlögum og 25. gr. umferðarlaga.

10. maí 1971 3 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.

5. nóv. 1973 4 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.

19. mars 1975 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot.

9. júní 1976 6 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.

16. febr. 1977 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.

2. okt. 1978 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

29. nóv. 1979 30 daga fangelsi fyrir þjófnað.

Auk þessara dóma, sem allir eru kveðnir upp hér í Reykjavík, var hann 1970 dæmdur í 2 mánaða fangelsi í Svíþjóð.

Ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður, og verður refsing hans með hliðsjón af 71., 72. og 255. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Fjárkrafa Landsbanka Íslands verður tekin til greina.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigvaldi Jónsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands 332.000 kr. ásamt 4.5% mánaðarvöxtum frá 31. des. 1979 til greiðsludags, allt að frádregnum 15.500 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 13. febrúar 1981.

Nr. 43/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Runólfi Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. febrúar 1981, sem barst Hæstarétti 10. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

7. febrúar 1981.

Ár 1981, laugardaginn 7. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, er háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

1. Þann 16. janúar sl. voru handteknir hér í borg þeir Bjarni Harðarson, fæddur 17. febrúar 1957, og Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, en þeir eru grunaðir um innflutning og dreifingu fíkniefna hérlendis. Nefndur Pétur var sama dag og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum, en nefndur Bjarni var daginn eftir úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum.

Ofangreindir aðiljar, Pétur og Bjarni, reka umboðsskrifstofu fyrir hljómsveitir og aðra skemmtikrafta í einu herbergi á heimili Bjarna að Hverfisgötu 106 A hér í borg. Við húsleit, sem fram fór í íbúð nefnds Bjarna í framhaldi af ofangreindri handtöku, fundust fíkniefni og tæki tengd meðferð slíkra, svo sem lítilræði af amfetamíndufti ætluðu og ætluð hassolía, vegin í umbúðum, nánar plasttappa, 2.7 gr. Nefndur Bjarni, er viðstaddur var húsleit, kvaðst eigandi ofangreindra efna og gaf þá skýringu á hassolíunni, að hann hefði keypt hana af félaga sínum Pétri á nefndri umboðsskrifstofu kvöldið áður, en kvaðst ekki vita, hvaðan Pétur hefði fengið hassolíuna.

Þá fundust í nefndri íbúð, og nánar í geymsluherbergi innan af skrifstofu umboðsfyrirtækis, fíkniefni, nánar:

a) Ætluð hassolía í 6 stk. plasttöppum, vegin í umbúðum alls 14.1 gr.
b) Ætluð hassolía í umbúðaplasti, glæru, vegin í umbúðum alls 1.9 gr.

Ofangreindur Bjarni neitaði að hafa haft vitneskju um ofangreinda hassolíu, er um getur í liðum a og b hér að ofan. Við frekari leit í nefndri skrifstofu fannst meira magn svonefnds amfetamíndufts, er nefndur Bjarni kannaðist ekki við að eiga.

Ofangreindur Bjarni afneitaði að hafa haft afskipti af dreifingu fíkniefna í fyrstu, en tók síðar að lýsa verulegum innflutningi slíkra í félagi við nefndan Pétur. Er líða tók að lokum afmarkaðs gæsluvarðhaldstíma nefnds Bjarna, breytti hann verulega framburði sínum og lýsti hér í dómi og hjá lögreglu 5. þ. m. stórfelldri dreifingu sinni á fíkniefnum og móttöku sinni á slíkum frá nafngreindum aðiljum.

Nefndur Bjarni kvaðst í september sl. hafa keypt hassolíu af Runólfi Þór Jónssyni og aðdragandi að þeim viðskiptum verið sá, að nefndur Runólfur hafi boðið sér hassolíuna til kaups. Kvaðst Bjarni hafa móttekið alls 30 gr af hassolíu frá Runólfi. Hafi tvær afhendingar farið fram á heimili sínu, en ein á vinnustað Bjarna,

nánar í versluninni Tónkvísl. Hafi Runólfur afhent sér 10 gr í hverri afhendingu og hassolían verið í getnaðarverjum. Bjarni kvað skilaverð til Runólfs hafa verið gkr. 25.000 fyrir hvert gramm, en sjálfur hafa endurselt hvert gramm á gkr. 30.000 og að mestu tveimur nafngreindum aðiljum, er nú sæta hér gæsluvarðhaldi vegna viðameira fíkniefnamisferlis, er tengist rannsókn þessari.

Við nefnda yfirheyrslu hér í dómi lýsti nefndur Bjarni einnig því yfir, að hann vissi, að hassolía sú, er fannst við húsleit á heimili sínu, eins og áður er rakið, og Pétur áðurnefndur eigi, sé komin frá nefndum Runólfi Þór, er hafi flutt hassolíuna hingað til lands í getnaðarverjum, er hann hafi gleypt fyrir brottför hingað til lands. Kvaðst hann vita til, að Runólfur hefði á sl. ári farið þrjár slíkar innflutningsferðir. Nefndur Bjarni kvaðst ekki reiðubúinn að skrifa undir framburð síðastnefnt varðandi af ótta við nefndan Runólf.

Ofangreindur Pétur Blöndal Gíslason, er sætir gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, hefur stöðugt haldið fram sakleysi sínu og neitar að hafa haft nokkur afskipti af fíkniefnum. Hann neitar að hafa haft nokkra vitneskju um þau fíkniefni, er fundust á heimili margnefnds Bjarna og umboðsskrifstofu, en kvaðst þó ekki telja aðra koma til greina en þá tvo þau varðandi. Í tékkhefti, er fannst í vörslum Péturs við handtöku þann 16. janúar sl., en heftið er á Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibú, Reykjavík, þá má sjá á yfirliti yfir fjármagnshreyfingar, er ritaðar eru af Pétri, fremst í tékkheftinu, að þann 14. janúar sl. hafi hann lánað „Runna" nýkr. 1.225 og sama dag innborgun frá „Runna" sama upphæð. Tékki sá, sem ofangreint lán var veitt með, er samkv. yfirliti ofangreindu nr. 133681. Margnefndur Runólfur Þór Jónsson er af kunningjum vanalega kallaður Runni, en nefndur Pétur og Runólfur hafa um árabil umgengist mikið og taldir góðir kunningjar.

2. Fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík hafa ítrekað borist ábendingar um ætlað fíkniefnamisferli Runólfs Þórs Jónssonar og tíðar utanferðir hans í því sambandi.

Samkvæmt upplýsingum, er bárust lögreglu 23. ágúst sl., kom nefndur Runólfur hingað til lands 18. ágúst sl. og Runólfur þá skömmu áður haldið utan til fíkniefnakaupa og þá áformað að smygla fíkniefnum hingað til lands með því að gleypa þau.

Samkvæmt upplýsingum tollgæslu á Keflavíkurflugvelli kom nefndur Runólfur enn flugleiðis hingað til lands 29. ágúst sl.,

og var þá leitað á honum án árangurs að fíkniefnum. Þá kom nefndur Runólfur enn hingað til lands flugleiðis 1. eða 2. nóvember sl. og þá enn leitað fíkniefna á Runólfi án árangurs, en tollgæsla býr ekki yfir tækjum eða tiltækum ráðum til leitar fíkniefna, er leynt er í meltingarvegi.

3. Þann 7. janúar sl. var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík Sigurbjörn Sigurbjörnsson, fæddur 3. nóvember 1958, og lýsti hann þá ítarlega fíkniefnaviðskiptum sínum við ofangreindan Pétur Blöndal Gíslason, er hann kvað standa í umfangsmikilli dreifingu fíkniefna hérlendis ásamt nefndum Bjarna Harðarsyni. Kvað hann þar bæði vera um að ræða kannabisefni og svonefnt speed eða amfetamínduft. Lýsti hann margítrekuðum kaupum sínum á fíkniefnum af nefndum Pétri og nú síðast í desember sl. Lýsti nefndur Sigurbjörn og nafngreindi ýmsa aðilja, er hann kvað tengjast fíkniefnadreifingu nefnds Péturs. Hefur framburður nefnds Sigurbjörns reynst trúverðugur og í ýmsum atriðum staðfestur af nefndum Bjarna Harðarsyni. Nefndur Sigurbjörn kvað margnefndan Pétur Blöndal eiga samskipti með fíkniefni við forráðamenn pizzuveitingastaðar við Grensásveg hér í borg, en stað þeim veitir forstöðu Ólafur Þór Jónsson, sem margítrekað hefur komið við sögu í fíkniefnaviðskiptum hér áður fyrr, en hans nánasti samstarfsmaður við pizzuframleiðsluna er ofangreindur Runólfur Þór Jónsson. Samkvæmt gögnum fíkniefnadeildar starfa við nefnt pizzufyrirtæki nokkrir gamalreyndir fíkniefnamenn, sem ekki þykir ástæða til að nafngreina í þessu sambandi.

Nefndur Sigurbjörn kvaðst um mánaðamót nóv.-des. sl. hafa farið með Pétri Blöndal á nefndan pizzuveitingastað og þar verið fyrir einhverjir eigendur staðarins og þeir verið við hassneyslu. Jafnframt hafi nefndur Pétur haft meðferðis hassmola, er farið hafi til sameiginlegrar neyslu á staðnum. Hafi nefndur Pétur átt einslega viðræður við einn ofangreindra aðilja. Sigurbjörn kvaðst síðar hafa haldið ásamt Pétri á heimili hans við Drekavog og Pétur þá dregið upp hvítt duft, er hann hafi sagt vera cocain, og þeir haft til neyslu á staðnum. Kvaðst Sigurbjörn telja, að Pétur hefði fengið nefnt efni hjá ofangreindum aðilja á pizzuveitingastað við Grensásveg.

4. Ofangreindur Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956, til heimilis að Eiríksgötu 13 hér í borg, var handtekinn sl. fimmtudag kl. 1515 á vinnustað, nánar pizzugerðinni Pitzano, sem er til húsa að Grensásvegi 7 hér í borg, og virtist hann undir áhrifum

áfengis. Við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu neitaði Runólfur öllum fíkniefnaafskiptum.

Aðspurður um utanlandsferðir sínar á árinu 1980 og þessu ári þá kvað hann þær 5—6, en þær með engu móti tengdar fíkniefnaviðskiptum og þær kostaðar af uppsöfnuðu fé, er hann upphaflega hafi ætlað til annarra nota. Að lokinni yfirheyrslu var nefndur Runólfur færður í fangageymslu, og er leita átti á honum, stakk hann upp í sig og gleypti lítinn mola, er starfsmenn fíkniefnadeildar telja skv. útliti hafa verið hassefni. Nefndur Runólfur var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild í gær og bar á sama veg. Að lokinni yfirheyrslu hér í dómi sama dag fór Runólfur Þór ásamt lögreglumönnum á heimili sitt að Eiríksgötu 13, en hann hafði heimilað þar leit að sakargögnum. Í skýrslu lögreglu kemur fram, að þeim hafi virst á ummerkjum í íbúð Runólfs, að þar hafi verið leitað, áður en þeir komu þangað. Í nefndri íbúð fundust ætluð fíkniefni og hlutir tengdir notkun slíkra og nánar sem hér segir:

1) 1 gr kannabisfræ, ætluð, í eldspýtustokk.
2) Heimavafinn vindlingur með ætluðum hassleifum.
3) Silfurdós með ætluðum kannabisleifum, er gáfu jákvæða svörun fyrir kannabis við prófun.

Við yfirheyrslu hér í dómi í gær bar nefndur Runólfur á sama veg og hjá lögreglu, neitaði öllum fíkniefnaviðskiptum og kvaðst sl. ár hafa farið 5 sinnum erlendis, oftast til Kaupmannahafnar, en þess utan ferðast um alla Evrópu. Í nýlegu vegabréfi Runólfs, útgefnu 24. nóv. 1980, er fannst við nefnda húsleit, kemur fram, að Runólfur fór til New York 2. des. sl.

NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er nefndur Runólfur borinn sökum um innflutning og dreifingu fíkniefna, en hann neitar sökum. Á heimili hans fundust leifar kannabis, ætlaðra, og grunur leikur á, að Runólfur hafi eftir handtöku gleypt ætlaðan hassmola, og ýmislegt bendir til þess, að samband sé á milli Runólfs og fíkniefnaviðskipta aðilja, er koma við sögu í rannsókn þessari. Þá þykja tíðar utanferðir Runólfs grunsamlegar. Runólfur hefur margítrekað komið við sögu sem innflytjandi og sölumaður verulegs magns fíkniefna hérlendis. Ljóst er, að rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli Runólfs er á algeru frumstigi, og eftir er að yfirheyra ýmsa aðilja vegna þessa. Þá þykir samprófun við Bjarna Harðarson ekki tímabær. Þykir því nauðsynlegt í þágu rann-

sóknar máls þessa að tryggja, að Runólfur nái ekki að tefja eða torvelda rannsókn, og er af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík krafist gæsluvarðhalds yfir honum í þágu rannsóknarinnar.

Verið er að rannsaka ætluð brot Runólfs Þórs gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Runólfi Þór að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmarkað sem allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956 í Reykjavík, til heimilis að Eiríksgötu 13, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1981.

Nr. 110/1980. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Hermanni Bridde
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Ákæra fyrir verðlagsbrot. Fyrning sakar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Ákærði var sakaður um verðlagsbrot með kæru verðlagsstjóra til verðlagsdóms Reykjavíkur 12. desember 1974. Málið var tekið til rannsóknar í verðlagsdómi 18. s. m., og var

ákærði þá yfirheyrður. Ákæra var gefin út 18. apríl 1975 og birt ákærða í verðlagsdóminum 7. maí s. á. ásamt öðrum skjölum málsins. Hinn 28. s. m. var ákærða skipaður verjandi. Vitnaleiðsla fór fram í málinu í verðlagsdóminum 4. júní 1975. Í því þinghaldi óskaði verjandi ákærða eftir, að framkvæmdastjóri Landssambands bakarameistara, sem heima átti í Reykjavík, yrði kvaddur fyrir dóminn sem vitni. Næst var málið tekið fyrir í verðlagsdóminum 6. maí 1977. Á því dómþingi gerðist það eitt, að lagt var fram afrit af bréfi dómsins til skattstofu Reykjavíkur, dagsett sama dag, svo og nokkur skjöl, sem virðast hafa verið komin í hendur dóminum þegar í júní 1975. Aftur var þingað í málinu 18. maí 1977. Voru þá lögð fram skattframtöl ákærða 1975 og 1976, sem um hafði verið beðið með fyrrgreindu bréfi til skattstofunnar. Ekki gerðist annað á dómþingi þessu. Síðan var ekki þingað í málinu fyrr en 8. nóvember 1978, en þá var loks tekin skýrsla af vitni því, er verjandi ákærða hafði óskað eftir 4. júní 1975, að kæmi fyrir dóminn. Þetta þinghald hafði verið tilkynnt verjanda ákærða með bréfi dómsins 25. október 1978.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, liðu tæp tvö ár, frá því að rannsókn málsins féll niður 4. júní 1975 þar til það var tekið fyrir í dómi tvisvar sinnum í maí 1977 til að leggja fram skjöl þau, sem áður getur. Síðan leið tæplega eitt og hálft ár, uns málið var tekið fyrir að nýju, án þess að séð verði, að neitt hafi verið unnið að rannsókn þess þann tíma.

Hin löngu hlé, sem urðu á dómprófum máls þessa bæði fyrir og eftir að dómþingin 6. og 18. maí 1977 voru háð, áttu ekki rót að rekja til þess, að sakborningur kæmi sér undan rannsókn. Þegar framangreindur rannsóknarferill er virtur, verður að telja sök fyrnda samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 3.500.00 krónur (nýkr.).

Víta ber hina óhæfilegu meðferð máls þessa í héraði.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Bridde, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 20. júlí 1979.

Ár 1979, föstudaginn 20. júlí, er í verðlagsdómi Reykjavíkur, sem haldinn er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 262/1979: Ákæruvaldið gegn Hermanni Bridde, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 18. apríl 1975, gegn „Hermanni Bridde bakarameistara, Egilsgötu 12 í Reykjavík, fæddum þar í borg 16. maí 1927, fyrir verðlagsbrot með því að hafa eftir 31. október 1974 selt í bakarii sínu að Háaleitisbraut 58-60 í Reykjavík snúða á kr. 20.00 hvert stykki í stað kr. 16.00, sem var hámarksverð samkvæmt verðlista Landssambands bakarameistara, samþykktum af verðlagsstjóra 31. október 1974, og runnstykki m/birki á kr. 15.00 í stað kr. 10.00, sem var hámarksverð samkvæmt sama verðlista.

Telst þetta varða við 3. gr., sbr. 4. gr., sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra nr. 39 30. október 1974, sbr. áðurnefndan verðlista Landssambands bakarameistara 31. október 1974, og 11. gr., sbr. 12. gr. bráðabirgðalaga nr. 88 24. september 1974 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku ólöglegs ágóða samkvæmt 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum samkvæmt sakavottorði frá 4. f. m. sem hér greinir:

1944 27/11 í Reykjavík: Sátt, 15 kr. sekt fyrir brot á reglum um einstefnuakstur og ljósleysi á reiðhjóli.

1948 20/3 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir óleyfilegt bifreiðastæði.

1954 3/5 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 30. gr. lögreglusamþykktar.
1958 3/3 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1959 30/6 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1961 16/3 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
1965 13/5 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
1968 13/8 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 4., 5. og 65. gr. umferðarlaga.
1972 7/4 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir verðlagsbrot, 3. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.

Í kærubréfi verðlagsstjóra, dagsettu 12. desember 1974, segir: „Með tilkynningu Nr. 39/1974, dags. 30. okt. sl., auglýsti verðlagsnefnd nýtt hámarksverð á brauðum, vínarbrauðum og tvíbökum, jafnframt var verðlagsstjóra falið að leyfa nýtt verð á öðrum tegundum brauða og kökum í samræmi við hækkun þá, er leyfð var á hámarksverðinu, og fékk Landssamband bakarameistara nýjan verðlista samþykktan 31. október s.l.

Verðlagseftirlitinu fóru að berast kvartanir um það, að bakarið Háaleitisbraut 58-60, eigandi Hermann Bridde, seldi snúða á kr. 20.00 pr. stk. í stað kr. 16.00 og rúnnstykki m/birki á kr. 15.00 pr. stk. í stað kr. 10.00, eins og verðlistinn segir til um. Eftirlitsmenn vorir hafa ítrekað áminnt eigandann um að fara eftir auglýstu verði, án árangurs, þar sem stöðugt bárust kvartanir til verðlagsskrifstofunnar, því fóru tvær stúlkur frá eftirlitinu þann 11. des. s.l. til að sannreyna verð og keyptu þar tvo snúða og var gert að greiða fyrir þá kr. 40.00 í stað kr. 32.00 og tvö rúnnstykki m/birki á kr. 30.00 í stað kr. 20.00, sem var hæst leyfilegt verð. Hefur nefnt bakarí því selt á ólöglegu verði, frá því að verðlistinn var samþykktur og til dagsins í dag, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar".

Bréfið barst formanni dómsins í hendur 16. s. m. Tveim dögum síðar, eða 18. þ. m., var ákærði kallaður fyrir dóm.

Ákærði kvaðst mótmæla báðum kæruatriðunum sem röngum og skýrði síðan svo frá, að eftir gildistöku verðskrárinnar frá 31. október s. á. hefðu verið á boðstólum í bakaríi hans snúðar með sykri á kr. 16.00, snúðar, sem væru allt að 100 g í stað 45—50 g, sem verðskráin gengi út frá. Einnig kvaðst ákærði hafa sam-

kvæmt ósk viðskiptavina sinna til sölu snúða með súkkulaði fyrir kr. 20.00. Ákærði sagði súkkulaðið dýrt, eða kosta kr. 43.70 hver 100 gr. Í hvern snúð færu 5 g, sem kostuðu um 2 kr., auk þess sem hann hefði kostnað af vinnu og öðru við lögun súkkulaðibráðinnar. Ákærði kannaðist ekki við að selja „rúnnstykki með birki", heldur birkibrauð, sem væru 83 g að þyngd í stað 42 g, sem áðurgreindur verðlisti gerði ráð fyrir og kostuðu 9 kr. stykkið. Að lokum kannaðist ákærði við, að eftirlitsmenn frá verðlagsstjóra hefðu haft samband við sig og hefði hann reynt að benda þeim á framangreindar staðreyndir varðandi þyngdir.

Eftir að ákæran var birt í dómi 7. maí 1975, lýsti ákærði því yfir, að hann teldi sig ekki hafa framið verðlagsbrot, þar sem hann teldi, að viðskiptavinir sínir hefðu borið meira úr býtum en gert var ráð fyrir í verðlagsákvörðun yfirvalda, sem miðuðu verðákvörðun sína við ákveðna þyngd frá viðmiðun árið 1951 eða 1953, en þessar vörur væru þyngri hjá sér. Ákærði kvaðst hafa haldið áfram að selja snúða á kr. 20 til 1. s. m., er söluskattur var afnuminn og „hefðbundna verðlagssnúða" á kr. 16.00. Ákærði kvaðst ekki, eftir að hann sótti dómþing 18. desember 1974, hafa selt venjuleg rundstykki (súpurundstykki), nema eftir pöntunum svo og á sunnudögum og þá á kr. 9 pr. stykki. Ákærði kvaðst ekki muna, á hvaða verði hann hefði selt birkibrauð, eftir að hann kom síðast fyrir dóm.

Ákærði kvaðst ekki geta með nokkru móti sagt um, fyrir hve háa upphæð hann hefði selt snúða með súkkulaði á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí. Ekki gat hann heldur sagt til um, fyrir hvað háa upphæð hann hefði selt birkibrauð á sama tímabili.

Þeir tveir starfsmenn verðlagsskrifstofunnar, sem gerðu á sínum tíma könnun hjá ákærða, komu báðir fyrir dóm 4. júní s. á.

Vitnið Sigríður Inga Sturludóttir ritari, Borgarholtsbraut 36, Kópavogi, fædd 16. júní 1954 í Reykjavík, minntist þess að hafa í næstliðnum desembermánuði farið í eftirlitsferð í bakarí ákærða ásamt Þóreyju Sigurðardóttur. Þær keyptu þar snúða og rundstykki. Ekki mundi vitnið, hvaða verð þeim var gert að greiða, en það var hærra en leyfilegt var. Ekki mundi vitnið, hvort á boðstólum voru fleiri en ein tegund af snúðum eða hvað var ofan á þeim. Ekki minntist vitnið þess, að rundstykkin hefðu verið öðruvísi en gerðist og gengi í bakaríum borgarinnar. Vitnið sagði, að beðið hefði verið um rundstykki með birki.

Verjandi ákærða hafði við vitnaleiðsluna meðferðis 6 tegundir af smábrauði og rundstykkjum og óskaði eftir, að vitnið væri

spurt, hvort það gæti bent á þá tegund, sem keypt var. Ekki gat vitnið það.

Þórey Sigurðardóttir eftirlitsmaður, Holtsgötu 24, fædd 19. janúar 1934 í Arnarfirði, kvaðst hafa farið í eftirlitsferð í bakarí ákærða ásamt vitninu Sigríði Sturludóttur næstliðinn 11. desember. Þær keyptu þar 2 snúða og var gert að greiða fyrir þá kr. 40.00 í stað kr. 32.00 og tvö rundstykki með birki, sem þeim var gert að greiða fyrir kr. 30.00 í stað kr. 20.00. Vitnið mundi ekki, hvað var ofan á snúðunum eða hvort á boðstólum voru fleiri tegundir af snúðum. Rundstykkin með birkinu kvað vitnið hafa verið eins og önnur slík stykki með birki í öðrum bakaríum. Ekki gat vitnið sagt til um, hvert ofangreindra 6 brauða það keypti hjá ákærða, en kvaðst örugglega geta útilokað það allra minnsta.

7. maí 1975 ritaði dómurinn verðlagsstjóra svohljóðandi bréf:

„Með bréfi, dagsettu 12. desember s.l., var dóminum send kæra á bakarí ákærða í framangreindu máli vegna of hás verðlags á snúðum og runnstykkjum með birki. Með kærunni fylgdu tveir verðlistar Landssambands bakarameistara, dagsettir 1. og 31. október 1974, sem samþykktir hafa verið af verðlagsyfirvöldum. Listar þessir bera ekki með sér, sbr. hins vegar tilkynning yðar um verð á brauðum nr. 32/1974, hvort gengið er út frá tiltekinni þyngd á þargreindum vörutegundum, sem verðið er miðað við. Þess vegna er óskað upplýsinga um, hvort svo sé og hver sú þyngd sé. Einnig er óskað upplýsinga um, hvort sama regla gildi um snúða og runnstykki með birki og brauð, að séu þessar vörutegundir bakaðar með annarri þyngd en gengið er út frá, megi verðleggja þær í hlutfalli við skráð verð á framangreindum verðlistum. Loks er vegna framburðar ákærðu óskað eftir upplýsingum um, hve þung snúðar þeir og runnstykki voru, er verðlagseftirlitsmenn keyptu 11. desember s.l. í bakaríi ákærða að Háaleitisbraut 58-60".

Verðlagsstjóri svaraði bréfinu 9. s. m., og í því segir:

„Brauðvörur þessar voru óháðar verðlagsákvæðum fram að verðstöðvun 1970, en eftir þann tíma var óheimilt að hækka þær, nema með leyfi verðlagsnefndar og fylgdu þá jafnan sömu prósentuhækkun, sem leyfð var hverju sinni á hámarksverði brauða. Á meðan nefndar vörur voru verðlagðar af bökurunum sjálfum, var ekki tekið fram um ákveðna þyngd, heldur voru verðin ákveðin pr. stykki, og hefur sú regla gilt hingað til, og því ekki um ákveðna þyngd að ræða, og lét verðlagseftirlitið því

ekki vigta umræddar vörur, enda minntist eigandinn ekki á það við eftirlitsmennina, að margnefndir snúðar og runnstykki væru sérstaklega þungir, heldur hélt hann því fram að þeir væru betri að gæðum hjá sér heldur en hjá öðrum framleiðendum".

Í málinu hafa verið lögð fram ljósrit af bréfi verjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns, til verðlagsstjóra svo og svarbréf verðlagsstjóra.

Bréf verjanda inniheldur 6 spurningar varðandi málið og bréf verðlagsstjóra svar við þeim. Spurningarnar og svörin eru á þessa leið

1. „Hvernig er undirbúningi að gerð listanna háttað?"

Svar: „Þegar verðlagsnefnd hefur samþykkt nýtt hámarksverð á brauðum og annarri framleiðslu bakara, sem er með auglýstu hámarksverði, er jafnframt samþykkt að heimila sömu prósentuhækkun á aðrar tegundir brauða og kökur, sem Landssamband bakarameistara fær þá staðfest hverju sinni, eftir að verðstöðvunarlögin tóku gildi, og Verðlagsstjóri gaf út tilkynningar nr. 31/1970 dags. 31. október 1970 og nr. 34/1970 dags. 25. nóvember 1970. Landssamband bakarameistara sendi þá verðlagsstjóra verðlista sinn frá 25. október 1970".

2. „Er yður kunnugt um forsendur listanna, svo sem efnasamsetningu og þyngd einstakra tegunda?"

Svar: „Landssamband bakarameistara auglýsti hvorki þyngd né efnasamsetningu á verðlista sinn, á tegundum þeim, er um ræðir í kæru verðlagsstjóra, heldur aðeins stykkjaverð, og við það er kæran miðuð".

3. „Lítið þér á verð það, sem á listum þessum greinir, sem hámarksverð, ákveðið skv. 3. gr. laga 54/1960, og ef svo er, hafa þá hámarksverð þessi verið birt skv. ákvæði 6. gr. s. l.?"

Svar: „Þegar verðstöðvunarlögin tóku gildi og með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 31/1970 urðu öll verð á verðlista bakarameistara sjálfkrafa að hámarksverði, þar sem óheimilt var að breyta þeim nema með samþykki verðlagsnefndar".

4. „Hver er efnasamsetning og þungi (hámarks, lágmarks) þeirra brauð- og kökutegunda, sem falla undir heitin snúðar og rúnnstykki með birki á verðlistunum".

Svar: „Þegar svarað í lið 2".

5. „Er verðið á snúðum miðað við: a) snúða án húðar, b) snúða með sykurhúð, c) snúða með glassúr, d) snúða með súkkulaðihjúp eða e) snúða með annars konar húð og þá hvers konar?"

Svar: „Eins og verðlisti bakarameistara ber með sér, er að-

eins um eitt verð á snúðum að ræða og ekki tekið fram, hvers konar húðun á þeim sé um að ræða, en til frekari glöggvunar skal tekið fram, að áður fyrr voru til sölu í velflestum bakaríum snúðar, ýmist með sykri og kanill, svokölluð sykurhúð, eða með glassúr, og þá ýmist hvítum eða lituðum glassúr, og allar tegundir á sama verði".

6. „Er yður kunnugt um, á hvaða verði tegundirnar snúðar og rúnnstykki með birki voru seldar í verslun Hermanns Bridde, þegar verðstöðvunarlög tóku gildi á árinu 1970?"

Svar: „Eins og fram kemur í lið 1, sendi Landssamband bakarameistara verðlista meðlima sinna frá 25. október 1970, og hafi Hermann Bridde ekki verið meðlimur eða verið með annað verð á margnefndum snúðum og rúnnstykkjum eða jafnvel á allri sinni framleiðslu, þá hefur hann brotið í bága við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 31/1970 og 34/1970, þar sem hann hefur ekki sent verðlagsstjóra sérstakan verðlista né sótt um hækkun í framleiðslu sinni, frá því að verðstöðvunarlögin tóku gildi".

Vitnið Gísli Ólafsson, framkvæmdastjóri Landssambands bakarameistara, Bergstaðastræti 48, fæddur 21. nóvember 1898 að Gamla-Hrauni við Eyrarbakka, kom fyrir dóm 8. nóvember sl. Þá segir vitnið í dóminum, að það hafi verið í núverandi starfi í um 10 ára bil.

Vitnið upplýsir, að Landssamband bakarameistara hafi verið stofnað árið 1958 og byrjaði þá strax að gefa út lista af því tagi, sem lagðir hafa verið fram í málinu. Áður gaf Bakarameistarafélag Reykjavíkur út slíka lista. Sambandið gaf slíka lista síðan út reglulega, þar til því var hætt fyrir 1½—2 árum samkvæmt tilmælum verðlagsstjóra. Ástæðan til tilmæla verðlagsstjóra mun hafa verið sú, að hann vildi með því reyna að koma í veg fyrir samstöðu bakara um verð. Nú eru aðeins nokkrar vörur af listunum undir verðlagsákvæðum, þ. e. seydd rúgbrauð, normalbrauð, sigtibrauð og maltbrauð. Gefur verðlagsstjóri sjálfur út tilkynningu um verð á þessum brauðtegundum.

Vitnið er spurt um samþykkt frá 6. ágúst 1957 um þyngd á smábrauðum frá Bakarameistarafélagi Reykjavíkur. Vitnið segir, að þarna hafi nánast verið um að ræða leiðbeiningar til félagsmanna, þar sem á þessum tíma hafi gætt nokkurs misræmis um þetta hjá þeim. Ekki er til nýrri samþykkt um þetta efni. Ekki getur vitnið fullyrt, að þar greindar þyngdir hafi verið lagðar til grundvallar við útgáfu á verðlistum, sem áður er getið um.

Vitnið segir, að vafalaust sé, að verðlistarnir hafi upphaflega

verið gerðir í þágu félagsmanna, en ekki vegna verðlagsyfirvalda.

Vitnið segir, að upphaflega hugsunin með þessum listum hafi verið sú, að þarna væri um lágmarksverð að ræða til að fyrirbyggja, að bakarar byðu verðið niður hver fyrir öðrum.

Vitnið kveðst aðeins muna einu sinni eftir því, að sú kvöð hafi fylgt frá verðlagsstjóra, að verð á lista skyldu vera hámarksverð. Ekki man vitnið, hvenær þetta var, en telur sig geta fundið það í gögnum landssambandsins. Vitnið mun senda dóminum upplýsingar þar um. Vitnið kveðst vilja taka jafnframt fram, að kvöðin hafi ekki náð til lágmarksþyngdar.

Vitnið segir, að þrátt fyrir útgáfu verðlista landssambandsins hafi alltaf verið um einhvern verðmismun að ræða hjá bökurum að því er kaffibrauð varðaði. Vitnið kveðst hafa hugboð um, að frávikin hafi getað farið upp eða niður á við eftir því sem hentaði, þó að það geti ekkert fullyrt um það.

Vitnið segir, að stærð á rundstykkjum sé svo breytileg, að það geti ekkert sagt ákveðið um lágmarks- eða hámarksþyngd þeirra. Sama gildir um snúða auk þess sem mismunandi mikið er gert fyrir þá, svo sem hvað borið er í þá og á þá. Sama má segja um ýmsar aðrar kaffibrauðstegundir, svo sem tebollur.

Vitnið segir, að verðlagsnefndin hafi aðeins fjallað formlega um brauð, tvíbökur og vínarbrauð og jafnframt hafi verið gefin heimild til að hækka kaffibrauð um sömu prósentu og vínarbrauðin. Landssambandið færði þá fram verðið um þessa hlutfallstölu og lagði fyrir verðlagsstjóra til staðfestingar. Eftir að skrifstofa verðlagsstjóra hafði staðreynt, að verðframfærslan væri rétt, fékkst samþykkt fyrir verði á viðkomandi lista, og var landssambandinu tilkynnt þetta munnlega. Sambandið lét þá prenta listana og senda þá út til meðlimanna.

Í framhaldi af ofangreindri vitnaleiðslu afhenti vitnið formanni dómsins til ljósritunar 5 verðlista. Á listunum voru ekki neinir stimplar, áletranir eða staðfesting, sem bar með sér, að þeir stöfuðu frá verðlagsyfirvöldunum.

Eftir móttöku listanna skrifaði dómurinn Landssambandi bakarameistara svohljóðandi bréf 20. nóvember sl.:

„Dómurinn þakkar móttöku 8. þ. m. á verðlistum frá 5. ágúst 1940, 14. maí 1960, 11. janúar 1973, 5. apríl 1973 og 12. nóvember 1976.

Óskað er upplýsinga um:

1. Hvort listinn frá 12. nóvember 1976 er sá síðasti, sem sambandið gaf út.

2. Hvaða lista fylgdi sú kvöð frá verðlagsstjóra, að þargreint verð væri hámarksverð?
3. Er listinn frá 14. maí 1960 fyrsti listi Landssambandsins?".

Svör við ofangreindum spurningum bárust með bréfi frá 23. s. m. Eru þau svohljóðandi:

1. „Svar: Já".

2. „Svar: Sá frá 11. jan. 1973 eins og stendur á honum efst til hægri. En á næsta lista, sem er frá 5. apríl sama ár, stendur ekkert þar um".

3. „Svar: Ég hefi ekki getað fundið eldri lista, sem sambandið hafi gefið út. Þetta gæti því verið sá fyrsti, enda er sambandið stofnað 1958, eins og áður er upplýst, og verðbreytingar voru varla eins örar þá og í seinni tíð".

Eftir að vörn var lögð fram í málinu, taldi dómurinn nauðsynlegt að kalla ákærða enn fyrir dóm og spyrja hann m. a. frekar um ofangreinda lista, sem svo mjög hafa komið við sögu.

Ákærði kom á ný fyrir dóm 20. f. m. Þá kvaðst hann hafa verið meðlimur í Landssambandi bakarameistara frá stofnun þess. Ákærði kvaðst ekki hafa verið þar í stjórn.

Ákærði kvaðst hafa fengið verðlista frá Landssambandi bakarameistara og Bakarameistarafélagi Reykjavíkur, sem dreift hefur verið til félagsmanna, en þeir listar hafi hvergi verið tæmandi, þar sem á boðstólum hafi verið ýmsar vörur, sem þar hafi ekki verið tilgreindar.

Ákærði sagði, að eftir að verðlagsskrifstofan fór að hafa veruleg áhrif á verðákvörðun á brauðum og auglýsti verð á nokkrum tegundum, hafi samtök bakarameistara farið að gefa út verðlistana og samkvæmt mati ákærða hafi það eingöngu verið gert í leiðbeiningarskyni.

Ákærði kvaðst ekki geta sagt um, hvenær verðlagsskrifstofan birti fyrst verðákvörðun á nokkrum brauðtegundum, og kveðst hafa leitast við að fylgja auglýstu verði frá verðlagsskrifstofunni og jafnframt lista bakarameistara að svo miklu leyti sem það hefði verið hægt, en bakarameistarar hafa ekki verið á einu máli, hvernig túlka bæri stöku nöfn á listanum.

Ákærði sagði, að sama vinna væri við að framleiða venjuleg rundstykki, hvort sem þau væru stór eða smá, og jafnlangan tíma taki að baka þau, en mismunur á efniskostnaði (hveiti) væri hverfandi. Hins vegar væri öll önnur vinna við rundstykki með birki, því að þá þurfi að setja á hvert einstakt stykki efni

til að festa birkið með, sem í þessu tilfelli væri uppleyst egg, og síðan þyrfti að þrýsta hverju einstöku stykki ofan í birki.

Ákærði benti á, að það skipti meira máli í sambandi við kostnaðarverð framleiðsluvöru, hvaða efnistegundir fara í hana heldur en stærðin.

Ákærði kvaðst hafa litið þannig á, að þar sem í verðlista frá 31. október 1974 væri talað um rundstykki með birki, hefði verið átt við slík stykki af einföldustu blöndu, þ. e. a. s. hveiti, ger og vatn, en hann hefði litið þannig á, ef hann setti í þetta dýrari efni, svo sem egg, smjör og mjólk, hefði honum verið heimilt að selja það dýrara verði. Ákærði sagði, að sama deig væri í rundstykki með birki og birkibrauði og í deigi því af smábrauði, sem ákært væri fyrir, kvaðst ákærði hafa notað alla tíð mjólk, smjör og egg, eggjahvítubætt hveiti (11—14%), sykur og salt.

Ákærði óskaði að taka það fram, að teldi verðlagsskrifstofan sig geta ákveðið verð á rundstykkjum, ætti hún að segja til um, hvað bera ætti í þau.

Ákærði sagði, að sér væri allsendis ókunnugt um, að Landssamband bakarameistara hefði sent inn lista, eftir að verðlagsyfirvöld hafa ákveðið verð á nokkrum brauðtegundum, sem þau hafa auglýst sérstaklega. Hins vegar sagði ákærði, að sér hefði verið kunnugt um, að haft hafi verið símasamband við verðlagsskrifstofuna út af einum lista, sem ákærði man ekki, hver var.

Ákærði kvaðst aldrei hafa fengið senda neina verðlista frá verðlagsskrifstofunni eða landssambandinu. Hins vegar hafi hann látið sækja þá og þá oft mörgum dögum eftir að verðlagsstjóri hefði ákveðið nýtt verð á brauðtegundum.

Ákærði kvaðst ekki þekkja þá venju, sem skapast hefði, að landssambandið sendi inn á verðlagsskrifstofuna til staðfestingar verðlista, áður en þeir væru prentaðir til dreifingar.

Ákærði kvaðst aldrei hafa sent til verðlagsstjóra eftir árið 1969 umsókn um neins konar verðhækkun á vörum sínum og aldrei hafa sent verðlagsstjóra skrá um verð á vörum sínum og reyndar aldrei hafa haft nein bréfaviðskipti við hann.

Ákærði taldi sig sem meðlim landssambandsins vera bundinn af lögum þess og ákvörðunum löglega kjörinnar stjórnar þess.

Ákærði gat ekki svarað því í krónum, á hvað hann seldi þær vörutegundir, sem kært var út af í októbermánuði 1974, sbr. verðlista frá 1. og 31. október 1974, en það hafi verið hærra en fram kemur á listanum frá 1. október og hann hafi alltaf verið með hærra verð á rundstykkjum með birki. Ákærði kvaðst hafa

hækkað verðið á þeim vörum, sem kært er út af, í sama hlutfalli og auglýstar leyfðar hækkanir.

Loks kvaðst ákærði ekki geta sagt um, hvenær honum barst í hendur verðlistinn frá 31. október 1974.

Eins og rakið hefur verið, liggur játning ákærða fyrir fyrir því að hafa selt snúða og smábirkibrauð á því verði, sem í ákæru greinir. Þrátt fyrir ofangreinda játningu hefur verjandi ákærða krafist sýknu fyrir hann af öllum kröfum ákæruvaldsins og að sér verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Sýknukrafan er studd eftirfarandi rökum í stuttu máli:

1. Hin almenna verðlagslöggjöf og lög nr. 64/1943 gera ráð fyrir, að ákvarðanir verðlagsyfirvalda skuli birtar. Það hafi í þessu tilfelli ekki verið gert með lögmætum hætti.

2. Þar sem vörur ákærða hafi verið þyngri og gæðameiri en venjulegar vörur sömu tegundar, hafi honum verið heimilt að selja þær hlutfallslega hærra verði, sbr. meginreglu um verð á brauðum, þar sem þyngd er lögð til grundvallar, en ekki einingar, sbr. þó vínarbrauð.

3. Að því er varðar bráðabirgðalög nr. 88/1974 er ósannað, að ákærði hafi hækkað ofangreindar vörur sínar meira hlutfallslega eftir þar greinda verðstöðvun en hækkunum nam á listum Landssambands bakarameistara.

Í 3. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda er boðið, að „opinber verðlagsákvæði" skuli birt í Lögbirtingablaði, og í 6. gr. laga nr. 54/1960 segir: „Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi þar til öðruvísi verður ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til."

Í 7. gr. fyrrgreindu laganna segir, að fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns eðlis, megi ekki beita fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laganna hafi farið fram, þ. e. í Stjórnartíðindum. Hins vegar segir ekkert um það í lögunum, hverju það varði, sé vanrækt að birta tilkynningar, sem heima eiga í Lögbirtingablaði. Samkvæmt meginhugsun 1. gr. almennra hegningarlaga kemur ekki til álita að beita slíkum ákvæðum í refsingarskyni gegn þeim, sem af þeim ekki vita. Spurning er um þá, sem beinlínis vita um slíkar óbirtar ákvarðanir.

Ljóst er, að meðferð verðlagsyfirvalda á margnefndum listum

Landssambands bakarameistara fullnægir með engu móti birtingarskyldu ofangreindra lagaákvæða. Hins vegar er álitamál, hvort birtingin hafi verið nægjanleg, til að meðlimir sambandsins hafi fengið fullnægjandi vitneskju um ákvarðanir verðlagsyfirvalda. Þá ber þess fyrst að geta, að listarnir báru ekki með sér með neins konar áletrun, staðfestingu, stimplun eða á annan hátt, að verðlagsyfirvöld hefðu farið um þá höndum eða þar væri um hámarksverð að ræða. Listarnir voru aðeins auðkenndir Landssambandi bakarameistara. Framkvæmdastjóri samtakanna hefur borið, að listarnir hafi upphaflega verið gerðir í leiðbeiningarskyni fyrir félagsmenn. Ákærði hefur haldið hinu sama fram. Leggja verður þetta til grundvallar í málinu, þar sem óyggjandi upplýsingar eru ekki til um annað.

Að því er ákærða varðar hefur hann neitað því, að sér væri kunnugt, að listarnir hefðu að geyma opinber hámarksverð. Hann hefur þó kannast við afskipti verðlagseftirlitsmanna af verðlagningu sinni, að hafa haft tvenns konar snúða á boðstólum og venjuleg rundstykki auk „smábirkibrauðs" og hafi önnur tegundin af þessum kaffibrauðum verið á „verðlistaverði", en hin ekki. Loks viðurkenndi ákærði við þingfestingu málsins að hafa haldið áfram sölu á snúðum á hinu hærra verði, eftir að hann kom fyrir dóm við rannsókn málsins. Ljóst er af þessu, að ákærði hefur, a. m. k. eftir að hann mætti í dómi við rannsókn málsins, vitað um ákvarðanir verðlagsyfirvalda, þótt hann hafi lagt í þær annan skilning en þau. Þrátt fyrir þetta telur dómurinn ekki, sbr. meginreglu 108. gr. laga nr. 74/1974, unnt að leggja afgreiðslu verðlagsyfirvalda á verðlistunum að jöfnu við lögbirtingu í refsimáli, enda var hún eins formlaus og frekast mátti vera, og listarnir báru að jafnaði ekki þess merki, að þeir hefðu komið til kasta yfirvaldanna. Ber því að sýkna ákærða fyrir brot á 3. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 54/1960, enda verður eigi talið nægilega sannað, að ákærða hafi verið svo kunnugt um óbirtar ákvarðanir verðlagsyfirvalda, að það verði lagt til grundvallar refsiábyrgð.

Verðlagsstjóri hefur upplýst, að verð á þeim brauðvörum, sem ákært er út af, hafi verið óháð verðlagsákvæðum fram að verðstöðvun 1. nóvember 1970, sbr. 1. gr. laga nr. 94/1970, bráðabirgðalög nr. 77/1971, lög nr. 94/1971, bráðabirgðalög nr. 40/1973 og bráðabirgðalög nr. 88/1974, sbr. lög nr. 13/1975, en eftir þann tíma hafi verið óheimilt að hækka þær nema með leyfi verðlagsnefndar, og fylgdu þær þá jafnan sömu prósentuhækkun, sem leyfð var hverju sinni á hámarksverði brauða.

Í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 31/1970 frá 31. október 1970 segir:

„Samkvæmt heimild í lögum nr. 54 frá 14. júní 1960 hefur verðlagsnefnd ákveðið að frá og með 1. nóvember 1970 skuli óheimilt að hækka verð eða álagningu á hvers konar vörum og þjónustu nema leyfi Verðlagsnefndar komi til". (Birt í 69. tölubl. Lögbirtingablaðs).

Þá segir í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 34/1970 frá 25. nóvember 1970:

„Vegna framkvæmda hinna nýju laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis er hér með lagt fyrir alla framleiðendur iðnaðarvara að senda Verðlagsskrifstofunni nú þegar skrá um gildandi verð framleiðsluvara sinna, ásamt upplýsingum um, frá hvaða tíma það hefur verið í gildi, svo framarlega, sem slík skrá hafi ekki þegar verið send". (76. tölubl. Lögbirtingarblaðsins).

Verðlagsstjóri hefur upplýst, að ákærði hafi aldrei, frá því verðstöðvunarlögin frá 1970 tóku gildi, sent sérstakan verðlista né sótt um hækkun á framleiðslu sinni. Ákærði hefur í dóminum kannast við, að þetta sé rétt. Hins vegar sendi Landssamband bakarameistara verðlista meðlima sinna frá 25. október 1970. Verðlagsstjóri hefur einnig upplýst, að eftir útgáfu ofangreindra tilkynninga hafi sá háttur verið á, eftir að verðlagsnefnd hefur samþykkt nýtt hámarksverð á brauðum og annarri framleiðslu bakara, sem er með auglýst hámarksverð, að heimila sömu prósentuhækkun á aðrar tegundir brauða og kaka, sem landssambandið fær þá staðfest hverju sinni.

Eftir að verðstöðvunin árið 1970 gekk í gildi, átti ákærði um þrjá valkosti að velja við sölu á framleiðslu sinni:

1. Að selja við óbreyttu verði.
2. Að sækja sjálfur um hækkun.
3. Að nýta sem félagi í Landssambandi bakarameistara þá hækkun, sem sambandið fékk, enda verður ekki með nokkru móti hægt að líta á sendingu landssambandsins á listunum til verðlagsyfirvalda og meðhöndlun þeirra á þeim nema sem hækkunarbeiðni og samþykki.

Óumdeilt er í málinu, að ákærði hefur aldrei sótt sjálfur um hækkun á framleiðsluvörum sínum, eftir að verðstöðvun tók gildi, og var honum því óheimilt að selja þessar vörur hærra verði en aðrir meðlimir Landssambands bakarameistara. Þótt ekki sé upplýst, hvert verð ákærða var fyrir verðstöðvun 1970, skiptir það

ekki máli, þegar litið er á verðlagsþróunina í landinu á þessu tímabili. (Verð á snúðum á listunum hefur hækkað úr 5 í 16 kr. frá 25. október 1970 til 31. október 1974). Með sama hætti og seljendum varnings er frjálst almennt að selja undir hámarksverði eða að láta hjá líða að nýta hámarksálagningu var ákærða frjálst að gera betur við sína viðskiptamenn en almennt gerist með því að hafa varning sinn þyngri eða með því að bera meira í hann eða á hann. Hins vegar getur dómurinn ekki fallist á, að slíkt veiti honum rétt til að selja hvert stykki hærra verði en ákveðið er, enda væri þá óframkvæmanlegt að halda uppi verðlagseftirliti á varningi þeirrar tegundar, sem málið snýst um. Ákærði hefur því brotið gegn 11. gr. bráðabirgðalaga nr. 88/1974, sbr. lög nr. 13/1975, og unnið sér til refsingar samkvæmt 12. gr. laganna, sem telst hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð kr. 50.000. Greiðist sektin ekki innan 4 vikna, sæti ákærði varðhaldi í 5 daga.

Í ákæru var krafist upptöku ávinnings, sem ákærði hafði af brotinu. Ekki var tilgreind fjárhæð, enda hafði rannsókn málsins eigi leitt í ljós, hver ávinningur var. Þar eð ákæra fullnægir að þessu leyti eigi ákvæðum 115. gr. laga nr. 74/1974, og sbr. nú 9. gr. laga nr. 107/1976, ber að vísa kröfunni frá.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnaðinn, m. a. málsvarnarlaun Jóns Steinars Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð kr. 125.000.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Bridde, greiði kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 5 daga.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð kr. 125.000.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1981.

Nr. 13/1979. **Bæjarsjóður Eskifjarðar**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Ragnari Sigurmundssyni
(Stefán Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Kröfu um uppboð synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Bogi Nílsson, bæjarfógeti á Eskifirði.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 22. janúar 1979. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að umbeðið nauðungaruppboð á fasteigninni Strandgötu 67 A á Eskifirði skuli fram fara til lúkningar skuldar stefnda við áfrýjanda, að fjárhæð 822.80 krónur, auk uppboðskostnaðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er greint frá því, að gjald var lagt á fasteign stefnda, Strandgötu 67 A á Eskifirði, á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, sbr. og reglugerð nr. 430/1975, vegna framkvæmda við að setja varanlegt slitlag á Strandgötu í Eskifjarðarkaupstað. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 51/1974 fylgir gatnagerðargjaldi, sem á er lagt með stoð í 3. gr. laganna, „lögveð í viðkomandi fasteign". Í þeim lögum er ekki heimild til sölu lögveða án undangengins lögtaks.

Áfrýjandi valdi þá leið til heimtu framangreindra gjalda að óska eftir uppboði á fasteign stefnda á grundvelli laga nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks, sbr. e lið

1. töluliðs 1. gr. laga nr. 57/1949. Í 1. gr. laga nr. 49/1951 segir, að áður en eign sú, sem lögveð er mælt í, sé seld, skuli birta „með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar". Samkvæmt 2. gr. laganna á uppboðið að fara fram að hætti nauðungaruppboða.

Í máli þessu er leitt í ljós, að hvorki var birt almenn áskorun um greiðslu framangreindra gjalda, sem lögð voru á stefnda af hálfu áfrýjanda, né honum tilkynnt með þeim hætti, sem 1. gr. laga nr. 49/1951 áskilur, að óskað verði eftir uppboði á veðinu. Hér er um ófrávíkjanleg skilyrði að ræða. Með því að áfrýjandi gætti þeirra ekki, og lögtak hefur eigi heldur verið gert fyrir gjöldunum, ber að synja um framgang umbeðins uppboðs og staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til, en málskostnaður er greindur þar í gömlum krónum.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.500.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarsjóður Eskifjarðar, greiði stefnda, Ragnari Sigurmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.500.00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Eskifjarðar 8. janúar 1979.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór hinn 14. desember sl.

Uppboðsbeiðandi er bæjarsjóður Eskifjarðar, með vísun til heimildar í lögum nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks til lúkningar gatnagerðargjaldi að fjárhæð kr. 82.280 auk innheimtukostnaðar og uppboðskostnaðar (sic).

Uppboðsþoli er Ragnar Sigurmundsson, Strandgötu 67 A, Eski-

firði, þinglesinn eigandi uppboðsandlagsins, fasteignarinnar Strandgötu 67 A, Eskifirði.

Uppboðsbeiðandi krefst þess, að uppboðið fari fram og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Uppboðsþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um framgang umbeðins uppboðs og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi uppboðsbeiðanda.

II.

Með lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974, 3. gr., var sveitarstjórnum heimilað að ákveða með samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Samkvæmt 4. gr. laganna mátti innheimta gjaldið „af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar."

Með lögum nr. 31 23. maí 1975 um breyting á áðurgreindum lögum var 4. gr. þeirra breytt á þann veg, „að innheimta má gjaldið af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því slitlag var sett eða gangstétt lögð."

Varanlegt slitlag var sett á þann hluta Strandgötu, sem hér skiptir máli, á árinu 1973, en ekki hefur enn verið lögð þar gangstétt.

Með vísun til heimildar í framangreindum lögum var sett reglugerð um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað, nr. 430 15. september 1975, og er gjald það, sem deilt er um hér, nefnt B-gjald í reglugerðinni.

B-gatnagerðargjald var lagt á fasteign uppboðsþola, Strandgötu 67 A, Eskifirði þegar á árinu 1975, samtals kr. 139.614, og var gjalddagi fyrstu afborgunar þess (20%) ákveðinn 1. nóvember 1975. Greiddi uppboðsþoli afborgunina hinn 31. desember 1975. Gjalddagi næstu afborgunar var samkvæmt reglugerðinni 1. júlí 1976 og síðan 1. júlí 1977. Þessar afborganir greiddi uppboðsþoli ekki, enda hefur hann ávallt mótmælt innheimtu gjaldsins, þótt hann hafi lokið fyrstu afborguninni, með þeim rökum aðallega, að lögin um gatnagerðargjöld séu andstæð stjórnarskránni og að reglugerðin um gatnagerðargjöld sé mun víðtækari heldur en lögin um gatnagerðargjöld heimili.

Með ítarlegu bréfi, dagsettu 11. júlí 1979, var af hálfu uppboðsbeiðanda krafist uppboðs á fasteign uppboðsþola til lúkningar gjaldföllnum, en vangoldnum hluta gatnagerðargjaldsins ásamt vöxtum og kostnaði, og sendi uppboðsbeiðandi uppboðsþola þá um leið afrit af uppboðsbeiðninni, ásamt afriti af fylgiskjölum, í ábyrgðarbréfi.

Uppboðið var auglýst í 93., 96. og 99. tölublaði Lögbirtingablaðs 1977 og var fyrst tekið fyrir í skrifstofu uppboðshaldara hinn 16. janúar 1978. Sótti uppboðsþoli þá þing sjálfur, mótmælti framgangi uppboðsins og fékk frest til greinargerðar.

III.

1. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 430/1975, fylgir gatnagerðargjaldi lögveð í viðkomandi fasteign.

2. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974 skal sérstakt gatnagerðargjald, B-gjald, gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó er sveitarstjórn heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu gjaldsins sé dreift á tiltekið árabil eftir því sem nánar er tiltekið í samþykktinni.

Reglugerðin um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað, nr. 430/1975, mælir svo fyrir í 10. gr., að 20% af B-gjaldi greiðist, þegar lagningu bundins slitlags er lokið, en eftirstöðvar greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum með gjalddögum 1. júlí. Gjaldanda er þó heimilt að halda eftir 20% gjaldsins, uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans.

Ekki verður beinlínis ráðið af orðum 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974, öðrum ákvæðum laganna eða greinargerð með frumvarpi að þeim, að löggjafinn hafi ætlað sveitarstjórnum heimild til þess að innheimta B-gjald eða hluta þess, áður en lagningu gangstéttar við hlutaðeigandi götu lýkur, eins og 10. gr. reglugerðarinnar gerir ráð fyrir.

Tilgangur laga um gatnagerðargjöld og þá einkum heimild til innheimtu sérstaks gjalds, B-gjalds, er að auðvelda sveitarstjórn framkvæmdir við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til að leggja gangstéttir, fjárhagslega.

Í ýmsum sveitarfélögum, einkum fámennum þéttbýlisstöðum, líður oft langur tími, frá því að bundið slitlag er lagt á götu, þar til lagningu gangstéttar við götuna lýkur, enda skiptir lagning bundins slitlags yfirleitt mun meira máli í umhverfi þessara byggðarlaga heldur en lagning gangstétta. Heimild til innheimtu

B gjalds kæmi því að takmörkuðu gagni fyrir sveitarfélögin, yrðu gjöldin fyrst talin gjaldkræf, þegar lagningu gangstétta væri lokið.

Þegar þetta er haft í huga, verður talið, að ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 430/1975 um gjalddaga á B-gjaldi rúmist innan heimildar 6. gr. i. f. laga nr. 51/1974.

3. Hvorki hefur verið í ljós leitt, að uppboðsbeiðandi hafi með mánaðar fyrirvara birt almenna áskorun um greiðslu gatnagerðargjaldanna í dagblaði né á annan venjulegan hátt né tilkynnt uppboðsþola með ábyrgðarbréfi, sem borið var út, að hann mundi óska uppboðs á fasteign uppboðsþola, greiddi hann ekki gjöldin innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, sbr. lög nr. 49/1951 um sölu lögveða á undangengins lögtaks.

Eins og getið var hér að framan, hefur uppboðsþoli ávallt mótmælt innheimtu gatnagerðargjaldsins efnislega, og óumdeilt er, að honum var rækilega kunnugt um innheimtuaðgerðir uppboðsbeiðanda.

Telja verður, að nefndum formreglum laga nr. 49/1951 sé fyrst og fremst ætlað að tryggja, að uppboðsþoli fái nægilega snemma vitneskju um aðgerðir uppboðsbeiðanda.

Sýnt er samkvæmt framangreindu, að þessara formreglna hefur ekki verið gætt, en hins vegar hefur verið sótt þing af hálfu uppboðsþola og framgangi uppboðsins mótmælt.

Með hliðsjón af því og 97. gr. og 101. gr. i. f. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykja formgallarnir, sem hér hefur verið vikið að, ekki leiða til þess, að synjað verði um framgang uppboðsins.

4. Í 4. gr. og 5. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, eru ákvæði um ákvörðun og álagningu gatnagerðargjaldsins. Samkvæmt 4. gr. er heimilt að innheimta gjaldið af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, og má heildarupphæð gjaldsins nema allt að meðalkostnaði við framkvæmdirnar. Samkvæmt 5. gr. skal miða gjaldið við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, og mega þau vera mismunandi eftir notkun húsa og tegund.

Í 5. gr. reglugerðarinnar nr. 430/1975 er mælt fyrir um ákvörðun gjaldsins þannig: „B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 4. gr. þ. e. til að leggja bundið slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús 1.5% . . .“ o. s. frv., mismunandi eftir tegund og notkun húss. Af hverjum fermetra lóðar skal greiða kr. 40 og af bifreiðageymslum hálft gjald.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar breytast gjöldin árlega eftir vísitölu byggingarkostnaðar. Þá er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana „hvorn um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.“ Í 8. gr. reglugerðarinnar segir: „Ef ákveðið verður að innheimta gjald skv. 5. gr. af fasteignum við götu þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.“

Af hálfu uppboðsþola er því haldið fram, að þessi tilvitnuðu ákvæði reglugerðarinnar fari langt út fyrir ramma laganna um gatnagerðargjöld og sé því ekki hægt að byggja álagningu gatnagerðargjaldanna á þeim.

Eins og áður er rakið, má heildarupphæð umræddra gatnagerðargjalds af fasteignum við götu eða götur, sem gjaldið innheimtist af, nema allt að meðalkostnaði við framkvæmdirnar, sbr. lög nr. 31/1975. Sýnist sveitarfélögum þannig heimilað að endurkrefja fasteignaeigendur við hlutaðeigandi götu eða götur um útlagðan kostnað við framkvæmdirnar.

Af álagningarreglum reglugerðarinnar nr. 430/1975 verður hins vegar ekki séð, að þær séu í nokkrum tengslum við raunverulegan kostnað við gatnagerðina svo sem lögin gera ráð fyrir. Ekki verður þar með sagt, að álagningarreglurnar leiði til hærri gjaldtöku en lögin heimila, jafnvel þótt haft sé í huga, að sveitarstjórn er veitt víðtæk heimild til hækkunar gjaldanna í 6. gr. reglugerðarinnar.

Af hálfu uppboðsbeiðanda er því haldið fram, að ákvæði laganna, sem vísar til meðalkostnaðar við framkvæmdir, sé einungis viðmiðunar- eða vísiregla til leiðbeiningar um hámark gjaldtökunnar og séu álögur samkvæmt reglugerðinni í raun ekki meiri heldur en lögin leyfa. Skipti það meginmáli.

Í 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er mælt fyrir um, að skattamálum skuli skipað með lögum, og verður hér að hafa í huga, að reglugerðin nr. 430/1975 hefur öll einkenni skattreglna, mælir fyrir um eiginlega skattheimtu, um leið og hún markar sveitarfélaginu ákveðinn tekjustofn. Væri almenna löggjafanum óheimilt að fela sveitarstjórnum að skipa álagningar- og innheimtureglum í þessum efnum alfarið í reglugerð.

Svo sem rakið hefur verið, geyma lögin um gatnagerðargjöld

ákvæði um álagningu gatnagerðargjalda, að vísu ekki ítarleg, og verða álagningarákvæði reglugerða, sem settar eru með heimild í lögunum, að samrýmast ákvæðum laganna. Sýnt er, að lögin taka mið af öðrum stofni, kostnaði við raunverulegar framkvæmdir, heldur en reglugerðin, sem tekur mið af byggingarkostnaði svonefnds vísitöluhúss. Verður því að telja, að reglugerðarákvæðið, sem fjallað hefur verið um og er í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. 6. og 8. gr. hennar, sé ekki í samræmi við heimildina í lögum um gatnagerðargjöld, og leiðir það til þess, að álagning margnefnds B-gatnagerðargjalds verður ekki byggð á reglugerðinni.

Af þessari ástæðu ber að synja um framgang umbeðins uppboðs.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða uppboðsbeiðanda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 80.000.

Því úrskurðast:

Synjað er um framgang hins umbeðna uppboðs.

Uppboðsbeiðandi, bæjarsjóður Eskifjarðar, greiði uppboðsþola, Ragnari Sigurmundssyni, kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1981.

Nr. 121/1978. **Fjármálaráðherra**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Guðmundi Magnússyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Opinberir starfsmenn. Frávikning úr starfi. Bótakrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 13. júní 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að vextir verði dæmdir 7% ársvextir frá 1. okt. 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 14. júní 1979, 35½% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 40% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 42½% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Upp komst um ávirðingar stefnda í bókhaldsstarfi hans í júlí 1971. Hann greiddi fé það, sem athugasemdir ríkisendurskoðunar lúta að, þegar í þeim mánuði og því umsvifalaust, er eftir því var gengið. Fjárhæð reikninga þeirra, sem athugasemdir voru gerðar við, nam tæplega mánaðarlaunum stefnda, eftir því sem ráðið verður af gögnum máls. Svo sem greinir í héraðsdómi, neytti stofnun sú, Innkaupastofnun ríkisins, er stefndi vann hjá, eigi heimildar þeirrar, er greinir í 3. málsgr. 7. gr. laga nr. 38/1954. Á hinn bóginn hélt stefndi starfi sínu alveg óbreyttu og gegndi því óslitið til 8. september 1972, er honum var vikið frá störfum, svo sem rakið er í héraðsdómi. Ósannað er, að forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins hafi skýrt stefnda frá því í árslok 1971, að honum yrði vikið frá störfum vegna þeirra ávirðinga, er að framan greinir. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til, þ. á m. um málskostnað og vexti, en málinu er eigi gagnáfrýjað.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 2.500.00 krónur (nýkr.) í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði

stefnda, Guðmundi Magnússyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Í júlímánuði 1971 sendi ríkisendurskoðun Innkaupastofnun ríkisins athugasemdir um bókhald stofnunarinnar 1969 og 1970. Var fjallað um athugasemdirnar innan stofnunarinnar, meðal annars milli forstjóra hennar og stefnda, sem þá var þar aðalbókari. Er eigi um það deilt, að fram kom, að stefndi hafði ekki fært bókhaldið réttilega og að 5 nótur, sem átti að færa honum sjálfum til skuldar, voru látnar ófærðar. Eftir gögnum málsins námu þær samtals 43.238 krónum, sem svaraði til tæplega mánaðarlauna stefnda á þessum tíma. Stefndi greiddi fé, sem hann var um krafinn af þessu tilefni. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því haldið fram af hans hálfu, að hann hefði greitt 23.054 krónur 27. júlí 1971, enda hefði þá komið til frádráttar samtölu fyrrnefndra nóta 18.293 krónur, sem stefndi hefði áður ranglega fært sér til skuldar. Endanleg skýring á upphæð þeirri, sem stefndi kveðst hafa greitt, hefur eigi komið fram.

Bókhaldsmisferli stefnda, sem hér hefur verið lýst, heimilaði forstjóra Innkaupastofnunar ríkisins þegar í júlí 1971 að veita honum lausn um stundarsakir án áminningar eftir 3. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954. Þar sem málsatvik voru að fullu upplýst og stefndi hafði átt þess kost að tala máli sínu í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laganna, mátti veita honum lausn að fullu þá þegar, þótt eigi færi fram rannsókn sú, sem um er fjallað í 8. gr. laganna. Að þessari niðurstöðu fenginni veldur það eitt vafa að okkar áliti, hvort það hafi að lögum aukið rétt stefnda, að honum var ekki veitt lausn fyrr en 8. september 1972. Þessi töf var að sönnu talsverð, og ekki er sannað, að stefnda hafði verið tilkynnt í desember 1971, að honum yrði veitt lausn. Þó er ekki um svo verulegan drátt að ræða, að því verði til þess jafnað, að yfirmaður stefnda hafi lýst því yfir, að um frekari eftirmál yrði eigi að ræða.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda, en rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1978.

I.

Mál þetta var höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. júní 1976, og þingfest 10. júní s. á. Það var dómtekið 16. mars sl.

Stefnandi málsins er Guðmundur Magnússon, Lækjarfit 14, Garðahreppi, en stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð samtals kr. 2.457.462 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómara í málinu hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi segist hafa ráðist til starfa hjá Innkaupastofnun ríkisins í ágústmánuði 1964 og starfað þar fyrst í stað sem fulltrúi. Hinn 1. janúar 1968 hafi forstjóri stofnunarinnar beðið hann um að taka við starfi aðalbókara stofnunarinnar. Enginn skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður og hann hafi ekki fengið skipunarbréf frá ráðherra. Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, segist hafa verið settur forstjóri stofnunarinnar í fjarveru annars á þessum tíma og hafa ráðið stefnanda sem aðalbókara í samráði við forstjórann um þetta leyti, þótt hann myndi ekki dagsetningar. Hann sagðist ekki minnast þess, að skriflegur ráðningarsamningur hefði verið gerður við stefnanda, og halda, að hann hafi ekki fengið skipunarbréf frá ráðuneyti, þótt hann þyrði ekki að fullyrða um það.

Stefnandi gegndi starfi aðalbókara óslitið til 8. september 1972, er honum var sagt upp starfi með svohljóðandi bréfi, dags. sama

dag, undirrituðu af Ásgeiri Jóhannessyni og staðfestu af honum hér fyrir dómi: „Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar, dags. 6. júlí 1971, einkum greinum 19 og 21, koma fram ábendingar um misferli í bókhaldi Innkaupastofnunar ríkisins, sem snerta beina fjárhagslega hagsmuni yðar. Þetta bókhald var fært á yðar ábyrgð.

Í viðtölum við yður um þetta leyti var yður skýrt frá athugun málsins og jafnframt, að tilkynnt yrði um niðurstöður að þeirri athugun lokinni.

Af tillitssemi við fjölskylduástæður yðar var málinu frestað fram undir árslok 1971, en þá var yður tjáð, að Innkaupastofnun ríkisins geti ekki haft í þjónustu sinni sem aðalbókara mann, sem hefur sýnt sig að verknaði af þessu tagi, sem eindregið bendir til, að honum sé ekki treystandi fyrir þeim verðmætum, sem í því mikilvæga starfi er farið með.

Var yður þá gefinn kostur á að segja lausu starfinu, en til þess ætlazt, að tímasetning þeirrar lausnar réðist af því, sem hentaði í stofnuninni og yður sameiginlega.

Dregizt hefur að framkvæma þessa ákvörðun, enda var til þess ætlazt, að yður gæfist tækifæri til að hafa frumkvæði um uppsögn.

Eftir samtal okkar 1. september s.l. tilkynntuð þér síðan í samtali 4. september, að þér munduð ekki segja lausri stöðunni, en ætlast til brottvikningar, ef þér ættuð ekki lengur að gegna starfi aðalbókara.

Með skírskotun til þess, sem hér að framan er rakið, og með fullu samþykki fjármálaráðuneytisins er yður hér með veitt lausn frá starfi við Innkaupastofnun ríkisins frá og með deginum í dag að telja.

Stofnunin telur aðdraganda þessarar lausnar slíkan, að jafna megi til uppsagnarfrests, ef talið yrði, að þér ættuð rétt á slíkum fresti eins og málum er háttað.“

Af þessu tilefni sendi stefnandi bréf, dags. 11. september 1972, til Innkaupastofnunar ríkisins og ljósrit af því til fjármálaráðuneytisins, en bréf þetta hefur stefnandi staðfest fyrir dómi. Bréfið er svohljóðandi: „Ég leyfi mér hérmeð að mótmæla harðlega bréfi yðar til mín, dags. 8. september s.l., sem mér barst í hendur sama dag, þar sem mér er veitt fyrirvaralaust lausn frá starfi mínu sem aðalbókari við Innkaupastofnun ríkisins, er ég hefi gegnt frá 1. janúar 1968.

Ég áskil mér allan bótarétt á hendur yður vegna máls þessa

svo og rétt til að krefjast opinberrar rannsóknar á málinu. Leyfi mér sérstaklega að vísa til III. kafla laga og reglna er varða ríkisstarfsmenn."

Með bréfi, dags. 16. maí 1973, til fjármálaráðuneytisins, krefur þáverandi lögmaður stefnanda, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, fjármálaráðuneytið um greiðslu á kr. 275.000 ásamt vöxtum og innheimtukostnaði f. h. stefnanda. Segir í bréfinu, að krafan sé um laun fyrir tímabilið 1. október 1972 til 31. mars 1973, þ. e. sex mánaða laun fyrir uppsagnarfrest, sem stefnandi telji sig eiga rétt á miðað við starfsaldur og gildandi kjarasamninga, þar sem hann hafi verið starfsmaður hjá Innkaupastofnun ríkisins frá og með 18. ágúst 1964. Telji stefnandi, að sér hafi verið sagt upp starfi án fyrirvara og af tilefnislausu og sé því hér um bótaskylt atriði að ræða. Er í bréfinu áskilinn réttur til þess að hækka kröfuna vegna hugsanlegra vísitölubreytinga svo og vegna miskabóta, ef til komi.

Með bréfi, dags. 23. janúar 1974, hafnar fjármálaráðuneytið framangreindri kröfu lögmanns stefnanda. Segir í bréfinu, að tildrög brottvikningar stefnanda hafi verið þau, að í athugasemdum ríkisendurskoðunar við bókhald Innkaupastofnunar ríkisins, dags. 6. júlí 1971, hafi komið fram, að um rangfærslur hafi verið að ræða í bókhaldi stofnunarinnar. Hafi stefnandi sleppt við samlagningu og færslu í bókhaldi fylgiskjölum, er vörðuðu úttekt hans á vörum frá stofnuninni. Hafi þessar rangfærslur leitt til þess, að úttekt hans hafi ekki verið færð honum til gjalda á reikningi hans við stofnunina. Síðan er í bréfinu rakinn aðdragandinn að uppsögn stefnanda mjög á sama veg og í áðurnefndu bréfi forstjóra innkaupastofnunarinnar, dags. 8. september 1972. Þá er vikið að lagasjónarmiðum og á grundvelli þeirra komist að þeirri niðurstöðu, að brottvikning stefnanda hafi hvorki verið fyrirvaralaus né tilefnislaus, heldur heimil og sjálfsögð, og því geti fjármálaráðuneytið með engu móti fallist á kröfur lögmannsins. Í lok bréfsins segir, að fjármálaráðuneytið muni að sjálfsögðu fara fram á sakadómsrannsókn til að upplýsa nánar atvik þau, er leitt hafi til frávikningar stefnanda, verði frekari brigður bornar á réttmæti hennar.

Þessu bréfi fjármálaráðuneytisins mótmælti þáverandi lögmaður stefnanda með bréfi, dags. 20. mars 1974, og er í bréfinu lögð megináhersla á, að stefnandi hafi haldið trúnaðarstarfi sínu óátalið í fulla fjórtán mánuði, eftir að athugasemdir ríkisendurskoðunarinnar hafi borist forstjóra Innkaupastofnunar ríkisins.

Með bréfi, dags. 25. mars 1974, ítrekaði fjármálaráðuneytið fyrri afstöðu sína.

Með bréfi, dags. 3. september 1975, tilkynnir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, að hann hafi tekið við máli stefnanda eftir lát Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns. Óskar lögmaðurinn eftir því að fá í hendur hinar tilgreindu athugasemdir ríkisendurskoðunarinnar, dags. 6. júlí 1971. Í greinargerð sinni í þessu máli segir lögmaðurinn, að einhverra hluta vegna hafi þetta bréf ekki komist í hendur stefnda og hafi honum því verið sent afrit þess bréfs með bréfi, dags. 2. mars 1976. Með bréfi, dags. 16. mars 1976, tilkynnir stefndi, að umbeðin gögn séu í vörslu forstjóra Innkaupastofnunar ríkisins og að hann muni gefa lögmanni stefnanda kost á því að kynna sér þau. Í greinargerð sinni í málinu segir lögmaðurinn, að hann hafi ekki fengið þessi gögn og hafi því ekki getað beðið lengur með málssókn, þar sem ljóst virðist, að nefndar athugasemdir muni aðeins koma fram með málssókn sem hluti af vörn stefnda.

Fyrir dómi hefur Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, staðfest framlagða athugasemd þess efnis, að lögmaður stefnanda hafi aldrei óskað eftir því við forstjóra Innkaupastofnunar ríkisins að fá að kynna sér þessi gögn.

28. október 1976 var lagt fram í málinu ódagsett skjal (dskj. nr. 13), undirritað af Ásgeiri Jóhannessyni og staðfest síðar af honum fyrir dómi, með undirskriftinni: Minnisatriði, v/bæjarþingsmáls Guðmundar Magnússonar. Upphaf umrædds skjals er svohljóðandi:

„Í athugasemdum ríkisendurskoðunar fyrir árin 1969 og 1970, dagsett 6. júlí, 1971, segir svo meðal annars: „Vantar í lagernótur no. 10223, 10400, 10557 og 11032, skýring óskast."

Í svari Innkaupastofnunar ríkisins, dagsettu 28. júlí 1971, segir: „Lagernótur no. 10223, 10400, 10557 og 11032, sem allar eru skráðar á aðalbókara, segist aðalbókari hafa dregið að færa vegna persónulegra greiðsluerfiðleika, en hann stóð í húsbyggingu um þessar mundir. Samtals eru nótur þessar kr. 19.903.00. Þær hafa verið færðar viðkomandi til gjalda og greiddar."

Á öðrum stað í athugasemdum ríkisendurskoðunar segir svo: „Nótur no. 3842 og 4287 eru vegna vöruúttektar Guðmundar Magnússonar, að upphæð kr. 5.587.00 og 17.748.00. Nótur þessar eru ekki teknar með á strimli þeim, er vörusalan er færð eftir, og eru því ekki færðar, hvorki sem sala né starfsmanni til skuldar á viðskiptareikningi hans árið 1970. Vörurnar samkvæmt nótu

3842 eru á reikningi dagsettum 31/11 1969 og samkvæmt nótu 4287 samkv. reikningum dags. 31/3, 30/6, 31/7 og 30/9 1970. Á viðskiptareikning Guðmundar er þó fært þann 31/12, undir nótunúmeri 4287, nóta no. 4295, sem er yfir verkfræðikostnað frá The English Electric Co Ltd., kr. 18.293.00 til handa Rafmagnsveitum ríkisins. Nóta 3843 vegna Guðmundar Magnússonar að upphæð kr. 2.210.00 er samkvæmt reikningi dags. 31/12 1969. Nóta þessi er færð starfsmanni til skuldar á viðskiptareikningi hans 31/12 1970. Allmikið er um það, að reikningar vegna úttekta starfsmanns þessa séu ekki færðir honum til skuldar fyrr en mörgum mánuðum eftir afhendingu vörunnar. Skýring óskast."

Í svari Innkaupastofnunar ríkisins segir svo: „Aðalbókari upplýsir, að nótu nr. 3842, kr. 5.587.00, hafi hann fellt niður árið 1970, en tekið inn andvirðið í vörubirgðir pr. 31. 12. 1970, en útskrifað síðan að nýju 30. 3. 1971, nótu nr. 11801, og þá greitt upphæðina í reikning sinn. Þá upplýsir hann ennfremur, að vegna persónulegra greiðsluerfiðleika hafi hann fellt niður færslu nótu nr. 4287 í bili, en síðar sem leiðréttingu fært nótu English Electric, þar sem um svipaðar upphæðir hafi verið að ræða. Hvoru tveggja færslurnar hafa nú verið leiðréttar í bókhaldi og aðalbókari greitt reikning sinn."

Hér fyrir dómi hefur stefnandi staðfest, að svör Innkaupastofnunar ríkisins við framangreindum athugasemdum ríkisendurskoðunarinnar séu rétt.

Í nefndu skjali segir síðan, að af framansögðu megi ljóst vera, að hér hafi aðalbókari greinilega falsað bókhald Innkaupastofnunar ríkisins fyrir sjálfan sig með því að láta vörusölunótur, sem snertu hann sjálfan, liggja í réttri númeraröð í bókhaldi, en færa síðan hvorki sér til skuldar á viðskiptamannafærslu né taka inn á samlagningarstrimil yfir vörusölu, en þetta samræmi í fölsun hafi orðið að vera til staðar, svo að bókhaldið stemmdi í færslu. Enn fremur séu óskiljanlegar kreditfærslur hans á English Electric og debet á hann, nema sem tilraun til þess að rugla bókhaldið, þar sem færsla hans þar hefði fyrr eða síðar verið endurgreidd aðalbókara vegna leiðréttingar við afstemmingar á reikningum. Eftir að ríkisendurskoðun hafi fengið svar Innkaupastofnunar ríkisins, hafi hún fellt úrskurð um þessi atriði með svohljóðandi bréfi, dags. 15. desember 1971: „Máli starfsmanns þess, er athugasemdir fjalla um, er vísað til meðferðar fjármálaráðuneytis."

Í niðurlagi nefnds skjals segir síðan, að í lok desembermánaðar

1971 sé forstjóra Innkaupastofnunar ríkisins falið af fjármálaráðuneytinu að víkja aðalbókara úr starfi, þar sem ráðuneytið hafi talið óhæft að hafa í starfi í ríkisstofnun aðalbókara, sem ekki væri hægt að treysta í bókhaldi. Þá hafi persónuleg mál aðalbókarans staðið þannig, að hann hafi lifað í barnlausu hjónabandi um átta ára skeið, en kona hans átti von á barni. Forstjóri innkaupastofnunarinnar hafi skýrt starfsmanni fjármálaráðuneytisins frá þessu og óskað eindregið eftir því af mannúðarástæðum að þurfa ekki að víkja aðalbókara úr starfi, fyrr en barnið væri fætt, þar sem einkamál aðalbókara væru á mjög viðkvæmu stigi. Á þetta sjónarmið hafi verið fallist af hálfu ráðuneytisins. Hins vegar hafi forstjóri innkaupastofnunarinnar tjáð aðalbókara í lok desember 1971, að mál hans væri litið mjög alvarlegum augum af fjármálaráðuneytinu og yrðu aðgerðir ákveðnar síðar. Hafi hann ráðlagt aðalbókara að huga að starfi annars staðar, ef hann ætti þess kost á næstu mánuðum, þar sem búast mætti við alvarlegum aðgerðum af hálfu ráðuneytisins, áður en lagt um liði. Að sjálfsögðu hefði aðalbókara verið ljóst, í hverju brot hans hafi verið fólgið, því að skýringar hans hafi komið fram í svari Innkaupastofnunar ríkisins í lok júlí 1971. Eftir að kona aðalbókara hafi alið barnið vorið 1972, hafi forstjóri innkaupastofnunarinnar tjáð aðalbókara munnlega (í júní 1972), að ákvörðun fjármálaráðuneytisins væri sú, að hann viki úr starfi sem fyrst, en það gæti verið samkomulag, að hann gerði það án asa, svo málið væri ekki eins áberandi út á við, en þó yrði að vera á þessu hámarkstími, eða mánaðamót ágúst/september. Hafi aðalbókari tekið þessu vel og haft orð á því, að það væri víst ekki um annað að ræða en sætta sig við orðinn hlut og taka afleiðingum gerða sinna. Í lok ágústmánaðar hafi Innkaupastofnun ríkisins svo ráðið nýjan aðalbókara, sem komið hafi til starfa í byrjun september. Hafi þá forstjóri innkaupastofnunarinnar talað við stefnanda að nýju og skýrt honum frá væntanlegri komu hins nýja aðalbókara og spurt hann, hvað honum hefði gengið við að komast í nýtt starf. Þá hafi brugðið svo undarlega við, að aðalbókari hafi neitað að víkja úr starfi og ekki sagst fara, nema sér yrði vikið úr því. Samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytisins hafi það síðan verið gert með uppsagnarbréfinu.

Loks segir í skjali þessu, að forstjóri innkaupastofnunarinnar hafi skýrt aðalbókara frá því í viðtali 8. september 1972, að það hafi verið á hans ábyrgð og af tillitssemi við heimili stefnanda, að honum hafi ekki verið gert að víkja úr starfi í árslok 1971.

Hafi aðalbókari talið það ástæðulausa tillitssemi og litið svo á, að það hefði átt að víkja sér úr starfi strax, ef sú ákvörðun hefði legið fyrir.

Fyrir dómi sagði Ásgeir Jóhannesson, að framangreint skjal hefði hann samið, eftir að fjármálaráðuneytið hefði tilkynnt honum, að búið væri að höfða mál það, sem hér liggur fyrir. Hann sagðist ekki hafa sagt stefnanda það strax og brot hans komst upp, að hann, þ. e. Ásgeir, ætlaði að hlífa honum vegna áðurnefndra persónulegra ástæðna hans. Hins vegar hafi hann skýrt stefnanda frá þessu, þegar hann vék honum endanlega úr starfi, en þá hafi stefnandi sagt „Því rakstu mig ekki strax?". Ásgeir ítrekaði, að hann hefði rætt við stefnanda um hið meinta brot hans, strax eftir að skýrsla ríkisendurskoðunarinnar, dags. 6. júlí 1971, lá fyrir. Honum hafi verið sýnd eða lesin fyrir þessi skýrsla og hann inntur eftir því, af hverju þetta stafaði. Þetta sagðist Ásgeir vilja kalla áminningu, en hins vegar hafi hann ekki veitt stefnanda skriflega áminningu. Ekki sagðist Ásgeir minnast þess, að hjá Innkaupastofnun ríkisins lægi fyrir skrifleg fyrirmæli um það, að stefnanda yrði vikið úr starfi. Eftir því sem hann best minnti, hafi hann verið kallaður í fjármálaráðuneytið til ráðuneytisstjóra þess, sem hafi tjáð honum, að eftir að ráðuneytið hefði fjallað um umsögn ríkisendurskoðunarinnar, væri ákveðið, að stefnanda yrði vikið úr starfi, en þar sem hann væri starfsmaður innkaupastofnunarinnar þá bæri honum, þ. e. Ásgeir, að sjá um framkvæmd uppsagnarinnar. Þá tók Ásgeir fram, að hann myndi ekki nákvæmlega, hvenær umrætt barn hefði fæðst.

10. nóvember 1977 var lagt fram í málinu annað ódagsett ljósrit skjals, undirritað af Ásgeir Jóhannessyni og staðfest af honum fyrir dómi, með yfirskriftinni: Minnisatriði II. (dskj. nr. 15). Í skjalinu segir Ásgeir, að eftir yfirheyrslu þá hér fyrir dómi, sem að framan er rakin, hafi hann reynt að rifja upp með starfsfólki Innkaupastofnunar ríkisins ýmis atvik hér umrædds máls. Í skjalinu segir m. a., að eftir móttöku áðurnefndra athugasemda ríkisendurskoðunarinnar í júlí 1971 hafi Ásgeir strax átt tal við stefnanda um ástæður fyrir persónulegum færslum hans í bókhaldi og komi svör hans að nokkru fram í svari Innkaupastofnunar ríkisins til ríkisendurskoðanda, dags. 28. júlí 1971. Jafnframt hafi hann um sama leyti rætt við ráðuneytisstjórann í fjármálaráðuneytinu um þessi mál. Hafi meðal annars verið rætt um það, hvort láta ætti aðalbókara hætta störfum þegar í stað. Þá hafi hann, þ. e. Ásgeir, óskað eindregið eftir því, að svo yrði ekki gert,

a. m. k. ekki að sinni, vegna heilsufarsástæðna eiginkonu stefnanda. Á þetta hafi ráðuneytisstjórinn fallist, en ákveðið hafi verið, að hann, þ. e. Ásgeir, segði stefnanda, að mál hans væri litið mjög alvarlegum augum af fjármálaráðuneytinu og yrðu aðgerðir endanlega ákveðnar síðar. Jafnframt yrði gripið til nauðsynlegra aðhaldsaðgerða gagnvart starfi aðalbókara. Þessum atriðum hafi hann, þ. e. Ásgeir, strax komið á framfæri við stefnanda og honum jafnframt tjáð, að honum væri óheimilt að eiga nokkur vörukaupaviðskipti við innkaupastofnunina. Skömmu fyrir jól 1971 hafi svo fjármálaráðuneytið tekið lokaákvörðun um, að stefnandi skyldi láta af störfum. Hafi fjármálaráðuneytið falið honum, þ. e. Ásgeir, að sjá um framkvæmd þess. Gæti Guðmundur Sigurþórsson, starfsmaður stofnunarinnar, staðfest þessi síðastgreindu atriði, þar sem þeir hefðu átt um þau viðræður. Það hafi því verið 30. desember 1971 sem hann hafi talað við stefnanda og skýrt honum frá þeirri ákvörðun ráðuneytisins að víkja honum strax úr starfi, en ekki í júní 1972, eins og segði í fyrri skýrslu. Hafi stefnanda verið tjáð, að hann gæti gefið sér nokkurn tíma til að líta í kringum sig eftir öðru starfi, svo að þetta yrði ekki eins áberandi út á við. Þetta hafi síðan verið ítrekað í júnímánuði 1972.

Þá segir í þessari skýrslu, að Gunnhildur Kristinsdóttir hafi verið ráðin aðstoðarstúlka í bókhald innkaupastofnunar ríkisins 1. nóvember 1971. Hafi henni verið gerð grein fyrir því í ársbyrjun 1972, að aðalbókari yrði að láta af störfum á árinu vegna „krítiskrar" bókfærslu og nyti hann því ekki trausts sem aðalbókari. Hafi hún sérstaklega verið beðin að gera forstjóra aðvart, ef hún sæi, að til færslu kæmu reikningar, sem á einhvern hátt snertu aðalbókara sjálfan. Fjármál og viðskipti aðalbókara við innkaupastofnunina hafi því verið undir sérstöku eftirliti þann tíma, sem hann hafi unnið, eftir að misferli hans hafi komist upp og þar til hann hafi látið af störfum.

Báðir áðurnefndir starfsmenn, Guðmundur og Gunnhildur, hafa komið fyrir dóm og staðfest það, sem þau varðar í þessari skýrslu Ásgeirs, en eigi þykir ástæða til að rekja framburði þeirra frekar.

Stefnandi sagði fyrir dómi, að hann minntist þess ekki, að Ásgeir Jóhannesson hefði minnst á það við hann, að hann ætlaði að hlífa honum vega persónulegra ástæðna stefnanda. Hann, þ. e. stefnandi, hafi óskað eftir því fyrst hann hefði brotið af sér, að málið yrði tekið upp strax, en það hafi ekkert verið gert í því fyrr en hann hafi fengið uppsagnarbréf. Það hafi verið talað

um það, að hann hefði brotið af sér í starfi, það hafi verið leiðrétt og síðan hefði ekkert verið gert í málinu. Stefnandi sagðist ekki minnast þess, að forstjórinn hefði tjáð honum munnlega þá ákvörðun fjármálaráðuneytisins, að honum, þ. e. stefnanda, yrði vikið sem fyrst úr starfi. Hann sagðist ekki minnast þess, að hann hefði tekið því vel, að uppsögn hans drægist fram til ágúst/september 1972. Hann sagðist ekki minnast þess, að forstjórinn hefði ráðlagt honum að huga að starfi annars staðar, og ekki heldur þess, að forstjórinn hafi spurt hann að því, hvernig honum hefði gengið að komast í nýtt starf. Hann sagði rétt vera, að hann hefði sagt, að hann færi ekki úr starfinu, nema honum yrði vikið úr því. Hann sagðist ekki kannast við neina tillitssemi við heimili sitt af hálfu innkaupastofnunarinnar eða að hann hefði beðið um, að sér væri sýnd slík tillitssemi. Hann sagðist aldrei hafa verið áminntur vegna meintra brota sinna í starfi. Hann sagðist aldrei hafa séð athugasemdir ríkisendurskoðunarinnar, þótt hann hefði leitað eftir því með aðstoð lögmanna sinna. Stefnandi ítrekaði, að hann kannaðist alls ekki við það, að Ásgeir hefði tjáð honum munnlega í júní 1972 þá ákvörðun fjármálaráðuneytisins, að honum yrði vikið úr starfi. Stefnandi tók fram, að umrætt barn hefði fæðst 29. september 1971 og þess vegna stæðist fátt að því, sem forstjórinn segði í skýrslum sínum um atvik, sem miðuðust við barnsfæðinguna.

Stefnandi sagðist hafa byrjað verksmiðjustörf 19. september 1972 og hafi launin þar verið a. m. k. helmingi lægri en þau, sem hann hefði haft hjá Innkaupastofnun ríkisins. Þá hafi hann starfað í tvo mánuði hjá fyrirtækinu Hagskil, síðan rúmt ár hjá Rafveitunni í Hafnarfirði og loks hjá fyrirtækinu Farmaco, þar sem hann starfaði enn.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að honum hafi verið sagt upp störfum fyrirvaralaust og á ólögmætan hátt 8. september 1972. Hann hefði mátt búast við því, að ráðning hans hjá Innkaupastofnun ríkisins væri æviráðning, nema að til kæmu einhver þau atvik, sem réttlættu uppsögn með eðlilegum hætti, þ. e. a. s. áminning eða frávikning um stundarsakir, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954. Honum hafi ekki verið tilkynnt, að brottvikning stæði fyrir dyrum, fyrr en í byrjun september 1972. Þá sé þess skyndilega farið á leit við hann, að hann segi starfi sínu lausu. Hafi stefnandi á einhvern hátt gerst brotlegur í starfi og

yfirboðurum hans hafi verið um það kunnugt þegar 6. júlí 1971, þá hafi þeim að sjálfsögðu borið að víkja honum úr starfi, ef brotið hefði verið þess eðlis. Þetta hafi hins vegar ekki verið gert og stefnandi látinn starfa óáreittur í næstum fjórtán mánuði, án þess að honum væri tilkynnt, að uppsögn stæði fyrir dyrum. Þetta mætti orða þannig, að með fjórtán mánaða aðgerðarleysi hafi vinnuveitandinn firrt sig rétti til fyrirvaralausrar brottvikningar.

Í uppsagnarbréfinu sé því borið við, að í athugasemdum ríkisendurskoðunar, dags. 6. júlí 1971, hafi komið fram ábendingar um misferli í bókhaldi Innkaupastofnunar ríkisins, sem snerti beina fjárhagsmuni stefnanda, og að bókhaldið hafi verið fært á hans ábyrgð. Stefnanda hafi hvorki fyrr né síðar verið gefinn kostur á að kynna sér þessar athugasemdir, þótt bæði hann sjálfur og lögmaður hans hafi ítrekað farið þess á leit. Stefnandi hafi strax mótmælt hinni fyrirvaralausu uppsögn með bréfi, dags. 11. september 1972, og áskilið sér jafnframt rétt til skaðabóta. Af framansögðu sé ljóst, að stefnanda hafi verið vikið fyrirvaralaust og án fullnægjandi ástæðna úr starfi og eigi því rétt til þeirra krafna, sem hann beri fram.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Laun fyrir dagvinnu frá 1. okt. 1972 — 31. des. 1972	kr.	134.364
2.	Laun fyrir eftirvinnu frá 1. sept. 1972 — 31. des. 1972	—	102.300
3.	Laun fyrir dagvinnu frá 1. jan. 1973 — 31. mars 1973	—	140.497
4.	Laun fyrir eftirvinnu frá 1. jan. 1973 — 28. feb. 1973	—	54.546
5.	Orlof af dagvinnu, þ. e. 274.861	—	25.755
6.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum, óþægindi, álitshnekki o. þ. h.	—	2.000.000
		Kr.	2.457.462

Stefnandi telur sig hafa átt rétt til sex mánaða uppsagnarfrests hið minnsta, en dagvinnu hafi hann fengið greidda til 1. október 1972. Töluliðir 1 og 3 séu vegna dagvinnunnar, en töluliðir 2 og 4 séu vegna þeirrar eftirvinnu, sem stefnandi hafi orðið af vegna brottvikningarinnar. Muni eftirmaður hans hafa fengið greidda þar tilgreinda eftirvinnu. Töluliður 6 sé á því byggður, að með

brottvikningunni hafi orðið mikil og óvænt röskun á stöðu og högum stefnanda. Honum hafi fyrirvaralaust verið kippt úr því starfi, sem hann hafi gegnt í hartnær átta ár. Við þetta hafi komist mikið los á allt líf stefnanda og hafi hann m. a. af þeim sökum orðið að leita sér lækninga. Þá skuli á það bent, að laun fyrir starf aðalbókara hjá Innkaupastofnun ríkisins hafi hækkað um tvo flokka, síðan stefnandi hætti þar störfum. Loks skuli þess getið, að stefnandi hafi um þær mundir, sem brottvikningin átti sér stað, verið að reisa sér íbúðarhús, en við hina skyndilegu brottvikningu og launamissi muni byggingu hússins hafa seinkað um allt að tveim árum. Þurfi eigi að fara mörgum orðum um það, hvað slíkt hafi kostað stefnanda í verðbólguþjóðfélagi.

Af hálfu stefnda er algerlega mótmælt fullyrðingum stefnanda um ólögmæti uppsagnarinnar og bótaskyldu ríkissjóðs vegna hennar. Stefnandi hafi framið stórkostlegt brot í starfi sínu og uppsagnarheimild án undangenginnar áminningar hafi verið ótvíræð. Engin önnur atvik við framkvæmd brottvikningarinnar geri að verkum, að lögmæti hennar verði dregið í efa. Varðandi þessi atriði skuli sérstaklega vakin athygli á eftirfarandi:

Á dskj. nr. 13 séu teknar upp orðrétt þær athugasemdir og fyrirspurnir, sem gerðar hafi verið af hálfu ríkisendurskoðunarinnar við reikninga Innkaupastofnunar ríkisins og snerti stefnanda þessa máls. Þar komi einnig fram svör stofnunarinnar við þessum atriðum og jafnframt sé þar útskýrt, í hverju brot stefnanda fólst. Samkvæmt því, sem þarna komi fram, sé greinilegt, að stefnandi hafi gerst sekur um fjárdrátt og tilraun til fjárdráttar í því mikla ábyrgðarstarfi, sem hann hafi gegnt hjá Innkaupastofnun ríkisins. Í þessu skyni virðist bókhald stofnunarinnar beinlínis hafa verið falsað og stefnandi einnig viðhaft aðrar aðferðir til að draga sér fé. Brotin séu svo augljós og stórkostleg, að engum vafa sé undirorpið, að lausn úr starfi án undangenginnar áminningar hafi verið heimil, sbr. ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954. Samkvæmt þeirri lagagrein heimilist fyrirvaralaus brottvikning starfsmanns, sem hafi bókhald eða fjárreiður með höndum, og ætla megi, að óreiða sé á framkvæmd þessara starfa. Sé augljóst, að tilvik stefnanda falli undir þá lagagrein. Niðurstaða ríkisendurskoðunar um mál stefnanda hafi legið fyrir hinn 15. desember 1971 og hafi málið verið talið svo alvarlegt, að sérstakra aðgerða kynni að vera þörf. Hafi málinu verið vísað til viðkomandi ráðuneytis til umfjöllunar. Ákvörðun um brottvikningu hafi verið tekin í ráðuneytinu nokkrum dögum síðar og stefnanda gert

fyllilega ljóst, að fjármálaráðuneytið hygðist grípa til alvarlegra aðgerða gagnvart honum vegna þessa máls. Stefnandi hafi því aldrei haft minnstu ástæðu til að ætla annað en að eðlilegum viðurlögum yrði beitt vegna brota hans, þ. e. brottvikningu og jafnvel kröfu um rannsókn málsins fyrir sakadómi. Brottvikning úr starfi hafi hins vegar ekki komið til framkvæmdar fyrr en rúmlega hálfu ári eftir að ráðuneytið hafi fengið málið til afgreiðslu og ákvörðun um brottvikningu hafi verið tekin. Á áðurnefndu dskj. nr. 13 útskýri forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins þær ástæður, sem hafi legið að baki þess, en þær hafi eingöngu verið tillitssemi við viðkvæmar persónulegar aðstæður stefnanda og fjölskyldu hans á þessum tíma. Er breyting hafi orðið þar á, hafi brottvikningin verið látin koma til framkvæmdar, eins og nánar sé útskýrt á nefndu dómskjali. Af framansögðu sé ljóst, að á allan hátt hafi verið staðið eðlilega að lausn stefnanda úr starfi og að engin töf hafi verið þar á, sem ekki eigi sér eðlilegar skýringar. Sé því næsta ótrúlegt, að stefnandi skuli gera það að málsástæðu í málatilbúnaði sínum, að af hálfu stefnda hafi ekki verið sýnd öll sú harka og tillitsleysi gagnvart honum, sem unnt hefði verið að viðhafa.

Fari svo ólíklega, að ekki verði fallist á kröfu um algera sýknu, sé varakrafan sú, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Í því sambandi sé rétt að líta svo á, að stefnandi hafi í raun orðið jafn settur og hann hefði fengið átta mánaða uppsagnarfrest, sem þó beri engin skylda til að veita honum, enda hafi honum verið sagt um áramót 1971 til 1972, að um áframhaldandi starf hans hjá stofnuninni yrði ekki að ræða. Ef ekki verði heldur fallist á þetta, sé þó ljóst, að stefnandi eigi ekki rétt á öðru en föstum launum á uppsagnartíma, en ekki fullum launum, sbr. t. d. 9. gr. laga nr. 38/1954. Miskabótakrafa stefnanda sé fjarri öllu lagi og sé krafist lækkunar á henni.

IV.

Ekki er um það deilt í málinu, að stefnanda hafi verið veitt umrætt starf og vikið úr því af til þess bærum aðilja, sbr. lög nr. 38/1954, og að um réttindi hans og skyldur fari skv. ákvæðum þeirra laga.

Tilgreindar ástæður fyrir lausn stefnanda úr starfi voru athugasemdir ríkisendurskoðunar, dags. 6. júlí 1971, sem Innkaupastofnun ríkisins svaraði 28. júlí s. á. á þann veg, að þegar

hefði verið bætt úr þeim misfellum í bókhaldi stofnunarinnar, er vörðuðu stefnanda.

Af þessu tilefni var ekki neytt þeirra úrræða, sem getur í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 8. gr. sömu laga, heldur var stefnandi látinn halda starfi sínu áfram allt til 8. september 1972, að honum var veitt lausn úr því frá og með þeim degi. Þegar þetta er sérstaklega virt og málavextir að öðru leyti, þykir þannig hafa verið staðið að lausn stefnanda úr starfi, að varði stefnda fébótum skv. 11. gr. nefndra laga.

Áður er rakið, hvernig stefnandi sundurliðar bótakröfu sína. Því hefur ekki verið sérstaklega haldið fram af hálfu stefnda, að til frádráttar bótum kæmu vinnulaun stefnanda hjá öðrum eftir starfslausnina. Þegar virtur er aldur stefnanda, starfstími og starfsferill hans hjá Innkaupastofnun ríkisins, ávirðingar þær í starfi, sem hann hefur viðurkennt, það, sem fram er komið um störf hans eftir 8. september 1972, svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykja bætur honum til handa skv. 11. gr. laga nr. 38/1954 hæfilega metnar kr. 225.000.

Kröfu sína um bætur skv. 6. tl. í kröfugerð byggir stefnandi á 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Eigi verður talið, að bótaskilyrðum þessa ákvæðis sé fullnægt í málinu, og þykja því ekki efni til að sinna þessari kröfu.

Niðurstaða málsins er þá sú, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda kr. 225.000 ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Eftir þessum málalokum verður stefndi einnig dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 90.000.

Átelja verður, að lagðar hafa verið fram skriflegar skýrslur forstjóra Innkaupastofnunar ríkisins, sem fela í sér málflutning.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Guðmundi Magnússyni, kr. 225.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 90.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. febrúar 1981.

Nr. 33/1978. **Eigendur og ábúendur jarða, er land eiga að Mývatni:**

Gestur Jónasson, Álftagerði I
Dagbjartur Sigurðsson, Álftagerði II
Freydís Sigurðardóttir, Álftagerði III
Arnfríður Aðalgeirsdóttir, Álftagerði IV
Illugi Jónsson, Bjargi
Kristján Þórhallsson, Björk
Stefán Þórarinsson, Borg
Árni Halldórsson, Garði I
Þorgrímur Starri Björgvinsson, Garði II
Sigurður Jónsson, Garði II
Sveinn Jónsson, Garði II
Jódís Jónsdóttir, Garði II
Jórunn Jónsdóttir, Garði II
Anna Jónsdóttir, Garði II
Stefán Sigurðsson, Geirastöðum
Héðinn Sverrisson, Geiteyjarströnd I
Þorsteinn Aðalsteinsson, Geiteyjarströnd II
Þorsteinn Aðalsteinsson, Geiteyjarströnd III
Þorsteinn Þorsteinsson, Geiteyjarströnd III
Jón Elliði Þorsteinsson, Geiteyjarströnd III
Gunnar Þorsteinsson, Geiteyjarströnd III
Ingunn Emma Þorsteinsdóttir, Geiteyjarströnd III
Helgi V. Helgason, Grímsstöðum I
Laufey Helgadóttir, Grímsstöðum I
Kristjana Sigfinnsdóttir, Grímsstöðum II, ábúendur Kjartan Sigurðsson og Ragnar Sigfinnsson,
Haukur Aðalgeirsson, Grímsstöðum III
Steingrímur Jóhannesson, Grímsstöðum IV
Ívar Stefánsson, Haganesi
Einar Ísfeldsson, Kálfaströnd I og II
Auður Ísfeldsdóttir, Kálfaströnd I og II
Elín H. Einarsdóttir, Kálfaströnd I og II

Finnbogi Stefánsson, Nónbjargi
Óskar Illugason, Reykjahlíð I
Jón Valgeir Illugason, Reykjahlíð I
Jón B. Sigurðsson, Reykjahlíð II
Laufey Sigurðardóttir, Reykjahlíð II
Svava Sigurðardóttir, Reykjahlíð II
Þuríður Sigurðardóttir, Reykjahlíð II
Guðrún Sigurðardóttir, Reykjahlíð II
Jón P. Þorsteinsson, Reykjahlíð III
María Þorsteinsdóttir, Reykjahlíð III
Baldur Sigurðsson, Reykjahlíð IV
Ármann Pétursson, Reynihlíð
Ríkissjóður, ábúandi:
Örn Friðriksson, Skútustöðum I
Yngvi Kristjánsson, Skútustöðum II
Jón Kristjánsson, Skútustöðum II
Óli Kristjánsson, Skútustöðum II
Ríkissjóður, ábúandi:
Jón Þorláksson, Skútustöðum III
Jón Sigtryggsson, Syðri-Neslöndum
Sigurveig Sigtryggsdóttir, Syðri-Neslöndum
dánarbú Guðrúnar Sigtryggsdóttur,
Syðri-Neslöndum
Freysteinn Jónsson, Vagnbrekku
Sverrir Tryggvason, Víðihlíð
Jón Aðalsteinsson, Vindbelg
Sigurgeir Aðalsteinsson, Vindbelg
Þorsteinn Aðalsteinsson, Vindbelg
Hallgrímur Þórhallsson, Vogum I
Einar G. Þórhallsson, Vogum I
Sigurgeir Jónasson, Vogum II
Kristín Jónasdóttir, Vogum II
Hallgrímur Jónasson, Vogum II
Pétur Jónasson, Vogum II
Stefán Sigfússon, Vogum III
Hinrik Sigfússon, Vogum III
Jón Árni Sigfússon, Vogum III

Valgerður Sigfúsdóttir, Vogum III
Þorlákur Jónasson, Vogum IV
Helga Axelsdóttir, Ytri-Neslöndum
dánarbú Bjargar Stefánsdóttur
v/Ytri-Neslanda,
dánarbú Þórarins Stefánssonar
v/Ytri-Neslanda
ábúandi Stefán Axelsson,
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
landbúnaðarráðherra, iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.)
og
hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins til réttargæslu
(Stefán Pálsson hrl.)
og
til réttargæslu gegn eigendum jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga land að Mývatni:
Jóni Kristjánssyni, Arnarvatni I
Bóthildi Benediktsdóttur, Arnarvatni II
Arnljóti Sigurðssyni, Arnarvatni III,
Eysteini Sigurðssyni, Arnarvatni IV
Katli Þórissyni, Baldursheimi
Pétri Þórissyni, Baldursheimi I
Baldri Þórissyni, Baldursheimi II
Böðvari Jónssyni, Gautlöndum I
Jóni Péturssyni, Gautlöndum II
Pétri Gauti Péturssyni, Gautlöndum II
Sigurgeir Péturssyni, Gautlöndum II
Helga Jónassyni, Grænavatni I
Sigrúnu Bendiktsdóttur, Grænavatni II,
Þórdísi Benediktsdóttur, Grænavatni II
Þórhildi Benediktsdóttur, Grænavatni II
Sveini Helgasyni, Grænavatni III
Sigurði Þórissyni, Grænavatni IV

Sigurði Bárðarsyni, Heiði
Ásmundi J. Kristinssyni, Heiðmörk
Jónasi Sigurgeirssyni, Helluvaði I
dánarbúi Sigríðar Sigurðardóttur
v/Helluvaðs II
Guðmundi Jónssyni, Hofsstöðum
Árna Gíslasyni, Laxárbakka
Steingrími Kristjánssyni, Litluströnd
Kolbeini Ásmundssyni, Stöng
Sigurði Kristjánssyni, Stöng II, og
Þráni Þórólfssyni, Þórólfshvoli
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Eignarréttur að botni stöðuvatns. Frávísun frá héraðsdómi að hluta. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 10. febrúar 1978. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, að undanskildum ákvæðum hans um gjafsóknar- og gjafvarnarlaun, og að „dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll utan netlaga séu hluti af landareignum þeirra aðilja, sem lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra". Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 4. desember 1978.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda. Þá krefjast þeir sýknu af málskostnaðarkröfu réttargæslustefnda Skútustaðahrepps.

Áfrýjendur hafa stefnt hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins fyrir Hæstarétt til réttargæslu. Af hálfu þessa réttargæslustefnda hefur verið sótt þing, og er hinum áfrýjaða

dómi andmælt og talið, að botn „Mývatns utan uetlaga geti ekki verið í eign annarra en Mývetninga". Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti „úr hendi stefnda og/eða áfrýjenda", eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en réttargæslustefndi, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 12. janúar 1981.

Þá hafa áfrýjendur stefnt eigendum og ábúendum lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga land að Mývatni, fyrir Hæstarétt til réttargæslu. Þessir réttargæslustefndu hafa látið sækja þing og andmælt hinum áfrýjaða dómi svo og kröfum áfrýjenda og talið, að botn og botnsverðmæti Mývatns utan netlaga tilheyri öllum lögbýlum í Skútustaðahreppi. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þessir réttargæslustefndu, sem höfðu gjafvörn í héraði, fengu gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðunetyis 12. janúar 1981.

Nokkrar breytingar hafa orðið á aðild máls þessa, eftir að því var áfrýjað, vegna eigendaskipta að jörðum. Hafa lögmenn gert grein fyrir þeim, og er aðild máls hér fyrir dómi ágreiningslaus.

I.

Málaferli um sama sakarefni hafa staðið lengi. Upphaflega höfðaði Veiðifélag Mývatns mál með stefnu 25. ágúst 1969 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og krafðist viðurkenningar á því, að botn Mývatns væri hluti af landareignum þeirra jarða, sem land ættu að vatninu. Með stefnu 18. október 1969 höfðaði fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gagnsök í málinu og stefndi auk þess til réttargæslu nafngreindum eigendum þeirra jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki áttu land að Mývatni, svo og oddvita Skútustaðahrepps f. h. hreppsins. Krafðist hann þess, að viðurkennt yrði, að ríkissjóður væri eigandi að botni vatnsins utan netlaga og öllum botnsverðmætum. Hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins gerðist meðalgönguaðili með stefnu 14. október 1970 og krafðist þess, að viðurkennt yrði, að hreppurinn væri eigandi vatnsbotnsins utan netlaga einstakra jarða og verð-

mæta í eða undir honum. Enn gerðust eigendur þeirra jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga land að vatninu, meðalgönguaðiljar í málinu með stefnu 28. janúar 1971. Kröfðust þeir þess, að viðurkennt yrði, að Mývatn utan netlaga væri byggðaralmenningur og öll gæði þess svæðis „eign sveitarfélagsins og þar með um leið eign meðalgöngustefnenda." Þá kröfðust þeir viðurkenningar á veiðirétti meðalgöngustefnenda utan netlaga einstakra jarða. Mál þetta var síðar hafið með samkomulagi aðilja.

Næst var mál höfðað af hálfu áfrýjenda með opinberri stefnu 13. september 1971 og hafðar uppi svipaðar kröfur og áður. Til andsvara tóku nú fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Skútustaðahreppur og eigendur þeirra lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga land að Mývatni. Þessir aðiljar gerðu sömu kröfur og í hinu fyrra máli. Héraðsdómur gekk 15. mars 1973, en hann var ómerktur með dómi Hæstaréttar 7. maí s. á. Enn gekk héraðsdómur á mál þetta 15. október 1973, en því máli lauk með dómi Hæstaréttar 18. janúar 1974. Var meðferð málsins í héraði og héraðsdómur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

II.

Mál það, sem hér er til meðferðar, höfðuðu áfrýjendur gegn ríkinu með stefnu 3. júlí 1974. Höfðu þeir uppi þessar kröfur um efni máls:

„1. að íslenzka ríkið sem vörður landsalmennings sé ekki eigandi að botni Mývatns utan netlaga,

2. að leyfislaus eignataka ríkisins á kísilgúr af botni Mývatns utan netlaga sé ólögmæt,

3. að botn og botnsverðmæti Mývatns, þ. á m. kísilgúrsandur utan netlaga, sé í eign þeirra jarða, sem land eiga að Mývatni og tilkall eiga til veiðinytja þar af ströndum fram".

Enn fremur var stefnt til réttargæslu Skútustaðahreppi, eigendum og ábúendum jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga land að Mývatni, og Kísiliðjunni h/f.

Stefndu höfðuðu gagnsök í málinu með stefnu 8. júlí 1974. Gerðu þeir þær kröfur í gagnsök, að ríkinu yrði dæmdur eignarréttur að botni Mývatns utan netlaga einstakra jarða

ásamt öllum botnsverðmætum. Til vara kröfðust þeir þess, að dæmt yrði, að ríkinu væri heimil taka kísilgúrs á botni vatnsins utan netlaga án endurgjalds. Var áfrýjendum stefnt í málinu svo og Skútustaðahreppi til réttargæslu. Bæði aðalsök og gagnsök voru þingfestar 11. júlí 1974.

Kísiliðjunni h/f var aldrei birt stefna í máli þessu, og lét hún aldrei sækja þing.

Öðrum réttargæslustefndu voru ekki birtar stefnur. Þeir létu sækja dómþing í fyrsta sinn 22. september 1976.

Af hálfu eigenda lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga land að vatninu, var lögð fram greinargerð á dómþingi 30. nóvember 1976. Er tekið fram í greinargerð þessari, að þeir sæki þing til réttargæslu, en gera þó kröfur í málinu.

Skútustaðahreppur lagði fram greinargerð á dómþingi 9. maí 1977. Segir þar, að af hálfu hreppsins sé sótt þing til réttargæslu, en þó eru þar gerðar efniskröfur.

Hinn 15. febrúar 1977 rituðu áfrýjendur formanni héraðsdóms bréf, þar sem þeir fóru þess á leit, að hann gæfi út opinbera stefnu í máli þessu „með vísun til heimildar í 220. gr. og 217. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 og 95. gr., 2. mgr., sömu laga". Formaður héraðsdóms heimilaði stefnuútgáfuna. Var stefnan gefin út sama dag og birt í Lögbirtingablaði 23. s. m. Í stefnu þessari komu fram sömu kröfur og í aðalstefnu, sem fyrr hafa verið raktar. Þessi stefna var þingfest á dómþingi 27. maí 1977. Er bókað í þingbók, að þetta mál sé sameinað hinu fyrra máli og að enginn sækti þing sérstaklega samkvæmt hinni opinberu stefnu.

Við munnlegan flutning málsins í héraði lýsti lögmaður áfrýjenda því yfir, „að hann falli frá tilvitnun til 220. gr. og 217. gr. í opinberu stefnunni". Þá féll hann frá tveimur fyrstu liðunum í kröfugerð sinni í stefnu, eins og þeir voru raktir hér að framan, en af hálfu stefnda hér fyrir dómi hafði áður verið fallið frá varakröfu þeirri, sem í gagnstefnu greinir.

III.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Verður þeirra getið síðar eftir því sem efni gefst til.

IV.

1. Um jarðirnar Skútustaði I og Skútustaði III er komið fram, að þær jarðir eru þjóð- eða kirkjujarðir. Sækjendur málsins vegna þessara jarða eru þeir Örn Friðriksson á Skútustöðum I og Jón Þorláksson á Skútustöðum III.

Vegna þessara áfrýjenda hafa verið lagðar fyrir Hæstarétt yfirlýsingar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. janúar 1981, og landbúnaðarráðuneytisins, dags. 9. janúar 1981. Segir í yfirlýsingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að það ráðuneyti samþykki, „að ábúendur á hluta ríkisins á jörðinni Skútustöðum í Mývatnssveit séu aðiljar að máli þessu vegna ábúðarjarða sinna við hlið annarra bakkaeigenda.“ Þá segir og í yfirlýsingu landbúnaðarráðuneytisins, að það ráðuneyti samþykki, „að ábúendur á hluta ríkisins á jörðunum og lendum, sem að Mývatni liggja, séu aðiljar að málinu vegna ábúðarjarða sinna við hlið annarra bakkaeigenda“.

Ábúendur umræddra tveggja jarða beina kröfum sínum að ríkinu, sem að því leyti, sem hér skiptir máli, telst vera eigandi jarðanna. Sem varnaraðili mótmælir ríkið eignarréttartilkalli því, sem fyrrgreindir ábúendur hafa uppi vegna ábýlisjarða sinna. Það er andstætt meginreglum réttarfars um aðild í dómsmálum, að hafðar séu með þessum hætti uppi kröfur af hendi ríkisins gegn því sjálfu, sem mótmælir sem varnaraðili, að kröfurnar nái fram að ganga. Ber af þessum ástæðum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því er varðar Skútustaði I og Skútustaði III og vísa málinu frá héraðsdómi að því er varðar kröfugerð af hendi ábúendanna Arnar Friðrikssonar og Jóns Þorlákssonar.

Í málflutningi hefur því verið hreyft, að málsaðild vegna Skútustaða I og III hafi verið réttarfarsnauðsyn, þar sem málinu kynni ella að hafa verið vísað frá dómstólum sjálfkrafa vegna ákvæða 46. gr. laga nr. 85/1936. Ekki verður þó talið rétt að skýra það ákvæði svo fortakslaust, að ríkið, sem eigi vill fallast á eignarréttarkröfu jarðeigendanna, hefði sem eigandi Skútustaða I og III getað girt fyrir það, að réttarágreiningur þessi yrði borinn undir dómstóla með því einu

að gerast ekki sækjandi máls við hlið annarra jarðeigenda. Samkvæmt þessu þykir frávísun málsins frá héraðsdómi að því er tekur til Skútustaða I og III ekki eiga að leiða til þess, að vísa beri málinu í heild sinni frá dómi.

2. Áfrýjendur stefndu Skútustaðahreppi og eigendum lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga lönd að Mývatni, til réttargæslu fyrir Hæstarétti. Verður því ekki fjallað sérstaklega um kröfur þeirra og málsástæður nema um málskostnað og gjafvarnarkostnað, sem síðar verður vikið að.

3. Áfrýjendurnir Kjartan Sigurðsson, Ragnar Sigfinnsson og Stefán Axelsson eru ábúendur, en ekki eigendur jarða, sem land eiga að Mývatni, og hafa þeir áfrýjað málinu við hlið jarðeigenda. Þeir eru eigi réttir aðiljar máls þessa, og verður kröfum þeirra ekki sinnt.

V.

Hér að framan hefur verið lýst ferli máls þessa. Kröfur þær, sem áfrýjendur höfðu uppi í opinberu stefnunni frá 15. febrúar 1977, voru þrjár, eins og áður getur. Tvær þær fyrstu eru ekki þess efnis, að um þær geti gengið eignardómur, enda féllu áfrýjendur síðar frá þeim. Eins og áður getur, hurfu áfrýjendur einnig frá því, að um stefnuheimild væri vísað til 220. gr. laga nr. 85/1936. Þeir hafa því fallið frá því að telja stefnu þessa eignardómsstefnu. Þegar af þeirri ástæðu verður eigi fjallað frekar um, hvort lagaskilyrði hafi verið til höfðunar eignardómsmáls, eins og hér stóð á.

Samkvæmt þessu er hér aðeins um mál að ræða milli áfrýjenda og stefndu.

VI.

Í máli þessu er einungis deilt um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga. Álitaefni varðandi veiðirétt og vatnsrétt koma því ekki hér til úrlausnar.

VII.

Eins og að framan var getið, telja áfrýjendur, að vatnsbotninn utan netlaga sé sameign þeirra jarða, sem land eiga að vatninu. Í málflutningi hér fyrir dómi héldu áfrýjendur

því fram, að upphaflega hefði ákveðinn hluti vatnsins fylgt hverri jörð. Snemma á þessari öld hafi verið stofnað veiðifélag í Mývatnssveit og hafi svæðið utan netlaga þá verið gert að sameign þeirra og þannig sé þetta nú. Hins vegar geti síðar komið til skipta í samræmi við landslög.

VIII.

Í ýmsum heimildum er getið um almenning í Mývatni, sbr. m. a. jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ber frásögn jarðabókarinnar vott um, að eigendur, sem land áttu að vatninu, hafi eigi átt rétt yfir því öllu, þannig að girt væri fyrir nytjar annarra.

Samkvæmt 1. gr. vatnalaga nr. 15/1923 er vatnasvæði utan netlaga í stöðuvötnum almenningur, en það hugtak er þó ekki nánar skýrgreint. Í 2. gr. segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lög þessi heimila. Í 4. gr., 1. tölulið, er þetta ákvæði: „Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög)". Þá segir í 4. gr., 6. tölulið: „Ef breyting verður á vatnsbotni, þá skulu netlög vera þar sem áður voru þau". Í 126. gr. laganna sagði svo: „Veiði í almenningum stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, nema forn venja banni". Þessu ákvæði var breytt með lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/1932, 8. gr., og skyldi landeigendum, sem lönd eiga að stöðuvatni, einum heimil veiði í almenningi vatnsins, og var hún þeim öllum jafnheimil. Er þeirri stefnu haldið í síðari lögum um þetta efni, sbr. lög nr. 112/1941, 8. gr., lög nr. 53/1957, 8. gr., og lög nr. 76/1970, 8. gr.

Ástæða þykir til að geta hér nokkurra atriða, er varða forsögu vatnalaganna, og þá einkum þeirra ákvæða, sem að framan eru greind.

Árið 1879 var flutt á Alþingi frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland, er þrír menn höfðu undirbúið, svo sem greinir í héraðsdómi. Í frumvarpi því, sem meiri hluti nefndarinnar stóð að, var lagt til, að eigendur landa, er liggja að

stöðuvatni, eigi land út í vatnið allt að sextíu föðmum frá landi sínu, ef tvær jarðir eða fleiri lágu að vatninu. Ef nokkuð er „um fram af vatninu, þá er það almenningur, nema svo sé, að veiði í því heyri undir sérstakar jarðir eða sérstakar sveitir eftir fornri venju". Í athugasemdum við þetta ákvæði segir, að það sé reist á þeirri reglu, „sem meirihlutinn álítur eigi að vera almenn, nefnilega að landinu fylgir ekki meira en 60 faðma breitt belti af vatni því, er það liggur að, hvort sem er sjórinn eða stöðuvatn". Í tillögum minni hlutans var einnig gert ráð fyrir, að netlög væru bundin við 60 faðma, en það, sem „sé þá um fram af vatninu", sé sameign allra þeirra landa, sem liggi að vatninu.

Frumvarp til vatnalaga var samið upp úr álitsgerðum og tillögum svonefndrar fossanefndar, sem komið var á fót 1917. Nefnd þessi skiptist í tvo hluta í afstöðu til ýmissa grundvallaratriða um lögskipan vatnsréttinda.

Í athugasemdum við tillögur meiri hlutans er bent á, að eldri lög segi hvergi beinlínis um það, hversu fara skuli um eignarrétt að botni stöðuvatna. Hins vegar séu lagaákvæði um það, „hversu langt í sjó út landeigandi skuli eiga (netlög)". Enn fremur var það skoðun meiri hluta nefndarinnar, að löggjafinn hefði „frjálsar hendur" um að setja reglur um eignarrétt landeiganda að vatnsbotni. Í athugasemdum við tillögur minni hlutans segir m. a., að netlög eigi að telja einn hluta landareignarinnar, en rétt sé „að telja þann hluta vatnsins almenning eða ríkiseign, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna".

Í athugasemdum við 4. gr. frumvarps til vatnalaga segir m. a. svo: „Það virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að lögleiða það, að landi fylgi ekki vatnsbotn eða vatnsréttindi lengra út í stöðuvötn en nú er út í sjó gildandi lögum samkvæmt, sjá tilsk. 20. júní 1849, 3. gr., og lög nr. 39, 2. nóvember 1914, 2. gr., enda hefir fossanefndin öll orðið á það sátt".

IX.

Samkvæmt 1. tölulið 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923 fylgir vatnsbotn landareign, sem liggur að stöðuvatni, 115 metra

út í vatn (netlög), eins og síðan er nánar skýrt í 2.—6. tölulið sömu greinar. Eigi verður dregin önnur ályktun af umræddum ákvæðum 4. gr. en sú, að landareignum fylgi ekki eignarréttur að vatnsbotni utan netlaga, hvorki sem afmarkaður eignarréttur einstakra jarða né sem sameign þeirra. Á þessi skýring sér örugga stoð í forsögu ákvæðisins og helstu skýringargögnum, eins og fyrr hefur verið rakið.

Af hálfu áfrýjenda eru bornar brigður á, að löggjafinn hafi haft stjórnskipulega heimild til setningar framangreindra reglna um eignarrétt að vatnsbotni, þar sem þeir, sem land eiga að Mývatni, hafi alla tíð frá landnámi átt eignarrétt að vatnsbotninum.

Fyrir gildistöku vatnalaga nr. 15/1923 naut eigi við ákvæða í lögum, sem kvæðu beinlínis á um eignarrétt manna yfir botnum stöðuvatna. Öldum saman var nytjun stöðuvatna fyrst og fremst bundin við veiði, umferð og almenn vatnsnot til heimilisþarfa og áveitu, en síðar til vatnsmiðlunar og orkuvinnslu. Um hagnýtingu vatnsbotna sérstaklega var því ekki að ræða. Hafa áfrýjendur ekki sýnt fram á, að fyrr eða síðar hafi stofnast eignarréttur yfir botni Mývatns utan netlaga þeim til handa, sem girt hafi fyrir, að almenni löggjafinn mætti, óbundinn gagnvart þeim af ákvæði 63. gr. stjórnarskrár nr. 9/1920, mæla fyrir um eignarrétt landeigenda yfir vatnsbotnum stöðuvatna með þeim hætti sem gert er í 4. gr. vatnalaga.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefndu, fjármálaráðherra, landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra f. h. ríkisins, af kröfu áfrýjenda.

X.

Víkur þá að kröfum stefndu á hendur áfrýjendum í málinu.

Eigi er því lýst í 4. gr. eða öðrum ákvæðum vatnalaga, að ríkið skuli teljast eigandi að botni stöðuvatna utan netlaga. Eigi hafa stefndu heldur sýnt fram á aðrar réttarheimildir, er rennt gætu stoðum undir eignarrétt í skilningi einkaréttar að botni Mývatns utan netlaga eða botnsverðmætum þar.

Hins vegar verður að telja, að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna ráðið meðferð og nýtingu botns Mývatns og botnsverðmæta utan netlaga, en um það verður ekki nánar fjallað, eins og mál þetta er úr garði gert.

XI.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað, gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður áfrýjenda og réttargæslustefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, 45.000.00 krónur (nýkr.), og málflutningslaun skipaðra talsmanna réttargæslustefndu, 7.500 krónur (nýkr.) til hvors.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum ábúenda Skútustaða I og III er vísað frá héraðsdómi.

Kröfur annarra áfrýjenda, eigenda og ábúenda jarða, er land eiga að Mývatni, á hendur stefndu, landbúnaðarráðherra, iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og gagnkvæmt eru eigi teknar til greina í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað, gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti til handa áfrýjendum og réttargæslustefndu, hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins og eigendum jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga land að Mývatni, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000.00 krónur, og málflutningslaun skipaðra talsmanna réttargæslustefndu, Ragnars Stein-

bergssonar hæstaréttarlögmanns og Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 7.500.00 krónur til hvors.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 14. nóvember 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 30. sept. 1977, hafa framangreindir aðalstefnendur höfðað fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu með stefnu, útgefinni 3. júlí 1974.

Enn fremur hafa aðastefnendur fengið útgefna framhadsstefnu hinn 15. febrúar 1977, er birtist opinberlega í Lögbirtingablaðinu hinn 23. febrúar 1977, þar sem aðalstefnendur töldu nauðsynlegt að gefa hverjum og einum, sem kynni að gera réttarkall til botns Mývatns, kost á að mæta í fyrrgreindu dómsmáli og bera fram kröfur sínar og mótmæli. Þessi opinbera stefna var lögð fram í þinghaldi hinn 27. maí 1977, en enginn sótti þing til þess að kalla til réttar samkvæmt henni.

Dómkröfur aðalstefnenda eru þær, að viðurkennt verði, að botn og botnsverðmæti Mývatns, þ. á m. kísilgúrsandur utan netlaga, séu í eign þeirra jarða, sem land eiga að Mývatni og tilkall eiga til veiðinytja þar af ströndum fram.

Aðalstefnendur hafa fengið gjafsóknarleyfi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 28. desember 1976.

Aðalstefnendur gera þá kröfu, að gagnaðiljar þeirra í máli þessu verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi, samtals að fjárhæð kr. 7.922.826, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnstefnendur, landbúnaðarráðherra, iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, gera þær dómkröfur: Að ríkinu (ríkissjóði) verði dæmdur eignarréttur að botni Mývatns utan netlaga einstakra jarða ásamt öllum námum og hvers kyns verðmætum á, í og undir vatnsbotninum. Þá krefjast gagnstefnendur málskostnaðar úr hendi aðalstefnenda eftir mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Dómkröfur af hálfu réttargæslustefndu, eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eiga lönd að Mývatni, eru þessar: „að viðurkennt verði með dómi, að jarðirnar, Arnarvatn, Baldursheimur, Gautlönd, Grænavatn, Heiði, Heiðmörk, Helluvað, Hofsstaðir, Hörgsdalur, Laxárbakki, Litla-Strönd, Stöng og Þórólfshvoll í Skútustaðahreppi eigi í óskiptri sameign með öðrum jörðum í Skútustaðahreppi botn og botnverðmæti Mývatns utan netlaga.“

Þá krefjast þessir réttargæslustefndu málskostnaðar úr hendi frumaðilja málsins, annars eða beggja, samkvæmt málskostnaðarreikningi að fjárhæð kr. 1.865.600, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þessir réttargæslustefndu fengu gjafsóknarleyfi með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 21. júní 1977.

Réttargæslustefndi Skútustaðahreppur gerir þær dómkröfur aðallega, að botn og botnsverðmæti Mývatns, þar á meðal kísilgúrsandur utan netlaga, sé eign þeirra jarða, sem land eiga að Mývatni og tilkall eiga til veiðinytja þar með ströndum fram.

Nái ofangreindar kröfur ekki fram að ganga, þá gerir Skútustaðahreppur þá varakröfu, að hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins verði dæmdur eignarréttur að botni Mývatns utan netlaga, þar með talinn óskoraður eignarréttur að öllum verðmætum á, í eða undir vatnsbotninum.

Þá krefst Skútustaðahreppur þess, að hreppnum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnaðilja, hver sem málsúrslit verða, samkvæmt málskostnaðarreikningi að fjárhæð samtals kr. 1.707.950, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hreppurinn fékk gjafsóknarleyfi með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, útgefnu 10. maí 1977.

Kísiliðjan h/f hefur ekki látið sækja þing í máli þessu, enda var henni aldrei birt frumstefna í málinu, og ekki hefur Kísiliðjan h/f heldur látið mæta í málinu samkvæmt framhaldsstefnu þeirri, sem birt var opinberlega í Lögbirtingablaðinu hinn 23. febrúar 1977.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir.

Allvíða í málsskjölum er vikið að hugtakinu almenningur. Hugtak þetta var þekkt á þjóðveldistímabilinu (ca 930—1262), og í báðum aðalhandritum þjóðveldislaga, Konungsbók (Grg. I. a og I. b) og Staðarhólsbók (Grg. II.), er fjallað um almenninga í sérstökum köflum. Bæði þessi handrit eru talin skrásett á 13. öld, og er Konungsbók talin eldri. Þjóðveldislögin ganga og undir nafninu Grágás, skammstafað Grg.

Kaflinn um almenninga í Konungsbók (Grg. I. b, bls. 186—187) hefst á þessum orðum: „Almeningar ero a landi her. Þat ero almeningar er fiorðungs menn eigo saman. Þar eigo menn at fiscia oc fygla coma þangat er manaðr lifer vetrar oc vera þar vii

manaðr. Þa scal ligia V. manaðr sva at ein scal þangat beita er næstr byr þar. Eigo menn við at hogva þar oc telgia oc föra til scips eða buða, oc er þa heilagr viðrin". Ákvæði Staðarhólsbókar eru efnislega samhljóða, en smávægilegs orðalagsmunar gætir með handritunum. Sem dæmi skal nefnt, að kaflinn í Staðarhólsbók (Grg. II., bls. 537—538) um almenninga hefst á eftirfarandi orðum: „Þat er mælt at almenningar ero a landi her". Orðalag þetta sker að vísu ekki eitt sér úr um, hvort hér sé um lagafyrirmæli að ræða eða ritari hafi haft spurnir af almenningum hér á landi. Ljóst verður þó að telja, að hið fyrra sé rétt, ef höfð er hliðsjón af öðru efni handritsins og síðari ákvæðum kaflans.

Bæði fyrrnefnd aðalhandrit þjóðveldislaga geyma sérstök ákvæði um afrétti. Samanburður á ákvæðum þeirra um afrétti og almenninga leiðir í ljós, að eignarréttur á almenningum hefur verið í höndum íbúa heils fjórðungs, og nytjar þeirra af þessari eign hafa einkum tengst veiðum og reka, en afréttur var sameign tveggja manna eða fleiri og afnot einkum tengd beit (Grg. I. b, bls. 113—118, 186—187).

Ákvæði laga um almenninga breyttust ekki við lögtöku Járnsíðu um 1271, enda eru ákvæði þjóðveldislaga um almenninga tekin þar upp orðrétt (sbr. 29. kap. Landbrigðabálks). Járnsíða var aðeins í gildi í fá ár, enda var ný lögbók lögtekin um 1281, og nefndist hún Jónsbók. Þar er á nokkrum stöðum fjallað um almenninga, og tveir kaflar Landsleigubálks, nr. 52 og nr. 59, fjalla einvörðungu um þá. Síðari kaflinn hefst á orðunum: „Þat eru almenningar er at fornu hafa verit". Með þessu ákvæði er skorið úr um, að þau svæði, sem talist höfðu almenningar við gildistöku Jónsbókar, skuli vera almenningar áfram. Í þessum sama kafla er kveðið á um afnot af almenningum, og eru þau ákvæði mjög á sama veg og í þjóðveldislögum. Fyrri kaflinn (52. kap. Landsleigubálks) fjallar um meðferð mála, sem rísa kynnu vegna óvissu um, hvort svæði væri afréttur eða almenningur. Upphaf þess kafla: „Ef menn vitu eigi hvárt eru almenningar eða afrettir. Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra og hit ytra", er tekið upp í Lagasafn það, sem gefið var út árið 1973 (Lagasafn, II., sp. 1542), og er því enn í gildi sem lög. Vakin skal athygli á, að ekki er gerður greinarmunur á almenningum hið efra og hið ytra í þjóðveldislögum. Greinarmunur þessi kann því að eiga rætur að rekja til norsks réttar, en þar voru ýmsir hólmar og eyjar úti fyrir ströndinni taldir vera almenningar hið ytra, en almenningar hið efra voru inni í landi.

Þessi nýjung í Jónsbók getur því bent til, að lagasmiðunum hafi verið kunnugt um almenninga hið efra á Íslandi.

Almenninga getur víðar í íslenskum fornritum en nú hefur verið greint. Í Íslendingabók Ara fróða er tekið svo til orða varðandi Þingvallaland: „En maðr hafði sekr orðit of þræls morð eða leysings, sá es land átti í Bláskógum . . . Land þat varð síðan allsherjarfé, en þat lögðu landsmenn til alþingis neyzlu. Af því es þar almenning at viða til alþingis í skógum ok á heiðum hagi til hrossahafnar. Þat sagði Ulfheðinn oss“ (Ísl. fornr. I., 1, bls. 8—9). Landnáma greinir frá tilurð Almenninga hinna vestri í Aðalvíkursveit (Sléttuhreppi): „Geirmundr (Heljarskinn) fór vestr á Strandir ok nam land frá Rytagnúp vestan til Horns en þaðan austr til Straumness. Þar gerði hann fjögur bú, eitt í Aðalvík, þat varðveitti ármaðr hans; annat í Kjaransvík, þat varðveitti Kjaran þræll hans; þriðja á almenningum hinum vestrum, þat varðveitti Björn þræll hans, er sekr varð um sauðatöku, þá er Geirmundr var allr; hans sekðarfé urðu almenningar“ (Ísl. fornr., I. 1., bls. 154—155). Í bæði þessi skipti virðist landsvæði hafa verið gert að almenningi með dómi eða samþykkt. Sæmundur Ormsson, goðorðsmaður á Svínafelli, skipaði almenning í Hornafirði um 1245 með samþykki allra héraðsbúa. „Allir buendr þeir er lond atto i hornafirðe handsoloðu sömundar scipon a þesso mals við samdycce allrar alðyðo“ (D. I., I., bls. 532—537). Samþykkt þessi er tekin sem sérstakt dæmi um héraðsstjórn hinna fornu goðorðsmanna í formála Jóns Sigurðssonar að skjalinu.

Ætla verður, að almenningarnir á Hornströndum og í Hornafirði hafi verið fjórðungsalmenningar, enda er slíkra almenninga einna getið í þjóðveldislögum. Réttur til að nýta slíka almenninga hlýtur að hafa verið einskorðaður við innanfjórðungsmenn, en utanfjórðungsmenn hafa engan rétt átt til að nýta þá. Kann þetta að vera hin raunverulega orsök deilna þeirra og vígaferla, sem hlutust af hvalskurði Húnvetninga í Almenningum hinum eystri á Hornströndum og greint er frá í Fóstbræðrasögu (Ísl. fornr., VI., bls. 147—149) og Grettis sögu (Ísl. fornr., VII., bls. 88—89), enda kunna fornrit þessi að geyma forn munnmæli varðandi þetta atriði. Hitt gefur og auga leið, að íbúar næsta nágrennis við almenningana hafa verið stórum betur settir til að nýta þá en aðrir fjórðungsmenn vegna vegalengda, og kunna jafnvel að hafa verið því nær einir um hituna langtímum saman.

Löggjöf tímabilsins frá því um 1281 og fram til nútíma er fá-

orð um almenninga. Eiríkur konungur Magnússon gaf út réttarbót fyrir Íslendinga árið 1294, og er þar kveðið á um, að „ekki á jörð í viði þeim er fluttur er ór almening nema hann liggi lengr en lög vátta“ (Jónsbók, bls. 287). Tekið er fram í upphafi réttarbótarinnar, að hún sé sett að beiðni Íslendinga, og öldungis er óvíst, að hún hafi verið lögtekin á Alþingi, þótt sumir fræðimenn telji slíkt sjálfsagt (sbr. Einar Arnórsson: Réttarsaga Alþingis (Rvík 1930), bls. 328). Orðalag réttarbótarinnar bendir til, að konungur hafi talið sig hafa vald til að skipa fyrir um þá þætti, sem réttarbótin fjallar um, en Íslendingar stóðu um 1300 og lengi síðan fast á þeirri skoðun, að Alþingi hefði löggjafarvald ásamt konungi.

Hinn 15. apríl 1775 gaf konungur út tilskipun um landnám og byggingu eyðijarða (Lovsamling IV., bls. 251—257). Þar er sýslumönnum veitt heimild til að mæla út land undir nýbýli í „afréttaralmenningum“ að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Tilskipun þessi var fyrst afnumin með lögum um nýbýli frá 6. nóvember 1897. Hún geymir að vísu aðeins ákvæði um afréttaralmenninga, en sú staðreynd kann og að gefa til kynna, að ríkisvaldið hafi á 18. öld og talið sér heimilt að ráðstafa almenningum af öðru tagi. Íslendingar sóru Danakonungi erfðaeinveldi árið 1662.

Ákveðið var með konungsúrskurði, dagsettum 4. nóvember 1870, að skipa nefnd, sem semja skyldi frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland. Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Bergur Thorberg, síðar landshöfðingi, Jón Pétursson háyfirdómari og Jón Sigurðsson, alþingismaður frá Gautlöndum. Nefndin klofnaði, og skilaði hvor hluti hennar sérstöku áliti (dskj. 154 og 155). Meiri hlutinn, en hann skipuðu þeir Bergur og Jón Sigurðsson, lagði til, að fastbundið skyldi vera í lögum, að sérhver jörð skyldi eiga 60 faðma út á stöðuvatn frá landi sínu, ef tvær jarðir eða fleiri lágu að vatninu, en það, sem umfram kynni að vera, skyldi vera almenningur. Minni hlutinn, Jón Pétursson, lagði til, að sérhver jörð skyldi eiga 60 faðma út á stöðuvatn frá landi sínu, ef tvær lendur eða fleiri lágu að vatni, en það, sem umfram var, skyldi vera sameign lendnanna allra. Báðir nefndarhlutar telja þá skipun, sem þeir lögðu til, að á yrði höfð, eðlilega, en rökstyðja þá staðhæfingu ekki frekar.

Hinum forna greinarmun á afrétt og almenningi er haldið í lögum um nýbýli frá 6. nóvember 1897, en þar er gert ráð fyrir því, að (sum) sveitarfélög kunni að eiga afrétti, en varðandi almenninga er aðeins gert ráð fyrir, að þau kunni að eiga þar hagsmuna

að gæta. Lög nr. 61 frá 22. nóvember 1907, námulög, kveða á um, að landsjóður eigi námur í almenningum. Heildarlöggjöf um vatnsréttindi var sett árið 1923. Það eru lög nr. 15 frá 20. júní það ár, vatnalögin svonefndu. Samkvæmt þeim var eignarréttur landeigenda, sem land áttu að stöðuvatni, miðaðir við 115 m breitt belti út frá ströndinni (4. gr.).

Samkvæmt þjóðveldislögum voru almenningar eign fjórðungsmanna. Fjórðungarnir lögðust af sem stjórnsýsluumdæmi við gildistöku Járnsíðu og Jónsbókar. Fjórðungsþing voru þó enn haldin af og til á 17. og 18. öld; og er það þinghald sagt vera í samræmi við forna landsvenju (sbr. dskj. 131). Skipting landsins í lögmannsumdæmi virðist hafa verið gerð með hliðsjón af hinum fornu fjórðungsmörkum, en lögmannsumdæmin voru víðáttumeiri en fjórðungar og það eftir að lögmannsumdæmin urðu tvö. Hinum fornu landsfjórðungum bar skv. þjóðveldislögum að færa fram ómaga þeirra manna, sem dæmdir voru á fjórðungsþingum, en það verkefni hvarf úr sögunni með lögtöku fyrrnefndra lögbóka. Fjórðungsþing þjóðveldisaldar voru því dómþing, þar sem dæmt var í málum manna, sem bjuggu í sama fjórðungi, en ekki sömu vorþinghá. Þetta dómstig hvarf líka úr sögunni við lögtöku lögbókanna og sömuleiðis dómar á vorþingum. Fjórðungsþing 17. og 18. aldar voru eins konar aukalögþing, sem lögmenn héldu til að dæma í málum, sem voru óútkljáð, er Alþingi lauk, enda þótti ekki fært að lengja þingtímann. Dómar frá slíkum þingum samsvara því lögréttudómum á Alþingi.

Amtmannsembætti var stofnað að frumkvæði stjórnvalda í Danmörku árið 1688. Síðar var embættum þessum fjölgað, fyrst í tvö árið 1770 og síðan í þrjú árið 1787. Árið 1872 var landinu skipt í ömt, og voru þau sveitarstjórnarumdæmi (sbr. tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 1872).

Stjórnvöld í Danmörku höfðu líka frumkvæði að stofnun amta. Ömtin voru lögð af árið 1907 og viðfangsefni þeirra ýmist falin stjórnarráði eða sýslum, en eignirnar runnu ýmist til sýslna eða stofnana, sem tengdar voru einstökum landshlutum öðrum. Ömtin virðast fátt eiga sameiginlegt með fjórðungunum fornu annað en takmörkin.

Almenningar voru sameign fjórðungsmanna skv. þjóðveldislögum. Almenningar héldust, þótt fjórðungarnir legðust af sem stjórnsýsluumdæmi. Í Mosvalladómi Gissurar Þorlákssonar um rauðmagaveiði í Önundarfirði frá 20. maí 1594 var bændum á Eyri og í Hvilft dæmt óheimilt að leggja rauðmaganet í sjó fyrir

löndum sínum, og var þetta gert að kröfu hreppsbúa annarra, sem töldu þessar lagnir fyrrnefndra bænda „til stórrar hömlunar horfa a þeirri raudmagaveidi sem Gud sender. bædi þeirre sveit og fleirum odrum til biargrædis inn j þann ös sem liggur fyrir innan greindar iarder og almenningur hefur halldinn vered til þessa dags. og er en haldinn“ (Alþb. Ísl., III., bls. 61—62). Dómsmenn skutu málinu undir næsta Öxarárþing og úrskurð lögmanna. Í jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er kveðið svo að orði um rétt til að nýta Almenninga hina eystri á Hornströndum: „Dýrleiki er óviss á þessu landi, því að tíundast öngvum og kallast almenningar bæði austur og vestur frá þessu takmarki Bjarnarnesi, sem eru hverjum manni heimilir til brúkunar tollfrí eftir laganna útvísan“. Jarðabók fyrir þennan hluta Grunnavíkursveitar var undirrituð að Stað í Grunnavík hinn 14. júlí 1710.

Báðar þessar heimildir benda til, að afnotaréttur af almenningum hafi á 16. og 18. öld verið talinn vera bundinn við mun víðáttumeira svæði en eitt sveitarfélag. Síðarnefnda heimildin bendir helst til, að allir landsmenn hafi verið taldir eiga afnotarétt á Almenningum eystri á Hornströndum, sbr. orðin „hverjum manni heimilir til brúkunar“.

Mývatn í Suður-Þingeyjarsýslu er fjórða stærsta stöðuvatn landsins. Það er 38 km^2 að flatarmáli, mesta lengd þess er 12 km, mesta breidd 5 km og mesta dýpt um 4½ m. Strönd vatnsins er mjög vogskorin, og í því er fjöldi eyja, hólma, dranga og skerja. Botninn er sums staðar gróinn, og vatnið er auðugt af svifi. Í vatninu og við það eru hin ákjósanlegustu lífsskilyrði fyrir ýmsar dýrategundir, fiska, fugla, lindýr og skordýr. Umhverfi Mývatns er þekkt fyrir mýflugur, enda tekur vatnið nafn af þeirri dýrategund. Lirfa mýflugunnar er mikilvæg áta fyrir vatnafiska, en í vatninu eru tvær silungstegundir, bleikja og urriði, og það er landfrægt fyrir veiðisæld. Fuglalíf mun og fjölbreyttara og meira við Mývatn en annars staðar á landinu fjarri sjó, og er mest um endur.

Mikill grúi af kísilþörungum er í Mývatni, en það eru einfruma plöntur hjúpaðar skel úr opalkenndum kísil. Skeljarnar falla til botns og mynda setlög, er lífveran deyr. Hér á landi verða setlög þessi hreinust í stöðuvötnum, sem girt eru hraunum og óhreinkast lítt. Tómas Tryggvason jarðfræðingur greinir frá því í ritgerðinni Hagnýt jarðefni (Náttúra Íslands, bls. 121—140 (einkum bls. 137—140)), að hreinsaður kísilsalli af þessu tagi sé mikið notaður

í iðnaði, t. d. sem fylliefni, í hjúp um áburð og í síur. Sami fræðimaður staðhæfir í þessari grein sinni eftirfarandi um kísilgúr (kísilsalla) í Mývatni: „Rannsóknir hafa leitt í ljós, að náman á botni Mývatns muni vera sú stærsta sinnar tegundar í Evrópu og að unnt sé að hreinsa sallann úr botnleðjunni að vild".

Land við Mývatn er talið hafa verið numið tiltölulega seint á landnámsöld (ca 870—930). Í Landnámu er þess getið, að Þorsteinn Sigmundsson Gnúpa-Bárðarsonar hafi fyrstur búið „at Mývatni", og mun orðalag þetta merkja við Mývatn. Sama heimild getur þess, að Þorkell hinn hávi hafi fyrstur búið „at Grænavatni" og þeir feðgar Geiri, Glúmur og Þorkell hafi fyrstir manna búið fyrir sunnan vatn eða á Geirastöðum. Þeir lentu í vígaferlum og voru gerðir „norðan ór sveitum" (Ísl. fornr. I., 2, bls. 282—284). Í Reykdæla sögu eru þeir feðgar sagðir hafa verið gerðir „þaðan ór sveitinni" (Ísl. fornr. X., bls. 211). Mun átt við Mývatnssveit, en það nafn bar hreppurinn a. m. k. fram á 18. öld, sbr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (dskj. 102 „Mývatn heitir hreppurinn").

Silungsveiði hefur vafalítið verið þýðingarmikil til fæðuöflunar í Mývatnssveit frá öndverðu, enda er íbúum sveitarinnar veitt undanþága til helgidagaveiði í Grágás: „Mývetningum er þat rétt at legia net sin i vatn helgan dag eptir eykð ef rum heilact er eptir" (Grg. II., bls. 32). Getið er um dráttarveiði í Mývatni í Jarteinabók Guðmundar biskups Arasonar, en leið hans lá eitt sinn að Mývatni, og þar blessaði hann bestu veiðistöð Reykjahlíðarbónda. Greint er frá þessum sama atburði í Guðmundar sögu eftir Arngrím ábóta Brandsson og m. a. tekið svo til orða, að „þetta sama vor lá mikit hallæri með því vatni, svo at náliga fékk engi byggðarmanna búðarverð" (Bisk. Bmf., I., bls. 593—595, II., bls. 144—145). Vatnið er að vísu ekki nafngreint í Guðmundar sögu Arngríms, en með hliðsjón af Jarteinabókinni er öruggt, að um Mývatn var að ræða. Tilgreint orðalag Guðmundar sögu Arngríms gæti bent til, að fleiri en íbúar Mývatnssveitar hafi stundað veiði í vatninu og að þar hafi staðið búðir líkt og í verstöðvum, en ekki er þetta öruggt.

Getið er um veiðirétt í Mývatni í jarðakaupabréfi einu (dskj. 120), dagsettu 12. apríl 1477, svonefndu Hofsstaðabréfi. Samkvæmt bréfi þessu „æ jordin (þ. e. Hofsstaðir í Mývatnssveit) hlut j almeningi j myvatni. oc skipstaudv j geirastada jordo. oc stodhrossa gaungu". Skjalið sker ekki úr um, hvernig Hofsstaðir eignuðust ítök þessi, og gætu þau því jafnvel hafa í öndverðu

verið eign bænhúss þess, sem var á Hofsstöðum skv. fyrrnefndu jarðakaupabréfi. Slíkt mundi skýra, hvers vegna hlutur í almenningi er talinn fylgja jörðinni, enda var ekki sjálfsagt, að guðshús ættu þar hlut. Algengt var, að guðshús ættu ítök af ýmsu tagi, m. a. veiðiréttindi og ítök í almenningum. Má sem dæmi um slíkt nefna, að Vatnsfjarðarkirkja átti ítak í Almenningum á Hornströndum (sbr. dóm frá 5. maí 1514. (D. I., VIII., bls. 484--486). Hofsstaðabréf er elsta heimild um almenning í Mývatni.

Yngri heimildir (t. d. dskj. 105—106) herma, að jörðin Grænavatn hafi átt veiðiréttindi í Mývatni. Önnur vottorð frá sama tíma (dskj. 144—147) herma, að um leigu hafi verið að ræða. Upp í uni réttinda þessara, ef um önnur réttindi hefur verið að ræða en rétt til að veiða í almenningi, er óviss.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (XI., bls. 243—244) er ótvírætt gefið til kynna, að almenningur hafi verið í Mývatni, enda segir svo í niðurlagi kaflans um Mývatnssveit: „Silungsveiði má hvör bruka sem vill af innanhreppsmönnum vetur og sumar í Mývatni í Flóanum, það er í miðju vatninu, og brúkar hvör so sem hann hefur atorku til, hvort sem hann á land að vatninu eður ekki, bæði með lagnetjum og dorg. Utansveitarmenn gjöra sig og stunduð hingað, og mega þeir að frjálsu veiða á dorg, og so er sagt að þeim sje ekki meinað að hafa lagnet í Flóanum. Enginn má leyfislaust fyrir annars landi veiða. Þeir sem halda til með lagnet í Flóann meðan vatnið er þítt og ekki eiga land við vatnið fá skipstöðu af þeim sem landið eiga, enginn kemur þar tollur fyrir". Kaflinn um Mývatnssveit er undirritaður að Skútustöðum hinn 31. ágúst 1712, og votta þeir Kolbeinn Jónsson og Þorkell Þórðarson með undirskrift sinni, að Jarðabókin sé í samræmi við framburð almennings. Kolbeinn Jónsson býr að Ytri-Neslöndum 1712 skv. Jarðabók, og má nær fullvíst telja, að það sé votturinn. Ytri-Neslönd eiga land að Mývatni. Syðriflói og Ytriflói nefnast tvö víðáttumestu svæðin á yfirborði Mývatns (sbr. dskj. 123). Flói sá, sem getið er um í Jarðabók, mun vera Syðriflói, enda var örnefnið Almenningsbolur þekkt þar a. m. k. fram á ofanverða 19. öld (dskj. 105). Sú staðreynd, að Jarðabók kveður utansveitarmönnum heimilt að veiða í vatninu, sýnir, að menn hafa þá talið almenning í því.

Á korti (dskj. 121) einu, sem Th. Knoff teiknaði af Norðausturlandi árið 1732, er eftirfarandi áletran: „Her j dete vand fangis saa mange foreller (paa Islandsk seelungur) som en stordal af Reckedals og Laxaardals jnbydere kan forsynes med". Hér er tek-

ið fram, að unnt sé að afla silungs í Mývatni fyrir mikinn hluta íbúa annars hrepps en Mývatnssveitar, og bendir þetta enn til, að almenningur hafi þá verið í vatninu. Reykjadalur og Laxárdalur töldust til Helgarstaðahrepps á 18. öld.

Telja verður framangreindar heimildir, Hofsstaðabréfið, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, kort Knoffs og örnefnið Almenningsbolur, traustar, einkum Jarðabókina. Ákvæði Jónsbókar um, að almenningar skuli vera sem að fornu, verða naumast skilin á annan veg en þann, að óheimilt hafi verið að afnema almenninga eða stofna nýja eftir gildistöku lögbókarinnar utan með lagasetningu. Engar heimildir hafa varðveist um lagasetningu varðandi almenning í Mývatni frá tímabilinu 1281—1477, og benda því sterkar líkur til, að almenningurinn sé frá þjóðveldisöld. Mývatn virðist því hafa haft sérstöðu, hvað þetta snertir, frá öðrum íslenskum stöðuvötnum, enda líklega mest matarkista þeirra.

Getið er um almenning í vatninu í skjölum frá 20. öld, þ. e. endurminningum, bréfum og vottorðum manna, sem mundu síðari hluta 19. aldar (t. d. dskj. 104, 107 og 142). Jónas Helgason (dskj. 104) hefur það eftir elsta fólki, sem hann hafði haft fregnir af, að förufólk hafi flykkst að vatninu í bjargarleit, og Benedikt Guðnason (dskj. 107) getur þess, að menn úr öðrum sveitum hafi stundað dorgarveiði í Mývatni á síðustu tveimur áratugum 19. aldar auk utanvatnsbakkabænda, en tekur fram, að þeir hafi a. m. k. flestir verið ættaðir úr sveitinni. Stefán Stefánsson (dskj. 171) staðfestir, að Mývetningar hafi heimilað utansveitarmönnum veiðar, og frásögn sama aðilja af ágangi hesta bendir til, að sumir þeirra hafi veitt þar án þess að biðjast leyfis. Víst er að vísu, að heimildir um bjargarleit förumanna við vatnið eru engin sönnun um almenning við vatnið, en notkun orðsins almenningur í skjölum þessum, ekki síst dskj. 142, sem er elst þeirra, staðfestir, að mönnum hefur verið kunnugt um tilvist hans fram yfir sl. aldamót. Ekki verður af heimildum ráðið, hver eru takmörk almenningsins, en hann er í Syðriflóa (sbr. örnefnið Almenningsbolur).

Um sl. aldamót tók að bera á silungsþurrð í vatninu. Síðari hluta vetrar 1903—1904 var haldinn fundur um málið að Skútustöðum og niðurstöður hans færðar í hreppsbók. Bendir það til, að fundurinn hafi verið haldinn að tilhlutan hreppsnefndar. Á fundi þessum var gerð samþykkt um lágmarksstærð þess fisks, sem veiða mátti (dskj. 104). Hinn 7. febrúar 1905 stofnuðu eig-

endur og ábúendur þeirra jarða, sem land áttu að Mývatni, Veiðifélag Mývatns, og var sr. Árni Jónsson á Skútustöðum helsti forvígismaður þeirrar félagsstofnunar. Á stofnfundinum bar sr. Árni þann skilning sinn undir fundinn, að einungis þeir ættu veiðina í Mývatni, sem bjuggu á jörðunum umhverfis vatnið, og þeir einir hefðu rétt og skyldu til að gera samþykktir um þessa veiði og verndun hennar. Flestir („nær allir") fundarmenn samþykktu þennan skilning. Síðan bauð prestur til félagsstofnunar, og skyldi félagið hafa það markmið að auka og vernda veiðina í Mývatni. Aðild var bundin við ábýli á jörðum þeim, sem land áttu að vatninu. Sextán bændur skráðu sig í félagið á stofnfundi. Félagsgjald virðist í öndverðu hafa verið tvær krónur. Það var a. m. k. framlag sr. Árna.

Í greinargerð þessari um aðdragandann að stofnun Veiðifélags Mývatns er stuðst við handrit Stefáns Stefánssonar (dskj. 171), en það, sem þar er skráð um tilgang og aðild að félaginu, er í fullu samræmi við lög félagsins, sem samþykkt voru 15. október 1911. Þar er að auki m. a. kveðið á um aðalfund, félagsgjald og friðunaraðgerðir (dskj. 4).

Árið 1964 voru sett lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, lög nr. 22 21. maí 1964. Í 1. gr. þeirra laga segir m. a. svo: „Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Í því skyni er henni heimilt: . . . . . 2. Að selja verksmiðjunni hráefni úr kísilgúrnámunni í Mývatni utan netlaga eða leigja hlutafélaginu afnot hennar".

Þessi lög voru felld úr gildi með nýjum lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80 15. ágúst 1966. Starfar verksmiðja sú, er nú vinnur kísilgúr úr botni Mývatns, á grundvelli þessara laga. Hin tilvitnuðu ákvæði úr 1. gr. eldri laganna eru óbreytt í nýju lögunum.

Röksemdir aðalstefnenda.

Af hálfu aðalstefnenda kemur fram, að með setningu laga nr. 22/1964 um kísiliðju við Mývatn sé ljóst, að ríkissjóður telji sig eiga botn Mývatns. Þetta hafi komið eigendum jarða, er liggja að Mývatni, á óvart. Þeir hafi talið og haldið því fram í máli þessu, að eignarrétturinn að vatninu, en það er vatnið ásamt leðjunni á botni þess og botninn, tilheyri jörðum þeirra og hafi svo verið frá öndverðu. Jarðeigendur við Mývatn, sem haft hafi

með sér veiðifélag frá árinu 1905, hafi á fundi að Skútustöðum 3. sept. 1965 stofnað veiðifélag í samræmi við ákvæði laga um lax- og silungsveiði. Á þeim fundi hafi þeir mótmælt því, að Kísiliðjan h/f hafi ekki látið fara fram ítarlega rannsókn sérfróðra manna á dýralífi og lífsskilyrðum í Mývatni, og hafi þeir minnt á, að lífsafkoma manna við Mývatn byggist að nokkru leyti á silungsveiðinni í vatninu. Hafi fundurinn talið rétt, að stjórn Kísiliðjunnar h/f sæi um, að rannsóknir yrðu hafnar þá þegar. Þessi samþykkt fundarins hafi verið send stjórn Kísiliðjunnar h/f, landbúnaðarráðuneytinu og veiðimálastjóra. Ekkert svar hafi borist við þessum bréfum. Hinn 12. júní 1967 hafi stjórn Veiðifélags Mývatns sent mótmæli til Kísiliðjunnar h/f og landbúnaðarráðherra. Hafi mótmæli þessi verið svohljóðandi: „Allt frá því er byggð hófst í Mývatnssveit hafa landeigendur við Mývatn átt og nytjað vatnið frá yfirborði þess til botns og botninn með. Þeim eignarrétti hefur aldrei verið mótmælt. Málsvari landeigenda viðvíkjandi Mývatni er Veiðifélag Mývatns. Stjórn Veiðifélags Mývatns mótmælir harðlega þeirri ákvörðun forráðamanna Kísiliðjunnar h.f. að taka botnleðju úr Mývatni til kísilvinnslu, án samþykkis veiðifélagsins. Fyrrnefnd ákvörðun er frekleg ágengni og lítilsvirðing á eignarréttinum svo að ekki verður við unað. Því er það krafa stjórnar Veiðifélags Mývatns, að við hana verði samið um þessi mál nú þegar."

Hinn 28. febrúar 1968 hafi svo aðalstefnendur falið lögmanni sínum í samræmi við samþykkt stjórnar Veiðifélags Mývatns hinn 14. apríl 1967 að leita eftir fullkominni viðurkenningu á eignarrétti strandeigenda við Mývatn á öllum botni Mývatns. Hinn 25. mars 1968 hafi lögmaður aðalstefnenda ritað stjórn Kísiliðjunnar h/f og ítrekað sjónarmið þeirra. Í svari forstjóra Kísiliðjunnar h/f hafi komið fram, að málið væri algerlega í höndum hlutaðeigandi ráðuneytis. Hinn 17. apríl 1968 hafi lögmaður aðalstefnenda svo ritað iðnaðarráðuneytinu bréf og sett fram kröfu aðalstefnenda um viðurkenningu á eignarrétti þeirra að botni Mývatns ásamt kröfu um fullar bætur fyrir kísilnám Kísiliðjunnar h/f í Mývatni. Í svarbréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 16. maí 1968, sé til þess vitnað, að áður en frumvarp til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn hafi verið lagt fyrir Alþingi 1964, hafi verið leitað lögfræðilegs álits Ólafs Jóhannessonar prófessors. Hafi niðurstaða álitsgerðar hans verið sú, að vatnsbotn í stöðuvötnum utan netlaga sé almenningur landsmanna allra, þ. e. ríkiseign. Kísilgúr á vatnsbotni utan netlaga sé því

eign þjóðarheildarinnar, sem löggjafinn geti ráðstafað að vild sinni. Komi og fram í bréfi iðnaðarráðuneytisins, að á þessu sjónarmiði hafi allar ráðstafanir ríkissjórnarinnar verið byggðar.

Af hálfu aðalstefnenda er bent á, að álitsgerð Ólafs Jóhannessonar prófessors sé byggð á athugun á vatnalögunum nr. 15/1923 og þeim skjölum og skilríkjum, er legið hafi frammi við afgreiðslu málsins á Alþingi, svo og umræðum þeim, sem orðið hafi á þinginu undir meðferð lagafrumvarpsins. Sé það niðurstaða álitsgerðarinnar, að það hafi verið sjónarmið höfunda vatnalaganna, að almenningur stöðuvatns, þar með talinn vatnsbotninn, væri talinn ríkiseign. Á það sjónarmið hafi löggjafinn fallist og séu ákvæði vatnalaganna ótvírætt á þessu byggð. Í álitsgerð Ólafs Jóhannessonar prófessors segi m. a. svo orðrétt: „Samkvæmt því virðist niðurstaðan hér hljóta að verða sú, hvort sem mönnum finnist sú niðurstaða eðlileg eða ekki, og hvort sem skilningur höfunda vatnalaganna á eldri löggjöf var að þessu leyti í raun og veru réttur eða ekki, að yfir almenningi stöðuvatns eigi strandeigendur ekki annan rétt en þann, sem löggjöfin á hverjum tíma sérstaklega heimilar þeim eða þeir kunna að hafa öðlazt með langri notkun. Er og ljóst, að þegar athuguð eru og rakin ákvæðin um veiðirétt í almenningum stöðuvatns, að löggjafinn hefur talið sig geta skipað þeim málum að vild sinni, veitt þeim réttindin, er hann vildi." Af hálfu aðalstefnenda er á það bent, að setning vatnalaganna nr. 15/1923 hafi átt sér langan aðdraganda. Hafi nefnd, sem kosin var á aðalfundi Veiðifélags Mývatns 24. nóvember 1920, komið á framfæri mótmælum eigenda Mývatns gegn því, að þeir yrðu sviptir eignarrétti að vatninu með einfaldri löggjöf. Fossanefndin svonefnda hafi svo skilað meiri hluta og minni hluta áliti. Sé mikið um það fjallað í greinargerðum meiri hluta og minni hluta, hver eigi eignarrétt að vatnsbotni stöðuvatna. Meiri hlutinn vitni í ritgerð Einars Arnórssonar um vatnsréttindi, en þar segi m. a. svo: „Það er og alkunnugt, að notendur jarða, sem að veiðivatni liggja, hafa veitt í vatninu, hvar sem þeim hefur sýnst, og í sumum veiðivötnum hefur verið almenningur frá fornu fari, t. d. Mývatni (bréf Dipl. Ísl. IV. nr. 105/1477). Virðist því af þessu mega ætla, að land fylgi eigi að vatnsbotni stöðuvatna, nema sem svarar netlögum í sjó. Löggjafarvaldið hefur að minnsta kosti frjálsar hendur í því efni".

Er á það bent af hálfu aðalstefnenda, að umrædd tilvitnun í Íslenzkt fornbréfasafn varði jarðakaupabréf frá 1477, þar sem jörðin Hofsstaðir sé seld, en ekki finnist þar nein sönnun þess,

að jarðeigendur við Mývatn eigi ekki einir botn vatnsins. Seljandi selji þar jörðina Hofsstaði og láti fylgja hlut í almenningi í Mývatni og skipstöðu í Geirastaðajörðu og stóðhrossagöngu. Bréfið virðist sanna, að uppi hafi verið sú skoðun á þeim tíma, að almenningur í Mývatni væri eign ákveðinna jarða og sé ekki unnt að draga aðra ályktun af því. Komi þetta og heim við það, sem fram komi í Staðarhólsbók Grágásar, Kristinnalagaþætti, kafla 22, þar sem segi: „Mývetningum er það rétt að leggja net sín í vatn helgan dag eftir eykð ef rúmheilagt er eftir". Komi þarna berlega fram, að Mývetningar hafi átt Mývatn. Meiri hluti Fossanefndar hafi svo hallast að skoðun Einars Arnórssonar prófessors, án þess þó að það komi beinlínis fram, hver sé eigandi hins svonefnda almennings. Hins vegar segi svo í áliti minni hlutans: „Minnihlutanum hefur hins vegar þótt rétt að telja þann hluta vatnsins almenning, eða ríkiseign, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna, þó með þeim takmörkunum, er réttmætar kunna að þykja vegna veiðiréttarins. Um önnur afnot mun naumast að ræða." Í samræmi við þetta hafi 126. gr. frumvarps vatnalaganna verið svohljóðandi: „Í stöðuvatni er öllum veiði heimil fyrir utan netlög, nema forn venja banni, enda sé landi annarra ekki spillt, né það notað til uppsáturs eða til að koma þar fyrir veiðigögnum eða öðru slíku".

Í umræðunum um frumvarpið á Alþingi hafi komið svohljóðandi fyrirspurn frá framsögumanni, Pétri Jónssyni atvinnumálaráðherra: „Sömuleiðis vil ég benda háttvirtri nefnd á þá spurningu, hve almenningsrétturinn eigi að ná langt, hvort heldur til alls landsins, eða t. d. aðeins til sveitarfélaga þeirra, sem land eiga að vatninu". Þetta hafi leitt til þess, að 1. mgr. 126. gr. vatnalaganna hafi að lokum orðið svo: „Veiði í almenningi stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, nema forn venja banni." Svo virðist sem fyrirspurn ráðherrans svo og afgreiðsla Alþingis hafi sprottið af því, að menn hafi ekki gert sér ljóst við afgreiðslu vatnalagafrumvarpsins, hvað hugtakið almenningur þýddi að fornu. Í Landbrigðaþætti Grágásar segi svo í kaflanum um almenninga: „Þat er mælt at almenningar ero a landi her. Þat er almenning er fiórðungs menn eiga allir saman. Þar eiga menn at fiskia oc fygla sva at koma þangat, er manaðr lifir vetrar, oc vera þar vii manaðr. Þa scal almenning ligia v. manaðr. sva at sa einn scal þa beita er næstur býr. Þar eiga menn at högva við og telgia oc föra til skips eða buða oc er þa heilagr viðrin". Þessi ákvæði sýni, að almenningur til forna hafi ekki

verið alþjóðareign, heldur sameiginlegur afnotaréttur takmarkaðs hóps manna. Þó skyldi hinn raunverulegi eigandi, sá er næstur bjó, hafa einn afnotaréttinn í fimm mánuði ársins. Almenningsákvæðið hafi verið neyðarregla. Í 52. kafla Landsleigubálks Jónsbókar segi, að „Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit bæði hit efra ok hit ytra". Í 14. gr. kafla Þjófabálks Jónsbókar komi skýring á þessu ákvæði í sama anda, því þar segi: „Nú finnr maðr fé í jörðu í almenningi, hafi sá þriðjung, er finnr, en þeir tvá hluti, er þann almenning eiga." Hér muni vera átt við þá aðilja, er jörðina eða landið áttu í eiginlegum skilningi. Samkvæmt þessu mundi almenningur í Mývatni vera sameign þeirra, er land eiga að Mývatni. Aðrir kæmu þar ekki til greina, hvað sem öllu öðru liði. Þetta muni hafa verið ljóst höfundum frumvarps að lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/1932, en með þeim lögum hafi m. a. 126. gr. vatnalaganna verið felld úr gildi.

Í athugasemdum með frumvarpi að lögum þessum geti höfundar þeirra þess, að veiði í almenningum stöðuvatna hér á landi hafi sums staðar frá fornu fari fylgt landareignum þeim, er að vatninu liggja, en hins vegar hafi 126. gr. vatnalaganna leitt það nýmæli í lög, að þar sem ekki væri um slíka venju að ræða, skyldu sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, eiga veiði í almenningi þess. Síðan segi svo í athugasemdum með frumvarpinu: „Þessari reglu telur nefndin rétt að breyta. Það verður ekki séð, að það sé að neinu leyti eðlilegt eða sanngjarnt að láta réttinn til veiði í almenningi vatns fara eftir hreppaskiptingunni, þvert á móti er það í sumum tilfellum næsta óeðlilegt". Hafi því lög nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði lögfest sem aðalreglu, að þeir einir skyldu eiga veiðirétt í almenningi stöðuvatns, sem land eiga að vatninu. Ef saman eigi að fara eign á vatni og botni, þá sé enginn vafi á því, hverjir eigi Mývatn samkvæmt þessu, þ. e. ef orðið almenningur er tekið bókstaflega í allra víðustu merkingu. Er því haldið fram af hálfu aðalstefnenda, að samkvæmt ævafornri venju við Mývatn, byggðri á fornum rétti og rótgrónum skilningi á orðinu almenningur, þá sé botninn í Mývatni eign þeirra jarða, er lönd eiga að Mývatni. Hafi almenni löggjafinn ekki getað svipt eigendur jarða við vatnið þessum eignarrétti með ákvæði 1. tl. 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Af hálfu aðalstefnenda er gerð grein fyrir því, að við stofnun Veiðifélags Mývatns hinn 7. febrúar 1905 komi skýrt fram í stofnfundargerð það álit fundarmanna, að jarðirnar, sem lönd eiga að vatninu, hljóti að eiga vatnið. Eigendur tveggja eða þriggja jarða,

sem ekki eiga land að Mývatni, en eru í Mývatnssveit, hafi talið sig eiga veiðirétt samkvæmt fornri hefð. Af því tilefni hafi á stofnfundinum verið samþykkt ályktun um þá eindregnu skoðun, að þær jarðir einar, sem lönd eigi að Mývatni, eigi vatnið og að þeir einir, sem lönd eigi að Mývatni og búi við það, eigi rétt til að gera samþykktir eða taka ákvarðanir um veiði í því. Hafi stofnun veiðifélagsins varnað svonefndum utanvatnsbæjamönnum alla veiði í vatninu og gildi svo enn. Árið 1918 hafi svo menn í umboði Veiðifélags Mývatns leitað til Einars Arnórssonar prófessors og óskað eftir áliti hans á því, hverjir ættu veiðirétt í Mývatni og hverjir þeir, er veiðirétt eigi, geti bannað að veiða úr vatninu. Í áliti sínu hafi prófessorinn talið alveg ljóst með tilvitnunum í þar greind lög að fornu og nýju, að veiðiréttur fyrir jörðum, er land eiga að Mývatni, fylgi þeim einum að lögum. Eigi þetta jafnt við, hvernig og hvar sem veitt er í vatninu. Mývatn sé sjálft eigi almenningur og liggi að áliti prófessorsins ekki í almenningi, svo að ákvæði Jónsbókar, Landsleigubálks 59. kafla um almenninga, þar sem segi, að fiskivötn í almenningi séu öllum jafnheimil, geti ekki hér átt við. Er því haldið fram, að þessi skoðun prófessors Einars Arnórssonar sé rétt að því er Mývatn og önnur vötn í einkaeign varðar og að Mývatn sé eign þeirra Mývetninga, sem land eiga að vatninu.

Af hálfu aðalstefnenda er gerð grein fyrir því, að Mývatn sé eitt af bestu veiðivötnum landsins og fáist þar bæði urriði og bleikja. Silungsklak hafi verið rekið þar um alllangt skeið af eigendum jarða við vatnið. Ekkert einkenni þó dýralífið við Mývatn eins og fuglalífið og sé óvíða í heiminum eins mikill grúi anda og þar. Hafi Mývetningar mikla búbót af eggjatöku. Lífsafkoma jarðeigenda við Mývatn byggist að verulegu leyti á silungsveiði og hafi þeir í meira en hálfa öld varið til þess orku og fé að efla hana með klaki án afskipta annarra. Víða sé vatnið mjög grunnt og af nýjustu mælingum megi ráða, að dýpi á nyrðri flóa sé innan við einn metra. Á því svæði taki Kísiliðjan h/f kísilgúrinn. Nái botngróðurinn til yfirborðsins og megi búast við, að þar myndist þurrlendi á næstunni. Af þessu sé ljóst, að hinn svokallaði almenningur í Mývatni, sem ríkisvaldið hafi slegið eign sinni á, sé varla hægt að kalla því nafni með tilliti til vatnsdýpisins. Botn Mývatns sé að breytast í uppgróið land. Bændur aðliggjandi jarða meti vatnið, gróður þess og dýralíf að verðleikum og hafi sýnt í verki, að besta náttúruverndin sé í þeirra höndum. Af sjálfu sér leiði vegna líffræðilegra raka, að ekki sé hægt

að skilja botngróðurinn úr tengslum við ræktun og verndun silungsstofnsins. Sama sjónarmið, þ. e. að sjórinn og sjávarbotninn séu ein óaðskiljanleg líffræðileg heild, hafi verið ein röksemdin í baráttu Ísendinga til að öðlast yfirráð yfir fiskimiðunum umhverfis landið. Er og á það bent af hálfu aðalstefnenda, að Mývatn sé mjög óreglulegt í lögun og séu í því eyjar á víð og dreif. Sé fjarstæða að beita netlagareglu sjávarstranda um eignarrétt að botni Mývatns. Sé það skýlaust stjórnarskrárbrot, ef almenni löggjafinn ætli sér að löghelga ríkinu eignarrétt að vötnum á Íslandi, er komið sé 115 metra frá landi, án nákvæmrar athugunar í hverju einstöku tilviki.

Þá er því haldið fram, að hér á landi hafi aldrei verið ríkisalmenningar eða byggðaralmenningur í neinu veiðivatni í byggð hér á landi og að lög geti ekki ákveðið slíka almenninga að óbreyttri stjórnarskrá. Landsmenn hafi aldrei viljað viðurkenna, að slíkir almenningar væru til, enda hafi þá verið hætta á, að þeir hyrfu til konungs. Ef Mývatn hafi einhverju sinni verið almenningur í ríkiseign, sem mótmælt er að nokkru sinni hafi verið, þá verði ekki annað séð en að aðalstefnendur eða jarðir þeirra hafi síðar eignast vatnið fyrir hefð. Því er mótmælt, að athugasemd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 um, að almenningur sé talinn í Mývatni, hafi nokkurt sönnunargildi um eignarrétt að Mývatni. Ætla megi, að á þeim tíma hafi verið svo mikið hungur í landinu, að eigendur Mývatns hafi látið það óátalið, þó að mönnum hafi verið veitt takmarkað leyfi til að afla sér fanga að þessu leyti sér til bjargræðis. Hvorki fyrr né síðar finnist gögn um, að bændur við Mývatn hafi leyft slíkt. Athugasemd þessi beri hins vegar með sér, að ekki telji sér aðrar jarðir hlunnindi af veiði en þær, sem eiga land að vatninu og sanni það, að ekki hafi aðrir átt þennan rétt, jafnvel þótt „almenningur“ væri í vatninu til afnota fyrir gesti og gangandi eða sveltandi nágranna. Þetta geti hins vegar ekki svipt jarðeigendur við vatnið eignarrétti sínum á vatni og botni sem framhaldi vatnsbakkans, sem þeir hafi einir átt. Er því haldið fram, að af landamerkjabréfum allra jarða í Mývatnssveit, sem fram hafi verið lögð í málinu, sé ljóst, að Mývatn liggi undir jarðeignirnar við Mývatn. Það virðist aldrei hafa orðið að ásteitingarsteini eða valdið erfiðleikum hjá strandeigendum, hvernig eignarrétti þeirra að Mývatni væri háttað, þrátt fyrir mismunandi orðalag í landamerkjabréfum. Hafi samtökin, er hófust með stofnun veiðifélagsins 1905 og ætíð hafa varað síðan, sýnt, að

litið hefur verið á vatnið sem óskipta sameign, þótt sérnytjar fylgdu ræmu næst ströndinni.

Þá er því haldið fram af hálfu aðalstefnenda, að fram að setningu laga nr. 22/1964 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn hafi ríkisvaldið aldrei nytjað botn Mývatns. Með lögum þessum sé verið að svipta aðalstefnendur lögmætri eign þeirra og því brjóti lögin í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Röksemdir gagnstefnenda og réttargæslustefndu.

Helstu röksemdir gagnstefnenda, landbúnaðarráðherra, iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru þær, að bæði fræðimenn og dómstólar líti svo á, að ríkið sé eigandi að almenningum í landinu, þ. e. a. s. grunnréttareignarhafi. Hér á landi vanti að mestu leyti löggjöf um almenninga og þetta mál sé fyrir þá sök miklu erfiðara viðfangs, enda hafi úrlausn þess mikla almenna þýðingu. Samkvæmt réttri gagnályktun frá 4. gr. vatnalaganna nr. 15/1923 geti engri jörð eða landareign fylgt land lengra út í vatn (vatnsbotn) heldur en sem netlögum nemur, þ. e. 115 m. Þess vegna sé engum öðrum til að dreifa um eign og aðild almennings (vatnsbotnsins) utan netlaga heldur en ríkisvaldinu (ríkissjóði). Enginn vafi leiki á því, að 4. gr. vatnalaganna sé að öllu leyti stjórnskipulega gild lagaregla og gagnályktunin því fullkomlega örugg. Landeigendur hafi aldrei átt lengra út í vötn eða sjó en sem nemur netlögum. Með lagagreininni sé því ekkert af landeigendum haft, enginn réttur á þeim brotinn. Vilji landeigendur halda öðru fram, þá hafi þeir sönnunarbyrðina um það. Landamerkjabréf margra Mývatnsjarða beri það óbeint með sér, að þær hafi ekki verið taldar eiga botn út um vatnið utan netlaga, því þá hefði verið óþarft að telja upp eyjar og sker, sem jörðunum fylgi, fram af landi jarðanna, utan dráttarmáls. Enn fremur benda gagnstefnendur á það, að hvorki hreppurinn né vatnsbakkabændur hafi nokkru sinni gert neina fyrirvara, mótmæli eða breytingatillögur út af takmörkunum þeim, sem 4. gr. vatnalaga feli í sér eða staðfesti, og hafi þeim þó gefist sérstakt tilefni til þess, þar sem sérstök nefnd Mývetninga hafi á sínum tíma verið sett í málið. Nefndin hafi hins vegar látið við það sitja, að strandeigendur yrðu viðurkenndir einkarétthafar veiðiréttindanna, en um landbeltismörk og eignarrétt jarða út í vatnið hefðu þeir engar athugasemdir eða breytingatillögur fram að

færa. Þá vitna gagnstefnendur einnig til þess, að bæði meiri og minni hluti Fossanefndarinnar 1917, er undirbjó vatnalögin, hafi verið sammála um, að landeigendur ættu ekki vatnsbotn, nema netlögin. Þeir hafi bent á, að í eldri lögum segi hvergi beinlínis, hversu fara skuli um eignarrétt að botni stöðuvatna. Hins vegar séu ákvæði um það, „hversu langt í sjó út landeigandi skuli eiga, (netlög),“ eða 60 faðma frá stórstraumsfjöruborði, tilskipun 20. júní 1849, 3. gr., og lög nr. 39/1914, 2. gr. Í frumvarpi meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar svokölluðu frá 1877 hafi verið gert ráð fyrir þeirri skipan, sem lögfest hafi verið með 4. gr. vatnalaganna. Báðir hlutar Fossanefndarinnar virðast hafa gengið út frá því, að löggjafinn hefði frjálsar hendur, bæði hvað snertir veiðiréttindi í almenningi vatna og eignarrétt að botni þeirra. Eftirtektarvert sé, að í nefndaráliti minni hlutans, sem yfirleitt hafi dregið taum landeigenda, sé lagt til, að 115 m „belti verði skoðað sem einn hluti landareignarinnar“. Hins vegar hafi minni hlutanum „þótt rétt að telja þann hluta vatnsins almenning eða ríkiseign, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna.“ Í lokafrumvarpi því til vatnalaganna, sem lagt hafi verið fram 1921, segi síðan í athugasemdum við 4. gr.: „Það virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að lögleiða það, að landi fylgi ekki vatnsbotn eða vatnsréttindi lengra út í stöðuvatn en nú er í sjó, gildandi lögum samkvæmt, sjá tilsk. 20. júní 1849, 3. gr., og lög nr. 39 2. nóv. 1914, 2. gr., enda hefur Fossanefndin öll orðið á það sátt.“ Gagnstefnandi bendir á, að lagaákvæði um almenninga hér á landi séu mjög fá, óljós og slitrótt, en í rauninni megi þó segja, að nafnið sjálft, almenningur, gefi helst leiðbeiningu um hvers konar rétt eða réttarhugtak sé hér að ræða. Almenningur sé það, sem enginn eigi sérstaklega, en allir megi nota eða hagnýta sér, en þó með ýmsum takmörkunum eða innan tiltekinna marka eftir atvikum. Það þýði þó ekki, að almenningurinn sé eigandalaus. Í svokölluðu réttarþjóðfélagi geti landsvæði ekki lengur verið terra nullius. Samkvæmt réttri hugsun og nútíma skilningi á eðli og hlutverki ríkisins falli allt slíkt undir eignarumráð ríkisvaldsins. Hefur lögmaður gagnstefnenda í greinargerð fjallað í löngu máli um skoðanir fræðimanna á þessu efni og bent á, hvernig málum þessum er skipað í öðrum löndum, en ekki þykir ástæða til að rekja það. Þá halda gagnstefnendur því fram, að miðhluti Mývatns hafi frá öndverðu verið almenningur og ekki takmarkaður við byggðarlagið og að um einkaeign vatnsbæjabænda hafi aldrei verið að ræða. Ættu Mývetningar að hafa öðl-

ast eignarrétt að vatninu og vatnsbotninum utan netlaga, yrði það annað hvort að hafa gerst fyrir nám eða hefð. Um landnám í Mývatnssveit sé ekki getið. Hins vegar segi um Þorstein sonarson Gnúpa-Bárðar, að hann hafi „fyrstur búið að Mývatni", þ. e. við vatnið, og um Geira nokkurn, norrænan mann, segi, að hann hafi fyrstur búið „fyrir sunnan Mývatn". Talið sé, að Þorsteinn hafi búið í Reykjahlíð, Íslenzk fornrit, 10. bindi, bls. 186, neðanmáls. Loks sé getið Þorkels háva, sem búið hafi fyrst að Grænavatni, sem „gengur að Mývatni", segir Landnáma. Megi af þessum ummælum Landnámabókar ráða, að Mývatnslönd hafi ekki verið numin í heild samfellt, heldur hafi menn sest að við vatnið, hver fyrir sig. Um samfellt eða sameiginlegt landnám — þar sem vatnið hefði t. d. orðið „innan í" — hafi ekki verið að ræða, enda mundi reglan um eld og kvígu varla hafa leyft slíkt. Samkvæmt þessu megi slá því föstu, að eignartaka (occupatio) hinna fornu Mývetninga hafi ekki náð til vatnsins, því síður vatnsbotnsins. Alls engar sönnur séu og fram komnar fyrir því, að Mývetningar hafi nytjað botninn, hvorki fyrr né síðar. Það sé því algerlega út í loftið að tala um nám eða hefð á botninum. Þá mótmæla gagnstefnendur því harðlega, að hugsanlegt sé, að vatnsbakkabændur, þ. e. aðalstefnendur, hafi getað unnið hefð á botninum, enda muni það yfirleitt ekki koma til mála, að unnt sé að hefða burtu subjectivan almenningsrétt annarra í lands- eða byggðaalmenningum.

Aðalstefnendur hafi aldrei haft „eignarhald á botninum" í merkingu 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Aðalstefnendur hafi aldrei nytjað vatnsbotninn. Afnotaréttur þeirra af Mývatni hafi takmarkast við veiðina og engin rökbundin tengsl séu milli veiðiréttar í stöðuvatni og eignarréttar að vatnsbotni, það séu tvö aðskilin réttarhugtök. Þótt landeigandi eigi botn netlaga sinna, þá sé það ekki vegna þess, að hann eigi veiðiréttinn þar, heldur af hinu, að botninn er framhald eða hluti af landi hans eða landareign. Auk þess sé það misskilningur, að aðalstefnendur „eigi" nokkra veiði í almenningnum. Þeir eigi einungis *rétt til* að veiða, hins vegar „eigi" þeir ekki aðra veiði en þá, sem þeir drægi á land hverju sinni. Mönnum hætti ávallt við að taka sögnina „að eiga" of bókstaflega, enda merki hún oft einungis, að menn hafi rétt til tiltekinna afnota af hlut, en jafngildi ekki því, að þeir eigi beinan eignarrétt yfir hlutnum. Aðalstefnendur telji „líffræðileg rök" vera fyrir því, að botn og veiði fylgist að í Mývatni, þar sem fiskurinn hrygni við botninn. Þótt þetta

megi að vísu til sanns vegar færa, þá benda gagnstefnendur á, að þau tengsl eða sá líffræðilegi ferill sé að engu leyti byggður á viljaákvörðun eða öðrum tilverknaði strandbænda og geti því enga hefð skapað. Auk þess séu slík „líffræðileg" tengsl milli veiði og botns síst meiri en t. d. milli beitarréttar og beitilands og detti þó engum í hug að halda því fram, að sá, sem á beitareða upprekstrarrétt hljóti þar með að eiga landið, sem beitt er á. Óþarft sé að rökræða þetta lengi, þar sem hæstaréttardómurinn um Landmannaafrétt frá árinu 1955, bls. 108, skeri gagngert úr um það, að óheimilt sé að álykta út frá veiðirétti í vatni til eignarréttar að vatnsbotninum. Samkvæmt dómi þeim hafi bændum þeim og byggðarlögum, sem hlut áttu að máli, verið frá dæmdur eignarréttur (grunneignarréttur) þrátt fyrir bæði veiði og beitarrétt á þessum svæðum.

Þá hafa gagnstefnendur enn fremur bent á það, að þegar landskipti hafa farið fram í Mývatnssveit, sbr. vottorð sýslumanns, hafi aldrei komið til, að skipt væri vatnsbotninum eða gengið út frá því, að hinum skiptu löndum fylgdu botnsvæði út í vatnið. Í fasteignamatsskjölum Mývatnssveitar sé almenningurinn í Mývatni hvergi talinn fram eða metinn til dýrleika né hlutdeild einstakra jarða í honum. Ekki sé heldur neins staðar minnst á neina „sameign" vatnsbæjabænda að honum. Ekki sé heldur vitað til þess, að aðalstefnendur hafi í eignarskattsframtölum sínum undanfarin ár talið fram „hlutdeild" þeirra í milljónatugaverðmætum þeim í botni Mývatns, kísilgúrnum, sem þeir telji nú, að alltaf hafi verið vitað og viðurkennt, að fylgdi jörðum þeirra.

Þá hafa gagnstefnendur tekið til umfjöllunar í greinargerð sinni ummælin í Grágás-Staðarhólsbók, Landbrigðaþætti 460, þar sem segir m. a.: „Þat er mælt, at almenningar ero a landi her. Þat er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn at fiskia oc fygla . . .". Gagnstefnendur telja nú lítið upp úr þessu ákvæði að leggja, þar sem fjórðungar hafi í reynd að minnsta kosti aldrei verið neinar stjórnskipunar- eða stjórnarfarseiningar. Þeir hafi enga stjórn né framkvæmdarvald haft og enga eignaumsýslu, hvorki um almenninga né annað. Hlutverk þeirra hafi verið dómsskapa eðlis. Þá hafi fjórðungarnir verið lagðir niður með lögtöku Jónsbókar 1281 að frumkvæði Íslendinga sjálfra, því að konungur hafi einmitt gert ráð fyrir þeim í Járnsíðu. Fjórðungarnir hafi aldrei „átt" almenningana sem slíkir, heldur hafi fjórðungsmenn saman átt afnotarétt af þeim. Almenningar hafi

aldrei verið sameign í lagalegum skilningi, enda hafi jarðeigendur aldrei getað heimtað útskiptingu eða slit á almenningsrétti. Gagnstefnendur halda því fram, að allt frá því lögbundið þjóðfélag hefst á Íslandi með stofnun allsherjarríkis 930, hafi það um leið orðið grunneigandi allra almenninga og afrétta í landinu, en stærri og minni hópar manna (byggðarlög) gerst subjectivir rétthafar (afréttarhafar) þá strax og síðar, er tímar liðu fram, allt eftir staðháttum og aðdraganda. En jafnvel þótt fallist yrði á þær skoðanir utanbakkabænda og varakröfu Skútustaðahrepps, að fjórðungar eða fjórðungsmenn hafi átt almenningana, mundi það engu breyta um nú, þar sem fjórðungarnir séu fyrir löngu úr sögunni og engum til að dreifa nema ríkisheildinni til að yfirtaka lögaðildir þeirra. Gagnstefnendur leggja áherslu á það, að ekki megi rugla saman fjórðungunum fornu og nöfnum, sem haldist hafi síðar í málinu sem stað- eða landfræðiheiti. Norðlendingafjórðungur, sem nú kallast, eigi þannig lítið skylt við hinn forna Norðlendingafjórðung né Fjórðungssamband Norðlendinga, svo dæmi sé nefnt.

Gagnstefnendur hafa enn fremur bent á, að framangreint ákvæði Grágásar um fjórðungsmenn hefjist á orðunum: „Þat er mælt“ (að almenningar séu í landinu og að það séu almenningar, sem fjórðungsmenn eigi saman). Virðist þeim, að hér sé nánast um munnmæli ein að ræða og því sé með öllu fráleitt að byggja á því, að þau hafi nokkru sinni verið lagaregla.

Að endingu benda gagnstefnendur á það, að mikið hafi verið rætt og deilt um það í máli þessu, hversu háttað hafi verið eignarréttarstöðu almenninga til forna, og því næst, hvernig hún hafi þróast gegnum aldirnar og fram á okkar daga. Hins vegar benda þeir á, að jafnvel þótt á það yrði fallist, að almenningar hafi verið einkaeign eða að ekki hafi tekist að færa fullnægjandi sönnur í aðra hvora áttina, þá þurfi það engu að breyta eins og nú horfi við. Allt að einu væri dómstólum rétt og heimilt að dæma slík mál eingöngu eftir nútímaskilningi á eðli og stöðu réttarríkis, en láta fornöldina liggja milli hluta. Megi segja, að Fossanefndin hafi á þessu byggt, er hún segir, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að „alþingi skipi þessum málum að vild sinni“, svo sem gert hafi verið, þegar lögfestir voru almenningar í stöðuvötnum með vatnalögunum 1923. Sennilega verði erfitt að komast til botns í eignarréttarstöðunni til forna, vegna þess að „ríkis“-hugtak þeirra tíma hafi verið mjög ómótað og „eignarréttar“-hugtakið óljóst. Því megi segja, að engin ástæða sé yfir-

leitt til að fjalla um almenningsréttinn eins og hann var í fornöld. Hitt væri ef til vill sanni nær að stytta sér leið og leggja þetta réttarsögulega spursmál til hliðar og byggja eingöngu, ef ekki fyrst og fremst, á því, sem best samræmist hugsunarhætti, stöðu og þörfum nútíma þjóðfélags, en það er, að ríkisheildin eigi verðmætin á botni Mývatns utan netlaga, svo sem lögin um kísiliðju, fyrst nr. 22/1964 og síðan lög nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, byggist á.

Réttargæslustefndu, eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, er ekki eiga lönd að Mývatni, rökstyðja dómkröfu sína með því, að þeir telja, að Mývatn utan netlaga einstakra jarða sé byggðaralmenningur, og líta þeir þar með á sérstöðu Mývatns umfram aðra almenninga, að byggð er allt í kringum vatnið, og er þar um að ræða sama sveitarfélagið, Skútustaðahrepp. Mývatn hafi, frá því að elstu sögur herma, verið almenningur, þar sem allar jarðir í Mývatnssveit hafi mátt láta stunda veiðiskap eftir því sem hver og einn gat staðið við veiðarnar. Mývatn hafi aldrei verið eign þeirra jarða, sem lönd eiga að vatninu, enda munu engar kröfur um slíkt hafa komið fram fyrr en á 20. öldinni, en þá hafi komið upp nokkrar raddir í Mývatnssveit um þetta frá vatnsbæjabændum.

Jarðir þær, sem land eigi að Mývatni, eigi engin réttindi til veiða eða annarra gæða í almenningi Mývatns fram yfir aðrar jarðir í Skútustaðahreppi.

Í Kristinnalagaþætti Grágásar, kafla 22, segir: „Mývetningum er það rétt að leggja net sín í vatn helgan dag eftir eikð ef rúmheilagt er eftir."

Utanbakkabændur benda á þá staðreynd, að orðin Mývatnssveit og Mývetningar nái ekki aðeins yfir þær jarðir í Mývatnssveit, sem land eiga að vatninu, eða þá menn, sem eiga heima á þeim jörðum, sem land eiga að vatninu, heldur eru þau notuð yfir alla sveitina. Mývetningur sé að sjálfsögðu maður, sem býr í Mývatnssveit. Kristinnalagaþáttur Grágásar sýni einmitt, að öllum Mývetningum hafi verið veitt undanþága með veiðitímann í vatninu.

Einn þeirra bæja, eða ein þeirra jarða, sem aðalstefnendur vilji útiloka frá veiðiréttindum í Mývatni séu Hofsstaðir. Í Dipl. Isl. VI. nr. 105/1477 sé hið svokallaða Hofsstaðabréf, þar sem Jón Þorkelsson selur Finnboga Jónssyni jörðina Hofsstaði hinn 14. apríl 1477. Í þessari sölu fylgir . . . „hlut j almeningi j myvatni og skipstaudv j geirastada jordo . . ." Þetta bréf telja utanbakka-

bændur, að taki af allan vafa um það, að það hafi aldrei verið talið, að vatnsbæjabændur ættu einir Mývatn, því að Hofsstaðir eigi ekki land að Mývatni, en jörðin taldi til réttar í almenningi Mývatns og seldi þann rétt. Utanbakkabændur halda því fram, að jarðir þeirra hafi um aldaraðir átt veiðirétt í almenningi Mývatns. Þeir hafi nýtt þennan veiðirétt um aldaraðir og jarðirnar hafi aldrei afsalað sér honum. Vitna utanbakkabændur til yfirlýsinganna á dskj. nr. 109—118 þessu til stuðnings. Enn fremur vitna þeir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, en þar segir m. a.:

„Silungsveiði má hvör brúka sem vill af innanhreppsmönnum veitur og sumar í Mývatni í flóanum, það er miðju vatninu og brúkar hvör svo sem hann hefur atorku til, hvort sem hann á land að vatninu eður ekki, bæði með lagnetjum og á dorg“ . . . „þeir sem halda til með lagnet í flóanum meðan vatnið er þýtt og ekki eiga land við vatnið fá skipstöðu af þeim, sem landið eiga, enginn kemur þar tollur fyrir“.

Lýsing jarðabókarinnar á þessum efnum hafi verið undirrituð af hreppstjóra og öðrum manni sem tilkvöddum vottum.

Í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752 til 1757, II. bindi, bls. 11, segi að í Mývatnssveit sé silungsveiði stunduð betur en á nokkrum öðrum stað. „Menn lifa þar á silungsveiði og hafa gert frá öndverðu byggðarinnar. Á hverjum bæ er bátur og tugur neta. Menn fara aldrei til útróðra og kaupa ekki fisk“. Og í sömu bók, bls. 74, segi, að menn veiði þar (í Mývatnssveit) silunginn allt árið í net og með smábátum og lifi öllu fremur á veiðinni.

Í Jarðabók J. Johnsens frá 1847 segi í athugasemd við Skútustaðahrepp: „Allir hafa líka hrepps bændur silungsveiði, meiri og og minni, og eggjatekju í Mývatni“.

Þá benda utanbakkabændur á það, að þegar rætt hafi verið um silungsfriðun í Mývatni árið 1887, hafi verið farið með málið sem almennt hreppsmál á almennum hreppsfundi. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hafi skipað gæslustjóra í þeim málum, jafnt utanvatnsbæjabændum sem vatnsbæjabændum. Á almennum hreppsfundi 12. febrúar 1895 hafi enginn ágreiningur orðið um veiðirétt. Á veiðimál muni oft hafa verið minnst síðar í gerðabókum hreppsins og alls staðar talið þar almennt hreppsmál. Af þeim fundargerðum megi greinilega sjá, að almenningur vatnsins hafi ætíð verið talinn sameiginlegt hagsmunamál hreppsbúa. Síðar í greinargerðinni er vísað til ýmissa vottorða um

veiðiskap í Mývatni og enn fremur til afsals fyrir hálfri jörðinni Grænavatni, dags. 10. febrúar 1923, en þar afsalar Guðni Ásmundsson á Grænavatni sonum sínum, Ásmundi og Benedikt, hálfri jörðinni. Tekið er fram í afsalinu, að jörðin Grænavatn eigi veiðirétt í Mývatni að fornum og nýjum venjum.

Enn benda utanvatnsbæjabændur á það, að veturinn 1903 hafi verið haldinn fundur um silungsfæð í Mývatni. Á þeim fundum hafi Pétur Jónsson oddviti, Gautlöndum, verið framsögumaður. Í lok fundarins hafi verið kosin nefnd til athugunar á þessu máli og Pétur Jónsson verið einn nefndarmanna, en Gautlönd eigi ekki land að Mývatni. Í veiðiskýrslu 1924, sbr. fundargerðir Veiðifélags Mývatns á dskj. nr. 4, sé m. a. tilgreind veiði frá utanvatnsbæjunum Arnarvatni, Litlu-Strönd, Baldursheimi, Bjarnarstöðum, Gautlöndum, Helluvaði, Hofsstöðum, Grænavatni og Stöng.

Í sömu fundargerðum sé enn fremur að finna veiðiskýrslu frá árinu 1921, þar sem utanvatnsbæjanna er getið með 20% af allri dorgarveiði. Í veiðiskýrslum áranna 1927—1931 incl., sbr. dskj. nr. 4, sé getið veiði utanvatnsbæja öll árin.

Í máli þessu telja utanbakkabændur fram komnar fullar sannanir fyrir veiði utanvatnsbæjabænda í Mývatni um aldaraðir. Þeir hafi aldrei afsalað sér þessum rétti og aldrei misst hann. Vatnsbæjabændur, þ. e. aðalstefnendur, hafi í skjóli veiðifélagsins reynt að útiloka þá frá því að neyta þess réttar, en það skapi vatnsbæjabændum að sjálfsögðu engan rétt, þótt þeir beiti utanbakkabændur yfirgangi.

Utanbakkabændur benda á það, að alkunnugt sé, að byggð er í kringum allt Mývatn. Þetta sé sama sveitarfélagið, Skútustaðahreppur, sem Árni Magnússon segi í jarðabók sinni, að hafi heitið Mývatn. Vatnið hafi verið nytjað af íbúum sveitarfélagsins frá fyrstu tíð og aðrir hafi þar lítt komið við sögu. Innan hreppsfélagsins hafi þótt jafnsjálfsagt að hagnýta sér veiði í almenningi vatnsins eins og að reka fé á afrétt sveitarinnar. Vegna sérstöðu sinnar hljóti Mývatn utan netlaga að teljast byggðaralmenningur, sem þetta sveitarfélag, Skútustaðahreppur, geti hagnýtt sér á þann hátt, sem það telji sér best henta og hreppsfélaginu fyrir bestu. Hreppsfélagið hafi ætíð fjallað um mál Mývatns, þar á meðal veiði, fiskifæð og annað sem hreppsmál á almennum fundum og þannig látið skoðun sína í ljós, að þar sé um hluta hreppsins og hagsmuni hreppsbúa að ræða, ekki fárra útvaldra, heldur hreppsbúa í heild, sbr. afgreiðslu sýslunefndar Suður-

Þingeyjarsýslu á aðalfundi sýslunefndarinnar dagana 12.—14. júlí 1977 á erindi Sigurðar Þórissonar, Grænavatni, eins af hreppsnefndarmönnum í Skútustaðahreppi, þar sem hann með bréfi, dags. 7. desember 1976, skýtur til sýslunefndarinnar til úrskurðar, hvort tillaga meiri hluta hreppsnefndar Skútustaðahrepps hinn 26. nóvember 1976, þar sem hann ákveður að styðja við kröfu aðalstefnenda málsins um eignarrétt þeim til handa yfir botni Mývatns, en gerir þá kröfu til vara, að Skútustaðahreppi verði dæmdur eignarréttur yfir botni Mývatns utan netlaga fremur en ríkinu. Í afgreiðslu sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu segir m. a. svo, að sýslunefndin telji, að sveitarstjórn Skútustaðahrepps beri sem hagsmunaverði allra íbúa Skútustaðahrepps að setja hagsmuni hreppsbúa sem heildar ofar hagsmunum takmarkaðs hluta hreppsbúa. Á meðan dómstólar hafi ekki kveðið upp dóm um, hvort Skútustaðahreppur eigi eignarrétt yfir botni Mývatns, telur sýslunefndin, að sveitarstjórn Skútustaðahrepps beri að styðja þá kröfu hreppsins framar kröfum nokkurs hluta hreppsbúa.

Hinn 22. september 1977 var haldinn fundur í hreppsnefnd Skútustaðahrepps. Kom þá afgreiðsla sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu á botnsmáli Mývatns til umfjöllunar í hreppsnefndinni. Meiri hluti sveitarstjórnar Skútustaðahrepps tók þá fram eftirfarandi:

„Meirihluti sveitarstjórnar lítur svo á, að hann hafi ekki með samþykkt sinni 26. nóv. 1976 afsalað sveitarfélaginu neinum hugsanlegum réttindum, sbr. varakröfu sveitarstjórnar. Meirihlutinn hefur hins vegar hagað kröfugerð sinni í botnsmálinu á þann veg, er hann telur, að helzt geti stutt að búsetu á þeim jörðum í hreppnum, sem höllustum fæti standa með tilliti til nútíma búreksturs.

Í framhaldi af framansögðu lýsir meirihluti sveitarstjórnar Skútustaðahrepps yfir því, að hann sér ekki ástæðu til að breyta kröfugerð f. h. hreppsins í botnsmáli Mývatns."

Undir þessa tillögu rita Jón Illugason, Arngrímur Geirsson, Sverrir Karlsson og Arnþór Björnsson.

Vegna framanskráðrar tillögu óskaði hreppsnefndarmaðurinn Sigurður Þórisson eftirfarandi bókunar:

„Með samþykkt þessarar tillögu lít ég svo á, að sveitarstjórn hafni að hlíta úrskurði sýslunefndar frá 12.—14. júlí s.l. í þessu máli og neyðist því enn til að skjóta því til æðri dómstiga, hvort sveitarstjórn sé stætt í slíku."

Að endingu benda utanbakkabændur á það, að jafnvel þótt talið yrði, að Mývatn hafi einhvern tíma verið almenningur fleiri manna en Mývetninga, þá hafi alger yfirráð hreppsfélagsins í margar aldir og útilokun annarra á notkun vatnsins, nema í skjóli hreppsbúa, valdið því, að hreppsfélagið sé búið að vinna hefð á almenningi vatnsins, sem hljóti því að teljast almenningur þessa sveitarfélags fyrir hefð og fyrir töku.

Réttargæslustefndi Skútustaðahreppur rökstyður dómkröfur sínar með því, að sveitarstjórn hreppsins hafi fjallað um það á fundum sínum, hvaða afstöðu beri að taka í máli þessu og fyrri málum um sama ágreining. Meiri hluti sveitarstjórnarinnar hafi gert um það samþykkt að styðja kröfur aðalstefnenda og sé það gert með þeim rökum, að margar af þeim jörðum, sem eru í eigu aðalstefnenda séu litlar og beri lítinn bústofn, en hafi mikil hlunnindi af Mývatni og að það séu í rauninni þau hlunnindi, sem geri jarðirnar hæfar til búsetu. Sumar þessara jarða hafi litla sem enga veiði innan netlaga, en sæki veiðina í sameign jarðanna, þ. e. vatnið utan netlaga. Þá telur sveitarstjórnin, að með því að taka Mývatn af jörðunum og þau not, sem þær hafi af því, sé verið að stuðla að því að gera þessar jarðir óbyggilegar. Það verði að teljast óeðlileg afstaða sveitarstjórnar og vítavert athæfi að gera kröfu í hluta af þessum jörðum og leggja í hendur almennings í fjölmennu sveitarfélagi. Um málsrök að öðru leyti fyrir aðalkröfu Skútustaðahrepps vísar lögmaður hreppsins alfarið til málsútlistana og málsraka af hálfu lögmanns aðalstefnenda, sem rakin hafa verið fyrr í dóminum.

Meginrök Skútustaðahrepps fyrir varakröfu hans eru þau, að verði kröfu aðalstefnenda um eignarrétt að botni Mývatns hrundið, þá komi vart annað til en að eignarrétturinn tilheyri Skútustaðahreppi sem vörsluhafa byggðaralmennings í Mývatni.

Af hálfu Skútustaðahrepps er á það bent, að fræðimenn hafi það fyrir satt, að í Mývatni hafi til forna verið almenningur. Er um þetta vitnað m. a. til ritgerðar Bjarna Jónssonar frá Vogi um almenninga og afréttir, sem prentuð er í nefndaráliti meiri hluta Fossanefndarinnar, bls. 26, Reykjavík 1919. Enn fremur er getið hins svokallaða Hofsstaðabréfs frá 1477 (sbr. fornbréfasafn VI. bindi, bls. 110), sem vitnað er til fyrr í dóminum. Einnig kemur þessi skoðun fram hjá Einari Arnórssyni prófessor, sbr. ritgerð hans um vatnsréttindi, sem prentuð er í fyrrgreindu nefndaráliti, bls. 24. Þá styðst þessi skoðun enn fremur við Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Einnig telur

hreppurinn það styðja þessa skoðun, hvernig nytjun vatnsins hafi verið háttað, og sömuleiðis örnefni eins og „Almenningsbolur“ — frá Kálfastrandarhöfðum að sunnan og norður gagnvart Kiðey. Síðan er það rakið, hvaða reglur giltu um almenninga að fornu, og er um það vitnað til Grágásar Staðarhólsbókar, Landbrigðaþáttar 460, en þar segir: „Þat er mælt, at almenningar eru á landi hér. Þat er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman.“ Þarna komi fram, að almenningur sé sameign þeirra, sem í fjórðungi búa. Aðalmerking sagnarinnar að eiga hafi frá fornu fari verið sú sama. Hún feli í sér fyrst og fremst, að hlutaðeigandi sé handhafi eignarréttar að því verðmæti, sem við er átt hverju sinni. Sögnin að eiga hafi að vísu ýmsar aðrar merkingar í öðrum samböndum, en ekkert sé í þessu samhengi, er bendi til, að hana eigi að skilja í neins konar aukamerkingu. Orðið fjórðungsmenn beri ekki að skilja alveg bókstaflega, heldur muni þar einvörðungu vera átt við bændur fjórðungsins.

Af hálfu hreppsins er ekki fallist á þá skoðun lögmanns ríkissjóðs, að fjórðungar hafi aldrei átt „neina umtalsverða stjórnskipulega hlutdeild í stjórnarkerfi þjóðveldisins, þótt þeim hafi ef til vill verið ætlað það í upphafi“. Við lögtöku Járnsíðu 1271—1273 verði engin breyting á þessum reglum, því að áður tilvitnað ákvæði Grágásar sé tekið upp óbreytt, sbr. Landbirgðabálk, 29. kap.

Á hinn bóginn sé annað orðalag í Jónsbók. Í Landsleigubálki, 59. kap., sé svofellt ákvæði um almenninga: „Þat eru almenningar, er að fornu hafa verið“. Þetta sé meginreglan, en síðar í þessum kapítula sé nánar útlistað með dæmum, hvað í þessu felist, sbr. einnig Landsleigubálkur 52.

Þetta verði ekki skilið öðruvísi en svo, að hin forna regla Grágásar um almenninga, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, skuli halda. Hér sé fjórðunga að vísu ekki getið, enda megi segja, að það sé óþarfi, þar sem vísað sé um þetta efni til ákvæða Grágásar í heild.

Gildistaka lögbókanna hafi að vísu haft veruleg áhrif á stjórnskipan landsins, þ. á m. á hlutverk fjórðunganna. En hins vegar sé það ekki rétt, að fjórðungarnir hafi verið lagðir niður með lögtöku Jónsbókar, og hafi skipting landsins í fjórðunga verið mjög rótgróin í íslensku þjóðfélagi, og rekur lögmaður Skútustaðahrepps dæmi um það í löngu máli í greinargerð sinni.

Eins og kunnugt sé, hafi Íslandi verið skipt í tvö ömt með tilskipun frá 15. maí 1770. Í tilskipun þessari sé m. a. vitnað til

fjórðunganna og um þá rætt sem algerlega þekkt og alkunnug fyrirbæri og ömtin við þá miðuð. Megi ömtin því teljast réttur arftaki fjórðunganna. Ömtin hafi endanlega verið afnumin með sveitarstjórnarlögum nr. 43/1905, 85. gr., en samkvæmt henni skyldu amtsráðin lögð niður 31. desember 1907.

Þá er því haldið fram, að vegna ákvæða Grágásar um almenninga hafi það haft þá þýðingu, að ekki hafi verið unnt að líta svo á, að konungur hafi orðið eigandi að íslenskum almenningum. Samkvæmt jóskum lögum, sem sett voru 1241, hafi almenningar í Danmörku orðið eign konungs. Jósk lög hafi hins vegar aldrei gilt á Íslandi og því hafi þetta enga þýðingu í þessu máli.

Engar heimildir séu fyrir því, að almenningurinn í Mývatni hafi verið landsalmenningur (allsherjarfé), og ekki séu heldur heimildir um það, að almenningurinn hafi verið í eign einhvers þrengri hóps manna en fjórðungsmanna. Niðurstaðan hljóti því að vera sú, að til forna hafi hinar almennu reglur, sem vitnað hefur verið til hér að framan, gilt um almenninginn í Mývatni og öðru sé ekki til að dreifa.

Af hálfu Skútustaðahrepps er því mótmælt, að tilskipun um byggingu eyðijarða frá 15. apríl 1776 hafi leitt til þess, að almenningur og afréttaralmenningar hafi orðið íslensk ríkiseign. Í fyrsta lagi hafi með þessari tilskipun ekki verið að skipa málum um almenninga á Íslandi, heldur hafi verið að örva byggingu eyðijarða. Almenningar hafi aðeins verið nefndir í samlíkingarskyni og augljóslega tekið mið af aðstæðum í Danmörku, þar sem almenningar voru konungseign (ríkiseign), svo sem fyrr er rakið. Hér gæti algers ókunnugleika á því, sem gilt hafi frá fornu fari að íslenskum lögum, og séu ástæður hans ólíkar réttarreglur í Danmörku og svo það, að þar skiptu almenningar hverfandi litlu máli. Því væri óneitanlega viðurhlutamikið, ef slíkur misskilningur og vanþekking danskra stjórnvalda á íslenskum málum ætti að valda þvílíkri feikna röskun á skipan eignarréttar að almenningum, sem staðið hafði um margar aldir. Þá sé og á það að líta, að tilskipun þessi hafi ekki haft mikil áhrif á Íslandi. Reyndar sé stundum vitnað til hennar í dómum í ýmsu samhengi, en þó sé auðsætt, að hvorki þar né annars staðar hafi verið litið svo á, að hún hafi gert almenninga að konungseign (ríkiseign), og vitnar Skútustaðahreppur til dóms landsyfirréttarins, sem upp var kveðinn 21. júlí 1873, en þar segir m. a.:

„Að vísu virðist hann eigi hafa fengið slíka útvísun á landinu, sem tilsk. 15. apríl 1776 hljóðar um, en slíkt atriði getur þó

eigi gefið hinu opinbera rétt gegn honum til að heimta gjaldið því hér á landi á eigi konungur það land er enginn finnst eigandi að, heldur er það land almenningur og fylgir þeim reglum er þar um gilda." (Dómasafn Víkverja 1873, bls. 65).

Enn fremur er vitnað til þeirra umræðna og bréfagerða, er urðu, þegar nýbýlamálin voru til meðferðar á Alþingi á árunum 1893—1897. Umræður þessar hafi sýnt, að bæði þingmenn og stjórnvöld hafi verið í nokkrum vafa um það, hver ætti almenningana. Hvergi sé þó á það minnst, að konungur (ríkið) sé eigandi þeirra. Víða komi í ljós sú skoðun, að enginn eigi þá, og athyglisvert sé, hversu mikill hlutur sveitarfélögunum er ætlaður um afskipti af stofnun nýbýla í almenningum.

Síðar er í greinargerð þeirri, er Skútustaðahreppur byggir varakröfu sína á, rakin réttarþróunin, sem á sér stað frá tímum Grágásar og fram á síðari hluta 19. aldar. Þegar fram í sótti, hafi forsendur fallið brott fyrir flestum þeim verkefnum, sem til fjórðunga voru lögð, að tveimur undanskildum: framfærslumálum og dómgæslu. Þessi mál hafi verið meðal þeirra verkefna, sem amtmenn hafi síðar tekið við. Þegar ömtin hafi verið lögð niður, hafi verkefni þeirra skipst milli sveitarfélaga og stjórnarráðsins. Hin staðbundnu málefni hafi fallið til byggðanna. Sú réttarþróun sé eðli málsins samkvæm, að forsjá hinna sameiginlegu eigna byggðarmanna hafi komið í hlut héraðsstofnana, en ekki ríkisins. Með hliðsjón af því virðist eðlilegt að telja sveitarfélögin — hreppana og kaupstaðina — rétta arftaka fjórðunga um eignaraðild að almenningum. Með tilskipuninni um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 sé stjórn sveitarmála almennt tekin úr höndum ríkisvaldsins og lögð undir hreppsnefndir, sýslunefndir og amtsráð. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á ákvæðin í 17. gr. tilskipunarinnar um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o. s. frv. Í 18. gr. sé hreppsnefnd falið að hafa umsjón um þinghús hreppsins og aðrar fasteignir, sem hann á eða hefur afnot af (t. d. kristfjárjarðir) o. s. frv. Virðist lögmanni Skútustaðahrepps vel mega orða það, hvort þetta ákvæði taki beinlínis eða með lögjöfnun til almenninga í byggð. En hvernig sem á það kunni að verða litið, þá sé þróun þessa tímabils í héraðsstjórn alveg ótvíræð — valdið færist úr höndum ríkisins í hendur sveitarstjórnar.

Þá bendir hreppurinn á það, að Mývatn sé inni í miðri byggð og muni svo hafa verið frá öndverðu. Sé það rétt, sem fræðimenn hafi haldið fram, að í því hafi verið almenningur, þá geri þessi sérstaða hans meðal almenninga enn trúverðugri þá þróun eignar-

réttar yfir honum, sem reynt hefur verið að sýna fram á. Tíðast munu almenningar hafa legið að sjó eða öræfum. Þessi almenningur sé eðlilega eign byggðarinnar eða stofnunar hennar, en ekki ríkisins. Af þessum sökum hafi það ekki þýðingu í þessu máli að vitna til dóma, sem gengið hafa út af ágreiningi um eignarrétt að hálendinu (dómarnir um Nýjabæjarafrétt og Veiðivötn) eða vísa til reglna um hafalmenninga.

Í skráðum heimildum um veiðiafnot í Mývatni, sem gildi hafi, þá muni skýrslan í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns vera það elsta, en hennar hefur verið getið fyrr í dóminum. Einnig er vitnað til Jarðabókar J. Johnsens (bls. 327). Og síðan vitnað til vottorða um það, að menn úr Bárðardal, Reykjadal, Fnjóskadal, Ljósavatnsskarði, Kinn, Laxárdal og Reykjahverfi hafi sótt til fanga í vatnið á árunum 1864—1874. En á tveim síðustu áratugum 19. aldar hafi verið farið að líta svo á, að utansveitarmenn ættu ekki lengur veiðinot í vatninu. Framangreindar heimildir sýni, að veiðinotin í almenningi vatnsins hafi eftir því sem tímar liðu verið að þrengjast þannig, að þau hafi alfarið horfið til sveitarinnar. Megi nú raunar segja, að utansveitarmenn hafi ekki neytt hins forna réttar síns síðastliðin 100 ár eða þar um bil.

Af fundargerðum hreppsnefndar Skútustaðahrepps frá því skömmu fyrir og eftir síðustu aldamót sé auðsætt, að á þessum tíma hafi almenningur vatnsins verið af sveitarstjórn og hreppsbúum talinn vera undir umráðum sveitarfélagsins. 126. gr. vatnalaganna nr. 15/1923 og 6. gr. lax- og silungsveiðilaganna nr. 61/1932 hafi engu breytt í þessum efnum, hvað Mývatn snertir.

Eftir setningu vatnalaganna 1923 verði að telja, að almenningur Mývatns hafi orðið eign sveitarfélagsins. Hann hafi verið eign þess með botni og vatni og öðru því, sem tilheyrði, eins og hver önnur fasteign. Ríkisvaldið hafi á þeim tíma ekki fengið neinar heimildir á honum, hvorki með lögum, samningum né öðrum hætti. Hann hafi frá fornu fari verið háður eignarrétti, svo að reglan um „res nullius“ geti ekki átt við. Raunar hafi ekki verið við því að búast, að hann væri ríkiseign á þeim tíma, einfaldlega af því, að ríkisvaldið hafi engan áhuga haft á að eiga hann, þar sem hann hafi ekki getað gefið því neinar nytjar. Þegar af þessari ástæðu skorti allar efnahagslegar forsendur fyrir því, að réttartilkall kæmi fram af hálfu ríkisvaldsins. Það hafi ekki verið fyrr en hagnýta hafi átt kísilgúrinn á vatnsbotninum, að ríkið fari að gera kröfur til eignarréttar á honum. Með þeirri hagnýtingu hafi eignarréttarkrafan fyrst verið vakin.

Af þessu leiði að sjálfsögðu það, að réttur sveitarfélagsins að almenningnum hafi notið verndar eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar og hafi vatnalögin því engu getað haggað í þessu efni, þótt rétt kynni að vera talið að skýra þau frá eignarréttarsjónarmiðum að þessu leyti. Þá mótmælir hreppurinn því, að fullkomlega öruggt sé að gagnálykta frá 4. gr. vatnalaganna, sem ríkissjóður styðji kröfu sína um eignarrétt að botninum á. Lagagrein þessa þurfi ekki að skýra á annan veg en þann, að aðliggjandi landareign fylgi aðeins 115 metra út í vatn sem hluti þeirrar fasteignar. Hinu sé ósvarað, hver almenninginn eigi, enda ekkert algilt svar til við því. Hér sé aðeins verið að setja almenna reglu um takmörk fasteigna.

Þótt segja megi, að það hafi verið sjónarmið höfunda vatnalaganna, að almenningur stöðuvatns, þar með talinn vatnsbotninn, væri ríkiseign, áður en þau tóku gildi, þá sé raunar ekki mikið upp úr þeirri skoðun leggjandi. Það sé á valdi dómstóla einna að útkljá, hvort svo hafi verið, eins og með hvern annan ágreining um eignarréttindi, og skoðanir einstakra manna hafi þar ekkert að segja. Auk þess sé svo á það að líta, að vatnalögin hafi verið umdeild löggjöf á sínum tíma og því ekki varlegt að byggja mikið á „tilgangi" löggjafans við skýringu á einstökum atriðum, leiði það ekki af orðalagi þeirra. Því kunni það að vera ofmælt, að löggjafinn hafi fallist á framangreint sjónarmið höfunda vatnalaganna.

Niðurstaða dómsins.

Hvorki í Grágás né lögbókunum, Járnsíðu og Jónsbók, er að finna ákvæði um eignarrétt að botni stöðuvatna. Þessi réttarþögn varir í gegnum aldirnar, allt þar til vatnalögin eru sett árið 1923 (lög nr. 15 20. júlí 1923). Í 4. gr., 1. tl., þeirra laga er kveðið á um það, að þegar landareign liggur að stöðuvatni, þá fylgi vatnsbotn þeim bakka, sem hann er talinn framhald af, 115 m út í vatn (netlög). Samkvæmt 1. gr. vatnalaganna kallast sá hluti vatns, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna, almenningur. Hins vegar er þess hvergi getið í vatnalögunum, hver eigi vatnsbotninn undir almenningi stöðuvatns. Af greinargerðinni með vatnalögunum og umræðum á Alþingi verður að telja ljóst, að að það hafi verið vilji þingsins, að eignarréttur landeigenda að vatnsbotni stöðuvatna næði ekki lengra út en 115 m til samræmis við netlög við sjó.

Með þessari lagasetningu verður að telja, að löggjafinn hafi

verið að setja eignarréttinum almenn takmörk að þessu leyti, svo sem viðurkennt er í lögfræðinni, að heimilt sé þrátt fyrir ákvæðin um friðhelgi eignarréttarins, nú samkvæmt 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944, en þegar vatnalögin voru sett, 63. gr. stjórnarskrár Konungsríkisins Íslands nr. 9 18. maí 1920.

Því telur dómurinn heimilt að gagnálykta frá 4. gr., 1. tl., vatnalaganna á þann veg, að botninn utan netlaga í stöðuvatni fylgi ekki aðliggjandi landareignum, nema því aðeins, að landeigendur geti sýnt fram á, að þeir hafi eignast hann á einhvern þann hátt, sem viðurkennt er í lögfræðinni að eignarréttur stofnist og þýðingu hefur í þessu tilviki, þ. e. fyrir hefð eða nám.

Staðreynd er, að landeigendur við Mývatn hafa um aldaraðir stundað veiði í vatninu, og heimildir eru fyrir því, að aðrir hafi einnig stundað þar veiði. Hins vegar er hvorki sannað né gert sennilegt, að þeir hafi numið botn Mývatns, unnið hefð á honum eða nýtt hann beinlínis á þann hátt, að þeir hafi orðið eigendur í ríkara mæli en löggjafinn hefur heimilað með 4. gr. vatnalaganna, enda lítur dómurinn svo á, að veiðiskapurinn sem slíkur eða fiskrækt skapi mönnum ekki eignarrétt að vatnsbotni utan netlaga, enda þótt silungurinn hrygni við botninn og hluti af lífsferli hans sé tengdur botninum og lífi á honum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telur dómurinn, að hvorki aðalstefnendur né réttargæsluaðiljar, Skútustaðahreppur og eigendur lögbýla í Mývatnssveit, er ekki eiga lönd að Mývatni, eigi botn Mývatns utan netlaga einstakra jarða, heldur viðurkennir dómurinn, að íslenska ríkið sé nú eigandi að vatnsbotni Mývatns utan netlaga einstakra jarða ásamt öllum námum og hverskyns verðmætum á, í og undir vatnsbotninum, svo sem lög nr. 80 15. ágúst 1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn eru byggð á, sbr. áður lög nr. 22/1964 um sama efni.

Þar sem hér er um prófmál um eignarrétt að botni stöðuvatns utan netlaga að ræða og úrslit þess geta haft almennt gildi í landinu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður, sbr. 178. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Einungis er unnt að dæma aðalstefnendum gjafsóknarkostnað frá höfðun máls þessa 11. júlí 1974.

Kostnaður þessi ákveðst kr. 3.701.685 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 2.800.000 í talsmannslaun.

Málskostnaður Skútustaðahrepps ákveðst kr. 1.107.950 og

greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hreppsins, Stefáni Pálssyni héraðsdómslögmanni, kr. 900.000 í málsvarnarlaun.

Málskostnaður réttargæslustefndu, eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eiga lönd að Mývatni, ákveðst kr. 1.565.600 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Ragnari Steinbergssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 1.200.000 í málsvarnarlaun.

Magnús Thoroddsen, setudómari í Þingeyjarsýslu samkvæmt skipunarbréfi dómsmálaráðherra, dags. 19. júlí 1976, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Jónssyni borgardómara og Lýði Björnssyni sagnfræðingi.

Dráttur hefur orðið á dómsuppsögu í máli þessu. Stafar hann af því, hversu mál þetta er umfangsmikið og vandasamt.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur íslenska ríkisins að vatnsbotni Mývatns utan netlaga einstakra jarða ásamt öllum námum og hvers kyns verðmætum á, í og undir vatnsbotninum.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður aðalstefnenda, eigenda og ábúenda jarða, er lönd eiga að Mývatni, Dagbjarts Sigurðssonar o. fl., kr. 3.701.885, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 2.800.000 í málssóknarlaun.

Gjafvarnarkostnaður varnaraðilja Skútustaðahrepps ákveðst kr. 1.107.950 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hreppsins, Stefáni Pálssyni héraðsdómslögmanni, kr. 900.000 í málsvarnarlaun.

Gjafvarnarkostnaður eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eiga lönd að Mývatni, kr. 1.565.600, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Ragnari Steinbergssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 1.200.000 í málsvarnarlaun.

Föstudaginn 20. febrúar 1981.

Nr. 51/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Pétri Blöndal Gíslasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. febrúar 1981, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Ekki verður á það fallist með héraðsdómara, að rannsókn málsins sé enn á frumstigi. Hins vegar þykir mega fallast á það, að enn sé ýmislegt órannsakað og að óhjákvæmilegt sé vegna rannsóknarnauðsynja að framlengja gæsluvarðhald kærða nú. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

15. febrúar 1981.

Ár 1981, sunnudaginn 15. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, er háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

I. MÁLSATVIK.

A. Þann 16. janúar sl. voru handteknir hér í borg tveir piltar grunaðir um innflutning og dreifingu fíkniefna hérlendis. Þeir eru Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, og Bjarni Harðarson, fæddur 17. febrúar 1957, en þeir hafa ítrekað orðið uppvísir að fíkniefnamisferli.

Ofangreindir aðiljar reka í félagi umboðsskrifstofu fyrir hljóm-

sveitir og skemmtikrafta í íbúð nefnds Bjarna að Hverfisgötu 106 A hér í borg. Hefur umboðsskrifstofan til umráða eitt herbergi í nefndri íbúð.

Við leitir að sakargögnum, er fram fóru í nefndri íbúð 16. og 22. janúar sl., fundust fíkniefni, og verður hér getið þeirra helstu:

a) Á heimili Bjarna Harðarsonar:

1) 1/2 gr ætlað amfetamínduft.

2) Hassolía ætluð, vegin í umbúðum, nánar plasttappa, 2.7 gr.

Bjarni kannaðist við ofangreind efni sem sína eign og kvaðst hafa keypt hassolíuna kvöldið fyrir handtöku af Pétri Blöndal á gkr. 30.000, en enn ekki hafa greitt Pétri. Hafi viðskiptin farið fram á nefndri umboðsskrifstofu.

b) Fíkniefni, fundin á umboðsskrifstofu margnefndri:

1) Ætluð hassolía í 6 stk. plasttöppum, vegin í umbúðum, alls 14.1 gr.

2) Ætluð hassolía í plastfilmu, vegin í umbúðum, alls 4.9 gr.

3) Ætlað amfetamínduft, pakkað í strikað bréfsefni, vegið í umbúðum 1.3 gr, fannst falið í skrifborðsfæti.

Nefndur Bjarni, er viðstaddur var leitina, hefur staðfastlega neitað að hafa vitað um tilvist ofangreindra fíkniefna á skrifstofunni.

Ofangreindur Pétur Blöndal neitaði öllum afskiptum af fíkniefnum og var í þágu rannsóknar máls þessa og hér í dómi þann 16. janúar sl. úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum. Pétur hefur margítrekað verið yfirheyrður hjá lögreglu og eins hér í dómi, en neitar öllum sökum. Varðandi fíkniefni þau, er fundust í nefndri skrifstofu, þá kveðst Pétur ekki hafa vitað um tilvist þeirra, en kveðst ekki telja öðrum til að dreifa þau varðandi en sér og nefndum Bjarna.

B. Nefndur Pétur er borinn alvarlegum sökum sem innflutnings- og dreifiaðili fíkniefna og nánar sem hér segir:

1. Valdimar Óli Þorsteinsson, fæddur 5. desember 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu 8. og 15. janúar sl. og lýsti innflutningi sínum á 240 gr af hassolíu í nóvember 1979 og fundi sínum með nefndum Pétri á veitingastað í Reykjavík fyrir milligöngu og í viðurvist kunningja síns, Guðgeirs Sigmundssonar. Hafi svo umsamist, að Pétur annaðist sölu á hluta hassolíunnar og Pétur við þetta tækifæri afhent sér greiðslu fyrir hassolíu, er nefndur Guðgeir hafi þegar afhent Pétri. Kvað Valdimar nefndan Guðgeir hafa annast geymslu hassolíunnar fyrir sig, afhendingu um 70 gr hennar til Péturs og innheimtu söluverðs.

Nefndur Valdimar staðfesti ofangreint hér í dómi 11. febr. sl. og var þá samprófaður við Pétur Blöndal. Lýsti Pétur því þá yfir, að Valdimar bæri sig röngum sökum og kvaðst aldrei hafa hitt hann eða séð áður.

2. Ofangreindur Guðgeir Sigmundsson, fæddur 2. september 1957, lýsti við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 8. og 15. janúar sl. afhendingu 140 gr af hassolíu í eigu Valdimars Óla til Péturs Blöndal og atvikum nákvæmlega það varðandi, ofangreindu móti á veitingahúsi og þætti Bjarna Harðarsonar.

Nefndur Guðgeir staðfesti ofangreint hér í dómi 11. febrúar sl. og var þá samprófaður við Pétur Blöndal. Pétur lýsti því yfir, að hann þekkti Guðgeir, en kvað hann bera á sig upplognar sakir.

3. Ofangreindur Bjarni Harðarson var úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum í þágu rannsóknar máls þessa hér í dómi þann 17. janúar sl., en það hefur tvívegis verið framlengt og síðast í gær um allt að 10 dögum. Nefndur Bjarni hefur viðurkennt sakir og lýst aðild nefnds Péturs að nánar tilteknum fíkniefnaviðskiptum sínum, er nú verður vikið að:

a) Bjarni lýsir á sama veg og nefndur Guðgeir aðdraganda þess, að Pétur tók að sér sölu á hassolíu fyrir Guðgeir, og kvaðst sjálfur hafa keypt 70 gr af nefndri olíu af Pétri.

b) Bjarni kveðst í júlí sl. ásamt Pétri hafa haldið í bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn til Amsterdam, en þar hafi þeir keypt 1 kg af tyrknesku hassi, er þeir hafi flutt með sér til Kaupmannahafnar. Þaðan hafi og hingað til lands flutt ofangreint hasskíló danskur kunningi Péturs, Sören að nafni, og hann í sinn hlut fengið 100 gr fyrir flutning. Bjarni taldist eiga 350 gr, en Pétur afgang. Bjarni kvaðst hafa annast sölu á 250 gr af efnishlut Péturs, en ekki vita um ráðstöfun hans á sínum efnishlut að öðru leyti.

Pétur hefur aðspurður neitað fíkniefnaviðskiptum við nefndan Sören, er hann kveður vera góðan kunningja sinn og hafa komið með sér hingað til lands í júlí sl. Hefur Pétur viðurkennt að hafa komið undir fölsku nafni í greint sinn.

c) Bjarni kveðst að kvöldi 15. jan. sl. hafa keypt 1 gr af hassolíu af Pétri á nefndri umboðsskrifstofu, en kveðst hafa vissu fyrir, að Pétur hafi keypt hassolíu frá Runólfi Þór Jónssyni, og séu því fíkniefni þau, sem fundust á nefndri skrifstofu, eign Péturs. Kveður hann Runólf og Pétur umgangast mikið hvorn annan. Bjarni hefur einnig borið um neyslu á kókaini frá Runólfi ásamt Pétri og nafngreindum hljómlistarmönnum.

4. Pétur Blöndal er þess utan af nokkrum nafngreindum aðiljum borinn sökum um sölu fíkniefna, bæði svonefndra kannabisefna og amfetamíndufts. Þá koma fram í tékkhefti Péturs upplýsingar, er benda til fjármunaviðskipta við Runólf Þór Jónsson, en hann sætir nú gæsluvarðhaldi, grunaður um innflutning og dreifingu ýmiss konar fíkniefna.

II. NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er Pétur Blöndal Gíslason borinn sökum um verulegt fíkniefnamisferli af fjölmörgum aðiljum, en Pétur hefur neitað öllum sökum og í samprófunum lýst því yfir, að bornar séu á sig rangar sakir. Þá hefur Pétur síðustu daga neitað að tjá sig. Ekki hefur náðst að yfirheyra alla þá, sem við málið eru riðnir, og í öðrum tilvikum samprófun ekki talin tímabær. Mjög margir aðiljar eru við þetta mál riðnir, og sæta nú 5 aðiljar gæsluvarðhaldi, en rannsókn að öðru leyti reynst tafsöm. Lögregluyfirvöld í Kaupmannahöfn hafa verið beðin að annast yfirheyrslur yfir ofangreindum Sören, og samkvæmt síðustu upplýsingum má vænta niðurstöðu á morgun. Nefndur Pétur hefur ítrekað komið við sögu í fíkniefnarannsóknum samkvæmt gögnum þessa embættis. Samkvæmt ofansögðu er ljóst, að rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli Péturs ofangreinds er enn á frumstigi og eftir að yfirheyra fjölmarga aðilja og samprófa. Telja verður, að hér séu í húfi brýnir rannsóknarhagsmunir, enda grunur um dreifingu bæði svonefnds kannabisefna og amfetamíndufts. Þykir því óhjákvæmilegt vegna rannsóknarhagsmuna að framlengja gæsluvarðhald nefnds Péturs, svo hann nái ekki að torvelda eða tefja rannsókn máls þessa.

Verið er að rannsaka ætluð brot Péturs Blöndal Gíslasonar og fleiri aðilja gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds, en af hálfu fíkniefnadeildar lögreglu í Reykjavík er gerð krafa um slíkt.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa nauðsyn til bera að gera nefndum Pétri Blöndal Gíslasyni að sæta enn gæsluvarðhaldi, en afmarkað gæsluvarðhald, er hann nú sætir, rennur út á miðnætti í kvöld. Þykir hæfilegt að framlengja gæsluvarðhald hans um allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði, til heimilis að Drekavogi 10 hér í borg, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1981.

Nr. 140/1978. **Guðbjörn Sævar**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Sigríði Ingibjörgu Emilsdóttur
Erlu Emilsdóttur og
Guðrúnu Emilsdóttur
og gagnsök
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Fasteign. Leigusamningur. Skaðabætur. Áfrýjun. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. ágúst 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og að fjárnám það, sem fram fór 17. mars 1978, verði úr gildi fellt. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 4. september 1978. Krefjast þær þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim 5.675.00 krónur (nýkr.) með 13% ársvöxtum frá 15. desember 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi

til 1. desember 1979, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Til vara krefjast þær þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim 4.175.00 krónur (nýkr.) ásamt vöxtum, eins og í aðalkröfu greinir.

Þá krefjast þær staðfestingar hins áfrýjaða fjárnáms.

Gagnáfrýjendur krefjast málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa ekki fært sönnur að því, að þær hafi orðið eigendur að viðargólfklæðningu þeirri, sem um er fjallað í máli þessu, og verður aðaláfrýjandi því eigi krafinn bóta fyrir brottnám hennar. Ljóst er, að viðskilnaður aðaláfrýjanda við húsnæðið hefur eigi verið slíkur, sem krefjast verður af leigutökum, og ber honum að greiða bætur vegna þess.

Samkvæmt kröfu gagnáfrýjenda var gert fjárnám eftir héraðsdómi í eignum aðaláfrýjanda 17. mars 1978. Þar sem þær gerðu þá ekki fyrirvara um áfrýjun af þeirra hálfu, hafa þær firrt sig rétti til heimtu hærri bótafjárhæðar en héraðsdómur dæmdi.

Með vísan til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en vexti, en að því er þá varðar, þykir mega taka kröfu gagnáfrýjenda til greina, þó þannig, að í stað 14. júní 1979 komi 15. júní s. á. Á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð eru engir annmarkar, og ber að staðfesta hana.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 2.500.00 krónur (nýkr.).

Það athugast, að gerð ágrips er áfátt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að vextir ákveðast 13% ársvextir frá 15. desember 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 15. júní 1979,

34.5% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Guðbjörn Sævar, greiði gagnáfrýjendum, Sigríði Ingibjörgu Emilsdóttur, Erlu Emilsdóttur og Guðrúnu Emilsdóttur, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. nóvember 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hafa þær Sigríður Ingibjörg Emilsdóttir, Vesturbergi 102, Erla Emilsdóttir, Kríuhólum 6, og Guðrún Emilsdóttir, Kríuhólum 4, allar í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. febrúar 1976, á hendur Guðbirni Sævar, Hátúni 6, Reykjavík, aðallega til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 567.500 með 13% ársvöxtum frá 15. desember 1975 til greiðsludags, en til vara til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 417.500 með 13% ársvöxtum frá 15. desember 1975 til greiðsludags. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og verði við ákvörðun málskostnaðar tekið fullt tillit til kostnaðar af matsmáli og ferðakostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir.

Hinn 26. júní 1962 gerðu stefnendur og Þóra B. Ólafsdóttir með sér leigusamning um húsnæði, sem stefnendur áttu í óskiptri sameign að Hraunteigi 23, Reykjavík, og sem mál þetta snýst um. Stefnendur, sem eru systur, voru ólögráða, þegar þetta var, og gekk móðir þeirra og lögráðamaður, Steinþóra Jónsdóttir, frá

leigumálanum fyrir þeirra hönd. Leigusamningur þessi var gerður til 10 ára frá 1. september 1962 til 1. september 1972.

Í 1. gr. leigusamningsins var svohljóðandi ákvæði:

„Leigutaki tekur á leigu kjallarahúsnæði í húsinu nr. 23 við Hraunteig, hér í bæ, ásamt bílskúr, í því ástandi, sem það er nú í og leigutaki hefur kynnt sér. Leigutaka er heimilt að setja upp skilrúm og gera allar nauðsynlegar breytingar á innréttingu húsnæðisins, svo að það henti fyrir ætlaða notkun þess. Breytingar þessar geri leigutaki á sinn kostnað, enda má hann nema þær burt að leigutíma loknum, ef leigusali óskar ekki að leysa þær til sín fyrir matsverð.

Þó skal leigutaki, ef hann nemur innréttingar á brott að leigutíma liðnum, skila húsnæðinu samt sem áður í góðu og leigufæru ástandi."

Húsnæði það, sem Þóra B. Ólafsdóttir tók á leigu með þessum samningi, hafði áður verið notað sem trésmíðaverkstæði, en Þóra ætlaði nú að setja þar á stofn hárgreiðslustofu. Þegar hún, nokkrum mánuðum eftir samningsgerðina, tók leiguhúsnæðið í notkun, óskaði hún eftir að breyta lögn fyrir heitt vatn í húsnæðinu, þannig að ekki yrði um sameiginlega lögn að ræða með öðrum hlutum hússins, heldur sérhitalögn í kjallarahúsnæðinu. Til þess að það mætti verða, þurfti að leggja heitavatnslögnina ofan á gólf húsnæðisins og einnig að brjóta upp trégólf, sem byggt var yfir hluta gólffletarins, fyrir lögnina. Steinþóra Jónsdóttir, móðir stefnenda, féllst á þessar breytingar með því skilyrði, að þær röskuðu ekki notagildi húsnæðisins. Ágreiningur er um það í málinu milli Þóru B. Ólafsdóttur og Steinþóru, hvor þeirra hafi kostað breytingu á heitavatnslögninni, en hvor þeirra heldur því fram, að hún hafi gert það.

Eftir að búið var að breyta heitavatnslögninni, lét Þóra B. Ólafsdóttir leggja parketgólf ofan á lögnina og ofan á trégólf það, sem fyrir var. Ekki mun það hafa verið rætt milli þeirra Steinþóru og Þóru, þegar parketgólfið var lagt, hvernig eignarrétti að því yrði háttað.

Á árinu 1967 óskaði Þóra B. Ólafsdóttir eftir samkomulagi við stefnendur um slit leigumálans. Var á það fallist af þeirra hálfu.

Um það leyti sem Þóra B. Ólafsdóttir fór úr húsnæðinu bauð hún Steinþóru Jónsdóttur, móður stefnenda, innréttingar húsnæðisins til kaups. Því boði hafnaði Steinþóra að öðru leyti en því, að hún keypti útidyrahurð, sem Þóra hafði látið setja upp. Þar sem Steinþóra vildi ekki kaupa parketgólfið, er Þóra rýmdi

húsnæðið, ákvað hún að skilja parketið eftir. Kveður Þóra, að ekki hafi verið rætt frekar um parketgólfið milli hennar og Steinþóru, nema að hún hafi sagt við Steinþóru eitthvað á þá leið, „að hún mundi þá skilja allt eftir.“ Kvaðst Þóra hafa talið, að auðveldara yrði fyrir Steinþóru að leigja húsnæðið þannig en fyrir sig að selja innréttingarnar.

Í framhaldi af þessu leigðu svo stefnendur með nýjum leigusamningi Hallfríði Þorsteinsdóttur og Magnúsi Sighvatssyni húsnæðið. Hinir nýju leigjendur höfðu ásamt stefnda í máli þessu unnið á hárgreiðslustofu Þóru B. Ólafsdóttur. Nýi leigusamningurinn var saminn algerlega upp úr hinum fyrri, og skyldi hann gilda frá 1. september 1967 til 1. september 1972.

Þóra B. Ólafsdóttir seldi hinum nýju leigutökum, þeim Hallfríði og Magnúsi, hárgreiðslustofuna ásamt öllu, sem fylgdi stofunni. Samningur þessi var munnlegur, og kvað Þóra það ljóst, að þau Hallfríður og Magnús hefðu keypt parketgólfið auk annars, sem hún hafi átt í húsnæðinu. Þóra kvaðst halda, að ekki hefði verið rætt sérstaklega um einstaka hluti við kaup þessi, og þá ekki heldur parketgólfið, en hún kvaðst þó ekki muna þetta nákvæmlega. Þau Hallfríður Þorsteinsdóttir og Magnús Sighvatsson hafa bæði borið, að þau muni ekki, hvort rætt hafi verið sérstaklega um það, að parketgólfið fylgdi með í kaupunum á innréttingunum, en bæði kváðust þau hafa talið, að þau væru að kaupa allar þær innréttingar, sem Þóra Björk hefði skilið eftir í húsnæðinu, þar á meðal parketgólfið, enda vissu þau um það, að Þóra Björk hafði sjálf látið leggja parketgólfið.

Síðla árs 1970 hættu þau Hallfríður Þorsteinsdóttir og Magnús Sighvatsson rekstri hárgreiðslustofunnar vegna fjárhagsörðugleika. Leitaði stefndi, Guðbjörn Sævar, sem var kunningi þeirra Hallfríðar og Magnúsar og fyrrverandi samstarfsmaður, eftir aðstöðu til að taka við rekstri hárgreiðslustofunnar í húsnæðinu. Keypti hann innréttingar hárgreiðslustofunnar af þeim Hallfríði og Magnúsi auk fylgihluta samkvæmt samningi, sem gerður er 4. desember 1970, sbr. dskj. nr. 12. Í 15. lið samningsins er parketgólf talið hluti af hinni keyptu innréttingu. Stefndi fékk síðan nýjan leigusamning við stefnendur. Sá stefndi sjálfur um að láta útbúa leigusamninginn og kom með hann tilbúinn til undirritunar til móður stefnenda. Gildistími samningsins var frá 15. desember 1970 til 15. desember 1975.

Ítarleg lýsing á hinu leigða og umgengni leigutaka eru í samningi þessum. Þar segir m. a. svo:

„Húsnæðið skal vera hreint og þokkalegt, er leigutaki flytur í það. Rúður skulu vera heilar, hitunartæki og frárennsli skal vera í lagi. Yfirleitt skal hið leigða vera í leigufæru standi, er leigutaki tekur það til afnota og skal undirskrift hans undir samning þennan, hefjist leiguafnotin samtímis samningagerð, vera viðurkenning fyrir því, að hann hafi tekið við hinu leigða húsnæði í leigufæru standi og hafi ekkert út á það að setja. Hefjist leiguafnot eftir samningsgerð, skal leigutaki, ef hann telur húsnæðið ekki í leigufæru standi, er leiguafnot hefjast, tilkynna leigusala það tafarlaust skriflega, en getur alls ekki síðar gert neina kröfu gildandi á hendur leigusala varðandi þetta atriði. Leigutaki skuldbindur sig til þess að fara vel og þrifalega með það leigða: fara varlega með ljós og eld og gæta þess, að ekki stíflist skólpleiðslur eða salerni. Skylt er honum að bæta að fullu allar skemmdir, er orsakast kunna af ógætilegri eða ótilhlýðanlegri meðferð eða hirðuleysi hans sjálfs eða fólks hans. Þá skal leigutaka ætíð skylt að annast og kosta viðhald og viðgerðir á vatnshönum, rúðum, rörum, rafmagnsslökkvurum ljósa og eldavéla."

Þegar leigutaki flytur úr húsnæðinu er honum skylt: „Að skila því að öllu leyti í sama ástandi og hann tók við því, að öðru leyti en því, sem telja má að óumflýjanlega leiði af venjulegri notkun."

Í leigusamningnum var enn fremur svofellt sérákvæði: „Allar innréttingar og tæki hárgreiðslustofunnar eru séreign hennar ásamt öllum ljósum, tækjum á salerni og vatnslögnum, sbr. kaupsamning."

Kaupsamningur sá, sem getið er um í sérákvæðum leigusamningsins, lá ekki frammi, þegar leigumálinn var undirritaður, en það gerði Stenþóra Jónsdóttir, móðir stefnenda, á vegum leigusala. Ekki óskaði Steinþóra eftir að fá að sjá kaupsamning þennan, áður en hún undirritaði leigumálann.

Þegar stefndi skilaði húsnæðinu í lok leigutímans í desember 1975, töldu stefnendur viðskilnaðinn með þeim hætti, að þeir gætu ekki við unað. Hafði stefndi m. a. rifið upp allt parketgólfið, sem í húsnæðinu var, og flutt það á brott.

Í framhaldi af þessu sendi lögmaður stefnenda stefnda skeyti hinn 18. desember 1975. Í skeyti þessu segir m. a., að stefnda sé gefinn frestur til kl. 1700 daginn eftir, þ. e. 19. desember 1975, til að koma á skrifstofu lögmanns stefnenda til viðræðna um viðskilnað stefnda á leiguhúsnæðinu. Enn fremur er þess getið, að

verði fullnægjandi tilboð um úrbætur ekki komið fram fyrir þann tíma, muni matsmenn verða dómkvaddir.

Stefndi hafði samband við lögmann stefnenda og kom síðan til fundar á skrifstofu hans 20. desember 1975 til að ræða sættir í málinu. Var síðan farið af skrifstofu lögmanns stefnenda að Hraunteigi 23, og þar var fundi fram haldið. Var húsnæðið yfirfarið vandlega, og var af hálfu stefnenda gerð grein fyrir þeim atriðum, sem ófullnægjandi voru talin varðandi viðskilnað á húsnæðinu. Lauk fundi þessum þannig, að stefndi kvaðst mundu fá sér lögmann til að gæta hagsmuna sinna. Kvað stefndi lögmann sinn mundu hafa samband við lögmann stefnenda án tafar, enda var stefnda gert það ljóst, að dómkveðja yrði mats- og skoðunarmenn strax, ef ekki næðist samkomulag, þar sem hefja þyrfti viðgerðir á húsnæðinu.

Stefndi lét þó eigi frá sér heyra né neinn á hans vegum. Hinn 5. janúar 1976 beiddist lögmaður stefnenda dómkvaðningar tveggja hæfra og óvilhallra matsmanna til þess að gera eftirfarandi:

„1. Skoða og gefa lýsingu á núverandi ástandi ofangreinds húsnæðis.
2. Meta, hvað gera þurfi til að koma húsnæðinu í leigufært ástand.
3. Meta sundurliðað kostnað við viðgerðir samkvæmt 2. tl. til peningaverðs, og er í því sambandi óskað eftir, að metnir verði tveir valkostir varðandi frágang á gólfi. Í fyrsta lagi kostnaður miðað við, að parketgólf verði lagt í húsnæðið, og í öðru lagi kostnaður miðað við þá lausn, sem matsmenn leggja til skv. 2. tl."

Hinn 6. janúar 1976 dómkvaddi borgardómari í Reykjavík þá Ólaf Auðunsson húsasmíðameistara, Stórageröi 11, og Sverri Kristinsson framkvæmdastjóra, Hávallagötu 27, báða í Reykjavík, til að framkvæma hið umbeðna mat.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 2. janúar 1976. Í henni kveðast þeir hafa boðað til skoðunarfundar á staðnum 8. janúar 1976, kl. 1300. Var stefndi boðaður til fundarins með símskeyti, en mætti eigi, enda fór hann til útlanda að morgni sama dags og fékk eigi í hendur skeyti það, er kvaddi hann til fundarins. Matsmenn sendu stefnda annað símskeyti síðar um daginn, en allt kom fyrir ekki, enda hafði stefndi þá farið utan án þess að láta lögmann stefnenda vita eða tilnefna umboðsmann í sinn stað.

Í matsgerð hinna dómkvöddu manna er húsnæðinu lýst þannig:

„1) Húsnæðið er í mjög slæmu ásigkomulagi, m. a. hefur parket verið fjarlægt af öllu gólfinu og er hvergi sjáanlegt, þá hafa bitar undir meirihluta parketsins verið fjarlægðir, en þar sem klæðning hefur verið undir parketinu, vantar nokkur borð. Veggir og steyptar súlur eru í mjög slæmu ásigkomulagi, á nokkrum stöðum er brotið uppúr steypu, málning er flögnuð af, mikið af járnboltum og nöglum stendur útúr veggjum, loftum og súlum, en panelklæðning á veggjum er sumstaðar rifin. Þá hafa veggir og vegghlutar verið málaðir í mismunandi litum.

Gat er á útvegg við norðurdyr og að innan vantar panelklæðningu að hluta á sama vegg, einnig þarf að lagfæra panelklæðningu víðar, m. a. við tengla, veggdósir og 2 göt, þar sem viftur virðast hafa verið.

Málning á gluggakistum og körmum er sprungin, 2 rúður brotnar og kræjur og stormjárn vantar á tvo opnanlega glugga. Hurð á norðurhlið er í slæmu ásigkomulagi, negld aftur, og á hana vantar húna. Lagfæra þarf karm við hurð í norðvesturhorni.

Á tveimur stöðum liggja vatnslagnir uppúr trégólfinu, og þarf að fjarlægja þær og loka viðkomandi leiðslum. Laga þarf einangrun á vatnsleiðslum á steingólfi. Rafmagnsleiðslur, rofar, tenglar og ljós eru í slæmu ásigkomulagi. Fjarlægja þarf rafmagnsleiðslur undir loftklæðningu, lagfæra þarf rofa og tengla og ljós í lofti, m. a. vantar 12 skerma undir loftljós, og hreinsa þarf í kringum þau.

Umrætt húsnæði er allt í mjög sóðalegu ásigkomulagi."

Síðar í matinu er matskostnaðurinn sundurliðaður þannig:

„2) 1. Rífa niður loft, hreinsa rusl og aka því burtu ..... kr. 14.000.00

2. Draga bolta og nagla úr veggjum, loftum og súlum, viðgerð á broti í steinveggjum, súlum og loftum, viðgerð á gluggum og hurðum ..... — 23.000.00

3. Viðgerð á pípulögn ..... — 4.000.00

4. Lagfæring á raflögn, rofum, tenglum og ljósum ..... — 20.000.00

5. Setja trébita á steingólf, lagfæra klæðningu undir parket og leggja parket á allt gólfið ..... — 423.000.00

6. Vinna við að mála og málning á veggi, súlur, loft, glugga og hurðir ..... kr. 83.500.00

Heildarkostnaður við að koma húsnæðinu í leigufært ásigkomulag ..... kr. 567.500.00

3) Skv. 2. tl. er miðað við að parketleggja gólf, en skv. upplýs. Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hdl., var allt gólfið parketlagt, er leiga á húsnæðinu hófst þ. 15. des. 1970.

Matsmenn telja einnig aðra lausn mögulega til þess að koma umræddu húsnæði í leigufært ásigkomulag. Sú lausn byggist á því að leggja trébita á þann hluta gólfsins, sem er alveg óklæddur, klæða síðan bitana með gólfborðum úr furu, lagfæra síðan þann hluta gólfsins, sem í dag er timburklæddur, og leggja síðan fyltteppi á allt gólfið.

Kostnaður við þennan frágang myndi nema kr. 273.000.00, þ. e. þessi lausn er kr. 150.000.00 ódýrari en lausn skv. 2. tl.

Heildarkostnaður við frágang skv. 3. tl. yrði því kr. 417.500.00."

Matsmennirnir hafa báðir komið fyrir dóminn, staðfest matsgerð sína og svarað spurningum.

Stefnendur rökstyðja dómkröfur sínar með því, að samkvæmt ákvæðum húsaleigusamningsins við stefnda sé ljóst, að stefnda hafi borið að skila húsnæðinu í leiguhæfu ástandi. Það hafi hann hins vegar ekki gert og því hafi verið beðið um mat á því, hvað gera þyrfti til að koma húsnæðinu í leiguhæft ástand. Byggja stefnendur dómkröfur sínar á matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem kveði á um það, hvað gera þurfi til að koma húsnæðinu í leiguhæft ástand.

Aðalkrafa stefnenda er byggð á því, að þeir hafi orðið eigendur að parketgólfi því, sem stefndi fjarlægði úr húsnæðinu, er hann skilaði því. Af hálfu stefnenda hafi í upphafi verið litið svo á, að gólfið kæmi sem endurgjald fyrir breytingar þær, er gerðar hafi verið á hitalögn húsnæðisins.

Stefnendur telja það fullkomlega eðlilegt, eins og hér standi á, að parketgólfið sé talið innrétting í húsinu, þar sem húsnæðið hafi orðið óhæft til hvers konar hagnýtingar við að fjarlægja parketið, þar sem hitalagnir hafi verið undir því. Þá halda stefnendur því fram, að parketgólfið hafi ekki fallið undir ákvæði í 1. lið leigusamningsins frá 26. júní 1962 um breytingar á innréttingum húsnæðisins, enda hafi verið gert sérstakt munnlegt samkomulag um ísetningu á parketgólfinu. Hafi Þóra B. Ólafsdóttir á sínum tíma talið, að hún yrði eigandi parketgólfsins, sem

stefnendur raunar vefengja, þá hefði henni borið að taka það skýrt fram, er hún hafi leitað leyfis til breytinga á húsnæðinu. Það hafi Þóra hins vegar ekki gert og verði því sjálf að bera af því hallann. Enn fremur telja stefnendur það styðja sinn skilning á þessu atriði, að þeir hafi sjálfir greitt allan kostnaðinn við breytingar á hitalögninni. Það hefði því verið óeðlilegt, ef þeir fyrir sitt leyti færu að leggja út óþarfan kostnað við breytingar þessar, ef þær ættu einungis að snerta hagsmuni leigjandans. Þá hefði verið eðlilegast, að leigjandi sjálfur kostaði allt til á sama hátt og hann síðar þyrfti sjálfur að bera allan kostnað af því að koma húsnæðinu í sama lag að leigutíma loknum.

Þá benda stefnendur á það, að stefndi hafi sjálfur látið útbúa leigusamninginn og komið með hann tilbúinn til móður stefnenda til undirritunar. Í samning þennan hafi stefndi sett svofellt ákvæði: „Allar innréttingar og tæki hárgreiðslustofunnar eru séreign hennar ásamt öllum ljósum, tækjum á salerni og vatnslögnum, sbr. kaupsamning.“ Stefndi hafi aldrei sýnt Steinþóru Jónsdóttur hinn tilvitnaða kaupsamning hans við Hallfríði Þorsteinsdóttur og Magnús Sighvatsson. Stefnendur geti því að sjálfsögðu ekki verið bundnir af kaupsamningi þessum, enda um algert heimildarleysi stefnda að parketgólfinu að ræða. Í húsnæðinu hafi verið ýmis skilrúm og þil, sem sérstaklega hafi verið sett upp með hárgreiðslustofu í huga. Óumdeilt sé, að þessar innréttingar hafi ekki tilheyrt stefnendum. Móður þeirra hafi því verið rétt, eins og orðalagið í sérákvæði leigusamnings þessa hafi verið háttað, að líta svo á, að hér væri einungis um að ræða innréttingar þessar. Þá er enn fremur vakin athygli á því, að ekki sé vikið sérstaklega að parketgólfinu í þessu sérákvæði, sem þó hafi vafalaust verið langverðmætasti hlutinn, sem stefndi hafi „keypt“, auk þess sem gólfið geti ekki fallið undir hugtakið „innréttingu“.

Stefndi styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að þegar húsnæði þetta hafi upphaflega verið leigt Þóru Björk Ólafsdóttur á árinu 1962, hafi það verið mjög illa farið, enda hafi þá verið búið að starfrækja trésmíðaverkstæði í húsnæðinu í fjölda ára og aðeins hluti gólfsins verið steyptur, en á hinum hlutanum hafi verið trégólf. Þóra Björk hafi síðan látið leggja parketgólf yfir allt gólfið. Þegar Þóra Björk hafi selt Magnúsi Sighvatssyni og Hallfríði Þorsteinsdóttur, hafi hún selt þeim umrætt parketgólf. Þau Magnús Sighvatsson og Hallfríður Þorsteinsdóttir hafi síðan selt stefnda allar innréttingar hárgreiðslustofunnar að Hraunteigi 23,

þar á meðal parketgólfið, sbr. 15. tl. í kaupsamningi aðiljanna. Með húsaleigusamningi, sem móðir stefnenda gerði við stefnda um húsnæðið og gilti frá 15. desember 1970 til 15. desember 1975, sé sérstaklega tekið fram, að allar innréttingar og fleira sé séreign stefnda samkvæmt kaupsamningi. Með kaupsamningi þessum sé átt við samninginn á dskj. nr. 12, og fullyrðir stefndi, að stefnendum hafi verið kunnugt um hann eða að minnsta kosti átt að vera um hann kunnugt. Það sé því á áhættu stefnenda, ef þeir hafi ekki kynnt sér kaupsamninginn, þar sem til hans hafi verið vísað í leigusamningnum, er undirritaður hafi verið af umboðsmanni stefnenda, móður þeirra, Steinþóru Jónsdóttur.

Þá telur stefndi það ósannað með öllu, að hann hafi eigi skilað húsnæðinu í því ástandi sem það raunverulega hafi verið, þegar innréttingar höfðu verið fjarlægðar, þar með talið parketgólfið. Segja megi, að stefndi hafi tekið við húsnæðinu án innréttinga, þar sem þær hafi verið hans eign. Af upptalningunni í kaupsamningnum á dskj. nr. 12 megi það vera ljóst, að við fjarlægingu innréttinganna verði húsnæðið ef til vill eigi í slíku ástandi, að það verði undir venjulegum kringumstæðum leiguhæft. En stefndi fullyrðir, að það hafi ekki verið í verra ástandi heldur en þegar hann tók við því á árinu 1970 að öðru leyti en því, sem telja megi, að óumflýjanlega leiði af venjulegri notkun. Þá heldur stefndi því fram, að stefnendur hafi aldrei sinnt um viðhald eða lagfæringu á húsnæðinu og hafi satt best að segja engu kostað til húsnæðisins allan þann tíma, sem það hafi verið í leigu frá árinu 1962. Til dæmis hafi gluggar aldrei verið málaðir, hvorki að utan né innan og hið sama sé að segja um húsnæðið að innanverðu.

Þá mótmælir stefndi matsgerð hinna dómkvöddu manna sem máli þessu algerlega óviðkomandi, enda hafi honum eigi verið gefinn kostur á því að gæta hagsmuna sinna, er matið var framkvæmt. Matsmönnum hafi verið það ljóst, að stefndi hafi verið erlendis, þegar skoðunargerðin fór fram. Stefndi hafi aldrei fengið tilkynningu um matið og það sé því eigi bindandi fyrir hann. Til öryggis mótmælir stefndi matsgerðinni sem rangri. Jafnframt mótmælir stefndi tölulegum niðurstöðum matsgerðarinnar í heild svo og einstökum liðum hennar, þar sem hann telur ljóst, að hún sé byggð á alröngum forsendum.

NIÐURSTAÐA DÓMSINS.

Þegar Þóra B. Ólafsdóttir tók húsnæðið að Hraunteigi 23, Reykjavík, á leigu með samningi, dagsettum 26. júní 1962, hafði

þar áður verið rekið trésmíðaverkstæði. Hluti kjallaragólfsins var timburgólf og hluti steinsteyptur. Þóra B. Ólafsdóttir lét leggja hitavatnsleiðslur og aðrar leiðslur í gólfið og síðan setja parketgólf yfir, svo sem vikið er að fyrr í dóminum. Samkvæmt 1. grein leigusamningsins skyldi leigutaki gera breytingar þessar á sinn kostnað. Því telst ósannað gegn andstæðum framburði Þóru B. Ólafsdóttur, að stefnendur hafi kostað breytingar þær, er gerðar voru á leiðslum í gólfinu.

Í 1. grein leigusamnings Þóru B. Ólafsdóttur við stefnendur segir m. a. svo: „Leigutaka er heimilt að setja upp skilrúm og gera allar þær nauðsynlegar breytingar á innréttingu húsnæðisins, svo að það henti fyrir ætlaða notkun þess. Breytingar þessar gerir leigutaki á sinn kostnað, enda má hann nema þær burt að leigutímanum loknum, ef leigusali óskar ekki að leysa þær til sín fyrir matsverð."

Samkvæmt þessu ákvæði telur dómurinn, að Þóra B. Ólafsdóttir hafi verið eigandi parketgólfsins.

Er Þóra B. Ólafsdóttir hætti rekstri hárgreiðslustofu sinnar í húsnæði stefnenda árið 1967, bauð hún þeim parketgólfið til kaups í samræmi við 1. gr. leigusamnings þeirra. Því boði höfnuðu stefnendur. Ákvað þá Þóra að skilja parketgólfið eftir í húsnæðinu. Þegar litið er til verðmætis parketgólfsins svo og ástands gólfsins, áður en parketgólfið var lagt, getur dómurinn ekki fallist á það, að Þóra B. Ólafsdóttir hafi með þessu gefið stefnendum parketgólfið eða að þeir hafi þar með á annan hátt orðið eigendur þess. Því lítur dómurinn svo á, að þau Hallfríður Þorsteinsdóttir og Magnús Sighvatsson hafi orðið eigendur parketgólfsins, er þau keyptu hárgreiðslustofuna og innréttingar hennar af Þóru B. Ólafsdóttur árið 1967. Er þau Magnús og Hallfríður seldu síðan stefnda öll áhöld, húsgögn og innréttingar hárgreiðslustofunnar 4. desember 1970, sbr. dskj. nr. 12, fylgdi parketgólfið með í kaupunum.

Er stefndi tók húsnæðið á leigu samkvæmt ódagsettum leigusamningi, undirritaði móðir stefnenda leigusamninginn um húsnæðið. Í þeim samningi segir m. a. svo: „Allar innréttingar og tæki hárgreiðslustofunnar eru séreign hennar ásamt öllum ljósum, tækjum á salerni og vatnslögnum, sbr. kaupsamning."

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að hinn tilvitnaði kaupsamningur hafi ekki legið fyrir, þegar móðir þeirra undirritaði leigusamninginn. Þetta getur þó ekki komið stefnendum að haldi, þar sem ekkert liggur fyrir um það í málinu, að fyrirstaða hafi

verið á því að sýna kaupsamninginn, ef eftir því hefði verið leitað.

Þegar stefndi fór úr húsnæðinu í desember 1975, kveðst hann hafa leitað eftir því við stefnendur, að þeir keyptu innréttingarnar, en samningar hafi eigi tekist, þar sem stefnendur hefðu boðið svo lágt verð.

Stefndi fjarlægði því parketgólfið, og telur rétturinn, að hann hafi haft heimild til þess sem eigandi gólfsins, sbr. og ákvæði í fyrri leigusamningum, er stefnendur gerðu við leigutaka þess efnis, að þeim væri heimilt að nema á brott breytingar á innréttingum að leigutíma loknum.

Að þessu athuguðu verður stefndi ekki dæmdur til þess að greiða kostnað við að leggja parket á gólfið.

Dómarinn lítur svo á, að túlka beri ákvæðið í leigusamningi aðiljanna: „í leigufæru standi" með hliðsjón af því, hvernig ástand húsnæðisins var, þegar Þóra B. Ólafsdóttir tók húsnæðið á leigu með samningi, dags. 26. júní 1962, svo sem lýst er fyrr í dóminum. Þegar þetta er haft í huga, verður stefndi heldur ekki dæmdur til að greiða bætur skv. 3. þætti matsgerðarinnar.

Stefndi hefur viðurkennt fyrir dóminum að hafa vitað, að til stóð að fá dómkvadda matsmenn til að meta húsnæðið, ef eigi tækist samkomulag um bótagreiðslur úr hendi stefnda vegna viðskilnaðarins. Stefndi lýsti því þá jafnframt yfir, að hann mundi fljótlega hafa samband við lögmann stefnenda og einnig ráða sér lögmann til að gæta hagsmuna sinna. Stefndi gerði hvorugt, heldur fór af landi brott að morgni hins 8. janúar 1976 án þess að láta stefnendur eða lögmann þeirra af því vita og án þess að ráða sér lögmann eða tilnefna umboðsmann. Stefndi ber því sjálfur ábyrgð á því, að eigi tókst að koma boðum til hans um skoðun matsmanna, og hún fór því fram án nærveru hans. Mótmæli stefnda gegn matinu af þeim sökum, að hann hafi ekki verið viðstaddur, er mat fór fram, eru því ekki tekin til greina.

Í húsaleigusamningi þeim, er stefndi lét útbúa og færði móður stefnenda til undirritunar, er ákvæði þess efnis, að undirskrift leigutaka undir samninginn sé „viðurkenning fyrir því, að hann hafi tekið við hinu leigða húsnæði í leigufæru standi og hafi ekkert út á það að setja." Með hliðsjón af þessu ákvæði telur dómurinn nú ósannaðar þær fullyrðingar stefnda, að húsnæðið hafi verið í slæmu ásigkomulagi, er hann tók við afnotum þess.

Samkvæmt þessu verður matsgerð hinna dómkvöddu manna lögð að hluta til grundvallar dómi í máli þessu, enda telur dóm-

urinn, að eftirfarandi liðum í matinu hafi eigi verið hnekkt tölulega.

Þeir liðir úr matsgerðinni, sem teknir eru til greina, eru þessir: 1., 2., 3., 4. og 6. liður (þ. e. kr. 14.000 + kr. 23.000 + kr. 4.000 + kr. 20.000 + kr. 83.500), samtals nema þessar fjárhæðir kr. 144.500, sem stefndi er dæmdur til þess að greiða stefnendum með 13% ársvöxtum frá 15. desember 1975 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum kr. 50.000 upp í málskostnað. Að öðru leyti skal hvor aðili bera sinn kostnað af málinu, sbr. 178. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Árna Guðjónssyni húsasmíðameistara og Þorsteini Hjálmarssyni húsgagnasmíðameistara.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppsögu, stafar af verkfalli BSRB, sem setti vélritunarþjónustu við embættið úr skorðum.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjörn Sævar, greiði stefnendum, Sigríði Ingibjörgu Emilsdóttur, Erlu Emilsdóttur og Guðrúnu Emilsdóttur, kr. 144.500 með 13% ársvöxtum frá 15. desember 1975 til greiðsludags og kr. 50.000 upp í málskostnað. Að öðru leyti á hvor aðili að bera sinn kostnað af þessu dómsmáli.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 17. mars 1978.

Ár 1978, föstudaginn 17. mars, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Suðurlandsbraut 10 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið málið A-702/1978: Sigríður, Ingibjörg, Erla og Guðrún Eiríksdætur (sic) gegn Guðbirni Sævar.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 332/1976 svohljóðandi: . . . . .

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Steinar Gunnlaugsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 144.500 með 13% ársvöxtum frá 15. des. 1975 til greiðsludags, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 3.850, kr. 50.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni R 45653, sem er Cherokkee, árgerð 1976. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 25. febrúar 1981.

Nr. 209/1978. **Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h. hreppsins**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Ágúst Breiðdal
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Jarðakaup. Forkaupsréttur. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1978. Krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða stefnda 9.930.00 krónur (nýkr.) með 19% ársvöxtum frá 8. júní 1978 til greiðsludags, en til vara, að vextir verði ákveðnir 13% frá 1. júlí 1977 til 20. nóvember s. á., 16% ársvextir frá þeim degi til 20. febrúar 1978 og 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags, gegn afhendingu afsals fyrir 1/4 hluta jarðarinnar Miðgarða í Kolbeinsstaðahreppi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 4. desember 1978.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að vextir verði 19% ársvextir af 5.000.00

krónum (nýkr.) frá 1. júlí 1977 til 1. september s. á., af 10.000.00 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 1978, af 17.503.90 krónum frá þeim degi til 14. júní 1979, 35½% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 40% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 42½% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi á forkaupsrétt samkvæmt III. kafla laga nr. 65/1976 að eignarhluta stefnda í jörðinni Miðgörðum í Kolbeinsstaðahreppi í tilefni kaupsamnings frá 24. maí 1977 milli stefnda annars vegar og Sigríðar Jónatansdóttur og Lárusar Jónatanssonar f. h. erfingja Jónatans Lífgjarnssonar hins vegar.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi eru aðiljar sammála um, að áfrýjandi muni neyta forkaupsréttarins, og er aðeins deilt um, hvaða verð hann skuli greiða fyrir jarðarhlutann.

Á fundi sínum 3. júní 1977 veitti jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu samþykki sitt til þess, að áfrýjandi krefðist mats dómkvaddra manna á jarðarparti stefnda eftir ákvæðum 25. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Áfrýjandi beiddist matsins, og matsgerð var lokið innan þeirra fresta, sem til eru teknir í nefndu lagaákvæði, enda verður að lögskýra það svo, að matsmenn hafi þriggja vikna frest til að ljúka mati.

Eftir að mál þetta var höfðað, kom í ljós, að jarðarparti stefnda hafði ekki verið rétt lýst í matsbeiðni. Raskaði þetta niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna, þar sem þeir fóru eftir matsbeiðninni í mati sínu. Villa sú, sem var í matsbeiðni, stafaði af því, að í framangreindum kaupsamningi var jarðarpartur stefnda tilgreindur með óljósum og villandi hætti, en eftir honum fór áfrýjandi, þegar hann beiddist matsins. Hin nýja matsgerð fór fram án ástæðulausrar tafar, eftir að umrædd mistök komu í ljós. Að svo vöxnu máli getur stefndi ekki borið fyrir sig, að sú leiðrétta matsgerð, sem áfrýjandi varð að láta fara fram, hafi verið of síðbúin samkvæmt 25. gr. jarðalaga. Er þess enn fremur að geta, að stefndi ásamt

lögmanni sínum var viðstaddur síðara matið, og hreyfðu þeir þá engum andmælum við því, að það mætti fram fara.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna veitir að vísu líkur fyrir því, að verð á jarðarparti stefnda hafi verið ákveðið allhátt í kaupsamningi. Á það er þó einnig að líta, að ekki verður glöggt ráðið af matsgerð, eftir hvaða sjónarmiðum matsmenn hafa farið við mat sitt og hvort þeir þannig hafi gætt alls þess, sem áhrif gat haft til hækkunar á kaupverði. Ekki hefur heldur tilraun verið til þess gerð af hálfu áfrýjanda að leiða í ljós í málinu með skýrslu kaupenda eða á annan hátt, að kaupverðið hafi verið ákveðið svo hátt sem gert var gagngert í því skyni að halda áfrýjanda frá að neyta forkaupsréttar síns. Verður af þessum ástæðum að telja, að ekki sé fullnægt skilyrðum 25. greinar, til að áfrýjandi geti krafist kaupa á jarðarpartinum fyrir annað og lægra verð en í kaupsamningi greinir.

Ákvæði kaupsamningsins um hækkun kaupverðs umfram þær 1.500.000 krónur, sem þar eru greindar vegna eigna kaupenda á jarðarpartinum, er órökrétt og óskýrt. Þeir hafa og nú samið um greiðslu fyrir þau verðmæti við Guðmund Þórðarson. Ber því við það að miða, að söluverð til áfrýjanda eigi að vera 15.000.00 nýkrónur, og ber honum að greiða stefnda þá fjárhæð auk 19% ársvaxta af 5.000.00 nýkrónum frá 1. júlí 1977 til 1. september s. á., af 10.000.00 nýkrónum frá þeim degi til 1. febrúar 1978 og af 15.000.00 nýkrónum frá þeim degi til greiðsludags, en stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 6.000.00 nýkrónur. Gegn greiðslum þessum gefi stefndi út afsal til áfrýjanda fyrir þinglýstum eignarhluta sínum í jörðinni Miðgörðum í Kolbeinsstaðahreppi.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, 3.000.00 nýkrónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h.

hreppsins, greiði stefnda, Ágúst Breiðdal, 15.000.00 nýkrónur auk 19% ársvaxta af 5.000.00 nýkrónum frá 1. júlí 1977 til 1. september s. á., af 10.000.00 nýkrónum frá þeim degi til 1. febrúar 1978 og af 15.000.00 nýkrónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði áfrýjandi stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 6.000.00 nýkrónur. Gegn greiðslum þessum gefi stefndi út afsal til áfrýjanda fyrir þinglýstum eignarhluta sínum í jörðinni Miðgörðum í Kolbeinsstaðahreppi.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 nýkrónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Hæstiréttur hefur tekið til greina kröfu áfrýjanda máls um hærri vexti en krafist var fyrir héraðsdómi, er hækkuð vaxtakrafa fyrir Hæstarétti hefur átt rót sína að rekja til vaxtahækkana, sem gildi hafa tekið, eftir að máli var áfrýjað. Hafa áfrýjanda, er svo stendur á, verið dæmdir hinir hærri vextir af dæmdri fjárhæð, þó að krafa um þá vexti hafi hvorki verið gerð í áfrýjunarstefnu né hafi hækkun vaxtakröfunnar verið áskilin í áfrýjunarstefnunni eftir ákvæðum 45. gr. laga nr. 75/1973. Vísast um þetta til Hrd. 1979, bls. 1285.

Lagasamræmis- og réttlætissjónarmið leiða til þess, að stefndi fyrir Hæstarétti, er una vill áfrýjuðum dómi, skuli vera heimilt með sama hætti að koma að fyrir Hæstarétti án áfrýjunar af sinni hendi kröfu um hærri vexti en héraðsdómur dæmdi, að því leyti sem sú kröfugerð er sprottin af almennum vaxtahækkunum. Er og á það að líta, að önnur regla gæti leitt til þeirrar niðurstöðu, að stefndi fengi alls eigi

komið að breyttri vaxtakröfu, er vaxtahækkun verður að liðnum áfrýjunarfresti.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur hins vegar talið, að ekki sé efni til að sinna hækkaðri vaxtakröfu stefnda, af því að hann hefur ekki gagnáfrýjað málinu, er ekki ástæða til, að ég fjalli að öðru leyti um vaxtakröfu hans.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Sératkvæði
Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er ekki byggt á matsgerðinni frá 27. júní 1977, þar sem það mat er byggt á röngum forsendum um eign þá, sem meta skyldi, en um það verður stefnda eigi kennt. Mat það, sem fram fór að ósk áfrýjanda í júní 1978, verður ekki lagt til grundvallar í málinu, þar sem þá voru löngu liðnir frestir þeir, sem um ræðir í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 65/1976. Verður því að miða við það endurgjald fyrir jarðarhlutann, sem ákveðið var í kaupsamningnum frá 24. maí 1977.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 3.000.00 krónur (nýkr.).

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 3.000.00 krónur (nýkr.).

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu
20. október 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. september 1978 að loknum munnlegum málflutningi, höfðar Ágúst Breiðdal, Sogavegi 118, Reykjavík, í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu gegn hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h. hreppsins með stefnu, birtri 12. ágúst 1977, og gerir þær dómkröfur, „að hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h. hreppsins verði dæmd til þess að greiða stefnanda kr. 1.750.390 með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá því 1. júlí 1977 til 1. ágúst s. á., en með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Til vara

lækkun á vaxtakröfu þannig, að vextir verði 19% ársvextir frá 1. júlí 1977 til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi á dskj. nr. 27, allt gegn afhendingu á afsali fyrir þinglýstum eignarhluta stefnanda í jörðinni Miðgörðum, Kolbeinsstaðahreppi."

Af hálffu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, „að fjárkrafa stefnanda verði lækkuð að mun og stefnda verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 993.000.- með 19% ársvöxtum frá 8. júní 1978 til greiðsludags gegn afhendingu á afsali fyrir eignarhluta stefnanda í jörðinni Miðgörðum í Kolbeinsstaðahreppi. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins."

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að með því að ákveða að neyta lögheimilaðs forkaupsréttar sé hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h. hreppsins skuldbundin til þess að kaupa eignarhluta stefnanda í jörðinni Miðgörðum í Kolbeinsstaðahreppi á því verði og með þeim skilmálum, sem greinir í kaupsamningi um jarðarhlutann, gerðum 24. maí 1977. Hreppsnefndin hafi hins vegar talið verðið alltof hátt og því ákveðið að láta meta landið til verðs samkvæmt heimild í jarðalögum og sé matsverðið lægra en söluverð samkvæmt kaupsamningnum. Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig, að kaupverð samkvæmt samningi sé kr. 1.500.000, en auk þess gefi kaupendur eftir álag samkvæmt úttektargerð, er fram fór 7. maí 1977, kr. 250.390.

Stefndi reisir kröfur sínar á matsgerð dómkvaddra manna, sem dómkvaddir voru samkvæmt heimild í 25. gr. jarðalaga, til þess að meta söluverð á eignarhluta stefnanda í Miðgörðum. Endanleg niðurstaða mats þeirra varð sú, að jarðarhluti stefnanda var metinn á kr. 993.000.

Málavextir eru þeir, að árið 1974 eignaðist stefnandi máls þessa 1/8 hluta í jörðinni Miðgörðum í Kolbeinsstaðahreppi fyrir arftöku. Meðeigendur hans að jörðinni voru þá Elínborg Guðmundsdóttir, Ballará, Klofningshreppi, Dalasýslu, sem átti 3/8 hluta jarðarinnar, og Þórður Guðmundsson, Syðstu-Görðum, Kolbeinsstaðahreppi, sem átti 1/2 jörðina. Hinn 20. desember 1976 afsalaði Elínborg eignarhluta sínum til Guðmundar Þórðarsonar frá Syðstu-Görðum, og hinn 1. maí 1977 afsalaði Þórður Guðmundsson hálfri jörðinni til Guðmundar, sonar síns, sem þar með var orðinn eigandi að 7/8 hlutum jarðarinnar. Formleg landskipti á Miðgörðum höfðu þó farið fram hinn 27. ágúst 1957, og var þá hálf jörðin, hluti Þórðar Guðmundssonar, lögð undir Syðstu-Garða. Í marsmánuði árið 1977 gerði Guðmundur Þórðarson stefn-

anda tilboð í eignarhluta hans í jörðinni, að upphæð kr. 675.000, en því var ekki tekið. Í sama mánuði mælti jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu eindregið með því, að Guðmundi Þórðarsyni yrði leyft að leysa til sín jarðarhlutann samkvæmt 14. gr. jarðalaga. Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps og landnámsstjórn mæltu einnig með innlausn.

Leiguliði á jörðinni frá árinu 1923 eða 1924 og til dauðadags (1975) var Jónatan Lífgjarnsson. Eftir beiðni Guðmundar Þórðarsonar fór fram úttekt á jörðinni í maímánuði árið 1977 eftir ábúð Jónatans. Niðurstaða úttektarinnar er sú, að eignir fráfaranda á jörðinni nemi kr. 1.001.561, og hefur Guðmundur innt þá fjárhæð af hendi til erfingja ábúandans.

Framangreindur kaupsamningur um Miðgarða frá 24. maí 1977 hljóðar svo:

„Seljandi lofar að selja og kaupendur að kaupa eignarhluta seljanda í jörðinni Miðgarðar, Kolbeinsstaðahreppi. Eignarhluti seljanda telst vera einn áttundi hluti allrar jarðarinnar Miðgarða, en einn fjórði hluti jarðarinnar eins og hún hefur verið nytjuð síðustu 40—50 árin. Með í kaupunum fylgir hlutdeild seljanda í öllum mannvirkjum, svo sem húsum, ræktun, girðingum og öllum öðrum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja og fylgja ber, að engu undanskildu.

Þinglesinn sameigandi að jörðinni óskiftri er Guðmundur Þórðarson frá Syðstu-Görðum, Kolbeinsstaðahreppi. Um landamerki jarðarinnar er vísað til landamerkjaskrár.

Jarðarhlutinn er seldur í núverandi ástandi, sem kaupendur þekkja rækilega og sætta sig við í alla staði. Kaupendur eru eigendur allra jarðarbóta skv. úttekt, er fram fór 7. maí s.l., og samþykkja þeir, að sá hluti álags, er fellur á framangreindan jarðarhlut, komi til hækkunar á kaupverði. Kaupverð hins selda jarðarhluta er umsamið kr. 1.500.000.- fimmtánhundruðþúsund og greiðist á eftirfarandi hátt.

1.	Við undirritun samnings þessa	kr.	500.000.-
2.	Þann 1. september 1977	—	500.000.-
3.	Þann 1. febrúar 1978	—	500.000.-
		Samtals kr.	1.500.000.-

Áhvílandi er á jörðinni skuld við veðdeild Búnaðarbanka Íslands, og skulu fram fara skil vegna þeirrar skuldar við útgáfu

afsals þann 25. júlí n.k. samtímis því að seljanda verða afhentir víxlar fyrir greiðslum skv. tölul. 2 og 3 hér að framan.

Kaupendur taka formlega við jörðinni þann 25. júlí n.k. við útgáfu afsals, og greiða þeir alla skatta og skyldur af jörðinni frá þeim degi og hirða arð allan. Kaupendur greiða allan kostnað við þinglýsingu og stimplun skjala vegna þessara eigendaskipta. Skv. ákvæðum 3. kafla laga nr. 65/1976 á sveitarsjóður Kolbeinsstaðahrepps forkaupsrétt að jarðarhlutanum, og skal samningur þessi sendur oddvita hreppsins til áritunar um, að fallið verði frá forkaupsrétti. Öllu framangreindu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist tilkvaddra vitundarvotta."

Á kaupsamningsskjalinu er svofelld ódagsett áritun:

„Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps ákvað að neyta forkaupsréttar á þeim jarðarhluta, sem þessi kaupsamningur hljóðar um, á grundvelli matsgerðar Þórðar G. Sigurjónssonar og Bjarna Arasonar, sem byggist á 25. gr. jarðalaga.

F. h. hreppsnefndar Kolbeinsstaðahr.
oddviti Kolbeinsstaðahrepps
Haukur Sveinbjörnsson."

Hinn 2. júní 1977 ákvað hreppsnefndin að neyta forkaupsréttar að jarðarhlutanum og jafnframt að óska eftir mati samkvæmt 25. gr. jarðalaga, og sama dag var sýslumaður beðinn um að dómkveðja menn til matsins. Dómkvaðning fór fram hinn 7. júní. Hinn 20. júní 1977 var stefnanda tilkynnt, að hreppsnefndin hefði ákveðið að neyta forkaupsréttar og óska eftir mati. Matsmennirnir, Bjarni Arason og Þórður G. Sigurjónsson búnaðarráðunautar, framkvæmdu matið hinn 27. júní 1977, og er niðurstaða matsins sú, að hæfilegt andvirði 1/8 hluta úr jörðinni sé kr. 380.000 miðað við staðgreiðslu. Hinn 1. júlí 1977 var stefnanda tilkynnt, að hreppsnefndin hefði ákveðið að neyta forkaupsréttar samkvæmt matinu, og þess óskað, að stefnandi gæfi út afsal eigi síðar en 25. s. m. gegn greiðslu. Stefna var síðan gefin út í málinu hinn 9. ágúst 1977.

Eins og að framan greinir, fóru fram landskipti á jörðinni Miðgörðum árið 1957 og landamerki sett. Hálf jörðin, eignarhluti Þórðar Guðmundssonar, bónda í Syðstu-Görðum, var þá lögð undir þá jörð, en hinn hlutinn varð sjálfstætt býli. Með tilliti til þessa var að beiðni lögmanns stefnda framkvæmt framhaldsmat á eignarhluta stefnanda í jörðinni, þar sem eignarhluti hans teljist nú 1/4 hluti jarðarinnar Mið-Garða, eins og sú jörð er eftir

þessi landskipti, en um þau hafi ekki verið vitað, þegar matið fór fram.

Sömu matsmenn og áður framkvæmdu framhaldsmatið, sem fór fram hinn 5. júní 1978. Niðurstaða matsins er sú, að eignarhluti stefnanda í landi jarðarinnar sé að verðmæti kr. 993.000. Aðrar eignir á jörðinni voru að beiðni stefnanda metnar sérstaklega, og er matsverð þeirra alls kr. 524.000. Matsmennirnir hafa staðfest matsgerðir sínar í dómi. Stefnandi hefur komið fyrir dóm í málinu. Hann kveðst hafa tekið í arf eftir ömmu sína, Stefaníu Þórðardóttur, eignarhluta hennar í jörðinni Miðgörðum. Laugardaginn 25. júní 1977 tilkynnti annar matsmannanna, Þórður G. Sigurjónsson, stefnanda, að matið færi fram mánudaginn 27. júní. Matsmaðurinn kom einnig heim til stefnanda um kvöldmatarleytið daginn eftir og tilkynnti stefnanda það sama. Stefnandi kveðst hafa sagt Þórði í bæði skiptin, að hann gæti ekki mætt með svo skömmum fyrirvara vegna atvinnu sinnar. Þá segir stefnandi, að samningurinn um sölu á eignarhluta hans í Miðgörðum hafi verið gerður að sinni tilhlutan. Hann kvaðst oft hafa hitt kaupendurna, eftir að samningurinn var gerður, og hafi þeir ítrekað lýst því yfir, að þeir væru reiðubúnir til að standa við hann af sinni hálfu.

Haukur Sveinbjarnarson, Snorrastöðum II, Kolbeinsstaðahreppi, oddviti hreppsnefndar, hefur komið fyrir dóm. Hann skýrir svo frá, að ekki sé veiðifélag um Kaldá í Kolbeinsstaðahreppi og engar veiðitekjur séu af ánni aðrar en þær, að fjórir aðiljar, sem hafi ána á leigu, setji ákveðinn fjölda laxaseiða í ána árlega í næstu 10 ár frá 1969 samkvæmt samkomulagi, sem gert var það ár. Hann heldur, að árið 1975 hafi veiðst 21 lax í ánni, árið 1976 tveir laxar og árið 1977 fimm laxar. Hann segir, að ábúandi Miðgarða, Jónatan Lífgjarnsson, hafi staðið að framangreindu samkomulagi, en ábúandi Syðstu-Garða ekki, vegna þess að Miðgarðar, en ekki Syðstu-Garðar, nytjuðu það óskipta land, sem liggur að Kaldá. Þá segir oddvitinn, að hreppsnefndin hafi neytt forkaupsréttarins fyrir eiganda 7/8 hluta Miðgarða, Guðmund Þórðarson, enda muni hann greiða kaupverðið, og ástæðan fyrir því, að hreppsnefndin neyti forkaupsréttar fyrir Guðmund, sé sú, að hann sé að byrja búskap og hefði nytjað jörðina í sumar (1977) að fullu, ef málaferli þessi hefðu ekki komið í veg fyrir það.

Hér að framan er þess getið, að hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps hafi ákveðið að neyta forkaupsréttar við sölu á eignarhluta stefnanda í Miðgörðum. Heimild forkaupsréttarhafa samkvæmt

25. gr. jarðalaga til þess að krefjast mats dómkvaddra manna byggist á því, „að tilgreint kaupverð (sé) óeðlilega hátt eða skilmálar ósanngjarnir miðað við almennar viðskiptavenjur, þannig að ætla má að gert sé í því skyni að halda forkaupsréttarhafa frá að neyta réttar síns.“

Hér er um að ræða 1/4 hluta af bújörð, sem hlunnindi fylgja, þótt ekki séu mikil, en möguleiki á að auka með fiskrækt í Kaldá. Landverð fer mjög hækkandi og hefur hækkað mikið á síðustu árum, og þegar ekki er um háar upphæðir að ræða, mun ekki óalgengt, að kaupverð sé ýmist greitt að fullu við samningsgerð eða á skömmum tíma eftir samningsgerð. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að ætlun samningsaðiljanna hafi verið sú að koma í veg fyrir, að forkaupsréttarhafar neyttu réttar síns.

Að þessu athuguðu verður niðurstaða dómsins sú, að forkaupsréttarhafi, hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h. hreppsins, sé skuldbundin til þess að standa við ákvæði kaupsamnings um sölu eignarhluta stefnanda til erfingja Jónatans Lífgjarnssonar, dags. 24. maí 1977. Stefnda ber því að greiða stefnanda kr. 1.500.000 + hluta álags samkvæmt úttektargerð, kr. 250.390, eða samtals kr. 1.750.390. Samkvæmt kaupsamningnum átti að greiða kr. 500.000 af kaupverðinu við undirskrift hans, kr. 500.000 hinn 1. september 1977 og kr. 500.000 hinn 1. febrúar 1978. Stefnandi krefst vaxta frá 1. júlí 1977. Rétt þykir, að stefndi greiði 19% ársvexti af kr. 500.000 frá 1. júlí 1977 til 1. september s. á., af kr. 1.000.000 frá þeim degi til 1. febrúar 1978 og af kr. 1.750.390 frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.000. Gegn greiðslum þessum afhendi stefnandi stefnda afsal fyrir þinglýstum eignarhluta sínum í jörðinni Miðgörðum, Kolbeinsstaðahreppi.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarans.

Jón S. Magnússon fulltrúi kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h. hreppsins, greiði stefnanda, Ágúst Breiðdal, kr. 1.750.390 auk 19% ársvaxta af kr. 500.000 frá 1. júlí 1977 til 1. september s. á., af kr. 1.000.000 frá þeim degi til 1. febrúar 1978 og af kr. 1.750.390 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 500.000 í málskostnað. Gegn greiðslum þessum afhendi stefnandi stefnda

afsal fyrir þinglýstum eignarhluta sínum í jörðinni Miðgörðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. febrúar 1981.

Nr. 35/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnari Sölva Karlssyni
og
Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ólögleg meðferð fundins fjár. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærðu verði þyngd.

Ný sakavottorð ákærðu hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Samkvæmt hinu nýja sakavottorði ákærða Gunnars Sölva var hann í sakadómi Reykjavíkur 1. ágúst 1979 dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 19. ágúst 1980 dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir sams konar brot.

Ákærði Jóhann Marius Kjartan var hinn 20. ágúst 1979 í sama dómi sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, en ekki dæmd refsing. Sama dag var hann dæmdur í 30.000 króna sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr., laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974. Hinn 5. janúar 1980 sættist hann á að greiða 1.000

króna sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga. Hinn 14. apríl 1980 var hann dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og hinn 22. júlí s. á. í 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 231. gr. og 244. gr. sömu laga, en dómi í þessu máli var áfrýjað til Hæstaréttar. Hinn 31. október 1980 var hann dæmdur í 4 mánaða fangelsi (hegningarauka) fyrir brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga og hinn 24. nóvember s. á. í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. sömu laga, framið áður en héraðsdómur gekk í máli því, sem hér er til úrlausnar. Þá var hann 23. desember 1980 sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og sömu grein, sbr. 20. gr. margnefndra laga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur (nýkr.).

Ákærðu komu fyrir dóm við þingfestingu málsins 6. mars 1979, en ekki í önnur skipti. Voru þeir þá yfirheyrðir saman í dóminum. Er það andstætt 4. mgr. 77. gr., sbr. 4. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Gunnar Sölvi Karlsson og Jóhann Marius Kjartan Benediktsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 14. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni

yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 84—85/1979: Ákæruvaldið gegn Gunnari Sölva Karlssyni og Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 21. f. m., gegn:

1. Gunnari Sölva Karlssyni, Álftamýri 42, nú refsifanga, fæddum 23. sept. 1946 í Reykjavík,
2. Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni, Hvassaleiti 8, fæddum 25. janúar 1949 í Reykjavík, „fyrir auðgunarbrot, framin í Reykjavík í desember 1978, svo sem rakið er:

I. *Atferli ákærða Gunnars Sölva á Þorláksmessu:*

1) Ákærði sló eign sinni á plastpoka, sem í voru kvensloppur, tvær peysur, þrennar buxur og þrír skyrtubolir, en varninginn fann hann einhvers staðar í miðbænum.

2) Því næst fór ákærði inn í verslunina Stokk, Vesturgötu 3, og stal þar útvarpstæki.

Telst atferli ákærða í lið 1 varða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í lið 2 við 244. gr. sömu laga.

II. *Þjófnaðir ákærðu beggja:*

1) Á aðfangadagskvöld fóru ákærðu inn í mannlausa íbúð að Skipholti 55 og stálu þar þremur áfengisflöskum, magnara, allt að 25.000 krónum í peningum, vasatölvu, leðurjakka og skólatösku.

2) Á jólanótt brutust ákærðu inn í Ingólfsapótek í Hafnarstræti og stálu þar miklu magni lyfja auk snyrtivarnings og 30 raka- og hitamæla, samtals að söluverðmæti 1.006.491 króna.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist."

Málsatvik.

Að kvöldi 23. des. 1978 voru ákærðu handteknir í veitingahúsinu Naustinu, en kallað hafði verið til lögreglu frá ritfangaversluninni Vesturgötu 4 vegna manna, sem þar hefðu verið að reyna að stela vörum af viðskiptavin. Ákærði Gunnar Sölvi hafði beðið starfsstúlku í fatageymslu að geyma fyrir sig plastpoka, er í var fatnaður og útvarpstæki. Gunnar Sölvi hefur kannast við, að verðmæti þessi hafi verið honum ófrjáls. Þokann með fatnaðinum kveðst hann hafa fundið einhvers staðar í miðborginni. Hefur ekki hafst upp á eigandanum. Verðmætum þeim, sem í þokanum voru, er rétt lýst í ákæru og samkvæmt verðmerkingu

31.775 kr. að virði. Viðtækið reyndist ákærði hafa tekið í versluninni Stokknum, Vesturgötu 3, og var því skilað. Verðmæti þess er talið 10.000 kr.

Á aðfangadagskvöld fóru ákærðu að húsi nr. 55 við Skipholt, þar sem Jóhann Marius Kjartan fór inn um glugga á mannlausri íbúð og hleypti Gunnari Sölva síðan inn. Þeir tóku þarna verðmæti, sem talin eru í ákæru. Þess eins er að geta, að Gunnar Sölvi minnist þess ekki, að þeir hafi tekið peninga, en Kjartan kveðst hafa tekið nokkuð af peningum, 10—15 þúsund kr. Við rannsókn málsins komust til skila magnarinn, tölvurnar, leðurjakkinn og taskan.

Á jólanótt brutust ákærðu síðan í félagi inn í Ingólfsapótek, sem er á horni Hafnarstrætis og Naustanna. Tóku þeir þar mikið af lyfjum, lyfjavörum og snyrtivörum. Við rannsókn málsins komust vörur þessar til skila, og reyndust þær vera að útsöluverði 1.006.491 kr. Tjón af innbrotinu áætlar apótekarinn 166.186 kr., og hafa ákærðu ekki gert athugasemd við þá áætlun, og hún er eigi athugaverð miðað við gögn málsins, en ákærðu höfðu brotið gler í útidyrahurð, og inni höfðu þeir rótað ýmsu til og unnið skemmdir.

Engar fjárkröfur hafa komið fram í máli þessu á hendur ákærðu.

Ákærðu hafa samkvæmt þessu framið þau brot, sem þeir eru saksóttir fyrir og eru rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Báðir eru ákærðu vanaafbrotamenn, svo sem fram kemur af ferli þeirra, sem nú verður rakinn:

Ákærði Gunnar Sölvi varð 1965 uppvís að skjalafalsi og gripdeild, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum 9 refsidómum:

1971 11/2 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals og svik,
1972 11/2 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals og svik,
1972 7/3 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals,
1973 26/1 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað,
1973 10/5 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað,
1973 29/6 2 mán. fangelsi (hegn.auki) fyrir þjófnað,
1973 3/10 4 mán. fangelsi (hegn.auki) fyrir þjófnað,
1974 3/5 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað,
1975 17/12 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað.

Ákærði Jóhann Marius Kjartan varð 1968 uppvís að þjófnaði, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann 13 sinnum verið dæmdur í refsingu, svo sem hér verður rakið:

1970 19/11 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.,
1971 1/11 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga,
1972 25/2 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals,
1972 15/9 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.,
1972 3/3 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.,
1973 29/6 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað,
1973 25/10 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals,
1974 22/4 Sakfelldur fyrir ölvun við akstur, refsing ekki dæmd,
1974 14/6 7 mán. fangelsi fyrir þjófnað og svik,
1975 19/3 1 mán. fangelsi fyrir þjófnað (hegn.auki),
1975 2/7 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjárdrátt (staðf. í Hæstarétti 28. sept. 1977),
1975 17/12 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað,
1976 17/11 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.

Refsing hvors hinna ákærðu verður með hliðsjón af 72., 77. og 255. gr. alm. hegningarlaga ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Þá verða ákærðu dæmdir til þess að greiða in solidum kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Dóms orð:

Ákærðu, Gunnar Sölvi Karlsson og Jóhann Maríus *Kjartan* Benediktsson, sæti hvor um sig fangelsi 8 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 26. febrúar 1981.

Nr. 218/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Samkvæmt nýju sakavottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í málinu, var ákærði í sakadómi Reykjavíkur hinn 31. október 1980 dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi (hegningarauka) fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hinn 24. nóvember 1980 í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. sömu laga, framið áður en héraðsdómur gekk í máli því, sem hér er til úrlausnar, og hinn 23. desember s. á. var hann sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og svo sömu grein, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en ekki gerð sérstök refsing.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Marius Kjartan Benediktsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. júlí 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 22. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfir-

sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 393/1980: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni, Hvassaleiti 8, Reykjavík, nú refsifanga, fæddum 25. janúar 1949 í Reykjavík, „fyrir að hafa fimmtudaginn 15. maí 1980 í heimildarleysi ruðst inn í risíbúð að Vonarstræti 1 í Reykjavík og hafst þar við hluta dags og þess næsta, haft þar hjá sér gesti og stolið úr íbúðinni 5.000 krónum, hnífi, gullmillu af upphlut, silfurkrossi, gullhring með rúbíni, gullhring með ameþyststeini, 2 gullarmböndum, gullfesti með perlum, armbandsúri, hálsmeni með nautsmerki, hálsmeni með ameþyststeini.

Telst þetta varða við 231. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Að kvöldi föstudagsins 16. maí sl. var lögregla kvödd að Vonarstræti 1 hér í borg. Þar var fyrir húsráðandi í risíbúð, Sigrún Harðardóttir, nú til heimilis Granaskjóli 22. Hafði hún, er hún kom heim til sín, fundið óboðna gesti fyrir í íbúð sinni. Var hér um að ræða ákærða, félaga hans Hinrik Jón Þórisson og Hugrúnu Steinunni Guðmundsdóttur, Hrísateigi 18. Hugrún var farin burt, er lögregluþjónar komu á staðinn. Lögregluþjónarnir bentu Sigrúnu á að kanna, hvort munir hefðu horfið, og tilkynnti hún lögreglunni síðan, að hún saknaði úrs og skartgripa. Á ákærða fundust við leit tvö armbönd, þrjú hálsmen, þar af tvö úr gulli, gullhringur og hnífur, og svaraði þetta til muna, sem Sigrún taldi hafa horfið. Þá segir í skýrslu lögreglu, að ákærði hafi verið að setja 5.000 kr. seðil í vasa sinn og hafi hann verið tekinn af honum og afhentur vinkonu Sigrúnar, sem var í för með henni, en hún hafi talið 5.000 kr. hafa horfið úr veski sínu, sem geymt hafi verið í íbúð Sigrúnar.

Sigrún Harðardóttir heldur því fram, að auk ofantalinna muna, sem henni hafa verið afhentir, sakni hún armbandsúrs af gerðinni Pierpont, gullkúlu frá peysufötum, gullhrings með ameþyststeini og gullfestar með perlu. Fari ekki hjá því, að munir þessir hafi horfið úr íbúð hennar þennan dag. Sigrún fullyrðir, að íbúð hennar hafi verið læst með smekklás, en svo hátti til, að auðvelt hafi verið að komast milli stafs og hurðar til þess að opna smekklásinn.

Sigrún hefur ekki gert fjárkröfur í þessu máli, en krefst þess, að ákærða verði refsað fyrir að ryðjast í heimildarleysi inn í íbúð hennar.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi farið inn í íbúðina í þeirri trú, að þar byggi enn maður, sem hann þekkir og Hörður heitir, en hann hafði búið þar áður, en verið fluttur, án þess ákærða væri um það kunnugt. Ákærði kveðst ekki hafa farið inn í þjófnaðarskyni. Það hafi verið fimmtudaginn 15. maí sem hann fór inn í íbúðina og þá hafi Hugrún Steinunn komið þangað til hans. Næsta dag kveðst ákærði hafa farið á ný í íbúðina og þá hafi hann boðið Hinrik Jóni Þórissyni þangað með sér og þeir setið þar saman að sumbli. Þeir hafi síðan náð í Hugrúnu Steinunni og hún verið þar með þeim, er stúlkur tvær komu þangað til þeirra og sögðu Hörð ekki búa þar lengur.

Ákærði kannast við, að áðurnefndir munir hafi fundist á honum og að hann hafi tekið þá þarna í íbúðinni í því skyni að gefa þá stúlkum, sem komið hafi til hans í íbúðina, en hann hafi svo horfið frá því. Ákærði neitar því, að hann hafi tekið peninga í íbúðinni. Hann hafi átt 5.000 króna seðil þann, sem af honum var tekinn, eins og aðra þá peninga, sem á honum voru við handtöku, en þeir námu skv. lögregluskýrslu 112.000 kr. Ákærði kannast ekki við, að hann hafi tekið úrið né þá þrjá skartgripi, sem Sigrún saknar enn.

Lögreglan lagði auk áðurnefndra verðmæta hald á segulbandstæki, sem þeir félagar voru með í íbúðinni. Einnig skilaði Sigrún Harðardóttir peningaveski og bók, sem hún hafði fundið í íbúðinni. Rannsókn var beint að því, hvernig ákærði eða Hinrik Jón hefðu komist yfir þessa muni, en segulbandinu hafði verið stolið úr versluninni Japis, bókinni úr bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, og veskið var eign stúlku úr Kópavogi, er taldi líklegt, að því hefði verið stolið úr vasa hennar í eða við áfengisverslunina við Lindargötu. Taldi ákærði félaga sinn Hinrik Jón mundu hafa stolið munum þessum, en Hinrik neitaði því. Eins og mál þetta liggur fyrir, er óþarft að rekja þennan þátt rannsóknarinnar nánar.

Niðurstöður.

Sannað þykir, að ákærði hafi ruðst í heimildarleysi inn í íbúð Sigrúnar, þótt ekki verði fullyrt, að hann hafi í fyrstu gert það í þjófnaðarskyni. Fyrir atferli þetta ber að refsa honum skv. 231. gr. alm. hegningarlaga, enda tjóar honum eigi að bera það fyrir sig, að hann hafi haldið annan mann búa í íbúðinni.

Sannað þykir, að ákærði hafi tekið þarna í íbúðinni muni þá, er á honum fundust og áður var lýst, og að hann hafi slegið eign

sinni á þá. Varðar það ákærða refsingu skv. 244. gr. alm. hegningarlaga. Ekki er fullsannað, að ákærði hafi tekið þarna 5.000 kr. í peningum, og sömuleiðis verður hann ekki sakfelldur fyrir töku á þeim munum, sem Sigrún Harðardóttir saknar (gullkúlu, hrings með ameþyst og gullfesti).

Ákærði hefur síðan 1970 sætt alls 17 refsidómum, svo sem nú verður rakið:

1970 19/11 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
1971 1/11 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga.
1972 25/2 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
1972 15/9 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.
1972 3/3 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.
1973 29/6 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1973 25/10 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
1974 22/4 Sakfelldur fyrir ölvun við akstur, refsing ekki dæmd.
1974 14/6 7 mán. fangelsi fyrir þjófnað og svik.
1975 19/3 1 mán. fangelsi fyrir þjófnað (hegningarauki).
1975 2/7 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjárdrátt (staðf. í Hæstarétti 28. sept. 1977).
1975 17/12 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1976 17/11 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
1979 14/2 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1979 20/8 Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, refsing ekki dæmd.
1979 20/8 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.
1980 14/4 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað.

Dæma ber ákærða refsingu með hliðsjón af 72. og 255. gr. alm. hegningarlaga, þar sem hann er vanaafbrotamaður. Refsingin er ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Marius Kjartan Benediktsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr.

Föstudaginn 27. febrúar 1981.

Nr. 80/1979. **Birgir Guðjónsson**
(Jón Finnsson hrl.)

gegn

nefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðisþjónustu, þeim Ólafi Ólafssyni, Guðmundi Jóhannessyni og Þorvaldi Veigari Guðmundssyni, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins og til réttargæslu Þórði Harðarsyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

og

nefnd samkvæmt 33. gr. 1. mgr. laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðisþjónustu, þeir Ólafur Ólafsson, Guðmundur Jóhannesson og Þorvaldur Veigar Guðmundsson, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytis og Þórður Harðarson

gegn

Birgi Guðjónssyni.

Stjórnsýsla. Umsögn um stöðuveitingu. Áfrýjun. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1979. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Að álitsgerð stöðunefndar frá 28. október 1976 um hæfni umsækjenda um stöðu yfirlæknis lyflæknisdeildar Borgarspítalans í Reykjavík verði felld úr gildi að því er varðar þá staðhæfingu nefndarinnar: „Allir eru þeir viðurkenndir sér-

fræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Þeir teljast allir hæfir til að gegna umræddri stöðu."

2. Að röðun stöðunefndar á umsækjendum um framangreinda stöðu verði dæmd ómerk.

3. Að dæmt verði, að fullyrðing stöðunefndar í bréfi, sem hún reit heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu 9. desember 1976 í framhaldi af álitsgerð sinni, um, að Þórður Harðarson sé sérfræðingur í lyflækningum, sé röng.

4. Að stefndu verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda, Þórði Harðarsyni, gerir aðaláfrýjandi engar kröfur.

Gagnáfrýjandi heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 11. maí 1979. Útivist varð af hans hendi 1. október 1979. Áfrýjaði hann málinu að nýju 2. s. m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Aðrir gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 30. apríl 1979. Dómkröfur gagnáfrýjenda eru þessar: Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn áfrýjaði sýknudómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Gagnáfrýjandanum Þórði Harðarsyni var ekki stefnt til varnaraðildar fyrir héraðsdómi, og ekki gekk hann inn í málið í héraði, þó að hann krefðist ómaksbóta sér til handa fyrir héraðsdómi. Honum er því hvorki heimil áfrýjun málsins sem sakaraðilja í héraði né af öðrum ástæðum. Ber því að vísa áfrýjun hans frá Hæstarétti.

II.

Nefnd sú, sem starfar eftir 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, hefur það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um ýmsar læknisstöður, eins og nánar

segir í lögunum. Kröfur aðaláfrýjanda varða ummæli nefndarinnar í slíkri lögboðinni umsögn, og er þeim því réttilega að nefndinni beint, eins og hún var skipuð á þeim tíma, er hún lét uppi umsögn sína.

III.

Gagnáfrýjendur styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum, að álitsgerð nefndarinnar um hæfni umsækjenda um stöðu yfirlæknis við lyflækningadeild Borgarspítalans í Reykjavík sé sérfræðileg álitsgerð, sem ekki sé á færi manna án sérfræðiþekkingar að dæma um. Verði mál þetta, svo sem það er vaxið, því ekki borið undir dómstóla. Enn fremur sé málatilbúnaður aðaláfrýjanda með þeim hætti, að andstætt sé 67. gr. laga nr. 85/1936, þar sem í raun réttri sé leitað álits dómstóla á því lögfræðilega atriði, hvort nefndin hafi farið að lögum, án þess að þetta sé tengt ákveðinni dómkröfu um rétt aðaláfrýjanda til handa. Loks er frávísunarkrafan á því reist, að borgarstjórn Reykjavíkur og stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar eigi óskipta sakaraðild í málinu með gagnáfrýjendum. Þar sem þessum aðiljum hafi ekki verið stefnt í málinu, beri að vísa því frá dómi samkvæmt ákvæðum 46. gr. laga nr. 85/1936. Gagnáfrýjendur höfðu uppi frávísunarkröfu byggða á sömu röksemdum fyrir héraðsdómi, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 13. nóvember 1978.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu ekki framangreindum úrskurði héraðsdómara, er þeir gagnáfrýjuðu hinum áfrýjaða dómi. Ómerkingar- og frávísunarkrafa þeirra er samkvæmt framangreindu reist á ástæðum, sem sjálfkrafa leiða til frávísunar málsins, ef réttar eru. Koma þær því eigi að síður til álita hér fyrir dómi.

Það er að vísu ekki á valdi dómstóla að hnekkja hinni sérfræðilegu álitsgerð stefndu með því að meta sjálfstætt hæfni umsækjenda til að gegna þeirri stöðu, sem um var að tefla. Þetta skýtur þó ekki loku fyrir, að dómstólar geti dæmt um, hvort stefndu hafi farið að lögum í dómnefndarstarfi sínu, þar á meðal hvort ummæli þeirra í nefndarálitinu hafi haft

nægan lagagrundvöll. Leiðir 66. gr. laga nr. 85/1936 því ekki til ómerkingar héraðsdóms og frávísunar málsins frá dómstólum.

Af málflutningi og kröfugerð aðaláfrýjanda má að vísu ráða, að hann leitar úrlausnar dómstóla um lagaatriði, sem varða starfsgengi Þórðar Harðarsonar í stöðu yfirlæknis á lyflækningadeild Borgarspítalans, sem hann var ráðinn til að gegna, án þess þó að bein dómkrafa sé gerð um, að þeirri ráðningu sé hnekkt. Allt um það þykja kröfur aðaláfrýjanda ekki með því marki brenndar, að vísa beri þeim í heild frá dómi vegna ákvæða 67. gr. laga nr. 85/1936. Verður héraðsdómur því ekki ómerktur og málinu vísað frá dómstólum af þeirri ástæðu, sem hér er um fjallað.

Loks verður ekki á það fallist með gagnáfrýjendum, að 46. gr. laga nr. 85/1936 eigi við í máli þessu. Verður héraðsdómur því ekki heldur ómerktur og málinu vísað frá bæjarþingi af þeirri ástæðu.

IV.

Um 1. kröfulið: Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, leiðréttu nefndarmenn löngu áður en málssókn þessi hófst, þau ummæli sín, að allir umsækjendur um yfirlæknisstöðuna hefðu tvenns konar sérfræðingsviðurkenningu í lyflækningum. Eru þegar af þeirri ástæðu ekki skilyrði til að sinna kröfu aðaláfrýjanda um, að hin upphaflegu ummæli skuli nú úr gildi felld með dómi. Að öðru leyti varða ummæli þau, sem hér greinir, sama atriði og 3. kröfuliður aðaláfrýjanda. Verða gagnáfrýjendur því sýknaðir að því er til þeirra tekur af sömu ástæðum og greint er um þann kröfulið.

Um 2. kröfulið: Með skírskotun til þess, sem segir í héraðsdómi um þennan kröfulið, þykir nefndinni hvorki hafa verið óheimilt að lögum að skipa umsækjendum í röð eftir hæfni né heldur hefur verið sýnt fram á, að hún hafi skipað umsækjanda, sem ekki hafi fullnægt lögmæltum skilyrðum til að gegna stöðunni, ofar en aðaláfrýjanda. Verður héraðsdómur því staðfestur að þessu leyti.

Um 3. kröfulið: Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um

þennan þátt dómkrafna með skírskotun til forsendna héraðsdóms.

Þar sem kröfum aðaláfrýjanda er samkvæmt framansögðu þannig háttað, að þær verða eigi að neinu leyti teknar til greina, er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um það, hvort lagagrundvöllur hafi verið fyrir því að beina málssókn þessari að heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, svo sem aðaláfrýjandi hefur gert.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 6.000.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er tekur til áfrýjunar Þórðar Harðarsonar.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en um málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Birgir Guðjónsson, greiði gagnáfrýjendum, nenfd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, þeim Ólafi Ólafssyni, Guðmundi Jóhannessyni og Þorvaldi Veigari Guðmundssyni, og heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- tryggingarmálaráðuneytisins, samtals 6.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. f. m., hefur Birgir Guðjónsson læknir, Álftamýri 51, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. og 25. janúar 1978, á hendur:

a) Stöðunefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 27. apríl 1973 (nú lög nr. 57/1978) um heilbrigðismál, þeim Ólafi Ólafssyni landlækni, Grenimel 38, Reykjavík, Guðmundi Jóhannessyni lækni, Sigluvogi 4, Reykjavík, og Þorvaldi Veigar Guðmundssyni lækni, Hlíðarvegi 28, Kópavogi,

b) Matthíasi Bjarnasyni heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, Tjaldanesi 5, Garðabæ, f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins
c) og til réttargæslu Þórði Harðarsyni lækni, Efstalandi 16, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að álitsgerð stöðunefndar frá 28. október 1976 um hæfni umsækjenda um stöðu yfirlæknis lyflæknisdeildar Borgarspítalans í Reykjavík verði felld úr gildi að því er varðar þá staðhæfingu nefndarinnar: „Allir eru þeir viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Þeir teljast allir hæfir til að gegna umræddri stöðu."
2. Að röðun stöðunefndar á umsækjendum um framangreinda stöðu verði dæmd ómerk.
3. Að dæmt verði, að fullyrðing stöðunefndar í bréfi, sem hún reit heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu 9. desember 1976 í framhaldi af álitsgerð sinni, um, að Þórður Harðarson sé sérfræðingur í lyflækningum, sé röng.
4. Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi hefur ekki gert neinar kröfur á hendur réttargæslustefnda, Þórði Harðarsyni.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Réttargæslustefndi krefst ómaksbóta úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Með auglýsingu, dagsettri 4. maí 1976, auglýsti stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar stöðu yfirlæknis við lyflækningadeild Borgarspítalans lausa til umsóknar. Í auglýsingunni segir m. a.: „Umsækjendur skulu vera sérfræðingar í lyflækningum."

Sex læknar sóttu um stöðuna, og var stefnandi einn þeirra. Samkvæmt 33. gr. laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðismál (nú 31. gr., 1. tl., laga nr. 57/1978) fékk stöðunefnd umsóknirnar til umsagnar, en nefndina skipuðu þrír læknar, þeir sem tilgreindir eru undir a lið í stefnu. Stöðunefnd skilaði álitsgerð um umsækjendur, dags. 28. október 1976, til stjórnar sjúkra-

stofnana Reykjavíkurborgar. Í álitsgerðinni segir m. a.: „Samantekt: Allir umsækjendur hafa fremur litla stjórnunarreynslu og enginn þeirra gegnt fastri yfirlæknisstöðu. Allir eru þeir viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Þeir teljast allir hæfir til að gegna umræddri stöðu.

Að höfðu samráði við tvo sérfræðinga í lyflækningum hefur stöðunefnd ákveðið að raða umsækjendum eftir hæfni þeirra til að gegna yfirlæknisstöðu á lyflækningadeild Borgarspítalans."

Umsækjendum var síðan raðað í töluröð. Er réttargæslustefnda, Þórði Harðarsyni, raðað í fyrsta sæti, en stefnanda í fimmta eða næstsíðasta sæti.

Um mánaðamótin október/nóvember 1976 fékk stefnandi vitneskju um röðun stöðunefndar á umsækjendum. Hinn 3. nóvember 1976 ritar stefnandi stjórn Borgarspítalans svofellt bréf:

„Úrskurður dómnefndar um hæfni mína í stöðu yfirlæknis við Lyflækningadeild Borgarspítalans, samanber niðurröðun umsækjenda, kom mér mjög á óvart. Þótt ég álíti úrskurðinn mjög ósanngjarnan, gerir hann umsókn mína fáránlega, og óska ég því eftir að draga hana til baka."

Hinn 10. nóvember 1976 var haldinn fundur í læknaráði Borgarspítalans. Í fundargerð segir, að komið hafi fram fyrirspurn varðandi auglýsinguna um yfirlæknisstöðuna. Um þetta er svofelld bókun: „Kom fram, að þar var auglýst eftir lækni, sem skyldi vera sérfræðingur í lyflækningum, en ekki tekið til nánar varðandi undirsérgrein. Fram kom einnig fyrirspurn varðandi einn umsækjanda, Þórð Harðarson, hvort hann hefði öðlast viðurkenningu í hjartalækningum. Svaraði Örn Smári því til, að hann vissi ekki betur en að umræddur umsækjandi væri einnig sérfræðingur í lyflækningum."

Örn Smári Arnaldsson var formaður stöðunefndar Borgarspítalans, sem viku fyrir fund þennan hafði fjallað um umsóknirnar um yfirlæknisstöðuna og greitt atkvæði um þrjá fyrstu umsækjendurna. Af samhengi þessarar bókunar, telur stefnandi ljóst, að formaður stöðunefndar Borgarspítalans hafi staðið í þeirri trú, eftir að sú stöðunefnd hafði afgreitt umsóknirnar og tveimur dögum áður en stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar réð réttargæslustefnda, Þórð Harðarson, sem yfirlækni, að Þórður væri sérfræðingur í almennum lyflækningum.

Á grundvelli þessarar umsagnar stöðunefndar samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðismál og læknaráðs Borgarspítalans samþykkti stjórn sjúkrastofnana Reykja-

víkurborgar hinn 12. nóvember 1976 að ráða Þórð Harðarson til starfans frá 1. janúar 1977 að telja. Hinn 16. nóvember 1976, degi eftir að stefnandi hafði átt þess kost að sjá álitsgerð stöðunefndar, ritaði hann stjórn Borgarspítalans í Reykjavík á ný og mótmælti niðurstöðum og vinnubrögðum nefndarinnar og tilkynnti, að hann mundi kæra til ráðherra og krefjast endurmats á umsækjendum.

Sama dag ritaði stefnandi heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra ítarlegt bréf, þar sem hann bendir á, að í álitsgerð stöðunefndar sé ranglega slegið föstu, „Allir eru þeir viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein.“ Þetta sé rangt að því er réttargæslustefnda, Þórð Harðarson, varði, þar eð hann hafi aðeins reynslu og sérfræðiviðurkenningu í einni undirgrein lyflæknisfræðinnar og forsendur og úrskurður stöðunefndar hafi því verið rangur. Hér hafi átt sér stað svo alvarleg mistök, að varða ætti ógildingu álitsgerðarinnar í heild að dómi stefnanda. Þá rökstyður stefnandi staðhæfingu sína um óvönduð vinnubrögð nefndarinnar og leitast við að sýna fram á, að hún hafi ekki verið í aðstöðu til að raða umsækjendunum eftir hæfni á grundvelli þeirra gagna, sem hún byggi á, auk þess sem nefndin seilist til óeðlilegra áhrifa á veitingarvaldshafann með því að raða umsækjendunum niður.

Kæra stefnanda var send stöðunefnd til umsagnar, og svaraði hún framkominni gagnrýni á störf sín með bréfi til ráðuneytisins, dags. 9. desember 1976. Í bréfi þessu gefur stöðunefnd eftirfarandi útskýringar á orðalaginu í álitsgerð sinni frá 28. október 1976: „Allir eru þeir (umsækjendur) viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Hið rétta er, að fimm eru sérfræðingar í almennum lyflækningum og einni undirgrein, en sá sjötti (Þórður Harðarson) er sérfræðingur í lyflækningum, þ. e. hjartasjúkdómum, en hefur ekki hlotið sérfræðiviðurkenningu í almennum lyflækningum. Þetta er villa í framsetningu, sem augljóslega kemur fram af umsóknargögnum, en þau gögn höfðu bæði stöðunefnd og aðrir aðilar, sem um málið hafa fjallað. Stöðunefnd var fullljóst, þegar hún raðaði umsækjendum, hvaða sérfræðingsviðurkenningu þeir höfðu.“

Þá kemur enn fremur fram í þessu bréfi stöðunefndar, að stöðunefnd Borgarspítalans hafi ekki gert kröfu til þess að fá mann með sérfræðingsréttindi í almennum lyflækningum, þar sem orðið almennur hafi verið strikað út úr uppkasti að auglýsingunni.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í álitsgerð stöðunefndar felist mikið vanmat á sérfræðiviðurkenningu í almennum lyflækningum og þeirri starfsreynslu, sem að baki henni liggi. Þá hafi stöðunefnd enn fremur gert sig seka um ranga og villandi notkun á starfsheiti í umræddu bréfi frá 9. desember 1976 til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins, þegar hún segi, „en sá sjötti (Þórður Harðarson) er sérfræðingur í lyflækningum, það er hjartasjúkdómum . . .". Þórður Harðarson sé samkvæmt réttri skilgreiningu sérfræðingur í hjartalækningum og hafi hinn 7. mars 1975 fengið útgefið leyfisbréf til þess að mega kalla sig sérfræðing í hjartalækningum og starfa sem slíkur.

Að fenginni umsögn stöðunefndar ritaði ráðuneytið stefnanda hinn 28. desember 1976. Í því bréfi viðurkennir ráðuneytið, að „Stöðunefnd hefur ekki sýnt nægilega nákvæmni, þegar hún í upphaflegri greinargerð sinni skýrði frá sérfræðiviðurkenningum umsækjenda, því að þar var sagt, að allir væru þeir viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein, en hið rétta var samkv. gögnum, að fimm voru sérfræðingar í almennum lyflækningum með einni undirgrein, en hinn sjötti sérfræðingur í lyflækningum, það er að segja hjartasjúkdómum." Hér telur stefnandi ráðuneytið hafa fallið í sömu gryfju og stöðunefnd, er það segi sjötta umsækjandann sérfræðing í lyflækningum, þ. e. a. s. hjartalækningum.

Þá kemur fram í bréfi ráðuneytisins, að nokkuð hafi verið deilt um það, hvort stöðunefnd eigi að raða umsækjendum eftir hæfni. Ráðuneytið líti svo á, að stöðunefnd sé þetta heimilt, en taldi hins vegar, að vafasamt væri að gera upp á milli umsækjenda í númeraröð, nema um mjög verulegan mun sé að ræða að mati nefndarinnar. Ráðuneytið taldi hins vegar, að ekkert hefði komið fram um það, að stöðunefnd hefði sýnt hlutdrægni í starfi, og ekki verði annað séð en að nefndin hafi starfað af faglegri kunnáttu og vandvirkni að viðfangsefni sínu. Ráðuneytið taldi því ekki ástæðu til þess að ómerkja álitsgerð stöðunefndar, þar sem kröfur stefnanda væru ekki studdar rökum.

Hinn 9. maí 1977 sendir stefnandi heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra kröfugerð ásamt ítarlegri greinargerð og fylgiskjölum. Þótt kröfugerð hafi verið breytt í þessu dómsmáli, þykir rétt að rekja gang málsins í aðalatriðum. Kröfur stefnanda voru þessar:

„*að* ráðuneytið felldi úr gildi með formlegum úrskurði álit stöðunefndar frá 28. október 1976 um hæfi umsækjenda,

að nýrri nefnd yrði falið að fjalla um hæfi umsækjenda á grundvelli þeirra gagna, sem nú lægju fyrir, og í samræmi við lög,

að ráðuneytið beitti sér fyrir því sem æðsti handhafi heilbrigðismála, að ráðning Þórðar Harðarsonar í stöðu yfirlæknis Borgarspítalans yrði felld úr gildi" (sic).

Í greinargerðinni til ráðuneytisins er m. a. gerð grein fyrir því, á hvern hátt læknar öðlist sérfræðiviðurkenningu í lyflækningum á Norðurlöndum, Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada, svo og meginreglum, sem umsagnaraðiljar á Norðurlöndum starfi eftir við mat á hæfni umsækjenda um stöðu. Heldur stefnandi því fram, að stöðunefndin hafi við mat á starfshæfni hans ekki einungis brotið gegn þeim grundvallarreglum, sem byggt sé á í helstu viðmiðunarlöndum okkar, heldur einnig þeim meginreglum, sem nefndin sjálf hafi sett sér og birt opinberlega og tækju mið af sænsku stöðureglunum. Niðurstöður stefnanda eru í stuttu máli þær, að í öllum framangreindum löndum mundi sérfræðiviðurkenning í almennri lyflæknisfræði vera skilyrði fyrir skipun í stöðu yfirlæknis á almennri lyflækningadeild í stóru deildarskiptu sjúkrahúsi og starfsreynsla á viðkomandi sviði vegið þyngra við mat á hæfni en vísindastörf, öfugt við það, sem stöðunefndin virðist telja.

Jafnframt ritaði stefnandi borgarstjórn Reykjavíkur 9. maí 1977 og gerði kröfu til þess, að ráðning Þórðar Harðarsonar í stöðu yfirlæknis lyflækningadeildar Borgarspítalans yrði felld úr gildi. Borgarráð vísaði málinu til umsagnar borgarlögmanns, er komst að þeirri niðurstöðu, að varla kæmi til álita, að borgarstjórn væri heimilt, hvað þá skylt, að fella úr gildi ráðningu Þórðar Harðarsonar í stöðu yfirlæknis við lyflækningadeild Borgarspítalans.

Borgarráð féllst á umsögn borgarlögmanns og tilkynnti stefnanda niðurstöðu sína með bréfi 17. ágúst 1977.

Hinn 21. september 1977 svaraði heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið kæru stefnanda frá 9. maí s. á. og tjáði honum, að það teldi sig ekki geta gripið inn í ráðstöfun stöðu, nema miklir form- eða efnisgallar teldust vera á ráðningunni, en um það væri ekki að ræða.

Að því er varðaði ómerkingu umsagnar stöðunefndar tók ráðuneytið fram í bréfi sínu, að það teldi sig ekki hafa vald til þess að ómerkja hana. Lagði ráðuneytið áherslu á, að álitsgerð stöðunefndar og röðun hennar eftir hæfni væri ekki bindandi fyrir

heilbrigðisyfirvöld á annan hátt en þann, að þau megi ráða hvern þann, sem nefndin telur hæfan, og það eins þótt nefndin ráði honum síðustum. Þá segir í bréfi ráðuneytisins, að enda þótt álit stöðunefndar, að Þórður Harðarson sé „lyflæknir", væri efnislega rangt, eins og stefnandi haldi fram, þá sé það álit ekki bindandi fyrir stjórn spítalans. Sama gildi um röðun stöðunefndar. Þótt röðunin kunni í umræddu tilfelli að hafa byggst á umdeilanlegum forsendum, sé það samt sem áður ekki á valdi ráðuneytisins að hnekkja þeirri ákvörðun, sem ráðningaraðilinn hafi tekið. Ráðuneytið hafnaði sem sagt öllum kröfum stefnanda í bréfi hans frá 9. maí 1977.

Er stefnanda tókst eigi að fá framgengt sínum kröfum með málskoti til stjórnvalds, höfðaði hann mál þetta með kröfugerð, svo sem rakið er í upphafi dómsins.

Röksemdir málsaðilja.

Um 1. kröfulið:

Stefnandi rökstyður dómkröfu sína samkvæmt þessum lið með því, að umsagnir og álitsgerðir stöðunefndar skipti miklu máli og geti haft úrslitaáhrif um veitingu stöðu. Miklu varði því, að vel sé til þeirra vandað, ekki aðeins vegna þeirra áhrifa, sem umsagnir hafi á persónulega hagi umsækjanda, heldur einnig vegna þeirra, sem stöðuna eigi að veita, og síðast, en ekki síst, í þessu tilviki, vegna sjúklinganna.

Stefnandi telur ljóst, að hann eigi hagsmuna að gæta varðandi kröfugerð í þessu máli, enda þótt hann hafi dregið umsókn sína til baka, því að stöðunefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 frá 27. apríl 1973 (nú lög nr. 57/1978) hafi verið búin að meta hæfni hans, er hann dró umsókn sína til baka. Stöðunefnd hafi farið rangt með sérfræðiviðurkenningu umsækjandans Þórðar Harðarsonar í álitsgerð sinni og rangtúlkað hana fyrir ráðuneytinu, þar sem þessi umsækjandi sé sérfræðingur í hjartalækningum, en ekki sérfræðingur í almennum lyflækningum eða lyflækningum samkvæmt réttri skilgreiningu.

Af þessu leiði, að mat stöðunefndar á hæfni þessa umsækjanda sé efnislega rangt, þar sem hann sé ekki hæfur samkvæmt 33. gr., 4. mgr., laga nr. 56/1973 til þess að gegna stöðu yfirlæknis á almennri lyflækningadeild í deildaskiptu sjúkrahúsi miðað við menntun hans, eðli starfans og almenn efnisrök.

Stefndu byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili þessa máls, þar sem hann hafi dregið

umsókn sína um yfirlæknisstöðuna til baka, áður en hún hafi verið veitt.

Þá benda stefndu á það, að dómkrafa stefnanda fái eigi staðist, þar sem stöðunefnd hafi þegar breytt áliti sínu, hvað þennan kröfulið snertir, á þann hátt, að Þórður Harðarson læknir sé sérfræðingur í lyflækningum, en ekki í almennum lyflækningum, sbr. nánar bréf stöðunefndar, ritað 9. desember 1976, til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins. Því sé þarflaust að ógilda þetta atriði álitsgerðar stöðunefndar frá 28. október 1976, þar sem nefndin hafi þegar gert það sjálf.

Þá halda stefndu því einnig fram, að stöðunefnd hafi í hvívetna farið að réttum lögum í störfum sínum. Í málinu hafi ekki verið sýnt fram á, að stöðunefnd hafi brotið af sér. Þvert á móti sé ljóst, að stöðunefndin hafi unnið verk sitt af alúð og hún hafi neytt úrræða, sem fyrir hendi voru, meðal annars heimildar í 33. gr. laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, að kveðja sér til ráðuneytis tvo sérfræðinga. Þetta hafi þó eigi verið skylt lögum samkvæmt. Einnig hafi málið verið lagt fyrir læknaráð Borgarsjúkrahússins. Allt beri að sama brunni hjá þessum aðiljum um mat á hæfni umsækjenda. Þá minna stefndu á, að auglýst hafi verið staða yfirlæknis við lyflækningadeild Borgarspítalans og tekið fram, að umsækjendur skyldu vera sérfræðingar í lyflækningum. Lögð hafi verið áhersla á það í auglýsingunni, að umsækjendur létu fylgja umsókn rækileg gögn um vísindastörf, ritsmíðar og rannsóknir, námsferil auk starfa. Veitingarvaldið hafi að sjálfsögðu rétt til þess að kveða nánar á um þau skilyrði, sem það telji, að umsækjandi verði að fullnægja til að fá stöðuna, og enn fremur hafi það vald til að ákveða, hvaða kosti það telur, að helst eigi að prýða umsækjendur. Þannig sé í auglýsingunni sérstaklega lögð áhersla á vísindastörf, ritsmíðar og rannsóknir og þessir kostir taldir upp á undan störfunum, sem sýni, að stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar hafi verið á höttunum eftir manni, sem hefði meðal annars lagt fyrir sig vísindastörf, ritsmíðar og rannsóknir.

Eins og fyrr getur í dóminum, var stefnandi einn umsækjenda um starf yfirlæknis lyflækningadeildar Borgarspítalans í Reykjavík. Stöðunefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 frá 27. apríl 1973 skilaði álitsgerð hinn 28. október 1976 um hæfni umsækjenda til starfans. Í þeirri álitsgerð kemur fram umsögn stöðunefndar um hæfni stefnanda til að gegna fyrrgreindri stöðu. Stefnandi telst því hafa lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi

það, hvað segir í álitsgerð þessari um umsækjendur, enda þótt hann hafi síðar dregið til baka umsókn sína um starfið. Verður því að telja, að stefnanda hafi verið rétt að höfða mál þetta og hann sé því réttur aðili að þeirri kröfu, sem hér er til álita.

Staðhæfing sú, er stefnandi krefst, að felld verði úr álitsgerð stöðunefndar frá 28. október 1976, er svohljóðandi:

„Allir eru þeir viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Þeir teljast allir hæfir til að gegna umræddri stöðu."

Í bréfi, sem stöðunefnd ritar heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu 9. desember 1976 sem umsögn um bréf stefnanda til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, dags. 16. nóvember 1976, þar sem stefnandi gagnrýnir vinnubrögð og álitsgerð stöðunefndar varðandi umsækjendur um yfirlæknisstöðu lyflækningadeildar Borgarspítalans, gerir stöðunefnd eftirfarandi leiðréttingu á álitsgerð sinni frá 28. október 1976:

„Í greinargerð stendur: Allir eru þeir (umsækjendur) viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Hið rétta er, að fimm eru sérfræðingar í almennum lyflækningum og einni undirgrein, en sá sjötti (Þórður Harðarson) er sérfræðingur í lyflækningum, þ. e. hjartasjúkdómum, en hefur ekki hlotið sérfræðiviðurkenningu í almennum lyflækningum. Þetta er villa í framsetningu, sem augljóslega kemur fram af umsóknargögnum, en þau gögn höfðu bæði stöðunefnd og aðrir aðilar, sem um málið hafa fjallað. Stöðunefnd var fullljóst, þegar hún raðaði umsækjendum, hvaða sérfræðingsviðurkenningu þeir höfðu."

Eins og fram kemur í þessu umsagnarbréfi stöðunefndar til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra hinn 9. desember 1976, hefur stöðunefnd þegar leiðrétt hina umstefndu missögn. Leiðrétting þessi átti sér stað rúmu ári áður en mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 24. og 25. janúar 1978. Verður því eigi talið, að stefnandi eigi lögvarða kröfu til þess að fá hin umstefndu ummæli nú felld úr gildi með dómi. Þessi fyrsta dómkrafa stefnanda er því eigi tekin til greina.

Um 2. dómkröfu:

Undir þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu til þess:

„Að röðun stöðunefndar á umsækjendum um framangreinda stöðu verði dæmd ómerk."

Kröfu þessa rökstyður stefnandi með því, að röðun umsækjenda eftir hæfni í töluröð hafi verið efnislega röng og formlega

ólögleg. Hún sé efnislega röng vegna þess, að nefndin hafi farið rangt með sérfræðiheiti Þórðar Harðarsonar, auk þess sem nefndin virðist ekki gera sér grein fyrir gildi meginverðleika stefnanda né þeirrar viðurkenningar, sem honum hafi hlotnast á starfsferli sínum, en byggi á gögnum, þar sem mjög hallast á um upplýsingar um umsækjendur. Röðunin sé formlega röng, þar sem 33. gr. laga nr. 56/1973 mæli einungis fyrir um umsögn um hæfni umsækjenda. Beri því að líta svo á, að röðun sé bönnuð, að minnsta kosti í þeim mæli, sem hér hafi verið beitt. Við mat á hæfni umsækjenda hafi stöðunefnd þverbrotið þær meginreglur, sem hún hafi sjálf sett sér og almennt séu viðurkenndar meðal nágrannaþjóða.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína gegn þessum kröfulið með því að benda á, að samkvæmt 33. gr. laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu beri stöðunefnd að meta hæfni umsækjenda um þar tilgreindar stöður. Veitingarvaldshafar séu ekki bundnir af áliti nefndarinnar á annan hátt en þann, að eingöngu megi veita stöðu þeim, sem nefndin álíti hæfan. Röðun á umsækjendum skipti hér engu máli. Hins vegar hafi stöðunefnd jafnan haft þann hátt á að raða umsækjendum í hæfnisröð, þeim, sem hún á annað borð hafi talið hæfa. Hér sé fyrst og fremst um vinnureglu nefndarinnar að ræða. Telja stefndu það út í hött, að röðun þessi verði dæmd ómerk, þar sem hún ein sér hafi engin áhrif að lögum. Benda stefndu á, að stöðunefnd séu ekki settar neinar starfsreglur í lögum nr. 56/1973. Hljóti því vinnubrögð nefndarinnar að mótast mjög af venjum. Aldrei verði unnt að koma í veg fyrir, að stöðunefnd meti reynslu eins meiri en annars, svo dæmi sé tekið, þótt slíkt verði ekki gert með beinni röðun. Væri það hastarlegt, ef nefndinni væri dæmt óheimilt að starfa á annan veg en þann, að allir umsækjendurnir væru á sömu bókina, teldust þeir hæfir.

Samkvæmt 33. gr., 1. tl., laga nr. 56 frá 27. apríl 1973 skipar ráðherra þrjá lækna í nefnd, „er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, . . .“. Í þessum lögum eru nefnd þessari engar starfsreglur settar um það, með hverjum hætti hún skuli meta hæfni umsækjenda. Ekki hefur heldur verið sett reglugerð um þetta efni hér á landi. Þegar þetta er haft í huga, verður að telja, að stöðunefnd hafi verið heimilt að raða umsækjendum um stöðuna svo sem hún gerði. Röðunin verður því ekki dæmd ómerk vegna þess, að hún sé formlega röng samkvæmt 33. gr. laga nr. 56 frá 27. apríl 1973 um heilbrigðisþjón-

ustu, enda hefur það verið venja stöðunefndar, og breyta erlendar reglur í þessum efnum hér engu um.

Eins og fyrr er getið, byggir stefnandi kröfu sína um ómerkingu á röðun umsækjenda á því, að röðunin sé í annan stað efnislega röng, þar sem stöðunefnd hafi farið rangt með sérfræðiheiti umsækjandans Þórðar Harðarsonar, því að hann sé sérfræðingur í hjartalækningum, en ekki sérfræðingur í almennum lyflækningum eða lyflækningum samkvæmt réttri skilgreiningu.

Í reglugerð nr. 39 frá 19. mars 1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, 4. gr., segir, að veita megi sérfræðileyfi í tilteknum greinum læknisfræði að loknu sérnámi, og eru síðan taldar upp í greininni margar greinar læknisfræðinnar, þar á meðal undir X. lyflækningar. Lyflækningum er þar skipt í tvo flokka, í fyrsta lagi almennar lyflækningar, og í öðru lagi er tekið fram, að veita megi sérfræðileyfi í hliðargreinum lyflæknisfræði, svo sem í hjartalækningum o. s. frv., enda sé fullnægt ákveðnum skilyrðum, sem sett eru fram í grein þessari.

Samkvæmt þessu reglugerðarákvæði, sem sett er með heimild í 2. og 5. gr. læknalaga nr. 80 23. júní 1969, falla bæði almennar lyflækningar og hliðargreinar lyflæknisfræði, svo sem hjartalækningar undir „Lyflækningar".

Margnefnd stöðunefnd hefur kallað umsækjandann Þórð Harðarson sérfræðing í lyflækningum, og verður að telja það heimilt samkvæmt 4. gr., X. lið, reglugerðar nr. 39 19. mars 1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Röðun stöðunefndar á umsækjendum verður því heldur eigi dæmd ómerk vegna þess, að hún hafi verið efnislega röng.

Annar kröfuliður stefnanda er því heldur eigi tekinn til greina.

Um 3. kröfulið:

Undir þessum kröfulið gerir stefnandi þá kröfu, „að dæmt verði, að fullyrðing stöðunefndar í bréfi, sem hún reit heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu 9. desember 1976 í framhaldi af álitsgerð sinni, um, að Þórður Harðarson sé sérfræðingur í lyflækningum, sé röng."

Stefndu hafa í fyrsta lagi krafist sýknu á þessum lið með þeirri röksemd, að stefnandi sé ekki réttur aðili til þess að gera þessa kröfu.

Dómurinn getur ekki fallist á þessa sýknuástæðu stefndu og vísar í því efni til rökstuðnings síns varðandi 1. kröfulið hér að framan.

Í annan stað byggja stefndu sýknukröfu sína gegn þessari dómkröfu á því, að í reglugerð nr. 39 frá 19. mars 1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, sem sett hafi verið öðrum þræði með stoð í 5. gr. læknalaga nr. 80 frá 1969 og eigi hafi verið borið brigður á, sé í 4. gr. kveðið á um sérfræðiviðurkenningar í 15 þar tilgreindum sérgreinum.

Í 4. gr. nefndrar reglugerðar, X. lið, sé að finna ákvæði um lyflækningar. Samkvæmt ofangreindu ákvæði megi veita sérfræðileyfi í lyflækningum á eftirfarandi hátt: Í fyrsta lagi í almennum lyflækningum og í öðru lagii í hliðargreinum lyflæknisfræði, svo sem í hjartalækningum, svo raunhæft dæmi sé tekið. Þórður Harðarson sé því viðurkenndur sérfræðingur í lyflækningum, þ. e. a. s. hjartalækningum, en þær falli undir hugtakið lyflækningar, sbr. framanritað.

Með vísan til röksemda um þetta efni undir öðrum kröfulið hér að framan svo og með skírskotun til hinna tilvitnuðu röksemda stefndu, sem eru efnislega hinar sömu, verður þessi þriðji kröfuliður stefnanda heldur eigi tekinn til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndu eiga að vera sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, stöðunefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðismál (nú lög nr. 57/1978), þeir Ólafur Ólafsson, Guðmundur Jóhannesson og Þorvaldur Veigar Guðmundsson, og heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Birgis Guðjónssonar, í máli þessu.

Hver aðili skal bera sinn kostnað af þessu máli.

Mánudaginn 2. mars 1981.

Nr. 120/1980. **Bjarni Stefánsson**
gegn
Ævari Guðmundssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni Stefánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda Ævari Guðmundssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 350.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. mars 1981.

Nr. 162/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Brandi Jóhanni Skaftasyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Dómi í máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að ákærði var í sakadómi Reykja-

víkur hinn 2. janúar 1980 dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hinn 30. s. m. sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. sömu laga, en ekki gerð refsing, og hinn 12. mars s. á. í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 4. gr., 25. gr., 26. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og var sviptur ökuleyfi ævilangt. Þá sætti hann 23. ágúst 1980 5.000 króna sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, sbr. 71. gr og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Brandur Jóhann Skaftason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnessýslu 7. desember 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. október 1979, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 5. apríl 1979, á hendur Brandi Jóhanni Skaftasyni sjómanni, Flögu í Villingaholtshreppi, fæddum 20. maí 1949 í Vík í Mýrdal, fyrir þjófnað skv. 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa mánudaginn 12. mars 1979 farið inn í verslunina London, Austurstræti 14 í Reykjavík, og stolið þar 83.500 kr. í peningum og ávísunum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Hinn 12. mars 1979 kærði Ketill Axelsson, Engihlíð 9, Reykjavík, þjófnað á peningum í versluninni London, Austurstræti 14, Reykjavík, til rannsóknarlögreglu ríkisins.

Kærandi skýrði svo frá, að versluninni London hefði verið lokað kl. 1800 þann dag og hefði hún verið mannlaus, þegar afgreiðslustúlkan hefði yfirgefið verslunina kl. 1830.

Kvaðst kærandi hafa komið að versluninni kl. 1900 og þá komið að útihurðinni ólæstri. Við eftirgrennslan hefði hann séð, að horfnir voru peningar úr peningakassanum. Sennilega um kr. 90.000 til kr. 105.000, sem hefði verið um helmingur þess, sem í peningaskápnum ætti að vera. Kærandi kvaðst ekki sjá, að annað hefði horfið.

Einnig sagði kærandi, að Skúli Jóhannsson, þjónn á Hótel Borg, vissi um tvo menn, sem verið hefðu inni í versluninni milli kl. 1830—1900.

Lögreglumenn fóru á Hótel Borg og ræddu við Skúla Jóhannsson. Sagði Skúli lögreglumönnunum, að hann hefði verið að mæta til vinnu á hótelinu, þegar tveir menn hefðu sagt honum, að gleymst hefði að læsa útihurðinni að Tóbaksversluninni London. Kvaðst Skúli hafa hringt heim til Ketils Axelssonar, eiganda verslunarinnar, en hann hefði þá verið á leiðinni í verslunina. Skúli kvaðst síðan hafa farið þangað og hitt Ketil og sagt honum frá þessum mönnum.

Skúli benti lögreglu á þessa menn, en þeir voru á barnum á Hótel Borg. Þarna var um að ræða ákærða í máli þessu og Albert Jónsson, Stórahofi, Rangárvallasýslu. Þar sem þeir voru allölvaðir og ekki hægt að taka af þeim skýrslur, voru þeir fluttir í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík.

Ákærði í máli þessu hefur viðurkennt að hafa farið inn fyrir búðarborðið í Tóbaksversluninni London og tekið kr. 83.500 úr peningakassa, eftir að hann hefði uppgötvað, að enginn var til afgreiðslu í versluninni. Hefði hann verið einn að verki.

Hann hefði síðan farið í sund við Almennar tryggingar og stungið þar peningunum bak við snjó. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir, hvað þetta voru miklir peningar.

Ákærði fór með lögreglumann á stað þennan. Voru peningarnir, samtals kr. 78.500, faldir þar við húsvegg. Kr. 75.000 í peningum og 3 ávísanir, samtals kr. 3.500.

Forráðamenn verslunarinnar Lodon sögðu hins vegar upphæðina, sem vantaði í kassann, vera kr. 83.500.

Varðandi þessa fullyrðingu forráðamanna verslunarinnar London kvað ákærði möguleika á því, að einn seðillinn, kr. 5.000, hefði týnst. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa eytt neinu af peningum þessum. Ákærði kvaðst fús að greiða þessar kr. 5.000, sem hann gerði.

Niðurstöður.

Með hliðsjón af játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem um getur í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Refsing.

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 27/10 í Reykjavík: Sátt, kr. 400 sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 28/12 í Reykjavík: Sátt, kr. 200 sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1967 25/2 í Reykjavík: 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
Uppvís að brotum gegn 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6/9 1967.

1967 21/6 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1967 26/7 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga.

1968 Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1968 17/9 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. áfengislaga.

1969 5/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

1969 20/6 í Reykjavík: Sakfelldur fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur heimild til ökuréttinda í 1 ár.

1969 11/9 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1969 3/12 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1971 7/10 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 7/10 1971.

1975 6/8 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

1976 9/3 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

1976 30/3 í Reykjavík: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 69/1936, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 og 21. gr. áfengislaga.

1976 6/10 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1977 14/1 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 247. gr. alm. hegningarlaga.

1977 17/4 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1978 7/4 í Reykjavík: Dómur: 200.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 7/4 1978.

1978 11/5 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 245. gr. hegningarlaga.

1978 18/5 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 22/5 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérrefsing.

Með hliðsjón af öllum málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Enn fremur skal ákærði greiða allan kostnað sakar þessarar.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Brandur Jóhann Skaftason, sæti fangelsi í 4 mánuði. Ákærði greiði allan kostnað sakar þessarar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. mars 1981.

Nr. 118/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðbergi Guðnasyni
(Örn Clausen hrl.).

Opinberir starfsmenn. Líkamsmeiðingar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ákæruefni og rannsóknargögnum er lýst í héraðsdómi.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði hafi ekki gerst offari í viðbrögðum sínum gegn Hólmgeir Pálmasyni inni í samkomuhúsinu á Flateyri, er hann flutti hann með valdi út úr húsinu. Stóðu efni til þeirra aðgerða, eins og framkomu Hólmgeirs var háttað, og er eigi sannað, að ákærði hafi beitt hann harðræði úr hófi.

Þá ber einnig að staðfesta það sakarmat héraðsdómara, að aðfarir ákærða gegn Hólmgeir utan samkomuhússins hafi verið óhæfilega harkalegar, og fóru þær út fyrir mörk valdbeitingar, sem löggæslureglur heimila. Hátterni ákærða er réttilega fært til refsiákvæða í héraðsdómi. Við refsiákvörðun ber að gæta þess, að Hólmgeir réðst til inngöngu í samkomuhúsið, eftir að ákærði hafði löglega flutt hann út úr því. Þykir refsiákvörðun héraðsdómara hæfileg.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að Hólmgeir Pálmason eigi rétt á skaðabótum úr hendi ákærða vegna líkamsáverka og afleiðinga þeirra. Þykja skaðabæturnar réttilega ákveðnar í héraðsdómi, nema að því er varðar 6. tölulið um lögfræðilega aðstoð, en sú krafa verður eigi tekin til greina í máli þessu. Háttsemi Hólmgeirs Pálmasonar var mjög vítaverð, sem fyrr greinir, og þykir réttmætt að skipta sök svo, að ákærði greiði honum helming tjónsins, en Hólmgeir beri helming þess sjálfur. Nema skaðabætur 2.726.00 nýkrónum, og ber að dæma ákærða til að greiða Hólmgeir

Pálmasyni 1.363.00 krónur (nýkr.) ásamt 13% ársvöxtum frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo sem krafist er, en upphafstímamark vaxta hefur eigi sætt andmælum sérstaklega.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, 2.000.00 krónur (nýkr.), er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 2.000.00 kr. (nýkr.)

Það athugast, að ákæruvald hefði átt að bera mál þetta undir dómsmálaráðuneytið, áður en saksókn var ráðin, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem ráðuneytið lét uppi bréflega það álit, að eðlilegt væri, að dómsrannsókn færi fram út af sakarefni þessu, þykir mega leggja efnisdóm á málið.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar refsingu ákærða, Guðbergs Guðnasonar, og um sakarkostnað.

Ákærði greiði Hólmgeir Pálmasyni 1.363.00 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta eigi hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans. Ég er sammála meiri hluta dómenda um málskostnaðarákvæði í Hæstarétti.

Dómur sakadóms Ísafjarðarsýslu 30. nóvember 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 30. nóvember, var í sakadómi Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var að Hafnargötu 37, Bolungarvík, af Halldóri Kristinssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 63/1977: Ákæruvaldið gegn Guðbergi Guðnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. nóvember 1978, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 10. apríl 1978, á hendur Guðbergi Guðnasyni héraðslögreglumanni, Eyrarvegi 7, Flateyri, fæddum 22. október 1947 á Flateyri, „fyrir að hafa máudagsnóttina 11. apríl 1977, þá er ákærði gegndi löggæslustörfum á dansleik í samkomuhúsinu á Flateyri, gerst offari í löggæslustörfunum gagnvart Hólmgeir Pálmasyni, Grundarstíg 22, Flateyri, með því að hafa við lok dansleiksins þurft að beita nefndan Hólmgeir valdi við að koma honum út úr húsinu með hjálp aðstoðarmanns við löggæsluna, en eigi látið þar við sitja að yfirvinna mótþróa Hólmgeirs með venjulegum hætti, heldur slegið hann þar nokkur hnefahögg í andlitið og kastað honum síðan út úr húsinu og nokkru síðar, er Hólmgeir leitaði inngöngu í samkomuhúsið á ný, tekið Hólmgeir aftur tökum og yfirbugað hann með því að fella hann á jörðina fyrir utan húsið og sest þar á hann, en eigi látið þar við sitja, heldur slegið hann þar mörg hnefahögg liggjandi á jörðinni og ekki látið af barsmíðinni, fyrr en Hólmgeir lá þar eftir meðvitundarlaus.

Við læknisskoðun kom í ljós, að Hólmgeir hafði hlotið við aðfarirnar ýmsar ákomur, einkum í andliti, m. a. mikið glóðarauga vinstra megin, skurði á vörum, miklar blóðnasir og auk þess smærri skrámur og mör víðsvegar um líkamann, allt með þeim afleiðingum, að hann varð frá vinnu um það bil vikutíma.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 217. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til Hólmgeirs Pálmasonar, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Aðfararnótt annars í páskum 1977, sem bar upp á hinn 11. apríl, var haldinn dansleikur í samkomuhúsi Flateyrar. Ákærði, Guðbergur Guðnason héraðslögreglumaður, var við löggæslu í húsinu við þetta tækifæri, klæddur lögreglubúningi. Samkoman stóð frá miðnætti til 0400 og var haldin af Íþróttafélaginu Gretti. Fyrirsvarsmenn félagsins báðu ákærða að annast löggæsluna og greiddu

honum laun samkvæmt reikningi. Í dómskýrslu ákærða kemur fram, að hann hafi starfað við löggæslustörf undir stjórn hreppstjóra um árabil, einkum á dansleikjum. Meðal samkomugesta var Hólmgeir Pálmason, sem nefndur er í ákæruskjali. Hann átti í orðaskaki og átökum við aðra samkomugesti undir lok dansleiksins.

Nokkru eftir að dansleiknum lauk, skipaði ákærði Hólmgeir að hverfa úr húsinu. Var Hólmgeir ósáttur við þau fyrirmæli. Tjáði hann ákærða af því tilefni, að hann teldi ákærða engan lögregluþjón vera. Hólmgeir kom fyrir dóminn sem vitni og skýrði þá frá viðbrögðum sínum á þann veg, að hann hefði „sett sig í varnarstöðu" og „borið fyrir sig kreppta hnefa", en hefði þó alls ekki gert sig líklegan til að ráðast gegn ákærða.

Hófust nú átök milli ákærða og Hólmgeirs. Segir Hólmgeir í vitnisburði sínum, að ákærði hafi gripið í sig og hann þegar tekið á móti, því hann hefði alls ekki viljað láta henda sér út, heldur ganga sjálfviljugur. Hann segir þá hafa fallið í gólfið og hafi ákærði lent ofan á. Í þessu hafi Jón Heiðar Guðjónsson, aðstoðarmaður ákærða, komið og veitt ákærða lið. Gerði vitnið sér ekki grein fyrir því, hvort Jón Heiðar hélt báðum höndum þess eða hvort ákærði hélt annarri. Segir vitnið ákærða hafa slegið sig í andlitið með krepptum hnefa. Vitnið segist þá hafa sagt: „Á ég að trúa því, að þetta sé lögreglan". Við það hafi ákærði slegið vitnið tvö önnur högg í andlitið. Því næst kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að tekið var á því hálstak, og hafi það átt erfitt með að ná andanum. Ekki gerði vitnið sér það ljóst, hvor þeirra félaganna, ákærði eða Jón Heiðar, var þar að verki. Segist vitnið hafa barist við að ná andanum þjakað af köfnunartilfinningu. Hálfmáttlaust af loftleysi kveðst vitnið hafa verið flutt að dyrunum, án þess þó að vitnið gæti gert sér grein fyrir því nánar, hvernig það átti sér stað. Það síðasta, sem vitnið kveðst muna af atvikum, sé, að ákærði hafi greitt sér högg í andlitið, þegar í dyrnar var komið, og næst muni vitnið eftir sér, þegar það vaknaði í rúminu heima hjá sér.

Ákærði segir í skýrslu sinni fyrir dómi, að upphaf átakanna hafi verið, að Hólmgeir hafi ýtt við sér og síðan greitt sér högg í brjóstið. Þeir hafi síðan tekist á og að lokum fallið í gólfið og hafi Hólmgeir þá haft tak á hári ákærða. Ákærði segir þá Jón Heiðar Guðjónsson báða hafa haldið Hólmgeir og sest á hann, en heldur því eindregið fram, að hvorki hann né Jón Heiðar hafi slegið Hólmgeir inni í samkomuhúsinu.

Samkvæmt frásögn ákærða færðu þeir, hann og Jón Heiðar, Hólmgeir út úr húsinu. Telur hann, að hann hafi tekið um handlegg, höfuð og herðar Hólmgeirs, en Jón Heiðar undir handlegg og fætur, Hólmgeir hafi barist um og reynt að ná til sín, en ekki barið sig. Hólmgeir hafi eitthvað reynt að losa hálstakið, en lítið eða ekkert hafi verið af Hólmgeir dregið. Hann kveðst síðan hafa sleppt Hólmgeir á tröppunum, en Jón Heiðar hafi farið með Hólmgeir alla leið niður tröppurnar og skilið þar við hann og hlaupið inn í samkomuhúsið. Á leiðinni út hafi Hólmgeir spyrnt höndum og fótum í dyrastafi.

Eftir þetta kveður ákærði, að hleypt hafi verið tvisvar sinnum út úr húsinu og er hann hafi verið að hleypa út hið þriðja sinn, þá hafi Hólmgeir beðið fyrir utan og slegið sig högg í andlitið og síðan ráðist að sér. Hafi þeir síðan stimpast á tröppunum og leikurinn borist niður fyrir. Hafi Hólmgeir haft hálstak á sér, en sleppt því, er niður kom. Hólmgeir hafi þá haldið í hár ákærða og haft hönd í munnvikum hans. Ákærði segir, að þá hafi ekki verið um annað að ræða fyrir sig en svæfa Hólmgeir með rothöggi, svo sem hann gerði. Sat hann þá að eigin sögn klofvega á Hólmgeir, sem lá á bakinu. Gat ákærði ekki losað hönd Hólmgeirs úr munni sér á annan hátt en að slá hann. Greiddi hann Hólmgeir högg með hægri hendi, krepptri, á kjálkann vinstra megin. Síðan segist ákærði hafa slegið Hólmgeir laust með hnúanum fram og aftur til þess að athuga, hvort sér væri óhætt að sleppa honum. Ákærði segir Rögnvald Guðmundsson hafa sagt við sig, meðan hann sat á Hólmgeir, „hvort ekki væri nóg komið". Ákærði hafi svarað því til, að hann ætti ekki að vera að skipta sér af því, sem honum kæmi ekki við.

Í málinu liggur fyrir vitnisburður nokkurra viðstaddra um atburði þessa. Kristján Jón Jóhannesson kom fyrir dóminn sem vitni. Áður hafði hann gefið skýrslu hjá hreppstjóra, sem hann síðan staðfesti fyrir dóminum. Í framburði vitnisins kemur fram, að það hafi haft umsjón með dansleiknum af hálfu Íþróttafélagsins Grettis. Vitnið ber, að þegar verið var að rýma húsið, hafi Hólmgeir Pálmason stillt sér upp fyrir framan Jón Heiðar Guðjónsson, höggreiddur. Enn fremur varð vitnið áheyrandi að því, að ákærði skipaði Hólmgeir að fara út úr húsinu. Segir vitnið Hólmgeir hafa neitað því og í þess stað stillt sér upp með kreppta hnefa. Upp úr þessu hafi komið til átaka milli ákærða og aðstoðarmanns hans annars vegar og Hólmgeirs hins vegar. Segir vitnið þá hafa velst um í gólfinu skamma stund. Síðan hafi ákærði og

aðstoðarmaður hans leitt Hólmgeir út. Vitnið kveðst hafa verið í góðri aðstöðu til að fylgjast með átökunum þarna inni í samkomuhúsinu og aldrei séð Hólmgeir sleginn.

Vitnið Guðmundur Björn Haraldsson gaf einnig skýrslu fyrir dómi og áður fyrir hreppstjóra. Í vitnisburði sínum segist hann hafa verið inni í salnum og séð ákærða koma inn. Sneri ákærði sér að Hólmgeir og skipaði honum að hverfa úr húsinu. Hólmgeir hafi þá sagst komast út sjálfur án aðstoðar og sett sig um leið í varnarstöðu. Vitnið kveðst þá hafa sagt við ákærða, að þeir kæmust þetta alveg sjálfir. Ákærði hafi auðsjáanlega ekki mátt vera að því að bíða eftir því og rokið í Hólmgeir og þeir þá fallið í gólfið og ákærði ofan á og úr því orðið stimpingar. Jón H. Guðjónsson hafi þá komið að og haldið höndunum á Hólmgeir, en á meðan hafi ákærði kýlt Hólmgeir í andlitið með berum höndunum. Vitnið segir sér hafa blöskrað þessi meðferð á Hólmgeir og haft orð á því, að það ætti að stöðva þetta. Stella Jónsdóttir samkomuhússtjóri, en hún er móðir ákærða, gaf þá að sögn vitnisins nærstöddum manni fyrirmæli um að fleygja vitninu út. Urðu af þessu átök, og mun athygli vitnisins því hafa hvarflað frá ákærða og Hólmgeir á meðan. Þegar vitnið kom út, sá það, hvar Hólmgeir lá á götunni meðvitundarlaus, blóðugur og illa farinn í andliti. Vitnið hjálpaði til að bera Hólmgeir heim til sín að Grundarstíg 22 og koma honum í rúmið. Vitnið kvaðst hafa verið lítillega ölvað og gert sér glögga grein fyrir öllu, sem það sá. Vitnið segist ekki hafa séð Hólmgeir slá eða ýta við ákærða, áður en átök þeirra hófust.

Stefanía Gissurardóttir Breiðdal bar vitni fyrir dómi. Vitnið greindi frá því, að það hefði setið inni í sal að loknum dansleik. Vitnið heyrði hávaða frá dansgólfinu og varð litið í þá áttina. Segist vitnið þá hafa séð Jón Heiðar Guðjónsson halda Hólmgeir Pálmasyni í gólfinu og ákærða slá Hólmgeir 2 eða 3 högg í andlitið með krepptum hnefa.

Vitnið Sigurður Haukur Garðarsson kom fyrir dóminn 2. júlí 1977. Mundi vitnið þá óglöggt atburði aðfaranætur 11. apríl. Vitnið hafði gefið skýrslu fyrir hreppstjóra hinn 20. apríl, og þegar efni hennar hafði verið rifjað upp fyrir vitninu, kannaðist vitnið við hana og kvað þar rétt með farið. Þar skýrði vitnið svo frá, að það hefði orðið þess vart, að Hólmgeir var að kljást við Guðmund nokkurn Kristjánsson í salnum. Vitnið fylgdist ekki nánar með þeirri viðureign. Skömmu síðar sá vitnið, hvar ákærði og Jón H. Guðjónsson komu með Hólmgeir á milli sín fram ganginn,

og fóru þeir allharkalega með hann að dómi vitnisins. Streittist Hólmgeir á móti og náði taki á hurðarkarminum. Segir vitnið ákærða hafa verið utandyra og hélt hann hálstaki á Hólmgeir, en Jón H. Guðjónsson ýtti á eftir, og tókst þeim að slíta hann frá hurðinni, og við það hrökk Hólmgeir niður tröppurnar. Var hurðinni þá lokað. Vitnið fór út eftir um það bil eina mínútu, að það telur, og sá vitnið þá, hvar ákærði sat á Hólmgeir og kýldi hann nokkur högg í andlitið. Síðan sá vitnið, að ákærði stóð upp og fór inn í samkomuhúsið, en nokkrir strákar báru Hólmgeir heim til sín.

Vitnið Guðbjartur Kristján Greipsson gaf skýrslu fyrir dómi. Upplýsti vitnið, að það hefði verið einn af umsjónarmönnum Íþróttafélagsins Grettis með dansleiknum. Vitnið sagðist hafa verið statt í danssalnum í lok dansleiksins og séð, er þeim ákærða og Hólmgeir lenti saman. Segir vitnið, að húfan hafi dottið af ákærða í ryskingunum. Sagði vitnið, að þeir hefðu fallið í gólfið og legið þar smástund. Síðan hafi Jón Heiðar Guðjónsson komið til hjálpar og þeir tekið hendur Hólmgeirs aftur fyrir bak og leitt hann út úr salnum fram í forstofu. Sá vitnið ekki framar af viðskiptum þessum. Ákærða sá vitnið hins vegar síðar blóðugan frammi í forstofu.

Vitnið Rögnvaldur Guðmundsson, sem gaf bæði hreppstjóra- og dómskýrslu, skýrði svo frá, að það hefði verið statt úti fyrir dyrum samkomuhússins. Sá vitnið þá, hvar Hólmgeir Pálmason kom hrasandi niður tröppurnar og féll í götuna, en vitninu virtist sem hann kæmi fyrir sig höndunum. Eftir það stóð Hólmgeir upp og gekk upp tröppurnar og bankaði á dyrnar. Sá vitnið þá, að ákærði lauk upp, og kom þá til átaka milli hans og Hólmgeirs, en ekki sá vitnið, hvor byrjaði, þar sem hurðina bar í milli. Síðan bárust þeir samtímis niður tröppurnar og féllu í götuna. Áður en þeir féllu, segir vitnið, að Hólmgeir hafi krækt eða slegið í andlit ákærða. Í fallinu lenti ákærði ofan á og tók að slá Hólmgeir mörg högg í andlitið. Að svo búnu stóð ákærði upp og fór inn í samkomuhúsið, en Hólmgeir lá eftir á götunni hreyfingarlaus. Lýsti vitnið barsmíðinni á þann veg, að ákærði hefði slegið Hólmgeir í andlitið með krepptum hnefa. Hafi hann sveiflað hendinni fram og aftur. Segir vitnið Hólmgeir hafa legið hreyfingarlausan á meðan. Vitnið kveðst hafa hjálpað til við að bera Hólmgeir heim til sín, og virtist vitninu hann vera alveg meðvitundarlaus.

Vitnið Bjarni S. Benediktsson skýrði svo frá atburðum fyrir hreppstjóra og fyrir dómi, að hann hefði verið staddur fyrir utan

samkomuhúsið og þá séð, að ákærði og Jón Heiðar Guðjónsson áttu í erfiðleikum með að koma Hólmgeir Pálmasyni út úr húsinu. Hólmgeir hafi verið í dyrunum og haldið sér í föstu hurðina. Jón Heiðar var úti á tröppum og hélt á honum hálstaki. Vitnið segir Hólmgeir hafa komist inn aftur og Jón Heiðar fylgt honum eftir. Eftir þetta skrapp vitnið frá í um það bil 2—3 mínútur. Næst þegar vitnið kom að dyrunum, sá það, að ákærði sló Hólmgeir í magann, og við það féll Hólmgeir fram af tröppunum og í götuna. Ákærði hafi fylgt Hólmgeir eftir niður tröppurnar og sest ofan á hann. Að sögn vitnisins tók ákærði að berja Hólmgeir í andlitið, 7 til 8 högg. Hólmgeir hafi reynt að ná til ákærða með höndunum, án þess þó að vitnið sæi, hvort þær tilraunir bæru árangur. Eftir 2 högg segir vitnið, að Hólmgeir hafi ekki hreyft hendurnar meira. Vitnið kvaðst aðspurt hafa verið ódrukkið við þetta tækifæri.

Vitnið Guðmunda Valborg Jónsdóttir gaf hreppstjóraskýrslu, sem hún síðar staðfesti við skýrslugjöf fyrir dómi. Vitnið segist hafa farið út úr samkomuhúsinu og þá séð, hvar ákærði sat á Hólmgeir Pálmasyni og lamdi hann mörg högg í andlitið. Virtist vitninu Hólmgeir vera hreyfingarlaus allan tímann og lá í götunni sem dauður væri.

Jón Heiðar Guðjónsson gaf skýrslu fyrir hreppstjóra. Skýrði hann þá svo frá, að ákærði hefði að loknum dansleiknum átt í erfiðleikum við að rýma húsið. Nokkrir menn hefðu verið með ryskingar og læti. Meðal þeirra hefði verið Hólmgeir Pálmason. Ákærði kvaddi vitnið sér til aðstoðar. Vitnið heldur því fram, að Hólmgeir hafi ráðist á ákærða og eftir nokkrar ryskingar hafi þeim tekist að koma Hólmgeir út. Stundarkorni síðar hefði ákærði verið að hleypa fólki út og þá hefði Hólmgeir ráðist að ákærða öðru sinni og slegið hann, svo úr hefði blætt. Viðureign þessi hafi síðan borist út á götu og þar orðið allmikil átök.

Vitnið Gottskálk Jensson gaf enn fremur skýrslu fyrir hreppstjóra. Vitnið kvaðst hafa verið úti, en komið inn í salinn, þegar flest allt fólkið var farið. Sá vitnið þá, hvar ákærði og Jón Heiðar Guðjónsson höfðu hendur á Hólmgeir Pálmasyni, sem lá á gólfinu, en voru rétt um það bil að reisa hann á fætur. Síðan hafi þeir farið með hann allharkalega út úr salnum, og segir vitnið þá hafa snúið upp á handleggi Hólmgeirs fyrir aftan bak. Brá vitnið sér frá um stundarsakir í þessum svifum, en fór svo strax út aftur. Þegar vitnið kom út á tröppurnar, sá það, að Hólmgeir lá á bakinu í götunni, en ákærði sat klofvega á honum og kýldi hann með

hægri hendi fram og til baka í andlitið, að minnsta kosti sjö högg. Segir vitnið Hólmgeir hafa verið hreyfingarlausan allan tímann og enga mótspyrnu veitt. Þegar ákærði var hættur barsmíðinni, en sat enn á Hólmgeir, segir vitnið einhvern nærstaddan hafa innt ákærða eftir því, hvort ekki væri nóg komið. Virtist vitninu á svari ákærða, að hann væri mjög æstur og hefði enga stjórn á skapi sínu. Vitnið tók fram, að það hefði verið ódrukkið, er atburðir þessir áttu sér stað.

Kristbjörn Tryggvason læknir gaf svofelld áverkavottorð í tilefni af meiðslum þeim, sem Hólmgeir Pálmason hlaut í framangreindri viðureign:

1. Áverkavottorð, dags. 22. apríl 1977:

„Kl. 5 að morgni þ. 11. 4. var ég kallaður í sjúkravitjun að Grundarstíg 22, Flateyri, til að skoða Hólmgeir Pálmason, sem þar býr.

Vegna ebrietas var erfitt um vik að skoða hann þá, en ég gat þó gengið úr skugga um, að ekki var um lífshættuleg meiðsli að ræða, og frestaði ég því frekari rannsókn þangað til kl. 12, en þá var að mestu runnið af honum.

Aðal áverki var gríðarstórt hæmatom kringum vinstra auga, með blæðingu í selera. Nefið var skakkt (var það áður) og blóðstorka í nefi, enda blæddi úr nefinu um nóttina, að því er virtist úr báðum nösum, en sennilega hefir aðeins blætt úr vinstri nös, en upp í þá hægri. Sár eru á vörum og innan á slímhúð efri varar og sár að utan á sama stað, sennilegt að það nái í gegn, en ekki þykir ástæða til að kanna það. Röntgenmynd var tekin af höfði, en ekki varð með vissu greint brot, en þó sennilegt, að smásprunga sé í kinnbeini. Sjúklingur kvartar um ríg í hálsi, en ekki sjást þar áverkar. Ca 5x5 cm bólguhella er yfir sternoclavicula mótunum, sem stafar af blæðingu inn í liðinn, og er þetta mjög aumt viðkomu, og er maðurinn óvinnufær af þeim sökum. Víðsvegar í húð eru skrámur, sú stærsta á vinstra mjaðmarkambi.

19/4. Hefir liðið illa, sérstaklega í brjósti, hefir eymsli utan á hálsi, treystir sér þó í létta vinnu.

21. 4. Kemur í lokaskoðun: Hefir nú unnið í 2 daga á lyftara, en treystir sér ekki í erfiðari vinnu. Blæðing í selera er enn mikið áberandi, en marið kringum augað er að mestu horfið og ekki óþægindi þar. Aðalkvörtun er nú frá hálsi, finnur til þar, þegar hann kyngir og þrýstir á barkakýlið utanfrá. Einnig tekur enn í sterno-clavicula mótin, þegar hann notar vinstri hönd, og hann kveðst vakna um nætur, liggi hann á vinstri hlið."

2. Áverkavottorð, dags. 25. mars 1978:

„Hólmgeir Pálmason, Grundarstíg 12, Flateyri, kemur í skoðun í dag og óskar eftir umsögn minni um afleiðingar áverka þeirra, er hann hlaut nóttina 11/4 1977.

Hann upplýsir að hafa getað unnið létta vinnu fram til 20. júní (vann á lyftara), en þá fór hann á handfæraveiðar og stundaði þær til 10. september. Síðan hefir hann ýmist unnið í landi eða stundað sjó á togara og telur sig fullvinnufæran í dag.

Við skoðun er ekkert óeðlilegt að sjá eða finna eftir andlitsáverkana og áverkana á hálsinum, enda segist hann ekkert finna til þar, en rétt neðan við claviculo-sternal mótin (mót viðbeins og brjóstbeins) er ávöl fyrirferðaraukning ca 3x3 cm. Þetta er fast undirlag og trúlega organiserað hæmatom og liðvökvi, því sennilega hefir liðpokinn (capsulan) rifnað við áverkann. Sjúklingur telur, að þetta valdi honum ekki óþægindum að jafnaði, en þegar hann hefir unnið lengi eða þurft að taka mikið á, finnur hann til á þessum stað og hefir seiðingsverk nokkurn tíma á eftir og þá stækkar þessi ávali nokkuð. Getur það bent til þess, að enn sé rifa á pokanum, og hefi ég ráðlagt manninum að leita álits sérfræðinga um, hvort nauðsyn beri til að skera inn á liðinn og gera að skemmdum, ef þetta verður óbreytt næstu 6—12 mánuði".

Þeir framburðir, sem raktir eru að framan, þar á meðal framburður ákærða sjálfs, hafa leitt í ljós, að hann hefur valdið Hólmgeir Pálmasyni meðvitundarleysi með höfuðhöggum og enn fremur orðið þess valdandi, að hann hlaut aðrar þær líkamlegu ákomur, sem lýst er í áverkavottorðum Kristbjarnar Tryggvasonar læknis. Ekki verður þó talið sannað, að ákærði hafi gerst offari í aðgerðum sínum gegn Hólmgeir inni í samkomuhúsinu. Hitt er fullsannað, að aðferðir ákærða gegn Hólmgeir utan hússins voru óhóflega ofsafengnar, og verður að telja, að hann hafi gengið mun lengra en réttlætist af löggæsluástæðum eða neyðarréttarsjónarmiðum. Hólmgeir sýndi ákærða að vísu ámælisverðan mótþróa, þegar ákærði vísaði honum út. Atferli Hólmgeirs gaf ákærða þó ekki tilefni til þess að þjarma svo að honum sem raun varð á. Ákærði telst því með hegðan sinni hafa brotið gegn 217. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins:

1965 16/2 í Kópavogi: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.

1966 8/8 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.

1968 25/6 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1971 18/8 á Ísafirði: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 30 daga frá 17. júlí 1971.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Eftir atvikum þykir þó rétt að fresta fullnustu hennar, þannig að hún falli niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Hólmgeir Pálmason hefur uppi skaðabótakröfu í málinu að fjárhæð kr. 582.600 auk 13% ársvaxta frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Skaðabótakrafan sundurliðast þannig:

1.	Reikningur frá Kristbirni Tryggvasyni lækni vegna áverkavottorða	kr. 4.000
2.	Reikningur embættis bæjarfógetans í Bolungarvík til lögmanns Hólmgeirs Pálmasonar fyrir ljósritun lögregluskýrslu	— 8.600
3.	Vinnutap vikuna 11.—16. apríl 1977 samkvæmt vottorði Hjálms h/f	— 60.000
4.	Áætlað vinnutekjutap vegna þess, að Hólmgeir hafi orðið að vinna léttari og ver greidda vinnu í tæpa tvo mánuði	— 60.000
5.	Greiðsla fyrir sársauka og óþægindi	— 350.000
6.	Greiðsla fyrir lögfræðilega aðstoð	— 100.000
		Samtals kr. 582.600

Ákærði mótmælir skaðabótaskyldu sinni og kröfugerð Hólmgeirs Pálmasonar því í heild sinni. Verði hins vegar talið, að Hólmgeir eigi kröfu á skaðabótum, er af hans hálfu krafist stórfelldrar lækkunar, bæði vegna þess að krafan sé óraunhæf tölulega, sbr. 4., 5. og 6. lið, svo og vegna eigin sakar Hólmgeirs í málinu.

Um skaðabótakröfuna:

Upplýsingar liggja fyrir í málinu, sem teljast fullnægjandi forsendur fyrir því að taka lið 1—3 til greina.

Fyrir lið 4 hafa ekki komið fram nægileg sönnunargögn, enda

byggir hann á mjög óvissum grunni. Er því ekki hægt að taka hann til greina.

Tjón Hólmgeirs að því leyti sem liður nr. 5 fjallar um þykir hæfilega bætt með kr. 200.000.

Lið nr. 6 er í hóf stillt, og verður á honum byggt.

Samanlagt telst tjón Hólmgeirs því nema kr. 372.600.

Framkoma tjónþola, Hólmgeirs Pálmasonar, gagnvart ákærða, svo sem henni er lýst af honum sjálfum og fram kemur í framburði vitna, var ólögmæt. Verður það meðal annars ráðið af þeim orðum, sem hann lætur falla, þegar ákærði vísar honum út, þess efnis, að hann telji ákærða engan lögregluþjón vera. Látbragð hans í sömu svifum ber að sama brunni. Þá leitar hann inngöngu á ný, þótt honum hafi mátt vera ljóst, að ákærði mundi meina honum það með valdi, ef því væri að skipta, og verða heimildir ákærða til þess ekki dregnar í efa. Hann þykir því eiga nokkra sök á tjóni sínu sjálfur. Þykir hæfilegt að skipta sök þeirra þannig, að ákærði bæti Hólmgeir tjón að 3/4 hlutum, en Hólmgeir beri sjálfur 1/4 hluta þess. Samkvæmt þessu dæmist ákærði til þess að greiða Hólmgeir Pálmasyni kr. 279.450 með 13% ársvöxtum frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Að lokum ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Guðmundssonar, kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðnason, sæti varðhaldi í 60 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 haldið.

Ákærði greiði Hólmgeir Pálmasyni skaðabætur, kr. 279.450 með 13% ársvöxtum frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Guðmundssonar lögfræðings, kr. 50.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. mars 1981.

Nr. 41/1981. **Bæjarstjórn Akraness**
gegn
hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps.

Kærumál. Þinglýsing. Jarðalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 21. janúar 1981, sem barst Hæstarétti 10. febrúar s. á., kært til Hæstaréttar þá ákvörðun þinglýsingardómarans í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 30. desember 1980 að synja um þinglýsingu á afsali fyrir jörðinni Fögrubrekku í Innri-Akraneshreppi ásamt tveimur landspildum í sama hreppi. Afsal þetta var gefið út 26. nóvember 1980 af Gunnari Ásgeirssyni og Laufeyju Karlsdóttur til handa bæjarsjóði Akraness.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu verði gert skylt að færa ofangreint afsal í þinglýsingarbók embættisins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinni kærðu dómsathöfn.

Mál þetta sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978. Þinglýsingardómarinn, Ásgeir Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur samkvæmt greindu lagaákvæði sent Hæstarétti greinargerð sína um hina kærðu dómsathöfn. Segir þar m. a. svo:

„Málavextir eru þeir, að hinn 16. desember 1980 afhenti lögmaður kaupanda, Árni Guðjónsson hrl., nefnt afsal til innritunar í þinglýsingardagbók og síðan þinglýsingar hjá þinglýsingardómara í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Afsal þetta var skráð í þinglýsingardagbók embættisins og merkt nr. 1980/1109. Í fylgd með Árna var lögmaður seljanda, Árni Grétar Finnsson hrl., og annar seljenda, Gunnar Ásgeirsson. Afhenti Árni Grétar þinglýsingardómara jafnframt afrit bréfa, dags. 16. júní 1980, er hann hafði sent til hreppsnefnd-

ar Innri-Akraneshrepps og jarðanefndar Borgarfjarðarsýslu. Í bréfum þessum er farið fram á, að þeessir aðilar samþykki kaup bæjarsjóðs Akraness á þeim fasteignum, er fyrr er getið. Með bréfum þessum fylgdi ljósrit kaupsamnings, sem undirritaður var af Gunnari Ásgeirssyni og Laufeyju Karlsdóttur annars vegar og hins vegar af bæjarstjóra Akraness, Magnúsi Oddssyni, fyrir hönd bæjarsjóðs Akraness með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samkvæmt 9. gr. jarðalaga nr. 65/1976 er óheimilt að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteignar, er jarðalögin taka til, nema fyrir liggi samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar, sbr. þó 6. og 7. gr. sömu laga. Í 7. gr. er aðilum þessum veittur 30 daga frestur til að afgreiða þau erindi, er þeim berast varðandi ráðstöfun fasteignar. Með hliðsjón af þessum ákvæðum jarðalaganna ákvað þinglýsingardómari að leita nánari upplýsinga hjá hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps og jarðanefnd Borgarfjarðarsýslu um það, hvort fyrrgreindum skilyrðum hefði verið fullnægt vegna sölu á þeim fasteignum, er hér um ræðir. Í framhaldi af því barst svo þinglýsingardómara bréf þ. 29/12 1980 frá oddvita hreppsnefndarinnar, þar sem þinglýsingu á umræddu afsali er mótmælt og því lýst yfir, að hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps telji sig eiga forkaupsrétt að þessum fasteignum. Hafði þinglýsingardómari þá strax símasamband við Árna Guðjónsson hrl. og tjáði honum afstöðu hreppsnefndarinnar. Var lögmanninum jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um þessa afstöðu hreppsnefndarinnar innan sólarhrings. Hinn 30/12 1980 barst svo símskeyti frá Árna Guðjónssyni hrl., þar sem hann krefst þess enn, að afsalinu verði þinglýst. Með símskeyti þennan sama dag tilkynnti þinglýsingardómari Árna Guðjónssyni hrl., að hann hefði ákveðið að synja um þinglýsingu afsalsins af þeim ástæðum, sem getið verður um hér á eftir. Jafnframt var honum sent samdægurs bréf, þar sem ákvörðun þessi er rökstudd nánar. Afrit þessa bréfs var sent Árna Grétari Finnssyni hrl., lögmanni seljanda.

Með símskeyti 21. 1. 1981 tilkynnti Árni Guðjónsson hrl. svo þinglýsingardómara, að hann kærði synjun þessa til

Hæstaréttar. Óskaði þinglýsingardómari þá eftir því við Árna Guðjónsson hrl., að hann staðfesti tilkynningu þessa með bréfi, þar sem getið væri þeirra ástæðna, er hann byggði kæru sína á. Bréf þetta barst þinglýsingardómara þann 5/2 1981, en samkvæmt póststimpli hefur það verið póstlagt 4/2 1981. Þennan sama dag barst og greinargerð frá oddvita Innri-Akraneshrepps, sem hafði óskað eftir að fá að skila greinargerð í máli þessu.

Athugasemd um kæru þessa hefur verið skráð í þinglýsingarbók.

Í niðurlagi afsals þess, sem óskað var þinglýsingar á, kemur fram yfirlýsing um, að viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd hafi verið tilkynnt um kaupin og að aðilar þessir hafi ekki svarað erindinu á þeim tíma, sem afsalið var út gefið, þann 26. nóvember 1980. Hafa báðir aðilar fyrrgreinds kaupsamnings lýst yfir þeirri afstöðu sinni, að þar sem viðkomandi jarðanefnd og sveitarstjórn hafi ekki svarað erindi þessu innan tilskilins frests, sé ráðstöfun viðkomandi fasteigna heimil næstu 6 mánuði eftir að fresturinn rann út skv. 7. og 23. gr. jarðalaga.

Í bréfi því, er þinglýsingardómara barst frá hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps, mótmælir hreppsnefndin þinglýsingu á umræddu afsali og lýsir því yfir, að hún ætli sér að nýta sér forkaupsrétt þann, er hún telji sig eiga að jörðinni Fögrubrekku í Innri-Akraneshreppi. Hafi hreppsnefndin tilkynnt lögmanni seljanda þetta í bréfi, dags. 2/12 s.l., en afrit af bréfi þessu fylgdi með bréfi hreppsnefndar til þinglýsingardómara. Í bréfi sínu til lögmanns seljanda skýrði hreppsnefndin frá þeirri afstöðu sinni, að hún áliti, að ekki hafi verið um bindandi tilboð að ræða af hálfu bæjarsjóðs Akraness, þar sem bæjarstjórn hefði ekki samþykkt samninginn endanlega fyrr en 11. nóvember s.l., en samningurinn hefði verið undirritaður með fyrirvara um þetta samþykki. Hefði því ekki verið hægt að taka endanlega ákvörðun um nýtingu forkaupsréttarins fyrr en endanlega kæmi í ljós, hvort kaupin yrðu samþykkt í bæjarstjórn Akraness.

Í bréfi þessu er því og haldið fram, að oddviti hreppsnefnd-

ar hafi skýrt lögmanni seljenda frá þessari afstöðu nefndarinnar símleiðis, skömmu eftir að fyrrgreind gögn bárust nefndinni í júní s.l., og hafi honum þótt sú afstaða rökrétt og eðlileg og að engar athugasemdir yrðu gerðar við það af hálfu seljenda. Skyldi oddvitinn því fylgjast með framgangi málsins og miða við þann tíma, þegar samningurinn yrði endanlega samþykktur í bæjarstjórn Akraness.

Í 21. gr. jarðalaganna er kveðið á um forkaupsrétt sveitarstjórnar þess sveitarfélags, þar sem eign er, að fasteignaréttindum, sem selja á og falla undir 3. gr. sömu laga. Í 1. mgr. 23. gr. laganna er því svo nánar lýst, hvernig standa skuli að forkaupsréttartilboði. Til þess að sveitarstjórn geti tekið endanlega afstöðu til forkaupsréttartilboðs, sýnist mikilvægt og nauðsynlegt, að í forkaupsréttartilboði sé söluverð og skilmálar kaupanna greindir nákvæmlega og jafnframt að um endanlegan og bindandi kaupsamning sé að ræða. Er forkaupsréttarhafa nauðsyn að því að geta treyst því, að ekki sé um málamyndagerning að ræða. Sýnist 23. gr. jarðalaganna renna stoðum undir þennan skilning auk þess sem hann fær á vissan hátt stoð í dómum Hæstaréttar, sbr. Hrd. 1975, 973 og 1976, 1105. Verður því að álíta, að frestur sá, sem settur er í 7. gr. og 23. gr. jarðalaga til að svara, byrji ekki að líða nema kaupsamningur sá, sem sveitarstjórn hefur borist til umfjöllunar, sé endanlega bindandi fyrir samningsaðila.

Þessu til stuðnings skal og bent á 2. mgr. 23. gr. jarðalaganna, sem segir, að afsal forkaupsréttar skuli miðast við ákveðinn kaupanda. Samkvæmt ákvæði þessu sýnist því skilyrðislaus kaupandi þurfa að vera til staðar og afsal því bundið við nafn, eigi til þess að koma.

Þegar af þeirri ástæðu, að undirritun bæjarstjóra Akraness var gerð með fyrirvara um síðara samþykki bæjarstjórnar, verður að telja kaupsamning þann, er sendur var hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps með bréfi, dags. 16. júní s.l., óskuldbindandi fyrir bæjarsjóð Akraness til þess tíma, er bæjarstjórnin samþykkti hann endanlega þann 11. nóvember s.l. Auk þessa verður ekki séð, að bæjarstjóri geti, svo gilt sé, bundið bæj-

arsjóð endanlega með undirritun sinni við svo mikilvægan gerning sem kaupsamningur um bújörð óneitanlega er.

Með hliðsjón af framansögðu telur þinglýsingardómari, að hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps hafi ekki firrt sig rétti til að nýta sér forkaupsrétt að jörðinni Fögrubrekku og þar með að synja samþykkis fyrir sölu jarðarinnar með því að svara ekki bréfi því, er lögmaður seljenda sendi til hennar í júní s.l. Þar sem hreppsnefndin hefur með bréfi þann 2. desember s.l. tilkynnt lögmönnum seljenda og kaupanda um, að hún vilji nýta sér forkaupsréttinn og samþykkir því ekki kaup bæjarsjóðs Akraness á nefndri jörð, þá verður að telja, að skv. 9. gr. jarðalaga nr. 65/1976 sé óheimilt að þinglýsa afsali því, er hér um ræðir".

Afsal það, sem óskað var þinglýsingar á, varðar fasteign, er lýtur ákvæðum jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 3. gr. þeirra. Ekki eru bornar brigður á, að seljendur hafi heimild til að ráðstafa fasteign þeirri, sem um ræðir, með afsali, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 39/1978, að því tilskildu, að hreppsnefnd hafi hafnað forkaupsrétti samkvæmt III. kafla laga nr. 65/1976.

Eins og mál þetta lá fyrir þinglýsingardómara, var honum eigi heimilt að þinglýsa framangreindu afsali vegna ákvæða 9. gr. laga nr. 65/1976, en um efnisatriði, er varða skipti málsaðilja út af forkaupsrétti að öðru leyti verður eigi skorið í þinglýsingarmáli þessu. Ber samkvæmt þessu að staðfesta niðurstöðu þinglýsingardómara.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn þinglýsingardómara í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á að vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 5. mars 1981.

Nr. 98/1979. **Björn Ólafsson**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
gegn

Kristjáni Hermannssyni
Óskari Hermannssyni og
Guðrúnu Einarsdóttur
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1979. Áfrýjandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum 4.236.98 krónur (nýkr.) með 13% ársvöxtum frá 10. október 1977 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöktum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Ekki er ágreiningur um það, að við samningsgerð milli aðilja máls þessa, með vitund og samþykki fyrirsvarsmanns Breiðholts h/f, um breytingu á smíðaefni í hurðir og greiðslu aukakostnaðar af því hafi allir framangreindir aðiljar lagt þann skilning í samning þennan, að Breiðholt h/f ætti að standa áfrýjanda skil á verðmismuninum gegn endurgreiðslu úr hendi stefndu. Er það og í samræmi við 8. tölulið kaupsamnings milli stefndu og Breiðholts h/f frá 25. janúar 1977. Samkvæmt þessum skilningi gerði áfrýjandi Breiðholti h/f reikning fyrir verðmismuninum. Síðari greiðslusynjun Breiðholts h/f svo og gjaldþrot þess félags breyta ekki þessari samningsstöðu.

Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Ólafsson, greiði stefndu, Kristjáni Hermannssyni, Óskari Hermannssyni og Guðrúnu Einarsdóttur, 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 16. mars 1979.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Björn Ólafsson byggingameistari, Norðurvangi 44, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 12. desember 1978, þar sem mætt var af hálfu stefndu og fyrirtaka málsins samþykkt.

Stefndu eru Kristján Hermannsson framkvæmdastjóri, Hvassaleiti 89, Reykjavík, Óskar Hermannsson, Hvassahrauni 3, Grindavík, og Guðrún Einarsdóttir, Hvassaleiti 87, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir að óskiptu til greiðslu á kr. 423.698 auk 13% ársvaxta frá 10. október 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvaxta frá þeim tíma til 21. febrúar 1978, en 19% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu hinna stefndu er þess krafist, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins á grundvelli gjaldskrár Lögmannafélags Íslands.

MÁLAVEXTIR.

Þann 25. janúar 1977 keyptu stefndu Kristján og Óskar ásamt föður sínum, Hermanni Kristjánssyni, sem nú er látinn, hluta húseignarinnar nr. 37 við Síðumúla í Reykjavík í byggingu af Breiðholti h/f, sem nú er gjaldþrota. Samkvæmt kaupsamningnum skyldu útihurðir vera úr irokoviði, en stefnandi hafði tekið að sér að smíða hurðirnar.

Þegar nokkuð var liðið frá samningsgerðinni, fór stefndi Kristján að ýta á eftir, að hurðirnar yrðu settar í húsið. Þá kveðst hann hafa fengið þær upplýsingar hjá Páli Friðrikssyni byggingameistara, sem annaðist eftirlit með húsasmíðinni fyrir hönd Breiðholts h/f, og Sigurði Jónssyni framkvæmdastjóra, að stefnandi annaðist smíði á hurðunum. Þá hafði hann samband við

stefnanda og spurði, hvað liði smíðinni. Hann segir, að stefnandi hafi sagt, að hann ætti ekki nægilega mikið af irokoviði, enda væri sá viður lélegur í útihurðir. Stefnandi segist raunar hafa átt nóg af irokoviði og aðeins hafa sagt, að sá viður væri ekki heppilegur í útihurðir. Varð það niðurstaðan af samtali þeirra aðiljanna, að heppilegast væri að nota tekkvið, þótt hann væri dýrari. Stefndi Kristján ræddi síðan við Pál Friðriksson og sagði honum, að þeir tækju tekk í hurðirnar og greiddu verðmismuninn.

Bæði stefndi Kristján og Páll Friðriksson hafa gefið skýrslu fyrir dóminum og skýrt svo frá, að ákveðið hafi verið, að stefndu greiddu Breiðholti h/f verðmismuninn, en að Breiðholt h/f gerði síðan upp við stefnanda.

Meðan á smíði hurðanna stóð, kom það til tals milli aðiljanna, hvort ekki kæmi til greina, að stefndu greiddu beint til stefnanda. Stefndi Kristján segir, að hann hafi fallist á, að það yrði gert með því skilyrði, að það yrði samþykkt af hálfu Breiðholts h/f. Hann segist hafa fært þetta í tal við Sigurð Jónsson, sem hafi aftekið þetta með öllu, enda ætti Breiðholt h/f stórar upphæðir hjá stefnanda. Kristján segist hafa sagt stefnanda þetta, að þeir gætu ekki farið eftir öðru en því, sem Sigurður segði. Þegar kom að skuldadögum, gerði stefnandi Breiðholti h/f reikning fyrir hurðunum, enda segir hann, að sitt álit hafi verið í upphafi, að Breiðholt h/f ætti að greiða. Hann kveður Sigurð forstjóra hafa neitað greiðslu, þar sem þetta væri algerlega mál kaupenda.

Sigurður Jónsson hefur komið fyrir dóminn og borið vitni. Hann segir, að eigendur hússins hafi viljað breyta um efni í hurðunum og að þeir hafi samið beint við Björn Ólafsson um breytinguna. Hann segist ekkert vita um, hvert samkomulag þeirra var. Hann segir, að Kristján hafi komið á skrifstofu sína út af reikningi stefnanda. Hann segist hafa sagt honum að greiða ekki Birni, vegna þess að Björn skuldaði Breiðholti h/f. Hann segir, að á þessum tíma hafi Breiðholt h/f verið að byggja stórhýsi fyrir Björn Ólafsson, en Björn jafnframt verið að smíða fyrir Breiðholt h/f. Hann segir, að á þeim tíma, þegar þeir Kristján töluðu saman, hafi hann staðið í þeirri meiningu, að hallaði á Björn í viðskiptunum. Hins vegar segir hann, að þegar upp var staðið, hafi raunverulega hallað á Breiðholt h/f. Hann segir, að þá hafi Björn komið með reikninga til Breiðholts h/f, sem skiptu tugum milljóna, þ. á m. þennan reikning og fleiri, sem líkt var ástatt um. Hann segist hafa vísað þeim reikningum frá og sagt Birni, að hann ætti að innheimta þessa reikninga hjá kaupendum beint.

Hann var spurður, hvort stefndu hefðu verið látnir vita, að þeir ættu að greiða Birni. Hann segist ekki búast við því.

Páll Friðriksson var einn af hluthöfunum í Breiðholti h/f. Sigurður segir, að hann hafi haft umboð til að semja um breytingar á samningnum og samþykkja breytingar eins og þær, sem hér um ræðir. Hann segir, að Páll hafi ekki haft samband við sig um þessa breytingu. Hann segir, að ef um hafi verið að ræða breytingar á samningnum við stefnanda frá verksamningi eða útboðslýsingum, hafi verið litið svo á, að kaupendur gætu samið um það beint við Björn Ólafsson.

Sigurður ítrekaði í skýrslu sinni, að ekki hefði verið samið við Breiðholt h/f um þessa breytingu. Hann var þá spurður, hvers vegna hann hefði bannað Kristjáni að greiða stefnanda beint. Hann segist ekki hafa bannað honum það, heldur hafi það verið sameiginlegt álit þeirra beggja, að það samrýmdist best hagsmunum þeirra, að stefndu skuldajöfnuðu við Breiðholt h/f og Breiðholt h/f við Björn Ólafsson. Hins vegar segir hann, að þegar Björn kom til hans og vildi fá greiðslu, hafi hallað á Breiðholt h/f í viðskiptunum og þá hafi hann talið, að best færi á, að Björn krefði skuldina beint frá stefndu. Sigurður kveðst ekki kannast við, að Kristján hafi komið til þess að biðja um að fá að borga Birni beint. Hann segir, að þetta samtal hafi átt sér stað nokkuð löngu eftir afhendingu, þegar Björn var farinn að krefja um greiðslu.

Við samprófun stefnanda og Kristjáns kom fram, að Björn skýrði Kristjáni frá því, þegar hann fór að krefja stefndu greiðslu reikningsins, að Sigurður hefði vísað á þá til greiðslu. Þeir eru sammála um, að Kristján hafi svarað því til, að Sigurður hefði bannað þeim að greiða og að hann væri ófús að borga, vegna þess að Breiðholt h/f hefði ekki aflétt lögtaki Gjaldheimtunnar fyrir opinberum gjöldum Breiðholts h/f, að fjárhæð 41.247.546 krónur. Svo er að skilja, að Kristján hafi sagt Birni, að hann mundi vilja greiða, ef lögtakið yrði leyst af eigninni án tjóns fyrir stefndu. Hann kveðst munu hafa þurft að greiða milli 15—20 milljónir króna af opinberum gjöldum Breiðholts h/f til að forða uppboði (sic). Stefndu hafa ekki lýst kröfu í þrotabú Breiðholts h/f enn.

Stefnandi tók fram við aðalmeðferð málsins, að hann hefði ekki krafið Breiðholt h/f um fjárhæð reikningsins í sambandi við heildaruppgjör, eins og vitnið Sigurður Jónsson segir.

Í 8. gr. kaupsamnings Breiðholts h/f og stefndu segir svo:

„Óski kaupandi breytinga frá framlögðum teikningum eða verklýsingu, ef hún liggur fyrir, lofar seljandi að framkvæma slíkar breytingar, en þó svo að skaðlaus greiðsla komi fyrir, ef um aukinn kostnað er að ræða.“

MÁLSÁSTÆÐUR.

Meginmálsástæða stefnanda er, að komist hafi á bindandi samningur milli aðilja málsins um, að stefnandi smíðaði hurðir í hús stefnda úr tekkviði og að stefndu skyldu greiða þann verðismun, sem af þessu leiddi.

Að stefndu hálfu er því haldið fram, að þetta samkomulag hafi verið breyting á samningi milli Breiðholts h/f og stefnanda um smíði á hurðum í hús stefndu, stefndu hafi samið um þetta við stefnanda f. h. Breiðholts h/f með samþykki forsvarsmanna Breiðholts h/f.

Lögmaður stefnanda heldur því fram, að í þessu sambandi skipti ekki máli, þótt stefnandi hafi upphaflega krafið Breiðholt h/f, sú tilraun til að fá greiðslu reikningsins breyti ekki samningi, sem hafi verið milli aðilja málsins, en af hálfu hinna stefndu er bent á, að stefnandi hafi sjálfur litið svo á frá upphafi, að hann ætti kröfu á hendur Breiðholti h/f vegna breytinganna.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu hafi ekkert umboð haft, þegar þeir gerðu samninginn upphaflega, og að það breytti engu í því efni, þótt þeir hafi rætt þetta mál síðar við eftirlitsmann Breiðholts h/f.

Af stefnda hálfu er á það bent, að skilningur þeirra sé í samræmi við 8. gr. kaupsamnings um breytingar frá upphaflegri verklýsingu.

ÁLIT DÓMSINS.

Þegar framangreind atvik eru virt, virðist bera að leggja til grundvallar, að stefndu hafi upphaflega, án fyrirfarandi samþykkis Breiðholts h/f, samið um það við stefnanda, að sú breyting yrði á samningi Breiðholts h/f og stefnanda, að hurðir þær, sem stefnandi hafði lofað að smíða fyrir Breiðholt h/f úr irokoviði, yrðu úr tekkviði, en að stefnandi fengi hærra verð fyrir hurðirnar sem svaraði verðismun efnisins. Þessi breyting á samningi Breiðholts h/f og stefnanda virðist síðan samkvæmt framburði vitnisins Páls Friðrikssonar og framburði vitnisins Sigurðar Jónssonar um umboð Páls hafa verið samþykkt af hálfu Breiðholts h/f.

Samkvæmt framburði beggja aðilja virðist verða að leggja til grundvallar, að stefnanda Birni hafi verið ljóst frá upphafi, að Breiðholt h/f, en ekki stefndu, yrði bundið af þessari breytingu á samningi.

Samkvæmt þessu virðist bera að telja, að stefndu beri ekki að greiða kröfur stefnanda, nema að telja verði sannað, að stefndi hafi síðar eignast kröfu Breiðholts h/f á hendur stefndu.

Samkvæmt kaupsamningi um nefnda fasteign skyldi kaupverð eignarinnar vera 34 milljónir króna og seljandi skila eigninni veðbandslausri og án allra kvaða og eignarhafta annarra en þeirra, sem sérstaklega eru tekin fram í samningnum. 25 milljónir króna skyldi kaupandi greiða við undirritun samnings, en 5 milljónir við afhendingu, sem skyldi fara fram í júní—júlí 1977, og hefur ekki annað komið fram en að stefndu hafi fullkomlega staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, virðist ljóst, að þegar framkvæmdastjóri Breiðholts h/f vísaði stefnanda á stefndu sem greiðanda, hafi verið um að ræða stórkostlega vanefnd, sem enn varir við af hálfu Breiðholts h/f, vanefnd, sem að fjárgildi fór langt fram úr skuld stefndu. Verður því að telja samkvæmt almennum reglum um skuldajöfnuð og framsal almennra krafna, að félagið hafi ekki getað framselt kröfu sína á hendur stefndu, þannig að skuldajafnaðarrétti þeirra væri spillt. Þegar þannig er litið til skuldaskila stefndu og Breiðholts h/f, verður ekki talið, að framkvæmdastjóri Breiðholts h/f hafi með því að vísa stefnanda á stefndu til greiðslu breytt þannig réttarstöðu aðilja í þessu máli, að varða eigi því, að stefndu beri nú fyrir þá sök að greiða skuld sína við Breiðholt h/f til stefnanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt 177. gr. laga 85/1936 þykir bera að dæma stefnanda til að greiða stefndu 130.000 krónur í málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Hermannsson, Óskar Hermannsson og Guðrún Einarsdóttir, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Björns Ólafssonar.

Stefnandi, Björn Ólafsson, greiði stefndu að óskiptu 130.000

krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. mars 1981.

Nr. 298/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Knúti Bruun
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)
og
Þorfinni Egilssyni
(Jón Finnsson hrl.).

Fjárdráttur. Fjársvik. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 147. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar. Einnig er honum áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

I.

Við skipakaup þau, sem mál þetta er af risið, kom ákærði Knútur fram fyrir kaupanda. Hann hefur viðurkennt að hafa tekið við 100.000 norskum krónum í Rogalandsbanken 9. október 1974, eins og kvittun hans ber með sér og greinir í héraðsdómi.

Í þinghaldi 9. júlí 1976 ber ákærði Knútur, að í júlímánuði

1974, er kaupin á skipinu voru rædd, hafi samist um kaupverðið 2.800.000 norskar krónur og það þá verið lækkað nokkuð frá því, sem seljandi hafi upphaflega krafist. Hann hafi reiknað með, að í þessari fjárhæð væru innifalin venjuleg umboðslaun, „þ. e. 2% til beggja umboðsmanna", sem greidd yrðu af seljanda skipsins. Kveður hann alla samninga um væntanleg umboðslaun hafa verið gerða af Simon Møkster og ákærða Þorfinni, en hann sjálfur þar hvergi nærri komið.

Í sama þinghaldi kveðst ákærði Knútur hafa talið þær 100.000 norsku krónur, er hann kvittaði fyrir móttöku á í Rogalandsbanken „sem umboðslaun eða ef til vill nokkurs konar lokaafslátt". Við síðari yfirheyrslur skýrði hann þessa fjárhæð sem afslátt af kaupverði skipsins. Ekki gerði hann stjórnarmönnum Sandskips h/f grein fyrir greiðslu þessari til sín.

Ákærði Knútur staðhæfði, að af þessum 100.000 norskum krónum hefði hann greitt 50.917.20 norskar krónur vegna skipsins. Sótti hann síðar, eftir að rannsókn máls þessa hófst, um gjaldeyrisyfirfærslu fyrir þessari fjárhæð og sýndi reikninga fyrir kostnaði þessum, eins og rakið er í héraðsdómi. Verður að byggja á þessari fullyrðingu hans, svo sem gert er í héraðsdómi.

Ákærði Knútur stóð ekki Sandskipi h/f skil á mismuninum, 49.082.80 norskum krónum. Eigi hefur hann heldur gert viðhlítandi grein fyrir, hvernig fé þessu var varið. Þykir hann því hafa brotið gegn 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Knútur hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi ekki betur vitað í ágúst og september 1974, er hann ritaði bréf þau og gjaldeyrisumsóknir, sem getur í II. kafla ákæru, en að raunverulegt kaupverð skipsins væri 2.800.000 norskar krónur, enda hafi sér verið með öllu ókunnugt um kröfu ákærða Þorfinns til umboðslauna og samninga hans við seljanda um þau. Verður að byggja á þessari staðhæfingu ákærða Knúts, en framburðir Norðmanna þeirra, sem hlut áttu að máli við sölu skipsins, um, að ákærða Knúti hafi

verið um þetta kunnugt við samningsgerð um kaupin í júlímánuði 1974, eru eigi svo eindregnir, að hið gagnstæða verði á þeim byggt.

Ber að svo vöxnu máli að staðfesta úrlausn héraðsdóms um sýknu ákærða Knúts af sakargiftum, er getur í II. kafla ákæru.

II.

Ákærði Þorfinnur Egilsson kveðst telja, að hann hafi við kaupin á skipinu starfað sem umboðsmaður seljanda og komið á sambandi milli hans og kaupanda fyrir milligöngu Simonar Møksters. Kveðst ákærði Knútur og hafa litið svo á. Af rannsókn málsins um samningaumræður þær, sem fram fóru um sölu skipsins og verð þess, verður ekki annað ráðið en ákærði Þorfinnur hafi verið milligöngumaður kaupanda og miðlara seljanda, Simonar Møksters, og átt hlut í samningum af kaupanda hálfu um verðið.

Simon Møksters kveðst við sölu skipsins hafa verið miðlari (megler) seljanda og skýrir stöðu sína í þessu sambandi svo, að hann „opptrådte som megler og koordinator i Norge". Kveðst Simon Møksters hafa talið ákærða Þorfinn miðlara (megler) kaupanda, hann hafi litið á ákærða Þorfinn „som megler og koordinator på Island". Gunnar Vegard Skjørestad talar um ákærðu sem miðlara Íslendinganna.

Ákærði Þorfinnur hefur, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, viðurkennt að hafa áskilið sér og móttekið 300.000 norskar krónur af þeim 2.800.000 norskum krónum, er í kaupsamningi voru skráðar söluverð skipsins og lagðar höfðu verið inn í Rogalandsbanken. Með þessu hækkaði hið raunverulega kaupverð þess um fyrrgreindu fjárhæðina. Ákærði Þorfinnur leyndi kaupanda skipsins þessu, en hann mátti byggja á því, að af kaupverðinu samkvæmt samningi greiddi seljandi hæfileg umboðslaun til miðlara, svo sem hann raunar gerði með greiðslunni til Símonar Møksters.

Ákærði Þorfinnur hagnýtti sér hina röngu hugmynd kaupanda um raunverulegt verð skipsins og hagnaðist þannig um 300.000 norskar krónur. Þykir hann með því hafa gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Í upphafi ákæru er ákærði Þorfinnur sagður við kaup á skipinu hafa komið fram af hálfu seljanda ásamt Símoni Møkster. Þetta getur þó ekki breytt niðurstöðu málsins, en síðar í ákæru er nánar lýst þeirri háttsemi, sem ákærða Þorfinni er gefin að sök.

Héraðsdómari sakfelldi ákærða Þorfinn vegna greiðslu til ákærða Knúts á 100.000 norskum krónum. Ekki þykir verða ráðið af ákæru, að ákærði Þorfinnur sé ákærður vegna þessa. Kemur því ekki til álita, hvort ákærði Þorfinnur hafi til sakar unnið að því er varðar greiðslu þessa til ákærða Knúts. Ríkissaksóknari hefur og lýst yfir því hér fyrir dómi, að atvikalýsing ákæru taki ekki til þessa tilviks og að héraðsdómari hafi að þessu leyti farið út fyrir sakargiftir ákæru.

III.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu málflutningsleyfa ákærðu, þó svo, að réttindasvipting telst frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða Knút til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur (nýkr.), og ákærða Þorfinn til að greiða skipuðum verjanda sínum hér fyrir dómi málsvarnarlaun, 4.000.00 krónur (nýkr.). Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma þá til að greiða óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 6.000.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði Knútur Bruun skal sviptur leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Þorfinnur Egilsson skal sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Knútur Bruun greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Ákærði Þorfinnur Egilsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Um ákæruskjal.

Í I. kafla ákæruskjals eru ákærðu báðir ákærðir fyrir fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara fyrir umboðssvik samkvæmt 249. gr. sömu laga. Samkvæmt ákæruskjalinu er hið fjárdregna fé talið nema samtals 400.000 norskum krónum, sem ákærðu hafi látið greiða sér af sameiginlegum reikningi seljanda og kaupanda skipsins m/s Jörpeland í Rogalandsbanken A/S og tekið við í eigin þágu, ákærði Þorfinnur 300.000 krónum, en ákærði Knútur 100.000 krónum. Eins og ákæruskjalið er orðað, verður við það að miða, að hvorum hinna ákærðu sé einungis gefið að sök að hafa gerst sekur um auðgunarbrot að því er tekur til fjár, sem hann sjálfur veitti viðtöku. Er þetta og skilningur ákæruvalds á ákæruefni samkvæmt reifun fyrir Hæstarétti á sakargiftum.

Í lýsingu í ákæruskjali á athöfnum ákærða Þorfinns, sem honum eru gefnar að refsiverðri sök, er við það miðað, að hann hafi komið fram ásamt Símoni Møkster sem umboðs-

maður seljanda við kaup á m/s Jörpeland. Við það verður þó að miða, svo sem greinir í II B hér á eftir, að við kaup þessi hafi ákærði Þorfinnur starfað fyrir kaupandann, Sandskip h/f, og í því horfi voru málsatvik reifuð fyrir Hæstarétti af hálfu ákæruvalds. Þessi annmarki á ákæruskjali verður ekki talinn alveg nægur til, að hann megi skjóta loku fyrir það samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, að ákærði Þorfinnur verði dæmdur fyrir þær athafnir, sem í ákæruskjali eru greindar og er þar að öðru leyti nægilega lýst.

II.

Ákæra á hendur báðum ákærðu um brot á 247. gr., en til vara 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

A. Ákærði Knútur Bruun.

Með skírskotun til þess, sem greint er í III. kafla A lið í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja sannað, að af þeim 2.800.000 norsku krónum, sem í skriflegum kaupsamningi voru tilgreindar sem söluverð m/s Jörpeland og kaupanda bar samkvæmt samningunum að leggja inn á sameiginlegan reikning sinn og seljanda í Rogalandsbanken A/S, hafi átt að greiða 400.000 norskar krónur til íslenskra aðilja. Af þessu fé átti ákærði Þorfinnur að fá 300.000 norskar krónur samkvæmt eigin játningu og öðrum gögnum, svo sem nánar verður greint í B hér á eftir. Að því er tekur til mismunarins, 100.000 norskra króna, þykir nægilega sannað, að hann hafi átt að renna til ákærða Knúts. Vísast um það sérstaklega til vitnisburðar þeirra Simonar Møkster og Gunnars Vegard Skjørestad og skjals þess, sem undirritað er af Lars Hovland, en fannst í skrifstofu ákærða Þorfinns við leit þar. Þó að ekki sé sennilegt, að ákærða Knúti hafi verið með öllu ókunnugt um þessa fyrirhuguðu greiðslu til sín, er þó varhugavert að hnekkja því mati héraðsdómara, að hann hafi fyrst fengið vitneskju um hana um það leyti, er hún var af hendi innt hinn 9. október 1974.

Ákærði Knútur gaf þá skýringu á greiðslu þessari, þegar hann var fyrst um hana spurður við rannsókn málsins, að hann hefði litið á hana sem „umboðslaun eða ef til vill nokk-

urs konar lokaafslátt". Síðar skýrði hann greiðsluna með því, að komið hefði í ljós við afhendingu skipsins, að ýmislegt, sem seljanda hefði borið að lagfæra, hefði þá enn verið ógert eða ekki verið nógu vel lagfært. Hefði þetta orðið til þess, að 100.000 króna afsláttur hefði fengist af umsömdu verði skipsins.

Það fær ekki stoð í framburði hinna norsku aðilja, sem yfirheyrðir hafa verið, að við afhendingu m/s Jørpeland hafi verið samið um nokkurn afslátt af umsömdu kaupverði skipsins. Könnun sakargagna leiðir ekki í ljós neina sérstaka vanefnd seljanda, sem hafi mátt verða tilefni til þess, að seljandi veitti afslátt af kaupverði skipsins að kröfu kaupanda, ef undan er skilin dæld nokkur á skipinu. Sú skemmd var hins vegar færð seljanda til gjalda með 12.500 krónum á sérstöku reikningsyfirliti, sem er meðal reikninga, er ákærði Knútur greiddi, svo sem getið er í héraðsdómi. Þá er eigi heldur neitt að finna í sakargögnum eða rannsókn málsins, sem af verði ráðið, að seljandi hafi fengið í hendur neins konar viðurkenningu fyrir því, að með umræddum 100.000 krónum teldist hann hafa fullnægt sérstökum samningsskyldum, sem ólokið hafi verið. Væri það með miklum ólíkindum, að seljandi hefði innt af hendi svo mikið fé í slíku skyni, án þess að svo mikið sem kvittun sýndi, af hvaða tilefni greitt var. Ákærði Knútur kvittaði fyrir 100.000 króna greiðslunni af hinum sameiginlega reikningi í Rogalandsbanken A/S í eigin nafni, og bendir það enn til þess, að fé þetta hafi verið greitt honum sjálfum, en ekki verið afsláttur veittur Sandskipi h/f. Er hann sótti um gjaldeyrisleyfi 18. júní 1976 vegna reikninga, sem hann greiddi vegna Sandskips h/f 1974, samtals að fjárhæð 50.917.20 norskar krónur, sagði hann og í umsókn sinni, að fé þetta hefði verið greitt af „umboðslaunum". Kemur það heim við þá skýringu, sem hann gaf á 100.000 króna greiðslunni í upphafi rannsóknar og áður er greind.

Þegar virt er allt það, sem nú var rakið, þykir ekki geta hafa farið hjá því, að ákærða Knúti hafi verið ljóst, er hann veitti viðtöku 100.000 króna greiðslunni frá Rogalandsbanken A/S, að þar væri um að ræða sérstök „umboðslaun" til hans,

sem innifalin hefðu verið í kaupverði m/s Jørpeland samkvæmt kaupsamningi. Verður að telja, að með viðtöku þessa fjár af hinum sameiginlega reikningi án nokkurra leiðréttinga gagnvart Sandskipi h/f á því, hvert væri raunverulegt kaupverð skipsins, hafi hann misnotað aðstöðu sína gagnvart félaginu, þannig að refsivert sé samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber þó að hafa í huga, að af umræddum 100.000 krónum greiddi ákærði reikninga fyrir Sandskip h/f, samtals að fjárhæð 50.917.20 norskar krónur.

B. Ákærði Þorfinnur Egilsson.

Ákærði Þorfinnur viðurkenndi, þegar hann kom fyrst fyrir sakadóm 8. júlí 1976 og enn hinn 16. s. m., að frá því hefði verið gengið, áður en kaupsamningur var undirritaður, að af 2.800.000 króna kaupverðinu samkvæmt samningnum fengi hann sjálfur 300.000 krónur. Þetta staðfesti ákærði Þorfinnur einnig síðar undir rannsókn málsins, en þó með þeirri breytingu, að greiðslan hefði fyrst verið ákveðin eftir gerð kaupsamnings, en í sömu ferð. Framburðir Norðmanna þeirra, sem störfuðu að sölu m/s Jørpeland og raktir eru í héraðsdómi, benda eindregið til þess, að hin upphaflega skýrsla ákærða sé að þessu leyti réttari. Þykir því eigi varhugavert að leggja hana til grundvallar í málinu, og það því fremur sem hinn breytti framburður fær eigi stoð í öðrum sakargögnum.

Ákærði Þorfinnur hefur gefið þá skýringu á hinni umsömdu greiðslu, að hún hafi átt að vera umboðslaun til hans fyrir að starfa að sölu m/s Jörpeland fyrir seljanda eða miðlara hans, Simon Møkster. Ekkert er þó komið fram við rannsókn málsins því til styrktar, að hann hafi starfað að sölunni fyrir þessa aðilja sérstaklega. Hafa þeir alveg gagnstætt borið, að þeir hafi litið svo á, að ákærði Þorfinnur væri miðlari kaupandans. Með skírskotun til framburðar þessara manna verður að telja sannað, að svo hafi verið, enda fær það stoð í skýrslu ákærða Þorfinns sjálfs um tildrög þess, að hann fór að starfa að umræddum viðskiptum. Hefur hann

borið svo um þetta, að maður nokkur, sem síðar gerðist stofnandi Sandskips h/f, hafi beiðst aðstoðar hans við leit að sanddæluskipi til kaups.

Með því að áskilja sér og taka við áðurgreindri fjárhæð, sem var með öllu óeðlileg miðað við það starf, sem af hendi var innt, og láta þess að engu getið, að fé þetta skyldi greitt ákærða af hinum sameiginlega reikningi, áður en kæmi til útborgunar kaupverðs til seljanda, þykir ákærði Þorfinnur hafa misnotað aðstöðu sína með þeim hætti, að refsingu varði hann samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Um ákæru á hendur Knúti Bruun um brot á 147. gr. almennra hegningarlaga.

Það leiðir af því, sem rakið var undir II A hér að framan, að varhugavert er að telja nægilega sannað, að ákærði Knútur hafi haft vitneskju um það, þegar hann ritaði bréf þau og gjaldeyrisumsóknir, sem getur í II. kafla ákæru, að kaupverð m/s Jørpeland næmi í raun réttri lægri fjárhæð en 2.800.000 norskum krónum. Að svo vöxnu máli ber að staðfesta héraðsdóm um sýknu ákærða Knúts af sakargiftum um brot á 147. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Um refsingu ákærðu og önnur viðurlög.

Með vísun til þess, sem að framan er rakið, fellst ég á það, sem segir í III. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda um refsingu ákærðu, réttindasviptingu og sakarkostnað. Er ég því einnig samþykkur dómsorði þeirra.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

I.

Í ákæruskjali er ákærði Þorfinnur Egilsson talinn hafa komið fram af hálfu seljanda ásamt Símoni Møkster. Allt að einu er hann ákærður fyrir brot gegn 247. gr. almennra hegningarlaga fyrir að hafa dregið sér fé úr eigin hendi, sem

skilja verður svo í ákæru, að hafi verið eign kaupanda, Sandskips h/f. Við reifun málsins fyrir Hæstarétti byggði ríkissaksóknari á því, að ákærði Þorfinnur hefði verið umboðsmaður kaupanda, svo sem framburðir hinna norsku viðsemjenda greini frá.

Ég fellst á það með meiri hluta dómenda, að þessir gallar á málatilbúnaði af hálfu ákæruvalds eigi ekki að hafa áhrif á úrlausn um sök eða sýknu þessa ákærða.

II.

Ég tel gögn málsins sýna, að ákærði Þorfinnur hafi hvorki verið umboðsmaður kaupanda né seljanda, heldur hafi hann í sambandi við störf sín fengið vitneskju um óskir beggja, seljanda og kaupanda, og notfært sér þá vitneskju til þess að gerast milligöngumaður milli umboðsmanns seljanda, Símonar Møkster, og stjórnarformanns kaupanda, ákærða Knúts Bruun, og koma þannig á þeim kaupum á skipinu m/s Jørpeland, sem mál þetta er risið af.

III.

Neitun ákærða Knúts Bruun á því, að samningur um greiðslu þá til hans að fjárhæð norskar krónur 100.000, sem innt var af hendi í október 1974, hafi verið gerður af honum eða með vitneskju hans um það leyti, sem kaupsamningur var gerður í júlí 1974, er eigi studd öðrum gögnum en framburði meðákærða Þorfinns Egilssonar. Svo sem greinir í héraðsdómi, kemur fram af yfirlýsingu Lars Hovland („Avtale"), sem fannst í fórum ákærða Þorfinns, að samið hafi verið um greiðsluna til ákærða Knúts um leið og greiðsluna til ákærða Þorfinns, eða um sama leyti og kaupsamningur var gerður. Verður að telja efni yfirlýsingar þessarar og tilvist hennar í fórum ákærða Þorfinns draga svo úr sannleiksgildi framburðar hans um þessi atriði, að leggja megi til grundvallar framburði hinna norsku viðsemjenda um tíma og aðild ákærða Knúts að samningi um greiðslu þessa til hans þrátt fyrir neitun hans. Þykir því nægilega sannað, að ákærði Knútur hafi þegar í júlí 1974 tekið þátt í samningum um

marggreinda 100.000 norskra króna greiðslu til sín og 300.000 norskar krónur til meðákærða Þorfinns.

IV.

Ákærði Knútur Bruun kom sem stjórnarformaður Sandskips h/f fram fyrir kaupanda hönd við kaup m/s Jørpeland. Hann hafði því þá aðstöðu, sem greinir í 249. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði Þorfinnur Egilsson var sem milligöngumaður samstarfsmaður ákærða Knúts við kaupin. Hafði hann því einnig þá aðstöðu gagnvart kaupanda, sem í framangreindri hegningarlagagrein greinir.

Með samningum við seljanda um tvenns konar verð skipsins og tileinkun mismunarins sér til handa, ákærði Knútur 100.000 norskar krónur og ákærði Þorfinnur 300.000 norskar krónur, hafa þeir báðir gerst brotlegir við téða hegningarlagagrein.

Með því að tilgreina rangt raunverulegt kaupverð skipsins í 2 bréfum til „Langlánanefndar" viðskiptaráðuneytisins, dagsettum 13. ágúst og 26. september 1974, svo og 2 umsóknum um kaup á erlendum gjaldeyri til Landsbanka Íslands, dagsettum 21. og 26. september 1974, hefur ákærði Knútur Bruun gerst brotlegur við 147. gr. alm. hegningarlaga.

Ég tel refsingu ákærða Knúts Bruun hæfilega ákveðna með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi 6 mánuði, og refsingu Þorfinns Egilssonar tel ég einnig hæfilega ákveðna fangelsi 6 mánuði.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um sviptingu réttinda, greiðslu sakarkostnaðar, áfrýjunarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. mars 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 81—82/1979: Ákæruvaldið gegn Knúti Bruun og Þorfinni Egilssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 28.

janúar 1977, á hendur ákærðu, Knúti Bruun hæstaréttarlögmanni, Espigerði 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 8. nóvember 1935, og Þorfinni Egilssyni héraðsdómslögmanni, Espigerði 4, Reykjavík, fæddum á Ísafirði hinn 26. ágúst 1940. Í ákærunni er ákærðu gefið að sök „að hafa gerst sekir um eftirgreind brot í sambandi við kaup Sandskips h.f., Reykjavík, á sanddæluskipinu m. s. Jørpeland (síðar m. s. Grjótjötunn) af Lars Hovland & Co., Jørpeland, Noregi, á árinu 1974, en við kaup þessi kom ákærði Þorfinnur fram af hálfu seljanda ásamt Símon Møkster, Stavanger, en af hálfu kaupanda samdi ákærði Knútur Bruun, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Sandskips h.f., um kaupin.

I. Auðgunarbrot.

Samkvæmt kaupsamningi milli Lars Hovland & Co., Jørpeland, og Sandskips h.f., Reykjavík, frá 24. júlí 1974, var kaupverð skipsins norskar krónur 2.800.000.-, og skyldi sú fjárhæð lögð inn á sameiginlegan reikning seljanda og kaupanda í Rogalandsbanka A/S, Stavanger, þar sem greiðsla kaupverðs færi og fram samtímis afhendingu skipsins til kaupanda. Hinn 10. október 1974 var innstæða á hinum sameiginlega reikningi seljanda og kaupanda, sem til hafði verið stofnað samkvæmt framansögðu, norskar krónur 2.800.000.-. Skipið var afskráð í Noregi 9. október 1974, afhent kaupanda 10. s. m., og var þá svo í reynd gengið frá þessum kaupum í Rogalandsbanka af hálfu ákærðu, að Þorfinni Egilssyni voru þá greiddar norskar krónur 300.000.- af fyrrgreindri bankainnstæðu og Knúti Bruun norskar krónur 100.000.- af sömu innstæðu, sem ákærðu komust þannig yfir til eigin ráðstöfunar, allt án heimildar og vitundar annarra stjórnarmanna Sandskips h.f. Varð endanlegt söluverð skipsins þannig í reynd norskar krónur 2.400.000.-.

Þykja ákærðu með töku fyrrgreindra fjárhæða í eigin þágu hafa gerst sekir um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara um umboðssvik samkvæmt 249. gr. sömu laga.

II. Rangar skýrslur.

Þá er ákærða Knúti Bruun gefið að sök að hafa gerst sekur um ranga skýrslugjöf til stjórnvalda með eftirgreindum hætti:

1. Með 2 bréfum, er hann reit f. h. Sandskips h.f. „Langlánanefnd“ viðskiptaráðuneytisins, Reykjavík, dagsettum 13. ágúst og 26. september 1974, þar sem hann staðhæfir vegna umsóknar

Sandskips h.f. um heimild til erlendrar lántöku vegna kaupa á skipi því, sem um ræðir í I. kafla ákærunnar, að kaupverð skipsins væri norskar krónur 2.800.000.-. Samþykkti viðskiptaráðuneytið lántöku þessa, þ. e. heimild fyrir Sandskip h.f., til töku 80% af fyrrgreindri fjárhæð að láni hjá Exportfinans A/S, Oslo, með bréfi, dagsettu 11. október 1974, til Sandskips h.f.

2. Með 2 umsóknum f. h. Sandskips h.f. um kaup á erlendum gjaldeyri af Landsbanka Íslands, Reykjavík, dagsettum 21. og 29. september 1974, þar sem leitað er eftir kaupum á norskum krónum 560.000.-, sem væru til greiðslu á 20% kaupverðs skips þess, sem fyrr greinir. Umsóknir þessar voru samþykktar, og fyrir milligöngu Landsbanka Íslands var fjárhæð þessi yfirfærð til Rogalandsbanka, Stavanger, til fyrrgreindrar ráðstöfunar.

Þykir ákærði Knútur Bruun með framangreindum hætti hafa gerst brotlegur samkvæmt 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. Dómkröfur.

Krafist er:

1. Að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

2. Að ákærðu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður.

3. Að ákærðu verði samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961, sviptir leyfum til málflutnings, ákærði Knútur Bruun fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og ákærði Þorfinnur Egilsson fyrir héraðsdómi.

4. Að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir:

I.

Hinn 24. júlí 1974 var í Stafangri, Noregi, gerður kaupsamningur milli fyrirtækisins Lars Hovland & Co., Jørpeland, sem seljanda og h/f Sandskips, Reykjavík, sem kaupanda um kaup á sanddæluskipi, m/s Jørpeland, fyrir norskar kr. 2.800.000. Skipið skyldi afhent fyrir 30. september 1974. Samkvæmt 18. gr. samningsins var áskilið samþykki Landsbanka Íslands fyrir fjármögnun á 80% kaupverðs, og samkvæmt 19. gr. var áskilið samþykki stjórnar Sandskips h/f til kaupa skipsins. Fyrir hönd kaupanda undirritaði ákærði í máli þessu, Knútur Bruun, kaupsamninginn, en af hálfu seljanda Lars Hovland.

Með bréfi til langlánanefndar, dags. 13. ágúst 1974, fór ákærði Knútur Bruun þess á leit fyrir hönd Sandskips h/f, að langlánanefnd heimilaði erlenda lántöku vegna kaupa á sandskipi frá Noregi. Kaupverð skipsins væri norskar kr. 2.800.000. Að láni fengjust 80% kaupverðsins hjá „Norsk finans", Osló, til 8 ára. Enn skrifaði ákærði langlánanefnd með bréfi, dags. 26. sept. 1974, og mun það bréf ritað af því tilefni, að nefndin hafði óskað eftir upplýsingum um fjármögnun á útborgun vegna kaupa á skipinu, þ. e. 20% kaupverðs, og enn fremur að fyrir lægju upplýsingar um verkefni skipsins eftir heimkomu. Eru í bréfi þessu upplýsingar um hluthafa í Sandskipi h/f og hlutafé svo og um væntanleg verkefni fyrir skipið. Með bréfi viðskiptaráðuneytisins, dags. 11. október 1974, til Sandskips h/f samþykkir ráðuneytið lántöku erlendis vegna 80% af kaupverði umrædds skips, norskar kr. 2.800.000, hjá „Exportfinans A/S" til átta ára með 8½% vöxtum.

Hinn 21. september 1974 sótti ákærði Knútur fyrir hönd Sandskips h/f um kaup á erlendum gjaldeyri hjá Landsbanka Íslands, þ. e. norskar kr. 280.000 til greiðslu inn á sameiginlegan reikning Lars Hovland & Co., Jørpeland, og Sandskips h/f, Reykjavík, í Rogalandsbanka, Stafangri. Er tilgreint, að þetta sé til greiðslu á 10% af kaupverði sanddæluskips, m/s Jørpeland. Hinn 26. s. m. sótti ákærði einnig til sama banka um kaup á norskum kr. 280.000 fyrir hönd Sandskips h/f til greiðslu á síðari hluta útborgunar á kaupverði sanddæluskips. Átti greiðslan að leggjast á sama hátt inn á sameiginlegan reikning til greindra aðilja. Hlutu báðar þessar umsóknir jákvæða afgreiðslu.

Eftir því sem næst verður komist af gögnum málsins fór afhending umrædds skips fram í Stafangri hinn 9. október 1974. Hafði þá kaupverð þess verið lagt inn á sameiginlegan reikning seljanda og kaupanda í Rogalandsbanka í Stafangri, og var gengið frá greiðslum þann sama dag.

Samkvæmt gögnum, sem liggja fyrir í málinu, var hlutafélagið Sandskip stofnað hinn 23. september 1974 og skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur hinn 25. s. m. Tilgangur félagsins skyldi vera að reka alls konar skipaútgerð, annast dýpkunarframkvæmdir, vinnslu og sölu jarðefna og annan skyldan atvinnurekstur svo og lánastarfsemi. Stofnendur voru Kristinn Sigurjónsson, Álfheimum 5, Reykjavík, Ragna Halldórsdóttir, sama stað, Knútur Bruun, Klöpp, Mosfellshreppi, Margrét Ingólfsdóttir, sama stað, Jóhann Kristjónsson, Norðurbrún 30, Reykjavík, Sigríður Ólafs-

dóttir, Hverfisgötu 73, Reykjavík, Páll S. Jónsson, Barðaströnd 9, Seltjarnarnesi, og Oddný F. Kristinsdóttir, sama stað. Stjórn skipuðu Knútur Bruun, sem var formaður, en meðstjórnendur Kristinn Sigurjónsson og Páll G. Jónsson. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði var Knútur Bruun. Hlutafé félagsins var 6.000.000 kr. og þar af skráð greitt kr. 1.500.000.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók Sandskips h/f, sem frammi liggur í málinu, var á hluthafafundi, sem haldinn var í beinu framhaldi af stofnfundi hinn 23. september 1974, skýrt frá ferð Knúts Bruun til Noregs vegna kaupa á sanddæluskipi og lagður þar fram kaupsamningur um kaup á skipinu ásamt öðrum gögnum þar að lútandi. Fram kom, að kaupverð skipsins væri norskar kr. 2.800.000. Samþykkt var að fela stjórninni „að ganga frá endanlegum kaupsamningi, þannig að stjórnarformanni með og án annarra stjórnarmanna er falið að ganga frá lántökum, kaupsamningi svo og öðrum nauðsynlegum gögnum."

II.

Með bréfi til saksóknara ríkisins, dagsettu 26. maí 1976, gerir Seðlabanki Íslands grein fyrir kaupum ákærða Knúts Bruun fyrir hönd Sandskips h/f á m/s Jørpeland hinn 24. júlí 1974. Jafnframt kveðst bankinn leggja fram gögn, er beri með sér, að kaupverð umrædds skips hafi í reynd verið norskar kr. 2.400.000 og að mismunurinn á þeirri fjárhæð og norskum kr. 2.800.000, sem kaupsamningur hafi hljóðað upp á, hafi verið greiddur til tveggja manna, þannig að ákærði Knútur Bruun hafi fengið norskar kr. 100.000 og ákærði Þorfinnur Egilsson héraðsdómslögmaður norskar kr. 300.000.

Með bréfi bankans fylgdi afrit af bréfi, dagsettu 14. apríl 1976, frá Knud Søyland deildarstjóra, til gjaldeyrisdeildar Noregsbanka í Osló, en með því bréfi fylgir yfirlit Henry Dyrstad, endurskoðanda í Stafangri, sem staðfestir samkvæmt gögnum, er liggja fyrir hjá skattstofunni í Strand og umræddur Dyrstad hefur sannreynt, að seljandi umrædds skips hafi í skattframtali sínu gefið upp, að söluverð þess hafi verið norskar kr. 2.400.000, en að mismunurinn, norskar kr. 400.000, hafi skipst á áðurgreindan hátt til ákærðu í máli þessu og hafi það uppgjör verið ákveðið á fundi í Rogalandsbanka, sem aðiljar kaupanna sátu. Enn fremur fylgdu bréfi bankans ljósrit af kvittunum Knúts Bruun til nefnds banka fyrir norskum kr. 100.000 og Þorfinns Egilssonar fyrir norskum kr. 300.000, báðar dagsettar 9. október 1974. Liggja ljós-

rit þessi fyrir í málinu. Er tekið fram í kvittununum, að greiðslan sé vegna sölu á umræddu skipi. Samkvæmt gögnum þeim, sem fylgdu bréfi bankans, kom fram, að fé þetta hafi verið tekið af sameiginlegum reikningi kaupanda og seljanda skipsins, sem stofnaður var í Rogalandsbanka, en innstæða á þeim reikningi hafi verið 2.800.000 norskar kr. hinn 10. október 1974. Innstæðan hafi verið til komin af andvirði láns frá „Exportfinans", sem tekið var beinlínis vegna kaupa á skipinu. Nam það norskum kr. 2.240.000. Hins vegar hafi farið inn á reikninginn bein yfirfærsla norskar kr. 560.000 frá Landsbanka Íslands. Innstæðum á þessum reikningi hafi verið ráðstafað öllum umræddan dag.

Í tilefni af þessu bréfi Seðlabanka Íslands hófst rannsókn að kröfu saksóknara ríkisins í sakadómi Reykjavíkur hinn 8. júlí 1976. Verður hér á eftir gerð grein fyrir því, sem fram kom við rannsóknina og við meðferð máls þessa og varðar ákæruefni í málinu.

Ákærðu hafa báðir viðurkennt móttöku á fé því, sem að framan greinir, þ. e. ákærði Þorfinnur á norskum kr. 300.000 og ákærði Knútur á norskum kr. 100.000, sbr. þó nánar það, sem síðar greinir um endurgreiðslu hans til Lars Hovland & Co. Ákærði Knútur hefur og viðurkennt að hafa undirritað framangreind skjöl, þar sem sótt var um heimild til lántöku erlendis og um yfirfærslu á útborgun vegna skipakaupanna með þeim upplýsingum, að kaupverð skipsins væri norskar kr. 2.800.000.

Ákærði Þorfinnur Egilsson kom fyrst til yfirheyrslu í sakadómi Reykjavíkur vegna máls þessa 8. júlí 1976. Skýrði hann þar svo frá, að hlutverk hans við kaup á m/s Jørpeland hafi verið fólgið í að leita eftir sölu á skipinu og annast samningagerð. Simon Møkster hafi verið með skipið í sölu og ákærði hafi leitað eftir samningum við hann. Skipið hafði verið á söluskrá í febrúar—mars 1974, en var dregið til baka, þar sem það þótti ekki í nægilega góðu ástandi til sölu að áliti seljanda. Í byrjun júní s. á. kvaðst ákærði hafa fengið skeyti þess efnis, að skipið væri til sölu á ný. Í júlímánuði hafi hann farið utan ásamt ákærða Knúti Bruun. Í fylgd með Knúti hafi verið tveir tæknifróðir menn auk manns frá Siglingamálastofnun ríkisins. Þegar ferðin hafi verið hafin, lá fyrir, að seljendur vildu fá um 2.900.000 norskar kr. fyrir skipið, en ákærði kvaðst hafa fengið verðið lækkað um 100.000 norskar kr. Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið viðstaddur undirritun kaupsamningsins, en hún hafi farið fram í skrifstofu Møkster í Stafangri.

Ákærði sagði, að þegar kaupverð hafði verið ákveðið 2.800.000 norskar kr. og það verið sett í kaupsamninginn, hafi þegar verið ákveðið, að af þeirri upphæð fengi hann 300.000 norskar kr. Hafi hann gert ráð fyrir, að umboðslaun hans og Møksters væru innifalin í kaupverðinu og að þessar 300.000 norskar kr. mundu skiptast á milli þeirra. Þegar hann hafi komið til Noregs og afhenda átti skipið, hafi Møkster tjáð sér, að hann væri nú þegar búinn að fá sinn hlut umboðslaunanna og því hafi hann fengið þessar 300.000 norsku kr. óskiptar í sinn hlut. Hann hafi síðar flutt inn nákvæmlega 56.000 norskar kr., eða 2% af söluverði, en það séu hin venjulegu umboðslaun. Einnig hafi hann látið skipafélagið, þ. e. Sandskip h/f, fá á milli 51 og 52.000 norskar kr., að hann minnti. Þessir peningar hafi ekki verið greiddir til baka, enda ekki verið um það rætt, þar sem ákærði hafi lent í hálfgerðum vandræðum með allt þetta fé. Hann kvaðst geyma 175.000 norskar kr. erlendis og væri þetta fé enn til taks. Ákærði kvað viðstadda hafa verið í Rogalandsbanka umræddan Møkster, fulltrúa bankans og seljendur. Knútur Bruun hafi ekki verið viðstaddur, og ákærði kvaðst ekki hafa vitað fyrr en nú í þessu þinghaldi, að hann hefði fengið 100.000 norskar kr. þennan sama dag.

Í þinghaldi 9. júlí 1976 kannaðist ákærði Knútur ekki við að hafa tekið við neinum peningum frá ákærða Þorfinni. Var honum bent á framburð Þorfinns daginn áður um, að hann hefði afhent skipafélaginu milli 51 og 52.000 norskar kr. Knútur kvað þetta ekki rétt. Hins vegar kvaðst hann nú nýlega hafa sagt Þorfinni frá því, að hann hefði sótt um yfirfærslu fyrir reikninga vegna heimsiglingar skipsins og ýmissa viðgerða. Þá kvaðst ákærði ekkert geta fullyrt um það, hvort Þorfinnur hefði vitað um 100.000 norskra kr. greiðslu til sín, en hins vegar taldi hann líklegt, að hann hefði vitað um hana.

Þorfinnur kom fyrir dóm á ný 16. júlí 1976. Var hann þá spurður um það, hverjum hann hefði afhent umræddа 52.000 kr. greiðslu, og kvað hann þá Knút hafa tekið við þessu fé. Ástæðan hefði verið sú, að Knútur hafi beðið hann að hjálpa sér um 52.000 kr. til þess að greiða með kostnað heimsiglingar. Kvaðst ákærði hafa afhent Knúti þetta fé umyrðalaust og án þess að taka kvittun. Þetta fé hafi verið afhent á hóteli því, þar sem þeir bjuggu. Greiðslan hafi farið fram í peningum, en ákærði kvaðst telja, að þeir ákærðu hefðu verið einir, þegar þetta bar við. Þegar ákærða var kynntur framburður Knúts varðandi það, að hann

hefði ekki tekið við þessu fé, kvað hann það ekki vera rétt hjá Knúti, því sannleikurinn væri sá, að hann hefði fengið þetta fé.

Varðandi símtal það, sem Knútur kvaðst hafa átt við Þorfinn, sagði ákærði, að það væri rétt, að Knútur hefði hringt til sín og sagt honum, að búið væri að stöðva yfirfærslu á reikningnum yfir heimsiglingarkostnað vegna rannsóknar þessa máls. Knútur hafi ekki minnst á neina ákveðna upphæð og ekki einu sinni munað upphæðina sjálfur.

Ákærði var spurður um þá fullyrðingu sína fyrir dómi þann 3. júlí, að við undirskrift samnings hefði þegar verið ákveðið, að umboðslaun yrðu 300.000 norskar kr., og staðfesti hann, að þetta væri rétt. Hann kvað Knúti hafa verið ókunnugt um það við undirskrift samnings, hve há umboðslaunin yrðu.

Varðandi greiðslu 100.000 norskra kr. til Knúts sagði ákærði, að sér hefði verið algerlega ókunnugt um þessa greiðslu. Sér hafi borist til eyrna fyrr í sumar (þ. e. 1976), að talið væri, að 400.000 norskar kr. vantaði upp á uppgefið verð skipsins. Kvaðst hann hafa vitað, að 300.000 norskar kr. hefði hann sjálfur fengið, en talið, að þær 100.000 norskar kr., sem eftir voru, hafi Simon Møkster fengið. Honum hafi verið gersamlega ókunnugt um, að Knútur hefði fengið þessa peninga, enda hafi Knútur beðið hann um peninga í Stafangri til að koma skipinu heim. Þess vegna hafi hann látið hann hafa þessar 52.000 norsku kr.

Hinn 20. júlí 1976 kom ákærði Þorfinnur enn fyrir dóm samkvæmt eigin ósk. Kvaðst hann nú hafa verið að reyna að rifja upp ýmis atriði þessa máls betur og kvað sér hljóta að hafa misminnt varðandi það atriði, að hann hefði afhent Knúti 52.000 norskar kr. Ákærða var bent á, að hann hefði staðfastlega fullyrt í síðasta þinghaldi, að hann hefði afhent þetta fé. Hann kvað þetta nú hafa verið misminni, sem gæti verið til komið vegna þess, að Knútur hafi beðið sig að reyna að fá afslátt á verði skipsins. Ákærði kvaðst hafa fært þetta í tal við Simon Møkster, sem hafi sagt, að best væri, að hann, þ. e. Møkster, og Knútur ræddu það mál sín á milli. Kvaðst ákærði ekki um árangur þeirra viðræðna vita.

Hinn 18. október 1976 mætti ákærði Þorfinnur enn fyrir dómi, þar sem lagðar voru fyrir hann nokkrar spurningar að kröfu ríkissaksóknara. Kom þar fram hjá honum, að aðeins hann og Knútur voru viðstaddir samninga um kaupverð umrædds skips. Hann áréttaði, að hann hefði ekki vitað um greiðslu til Knúts fyrr en

eftir að rannsókn máls þessa hófst. Einnig kvaðst hann ekki hafa skýrt Knúti né öðrum stjórnarmönnum Sandskips frá greiðslu á 300.000 norskum kr. til sín. Enn fremur kom fram, að hann hefði eytt 17.000 norskum kr. í Noregi af umræddu fé í veislur, hótelkostnað og kaup á sjónvarpi, sem hann hefði gefið í skipið.

Ákærði Þorfinnur kom hér fyrir dóm hinn 21. febrúar 1978. Hann skýrði svo frá þá, að hann vildi leiðrétta fyrri framburð sinn um það, að umboðslaun hans hefðu þegar verið ákveðin, þegar kaupverð var ákveðið og kaupsamningur gerður. Þetta hafi ekki verið gert fyrr en eftir gerð kaupsamningsins, en líklega í sömu ferð. Þá tók hann fram, að það hefði verið rangt hjá sér, að hann hafi í upphafi gert ráð fyrir, að umboðslaun hans og Møksters væru innifalin í umræddum 2.800.000 norskum kr. og að umræddar 300.000 norskar kr. mundu skiptast á milli þeirra, eins og bókað var eftir honum í þinghaldi 8. júlí 1976. Hann hafi aldrei vitað og viti ekki, hvað Simon Møkster fékk í umboðslaun.

Ákærði taldi, að hann hefði í umræddu tilviki starfað sem umboðsmaður seljanda og komið á sambandi milli seljanda og kaupanda í gegnum Simon Møkster, sem var með umrætt skip í sölu. Venja sé í slíkum tilvikum, að seljandinn greiði umboðslaun til beggja. Það sé samningsatriði hverju sinni, hve há umboðslaun eru, og sé slíkt mjög mismunandi, frá 1/2% af kaupverði og allt upp í 5% eða jafnvel meira.

Ákærði var spurður um skýringu á háum umboðslaunum í umræddu tilviki. Kvaðst hann ekki geta tilgreint neina sérstaka ástæðu í því efni, en hann hefði gert ákveðnar kröfur og þetta hafi orðið niðurstaðan eftir umræður. Hann taldi þessi umboðslaun vera í hærra lagi, en hann vissi þó um hærri sölulaun.

Ákærði var nú spurður um greiðslu til ákærða Knúts að fjárhæð norskar kr. 100.000. Hann kvaðst ekki vita um aðdraganda hennar, nema hvað hann minnti, að Knútur hefði einhvern tíma verið að ræða um afslátt af kaupverði skipsins, sem hann mundi ekki, hve átti að vera mikill. Ákærði tók fram, að sér væri kunnugt um, að stundum veiti seljandi kaupanda einhvern afslátt til að standa straum af heimsiglingarkostnaði og hafi þetta skeð í einu tilviki af sjö, þar sem hann hafi verið umboðsmaður, en um þetta hafi verið samið beint milli kaupanda og seljanda og yfirvöldum gerð grein fyrir því. Ákærða minnti, að þegar hann hefði rætt við Simon Møkster um hugsanlega lækkun verðs úr 2.800.000 norskum kr., hafi hinn síðarnefndi sagt, að best væri,

að kaupandi ræddi beint við seljanda. Ekki vissi hann, hvort slíkar viðræður fóru fram.

Ákærði kvaðst ekki hafa átt neinn hlut í Sandskipi h/f né verið tengdur því fyrirtæki á nokkurn hátt.

Að lokum áréttaði ákærði í þinghaldi þessu, að ekki hefði verið rætt um umboðslaun, fyrr en eftir að kaupsamningur var gerður og kaupverð ákveðið. Honum sé þó ekki fyllilega ljóst, hvort umboðslaunin hafi verið ákveðin í sömu ferð og kaupsamningur var gerður eða þegar skipið var sótt.

Enn kom ákærði fyrir dóm 9. janúar sl., og tók hann þá fram, að hann teldi, að umræður um umboðslaun hefðu farið fram um það leyti sem kaupsamningur var gerður, hvort sem það hafi verið fyrir eða eftir undirritun hans. Kvaðst hann strax hafa gert kröfu um 300.000 norskar kr. sér til handa og hafi verið gengið að henni. Hann hafi hins vegar engan hlut átt að viðræðum um greiðslu til ákærða Knúts.

Við yfirheyrslu í sakadómi Reykjavíkur 9. júlí 1976 skýrði ákærði Knútur svo frá um aðdraganda skipakaupanna, að ákærði Þorfinnur Egilsson hefði haft samband við þá aðilja, sem síðar stofnuðu h/f Sandskip, og látið þá vita, að m/s Jørpeland væri til sölu, en þessir aðiljar höfðu áður haft áhuga á kaupum á sanddæluskipi. Ákærði kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvaða verð seljendur vildu fá fyrir skipið, en taldi þó, að það hefði verið eitthvað hærra en 2.800.000 norskar kr. Skömmu eftir að hann hafi komið til Noregs og farið að ræða kaupin, hafi seljendur fallist á að lækka verð skipsins í 2.800.000 norskar kr. Kvaðst hann hafa reiknað með, að í þessari upphæð væru innifalin venjuleg umboðslaun, þ. e. 2% til beggja umboðsmanna, sem greidd yrðu af seljanda skipsins. Hann kvað alla samninga um væntanleg umboðslaun hafa verið gerða af þeim Þorfinni og Møkster og hafi hann þar hvergi nærri komið.

Ákærði kvaðst hafa litið á umræddа greiðslu á norskum kr. 100.000 til sín sem umboðslaun eða ef til vill nokkurs konar lokaafslátt. Hann minnti, að Þorfinnur hefði ekki verið viðstaddur, er hann tók við þessum peningum. Kvaðst hann ekki vita, hver hefði greitt Møkster umboðslaun.

Í þinghaldi hinn 23. júlí 1976 sagði ákærði, að hann hefði hreinlega ekki gert sér grein fyrir því í upphafi, hve mikill heimsiglingarkostnaður yrði. Reyndar hafi hann talið, að þessi kostnaður gæti numið nokkrum tugum þúsunda norskra króna, sem hann ætlaði að reyna að fá skrifað hjá skipamiðlurum og standa síðan

skil á því, þegar heim kæmi. Hann kvað hafa verið gefið í skyn strax í byrjun samningaumræðna, að verið gæti, að Sandskip h/f gæti fengið einhvern afslátt, og þennan afslátt hugðust þeir nota til greiðslu á þessum kostnaði. Ákærði kvað Kristin Sigurjónsson, sem staddur var í Stafangri við afhendingu skipsins, ekki hafa vitað, að hann hefði tekið á móti 100.000 norskum kr., en hann taldi líklegt, að Kristinn Finnbogason hefði vitað þetta, þar sem hann hefði tekið að sér að greiða reikninga vegna heimsiglingarinnar.

Ákærði sagði, að mismunurinn á 100.000 norskum kr. og þeim reikningum, sem hann hefði lagt fram nú, hafi að mestu leyti farið til greiðslu á ýmsum kostnaði og hafi hann þegar fundið reikning fyrir um 5.000 norskum kr. vegna hótelkostnaðar. Hann kvað viðbótarkostnað verða alls u. þ. b. 10.000 norskar kr. Þeim 35.000 norskum kr., sem eftir séu, kvaðst ákærði hafa eytt í ýmsan kostnað og ferðalög vegna skipsins.

Ákærða var í þinghaldi þessu skýrt frá því, að ákærði Þorfinnur hefði mætt ótilkvaddur fyrir dómi þremur dögum áður, þ. e. 20. júlí, og breytt framburði sínum fyrir dómi varðandi það atriði, að hann hefði afhent Knúti 52.000 norskar kr., þrátt fyrir að hann hefði áður staðfastlega fullyrt að hafa afhent Knúti þetta fé. Ákærði sagði, að það væri ekkert launungarmál, að hann hefði rætt við Þorfinn sl. sunnudag og spurt hann einfaldlega, hvort hann ætlaði að halda við þennan framburð og hvort hann gerði sér grein fyrir því, hvað þess konar framburður hefði í för með sér. Þorfinnur hafi sagst ætla að skoða sín mál, verið gæti, að sér hefði misminnt varðandi þetta atriði. Ákærði kvað Þorfinn hafa hringt í sig, skömmu eftir að hann hefði mætt hér fyrir dómi umræddan dag, og tjáð sér, að hann væri búinn að taka þennan framburð sinn til baka. Ákærði neitaði því, að þeir ákærðu hefðu samræmt framburði sína varðandi þetta atriði. Hann kvaðst einungis hafa bent Þorfinni á, að þessi framburður væri rangur, og bent honum á, að rétt væri, að hann kæmi fyrir dóminn og tæki þessa fullyrðingu sína til baka.

Þegar ákærði kom fyrir dóm hinn 3. ágúst 1976, skýrði hann svo frá, að þegar skipið var skoðað í upphafi, hafi komið í ljós ýmsir vankantar, sem seljandi hafi átt að lagfæra. Þegar að afhendingu kom í október, hafi komið í ljós, að einungis hluti þessara atriða hefði verið lagfærður og sumt af því ekki nógu vel gert. Hafi þetta ásamt öðru orðið til þess, að umræddur afsláttur, þ. e. 100.000 norskar kr., fékkst af verði skipsins.

Enn kom ákærði fyrir dóm 15. (sic) október 1976, og voru þá lagðar fyrir hann nokkrar spurningar að kröfu ríkissaksóknara. Kom fram hjá honum, að af Íslendingum hefðu einungis hann og Þorfinnur verið viðstaddir, þegar samið var um kaupverð skipsins. Hann neitaði því, að við þetta tækifæri hefði verið ákveðin greiðsla til hans af kaupverði skipsins. Hann minntist þess ekki að hafa skýrt Þorfinni sérstaklega frá því, að hann, þ. e. ákærði, hefði fengið 100.000 norskar kr., en hann var hins vegar þeirrar skoðunar, að ákærða Þorfinni væri kunnugt um þessa greiðslu. Taldi hann víst, að hann, þ. e. Þorfinnur, sem umboðsaðili seljanda vissi um þetta. Hann lagði áherslu á, að sér vitanlega hefði ekki verið rætt um neinar greiðslur, hvorki umboðslaun né afsláttargreiðslur í þessum samningaumræðum, sem fram fóru í júlí 1974. Hann kvaðst aldrei hafa rætt sérstaklega við stjórnarmenn eða Kristin Finnbogason um þessa greiðslu, sem hann hefði fengið. Þegar hann var spurður um það, hvað hann hefði gert við umræddar 100.000 norskar kr., svaraði hann því á þessa leið: „Þetta voru nú reyndar 100.000 ÷ 17.779 n. kr., sem seljandi fékk til baka eða um 82.000 n. kr. Um það bil 33.000 n. kr. voru notaðar til greiðslu á þeim reikningum, sem liggja frammi í dóminum. Í bókhaldi fyrirtækisins eru reikningar fyrir ýmsum kostnaði vegna kaupanna, s. s. hótelkostnaði, sem ég hygg, að séu ca 5.000 n. kr. Um þær ca 40.000 n. kr., sem eftir eru, get ég ekki annað sagt, en að ég hafi eytt þeim, þ. á m. í ýmsan kostnað vegna skipsins. Ég ferðaðist mikið á þessum tíma, bæði vegna skipsins og annarra viðskipta. Ég treysti mér hreinlega ekki til að greina þarna á milli og get ekki sýnt reikninga vegna þessarar eyðslu."

Þegar ákærði kom hér fyrir dóm hinn 23. ágúst 1977 (sic), skýrði hann svo frá, að Þorfinnur hefði við kaup skipsins komið fram sem umboðsmaður seljanda og komið á sambandi milli seljanda og kaupanda og gengið frá samningnum ásamt norska umboðsmanninum Møkster. Ákærði Þorfinnur hafi ekki verið tengdur Sandskipi h/f á nokkurn hátt.

Ákærði var nú spurður um nánari aðdraganda að því, að hann fékk greiddar umræddar 100.000 norskar kr. af kaupverði skipsins frá seljanda. Hann sagði, að þegar skipið hefði verið skoðað í upphafi, hafi komið fram ýmislegt, sem talið var, að þyrfti að lagfæra, bæði af hálfu kaupanda og fulltrúa siglingamálastjóra. Þegar kom að afhendingu skipsins, þá var ýmislegt af þessu ógert. Af þessum sökum og einnig vegna óvænts heimsiglingarkostnaðar

var nú rætt um einhvern afslátt af áðurnefndu kaupverði, og varð það niðurstaðan, að seljandi veitti afslátt upp á norskar kr. 100.000. Kvaðst ákærði hafa rætt þetta atriði í Rogalandsbanka við Lars Hovland, er lokauppgjör fór fram, og hafi þeir þá rætt þetta í fyrsta sinn. Hafi Hovland fallist á að veita umræddan afslátt upp á norskar kr. 100.000. Ákærði tók fram, að sér fyndist líklegt, að þetta atriði hafi verið búið að koma til umræðu milli umboðsmannanna, Þorfinns og Møkster, og Hovland, en sér hafi verið haldið utan við allar umræður þeirra um afslátt og söluIaun.

Ákærði áréttaði, að umræddu fé hefði verið ráðstafað í þágu skipsins, og vísaði til fyrri framburða sinna í því efni. Hann tók fram, að ekki hefði fundist reikningur vegna greiðslu á slipptöku skipsins í Stafangri, en kaupandi greiddi hluta af þeim kostnaði, líklega í kringum norskar kr. 10.000, sem greiddar hafi verið af umræddu fé. Þetta hafi verið vegna málningar á botni skipsins. Auk þess hafi farið fram ýmsar greiðslur vegna skipsins af þessu fé, sem ekki liggja fyrir gögn um.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 9. janúar sl. ítrekaði hann, að ekki hefði verið rætt um greiðslu á 100.000 norskum kr. til hans fyrr en í síðari ferðinni, þegar endanlega var gengið frá kaupunum og skipið afhent. Tók hann fram í þessu sambandi, að hann hefði aldrei verið viðstaddur neinar viðræður um umboðslaun til Þorfinns og hafi hann ekki verið vitni að greiðslu til hans. Enn fremur hafi Þorfinnur ekki verið viðstaddur, þegar greiðslan til ákærða á fyrrnefndum 100.000 norskum kr. átti sér stað. Tók hann einnig fram, að hann hefði ekki vitað um greiðslu til Þorfinns, fyrr en eftir að Seðlabankinn lagði fram kæru í málinu.

Kristinn Ragnar Sigurjónsson byggingameistari, Álfheimum 5, Reykjavík, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki farið utan til samningsgerða vegna kaupa á m/s Grjótjötni. Hins vegar hafi hann verið viðstaddur afhendingu skipsins. Hann hafi gerst aðili að þessum kaupum í september 1974, að hann minnti. Hins vegar hafi honum verið kunnugt um, að farið hefði verið til Noregs til að skoða skipið. Kvaðst hann ekki muna eftir því, hvaða upphæð var nefnd sem endanlegt kaupverð skipsins, þegar hann gerðist aðili.

Kristinn kvaðst ekki hafa haft nokkra hugmynd um greiðslu umboðslauna og ekki tekið þátt í samningum um slík mál. Hann hafi yfirleitt ekki verið viðstaddur neina samningsfundi. Það sé fyrst nú í þinghaldinu, þ. e. 14. júlí 1976, sem hann fái að vita, að

Knútur hafi tekið við 100.000 norskum kr. Hann kvaðst sjálfur einungis hafa annast hina verklegu hlið í sambandi við móttöku skipsins og hann hafi ekkert skipt sér af fjármálahliðinni, en hana hafi Knútur annast og ef til vill einnig Kristinn Finnbogason. Kristinn sagði, að Knútur hefði ekki afhent sér neina peninga, er Knútur fór heim á leið frá Noregi. Kvaðst Kristinn ekki hafa séð um að greiða kostnað við heimsiglingu skipsins. Hann kvaðst heldur ekki hafa tekið við fé frá Þorfinni til greiðslu á umræddum kostnaði. Hann hafi einungis haft til umráða sinn venjulega ferðagjaldeyri.

Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri, Norðurbrún 30, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi 15. júlí 1976, að það hefði verið fyrir tilviljun, að hann hefði verið við afhendingu á m/s Grjótjötni í Stafangri. Hann hafi verið á ferðalagi og komið við í Stafangri, þar sem hann hafði áhuga á að skoða skipið, því fóstursonur hans, Jóhann Kristjónsson, hafi verið hluthafi í Sandskipi h/f. Hann sagði, að hann hefði ekki haft afskipti vegna skipsins umfram það, að Simon Møkster hafi haldið því fram, að ekki væri búið að yfirfæra greiðslu frá Landsbanka Íslands. Kvaðst Kristinn hafa tjáð honum, að svo hlyti að hafa verið gert, og benti honum á að hafa símasamband við bankann. Þá kvaðst hann hafa krafist þess, að hreint veðbókarvottorð lægi fyrir varðandi skipið og að Rogalandsbankinn innti engar greiðslur af hendi til seljanda, fyrr en veðbókarvottorð lægi fyrir. Hann kvað samtalið við Simon Møkster hafa farið fram á skrifstofu hins síðarnefnda.

Kristinn kvaðst ekki hafa vitað um umræddar greiðslur til ákærðu, samtals að fjárhæð 400.000 norskar kr. Hann kvað þá Knút og Þorfinn hafa þurft að fara frá Stafangri degi fyrr en hann sjálfur og hafi Knútur þá afhent honum umslag með peningum til greiðslu reikninga vegna heimsiglingarkostnaðar. Hann kvaðst ekki hafa haft hugmynd um, hvernig fé það, sem varið var til greiðslu á reikningum, hefði verið til komið. Hann hafi einungis tekið við þessu fé til að greiða reikninga þessa, þar sem þeir voru ekki tilbúnir, er Knútur fór frá Stafangri. Hann kvaðst ekki hafa tekið við fé frá Þorfinni þarna í Stafangri.

Jóhann Sigurður Kristjónsson vélvirkjanemi, Neshaga 5 hér í borg, skýrði svo frá fyrir dómi 8. nóvember 1976, að Kristinn Finnbogason hefði annast allt fyrir sína hönd varðandi aðild hans að Sandskipi h/f. Kvaðst hann hafa lítið komið nálægt félaginu. Hann kvaðst ekki muna, hvað sagt hefði verið um kaupverð

skipsins, og hann kvaðst enga hugmynd hafa haft um fjárgreiðslur til ákærðu, fyrr en sér hefði verið sagt frá slíku, eftir að rannsókn hófst.

Páll Guðfinnur Jónsson forstjóri, Vesturbrún 26 hér í borg, skýrði svo frá fyrir dómi 8. nóvember 1976, að hann hefði gerst hluthafi í Sandskipi h/f við stofnun þess, en það hafi verið eftir að Knútur hafi farið til Noregs til að skoða skipið. Hann mundi ekki eftir að hafa séð kaupsamninga, áður en hann gerðist hluthafi, en hann hafi vitað, að kaupverð hafi verið 2.800.000 norskar kr. um það leyti sem hann gekk til þátttöku í félaginu. Hann kvaðst engan þátt hafa átt í samningaviðræðum og samningagerðum vegna kaupanna eða afhendingar skipsins. Hann kvaðst ekki hafa vitað um fjárgreiðslur til ákærðu í sambandi við kaup skipsins. Hann hafi í raun komið inn í félagið sem „síðasta hjól" og þá hafi þegar verið búið að ganga frá flestu vegna kaupanna. Hann kvaðst hafa vitað, að Kristinn Sigurjónsson, Kristinn Finnbogason og Knútur hefðu verið að velta fyrir sér kaupum á sanddæluskipi, en hann hafi ekki komið inn í þetta fyrr en við stofnun hlutafélagsins í lok september 1974.

Rétt er að geta þess hér, að fram hefur verið lagt í málinu ljósrit af skjali með fyrirsögninni „Avtale", dagsettu 25. júlí 1974 í Stafangri, undirritað af Lars Hovland. Skjal þetta fannst við húsleit á skrifstofu ákærða Þorfinns, sem fram fór hinn 17. ágúst 1977 að tilhlutan rannsóknadeildar ríkisskattstjóra, og var skjal þetta sent dóminum ásamt fleiri gögnum varðandi mál þetta með bréfi, dagsettu 30. janúar 1978. Efni skjalsins er á þessa leið:

„I tilslutning til kjöpekontrakt for sandsugeren „JÖRPELAND", datert 24. juli 1974, er kjöpernes megler advokat Å. Egilsson og selgerne Lars Hovland & Co., blitt enig om at advokat K. Bruun får utbetalt n. kr. 100.000.- til dekning af kommisjon etc."

Í þinghaldi 21. febrúar 1978 var Þorfinni bent á skjal þetta og að efni þess stangaðist á við framburði hans um þetta efni. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því samkomulagi, sem vísað er til í skjali þessu. Hann kvað það ekki hafa verið í sínum verkahring að semja um slíkt. Kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa séð skjal þetta áður, en eins og fyrr segir, fannst það í skrifstofu hans hinn 17. ágúst 1977.

Ákærða Knúti var í þinghaldi sama dag bent á umrætt skjal, sem gæfi tilefni til að álykta, að greiðsla til hans hefði komið til umræðu strax við gerð kaupsamnings. Ákærði áréttaði, að sér hefði verið ókunnugt um það samkomulag, sem þarna er um rætt,

og aldrei hafi verið rætt um þetta við sig fyrr en undir lokin, sem fyrr segir.

Af hálfu ákærða Þorfinns hafa verið lagðar fram tvær yfirlýsingar, annars vegar frá Simoni Møkster og hins vegar frá Lars Hovland. Yfirlýsingin frá Simoni Møkster er dagsett 8. febrúar 1977, og segir þar, að umboðslaun til ákærða, norskar kr. 300.000, hafi verið greidd út, eftir að endanlegt uppgjör hafi átt sér stað í Rogalandsbanka.

Yfirlýsing Lars Hovland er dagsett 22. ágúst 1977 og er á þá leið, að umboðslaun til Þorfinns hafi verið ákveðin, eftir að kaupsamningur um sölu m/s Jørpeland hafi verið undirskrifaður í Stafangri hinn 24. júlí 1974.

Af hálfu dómsins þótti nauðsynlegt að aflað yrði dómskýrslna af þeim norsku aðiljum, sem áttu hlut að samningum í sambandi við kaup á umræddu skipi. Var málið sent ríkissaksóknara í þessu skyni, og hlutaðist hann til um, að slík rannsókn færi fram í Noregi. Verður nú gerð grein fyrir helstu atriðum, sem fram komu við þá rannsókn og máli skipta hér.

Yfirheyrslur fóru fram í Ryfylke forhöyrsrett í þinghúsinu í Stafangri 14. júlí, 14. september og 28. nóvember 1978. Yfirheyrðir voru Lars Hovland, Simon Møkster, Gunnar Vegard Skjørestad, meðeigandi í firmanu Lars Hovland & Co., og Øyvind Beyer, yfirbókari hjá Simoni Møkster.

Lars Hovland skýrði svo frá, að við gerð kaupsamnings hefði kaupverð verið ákveðið 2.800.000 norskar kr. Þetta kallaði hann „bruttókaupverð". Hann kvaðst hafa átt að fá 2.400.000 kr. sem nettókaupverð. Hann var ekki viss um, hvort honum var ljóst, þegar kaupsamningur var gerður, að nettókaupverð ætti að vera 2.400.000 kr. Hann gekk hins vegar út frá því, að umboðslaun skipamiðlaranna kæmu til frádráttar frá brúttókaupverði, þ. e. a. s. að seljandi ætti að borga öll umboðslaun. Hversu há umboðslaunin mundu verða, var hann ekki viss um, að sér hefði verið ljóst á þessu augnabliki. Honum var ekki kunnugt, hver væri venja um slík efni við sölu skipa.

Hovland kvað endanlegt uppgjör hafa átt sér stað í Rogalandsbanka. Hann kvaðst vita minna um, hvernig þetta var framkvæmt, því að um það hafi aðallega séð yfirbókari Simonar Møkster, Øyvind Beyer, og félagi sinn, Vegard Skjørestad.

Varðandi greiðslu á norskum kr. 400.000 til ákærðu taldi Hovland, að þessi upphæð væri umboðslaun til miðlaranna.

Hann kannaðist við undirskriftir á framangreindu skjali, „Avtale", og yfirlýsingu þeirri, dagsettri 22. ágúst 1977, sem áður er getið. Hann mundi þó ekki eftir því, hvernig skjöl þessi voru til komin.

Vitnið Simon Møkster skýrði svo frá, að skipið hefði verið sett í sölu í byrjun árs 1974 hjá honum sem skipamiðlara. Að gefnu tilefni hafi hann haft samband við Þorfinn í apríl—maí gegnum síma. Eftir það hafi þeir verið í sambandi hvor við annan nokkrum sinnum. Ákærðu ásamt nokkrum öðrum, alls 5—6 manns, hafi komið til að skoða skipið hinn 23. júlí 1974. Kaupendurnir hafi skoðað skipið við bryggju í Stafangri og talið það fullnægja skilyrðum tæknilega með nokkrum fyrirvörum. Samið hafi verið um kaupverð, 2.800.000 norskar kr. Eftir að lagfært hafði verið það, sem fyrirvarar höfðu verið settir um, u. þ. b. um miðjan september 1974, hafi kaupendur borgað inn á 10% af samningsupphæð, 280.000 norskar kr., til Rogalandsbanka. Hafi upphæðin verið lögð inn á sameiginlegan reikning Lars Hovland og Sandskips h/f. Hinn 31. júlí hafi verið sótt til viðskiptaráðuneytisins um útflutningsleyfi og til Exportfinans um lán í sambandi við söluna í samræmi við kaupsamning. Annaðist hann umræddar umsóknir. Kaupendur sáu sjálfir um að afla nauðsynlegra bankatrygginga. Skipið var sett í þurrkví í Stafangri í byrjun október 1974. Ákærðu ásamt nokkrum öðrum, samtals 6—7 mönnum, voru mættir, skoðuðu skipið og tóku við því. Hann kvaðst hafa litið á Þorfinn Egilsson sem skipamiðlara á Íslandi og hafi hann komið fram sem slíkur í sambandi við þessi kaup. Vitnið sagði, að skipið hefði verið sett í sölu á verði, sem nam u. þ. b. 3.000.000 norskum kr. Við undirskrift samnings hafi verið samið um 2.800.000 norskar kr. sem kaupverð. Íslendingarnir hafi ekki viljað greiða meira en þessa upphæð fyrir skipið. Við samningaviðræður, áður en samningur var undirritaður hinn 24. júlí 1974, taldi hann sig muna, að það hefði verið gert ljóst, að skipamiðlarinn frá Íslandi krefðist 400.000 norskra kr. í umboðslaun. Hovland hafi þannig átt að vita frá upphafi, að nettógreiðsla til hans mundi nema 2.400.000 norskum kr. Þetta hafi verið lágmark þess, sem Hovland þurfti að fá til þess að geta leyst fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Mismunurinn, sem nam 400.000 norskum kr., átti að vera umboðslaun til Íslendinganna, en af því hafi ákærði Þorfinnur krafist norskra kr. 300.000 og ákærði Knútur norskra kr. 100.000. Samkvæmt því, sem vani var í slíkum viðskiptum, átti seljand-

inn, Lars Hovland, að greiða þessa upphæð. Umboðslaunin átti að greiða út við afhendingu skipsins. Møkster kvað umboðslaunin gróflega og óvenjulega há. Viðskiptaráðuneytið sneri sér einnig til hans vegna þessara háu umboðslauna. Sem skipamiðlari fyrir seljanda reiknaði hann sér umboðslaun upp á 1%, þ. e. a. s. 28.000 norskar kr. Þetta kvað hann vera í samræmi við það, sem hann reikni sér venjulega við sölu skipa innanlands. Þessi umboðslaun voru dregin frá kaupverðinu, norskum kr. 2.800.000.

Upphæðir þessar voru greiddar út við afhendinguna hinn 9. október 1974. Af hálfu hans vann að þessu yfirbókari hans, Øyvind Beyer, og þetta fór fram í Rogalandsbanka.

Við síðari yfirheyrslu skýrði Møkster frá því, að hann hefði það á tilfinningunni, að umboðslaun á Íslandi væru tiltölulega há. Hann hafði ekki áður selt skip til Íslands, en honum fannst, að umboðslaun í þessu tilviki hefðu verið óvenjulega há, jafnvel miðað við það, sem gerðist í þessum viðskiptum gagnvart Íslandi. Þá upplýsti hann, að það væri ekki venjulegt að gefa upp umboðslaun í krónum eins og í þessu tilviki. Venjulega væru þau ákveðin sem hundraðshluti af kaupverði. Hann áréttaði, að samkvæmt hans skoðun ættu öllum aðiljum að hafa verið ljóst, hver nettógreiðsla yrði, áður en uppgjör fór fram. Hann kvað uppgjörið hafa farið fram í Rogalandsbanka sama dag og skipið var afhent. 2.800.000 norskar kr. hefðu verið borgaðar inn til bankans, sem hafi síðan borgað norskar kr. 400.000 til „miðlaranna" á Íslandi.

Þá óskaði hann að leiðrétta fyrri framburð sinn varðandi umboðslaun hans. Hann kvaðst hafa tekið við umboðslaunum, sem námu norskum kr. 24.000, en ekki 28.000, eins og hann hefði áður skýrt frá. Kvað hann þetta hafa verið fyrir mistök, þar sem honum hafi verið reiknuð 1% af 2.400.000, en það rétta hefði átt að vera 1% af fullu kaupverði, norskum kr. 2.800.000.

Yfirlýsing Møkster frá 8. febrúar 1977, sem áður er rakin, var borin undir hann, og staðfesti hann hana sem rétta, en vísaði jafnframt til nákvæmari skýringa í framburði sínum fyrir dóminum hinn 14. júlí 1978. Hann kvað yfirlýsinguna skrifaða eftir beiðni frá Þorfinni.

Gunnar Vegard Skjørestad skýrði svo frá fyrir dómi hinn 28. nóvember 1978, að hann væri meðeigandi í fyrirtækinu Lars Hovland & Co. og sæi um bókhald þess að hluta. Hann kvað viðkomandi skip hafa verið boðið til sölu í gegnum Simon Møkster sem skipamiðlara og hefði verið sett upp verðið 2.500.000 norskar kr.

Í júní 1974 hafi skipamiðlarinn snúið sér til þeirra, þ. e. Lars Hovland & Co., og skýrt þeim frá, að hann væri í sambandi við aðilja á Íslandi, sem hefðu áhuga á að kaupa skipið á uppsettu verði. Seljendur sýndu Íslendingunum skipið í lok júlí 1974. Á 3—4 dögum hafi skipið verið skoðað og sýnt í starfi og verið rætt um hugsanleg kaup. Á 3. eða 4. degi hafi aðiljar komið saman í skrifstofu Møkster til þess að ræða nánar tæknileg smáatriði og skilmála í sambandi við söluna. Þarna hafi verið Møkster, ákærðu, Hovland og vitnið. Seljendur höfðu áður gefið Møkster til kynna, að þeir mundu vera ánægðir með kaupverð, sem næmi 2.400.000 — 2.500.000 norskum kr. Møkster sá um samningaviðræðurnar. Ákveðið var, að brúttókaupverð skyldi verða 2.800.000 norskar kr., og þetta var fært í kaupsamninginn. Seljendum var gert ljóst, að þeir mundu ekki fá greitt út meira en 2.400.000 norskar kr. Mismunurinn yrði umboðslaun til hinna íslensku skipamiðlara, samtals 400.000 norskar kr. Skjørestad sagði, að hann hefði undrast upphæð umboðslaunanna, en lét ekkert í ljós um það, þar sem seljendur fengu það, sem þeir óskuðu. Auk þess fannst honum umboðslaunin ekki óeðlilega há miðað við þá tekjumöguleika skipsins, sem Íslendingarnir reiknuðu með.

Íslendingarnir komu aftur í október, að sögn vitnisins, til að skoða skipið í þurrkví, áður en afhending færi fram, og til þess að annast endanlegt uppgjör. Uppgjörið kvað hann hafa farið fram í Rogalandsbanka og hefðu eftirfarandi verið viðstaddir: Lunde frá Rogalandsbanka, 2—3 Íslendingar, þar á meðal Knútur og líklega Þorfinnur, Beyer, Hovland og vitnið. Hann taldi, að við þetta tækifæri hefðu verið borgaðar út 2.400.000 norskar kr., en mundi ekki, hvort og hvernig umboðslaunin voru borguð út. Hann og Hovland hafi látið Beyer sjá um vinnuna í þessu sambandi og viti hann því ekki að fullu, hvernig þetta átti sér stað.

Hann staðfesti, að kaupverðið hefði verið gefið upp sem 2.800.000 norskar kr. til skipaskráningar. Á söluuppgjöri, sem Beyer hafði hjálpað við að setja upp, hefði kaupverðið verið gefið upp 2.400.000 norskar kr. og þetta söluuppgjör hafi verið sent til skattstofunnar á Strand.

Vitnið Øyvind Beyer skýrði svo frá fyrir dómi hinn 28. nóvember 1978, að hans afskipti af máli þessu hefðu verið fyrst og fremst varðandi greiðslur. Hann hafi í fyrsta sinn hitt kaupendur á stuttum fundi í október 1974 hjá Simoni Møkster. Þar hafi verið ákærðu, Møkster, Hovland, Skjørestad og hann sjálfur.

Hann kvaðst hafa vitað um upphæð umboðslauna frá fyrri tíð, m. a. af því að þetta hafi verið upplýst í símtali við norska viðskiptaráðuneytið í sambandi við umsókn um útflutningsleyfi. Á fundi þessum lét Þorfinnur í ljós ósk um að fá umboðslaunin greidd í 100 króna seðlum. Aðiljarnir fóru þessu næst í Rogalandsbanka, þar sem uppgjör fór fram. Þarna var borgað út alls 2.800.000 norskar kr. Af því fékk Hovland & Co. greitt 2.400.000 norskar kr., en 400.000 kr. voru samtímis greiddar til ákærðu, annars vegar 100.000 og hins vegar 300.00 norskar kr. Umboðslaunin voru greidd í 100 norskum kr. seðlum, og móttakendur gáfu kvittun fyrir upphæðinni.

Beyer sagði, að hann væri óvanur svo háum umboðslaunum, en við sölu til Íslands væri oftast um mjög há umboðslaun að ræða. Skipið hafi verið sett í sölu á 2.500.000 norskar kr. Ef það hefði verið keypt af norskum kaupendum, hefðu umboðslaun komið til frádráttar þeirri fjárhæð í samræmi við venju. Hann kvað það hafa verið tilfinningu sína, að hér hefði ekki verið um alveg „opin" viðskipti að ræða, án þess að hann gæti útskýrt nánar, fyrir hverjum væri verið að leyna upphæð umboðslauna. Allir, sem þarna voru í bankanum, hafi hins vegar vitað um þetta.

Þá skýrði Beyer svo frá, að sem bókari fyrir Lars Hovland & Co. hefði hann sett upp söluuppgjör fyrir seljendur. Hér hafi söluupphæðin verið gefin upp sem 2.400.000 norskar kr. Hafi hér verið um að ræða saldo á reikningi „fyrir sölu ms. Jørpeland". Hið rétta hefði verið að bóka alla upphæðina, 2.800.000 norskar kr. ÷ norskar kr. 400.000 í umboðslaun. Þetta hefði ekki haft neina raunhæfa þýðingu fyrir seljendur að því er varðaði skatta, en vegna tímahraks í sambandi við ársuppgjör hafi þetta ekki verið gert.

Þess skal getið, að tvö síðastgreind vitni höfðu áður verið yfirheyrð hjá lögreglunni í Stafangri varðandi mál þetta, hinn 18. og 19. júlí 1978.

Við yfirheyrslu skýrði Vegard Skjørestad svo frá, að hann og Hovland hefðu verið mjög ánægðir með það verð, sem Íslendingarnir vildu borga fyrir skipið, enda þótt þeim væri ljóst, að þeir yrðu að borga 400.000 norskar í umboðslaun og mundu því ekki fá meira en 2.400.000 norskar kr. fyrir skipið. Skjørestad skildist, að Knútur væri einn af forystumönnum fyrirtækisins, sem ætlaði að kaupa skipið. Undraðist hann dálítið þau umboðslaun, sem Knútur átti að fá, en þegar litið væri til þeirra tekju-

möguleika, sem ákærðu sögðu, að skipið hefði á Íslandi, þá fannst honum þetta ekki vera stór upphæð, þ. e. umræddar norskar kr. 100.000.

Við yfirheyrslu Øyvind Beyer hjá lögreglunni skýrði hann svo frá, að upphæðin 2.400.000 norskar kr., hefði snemma verið nefnd af hálfu Hovland, sem hann yrði að fá til þess að komast skaðlaust frá kaupunum. Hann taldi, að það hefði verið ljóst, áður en samningurinn var undirskrifaður, hver umboðslaunin væru, og gengið hafi verið út frá, að Lars Hovland & Co. fengi í sinn hlut 2.400.000 norskar kr.

Frammi liggur í málinu söluuppgjör það, sem framangreindur Beyer gerði eftir sölu skipsins og sent var til viðkomandi skattayfirvalda. Söluuppgjörið hljóðar svo:

„Salgsoppgjör m/s „Jörpeland“			
Bokfört pr. 1/1–74	1.000.000.00		
+ påkostet	303.545.01		
+ eget arbeid	196.454.99	1.500.000.00	
Salgskommisjon		24.000.00	
Salgsum			2.400.000.00
Salgsgevinst:			
Lars Hovland	438.000.00		
Vegard Skjörestad	438.000.00	876.000.00	
		2.400.000.00	2.400.000.00“

Í tilefni af ofangreindum framburðum hefur af hálfu ákærða Þorfinns verið lagt fram símskeyti til hans frá Simoni Møkster hinn 2. janúar sl., þar sem hann vísar til samtals þeirra á milli þá nýlega og segist staðfesta, að útgerðin hafi sett upp norskar kr. 3.000.000 fyrir skipið, þegar það var boðið til sölu. Að útgerðin hafi síðar tekið lægra verðtilboði, breyti ekki því, að þetta hafi verið hið upprunalega verð, sem upp var sett.

Fyrir liggur í málinu vottorð frá bæjarfógetanum í Stafangri, skipaskrá, dagsett 9. október 1974, þar sem segir, að m/s Jørpeland sé þennan dag afskráð úr skipaskrá Stafanguns sem selt til Sandskips (Knútur Bruun, Reykjavík, Island) fyrir norskar kr. 2.800.000.

Þá liggur fyrir í málinu bréf Simonar Møkster til norska viðskiptaráðuneytisins, dagsett 31. júlí 1974, þar sem sótt er um

útflutningsleyfi fyrir m/s Jørpeland. Eru þar gefnar þær upplýsingar, að söluverð skipsins sé norskar kr. 2.800.000, sem sé mjög viðunandi („meget tilfredsstillende") verð, og er sú skýring gefin á þessu hagstæða verði, að skipið sé útbúið sem sanddæluskip.

Fyrir liggur í málinu gjaldeyrisumsókn, dagsett 18. júní 1976, frá ákærða Knúti, þar sem sótt er um gjaldeyri að fjárhæð norskar kr. 50.917.20. Segir þar, að hér sé um að ræða launakostnað skipverja að fjárhæð 9.481 norskar kr., greiðslu til Lars Hovland & Co., 17.779 norskar kr., greiðslu til Fred Hansen A/S, 12.301.70 norskar kr., greiðslu til Helge R. Myhre A/S, 10.366.65 norskar kr., og að lokum greiðslu til Rogaland Jernvare að fjárhæð 988.85 norskar kr. Segir í umsókninni, að hér sé um að ræða kostnað, greiddan af umboðslaunum árið 1974 vegna kaupa á m/s Grjótjötni í Stafangri. Umræddir reikningar fylgja gjaldeyrisumsókn þessari.

Í málinu hafa verið lagðar fram af hálfu ákærða Knúts Bruun yfirlýsingar frá tveimur stjórnarmönnum Sandskips h/f, Kristni R. Sigurjónssyni og Páli G. Jónssyni, og hafa báðir staðfest þær fyrir dómi. Efnislega eru báðar yfirlýsingar þessar á þá leið, að Knútur Bruun hafi unnið allt undirbúningsstarf vegna kaupa á m/s Grjótjötni og skrifstofa hans hafi annast allt skrifstofuhald. Gert hafi verið ráð fyrir því, að laun yrðu greidd vegna þessara starfa svo og allur útlagður kostnaður, og hafi verið mikill kostnaður á fallinn, þegar skipið var afhent, og enn meiri komið til síðar. Hins vegar hafi afkoma fyrirtækisins aldrei verið slík, að unnt væri að greiða Knúti, og uppgjör við hann hafi aldrei farið fram.

Af fundargerðum Sandskips h/f sést, að hinn 20. ágúst 1976 var samþykkt í stjórn félagsins að fela lögmanni að afhenda skiptarétti Reykjavíkur bú félagsins til meðferðar með það fyrir augum að leitast við að ná nauðasamningum við lánardrottna fyrirtækisins og að viðkomandi lögmaður fái í samráði við skiptarétt að vinna að gerð slíkra nauðasamninga. Einnig var á fundi þessum rætt um sölu á eignum fyrirtækisins til annars fyrirtækis, sem átt hafði sér stað, og kemur fram, að allir samningar um það hafi verið undirritaðir. Mun hlutafélagið þar með hafa hætt öllum störfum.

Samkvæmt gögnum, sem liggja fyrir í máli þessu, hefur ákærði Þorfinnur skilað til Útvegsbanka Íslands og Landsbanka Íslands erlendum gjaldeyri að jafnvirði 7.610.997 íslenskum krónum, en

þessi fjárhæð svarar til 227.000 norskra króna á gengi hinn 27. ágúst 1976, er verjandi ákærða sendi ríkissaksóknara ljósrit af kvittunum fyrir þessum gjaldeyrisskilum. Samkvæmt þessu hefur ákærði því skilað erlendum gjaldeyri, er svarar til norskra kr. 283.000 af umræddum umboðslaunum. Í málinu er ekki ákært fyrir vanrækslu á skilum gjaldeyris.

III.

Niðurstaða.

A. Ákærði Knútur Bruun.

Ákæruliður I.

Telja verður sannað, aðallega af framburðum framangreindra Norðmanna og að hluta af framburði ákærða Þorfinns svo og af yfirlýsingu („Avtale") Lars Hovland, dagsettri 25. júlí 1974, að greiðsla til ákærðu, norskar kr. 400.000, hafi verið ákveðin um það leyti sem gengið var frá kaupsamningi. Gegn neitun ákærða Knúts er þó ekki unnt að telja sannað, að hann hafi um þetta vitað þá, enda þótt líkur bendi til, að svo hafi verið. Verður hér lagt til grundvallar, að honum hafi fyrst verið kunnugt um greiðslu á norskum kr. 100.000 til sín, skömmu áður eða um það leyti sem hann tók við henni hinn 9. október 1974, og að hann hafi aldrei vitað um greiðslu á norskum kr. 300.000 til ákærða Þorfinns.

Ákærði kveðst hafa litið á umrædda greiðslu til sín sem nokkurs konar lokaafslátt til kaupanda, og þykir hér rétt að leggja það til grundvallar. Ákærði gerði öðrum stjórnarmönnum Sandskips h/f enga grein fyrir þessari greiðslu. Hann hefur lagt fram reikninga, samtals að fjárhæð norskar kr. 50.917.20, sem hann kveður hafa farið til greiðslna á kostnaði vegna skipsins, en hann sótti um yfirfærslu vegna þeirra, eftir að rannsókn máls þessa hófst. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga eindreginn og endurtekinn framburð ákærða Þorfinns í upphafi rannsóknar málsins, sem hann breytti síðar, eftir að ákærðu höfðu rætt saman um, að hann hefði lagt fram norskar kr. 52.000 til greiðslu á kostnaði vegna skipsins.

Að því leyti sem ákærði Knútur hefur ekki staðið skil á umræddu fé til Sandskips h/f, þ. e. að því er varðar norskar kr. 49.082.80, verður að líta svo á, að hann hafi dregið sér það, þannig að varði við 247. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliður II.

Svo sem að framan greinir, þykir ekki nægilega sannað, að ákærði Knútur hafi við gerð kaupsamnings hinn 25. júlí 1974 vitað um samninga ákærða Þorfinns við seljendur um umboðslaun. Með hliðsjón af því verður hann ekki talinn sekur um ranga skýrslugjöf, er hann staðhæfði í umsóknum um heimild til erlendrar lántöku og um kaup á erlendum gjaldeyri, áður en hann hélt utan til að ganga endanlega frá kaupum skipsins, að kaupverð þess væri norskar kr. 2.800.000. Ber því að sýkna hann af þessum ákærulið.

B. Ákærði Þorfinnur Egilsson.

Ákærði Þorfinnur hefur borið, að hann hafi um það leyti sem kaupsamningur var gerður sett fram kröfu um norskar kr. 300.000 sér til handa í umboðslaun og hafi verið að henni gengið. Hann hefur og borið, að hann hafi ekki sagt ákærða Knúti frá þessari kröfu og greiðslu samkvæmt henni.

Framangreinda greiðslu til ákærða verður að telja óeðlilega háa sem umboðslaun miðað við kaupverð umræddS skips. Samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem gilti á umræddum tíma, var þóknun vegna sölu skipa miðuð við 2% af söluverði, og skiladi ákærði gjaldeyri í samræmi við það. Af gögnum og framburðum þykir og mega ráða, að fjárhæð umboðslauna hafi ráðið nokkru um það, hvaða kaupverð var sett í kaupsamning. Er hér m. a. höfð hliðsjón af framburðum þeirra Gunnars Vegard Skjørestad og Øyvind Beyer, sem gefa til kynna, að seljandi hafi gert sig ánægðan með 2.400—2.500.000 norskar krónur fyrir skipið, svo og það, að greidd umboðslaun til hins norska skipamiðlara, Møkster, voru miðuð við 2.400.000 norskar kr. Ákærða hlaut að vera ljóst, að svo há greiðsla til hans yrði, að minnsta kosti að einhverju leyti, á kostnað kaupanda skipsins, þ. e. Sandskips h/f. Ákærði leyndi kaupandann þessari staðreynd í þeim tilgangi að hagnast sjálfur. Þetta atferli hans þykir varða við 248. gr. alm. hegningarlaga, sem verður beitt hér, enda þótt ekki sé ákært samkvæmt þeirri lagagrein, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Hefur verjendum verið gefinn kostur á að reifa málið að þessu leyti.

Ákærði kveðst aldrei hafa vitað um greiðslu á norskum kr. 100.000 til ákærða Knúts. Með hliðsjón af gögnum og framburðum, einkum fyrrnefndri yfirlýsingu („Avtale") Lars Hovland, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, en yfirlýsing þessi fannst í fórum ákærða, verður engu að síður að telja sannað, að ákærða hafi verið fyllilega kunnugt um greiðslu þessa og hann reyndar

staðið að samningum um hana. Þykir rétt að líta á samninga ákærða á þessum tíma um sérstök umboðslaun til ákærða Knúts sömu augum og framangreinda samninga hans um umboðslaun sjálfum sér til handa, og telst þetta atferli hans því einnig varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing og önnur viðurlög.

Ákærði Knútur Bruun hefur ekki sætt kæru né refsingu áður, svo kunnugt sé.

Ákærði Þorfinnur Egilsson hefur ekki áður sætt kæru né refsingu, sem máli skiptir við úrlausn þessa máls.

Eftir atvikum þykir refsing ákærða Knúts Bruun hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Refsing ákærða Þorfinns Egilssonar þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Í ákæru er þess krafist, að ákærðu verði sviptir leyfum til málflutnings. Ákærði Knútur Bruun fékk leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 13. desember 1973 og fyrir héraðsdómi 8. apríl 1963, en ákærði Þorfinnur fékk leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2. október 1967. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga þykir verða að taka kröfu ákæruvaldsins um sviptingu leyfa til málflutnings til greina. Samkvæmt því verður ákærði Knútur sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og ákærði Þorfinnur Egilsson leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, og þykir sviptingartími að því er báða ákærðu varðar hæfilega ákveðinn 3 ár.

Engar skaðabótakröfur hafa verið lagðar fram í málinu.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls málskostnaðar in solidum, en ákærði Knútur greiði skipuðum verjanda sínum, Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun og ákærði Þorfinnur greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Finnssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun.

Meðferð máls þessa hefur dregist nokkuð, í fyrsta lagi sökum starfs dómarans í mjög umfangsmiklu máli allt árið 1977 og síðan vegna sendingar málsins til frekari rannsóknar í Noregi á árinu 1978.

Dóms orð:

Ákærði Knútur Bruun sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Þorfinnur Egilsson sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði Knútur Bruun er sviptur leyfi til málflutnings

fyrir Hæstarétti og héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Þorfinnur Egilsson er sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærðu greiði kostnað máls þessa in solidum. Ákærði Knútur Bruun greiði auk þess skipuðum verjanda sínum, Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun. Ákærði Þorfinnur Egilsson greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Finnssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun.

Þriðjudaginn 10. mars 1981.

Nr. 46/1979. **Almennar tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Ólafi Heiðari Ólafssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 9. mars 1979. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Vátryggingarskilmálar þeir, sem áfrýjandi vísar til í málflutningi sínum, voru ekki afhentir stefnda ásamt vátryggingarskírteini. Getur áfrýjandi því ekki með stoð í 3. mgr. 45. gr. laga nr. 20/1954 synjað stefnda um vátryggingarbætur með skírskotun til tl. 2(a) í vátryggingarskilmálum þess-

um. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en þó þannig, að hin dæmda fjárhæð verður 40.000 krónur (nýkr.), og vextir reiknast frá 2. nóvember 1977, sbr. 24. gr. laga nr. 20/1954.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 6.000 krónur (nýkr.) í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, greiði stefnda, Ólafi Heiðari Ólafssyni, 40.000 krónur með 16¼% ársvöxtum frá 2. nóvember 1977 til 21. nóvember 1977, 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 22½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 6.000.00 krónur í málskostnað í héraði og 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 12. desember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. desember sl., hefur Ólafur Heiðar Ólafsson, Dalalandi 14, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, birtri 21. febrúar 1978, á hendur Almennum tryggingum h/f, Pósthússtræti 9, Reykjavík.

Málið höfðar stefnandi til heimtu vátryggingarfjár fyrir trillubátinn Sleipni, RE 83, að fjárhæð kr. 4.000.000 með 16¼% ársvöxtum frá 27. september 1977 til 21. nóvember 1977 og með 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 22½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að trillubáturinn t/b Sleipnir, RE 83, sem var eign stefnanda, sökk á leiðinni frá Tálknafirði til Njarðvíkur þann 27. september 1977. Hér var um algert tjón að ræða,

þar sem ekkert bjargaðist af bátnum, sem var 5 tonna trébátur með dieselvél, dýptarmæli, talstöð, björgunarbát og fleiri tækjum. Samkvæmt ákvæðum leigusamningsins átti stefnandi að tryggja bátinn. Báturinn var vátryggður hjá stefnda með skírteini nr. 42—770136—1, sem var endurnýjun á skírteini nr. 42—770080—1, og var síðara skírteinið út gefið þann 2. september 1977. Tryggingarupphæð var kr. 4.000.000 og iðgjald kr. 8.000, greitt sama dag og skírteinið var út gefið. Tryggingarskilmálar voru: „Total loss, björgun og bruni." Var þetta óbreytt frá fyrra skírteini. Þann 2. september 1977 mun stefnandi hafa fengið skírteinið í hendur, og eru tryggingarskilmálar þar taldir eins og hér greinir að framan. Aðra og fyllri skilmála en fram koma af skírteininu fékk hann ekki afhenta. Í skírteininu er heldur ekki vitnað til annarra skilmála. Hér á landi eru ekki til staðlaðir skilmálar fyrir þessa stærð báta, sem gilda hjá öllum tryggingarfélögum.

Stefnandi hafði leigt bátinn Ársæli Egilssyni, Hamraborg, Tálknafirði, með samningi, dagsettum 20. maí 1977, og skyldi leigutíminn vera til 1. september 1977. Bátnum skyldi skilað í Reykjavíkurhöfn með tækjum og öðru í sama standi eins og báturinn var, er hann fór í leigu, og skipaskoðunarvottorð, er frammi liggur, greinir. Leigutaki skilaði bátnum ekki á réttum tíma, enda hafði báturinn bilað og lá í höfn í Tálknafirði. Stefnandi framlengdi því trygginguna um einn mánuð. Þann 27. september 1977 tók m/b Örvar, BA 14, bátinn í drátt í höfn í Tálknafirði, og var ætlunin að draga hann til Njarðvíkur. Eins og fyrr greinir, sökk t/b Sleipnir í þeirri för. Stefnandi kveðst árangurslaust hafa krafið stefnda um bætur í samræmi við vátryggingarskírteinið, en án árangurs. Trillubáturinn Sleipnir, RE 83, hafi verið vátryggður fyrir m. a. total loss, þ. e. algeru tjóni, hjá stefnda, er hann fórst, og beri því stefnda skilyrðislaust skylda til að bæta hann.

Tryggingarfélagið byggir sýknukröfu sína á tryggingarskilmálum „Institute Standard T.L.O. Clause", sem lagðir eru fram á ensku í dómskjali 10 og íslenskri þýðingu á dómskjali nr. 11. Í 1. mgr. tryggingarskilmálanna (2a) segir: „Skipinu er þó ekki heimilt að þiggja dráttaraðstoð, nema þar sem það er venja, ellegar þegar þess gerist þörf og þá til næstu öruggu hafnar." Stefndi heldur því fram, að hér taki umráðamaður bátsins ákvörðun um það að láta draga bátinn úr öruggri höfn, þ. e. höfninni í Tálknafirði, langan veg frá Vestfjörðum suður til Njarðvíkur

að hausti til, þegar allra veðra sé von. Áður en sú ákvörðun hafi verið tekin, hafi eigandinn og stefnandi þessa máls, Ólafur H. Ólafsson, tvívegis eða jafnvel þrívegis rætt við deildarstjóra Almennra tryggínga um möguleika á að koma bátnum frá Tálknafirði hingað suður og jafnframt hafi hann rætt við deildarstjórann um, hvaða ráð hann gæti haft, þar sem leigutaki bátsins vildi ekki skila honum. Deildarstjórinn haldi því ákveðið fram, að hann hafi bent eigandanum á, að hann mætti alls ekki láta draga bátinn að vestan, því að tryggingin tæki ekki til þess atriðis, og hafi þeir orðið sammála um, að hann fengi leigutakann til þess að senda trillubátinn með skipi Skipaútgerðar ríkisins, svo fljótt sem unnt væri. Þegar stefnanda hafi orðið það ljóst eftir þessi viðtöl við deildarstjórann, að trillan væri ekki í tryggingu, væri hún dregin að vestan, hafi hann pantað einnar miljón króna flutningstryggingu á bátinn, miðað við að hann yrði fluttur um borð í stóru skipi frá Skipaútgerð ríkisins. Sérstaklega hafi verið talað um Esjuna. Að sjálfsögðu hefði þessi einnar miljón króna trygging gilt, þótt báturinn hefði verið fluttur með öðru hæfu skipi. Þetta einnar miljón króna skírteini hafi hins vegar ekki verið gefið út, sökum þess að tryggingarfélagið hefði beðið eftir því, að tryggingartaki léti vita, með hvaða skipi og hvenær tryggingin skyldi hefjast, og sé það samkvæmt venju í tryggingarmálum.

Samkvæmt málflutningi aðilja er í máli þessu ekki deilt um atvik að slysinu né um þá upphæð, er stefndi skal bæta, verði málið dæmt honum í óhag.

Fyrir dóm hafa komið stefnandi málsins, Ólafur H. Ólafsson, og deildarstjóri Almennra tryggínga, Ólafur Ásgeir Sigurðsson. Þeir voru sammála um, að stefnandi hefði ekki fengið aðra og fyllri skilmála í hendur en fram koma í skírteini eða skírteinum á dómskjali 3 og 4. Hins vegar sagði Ólafur Ásgeir Sigurðsson það vera venju hjá Almennum tryggingum að skýra út fyrir tryggingartökum, hvað þeir væru að tryggja, og fara í gegnum tryggingarskilmálana með þeim. Hann þorði hins vegar ekki að fullyrða neitt um það, hvort svo hefði verið gert við Ólaf Ólafsson, þar sem svo langt væri liðið frá þessum atburðum. Ólafur Ásgeir Sigurðsson sagði, að áður en til þess kom, að báturinn væri dreginn áleiðis suður, hafi Ólafur H. Ólafsson rætt við hann og þá hafi hann skýrt honum frá því og skrifað það hjá sér til minnis, að Ólafi H. Ólafssyni væri samkvæmt tryggingarskilmálunum óheimilt að láta draga bátinn. Þess vegna hafi ný trygg-

ing verið tekin. Ólafur hafi beðið hann að tryggja bátinn fyrir kr. 1.000.000.

Stefnandinn, Ólafur H. Ólafsson, heldur því hins vegar fram, að honum hafi verið skýrt frá því, að ætlaði hann að flytja bátinn á dekki, þá næði tryggingin ekki til þess og hann yrði að tryggja upp á nýtt. Þess vegna hafi hann ætlað og tekið tryggingu í því skyni. Hins vegar hafi ekki borist í tal, að þessi trygging, sem hann hafði, næði ekki til þess, væri báturinn dreginn suður.

Samprófun framburða þessara aðilja fór fram, en samræmi í milli þeirra náðist ekki.

Álit dómsins.

Í máli þessu er ekki um það deilt, að báturinn t/b Sleipnir, eign stefnanda, var í tryggingu hjá stefnda, þá er hann sökk þann 27. september 1977, heldur til hvers sú trygging átti að ná. Samkvæmt 59. gr. laga nr. 20/1954, 1. mgr., er hér um sjóvátryggingu að ræða, og samkvæmt 60. gr. sömu laga tekur sjóvátrygging til sérhverrar hættu, sem hinir vátryggðu hagsmunir eru lagðir í, hafi sérstök undantekning ekki verið gerð í lögum eða samningi. Sjá hér einnig 3. gr. sömu laga. Þann 2. september 1977, þá er stefnandi greiddi fyrir trygginguna, fékk hann í hendur tryggingarskírteini nr. 42—770136—1. Í skírteininu eru tryggingarskilmálar tilgreindir þannig: „Total loss, björgun, bruni." Þar eru ekki greindir aðrir skilmálar, sem hér skipta máli, og ekki vitnað til eða gefin vísbending um, að aðrir og fyllri skilmálar eigi að gilda um trygginguna. Stefnanda málsins, Ólafi H. Ólafssyni, og starfsmanni stefnda, Ólafi Ásgeiri Sigurðssyni, sem sá um sölu tryggingarinnar, greinir á um, hvað þeim fór í milli, bæði þá er tryggingin var keypt og síðar, er gera átti ráðstafanir til þess að fá bátinn fluttan frá Tálknafirði og suður. Ólafur Ásgeir segir, að venja sé að fara yfir alla tryggingarskilmála með kaupanda slíkrar tryggingar, en þorir þó ekki að fullyrða, að svo hafi verið gert með Ólafi H. Ólafssyni. Hann fullyrðir, að Ólafi H. Ólafssyni hafi verið gert það ljóst, þá er flutningar bátsins suður voru ráðgerðir, að tryggingin næði ekki til þess, að báturinn væri dreginn þessa leið. Ólafur H. Ólafsson fullyrðir aftur á móti, að honum hafi hvorki þá, er tryggingin var tekin, né síðar, þá er flutningarnir voru ráðgerðir, verið skýrt frá þessu og honum hafi verið alls ókunnugt um það. Aðrir eru ekki til vitnis um samtöl þeirra nafna.

Dómurinn getur ekki á það fallist, að það hafi verið óforsvaranlegt, eins og veðri og veðurútliti var háttað, að ráðast í að draga bátinn þessa leið, og ekki hefur annað komið fram en það hafi verið óhappatilviljun, að báturinn sökk.

Þar sem tryggingarskírteinið ber hvorki með sér, að stefnanda hafi verið óheimilt að láta draga bátinn milli hafna né tilvitnun til skilmála þeirra, sem stefndi ber fyrir sig, þykir stefndi ekki gegn fullyrðingu stefnanda hafa sannað, að honum hafi mátt vera annað ljóst en að báturinn væri í tryggingu félagsins, væri hann dreginn frá Tálknafirði og suður, svo sem raunin varð í hinstu ferð bátsins. Verður enda við það að miða, sbr. tilgreind lagaákvæði, að stefnda hafi borið að gera stefnanda það ótvírætt ljóst, að tryggingin ætti ekki að gilda, yrði ráðist í að draga bátinn frá Tálknafirði til Reykjavíkur (sic).

Þegar allt framanskráð er virt, þykir stefndi eiga að bæta stefnanda bátinn með kr. 4.000.000, en tölulegur ágreiningur er ekki um bótafjárhæðina.

Vaxtakrafa stefnanda er tekin til greina, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 600.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Eggert Gíslasyni skipstjóra og Jóni Finnssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar tryggingar, greiði stefnanda, Ólafi H. Ólafssyni, kr. 4.000.000 með 16¼% ársvöxtum frá 27. september 1977 til 21. nóvember 1977 og með 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 22½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 600.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. mars 1981.

Nr. 67/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Atla Steinarssyni.

Kærumál. Vitnaskylda. Kærumálskostnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 2. þ. m., sem barst Hæstarétti sama dag, hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn samdægurs. Í greinargerð sinni krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að sér sé eigi skylt að svara spurningum þeim, sem mál þetta lýtur að. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari hefur skilað greinargerð í málinu. Í henni segir m. a., að rétt þyki „af ákæruvaldsins hálfu . . . að taka fram eftirfarandi:

1. Embætti ríkissaksóknara var ókunnugt um þessa rannsóknarbeiðni og hefur engin afskipti haft af framvindu rannsóknarinnar.
2. Rannsóknarþörfin er byggð á því mati rannsóknarlögreglu ríkisins, að umrædd frétt gefi tilefni til að ætla, að opinber starfsmaður eða opinber sýslunarmaður hafi með refsiverðum hætti brotið trúnað í skilningi 136. gr. almennra hegningarlaga. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að meginefni fréttarinnar, þ. e. að hin grunaða hafi játað fyrir fyrrgreindum forstöðumanni safnaðarins að vera völd að dauða eiginmanns síns, sé beinlínis röng. Rannsóknin hefur því í raun beinst að því, hver hafi veitt hinum tilgreindu blaðamönnum rangar upplýsingar í þessum efnum. Yfirlýstur tilgangur rannsóknarinnar er því hæpinn, þar sem þeir aðilar, sem

gerst máttu vita, bjuggu ekki yfir slíkri vitneskju sem fréttin gekk út á.

3. Ekki er í ljós leitt eða því haldið fram, að umrædd frétt hafi tálmað rannsókn málsins eða valdið öðrum réttarspjöllum í meðferð þess.
4. Vægi opinberra hagsmuna við úrlausn þessa ágreiningsefnis er því nokkuð á huldu.

Af framangreindum ástæðum þykir af hálfu embættis ríkissaksóknara eigi efni til að krefjast staðfestingar á hinum kærða úrskurði."

Varnaraðili krefst þess, svo sem lýst hefur verið, að úrskurður sakadóms Reykjavíkur, er gerir honum skylt að svara tilteknum spurningum fyrir dóminum, sé felldur úr gildi. Ríkissaksóknari telur „eigi efni til að krefjast staðfestingar á hinum kærða úrskurði". Kröfugerð af hálfu ákæruvaldsins verður eigi túlkuð á annan veg en þann, að fyrir Hæstarétti sé fallið frá þeirri kröfu, sem höfð var uppi fyrir sakadómi um, að varnaraðilja yrði úrskurðað skylt að svara spurningum um þau efni, er greinir í hinum kærða úrskurði. Þegar kröfugerð ríkissaksóknara er virt og staða hans að lögum, sbr. 1. mgr. 20. gr. og 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 74/1974, verður þegar vegna hennar að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Varnaraðili þykir eiga rétt á greiðslu kærumálskostnaðar, 1.000 krónum (nýkr.) úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ríkissjóður greiði varnaraðilja, Atla Steinarssyni, 1.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, að ég tel lög ekki standa til þess að dæma varnaraðilja sérstaklega málskostnað í kærumáli þessu.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. mars 1981.

Ár 1981, mánudaginn 2. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 31. janúar sl. birtist á baksíðu Dagblaðsins svohljóðandi frétt: „JÁTAR AÐ VERA VÖLD AÐ BRUNANUM. Björg Benjamínsdóttir, Kötlufelli 11 í Reykjavík, játaði í gær að hafa verið völd að brunanum á heimili hennar á sunnudagskvöldið sem varð eiginmanni hennar, Sigfúsi Steingrímssyni, að bana. Stóðu yfirheyrslur yfir Björgu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins enn í gærkvöldi þegar DB fór í prentun og tókst blaðinu ekki að ná sambandi við Þóri Oddsson aðstoðarrannsóknarlögreglustjóra sem hefur stjórnað rannsókn málsins.

Skv. upplýsingum, sem DB hefur aflað sér, hefur Björg játað að hafa notað bensín við íkveikjuna. Bensínið keypti hún á brúsa, upphaflega til að setja á bíl sinn, en af því varð ekki og geymdi hún því brúsann á svölum íbúðarinnar á annarri hæð fjölbýlishússins.

Björg neitaði í fyrstu staðfastlega að hafa átt nokkurn þátt í dauða eiginmanns síns, en í gærkvöldi játaði hún svo, fyrst fyrir forstöðumanni þess trúarsafnaðar sem hún tilheyrir. Ástæða voðaverksins mun ekki vera fyllilega ljós, þó er talið víst að það hafi verið unnið í bræðiskasti sem átti sér alllangan aðdraganda, m. a. vegna langvarandi óreglu eiginmannsins. ÓV/AST."

Með bréfi Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns til RLR, dags. 31. janúar, f. h. Einars J. Gíslasonar, forstöðumanns Fíladelfíusafnaðarins, var þess krafist, að fram færi rannsókn á því, hvernig ofangreind baksíðufrétt, sem snerti trúnaðarsamband hans við safnaðarbarn sitt, væri til orðin.

Þeir Atli Steinarsson blaðamaður og Ómar Valdimarsson fréttastjóri voru kvaddir til skýrslugjafar þann 2. febrúar sl. hjá RLR. Atli Steinarsson kvað óþekkta karlmannsrödd hafa hringt heim til sín föstudagskvöldið 30. janúar sl. og gefið sér þær upplýsingar, sem fréttin var byggð á. Atli kvaðst ekki vita nafn þessa manns. Atli kvað aðrar upplýsingar byggðar á samtölum við íbúa í Kötlufelli 11 og samtölum við slökkviliðsmenn. Kvaðst Atli ekki vilja gefa upp nein nöfn í þessu sambandi, þar sem um trúnaðarsamtöl hafi verið að ræða.

RLR hefur með bréfi, dags. 4. febrúar sl., krafist þess, að Atla Steinarssyni blaðamanni verði með úrskurði sakadóms Reykja-

víkur lýst rétt og skylt að lögum að bera um framangreint efni í þágu rannsóknar þessa máls, sem beinist að því að rannsaka, hvort brotið hafi verið gegn 136. gr. alm. hegningarlaga og 32. gr. laga nr. 38/1954, og er í því sambandi vísað til 1. mgr. 89. gr., sbr. 99. gr. laga 74/1974, sbr. 131. gr. laga nr. 85/1936.

Atli kom fyrir dóm þann 27. febrúar sl. og neitaði enn að gefa upp nöfn heimildarmanna sinna. Af hálfu Atla hefur Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður lagt fram greinargerð, áður en málefni þetta verður tekið til úrskurðar.

Niðurstöður.

Í XII. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 er ekki að finna bein ákvæði, sem heimila blaðamönnum að neita að gefa upp heimildarmenn sína, en þó má hafa hliðsjón af 95. gr. laganna. Telja verður, að takmarka verði skyldu blaðamanna til þess að gefa upp heimildarmenn sína, enda augljósir hagsmunir blaðamanna og hins almenna borgara, að settar verði skorður við ótakmarkaðri vitnaskyldu, er þannig stendur á. Verður því í hverju einstöku tilviki að meta, hvort hagsmunir ákæruvaldsins um skýrslu séu ríkari en hagsmunir blaðamanna til leyndar.

Í máli þessu leikur grunur á því, að heimildarmenn blaðamannsins hafi á refsiverðan hátt rofið þagnarskyldu og þannig brotið gegn 136. gr. alm. hegningarlaga. Brot gegn áðurnefndri grein getur varðað fangelsi, og verður því að telja, að hagsmunir ákæruvaldsins til að upplýsa brotið séu ríkari en hagsmunir Atla Steinarssonar til að halda heimildarmönnum sínum leyndum, og er honum því skylt að bera vitni um framangreint atriði.

Úrskurðarorð:

Atla Steinarssyni er skylt að bera vitni um framangreint atriði.

Fimmtudaginn 12. mars 1981.

Nr. 68/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Ómari Valdimarssyni.

Kærumál. Vitnaskylda. Kærumálskostnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 2. þ. m., sem barst Hæstarétti sama dag, hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn samdægurs. Í greinargerð sinni krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að sér sé eigi skylt að svara spurningum þeim, sem mál þetta lýtur að. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari hefur skilað greinargerð í málinu. Í henni segir m. a., að rétt þyki „af ákæruvaldsins hálfu . . . að taka fram eftirfarandi:

1. Embætti ríkissaksóknara var ókunnugt um þessa rannsóknarbeiðni og hefur engin afskipti haft af framvindu rannsóknarinnar.
2. Rannsóknarþörfin er byggð á því mati rannsóknarlögreglu ríkisins, að umrædd frétt gefi tilefni til að ætla, að opinber starfsmaður eða opinber sýslunarmaður hafi með refsiverðum hætti brotið trúnað í skilningi 136. gr. almennra hegningarlaga. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að meginefni fréttarinnar, þ. e. að hin grunaða hafi játað fyrir fyrrgreindum forstöðumanni safnaðarins að vera völd að dauða eiginmanns síns, sé beinlínis röng. Rannsóknin hefur því í raun beinst að því, hver hafi veitt hinum tilgreindu blaðamönnum rangar upplýsingar í þessum efnum. Yfirlýstur tilgangur rannsóknarinnar er því hæpinn, þar sem þeir aðilar, sem gerst

máttu vita, bjuggu ekki yfir slíkri vitneskju, sem fréttin gekk út á.

3. Ekki er í ljós leitt eða því haldið fram, að umrædd frétt hafi tálmað rannsókn málsins eða valdið öðrum réttarspjöllum í meðferð þess.
4. Vægi opinberra hagsmuna við úrlausn þessa ágreiningsefnis er því nokkuð á huldu.

Af framangreindum ástæðum þykir af hálfu embættis ríkissaksóknara eigi efni til að krefjast staðfestingar á hinum kærða úrskurði."

Varnaraðili krefst þess, svo sem lýst hefur verið, að úrskurður sakadóms Reykjavíkur, er gerir honum skylt að svara tilteknum spurningum fyrir dóminum, sé felldur úr gildi. Ríkissaksóknari telur „eigi efni til að krefjast staðfestingar á hinum kærða úrskurði". Kröfugerð af hálfu ákæruvaldsins verður eigi túlkuð á annan veg en þann, að fyrir Hæstarétti sé fallið frá þeirri kröfu, sem höfð var uppi fyrir sakadómi um, að varnaraðilja yrði úrskurðað skylt að svara spurningum um þau efni, er greinir í hinum kærða úrskurði. Þegar kröfugerð ríkissaksóknara er virt og staða hans að lögum, sbr. 1. málsgr. 20. gr. og 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 74/1974, verður þegar vegna hennar að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Varnaraðili þykir eiga rétt á greiðslu kærumálskostnaðar, 1.000 krónum (nýkr.), úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ríkissjóður greiði varnaraðilja, Ómari Valdimarssyni, 1.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, að ég tel lög ekki standa til þess að dæma varnaraðilja sérstaklega málskostnað í kærumáli þessu.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. mars 1981.

Ár 1981, mánudaginn 2. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 31. janúar birtist á baksíðu Dagblaðsins svohljóðandi frétt: „JÁTAR AÐ VERA VÖLD AÐ BRUNANUM. Björg Benjamínsdóttir, Kötlufelli 11 í Reykjavík, játaði í gær að hafa verið völd að brunanum á heimili hennar á sunnudagskvöldið sem varð eiginmanni hennar, Sigfúsi Steingrímssyni, að bana. Stóðu yfirheyrslur yfir Björgu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins enn í gærkvöldi þegar DB fór í prentun og tókst blaðinu ekki að ná sambandi við Þóri Oddsson aðstoðarrannsóknarlögreglustjóra sem hefur stjórnað rannsókn málsins.

Skv. upplýsingum, sem DB hefur aflað sér, hefur Björg játað að hafa notað bensín við íkveikjuna. Bensínið keypti hún á brúsa, upphaflega til að setja á bíl sinn, en af því varð ekki og geymdi hún því brúsann á svölum íbúðarinnar á annarri hæð fjölbýlishússins.

Björg neitaði í fyrstu staðfastlega að hafa átt nokkurn þátt í dauða eiginmanns síns, en í gærkvöldi játaði hún svo, fyrst fyrir forstöðumanni þess trúarsafnaðar sem hún tilheyrir. Ástæða voðaverksins mun ekki vera fyllilega ljós, þó er talið víst að það hafi verið unnið í bræðiskasti sem átti sér alllangan aðdraganda, m. a. vegna langvarandi óreglu eiginmannsins. ÓV/AST."

Með bréfi Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns til RLR, dags. 31. janúar, f. h. Einars J. Gíslasonar, forstöðumanns Fíladelfíusafnaðarins, var þess krafist, að fram færi rannsókn á því, hvernig ofangreind baksíðufrétt, sem snerti trúnaðarsamband hans við safnaðarbarn sitt, væri til orðin.

Þeir Atli Steinarsson blaðamaður og Ómar Valdimarsson fréttastjóri voru kvaddir til skýrslugjafar af þessu tilefni þann 2. febrúar sl. hjá RLR.

Ómar Valdimarsson kvaðst hafa haft samband við aðilja, sem hann taldi, að gæti sagt honum af eða á um sannleiksgildi fréttarinnar. Kvaðst hann ekki hafa beðið þennan aðilja um mikið, aðeins beðið hann um að svara með já eða nei. Kvað Ómar aðilja þennan hafa svarað játandi. Ómar kvaðst ekki vilja gefa upp nafn heimildarmanns síns, þar sem um hafi verið að ræða algert trúnaðarsamband, sem hann muni ekki rjúfa vegna starfsheiðurs síns.

RLR hefur með bréfi, dags. 4. febrúar sl., krafist þess, að Ómari Valdimarssyni fréttastjóra verði með úrskurði sakadóms Reykjavíkur lýst rétt og skylt að lögum að bera um framangreint efni í þágu rannsóknar þessa máls, sem beinist að því að rannsaka, hvort brotið hafi verið gegn 136. gr. alm. hegningarlaga og 32. gr. laga nr. 38/1954, og er í því sambandi vísað til 1. mgr. 89. gr., sbr. 99. gr. laga 74/1974, sbr. 131. gr. laga nr. 85/1936.

Ómar kom fyrir dóm þann 27. febrúar sl. og neitaði enn að gefa upp nafn heimildarmanns síns. Af hálfu vitnisins hefur Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður lagt fram greinargerð, áður en málefni þetta var tekið til úrskurðar.

Niðurstöður.

Í XII. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 er ekki að finna bein ákvæði, sem heimila blaðamönnum að neita að gefa upp heimildarmenn sína, en þó má hafa hliðsjón af 95. gr. laganna.

Telja verður, að takmarka verði skyldu blaðamanna til þess að gefa upp heimildarmenn sína, enda augljósir hagsmunir blaðamanna og hins almenna borgara, að settar verði skorður við ótakmarkaðri vitnaskyldu, er þannig stendur á. Verður því í hverju einstöku tilviki að meta, hvort hagsmunir ákæruvaldsins um skýrslu séu ríkari en hagsmunir blaðamanna til leyndar.

Í máli þessu leikur grunur á því, að heimildarmaður blaðamannsins hafi á refsiverðan hátt rofið þagnarskyldu og þannig brotið gegn 136. gr. alm. hegningarlaga. Brot gegn áðurnefndri grein getur varðað fangelsi, og verður því að telja, að hagsmunir ákæruvaldsins til að upplýsa brotið séu ríkari en hagsmunir Ómars Valdimarssonar til að halda heimildarmanni sínum leyndum, og er honum því skylt að bera vitni um framangreint atriði.

Úrskurðarorð:

Ómari Valdimarssyni er skylt að bera vitni um framangreint atriði.

Mánudaginn 16. mars 1981.

Nr. 83/1979. **Gísli Brynjólfsson**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Sveini Pálmasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjölbýlishús. Skaðabótamál. Sératkvæði í héraði og Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1979. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda gegn greiðslu á 1.309.97 krónum með 13% ársvöxtum frá 1. nóvember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi deila aðiljar ekki um fjárhæðir. Ágreiningur þeirra er um það, hverjar hafi verið orsakir þess, að raki komst í einangrun undir gólfi í íbúð stefnda að Tómasarhaga 19 í Reykjavík, og hvern hluta viðgerðarkostnaðar áfrýjandi skuli greiða. Býðst hann til að greiða 30% kostnaðarins, en hann á þann hluta í Tómasarhaga 19. Stefndi krefst þess hins vegar, að áfrýjandi greiði allan viðgerðarkostnaðinn.

Fallast ber á það einróma mat héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, á gögnum málsins, að tjón það, er í málinu greinir, hafi stafað frá leiðslu að íbúð áfrýjanda og að sú leiðsla sé sérleiðsla í merkingu 13. gr. laga nr. 19/1959, sem í gildi voru, þegar tjónið varð.

Þykir stefndi eiga að svo vöxnu máli aðgang að áfrýjanda um bætur fyrir allt það tjón, er hlaust af bilun á leiðslu þessari. Bætur þessar eru hæfilega ákvarðaðar í héraðsdómi. Ber því að staðfesta héraðsdóm með þeirri breytingu, sem leiðir af nýjum gjaldmiðli. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.300 krónur.

Það athugast, að hinir sérfróðu meðdómsmenn tóku eigi sæti í dómi fyrr en við munnlegan málflutning hinn 2. nóvember 1978.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gísli Brynjólfsson, greiði stefnda, Sveini Pálmasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.300.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Eftir þeim reglum, sem giltu, þegar tjón það varð, sem mál þetta snýst um, ber áfrýjandi ekki hlutlæga ábyrgð á því. Ætti stefndi ekki rétt til að fá allt tjón af völdum rakans í gólfinu undir íbúð sinni bætt úr hendi áfrýjanda, þótt talið yrði sannað, að eina orsök rakans hafi verið leki úr röri upp í íbúð áfrýjanda. Að þessu athuguðu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda það fé, sem hann býður greiðslu á, alls 1.309.97 krónur (nýkr.) ásamt vöxtum, en um þá er ekki deilt. Þá teljum við, að áfrýjandi ætti að greiða stefnda 2.000.00 krónur (nýkr.) í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. febrúar 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sveinn Pálmason, Háaleitisbraut 15, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. júní 1977, á hendur Gísla Brynjólfssyni, Tóm-

asarhaga 19, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta. Hefur hann og stefnt Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, til réttargæslu.

Kröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1.000.000 með 13% ársvöxtum frá 1. nóvember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur krafist þess, að stefnufjárhæð verði stórlega lækkuð og að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða 30% af réttum og eðlilegum viðgerðarkostnaði í kjallaraíbúð hússins Tómasarhaga 19. Krefst stefndi einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu eftir mati dómsins.

Engar sjálfstæðar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hefur hann ekki gert kröfur í málinu.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að hann hafi verið eigandi íbúðar í kjallara hússins nr. 19 við Tómasarhaga hér í borg. Í maímánuði 1976 hafi hann selt þessa eign sína, og samkvæmt ákvæði í kaupsamningi þar um skyldi íbúðin vera laus til afhendingar kaupanda fyrsta dag júnímánaðar það sama ár. Er afhendingin skyldi fara fram, kom í ljós óeðlilegur gólfhiti í íbúðinni. Við nánari athugun kom í ljós, að neysluvatnsrör fyrir heitt vatn til íbúðar á 2. hæð hússins hafði sprungið, og hafði heita vatnið streymt undir gólfplötu íbúðarinnar. Af þessum sökum rifti hinn nýi kaupandi kaupunum. Eigandi íbúðarinnar á 2. hæðinni var stefndi Gísli, og samkvæmt upplýsingum hans var hann tryggður húseigandatryggingu hjá réttargæslustefnda. Stefnandi kvaðst hafa tilkynnt sameigendum sínum að húsinu, þegar þess varð vart, að tjón hafði orðið, svo og réttargæslustefnda. Byggingu hússins sé þannig háttað, að gólfplata þess er tvöföld, neðst er grunnplata á sökklum, þar ofan á er einangrun, ca 10—15 cm vikursalli og rauðamöl, og efst er steypt gólfplata. Vatnslagnir allar eru í einangruninni. Vegna lekans í vatnslögninni komst bleyta í einangrunina, og þegar boraðar voru holur í gólf íbúðar stefnanda, kom í ljós, að einangrunin var haugblaut og algerlega rakamettuð. Að ráði deildarstjóra réttargæslustefnda hafi átt að reyna að þurrka einangrunina með súgþurrkun, þ. e. að blása heitu lofti í hana. Frá þeirri hugmynd virðist hafa verið horfið, a. m. k. hafi þeim aðgerðum verið hætt, og var ekki séð, að frekari ráðagerðir væru uppi í þessu efni af hálfu stefndu. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli og ótaldar áskoranir stefnanda þess

efnis, að haldið yrði áfram með framkvæmdir, var ekki við þeim orðið. Hinn 14. september 1976 hafi stefnandi ritað öðrum eigendum hússins bréf, þar sem hann tilkynnti þeim þá ákvörðun sína, að hann hygðist sjálfur hefja framkvæmdir um nauðsynlegar úrbætur til lagfæringar á framangreindum göllum og teldi hann aðilja samþykkja þá ráðstöfun sína, nema því aðeins að þeir stöðvuðu framkvæmdir. Hafi stefnandi síðan sjálfur hafist handa um viðgerðir á því tjóni, er orðið hafði á íbúð hans. Hafi sú viðgerð takmarkast við hans eigin íbúð, en að öðru leyti hafi viðgerð ekki farið fram á sameigninni. Að ráði sérfróðra manna hafi stefnandi látið brjóta upp öll gólf íbúðarinnar og moka út allri einangruninni. Að því búnu hafi hann þurrkað upp grunnplötu, skipt um lagnir eftir þörfum og lagt þær í sérstakan stokk. Hafi hann síðan einangrað gólfið með reyrplasti, steypt nýja gólfplötu, lagt nýjan gólfdúk og málað íbúðina að því marki sem skemmdir höfðu orðið á málningunni vegna framkvæmdanna. Þá hafi einnig verið skipt um salerni, þar sem fyrra salerni hafi brotnað, er verið var að vinna við verkið. Stefnandi hafi fengið til verksins viðurkennda fagmenn, hverja á sínu sviði, samtímis því, að hann hafi sjálfur unnið að verkinu og annast efnisaðdrátt. Það sé þessi kostnaður, þar á meðal tap á húsaleigu og eigið framlag við framkvæmdina, sem stefnukrafan sé byggð á.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í málinu, en þær skýra málsatvik enn frekar. Verða þær nú raktar í sem nánustu samhengi.

Stefnandi sjálfur skýrði svo frá, að hann hefði ekki verið aðili að byggingu hússins, það hafi verið stefndi Gísli, sem síðar bjó á 2. hæð, og Bjarni nokkur Ólafsson, sem síðar bjó á 1. hæð. Byggingameistari hafi verið Kristján nokkur Pétursson. Þessir tveir nefndu byggjendur hafi síðan selt sér kjallaraíbúðina, en það muni hafa verið á árunum 1958 eða 1959 og þá í fokheldu ástandi. Byggingin muni hins vegar hafa hafist á árinu 1955. Er þetta gerðist, hafi þeir byggjendurnir báðir verið fluttir á sínar hæðir og því verið búið að leggja vatnsleiðslur til þeirra í kjallaragólf, en ekki mun hafa verið búið að ganga að fullu frá kjallaragólfinu. Risíbúð mun síðar hafa verið seld fjórða aðilja. Eftir að stefnandi keypti sína íbúð, var lögð massiv gólfplata í íbúð stefnanda í kjallara. Síðan hafi það skeð, um 10—12 árum eftir þetta, að vart varð við raka í íbúð stefnanda, sem stafaði af því, að rör sprakk milli gólfplatna í íbúð hans, en þar voru vatnsleiðslurnar, eins og áður sagði. Þá hafi gólf verið brotið upp, þ. e. í

gangi, í svefnherbergi, í eldhúsi og að hluta í borðstofu í kjallaraíbúðinni. Skipt hafi verið um allar hitalagnir til miðstöðvarofna, sem lágu upp á hæðirnar. Þær leiðslur hefur ekki verið skipt um aftur, enda óskemmdar. Í það skipti hafi ekki verið skipt um einangrun, nema þar sem brotið var upp. Ekki var skipt um einangrunina annars staðar, enda ekki vatn flotið um allt, þar sem þetta uppgötvaðist nægilega snemma til þess að svo yrði ekki. Þessa bilun hjálpuðust allir eigendur hússins að lagfæra og greiddu sameiginlega kostnað af. Hafi allur raki og horfið þar með. Ekki hafi verið um það rætt þá, að svipað kynni að koma upp síðar, enda eigendur þá í þeirri góðu trú, að þannig hefði verið frá gengið, að ekki þyrfti þar frekar að hreyfa. Var og haft samráð við sérfræðinga þar um. Síðan hafi það verið um vorið 1976, er stefnandi hafði flutt úr íbúðinni, þar sem hann hafði þá verið búinn að selja hana, og skyldi hún afhendast hinum nýju eigendum þann 1. júní þ. á. Hafi hann verið búinn að standsetja íbúðina fyrir afhendinguna og var að taka burt einhverja smáhluti, sem gleymst höfðu. Hafi þetta verið á laugardagsmorgni, en 1. júní hafi verið þá strax eftir helgina. Hafi hann þá orðið þess var, að meiri hluti gólfanna var sjóðandi heitur, en þau voru teppalögð. Er hann hafi verið að fara út, vakti óeðlilegt suð einhvers staðar athygli hans. Við eftirgrennslan hafi komið í ljós, að suðið var í einhverjum leiðslum. Hafi hann þá skrúfað fyrir kranana í miðstöðvarherberginu og hafi suðið hætt, er hann skrúfaði fyrir einn kranann, sem reyndist vera kranavatnsleiðsla fyrir heitt vatn upp á 2. hæð hússins, sem liggur í sameiginlegu plássi frammi á gangi rétt fyrir framan inngang í kjallaraíbúðina. Kvaðst stefnandi þá þegar hafa gert börnum stefnda Gísla viðvart, hvað væri að ske, þar sem Gísli hafi ekki verið heima. Strax eftir helgina hafi Gísli hringt í sig og látið í ljós leiðindi yfir því að hafa valdið sér þessum óþægindum. Kvaðst Gísli hafa þetta tryggt og mundi þetta verða bætt af sinni hálfu. Þetta kvaðst stefnandi hafa tjáð hinum nýju kaupendum, en þeir hafi ekki viljað fallast á þau málalok og hafi þeir síðan rift kaupunum um mánuði síðar af þessum sökum. Eftir atburð þennan kvaðst stefnandi nokkrum sinnum hafa rætt þetta við Gísla, sem hafi verið allur af vilja gerður að bæta þetta. Hins vegar hafi Gísli verið sjúklingur, dvalist á sjúkrahúsi og eins sjúkur heima. Hafi því ekki verið hægt að ætlast til, að hann gengi fram í málinu af neinni festu. Þess vegna kvaðst stefnandi sjálfur hafa snúið sér til Samvinnutrygginga. Hafi honum þar

verið vinsamlega tekið og aðallega átt samtöl við fulltrúa þar, Héðin Emilsson. Hafi sér þar verið sagt, að félagið mundi greiða allt fyrir Gísla, og virtust þeir allt vilja gera til þess að bæta úr tjóninu. Hafi svo gengið í samtölum fram eftir sumrinu, en þegar komið var fram í ágúst—september, hafi verið brotin göt í gólfið að ráði Samvinnutrygginga og með því reynt að ná rakanum með loftun og súgþurrkun. Kvaðst stefnandi síðan hafa beðið eftir því í nokkrar vikur, að þessar aðgerðir tækjust með einhverjum árangri. Hafi hann komið annað slagið í íbúðina, en ekki fylgst sérstaklega með því, hvað þar var að verki unnið. Hafi sér virst, að súgþurrkun hafi aldrei verið reynd, enda hafi sér virst gólfin jafnan eins blaut. Er hann þannig hafi séð, að ekkert virtist að gert, hafi hann hinn 14. september 1976 ritað meðeigendum sínum bréf, þar sem hann hafi tjáð þeim álit kunnáttumanna, sem hann hafði leitað til, að nauðsyn bæri til að lagfæra rakann í kjallargólfunum með því að brjóta þau upp, fjarlægja einangrun og setja nýja. Enn fremur benti hann á nauðsyn þess að gera við niðurföll og endurbæta frárennslislögn við húsið. Kvaðst stefnandi í bréfinu mundu láta byrja á þessum aðgerðum þegar í stað og óskaði þess, að þeir greiddu sinn hluta af kostnaði. Gat stefnandi þess í lok bréfs þessa, að ef enginn þeirra stöðvaði vinnu að þessu leyti, liti hann svo á, að þeir féllust á aðgerðirnar og mundu greiða kostnað að sínum hluta. Afrit af bréfi þessu hafi hann sent réttargæslustefnda og hafi hann svarað því hinn 16. s. m. Í svarbréfinu hafi hann hafnað aðild sinni að dreinlögn og niðurföllum sem húseigandatryggingu Gísla óviðkomandi, en að því er varðaði aðgerðir varðandi gólf og pípulagnir vísaði hann til samtals hans og stefnanda hinn 23. ágúst 1976. Í beinu framhaldi hafi stefnandi svo látið framkvæma viðgerðir. Efri gólfplata var brotin og öll einangrun fjarlægð úr íbúðinni. Steypt var upp í þröskulda og reynt að þétta eins og hægt var. Síðan voru allar leiðslur varðar, steypt í kring og einangraðar upp á nýtt, frauðplast lagt á neðra gólfið og síðan sett nýtt efra gólf. Um leið hafi miðstöðvarleiðslur í íbúð stefnanda að nokkru leyti verið endurnýjaðar og kranavatnsleiðslur, sem ekki höfðu verið endurnýjaðar í hið fyrra skipti. Það sé kostnaður af þessum aðgerðum, sem krafist sé greiðslu fyrir í málinu. Kostnaður við að ganga frá niðurföllum frá svölum og setja dreinlögn meðfram húsinu, sem einnig var gert, greiddu eigendurnir sameiginlega, og er það atriði máli þessu óviðkomandi. Við þessar framkvæmdir hafi leiðsla sú, sem fór að leka,

verið tekin úr sambandi, en ný leiðsla verið lögð uppi við loft í miðstöðvarklefanum. Ekki hafi verið brotið niður á umrædda leiðslu, sem liggur því enn í gólfinu án nokkurrar tengingar, eins og áður sagði. Kranavatnsleiðsla til 1. hæðar liggi þó enn óhreyfð í gólfinu. Ýmsir aðiljar hafi unnið margnefnt verk. Ekki hafi unnist tími til að leita tilboða í verkið, enda hafi sér legið á að hraða viðgerðinni, þar sem hann hafi verið búinn að kaupa nýtt húsnæði og því legið á að selja íbúð sína að nýju. Í aðiljayfirheyrslu neitaði stefnandi að svara spurningu dómsins um söluverðmæti íbúðarinnar, bæði í hið fyrra skipti og hið síðara.

Stefndi skýrði frá hér fyrir dóminum um byggingu hússins og frágangi hita- og vatnslagna með sama hætti og stefnandi. Einnig um viðgerð á hitavatnsleiðslum, eftir að bilun hafði á þeim orðið kringum árið 1966. Hafi leiðslurnar þá verið lagfærðar, galvaníseruð rör sett í stað „svartra" röra, þær bikaðar, umvafðar með striga og einangrað. Hafi eigendur greitt kostnað af þessu sameiginlega og þá verið talið, að ekki þyrfti að óttast frekari skemmdir. Síðan hafi það verið á árinu 1976 um mánaðamótin maí og júní, að bilun verður í hitavatnsleiðslu til eldhúss íbúðar sinnar. Hafi stefnandi orðið þessa var vegna mikils hita í gólfum kjallaraíbúðarinnar, sem stefnandi var búinn að selja. Sjálfur hafi stefndi ekki verið í bænum, þá er þetta kom í ljós, en fengið um það vitneskju á sunnudegi, er hann kom heim. Kvaðst stefndi strax hafa gefið um þetta skýrslu til réttargæslustefnda, en hjá honum hafi hann haft íbúð sína í tryggingu. Kvaðst stefndi ekki hafa haft frekari afskipti af hlutum þessum. Hann kvaðst hafa fengið bréfið frá stefnanda, sem dagsett var 14. september 1976, þar sem stefnandi hafi tilkynnt um viðgerðir. Kvað stefndi, að um þau atriði, sem bréfið tók til, hafi verið fullt samkomulag með eigendum, að gert yrði. Stefndi kvaðst hafa vitað um allar framkvæmdir, en ekki getað haft af þeim afskipti vegna sjúkleika síns.

Vitnið Sigurður Jósep Pétursson húsasmíðameistari, skýrði svo frá, að stefnandi hefði leitað til sín um ráð vegna raka, sem orðið hefði í gólfi íbúðar sinnar, en ljóst hafi verið, að neysluvatnsleiðsla hita til íbúðar stefnda hafði bilað. Eftir að hafa kynnt sér allar aðstæður hafi það verið ráð vitnisins, að réttast væri að brjóta upp gólfplötu íbúðarinnar, fjarlægja hana og einangrun og þurrka upp allt vatn af grunnplötunni. Endurnýja síðan einangrun og allan tilheyrandi frágang. Við að brjóta upp gólfplötuna hafi í ljós komið, að á grunnplötunni flaut allt í vatni og

vikursalli og rauðamöl rakamettuð. Er gólfið hafði verið þurrkað, hafi ekki verið séð, að vatn kæmist inn í gólfið með öðrum hætti en frá vatnsleiðslunni, t. d. gegnum útvegg í suðurhlið hússins, þar sem vitað var, að vatn gat legið. Kvaðst vitnið hafa sérstaklega athugað þetta atriði, þar sem hjá sér hafi vaknað grunur í upphafi, að sá möguleiki kynni að vera fyrir hendi. En við skoðun sína að þessu leyti hafi komið í ljós, að pípulagnir, sem lágu út við vegginn, hafi verið óskemmdar. Sjálft kvaðst vitnið ekki hafa unnið að viðgerðinni, en þó fylgst með henni, þó ekki í smáatriðum.

Vitnið Svanur Skæringsson pípulagningameistari kvað stefnanda hafa beðið sig að annast viðgerðir á pípulögn í íbúð sinni. Ljóst hafi verið, að skemmd og lek rör hafi verið undir gólfplötunni. Hafi hann fyrst komið til stefnanda til skrafs og ráðagerða þetta varðandi og hafi vitnið látið það álit sitt í ljós, að ef árangur ætti að nást, þá kæmi mjög til álita að brjóta upp gólfplötuna, fjarlægja einangrun og leggja að nýju. Vitnið hafi síðan ekki komið til verksins, fyrr en búið var að brjóta upp gólfplötuna og fjarlægja alla einangrun. Hafi sér verið sagt, að vatnsrör hefði bilað, en það hafði verið búið að taka það úr tengslum, er vitnið kom að verkinu. Mikil bleyta hafi þá verið á gólfinu, og hafði hún dregið sig upp í veggina, sérstaklega í suðurhluta íbúðarinnar. Hafi komið til álita, hvort bleytan ætti rætur að rekja utan að, en um það hafi vitnið ekki haft neina vissu, þar sem það hafi ekki gætt að því sérstaklega. Um þetta sama leyti hafi verið grafið fyrir dreinlögn við húsið, og einnig kvaðst vitnið hafa lagfært niðurföll frá svölum. Mikið þurrviðri hafi verið á þessum tíma. Hafi bleytan á gólfinu þornað fljótt. Kvaðst vitnið ekki treysta sér til að ákvarða, hvort rakinn, sem var upp á veggina, hafi verið frá gólfinu, sem vitninu þótti líklegt, eða hvort hann kom inn um vegginn. Kvaðst vitnið halda, að talið hafi verið, að rakinn hafi ekki komið inn um vegginn.

Vitnið Elvar Bjarnason pípulagningameistari kvaðst vinna að iðn sinni fyrir Samvinnutryggingar, þegar um væri beðið, svo sem í slíkum tilvikum, sem hér um ræðir. Hafi svo verið hér og hafi hann farið á staðinn til athugunar og í þeim tilgangi að lagfæra það, sem bilað hafði. Hafi þetta verið í byrjun júní 1976, en þá hafi verið búið að loka fyrir lekaleiðsluna. Hann hafi þá komið neysluvatni á til íbúðar stefnda, en síðar fullgengið frá leiðslunni með því að leggja hana upp undir lofti í sameign í kjallaranum. Í millitíðinni hafi hann látið höggva tvö göt í gólf

kjallaraíbúðarinnar vegna gruns um, að þar væri eitthvað á seyði út frá lekanum, þ. e. til athugunar, hvort þar væri allt á floti. Þar undir hafi þó virst nokkuð þurrt, en smáraki hafi þar þó verið í botnplötunni, eftir að hreinsuð hafi verið upp rauðamöl úr götunum. Einnig hafi hann látið höggva gat í gólfið fram í gangi, en þar virtist þá vera þurrara. Elvar kvaðst síðan hafa komið á staðinn til viðræðna ásamt eiganda íbúðarinnar og fulltrúum frá Samvinnutryggingum. Hafi málið verið rætt vítt og breitt, en hann kvaðst ekki muna þær viðræður. Þó hafi verið um það talað, að ráð væri að láta blása niður um götin, en hann taldi, að slíkt hafi þó aldrei verið framkvæmt. Við athugun sína á vettvangi kvaðst Elvar hafa komist að raun um, að engin dreinlögn hafi verið meðfram húsinu og einnig hafi niðurföllum verið ábótavant. Raki hafi verið til staðar í stofu og hafi til álita komið, að hann kynni að eiga rætur að rekja til niðurfalla. Eins hafi sést raki í svefnherbergi og þar fyrir utan hafi niðurföll ekki verið í því ástandi, sem þau hafi átt að vera. Elvar kvað það álit sitt á umræddum tíma, að rakinn í einangruninni hafi tvímælalaust ekki átt rætur að rekja til leka frá hinu bilaða röri, og kvaðst hann þá hafa miðað við önnur tjón, sem hann hafi haft afskipti af og ekki óáþekk. Elvar kvaðst minnast þess að hafa séð öryggisventil í kyndiklefa, sem virst hafi vera í kjallarakerfinu, er hafi lekið með. Kvaðst hann hafa bent húseiganda á þetta, en það hafi víst verið búið að leka einhvern töluverðan tíma og sprungur hafi verið í gólfinu. Elvar kvað það sitt álit, að aðgerðir þær, sem gerðar voru í hér umræddu tilviki, hafi ekki verið eðlilegar, en benti þó ekki á aðrar aðferðir.

Héðinn Emilsson, sá starfsmaður Samvinnutrygginga, sem hafði með að gera hugsanlegar greiðslur vegna umræddra tjóns, skýrði svo frá, að sjálfur hefði hann ekki komið á staðinn. Hins vegar hafi hann átt mörg samtöl við stefnanda þar að lútandi og hafi stefnandi gefið sér allar upplýsingar varðandi byggingu hússins og frágang miðstöðvar- og vatnsleiðslna svo og frágang á lóð kringum húsið. Einnig hafi hann fengið upplýsingar um það, hverjar tilraunir hefðu verið gerðar af pípulagningameistara þeim, sem félagið hefði kallað til af þessu tilefni. Af öllum þeim upplýsingum, sem hann þannig hafi fengið, svo og reynslu sinni í svipuðum tilvikum hafi hann fyrir hönd félagsins komist að þeirri niðurstöðu, að hér væri um að ræða sameiginlegt tjón allra húseigenda og hafi hann jafnan skýrt stefnanda frá þeirri skoðun félagsins. Hafi stefnanda því verið boðnar bætur að 30 hundraðs-

hlutum, sem hafi verið eignarhluti stefnda í húseigninni. Kvaðst Héðinn hafa svarað bréfi stefnanda frá 14. september 1976 í samræmi við það. Héðinn kvað það aldrei hafa komið til greina, að félagið tæki að sér framkvæmdir á viðgerð, aðeins hafi verið um að ræða tilraunir, sem til greina gátu komið, og hafi pípulagningamanni þeim, er félagið leitar til, verið ætlað það, svo sem hann hafi og gert. Aðspurður kvað Héðinn, áður en félagið tæki að sér ábyrgð fyrir húseigendur, upplýsinga vera aflað varðandi húseignir þær, sem tryggingin tæki til. Gat hann þess, að fyrir kæmi, að slíkum tryggingarbeiðnum væri hafnað.

Konráð Úlfarsson, starfsmaður Samvinnutrygginga, kvaðst hafa komið á staðinn sennilega í tvö skipti. Fyrra skiptið muni hafa verið í lok ágústmánaðar 1976, og var þá búið að höggva götin í gólfin. Hafi hann þá rætt við stefnanda, sem hafi lýst fyrir sér atvikum. Nokkrum dögum síðar hafi hann aftur átt tal við stefnanda á staðnum og hafi þeir þá rætt málið fram og aftur. Hafi stefnandi þá skýrt frá því, að hann hefði fengið menn á staðinn, sérfræðinga, sem hafi mælt rakastig, og hafi raki mælst mestur fram við forstofudyr. Hafi þá á það verið bent, að rakinn kynni að stafa af ýmsum ástæðum, m. a. að það hafi verið niðurfall þar framan við dyrnar, óvenjumikil úrkoma hafi verið um það leyti, þannig að mikill vatnselgur hafi verið á jörðinni, og ýmislegt, sem bent gæti til þess, að um utanaðkomandi atriði gæti verið að ræða, einnig í stofunum og herbergjunum. Einnig hafi fundist á staðnum bilun á öryggisloka í kyndiklefa, þannig að vatn lá þar á gólfi. Konráð kvaðst síðan hafa sem starfsmaður Samvinnutrygginga ásamt Héðni Emilssyni fylgst með kröfum stefnanda, en það hafi verið álit hans, að hér væri um að ræða sameiginlegt tjón allra húseigenda.

Kröfur stefnanda í málinu eru alfarið byggðar á því, að orsakir tjóns hans eigi rætur að rekja til þess, að heitavatnsleiðsla til íbúðar stefnda hafi rofnað, þar sem hún lá undir gólfi íbúðar sinnar, og leki frá henni hafi valdið því, að einangrunin varð rennblaut, sem síðan hafi komið fram í gólfum íbúðarinnar. Hafi hann, er þetta varð ljóst, þegar í stað látið stefnda vita og hafi stefndi ekki vefengt orsakir. Hins vegar hafi það komið í hlut réttargæslustefnda sem tryggjanda hans samkvæmt tryggingarsamningi stefnda við félag réttargæslustefnda að hafa afskipti af málinu, enda hafi réttargæslustefndi annast um bæði lagfæringu á hinni rofnu leiðslu og gert ráðstafanir til úrbóta á tjóni stefnanda, þótt þær hafi reynst árangurslausar. Á hér umræddum

tíma hafi verið í gildi lög nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa, en þau lög eigi hér við. Samkvæmt þeim lögum sé greint á milli séreignar og sameignar, og í 13. gr. laganna er sérstaklega rætt um bilanir í leiðslum. Annars vegar er í greininni rætt um sameiginlegar leiðslur (hita, vatns, skolp og rafmagns) og hins vegar þær leiðslur, sem ekki eru sameiginlegar. Í hér umræddu tilviki varð bilun í hitavatnsleiðslu, sem ekki var sameiginleg leiðsla, heldur sérleiðsla stefnda fyrir íbúð hans. Umrædd grein laganna segir ekki berum orðum um greiðsluskyldu eiganda slíkrar leiðslu, ef tjón hlýst af bilun hennar, en allt orðalag 3. mgr. greinarinnar verði þó ekki á annan hátt skýrt en að eigandi slíkrar leiðslu sé skaðabótaskyldur af tjóni því, sem af bilun á henni leiði. Megi í því sambandi vísa til 12. gr. hinna nýju laga, nr. 59/1976, sem taki þetta skýrt fram, en ekki sé í því efni um að ræða stefnubreytingu, heldur sé betur að orði komist en í hinum eldri lögum. Aldrei hafi verið vefengt af hálfu stefnda, að bilun hafi orðið á umræddri leiðslu hans og að leki frá henni hafi valdið tjóni í íbúð stefnanda, enda hafi stefnda strax verið tilkynnt um það og hann eða réttargæslustefndi fyrir hann fylgst með framgangi mála að því leyti. Hafi stefnda og verið tilkynnt um fyrirhugaðar lagfæringaframkvæmdir, sem ráðlagðar hafi verið af sérfróðum mönnum, áður en þær voru hafnar. Ekkert hafi fram komið við viðgerðarframkvæmdirnar, sem bent hafi til þess, að orsakir rakans væru annarra orsaka en frá hinni biluðu leiðslu. Viðgerðarframkvæmdir hafi verið ráðlagðar af sérfróðum mönnum og unnar af slíkum, enda þær framkvæmdir þær einu, sem til greina komu til árangurs.

Stefndi styður kröfur sínar þeim rökum, að hann eigi aðeins að greiða tjón það, sem varð vegna raka í íbúð stefnanda, að þeim hluta sem nemur eign hans í húsinu, að 30 hundraðshlutum. Stefndi mótmælir því ekki, að leiðsla heits neysluvatns til íbúðar hans hafi bilað og leki frá henni hafi komist í einangrun á milli gólflaga í kjallaranum. Hins vegar verði rakinn í einangruninni ekki einvörðungu rakinn til þess. Staðreynd sé, að þá er húsið var byggt, voru hita- og vatnsleiðslur lagðar yfir botnplötu, einangraðar með rauðamöl og vikursalla og gólfplata steypt yfir. Þessi frágangur á leiðslum var ekki óalgengur á þeim tíma, en hefur síðar reynst hafa verið ófullkominn og hættulegur, enda ekki framkvæmdur nú. Vildi myndast raki í einangruninni, sem smám saman tærði leiðslurnar, svo sem raun varð á um 8 árum frá byggingu hússins. Stefnandi var aðili að þessum frágangi í upp-

hafi og því að öllu leyti meðábyrgur öðrum eigendum hússins að þessu leyti. Dreinlögn var engin kringum húsið. Sé því ljóst, að allt úrkomu- og jarðvatn hefur legið að húsinu allan tímann frá byggingu þess. Megi því eðli máls ætla, að þetta hafi valdið raka í íbúð stefnanda í kjallaranum. Einnig hafi allur frágangur niðurfalla frá svölum hússins verið stórlega gallaður, með því að vatnið frá þeim hefur allt frá byggingu hússins runnið niður með veggjum þess og legið að því við jörð. Þetta hefur og valdið auknum raka við kjallarann. Raka í íbúð stefnanda hafi af þessum tveim síðasttöldum ástæðum orðið vart í íbúð stefnanda. Þá megi einnig á það benda, að í kyndiklefa í kjallara hafi að staðaldri verið pollur, sem átti upptök sín í biluðum öryggisventli á miðstöðvarleiðslum stefnanda. Þessi vatnsagi var mjög fallinn til þess, að vatn eða raki kæmist í einangrun á kjallaragólfinu. Þegar á öll þessi atriði sé litið, sé augljóst, að rakinn í kjallaragólfinu eigi sér margvíslegar orsakir, og verður hver ein út af fyrir sig ekki tekin sem líkleg orsök og allt tjónið rakið til hennar einnar, svo sem stefnandi gerir. Hið raunverulega sé, að tjónið eigi rætur að rekja til samtvinnaðra og óaðgreinanlegra orsaka og því sé eðlilegast af því, sem rakið hefur verið, að allir eigendur beri sameiginlega ábyrgð á tjóninu í hlutfalli við eignarhluta sinn í húseigninni. Einnig bendir stefndi á, að í eldri lögum um sameign fjölbýlishúsa, sem í gildi voru, er hér umræddur atburður átti sér stað, voru ekki ákvæði um hlutlæga ábyrgð, sem hins vegar séu í hinum nýju lögum. Hlutlæg ábyrgð sé undantekning í íslenskum rétti og því beri, þá er hennar nýtur við, að skýra þröngt. Þá mótmælir stefndi fjárhæð kröfu stefnanda sem of hárri, meðal annars með tilliti til þess, að ekki hafi verið nauðsynlegt að ráðast í svo viðamiklar framkvæmdir, heldur hafi aðrar viðaminni nægt til að bæta tjónið.

Það er óumdeilt í málinu, að neysluvatnsrör til íbúðar stefnda hafi gefið sig, þar sem það lá í vikur- og rauðamölseinangrun milli gólflaga í kjallara, og að frá því hafi lekið vatn í einangrunina. Það er einnig óumdeilt, að enginn annar húseigenda hafði not leiðslunnar en stefndi. Er atburður þessi átti sér stað, voru í gildi lög nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa. Í 13. gr. laganna er greint á milli sameiginlegrar leiðslu og leiðslu, sem ekki er sameiginleg. Verður ekki annað ráðið en að hér umrædd leiðsla teljist vera sérleiðsla stefnda og því gildi um hana 3. mgr. lagagreinarinnar. Sú málsgrein segir ekki beint, hvernig bæta skal tjón, sem slík sérleiðsla veldur. Hins vegar leggur málsgreinin þá

skyldu á íbúðareigendur að þola rask til lagfæringa á slíkri leiðslu, en þeim þó að kostnaðarlausu. Verður því að álykta, að tjón, sem leiðslan kann að hafa valdið, verði sá eigandi að bæta, sem sú leiðsla tilheyrir, í hér umræddu tilviki stefndi. Það er ágreiningsefni í málinu, hvort tjónið í íbúð stefnanda verði alfarið rakið til lekans frá umræddri leiðslu. Stefnandi tilkynnti stefnda strax um atburðinn, en eins og rakið er hér að framan, voru það starfsmenn réttargæslustefnda, sem svo til að öllu leyti höfðu afskipti fyrir stefnda í þessu efni, m. a. tóku ákvarðanir um leiðir til úrbóta. Tók það alllangan tíma og án nokkurrar lausnar. Stefnandi leitaði álits tæknifróðra manna um aðgerðir til lausnar þeim vanda, sem upp var kominn, en þeirra mat var að gera þær framkvæmdir, sem stefnandi lagði út í. Að mati hinna sérfróðu meðdómenda hefðu ef til vill aðrar minni framkvæmdir komið að sama gagni, en stefnanda verður það hins vegar ekki lagt til ámælis að hafa farið eftir ráðum hinna tæknifróðu manna. Lét hann stefnda og réttargæslustefnda vita, áður en hann lét að framkvæmdum verða. Gátu þeir aðiljar því staðreynt, hvort annarra orsaka væri að leita rakans en frá hinni biluðu leiðslu. Það gerðu þeir ekki, og verður því að láta þá bera halla af sönnunarskorti að þessu leyti. Vitnið Sigurður Jósep Pétursson kannaði aðrar hugsanlegar orsakir, en komst að því, að þær væru ekki fyrir hendi. Þykir ekki annað fært en að leggja þá skýrslu til grundvallar, eins og atvikum er háttað. Samkvæmt þessu framansögðu er það niðurstaða dómsins, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda tjón hans.

Stefnandi hefur sundurliðað tjónkröfu sína þannig:

1.	Vinna við að moka út grjóti og möl	kr.	100.000
2.	Greitt fyrir að brjóta gólfsteypu	—	42.589
3.	Greitt fyrir handlöngun á steypu	—	7.200
4.	Greiddur reikningur fyrir múrverk	—	114.560
5.	Greiddur reikningur fyrir dúka og teppalagningu	—	46.949
6.	Greiddur reikningur fyrir pípulagnir o. fl.	—	59.612
7.	Greitt fyrir málningu á gólfi o. fl.	—	16.105
8.	Greitt fyrir raflögn að termostati	—	8.505
9.	Múrbrot, einangrun og þrif á kjallaraíbúð	—	25.000
10.	Múrbrot og einangrun skv. nótu	—	15.000
11.	Vinna við glugga vegna skemmda frá steinbroti	—	8.610
12.	Þéttilistar	—	1.200

13.	Rúðugler	kr.	14.750
14.	Gólfdúkur o. fl.	—	26.622
15.	Rappítnet í gólfsteypu	—	15.080
16.	Pappi vegna frágangs á rörum í gólfi	—	9.720
17.	Teppalím, gaddalistar, spartsl, listar o. fl. skv. nótu	—	4.216
18.	WC kassi og lok vegna skemmda á baði	—	9.052
19.	Akstur á efni og mönnum + lögfr.aðstoð	—	22.000
20.	Reyplast í gólf	—	50.646
21.	Steypa í gólf	—	53.655
22.	Hiti og rafmagn frá júní—nóv. 1976	—	9.949
23.	Akstur með vörur	—	2.800
24.	Lántaka og víxlakostnaður	—	36.280
25.	Vaxtakostnaður og húsaleigutap	—	300.000
		Samtals kr.	1.000.000

Stefndi hefur ekki mótmælt töluliðum 1, 2, 4, 5, 14, 15, 17, 20, 21 og 23 tölulega. Verða þeir töluliðir því teknir til greina sem tjón. Enn fremur telur dómurinn rétt að taka til greina sem tjón stefnanda töluliðina 3, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 16, 18 og 22. Dómurinn telur stefnanda ekki hafa fært næg rök fyrir öðrum kröfuliðum, til að unnt sé að taka þá til greina. Er þá m. a. haft í huga neitun hans til að upplýsa dóminn um söluverðmæti íbúðarinnar bæði fyrir og eftir viðgerðarframkvæmdir þær, sem gerðar voru.

Þessir kröfuliðir, sem að framan eru nefndir og teknir verða til greina sem tjón stefnanda, nema samtals kr. 582.208. Stefnandi endurbætti íbúð sína með framangreindum framkvæmdum. Telur dómurinn þá endurbót verði stefnandi að bera sjálfur. Endurbótina telur dómurinn hæfilega metna með 25% af heildarkostnaði, en það nemur kr. 145.552. Tjón stefnanda nemur því samkvæmt framansögðu samtals kr. 436.656. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafist er.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 130.000.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómandanum Óttari P. Halldórssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Brynjólfsson, greiði stefnanda, Sveini Pálmasyni, kr. 436.656 með 13% ársvöxtum frá 1. nóvember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 130.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Guðjónssonar
húsasmíðameistara.

13. gr. laga nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa, sem gilda um mál þetta, sker ekki úr um greiðslu tjóns af bilaðri sérleiðslu, sem liggur í sameiginlegu rými húseignarinnar. Tel ég því, að þegar slík leiðsla veldur tjóni, beri að skipta því milli allra eigenda í hlutfalli við eignaraðild hvers um sig í heildareigninni. Annað leiddi til mismunandi áhættu eiganda eftir því, hvar íbúð hans er staðsett í sameigninni. Ber því aðeins að dæma stefnda til að greiða 30 hundraðshluta af tjóni stefnanda, en það er eignarhluti hans. Ég er sammála meiri hluta dómsins um fjárhæð tjónsins, og því ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 130.997 með vöxtum, eins og krafist er. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 90.000.

Atkvæði mitt er því:

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Brynjólfsson, greiði stefnanda, Sveini Pálmasyni, kr. 130.997 með 13% ársvöxtum frá 1. nóvember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 90.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. mars 1981.

Nr. 167/1978. **Reimar Þorleifsson**
Dóroþea G. Reimarsdóttir og
Hagtrygging h/f
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Sigurði K. Björnssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 5. október 1978. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast áfrýjendur lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal endurrit af vitnaleiðslum, sem fram fóru 21. febrúar 1980 í máli, sem áfrýjandinn Hagtrygging h/f hafði höfðað gegn ökumanni bifhjólsins A 1153, Tryggva Jónssyni, og vátryggingarfélagi þess ökutækis. Komu þá fyrir dóm áfrýjandinn Dóroþea, stefndi Sigurður og nefndur Tryggvi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann með þeirri breytingu, sem leiðir af nýjum gjaldmiðli.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt 7.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Reimar Þorleifsson, Dóroþea G. Reimars-

dóttir og Hagtrygging h/f, greiði óskipt stefnda, Sigurði K. Björnssyni, 7.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. júní sl., hefur Sigurður K. Björnsson, Norðurvegi 1, Hrísey, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. mars 1977, á hendur Reimari Þorleifssyni, Smáravegi 5, Dalvík, Dóroþeu G. Reimarsdóttur og Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða in solidum kr. 8.212.785 með hæstu lögleyfðu ársvöxtum af slíkri kröfu frá 4. maí 1974 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að þau verði sýknuð af kröfu stefnanda og stefnanda gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, m. a. á grundvelli ábyrgðarskiptingar, en málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir hafa farið fram fyrir dóminum án árangurs.

Málavextir eru þeir, að þann 4. maí 1974 varð umferðarslys á Skíðabraut austan við samkomuhúsið Víkurröst á Dalvík. Slysið varð um kl. 2315. Tildrög þess voru þau, að Tryggvi Jónsson ók bifhjólinu A 1153, sem var hans eign, á Skíðabraut til suðurs. Farþegi á bifhjólinu var stefnandi. Skíðabraut er því nær hallalaus á þessum slóðum. Vestan götunnar er bifreiðastæði, en á eystri brún hennar er steyptur kantur, og er malaruppfylling austan hans. Þegar bifhjólinu var ekið suður götuna, var bifreiðinni A 4302, ökumaður stefnda Dóroþea G. Reimarsdóttir, ekið af greindu bílastæði þvert út í götuna. Varð þarna árekstur milli bifreiðarinnar og bifhjólsins. Við áreksturinn kastaðist bifhjólið til suðurs og rakst á mannlausa bifreið, A 2466, sem stóð við austurbrún götunnar, og hafnaði síðan á hliðinni. Stjórnandi bifhjólsins og farþeginn á hjólinu köstuðust af því við áreksturinn, og meiddust báðir, einkum þó farþeginn, sem slasaðist mikið. Öll greind ökutæki skemmdust meira eða minna. Talið er, að við

árekstur inn hafi hægri fótleggur slasaða klemmst á milli stuðara bifreiðarinnar A 4302 og mótorhjólsins. Stefnandi hafi fallið í götuna af miklu afli og þar hafi spænst möl upp í opið beinbrot, sem hann hlaut á hægri fótlegg. Gert var að þessu fótbroti á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Stefnandi átti lengi í þessum meiðslum og gat eigi hafið vinnu eftir slysið fyrr en um það bil að einu og hálfu ári liðnu.

Þá er slysið varð, var veður bjart og gatan þurr. Myrkur var á, en góð raflýsing á slysstað. Lögregluskýrslur hafa verið lagðar fram í málinu og teknar sem staðfestar fyrir dómi. Þar kemur fram, að lögreglumaðurinn Karl J. Kristjánsson hefur verið nærri vettvangi, þá er slysið varð. Hann gefur skýrslu um það og teiknar uppdrátt af vettvangi. Í skýrslu hans kemur fram, að hann hefur verið staddur við norðausturhorn samkomuhússins Víkurrastar ásamt Halldóri Gunnlaugssyni lögreglumanni. Sáu þeir ekki, er árekstur inn varð, en sáu, er bifhjólinu var ekið suður Skíðabrautina rétt norðan árekstursstaðarins. Virtist þeim því ekið allhratt, en að verið væri að draga úr ökuhraða þess, þegar það hvarf sjónum þeirra í suður austan bifreiða, er stóðu á bifreiðastæðinu vestan Skíðabrautar, en austan samkomuhússins. Lögreglumaðurinn tekur fram, að hann telji ökuhraða bifhjólsins hafa verið stórlega vítaverðan, miðað við aðstæður, þann spöl, er hann sá til ferða þess rétt norðan slysstaðarins, því þarna hafi verið mikil umferð bifreiða og gangandi vegfarenda, en dansleikur hafi verið í Víkurröst. Lögreglumanninum gafst ekki kostur á að spyrja ökumenn á vettvangi.

Tryggvi Jónsson, ökumaður bifhjólsins, gefur skýrslu hjá lögreglu fimmtudaginn 9. maí 1974. Hann gerir þær athugasemdir við skýrslu lögreglunnar, að rangt sé, að umferð bifreiða hafi verið um Skíðabrautina, svo teljandi væri, fyrir árekstur inn. Engin bifreið hafi verið fram undan á hans kanti. Á móti honum hafi komið tvær bifreiðar, er hann mætti norðan móta Mímisvegar, sem sé næsta þvergata norðan árekstursstaðarins. Eftir það hafi hann ekki mætt bifreið og ekki tekið eftir frekari umferð á móti. Engin umferð gangandi fólks hafi verið á Skíðabrautinni sunnan Mímisvegar, svo hann tæki eftir. Hann kvaðst hafa verið á um 50 km hraða miðað við klukkustund, er hann ók fram hjá mótum Mímisvegar nokkuð norðan við árekstursstaðinn, en þá hafi hann dregið úr ferð með hemlum án þess þó að festa hjól. Hann hafi ekið á hægri helmingi vegar. Þegar hann hafi verið kominn suður fyrir umrædd gatnamót, hafi hann séð

til ferða A 4302, sem komið hafi af bifreiðastæðinu austur á Skíðabrautina. Honum hafi virst bifreiðin stöðvuð, þegar hún var komin nokkuð inn á Skíðabrautina. Hann hafi gefið hljóðmerki til að vekja athygli stjórnanda A 4302 á ferð sinni og síðan sveigt til vinstri á götunni og ætlað framan við A 4302. Hann kvaðst hafa talið sig öruggan um að vera vel frír við A 4302. Hann hafi verið að sleppa við A 4302, er högg kom á hjólið nálægt miðju. Hjólið hafi kastast til vinstri og eftir það viti hann ekki, hvað gerst hafi, fyrr en hann lá austan götunnar. Hann kvaðst þess fullviss, að A 4302 hefði færst austur á götuna eftir áreksturinn. Einnig að bifreiðin hefði verið stöðvuð, eins og fyrr segir, vestar á götunni, en sett af stað aftur í þann mund, er hann ók framan við hana, án þess að hann yrði þess var.

Dóroþea Reimarsdóttir hefur gefið skýrslu hjá lögreglu. Eftir að hafa kynnt sér uppdrátt af vettvangi, sagði hún hann líkan því, er aðstæður voru eftir áreksturinn. Hún kvaðst hafa ekið bifreiðinni A 4302 austur af bifreiðastæðinu við Víkurröst. Hafi ætlunin verið að beygja inn á Skíðabrautina til vinstri (norður). Hún hafi stöðvað bifreiðina með framendann á móts við vesturbrún Skíðabrautar, meðan hún gætti að umferð eftir Skíðabrautinni. Engin bifreið hafi verið kyrrstæð á vesturkanti Skíðabrautar norður fyrir Mímisveg, en á austurkantinum hafi verið bifreiðin A 2466, eins og fram komi á vettvangsuppdrætti. Einnig gæti önnur bifreið hafa staðið á austurkantinum, en þá nokkuð norðar. Þegar hún hafi stöðvað, eins og fyrr er um getið, hafi hún enga umferð séð frá hægri. Frá vinstri hafi hún séð til ökutækis á suðurleið, norður hjá Skíðabraut 6 (hornhús vestan Skíðabrautar norðan Mímisvegar). Hafi það verið svo langt, að hún hafi talið sig hafa nægan tíma til að aka yfir á austurhelming götunnar og beygja til norðurs án þess að hindra þetta ökutæki, er síðar reyndist vera bifhjólið A 1153. Hún hafi því ekið inn á Skíðabrautina eftir að hafa gefið stefnuljós til vinstri. Hún telji bifreiðina hafa verið komna langleiðina það, sem sýnt er á uppdrættinum, þegar hún heyrði hljóðmerki frá vinstri. Hún hafi stöðvað strax, litið til vinstri og séð A 1153 koma að vinstra framhorni bifreiðarinnar. Síðan hafi það engum togum skipt, hjólið hafi lent á bifreiðinni framan á hana, rétt hægra megin við miðju.

Stefnandi hefur gefið skýrslu hjá lögreglu. Hann sagði þá, að hann gæti ekkert sagt ákveðið um ökuhraða bifhjólsins. Sér hafi ekki fundist, að hjólinu væri ekið óeðlilega hratt, og kvaðst þess

fullviss, að því hefði ekki verið ekið yfir 60 km hraða miðað við klukkustund á leið frá Hafnarbraut og þar til slysið varð. Hann sagði jafnframt, að ökumaður hjólsins hefði dregið úr hraða hjólsins, nokkru áður en áreksturinn varð.

Hann kvaðst þá fyrst hafa tekið eftir bifreiðinni A 4302, er ökumaður hjólsins gaf hljóðmerki. Hann hafi þá litið fram á veginn og séð A 4302, þar sem hún var í um 20 metra í burtu. Bifreiðinni hefði verið ekið af bifreiðastæðinu við Víkurröst og inn á Skíðabrautina í veg fyrir hjólið. Bifreiðin hafi verið komin u. þ. b. um miðja Skíðabraut og verið á hreyfingu áfram. Honum hafi sýnst ökumaður A 4302 hægja á bifreiðinni, en auka síðan hraðann, þegar vélhjólið var komið fast að bifreiðinni. Hjólið hefði verið rétt að sleppa framan við A 4302, þegar hægra framhorn bifreiðarinnar rakst á hjólið rétt aftan við miðju. Hann kvaðst þess fullviss, að bifreiðin A 4302 hefði verið á ferð áfram, þegar áreksturinn varð.

Þá hefur verið tekin skýrsla af vitnunum Sigurði Guðjóni Marinóssyni, Inga Vigni Guðmundssyni og Jónasi A. Ingimarssyni. Varða þessar skýrslur allar meintan hraða bifhjólsins. Eru vitnin sammála um það, að því hafi verið ekið hratt miðað við aðstæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að bifreiðarstjóri A 4302, Dóroþea, hafi valdið slysinu með gálauslegum akstri, þar sem hún ók af bifreiðastæði inn á akbraut í veg fyrir aðvífandi ökutæki, sbr. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Fébótaábyrgð þessa stefnda telur stefnandi byggjast á almennum skaðabótareglum, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Eigandi bifreiðarinnar A 4302 var stefndi Reimar. Kröfur sínar á hendur honum reisir stefnandi á 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga.

Bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda vátryggingarfélagi. Reisir stefnandi kröfur sínar gagnvart því á 2. mgr. 74. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga.

Stefnandi heldur því fram, að bifreiðarstjóri A 4302 hafi átt alla sök á slysinu. Það skipti þó ekki máli um bótarétt stefnanda gagnvart stefndu, þótt ekki yrði á það fallist, því að þótt talið yrði, að ekill bifhjólsins væri meðvaldur af slysinu, sem út af fyrir sig sé mótmælt, haggi það ekki sjálfstæðum og óskoruðum bótarétti stefnanda gagnvart öllum hinum stefndu. Þetta sé tvímælalaust skv. grundvallarreglum skaðabótaréttarins, þótt stefnda vátryggingarfélag hafi ekki viljað á það fallast og hafi

vísað málinu til dómstóla, án þess að könnun hafi fengist á sáttamöguleikum utan vettvangs dómstóla.

Af hálfu stefndu er fyrst og fremst á því byggt, að orsakir slyssins verði einvörðungu raktar til hraðaksturs bifhjólsins. Ekki skipti máli, þótt bifreiðin A 4302 hefði annars átt að víkja fyrir umferð um Skíðabraut, sbr. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga, þar sem ekki hafi mátt varast akstur af þessu tagi á þessum stað. Í framkomu ökumanns A 1153 hafi falist brýnt og alvarlegt brot á ákvæðum 49. gr. umferðarlaga um ökuhraða, þ. e. 1., 2. og 3. mgr., svo og ákvæðum 1. mgr. 50. gr. sömu laga um hámarkshraða. Telja verði, að hann hafi valdið slysinu með stórkostlegu og vítaverðu gáleysi. Hafa verði það í huga, að akstur hans um staðinn í þetta sinn hafi ekki verið á nauðsyn byggður, heldur hafi þeir stefnandi verið að leika sér á hjólinu.

Sýknukrafa stefndu er borin fram með vísan til þess, að eigandi og ökumaður A 1153 hljóti að bera alla þá ábyrgð, sem um kunni að vera að ræða, á tjóni stefnanda skv. 68. gr. umferðarlaga og öðrum ábyrgðarákvæðum þeirra laga (67. og 69. gr.). Þeim skilningi stefnanda er harðlega mótmælt, að hann geti krafið stefndu um allt tjón sitt af slysinu án tillits til ákvæða 68. gr. umferðarlaga og yfirleitt án tillits til þess, að ökumaður A 1153 geti talist meðvaldur að slysinu. Byggt er á því, að 68. gr. umferðarlaga sé sú grein, sem ætluð sé til að skera úr um tjón af árekstri bifreiða. Slíkt tjón eigi að skiptast á milli bifreiðanna, og þá ekki einungis tjón á þeim sjálfum, heldur allt tjón af árekstrinum. Stefndu mótmæla, að farþegar í gagnstæðri bifreið geti sótt bifreiðareiganda um bætur vegna áreksturs á grundvelli 67. gr. umferðarlaga einvörðungu. Slíkar bætur verði aðeins sóttar af þeim hluta, sem tjónið tilheyri þeirri bifreið skv. reglu 68. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968 ber þeim, sem aka frá bifreiðastæðum, að víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inn á. Stefnda, Dóroþea Reimarsdóttir, ók bifreiðinni A 4302 af bifreiðastæði við samkomuhúsið Víkurröst og inn á Skíðabraut, þá er áreksturinn varð við bifhjólið A 1153, sem kom eftir Skíðabrautinni. Þykir mega við það miða eftir athugun á aðstæðum samkvæmt framlögðum uppdrætti og framburðum aðilja og vitna, að Dóroþea hafi með akstursmáta sínum alla vega átt hluta af sök á árekstrinum. Að fenginni þessari niðurstöðu þykir ekki hér þurfa að taka afstöðu til, hvort og að hve miklu leyti stjórnandi bifhjólsins A 1153 átti sök á árekstrinum, þar sem

stefnanda er rétt að hafa uppi alla kröfu sína á hendur hverjum þeim, sem einhverja sök átti, þar sem þeir bera allir ábyrgð in solidum á tjóni hans skv. almennum reglum. Stefnda Dóroþea ber þannig ábyrgð á tjóni stefnanda, sbr. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968.

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968 ber skráður og skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ábyrgð á því. Stefndi Reimar Þorleifsson var, þá er slysið varð, skráður eigandi bifreiðarinnar A 4302 og ber þannig ábyrgð á tjóni stefnanda. Skiptir ekki máli um ábyrgð hans gagnvart stefnanda, hvor stjórnenda ökutækjanna er talinn eiga sök á tjóni stefnanda, þar sem Reimar er þegar ábyrgur fyrir því skv. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga, en 3. mgr. 67. gr. laga 40/1968 þykir ekki eiga við um stefnanda. Hins vegar þykir 68. gr. laga 40/1968 ekki eiga hér við, þar sem hún samkvæmt orðalagi sínu varðar skiptingu tjóns af árekstri skráningarskyldra ökutækja sín á milli.

Bifreiðin A 4302 var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Hagtryggingu h/f, og er félagið þannig bótaskylt gagnvart stefnanda, sbr. 2. mgr. 74. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt svo:

1.	Örorkubætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku	kr. 7.269.000
2.	Miskabætur, þjáningar, lýti, röskun á stöðu og högum	— 950.000
3.	Fatatjón	— 30.000
4.	Ferðakostnaður	— 20.000
5.	Útlagður kostnaður vegna gagnaöflunar	— 43.785
		Kr. 8.212.785

Um lið 1.

Stefnandi byggir kröfu sína skv. þessum lið á örorkumati Ólafs Jónssonar læknis frá 22. október 1976. Niðurstaða læknisins er þessi:

„Hér er um að ræða rúmlega 22 ára gamlan Hríseying, sem mun hafa unnið verkamannavinnu við fiskmat o. fl., er varð fyrir slysi fyrir tæpum 2½ ári, þannig að hann féll af mótorhjóli,

er lenti í árekstri við bifreið, og klemmdist hægri fótur hans milli bifreiðar og mótorhjóls með þeim afleiðingum, að hann hlaut opið beinbrot, kurlað og mjög óhreint, og verulegan mjúkvefja skaða kringum brotið. Gert var að brotinu með fjölmörgum aðgerðum í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, og er talið, að beinbrotið hafi verið að fullu gróið u. þ. b. 1 ári eftir að slysið varð, og mun húðflutningum á brotstaðinn þá hafa verið lokið. Allan þann tíma, og raunar nokkru lengur, þurfti slasaði að vera í gipsi, og var öklaliður að sjálfsögðu inmobiliceraður allan þann tíma. Eftir að brotið var gróið, var slasaði í æfingum, og beindust þær einkum að því að liðka og auka hreyfingar í öklanum, sem var, að sjálfsögðu, mjög stirður eftir langvarandi meðferð. Slasaði mun hafa lítilsháttar byrjað vinnu við fiskmat u. þ. b. 1½ ári eftir slysið og hefur síðan smátt og smátt aukið vinnu, eftir því sem geta hefur leyft, og telur hann, að síðasta 1/2 árið hafi vart um nokkra framför verið að ræða. Þar sem öllum aðgerðum, er fyrirhugaðar voru í sambandi við slys þetta, er lokið, þótt hugsanlegt kunni að vera, að eftir 5—10—15 ár gæti komið til frekari aðgerða vegna afleiðinga slyssins, verður að telja tímabært að meta örorku þá, er af slysi þessu hlaust, og telst hún hæfilega metin:

100% í 18 mánuði
50% næstu 6 mánuði
Síðan 20% varanleg."

Á grundvelli þessa mats reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur örorkutjón stefnanda af völdum slyssins, fyrst 2. nóvember 1976 og aftur 14. júní 1978. Kemur þar fram, að stefnandi var 19 ára á slysdegi, fæddur 24. september 1954. Tryggingafræðingurinn hefur reiknað út höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps stefnanda miðað við slysdag, annars vegar með 9% ársvöxtum, en hins vegar með 13% ársvöxtum. Niðurstöður hans eru samkv. síðari útreikningnum:

	9% vextir	13% vextir
„Tímabundin örorka	1.098.000	1.058.000
Varanleg örorka	6.171.000	3.919.000
	7.269.000	4.977.000

Notaðar eru dánarlíkur samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Ekki er tekið tillit til hugsanlegra bóta frá Tryggingastofnun ríkisins eða skatta."

Þá hefur stefnandi vitnað til og lagt fram upplýsingar Jóhanns Sigurbjörnssonar skipstjóra um hásetahlut á m/b Haferni, EA 155, frá Hrísey. Stefnandi mun hafa verið ráðinn á bátinn, þá er slysið varð. Af þessum upplýsingum má ráða, að á sumarvertíð 1974 nam hluturinn kr. 121.318, haustvertíð 1974 kr. 198.489 og á vetrarvertíð 1975 kr. 910.623.

Stefndu mótmæla ekki framlögðu örorkumati sem slíku, en halda fram rétti og skyldu dómsins til að meta bæturnar sjálfstætt. Þá mótmæla þeir kröfu stefnanda samkv. þessum lið sem of hárri.

Rétt þykir með tilliti til framlagðra gagna og eftir að beitt hefur verið frádrætti vegna skattívilnana og eingreiðslu bóta að meta bætur til handa stefnanda skv. þessum lið kr. 3.700.000.

Um 2. lið.

Stefnandi vitnar hér til lýsinga á meiðslum stefnanda í örorkumati og til afleiðinga meiðslanna, sem þar koma fram.

Stefndu mótmæla þessum lið sem of háum. Þeir vísa til þess, að í örorkumati hljóti hér að vera fólgið mat á miska að hluta, þannig að bætur samkv. þessum lið hafi að hluta til verið metnar undir lið 1.

Fallast má á þetta sjónarmið stefndu að nokkru leyti, og að því athuguðu og annars með hliðsjón af sjúkrasögu þykja bætur til stefnanda skv. þessum lið hæfilega metnar kr. 300.000.

Um 3. lið.

Stefnandi heldur því fram, að föt, sem hann var í, hafi eyðilagst við slysið. Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem of háum.

Kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið er í hóf stillt, og er hún tekin til greina.

Um 4. lið.

Stefndu mótmæla þessum kröfulið ekki tölulega, og er hann tekinn til greina.

Um 5. lið.

Hér er um kostnað stefnanda af málinu að ræða, og verður tekið tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt ofangreindu skulu stefndu greiða stefnanda in

solidum kr. 4.050.000. Vaxtakrafa stefnanda er tekin til greina af dæmdri fjárhæð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 700.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan. Dómarinn fékk málið ekki til meðferðar fyrr en í maí sl.

Dómsorð:

Stefndu, Reimar Þorleifsson, Dóroþea G. Reimarsdóttir og Hagtrygging h/f, greiði in solidum stefnanda, Sigurði K. Björnssyni, kr. 4.050.000 með 9% ársvöxtum frá 4. maí 1974 til 15. júlí s. á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 700.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að teja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. mars 1981.

Nr. 112/1979. **Bragi Sigurjónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f** (Hákon Árnason hrl.) gegn **Óskari Sumarliðasyni og gagnsök** (Helgi V. Jónsson).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júní 1979. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýj-

anda, en til vara, að „sök verði skipt í málinu og kröfur gagnáfrýjanda aðeins teknar til greina að hluta". Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1979. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 7.503.81 krónu með 16% ársvöxtum af 6.096.81 krónu frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af 7.503.01 krónu frá þeim degi til 17. apríl 1978 og með dómvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 7.207.00 krónur með 16% ársvöxtum af 5.800.00 krónum frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af 7.207.00 krónum frá þeim degi til 17. apríl 1978 og með dómvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afsali á bifreiðinni R 54089.

Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 5.507.00 krónur með 16% ársvöxtum af 4.100.00 krónum frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af 5.507.00 krónum frá þeim degi til 17. apríl 1978 og með dómvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

I.

Fallast má á það með skírskotun til forsendna héraðsdóms, að báðir ökumennirnir eigi nokkra sök á árekstri þeim, sem um er fjallað í málinu. Þegar gætt er atvika allra og það virt, að ekki er hnekkt þeirri staðhæfingu gagnáfrýjanda, að ökuljós hafi logað á bifreið hans, þykir rétt að skipta sök þannig, að gagnáfrýjandi fái bætta 2/3 hluta tjóns síns úr hendi aðaláfrýjenda.

II.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að ekki hefur verið gert við bifreið gagnáfrýjanda, heldur keypti hann aðra í hennar stað í febrúar 1978. Með hliðsjón af þessu og mati hinna dómkvöddu manna, sem veitir vísbendingu um, að ekki hafi svarað kostnaði að gera við bifreiðina, þykir gagnáfrýjandi ekki geta krafist þess, að aðaláfrýjendur bæti honum viðgerðarkostnað samkvæmt matinu. Hann á hins vegar rétt á, að bætur til hans verði miðaðar við það, hvað sambærileg bifreið hefði kostað hann, en að frádregnu verðmæti flaksins, sem telja verður, að hafi numið 170.000 krónum. Því er ekki sérstaklega haldið fram af gagnáfrýjanda, að hann hafi ekki mátt afla sér sambærilegrar bifreiðar fyrir matsverð hinnar skemmdu. Verður því tjón hans að þessu leyti ákveðið 5.800.00 krónur (nýkr.), en að frádregnum 1.700.00 krónum (nýkr.) eða 4.100.00 krónur (nýkr.).

Fallast má á, að gagnáfrýjandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna þess, að hann var án bifreiðar um hríð. Þykir það hæfilega ákveðið í héraðsdómi.

Samkvæmt þessu telst tjón gagnáfrýjanda nema 4.730.00 krónum (nýkr.), (4.100.00 + 630.00). Ber aðaláfrýjendum að bæta gagnáfrýjanda óskipt 2/3 hluta þess, eða 3.153.33 krónur (nýkr.).

Lög nr. 56/1979 um dómvexti höfðu tekið gildi, þegar gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu. Hann gerði í áfrýjunarstefnu sömu dómkröfur varðandi vexti af bótafé og hann hafði gert fyrir héraðsdómi. Eru ekki skilyrði til að leyfa honum að hækka vaxtakröfu sína vegna vaxtabreytinga, sem höfðu tekið gildi fyrir áfrýjun málsins. Verða dómvextir því ekki dæmdir frá fyrri tíma en 1. september 1979. Samkvæmt þessu verða vextir af dæmdri fjárhæð ákveðnir þannig, en upphafstímamarki vaxtakröfunnar hefur ekki verið andmælt: 16% ársvextir af 2.733.33 krónum frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 28. s. m., en af 3.153.33 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5%

ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981 og 42% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 4.500.00 krónur (nýkr.).

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Bragi Sigurjónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Óskari Sumarliðasyni, 3.153.33 krónur með 16% ársvöxtum af 2.733.33 krónum frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 28. s. m., en af 3.153.33 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1 .mars 1981 og 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 4.500 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

I.

Tjón það, sem mál þetta fjallar um, hlaust af því, að bifreið aðaláfrýjanda Braga Sigurjónssonar, Y 585, var ekið á kyrrstæða bifreið gagnáfrýjanda, R 54089, þar sem hin

síðargreinda hafði verið stöðvuð örstutta stund við vegarbrún. Leggja verður til grundvallar, að ljós hafi verið tendruð á ljóskerjum hinnar kyrrstæðu bifreiðar, svo sem gert er í atkvæði meiri hluta dómenda. Ástæða hinnar tímabundnu stöðvunar var bilun í bifreiðinni sjálfri, sem gerði hana ókuhæfa. Óforsvaranlegt hefði verið að halda áfram akstri bifreiðarinnar í þeirri færð og því veðri, sem upplýst verður að telja, að hafi verið, er árekstur varð, án hreinsibúnaðar á framrúðu þeim megin, sem stjórntæki bifreiðar voru. Fljótvirkasta leiðin til þess að bæta úr því hættuástandi, sem skapaðist, þegar rúðuþurrka losnaði og féll af bifreiðinni, var að finna hana og koma henni á sinn stað. Það var gagnáfrýjandi að gera, þegar hann stöðvaði bifreið sína við vegarbrún örstutta stund með þeim aðvörunarmerkjum (ljósum), sem tiltæk voru.

Af mjög ófullkominni lögreglurannsókn eða öðru, sem fram komið er í málinu, verður ekki ráðið með vissu, hvort malarkantur meðfram malbikaðri akbraut hafi verið nothæfur til þess að stöðva bifreið gagnáfrýjanda á, en kanturinn virðist eftir uppdrætti eins meters breiður. Hann er hins vegar í raun misbreiður og skörðóttur eftir vatnsrennsli af akbraut. Í framburði ökumanns bifreiðarinnar Y 585 segir m. a.: „ . . . en það er bara ekki svo gott að leggja þarna nema vera aðeins inn á malbikinu“. Ég tel ekki, að gagnáfrýjandi, ökumaður og eigandi hinnar kyrrstæðu bifreiðar, þurfi að sanna, að hann hafi engan möguleika haft til þess að koma bifreið sinni fyrir með öðrum hætti en hann gerði, heldur sé það aðaláfrýjanda að sanna, að honum hefðu verið aðrir möguleikar tiltækir, þ. m. t. stöðvun utan vegar. Það tel ég aðaláfrýjendur ekki hafa gert. Ég tel í niðurstöðu héraðsdóms of mikla hliðsjón hafða af því, hvernig standa eigi að því að leggja bifreið samkvæmt 2. mgr. 51. gr. umferðarlaga, þ. e. a. s. utan vegar, ef aðstæður leyfa. Hér var ekki um lagningu bifreiðar að ræða, heldur aðeins stöðvun um örstutta stund af neyðarástæðum með þeim aðvörunarmerkjum, sem tiltæk voru, svo sem að framan greinir. Vegur er 14 metra breiður. Hann er fullupplýstur með ljós-

kerjum báðum megin vegar. Vegur þessi er þannig lagður, að á honum eru engar hæðarbrúnir, sem takmarka útsýni í nánd framundan.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af öðrum ákvæðum umferðarlaga en hinni tilvitnuðu 1. mgr. 51. gr., sem ég tel ekki eiga við í þessu tilviki, tel ég einsýnt, að gagnáfrýjanda verði á engan hátt lögð til lasts hegðun hans á undan ákeyrslu þeirri, sem mál þetta fjallar um, og komi því ekki til skiptingar sakar samkvæmt 68. gr. umferðarlaga, heldur eigi öll sök á ákeyrslunni að falla á ökumann bifreiðarinnar Y 585.

II.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um heildartjón gagnáfrýjanda vegna eyðileggingar bifreiðarinnar R 54089, 5.800.00 krónur. Ég tel, að þá fjárhæð eigi að dæma aðaláfrýjendur til þess að greiða óskipt til gagnáfrýjanda, enda hirði aðaláfrýjendur flak bifreiðarinnar. Eru engin efni til þess að draga hið metna verðmæti flaksins frá bótagreiðslum til gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi missti afnot bifreiðar sinnar, sem hann notaði við atvinnurekstur sinn. Tímabilið frá tjónsdegi til 8. febrúar 1978 fór í viðræður við forráðamenn aðaláfrýjanda, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, um bótakröfu gagnáfrýjanda, en af hans hálfu var óskað eftir viðgerð á bifreiðinni. Það er fyrst við móttöku bréfs Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f frá 8. febrúar 1978 sem gagnáfrýjanda verður ljóst, að hann fær ekki greidda viðgerð á bifreiðinni. Ætla má honum eina viku til þess að útvega sér aðra bifreið. Er því eðlilegt, að hann fái bætt afnotatjón í 60 daga. Daggjald 2.100 gkrónur er hóflega reiknað, og ber að taka kröfu gagnáfrýjanda um það til greina. Verða bætur fyrir þennan þátt því 1.260.00 krónur (126.000 gkrónur).

III.

Samkvæmt framangreindu tel ég rétt að dæma aðaláfrýjendur óskipt til að greiða gagnáfrýjanda 7.060.00 krónur

samtals í bætur fyrir bifreiðina R 54089 og afnotamissi hennar, enda haldi aðaláfrýjendur flaki bifreiðarinnar.

Um vaxtafót og vaxtatímabil er ég sammála meiri hluta dómenda þannig, að vextir reiknist af 5.800.00 krónum (580.000 gkrónum) frá 15. desember 1977, en af 7.060.00 krónum (706.000 gkrónum) frá 28. febrúar 1978.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjendur óskipt til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem mér þykir hæfilega ákveðinn samtals 5.500.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., hefur Óskar Sumarliðason, Hlaðbæ 8 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 17. apríl 1978, á hendur Braga Sigurjónssyni, Birkigrund 63, Kópavogi, einkaeiganda bifreiðaverkstæðisins Kambs, Hafnarbraut 10, Kópavogi, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Eru dómkröfur stefnanda þær aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða in solidum kr. 750.381 með 16% ársvöxtum af kr. 609.681 frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 28. s. m., en með 19% ársvöxtum af kr. 750.381 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þar með talinn matskostnaður, kr. 45.700. Til vara krefst stefnandi, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 720.700 með 16% ársvöxtum af kr. 580.000 frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 28. s. m. og með 19% ársvöxtum af kr. 720.700 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og krafist er í aðalkröfu. Til þrautavara krefst stefnandi, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 550.700 með 16% ársvöxtum af kr. 410.000 frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 28. s. m., en með 19% ársvöxtum af kr. 550.700 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt og stefnukröfur lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að klukkan rúmlega 17 fimmtudaginn 15.

desember 1977 varð árekstur í Ártúnsbrekku á Vesturlandsvegi milli bifreiðanna Y 585 og R 54089. Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang. Tóku þeir frumskýrslur af ökumönnum á vettvangi og gerðu uppdrátt af aðstæðum þar. Samkvæmt skýrslu lögreglumannanna varð áreksturinn með þeim hætti, að bifreiðinni Y 585 var ekið aftan á bifreiðina R 54089, sem var kyrrstæð og mannlaus. Við höggið kastaðist R 54089 til norðurs út af veginum og stöðvaðist þar. Á R 54089 voru sjáanlegar skemmdir á vinstri afturhjólhlíf, afturgafli, höggvara og vinstri hlið. Á Y 585 voru sjáanlegar skemmdir á hægri framhjólhlíf og höggvara. Var R 54089 flutt brott með kranabifreið. Samkvæmt skýrslunni var myrkur og skýjað, er atburðurinn varð, en góð lýsing frá götuljósum. Færi var blautt, en vegurinn er þarna steyptur. Kvaðst ökumaður Y 585 hafa ekið vestur Vesturlandsveg á hægri akrein og ætlað áfram sömu leið. Hann hafi ekki séð R 54089, fyrr en hann hafi átt eftir mjög skammt að henni. Hafi hann þá hemlað, en ekki tekist að koma í veg fyrir áreksturinn.

Stefnandi kvaðst hafa stöðvað bifreið sína þarna við vegarbrúnina, skömmu áður en áreksturinn varð. Hann hafi ekið vestur Vesturlandsveg og verið staddur skammt austan við stað þann, er hann stöðvaði bifreiðina á, þegar rúðuþurrkublað vinstra megin hafi losnað og fallið í götuna. Hafi hann því stöðvað bifreiðina, farið út úr henni og verið að leita að þurrkublaðinu, er árekstur-inn varð.

Stefnandi hefur hér fyrir dómi staðfest efni skýrslu þeirrar, sem hann gaf fyrir lögreglunni á vettvangi. Einnig hefur hann skýrt svo frá, að atburðurinn hafi gerst í Ártúnsbrekkunni, miðri hábrekkunni. Rigningarúði og krapaél hafi verið og hafi verið búið að bera salt á veginn. Hafi hann séð fram á, að sér væri óleyfilegt að aka áfram við þessar aðstæður, þegar þurrkublaðið var dottið af. Því hafi hann ekið út að vegarbrún, slökkt á vél bifreiðarinnar og skilið hana eftir með öll ljós tendruð, einnig hægra stefnuljósið. Hann kveður bifreiðina ekki búna sérstökum neyðarljósum. Hann kveður búið hafa verið að ýta snjó af veginum. Hann hafi stöðvað bifreiðina yst á steyptu akbrautinni og hafi hann ekki getað komið henni utar vegna snjóruðnings, sem þar var. Hann hafi svo farið að leita að þurrkublaðinu. Nokkrar bifreiðar hafi þurft að komast fram hjá og hafi 8—10 bifreiðar farið fram hjá, á meðan hann stóð við bifreiðina. Hafi bifreiðin svo kastast út fyrir veginn við höggið, sem á hana kom, er bifreið stefnda var ekið aftan á hana.

Ökumaður Y 585, Árni Brynjar Bragason, sem er sonur eiganda hennar, stefnda Braga Sigurjónssonar, hefur hér fyrir dómi staðfest efni skýrslu þeirrar, sem hann gaf fyrir lögreglunni a vettvangi. Einnig hefur hann skýrt svo frá, að atburður þessi hafi gerst í miðri Ártúnsbrekkunni. Hann hafi verið að koma frá Geirlandi við Suðurlandsveg og ekið Vesturlandsveg til að komast suður í Kópavog. Él hafi nýlega gengið yfir og hafi rúðuþurrkurnar á bifreið hans verið í gangi. Hann hafi ekið með lægri ökuljósin tendruð og hafi ökuhraðinn verið um 50—60 km/klst. Hafi verið töluverð umferð bifreiða í sömu átt. Hann hafi svo séð bifreið stefnanda standa inni á hægri akreininni og hafi hann ekki séð betur en að hún væri ljóslaus. Hafi bifreiðin staðið það mikið inni á veginum, að hann hafi orðið að skipta um akrein til að komast fram hjá henni. Hann hafi ekki séð bifreiðina, fyrr en hann hafi verið kominn mjög nálægt henni, og hafi hann því aðeins verið búinn að beita hemlum í stuttan tíma, áður en árekstur inn varð.

Krafa stefnanda er byggð á því, að ökumaður Y 585 eigi alla sök á umræddum árekstri, er hann ók bifreiðinni af miklu afli aftan á bifreið stefnanda. Hljóti ökumaður Y 585 að hafa verið með hugann við fjarri akstri bifreiðarinnar og ekki sýnt þá aðgæslu, sem af honum mátti krefjast. Hann hafi ekki tekið eftir bifreið stefnanda, fyrr en hann hafi átt svo stutt eftir að henni, að hann hafi ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Stefnandi hafi stöðvað bifreið sína yst við vegarbrúnina með fullum ljósum og hægra stefnuljós tendrað, á meðan hann fór úr bifreiðinni til að leita að vinstra þurrkublaðinu, sem hafði losnað og dottið af. Hafi aksturs skilyrði verið léleg, vegurinn blautur og saltborinn, því krapamyndun hafi verið, og hafi stefnandi ekki talið sér fært að aka áfram við þær aðstæður, nema rúðuþurrkurnar á bifreið hans væru í lagi. Hafi stefnandi á allan hátt sýnt þá aðgæslu, sem af honum mátti krefjast. Verði hann því með engu móti sakaður um, að ökumaður Y 585 ók aftan á bifreið hans. Beri stefndu því óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem varð við atburð þennan, skv. 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að stefnandi eigi einn óskipta sök á umræddum árekstri með því að skilja bifreið sína eftir að nauðsynjalausu á fjölfarinni hraðbraut og stofna þannig til árekstrarhættu. Af vettvangsuppdrætti megi ráða, að bifreið stefnanda hafi öll staðið á hægri akrein vegarins og þannig

hindrað akstur bifreiðar stefnda eftir henni. Beri og að hafa í huga, að þarna sé brekka, sem geri ökumönnum, er aki til vesturs, erfitt að sjá kyrrstæða bifreið nægilega snemma. Hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að stefnandi færði bifreið sína út fyrir veginn, svo sem boðið sé í 51. gr. umferðarlaga. Með þessari háttsemi sinni hafi stefnandi einnig brotið ákvæði 37. gr. umferðarlaga og með því gerst frumvaldur að árekstrinum og eigi hann alla sök á honum. Sé ósannað, að ökumaður Y 585 eigi nokkra sök á árekstrinum. Hann hafi ekið á löglegum hraða og hafi ekki mátt vænta yfirgefinnar bifreiðar á akbrautinni. Við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, hafi verið erfitt að sjá bifreið stefnanda nægilega snemma og gera sér grein fyrir því, að hún væri kyrrstæð. Er því haldið fram, að ljós þau, sem voru á bifreið stefnanda, hafi verið villandi, því bifreið með fullum ljósum gefi til kynna, að þar sé um að ræða bifreið í akstri, og hafi ökumaður Y 585 mátt ætla, að svo væri. Er því haldið fram, að stefnandi hafi átt að nota stöðuljós bifreiðar sinnar, er hann gekk frá henni í umrætt sinn. Er því mótmælt, að hægra stefnuljós bifreiðar stefnanda hafi verið tendrað.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu, er því haldið fram af þeirra hálfu, að tjón stefnanda geti ekki verið annað en mismunur á verðmæti bifreiðar hans fyrir og eftir árekstur inn samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna. Frekari kröfugerð stefnanda miðað við auðgun hans umfram rauntjón og það sé stefndu óskylt að bæta samkvæmt reglum íslensks skaðabótaréttar. Af hálfu stefndu er kröfu stefnanda um bætur fyrir afnotamissi mótmælt, enda sé ekki fram komið, hvort stefnandi hafi beðið tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar. Ekki komi heldur fram, hve lengi hann hafi verið án afnota hennar eða hve há daggjöld hann reikni sér. Geti stefnandi engan veginn átt rétt á bótum fyrir afnotamissi í lengri tíma en tekið hafi að útvega aðra bifreið af svipaðri tegund, en það hafi ekki tekið eins langan tíma og stefnandi reikni afnotamissi. Þá er vaxtakröfu stefnanda mótmælt sem of hárri.

Dómarinn hefur kynnt sér aðstæður á þeim kafla Vesturlandsvegar, þar sem umræddur árekstur varð, en ekki er komið fram nákvæmlega, hvar það var.

Vesturlandsvegur, þar sem atburður þessi gerðist, mun vera einn fjölfarnasti vegarkafli á landinu. Er vegurinn þar byggður sem hraðbraut, með steyptu slitlagi og fjórfaldri akbraut með tveimur akreinum í hvora átt. Er steypta slitlagið um 14 m breitt, en norðan við það, þ. e. á hægri hönd, þegar ekið er í vesturátt,

er malborin öxl, sem samkvæmt framlögðum uppdrætti er um 1 m á breidd. Er ágreiningslaust, að stefnandi hafi ekið í vesturátt og stöðvað bifreið sína nyrst, þ. e. yst til hægri á steypta yfirborði vegarins, og að bifreiðinni Y 585 hafi verið ekið nyrsta hluta vegarins í vesturátt. Af framburðum stefnanda og ökumanns Y 585 kemur fram, að gengið hafi á með éljum og hafi rúðuþurrkur á báðum bifreiðunum verið í gangi. Það hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefndu, að stefnandi hafi stöðvað bifreið sína þarna á veginum til að leita að vinstri þurrkuarmi bifreiðar sinnar, sem dottið hafi af. Það verður að telja, að stefnandi hafi átt að geta fært bifreið sína þannig, að hún stæði að nokkru úti á malarbornu öxlinni, enda er ósannað gegn andmælum þeim, sem fram hafa komið af hálfu stefndu, að það hafi ekki verið hægt vegna snjóruðnings. Verður að líta svo á, að með því að staðsetja bifreið sína þannig, áður en hann yfirgaf hana, hefði stefnandi getað dregið úr hættu á árekstri bifreiða, sem komu á eftir. Verður að telja, að stefnandi hafi átt að geta fært bifreiðina þennan stutta spöl án áhættu fyrir sig, þótt rúðuþurrkan vinstra megin væri óvirk. Með því að skilja bifreið sína eftir á veginum, eins og hann hefur lýst, þykir stefnandi hafa brotið gegn ákvæði 1. mgr. 51. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Á hann því sök á umræddum árekstri og ber ábyrgð á tjóni, sem af honum hlaust skv. ákvæðum 68. gr. og 69. gr. umferðarlaga.

Ökumaður Y 585 hefur borið, að hann hafi ekið á um 50—60 km hraða á klst. og ekið með lægri ljósin tendruð. Hann hafi svo ekki orðið bifreiðar stefnanda var, fyrr en hann var kominn svo nærri henni, að ekki varð komið í veg fyrir árekstur, og hafi hann aðeins getað beitt hemlum lítillega. Það verður að telja fram komið, að við þau veðurskilyrði, sem þarna voru, hafi ökumaður Y 585 ekið of hratt miðað við aðstæður og brotið gegn ákvæðum 1. mgr., 2. mgr. og b lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og eigi hann því einnig sök á árekstrinum. Með hliðsjón af öllum atvikum verða ökumenn bifreiðanna taldir eiga jafna sök á árekstrinum. Samkvæmt því ber stefndi Bragi sem eigandi bifreiðarinnar Y 585 fébótaábyrgð skv. 68. gr. og 69. gr. umferðarlaga á tjóni stefnanda að hálfu, en helming tjónsins ber stefnandi sjálfur.

Stefnandi leitaði á sínum tíma til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar Y 585 um uppgjör tjónbóta og gerði kröfu til að fá tjón sitt bætt að fullu. Í svarbréfi félagsins 8. febrúar 1978 var fallist á að bæta tjón stefn-

anda að hálfu. Ekki mun stefnandi hafa sætt sig við uppgjör tjónsins á þeim grundvelli. Ekki hefur heldur ótvírætt komið fram, hvernig félagið hugðist bæta tjónið, þ. e. með greiðslu viðgerðarkostnaðar eða með öðrum hætti.

Að beiðni stefnanda voru á bæjarþingi Reykjavíkur dómkvaddir tveir menn til að meta verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjón það, sem á henni varð, meta kostnað við að lagfæra hana eftir tjónið og til að meta verðmæti hennar miðað við ástand hennar eftir áreksturinn. Niðurstöður matsgerðar matsmannanna, Gísla Guðmundssonar bifreiðasmíðameistara og Finnboga Eyjólfssonar bifvélavirkjameistara, eru þessar:

„I. Verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjón það, sem á henni varð þann 15. desember 1977, teljum við hafa verið, miðað við staðgreiðslu, kr. 580.000.00.

II. Kostnaður við að lagfæra bifreiðina eftir umrætt tjón teljum við, að sé kr. 609.681.00.

III. Verðmæti bifreiðarinnar í núverandi ástandi, miðað við staðgreiðslu, teljum við vera kr. 170.000.00."

Aðalkrafa stefnanda er byggð á því, að stefnandi fái að fullu bættan viðgerðarkostnað bifreiðarinnar samkvæmt mati matsmannanna. Varakrafa stefnanda er byggð á því, að hann fái greitt sannvirði bifreiðarinnar fyrir tjónið samkvæmt matinu, enda verði stefndu þá eigendur bifreiðarflaksins. Þrautavarakrafa stefnanda er byggð á því, að stefnandi fái bættan mismun á verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjónið og eftir tjónið samkvæmt mati matsmannanna. Krafa stefnanda um bætur fyrir afnotamissi er byggð á því, að hann eigi rétt á bótum þessum frá tjónsdegi og þar til hann keypti sér aðra bifreið.

Mótmæli stefndu gegn fjárhæðum dómkrafna stefnanda hafa áður verið rakin.

Líta verður svo á, að stefnandi eigi rétt á að fá tjón sitt bætt á grundvelli viðgerðarkostnaðar í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Hér fyrir dómi hafa matsmennirnir lýst því, að miðað við aldur bifreiðarinnar og annað telji þeir verðmæti hennar að viðgerð lokinni sem næst því vera óbreytt frá því, sem það var fyrir tjónið. Samkvæmt því verður viðgerðarkostnaðurinn samkvæmt matsgerð matsmannanna, kr. 609.681, lagður til grundvallar tjóni stefnanda. Í matsgerð sinni gera matsmennirnir ráð fyrir, að vegna viðgerðarinnar sé bifreiðin á verkstæði í 30 daga. Með hliðsjón af því þykja bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar hæfilega ákveðnar kr. 63.000.

Hefur ekki verið vefengt, að stefndi Bragi beri eigandaábyrgð á bifreiðinni Y 585.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, nemur heildartjón stefnanda kr. 672.681, og ber stefnda Braga og stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar Y 585, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, að greiða helming þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 336.340.50 óskipt. Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda óskipt vexti af þeirri fjárhæð, og ákveðast þeir með hliðsjón af kröfugerð stefnanda 16% ársvextir af kr. 304.840.50 frá 15. desember 1977 til 14. janúar 1978 og af kr. 336.340.50 frá þeim degi til 21. febrúar s. á. og með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda óskipt málskostnað, og ákveðst hann kr. 200.000, þar með talinn matskostnaður, kr. 45.700, sem ekki hefur sætt tölulegum andmælum.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bragi Sigurjónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Óskari Sumarliðasyni, óskipt kr. 336.340.50 með 16% ársvöxtum af kr. 304.840.50 frá 15. desember 1977 til 14. janúar 1978 og af kr. 336.340.50 frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. mars 1981.

Nr. 159/1979. **Ræktunarsamband Mýramanna**
(Sigurður Helgason hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Skúli Pálsson hrl.).

Skattamál. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. ágúst s. á. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um hið umbeðna lögtak. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á umkröfðum gjöldum og að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að leyft verði lögtak í eignum áfrýjanda til tryggingar 70.164.70 krónum auk 2.5% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júlí 1977 til 31. s. m. og 3% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Almennur lögtaksúrskurður var upp kveðinn 20. september 1977 og birtur á venjulegan hátt.

Fallast má á, að áfrýjandi hafi haft með höndum atvinnurekstur. Engin ákvæði 5. eða 6. gr. laga nr. 68/1971 leysa hann undan skattskyldu, eins og hér stendur á. Áfrýjandi taldi eigi fram til skatts, og eigi sinnti hann áskorunum skattayfirvalda um að gera grein fyrir atvinnurekstri sínum. Var því heimilt að áætla honum tekjur og eignir, og hann hefur engin rök að því leitt, að áætlanir þessar séu óhæfilegar eða byggðar á röngum sjónarmiðum.

Hér fyrir dómi hefur stefndi lækkað kröfu sína vegna ársins 1977 í 10.706.00 krónur, en það er tekjuskattur sá, sem á áfrýjanda var lagður þetta ár. Verður því heildarkrafa stefnda 70.164.70 krónur.

Samkvæmt framangreindu ber að taka kröfur stefnda til greina að öllu leyti, en dráttarvaxtakrafa hans hefur ekki sætt sérstökum andmælum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara til tryggingar 70.164.70 krónum með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júlí 1977 til 31. júlí s. á. og 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Ræktunarsamband Mýramanna, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, 10.000.00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 24. apríl 1979.

Þetta mál var tekið til úrskurðar 4. þ. m., eftir að fram hafði farið munnlegur málflutningur fyrir fógetaréttinum þann dag.

Með bréfi, dagsettu 16. október 1978 (dskj. 1), krafðist lögmaður gerðarbeiðanda, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, að lögtak yði gert í eignum gerðarþola, Ræktunarsambands Mýramanna, til tryggingar álögðum gjöldum árin 1974, 1975, 1976 og 1977, samtals að fjárhæð kr. 7.377.301, ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu gerðarþola, Ræktunarsambands Mýramanna, er þess krafist, að lögtaksgerðin nái ekki fram að ganga og gerðarbeiðandi verði dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 9. mars 1977 (dskj. 3), óskaði rannsóknadeild ríkisskattstjóra eftir því, að gerðarþoli sendi deildinni undirritaða ársreikninga vegna rekstraráranna 1973, 1974, 1975 og 1976.

Gerðarþoli varð ekki við þessum tilmælum. Hinn 26. maí 1977 var beiðni þessi ítrekuð og jafnframt óskað eftir skilum á skattframtölum fyrir árin 1974—1977. Var gerðarþola að öðrum kosti boðuð álagning opinberra gjalda samkvæmt áætlun fyrir gjaldárin 1974, 1975 og 1976 (dskj. 4).

Svar barst frá gerðarþola í bréfi, dags. 2. júní s. á., þess efnis, að skyldu til framlagningar umbeðinna gagna væri hafnað, þar eð ræktunarsambönd væru ekki skattskyld.

Með vísan til 42. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 16. gr. laga nr. 7/1972, ákvarðaði ríkisskattstjóri gerðarþola eftirtalin gjöld með úrskurði, dags. 22. júní 1977 (dskj. 6):

1)	tekjuskattur, gjaldár 1974	kr. 802.950
2)	eignarskattur, gjaldár 1974	— 67.872
3)	tekjuskattur, gjaldár 1975	— 1.338.250
4)	eignarskattur, gjaldár 1975	— 91.910
5)	tekjuskattur, gjaldár 1976	— 3.479.450
6)	eignarskattur, gjaldár 1976	— 165.438
		Samtals kr. 5.945.870

Gerðarþoli vildi eigi una þessum álögum og kærði þær til ríkisskattstjóra, er staðfesti þær með hinum kærða úrskurði (dskj. 8).

Gerðarþoli kærði þá úrskurðinn til ríkisskattanefndar. Með úrskurði, dags. 17. febrúar 1978 (dskj. 17), tekur nefndin efnislega afstöðu til skattskyldu gerðarþola og staðfestir hana. Málinu var hins vegar tölulega vísað frá vegna vanreifunar.

Þar eð gerðarþoli hafði neitað að láta skattayfirvöldum í té skattframtal fyrir árið 1977, voru gjöld þess árs einnig á lögð samkvæmt áætlun. Ákvarðaði skattstjóri Vesturlands gerðarþola samtals kr. 1.431.431 í tekjuskatt og eignarskatt.

Gerðarþoli kærði álagninguna til skattstjóra, en kærunni var vísað frá sem of seint fram kominni. Frávísunarúrskurðurinn var síðan staðfestur af ríkisskattanefnd (dskj. 18).

Verður nú greint frá helstu málsástæðum og lagarökum aðilja:

Umboðsmaður gerðarþola heldur því fram, að fráleitt sé að telja skjólstæðing sinn sjálfstæðan skattaðilja skv. lögum nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt. Gerðarþoli sé eins og önnur ræktunarsambönd og búnaðarfélög frjálst hagsmunafélag með félagslegu markmiði og hafi ekki með höndum neinn atvinnurekstur samkvæmt samþykktum sínum í skilningi skattalaga. Gerðarþoli kveðst annast tilteknar framkvæmdir fyrir bændur, sem mynda félagssamtök hans. Fyrir þessar framkvæmdir greiði bændur gagngjald, sem ákveðið sé á þann hátt, að það nægi fyrir öllum ræktunarkostnaði, sbr. t. d. 4. tl. 1. mgr. 4. gr., 14. gr. og

26. gr. laga nr. 7/1945 um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir. Gerðarþoli hafi því engar tekjur og reki ekki atvinnu í skilningi skattaréttar, þegar hann starfi fyrir eigendur sína.

Ætla megi, að gerðarþoli sé í sérstakri sameign bændanna eða sé félag þeirra með ótakmarkaðri ábyrgð. Þar eð hann uppfylli á engan hátt þau skilyrði, sem sett séu í C lið 5. gr. laga nr. 68/1971, þá sé hann ekki sjálfstæður skattaðili. Sé hann því ekki heldur skattskyldur vegna starfa sinna í þágu utanfélagsmanna.

Umboðsmaður gerðarþola bendir einnig á, að verði ofangreindar aðstæður ekki teknar til greina, verði að telja gerðarþola óskattskyldan á grundvelli 6. gr. laga nr. 68/1971 og einnig samkvæmt þeirri grundvallarreglu, er lesa megi úr 5. gr. sömu laga, að undanþegin skattskyldu séu félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla.

Gerðarþoli reki ekki atvinnu samkvæmt meginmarkmiði sínu og að því marki sem hann reki atvinnu verji hann hagnaði sínum til almenningsheilla og hafi það einasta að markmiði sínu samkvæmt samþykktum sínum, sbr. lög nr. 7/1945.

Störf gerðarþola í þágu félagsmanna sinna séu innan þeirra marka, sem honum séu sett í lögum og samþykktum, og sé starfsemin því ekki í atvinnuskyni og alls ekki í hagnaðarskyni gerð, sbr. 6. gr. laga nr. 68/1971.

Varðandi störf gerðarþola í þágu utanfélagsmanna verði að álíta hagnaðinn af þeim varið til almenningsheilla og það sé meginmarkmið hans samkvæmt samþykktum hans.

Umboðsmaður gerðarþola vill og benda á, að frá gildistöku laga nr. 6/1935 um tekju- og eignarskatt hafi það verið almennur skilningur skattayfirvalda og forráðamanna búnaðar- og ræktunarsambanda, að ræktunarsambönd séu undanþegin skatti, enda þótt undanþáguákvæði skattalaga og reglugerða, er hér eiga við, hafi á þessum tíma efnislega ekkert verið breytt.

Í 8. gr. og 55. gr. reglugerðar nr. 147/1955 og 6. gr. reglugerðar nr. 245/1963 hafi verið sett ákvæði þess efnis, að búnaðarsambönd væru undanþegin tekju- og eignarskatti, og hafi ákvæði þessi almennt verið skilin á þann veg, að þau giltu einnig um ræktunarsambönd.

Með hliðsjón af því, að ræktunarsamböndin hafi ekki verið skattlögð þar til nú hin síðustu ár, verði að telja svo fasta venju hafa skapast um beitingu þessara undanþáguákvæða skattalaga, að setja þurfi skýr og óafturvirk lög, til að þeirri venju verði breytt.

Loks heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að synja beri um framgang gerðarinnar af formlegum ástæðum. Ríkisskattstjóra hafi verið óheimilt að beita þeim úrræðum, sem um getur í 36. gr. laga nr. 68/1971, enda þótt gerðarþoli hafi neitað að láta skattayfirvöldum í té umbeðin gögn. Við þær aðstæður hafi honum borið að beita þeim úrræðum, er getur í 50. gr. sömu laga. Alla vegana sé ljóst, að gjaldstofnar hafi verið áætlaðir mjög úr hófi. Einnig vill umboðsmaður gerðarþola vekja athygli á úrskurðarorðum kæruúrskurðar ríkisskattstjóra, dags. 10. ágúst sl. (dskj. 8), en þar hafi einungis tekjuskatts verið getið, en ekki minnst á eignarskatt.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt sjónarmiði og kröfum gerðarþola og rakið efni málsins frá sjónarmiði umbjóðanda síns. Hefur hann bent á, að gerðarþoli sé ótvírætt skattskyldur skv. E lið 5. gr. laga nr. 68/1971, enda séu ræktunarsamböndin ekki undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum. Ljóst sé, að gerðarþoli hafi með höndum atvinnurekstur, því megintilgangur hans sé að reka atvinnu. Jafnvel þótt talið yrði, að starfsemi gerðarþola í þágu félagsmanna sinna væri ekki atvinnurekstur, þá hljóti starfsemi hans í þágu utanaðkomandi aðilja, svo sem Vegagerðar ríkisins og Kaupfélags Borgfirðinga, að teljast atvinnurekstur í skilningi 6. gr. laga nr. 68/1971. Þar eð gerðarþoli stundi atvinnurekstur og sé eigi undanþeginn skattlagningu með sérstökum lögum, þá sé hann skattskyldur skv. 5. gr. skattalaganna. Gerðarbeiðandi mótmælir eindregið þeirri fullyrðingu, að gerðarþoli sé frjáls, vegna þess að hagnaður af starfsemi hans gangi til almannaheilla.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda bendir loks á, að fullkomlega löglega hafi verið að álagningu skattsins staðið. Ríkisskattstjóri hafi haft ótvíræða heimild til að áætla gerðarþola gjöld skv. 37. gr. laga nr. 68/1971, þar eð hann hafi eigi sinnt beiðni um, að skattframtali og gögnum yrði skilað.

Gerðarþoli, sem í reynd er samband nokkurra búnaðarfélaga, starfar samkvæmt lögum nr. 7/1945 um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, sbr. einnig reglugerð nr. 36/1946 um jarðræktarsamþykktir.

Starfsemi gerðarþola er einkum í því fólgin að sjá um jarðræktar- og jarðvinnslufram kvæmdir fyrir félagsmenn sína, en samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1945 er megintilgangur ræktunarsambanda að greiða fyrir eflingu jarðræktarinnar og koma því

til leiðar, að öll heyöflun bænda fari fram á véltæku landi (dskj. 23).

Enda þótt fyrrnefnd þjónusta við félagsmenn eigi að vera meginþátturinn í starfsemi gerðarþola og annarra ræktunarsambanda, er þó gert ráð fyrir því í 36. gr. reglugerðar nr. 36/1946, að ræktunarsambönd geti að vissu marki tekið að sér verkefni fyrir aðra en félagsmenn gegn gjaldi.

Undir rekstri málsins hefur komið fram og er reyndar ómótmælt, að gerðarþoli hefur haft með höndum umfangsmikla starfsemi og framkvæmdir í þágu utanfélagsmanna. Hefur gerðarþoli stundað umfangsmikla útleigu á jarðýtum og öðrum tækjaútbúnaði og tekið að sér framkvæmdir í annarra þágu en félagsmanna með slíkum tækjum og vinnuvélum. Hafa slík viðskipti beinst einkum til Vegagerðar ríkisins, Kaupfélags Borgfirðinga og fleiri aðilja.

Við ákvörðun á skattskyldu gerðarþola þykir verða við það að miða, að jarðræktarframkvæmdir og sú starfsemi önnur, er gerðarþoli rekur samkvæmt megintilgangi sínum, sé þjónustustarfsemi við bændur og búnaðarfélög og geti ekki talist atvinnurekstur í venjulegri merkingu þess orðs.

Um aðra starfsemi gerðarþola gegnir öðru máli. Þykir verða að ætla þá starfsemi svo umfangsmikla, að hún hljóti að teljast atvinnurekstur í skilningi 6. mgr. (sic) laga nr. 68/1971. Fellur starfsemi þessi því ekki undir undanþágu þá frá tekju- og eignarskatti, sem getur í fyrrgreindri lagagrein.

Gerðarþola eða starfsemi hans er eigi heldur veitt skattfrelsi með sérlögum. Verður því að telja gerðarþola skattskyldan á grundvelli E liðs 5. gr. laga nr. 68/1971.

Umboðsmaður gerðarþola hefur að vísu haldið því fram, að starfsemi gerðarþola verði eigi skattlögð, því hagnaðurinn af starfseminni renni beint til reksturs sambandsins og sé honum einungis varið til almenningsheilla. Á það sjónarmið gerðarþola fær rétturinn þó ekki fallist. Hagur af starfsemi gerðarþola er fyrst og fremst bundinn við félagsmenn sambandsins (gerðarþola), þ. e. bændur og búnaðarfélög, og þar með ákveðna atvinnugrein, landbúnað. Þótt allur almenningur geti að vísu haft nokkurn hag af fyrrgreindri starfsemi, er sá hagur vart svo mikill, að til skattfrelsis eigi að leiða, sbr. 5. gr. laga nr. 68/1971.

Þau rök, sem gerðarþoli færir fyrir réttmæti slíks skattfrelsis, eru það almenns eðlis, að sambærilegum rökum mætti halda fram um skattfrelsi ýmissa annarra þátta íslensks atvinnulífs,

að eigi fær samrýmst meginstefnu íslensks skattaréttar og lagatúlkun hans. Þegar málefni þetta er rakið til rótar, sést, að í öllum aðalatriðum bera atvinnuvegirnir að lokum öll opinber gjöld.

Rétturinn fellst á þá skoðun gerðarbeiðanda, að löglega hafi verið að álagningu skattsins staðið. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 68/1971 bar gerðarþola að skila skattframtali til skattayfirvalda. Skattfrelsi gerðarþola var skilyrðisbundið samkvæmt ákvæðum skattalaganna, og var því nauðsynlegt, að skattayfirvöld ættu þess kost að fylgjast með því, hvort þeim skilyrðum væri fullnægt. Skattayfirvöldum var því heimilt skv. 37. gr. fyrrnefndra laga að áætla gerðarþola tekjur og eignir og skatt fyrir árin 1974—1977 skv. 5 .gr. sömu laga, og hafa eigi verið leidd nein rök að því af hálfu gerðarþola, að á tekjuáætlun þessari séu þeir annmarkar, er ógildingu varði.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 17. mars 1981.

Nr. 71/1981. **Valdstjórnin**
gegn
Ragnari Ingimundi Ágústssyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Með kæru 11. mars 1981, sem barst Hæstarétti 12. s. m., hefur varnaraðili með heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi svo og ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðaökuleyfissviptingu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðilja er gefið að sök, að hann hafi ekið bifreið sinni með ólöglegum hraða norður Hafnarfjarðarveg í Kópavogi og síðan Kringlumýrarbraut í Reykjavík hinn 7. desember 1980. Tveir lögregluþjónar úr Kópavogi veittu honum eftirför á lögreglubifreið á leið þessari og stöðvuðu hann við Miklubraut í Reykjavík. Varnaraðili var kvaddur til yfirheyrslu vegna máls þessa hjá lögreglunni í Reykjavík 2. febrúar 1981 og lögregluþjónar þeir, er að framan greinir, 2. og 6. s. m. Hinn 10. s. m. er skráð ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um, að varnaraðili skuli sviptur ökuleyfi til bráðabirgða samkvæmt 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 vegna ætlaðs brots á 26., 37., 49. og 50. gr. sömu laga. Þessi ákvörðun var birt varnaraðilja 26. s. m., og afhenti hann þá ökuskírteini sitt. Ákvörðun þessi ásamt gögnum máls virðist síðan hafa verið send sakadómi Reykjavíkur og móttekin þar 5. mars 1981.

Þegar varnaraðili var sviptur ökuleyfi sínu til bráðabirgða samkvæmt framansögðu, voru liðnir um það bil tveir og hálfur mánuður frá því að hann var talinn hafa gerst sekur um hinn of hraða akstur. Þar sem svo langur tími var liðinn, án þess að lögreglustjóri teldi sér skylt að svipta varnaraðilja ökuleyfi, verður ekki séð með hliðsjón af verknaði þeim, sem honum var gefinn að sök, hver nauðsyn var á ökuleyfissviptingu til bráðabirgða. Verður að telja, að ákvörðun um ökuleyfissviptingu hafi mátt bíða dómsúrlausnar í máli varnaraðilja úr því sem komið var. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og bráðabirgðaökuleyfissviptingu lögreglustjórans í Reykjavík 10. febrúar 1981.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og framangreind bráðabirgðaökuleyfissvipting.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. mars 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 11. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Þann 7. desember sl., kl. 0324, voru lögreglumenn úr Kópavogi í eftirlitsferð á lögreglubifreiðinni Y 3031, er þeir veittu athygli bifreiðinni R 8988. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar, undirritaðri af Hilmari Harðarsyni lögreglumanni og staðfestri af Eðvard Árnasyni, var bifreið þessari ekið allhratt vestur Fífuhvammsveg og beygt norður Hafnarfjarðarveg. Var bifreiðinni veitt eftirför, en ekki tókst að stöðva aksturinn, fyrr en hún stöðvaði við rautt umferðarljós á gatnamótunum við Miklubraut. Meðan á eftirförinni stóð, sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar allt að 125 km hraða miðað við klukkustund, en þó dró í sundur með bifreiðunum. Ökumaður bifreiðarinnar R 8988, Ragnar Ingimundur Ágústsson, kvaðst ekki hafa litið á hraðamæli bifreiðar sinnar, en taldi sig ekki hafa ekið hraðar en 90 km hraða á klukkustund. Er akstur þessi átti sér stað, var náttmyrkur, bleyta og nokkur umferð.

Lögreglustjórinn í Reykjavík svipti Ragnar Ingimund Ágústsson ökuréttindum til bráðabirgða þann 10. febrúar sl., og var sú ákvörðun birt honum þann 26. febrúar sl. Með bréfi Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, dags. 5. þ. m., sem barst sakadómi þann 6. þ. m., er þess krafist, að ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um bráðabirgðasviptingu yfir skjólstæðingi hans, Ragnari Ingimundi Ágústssyni, verði úr gildi felld og honum afhent ökuskírteini sitt að nýju.

Lögreglumennirnir tveir, sem stóðu að framangreindri eftirför, voru yfirheyrðir um málið þann 2. og 6. febrúar sl. Var framburður þeirra á sama veg og atvikum er lýst í lögregluskýrslunni, sem rakin var hér að framan. Ber þeim báðum saman um, að ekki hafi náðst að mæla hraða bifreiðarinnar R 8988, meðan á eftirförinni stóð, enda þótt lögreglubifreiðinni hafi verið ekið á 125 km hraða á klst., og þó hefði dregið í sundur með bifreiðunum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 2. febrúar sl. kvaðst Ragnar Ingimundur Ágústsson hafa litið á hraðamæli bifreiðar sinnar frá Fífuhvammsvegi að umferðarljósunum við Miklubraut og hafi mælirinn sýnt, að ekið var á 60 km hraða á klst. Mótmælti hann því að hafa ekið bifreiðinni hraðar en 60 km á klst. framangreinda leið og taldi því hraðamælingu lögreglunnar ranga.

Samkvæmt sakavottorði Ragnars Ingimundar Ágústssonar hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1971 14/10 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.

1978 1/3 í Reykjavík: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 49. gr. umferðarlaga.

1978 15/11 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 27. gr. laga nr. 39/1941 (sæti upptöku á talstöð, Aircommand CB 140, 40 rása).

1980 10/9 í Reykjavík: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af framansögðu svo og sakaferli Ragnars Ingimundar þykir ekki verða hjá því komist að staðfesta þá ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík að svipta Ragnar Ingimund Ágústsson ökuréttindum til bráðabirgða, enda virðist ekki hætta vera á því, að kærði verði fyrir réttarspjöllum, þar sem svo skammt er liðið frá því að framangreind ökuleyfissvipting var birt honum.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík frá 10. febrúar 1981, sem birt var 26. febrúar sl., um að svipta Ragnar Ingimund Ágústsson ökuréttindum til bráðabirgða er staðfest.

Fimmtudaginn 19. mars 1981.

Nr. 4/1981. **Dýraspítali Watsons og Erik Ramskov Garbus** gegn **Páli A. Pálssyni yfirdýralækni.**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í b lið, 1. tl., 1. mgr., 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1980, sem Hæstarétti barst 12. janúar 1981. Krefjast þeir þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna veitir landbúnaðarráðuneytið dýralæknum lækningaleyfi „að fengnum meðmælum yfirdýralæknis". Með bréfi 16. júní 1980 lýsti yfirdýralæknir, varnaraðili í máli þessu, því yfir, að hann treysti sér ekki til að mæla með því, að sóknaraðiljanum Erik Ramskov Garbus yrði veitt dýralækningaleyfi, en hann hafði sótt um slíkt leyfi til starfa hjá sóknaraðiljanum Dýraspítala Watsons. Á grundvelli þess bréfs yfirdýralæknis synjaði landbúnaðarráðuneytið um leyfið með bréfi sama dag.

Yfirdýralækni ber að segja álit sitt á því, hvort dýralækningaleyfi skuli veitt, svo sem í lögum nr. 31/1970 segir, og má eigi veita leyfi, nema hann mæli með því. Í þessu starfi er hann ekki háður skipunarvaldi landbúnaðarráðherra. Kröfur sóknaraðilja varða slíka lögboðna umsögn yfirdýralæknis, og er þeim því réttilega að honum beint.

Í málinu krefjast sóknaraðiljar þess, að fyrrgreind synjun varnaraðilja, yfirdýralæknis, verði dæmd ólögmæt.

Fallast má á, að sóknaraðiljar eigi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því leyst af dómstólum, hvort umrædd synjun sé gild. Þar sem kröfum sóknaraðilja er, sem fyrr segir, réttilega að yfirdýralækni beint, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Við teljum, að fallast megi á það með héraðsdómara, að sóknaraðiljar geti haft af því lögvarða hagsmuni að fá úr því skorið, hvort umsögn varnaraðilja, sem er lögskipaður undanfari fyrir veitingu leyfis til dýralækninga, hafi verið gefin innan þeirra marka, sem lög setja. Eru dómstólar því bærir til að fjalla um ágreining, sem þetta varðar.

Málssókn sóknaraðilja miðar ekki að því að hnekkja þeirri stjórnvaldsákvörðun landbúnaðarráðherra að synja sóknaraðilja Erik Ramskov Garbus um leyfi til dýralækninga vegna þess, að annmarkar hafi verið á umsögn varnaraðilja, svo sem sóknaraðiljar halda fram. Stæði sú synjun óhögguð, hverjar sem yrðu lyktir máls þessa. Samkvæmt þessu, og þar sem ekki standa efni til, að sóknaraðiljar megi krefjast sérstaks viðurkenningardóms á hendur varnaraðilja um, að ólögmæt verði dæmd synjun hans á að mæla með því, að sóknaraðiljanum Erik Ramskov Garbus verði veitt leyfi til

dýralækninga hér á landi, teljum við, að staðfesta beri niðurstöðu hins kærða frávísunardóms.

Við teljum rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar í dag, hafa Sigfríð Þórisdóttir f. h. stjórnar sjálfseignarfélagsins „Dýraspítali Watsons", Víðidal við Vatnsveituveg, Reykjavík, og Erik Ramskov Garbus dýralæknir, áður til heimilis að Hraunbæ 148, Reykjavík, en nú búsettur í Danmörku, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri þriðjudaginn 24. júní 1980, gegn yfirdýralækni, Páli A. Pálssyni, til þess að fá, eins og í stefnu segir, „ógilda með dómi synjun yfirdýralæknis um meðmæli með því, að Eric Ramskov Garbus verði veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar við Dýraspítala Watsons. Fyrir dóminum kveðast stefnendur munu gera þær kröfur, að viðurkennt verði með dómi, að synjun yfirdýralæknis um meðmæli með því, að Eric Ramskov Garbus verði veitt lækningaleyfi til starfa við Dýraspítala Watsons sé ólögmæt." Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ. Enn fremur áskilja stefnendur sér rétt til þess að krefja stefnda í þessu máli eða sérstöku máli um skaðabætur fyrir allt það tjón, er stefnendur kunna að verða fyrir vegna hinnar ólögmætu synjunar yfirdýralæknis.

Stefndi, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnenda og að þeir verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér hæfilegan málskostnað.

Að ákvörðun dómara og með samþykki aðilja fór fram sérstakur málflutningur um formhlið málsins, þar sem dómaranum þótti vafi kunna leika á um dómhæfi kröfugerðar stefnenda. Fór sá flutningur fram fyrr í dag og málið að flutningi loknum tekið til dóms eða úrskurðar um formhlið þess.

Helstu málavextir eru þessir:

Í stefnu er málavöxtum þannig lýst:

„Með gjafabréfi, dags. 11. febrúar 1974, gaf Hon. Mark Watson, London, Englandi, sem nú er látinn, eftirtöldum aðilum dýraspítala, sem er verksmiðjuframleitt hús, ca. 130 fm að stærð, ásamt öllum viðeigandi læknisáhöldum:

1. Samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi
2. Dýraverndunarfélagi Reykjavíkur
3. Hundavinafélagi Íslands
4. Hestamannafélaginu Fáki
5. Sambandi Dýraverndunarfélaga á Íslandi
6. Reykjavíkurborg

Þær kvaðir fylgdu gjöfinni, að spítalinn stæði opinn öllum heimilisdýrum, þ. á m. fuglum, köttum, hundum, fiskum, hömstrum, kanínum o. þ. h., til lækninga og að tilraunir á dýrum verði ekki stundaðar þar. Spítalinn yrði og opinn veiðihundum, lögregluhundum, sveitahundum og villiköttum. Hins vegar yrði hann ekki opinn dýrum í dýragörðum, kindum, svínum, kúm og öðrum dýrum, sem væru arðgefandi. Gengust þiggjendur gjafarinnar undir þessar kvaðir auk þess sem Reykjavíkurborg samþykkti að veita lóð undir spítalann og að koma húsinu á grunn.

Samkvæmt gjafabréfinu kvað gefandinn, Mark Watson, gjöfina gefna í þeim tilgangi, að dýravinir á Íslandi hefðu aðstöðu til þess að leita lækninga til handa sjúkum dýrum.

Framantaldir þiggjendur gjafarinnar stofnuðu með sér sjálfseignarfélagið „Dýraspítala Watsons“ og gerðu með sér skipulagsskrá fyrir sjálfseignarfélagið, dags. 27. apríl 1977, sem staðfest var í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 3. maí 1977.

Dýraspítali Watsons var tilbúinn til starfrækslu hinn 29. apríl 1977, og fór þá fram úttekt á húsnæði spítalans og lækningatækjum af hálfu yfirdýralæknis, sbr. bréf hans, dags. 30. apríl 1977, en þar segir m. a. svo:

„Ég tel, að þarna sé komin hin æskilegasta aðstaða til rannsókna og hvers konar aðgerða og geymslu heimilisdýra. Er með þessu sjúkrahúsi ráðin bót á tilfinnanlegum skorti á aðstöðu til aðgerða og vörzlu sjúkra heimilisdýra, sem lengi hefir verið brýnn skortur á hér í borg“.

Hófst stjórn félagsins þá þegar handa um að fá dýralækni til starfa á spítalanum, sem gegna skyldi fullu starfi við spítalann. Var auglýst í dagblöðum og útvarpi eftir dýralækni auk þess sem stjórnin leitaði til íslenzkra dýralækna, bæði innanlands og utan, til þess að fá þá til starfa við spítalann, en allt án árangurs.

Þegar fullreynt þótti, að íslenzkur dýralæknir fengist ekki að spítalanum, sótti sjálfseignarfélagið með bréfi, dags. 24. ágúst 1977, um lækningaleyfi fyrir Andrew Lees, dýralækni frá Bret-

landi, til starfa við spítalann. Var þeirri umsókn synjað með bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 5. sept. 1977, og benti yfirdýralæknir á í umsögn sinni, að stjórn spítalans snéri sér til þeirra íslenzku dýralækna, sem störfuðu erlendis eða væru að ljúka þar námi.

Þrátt fyrir enn ítrekaðar tilraunir stjórnarinnar til þess að ráða íslenzkan dýralækni til starfa skv. ábendingu yfirdýralæknis hefir ekki tekist að fá dýralækni í fullt starf við spítalann.

Á árinu 1979 reyndi stjórn spítalans enn að leita eftir því að fá dýralækni frá Danmörku, svo að rekstur spítalans gæti hafist. Lyktaði tilraunum stjórnarinnar með því, að eigandi Östjysk Dyrehospital, Laurbjerg í Danmörku, Hans Breth Hansen, dýralæknir, lýsti sig reiðubúinn til þess að veita ráðgjöf við að koma rekstri spítalans á fót og að ráða fyrir hönd sjálfseignarfélagsins danskan lækni að spítalanum.

Kom Hans B. Hansen hingað til lands í nóvember 1979 og aftur í maí 1980 og átti þá viðræður við yfirdýralækni, Pál A. Pálsson, formann Dýralæknafélags Íslands, Jón Guðbrandsson, og héraðsdýralækni, Brynjólf Sandholt, um mögulega samvinnu, sem lyktaði með því, að héraðsdýralæknirinn og Hans Breth Hansen gengu frá samstarfssamningi milli stjórnar Dýraspítalans og héraðsdýralæknisins.

Í framhaldi af því sendi stjórn Dýraspítalans f. h. Eric Ramskov Garbus hinn 14. maí 1980 umsókn til landbúnaðarráðuneytisins um lækningaleyfi fyrir Eric Ramskov Garbus.

Með bréfi, dags. 16. júní 1980, taldi landbúnaðarráðuneytið sig ekki geta orðið við beiðni um lækningaleyfi með tilliti til þess, að yfirdýralæknir treysti sér ekki til þess að mæla með, að E. R. Garbus yrði veitt lækningaleyfi."

Bréf landbúnaðarráðherra frá 16. júní 1980 er svohljóðandi:

„Í bréfi, dags. 14. maí s.l., farið þér þess á leit, að Erik Garbus, dýralækni frá Danmörku, verði heimilað að starfa við Dýraspítala Watsons í 6 mánuði frá 20. maí að telja.

Skv. 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna teljast þeir einir dýralæknar, sem lokið hafa prófum frá læknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum, og hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðuneytinu að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

Ráðuneytinu hafa borist hörð mótmæli Dýralæknafélags Íslands gegn því, að erlendur dýralæknir taki hér upp störf.

Erindi yðar var sent yfirdýralækni til umsagnar, sem treystir sér ekki til að mæla með, að dýralækni E. R. Garbus verði veitt læknisleyfi til að stunda dýralækningar á Íslandi.

Með vísan til framanritaðs getur ráðuneytið ekki orðið við beiðni yðar um læknisleyfi fyrir Erik R. Garbus við Dýraspítala Watsons.

Pálmi Jónsson
/Sveinbj. Dagfinnsson".

Umsögn yfirdýralæknis, sú er landbúnaðarráðherra vitnar til í bréfi sínu frá 16. júní 1980, er svohljóðandi:

„Reykjavík, 16. júní 1980.

Landbúnaðarráðuneytið,
Reykjavík.

Með bréfi frá 16. maí 1980 óskaði landbúnaðarráðuneytið eftir umsögn minni, sbr. lög nr. 31/1970, um erindi frú Sigríðar Ásgeirsdóttur, lögmanns, en hún fór þess á leit að fá starfsleyfi fyrir danskan dýralækni, Erik Ramskov Garbus, til að starfa hér á landi við almennar dýralækningar um 6 mánaða skeið við dýraspítala Watsons í Reykjavík. Ekki fylgdu umsókn þessari nein gögn um próf þessa læknis eða upplýsingar um störf hans.

Með bréfi, dagsettu 27. maí 1980, greindi ég landbúnaðarráðuneytinu frá því, að ekki væri unnt að fjalla um þetta erindi, þar sem öll nauðsynleg gögn skorti.

Síðan hefi ég ekkert af máli þessu frétt þar til 13. þ. m., að formaður Dýralæknafélags Íslands tjáði mér, að vottorð um dýralæknispróf hr. Garbus hefði borist honum í sambandi við, að hann var beðinn um umsögn varðandi atvinnuleyfi til handa hr. E. R. Garbus hér á landi.

Samkvæmt þeim gögnum, sem ég hefi aflað mér að öðrum leiðum og áreiðanleg mega teljast, lauk E. R. Garbus prófi frá dýralæknaháskólanum í Kaupmannahöfn árið 1972. Síðan hefur hann starfað lengst af hjá H. Breth Hansen í Laurbjerg á Jótlandi og hefur auk þess farið í námsferð til Bandaríkjanna árið 1972.

Ekki hefur mér tekist að afla gagna um það, að E. R. Garbus hafi hlotið sérstaka viðurkenningu sem sérfræðingur á sviði dýralækninga, en hann mun þó hafa starfað við dýraspítala H. Breth Hansen í nokkur ár.

Ekki er mér kunnugt um, að E. R. Garbus hafi kynnt sér sérstaklega aðstæður, sem íslenskir dýralæknar starfa við, eða

þau lög og reglugerðir, sem í gildi eru hér á landi um störf og starfsemi dýralækna, sjúkdóma húsdýra, heilbrigðiseftirlit og heilbrigðislöggjöf, er varðar dýr og afurðir þeirra, eða þær reglur og lög, sem lúta að sölu, vörslu, dreifingu og afhendingu lyfja, en það er almenn regla, að nýir dýralæknar, sem til landsins koma, setji sig inn í þessi mál, áður en læknisleyfi er veitt.

Mér er kunnugt um, að Danska dýralæknafélagið fór þess á leit bréflega við húsbónda E. R. Garbus, H. Breth Hansen dýralækni, að hann réði sig ekki til dýralæknisstarfa á Íslandi í andstöðu við Dýralæknafélag Íslands, og mun E. R. Garbus hafa verið kunnugt um þá afstöðu Danska dýralæknafélagsins.

Dýralæknafélag Íslands hefur tilkynnt mér bréflega, að það sé andvígt því, að erlendur dýralæknir hefji hér almenn dýralæknisstörf, þar sem nú er svo komið málum, að tiltækir eru íslenskir dýralæknar til starfa, ef starf losnar. Gildir það jafnt um störf á dýraspítala Watsons sem önnur störf, enda hafa íslenskir dýralæknar boðist til að taka að sér störf við þennan spítala, ef starfslaun væru tryggð, svo sem hinu háa ráðuneyti mun kunnugt, jafnvel boðist til að taka rekstur hans alveg að sér. Hinsvegar liggur það ljóst fyrir, að Dýralæknafélag Íslands og héraðsdýralæknirinn í Reykjavík hafa verið því samþykk, að hingað yrði fenginn erlendur maður með sérþekkingu á rekstri dýraspítala sem ráðgjafi um skamma hríð, meðan starfsemi þar væri að komast á rekspöl, og þá að sjálfsögðu í samstarfi við íslenska dýralækna. Er það í samræmi við tilhögun, sem þráfaldlega hefur tíðkast, þegar erlendir menn hafa verið kvaddir til að leysa af hendi sérstök verkefni, sem sérþekkingu hefur þurft til, og þá í samstarfi við hérlenda menn.

Um þetta atriði var gert sérstakt samkomulag milli H. Breth Hansen og Dýralæknafélags Íslands, þar sem lögð var á það megin áhersla, að um sérfræðilega aðstoð yrði að ræða í samstarfi og að ósk íslenskra dýralækna og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst héraðsdýralækninn í Reykjavík. Um þetta atriði var hr. E. R. Garbus vel kunnugt.

Nú hefur mér borist bréf héraðsdýralæknis í Reykjavík um það, að hr. E. R. Garbus hafi tekið til starfa við dýraspítala Watsons á eigin spýtur án samráðs við hann eða aðra dýralækna hérlenda. Fylgir ljósrit af bréfi héraðsdýralæknis hérmeð. Gengið hefur verið úr skugga um, að rétt er hermt um atvik þau, sem bréfið greinir frá.

Í Morgunblaðinu 14. þ. m. er frá því greint, að margnefndur dýralæknir Garbus hafi hafið almenn dýralæknisstörf án þess að hafa tilskilin leyfi yfirvalda, enda þótt honum hafi verið gert fullljóst af formanni Dýralæknafélags Íslands, að slíkt væri óheimilt. Mun slík óskammfeilni fátíð sem betur fer. Því virðist ljóst, að hr. E. R. Garbus virðir íslensk lagaákvæði að vettugi sem og það samkomulag, sem bundið var fastmælum milli Dýralæknafélags Íslands og H. Breth Hansen fyrir hans hönd.

Með tilliti til þess, sem hér er rakið, treysti ég mér ekki til þess að mæla með því, að hr. dýralækni E. R. Garbus verði veitt læknisleyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi, samanber lög nr. 31/1970.

Virðingarfyllst,
Páll A. Pálsson".

Málsástæður og lagarök.

Eins og fyrr er rakið, taldi dómari máls þessa vafa kunna leika á um dómhæfi kröfugerðar stefnenda. Að ákvörðun dómara og með samkomulagi aðilja var ákveðið, að formhlið málsins yrði tekin til athugunar, og fór því fram sérstakur flutningur um það atriði.

Stefnendur telja kröfur sínar dómhæfar og að dómara beri að leggja efnisdóm á málið. Það sjónarmið sitt styðja stefnendur við 60. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveði á um úrskurðarvald dómenda varðandi embættistakmörk yfirvalda. Yfirdýralæknir sé embættismaður og embætti hans stofnað með lögum. Í embættisfærslu sinni beri honum að fara eftir þeim lögum og reglum, er á hverjum tíma gildi. Ein af embættisskyldum yfirdýralæknis sé sú að gefa umsögn varðandi umsækjendur um leyfi til dýralækninga, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna. Í umsögn sinni, sem sé bindandi fyrir landbúnaðarráðherra, beri yfirdýralækni að tjá sig um hæfnisskilyrði umsækjenda, þ. e. hvort þeir séu hæfir til þess að gegna dýralækningum hér á landi. Sá sé tilgangur umsagnarinnar samkvæmt lögunum.

Í umsögn yfirdýralæknis til landbúnaðarráðherra frá 16. júní 1980 um umsókn E. R. Garbus, annars af stefnendum þessa máls, hafi yfirdýralæknir eigi fullnægt framangreindri lagaskyldu sinni, þar sem hann hafi ekki tjáð sig um hæfnisskilyrði umsækjanda, heldur byggt umsögn sína á allt öðrum og annarlegum sjónarmiðum. Yfirdýralæknir hafi þannig ekki gætt lagaskilyrða, heldur sjálfur valið sér að eigin geðþótta þær forsendur,

sem hann byggði umsögn sína á. Röksemdir yfirdýralæknis fyrir synjun um að veita E. R. Garbus meðmæli, hafi verið stéttahagsmunagæsla fyrir Dýralæknafélag Íslands, eins og glöggt megi af bréfi yfirdýralæknis frá 16. júní 1980 ráða, þar sem það komi fram, að hann treysti sér ekki til þess að mæla með veitingu lækningaleyfis, þar sem fram hafi komið eindregin andmæli dýralæknastéttarinnar gegn slíkri ráðstöfun. Slík stéttahagsmunagæsla sé ekki í verkahring yfirdýralæknis.

Stefnandi telur, að þegar stjórnvald eins og yfirdýralæknir byggi afstöðu sína á ómálefnislegum grunni og atriðum, sem honum lögum samkvæmt ber ekki að taka afstöðu til, varði það ógildi stjórnarathafnar. Umsögn yfirdýralæknis sé stjórnarathöfn, eins og glöggt megi ráða af því, að landbúnaðarráðherra sé bundinn af slíkri umsögn. Um þetta atriði eigi dómstólar tvímælalaust úrskurðarvald.

Þar sem umsögn yfirdýralæknis sé sjálfstæð stjórnarathöfn, beri enga réttarfarsnauðsyn til þess að stefna jafnframt landbúnaðarráðherra, þar sem hann eigi ekki aðild að þeirri stjórnarframkvæmd, sem um sé deilt í málinu.

Að því er varði hagsmuni stefnenda af því að fá úr því skorið í máli þessu, hvort yfirdýralæknir hafi staðið að umsögn sinni innan lögskipaðra marka, þá getur stefnandi þess, að eigi hafi tekist að fá íslenska dýralækna til starfa við dýraspítalann. Því hafi eigi annar kostur verið fyrir hendi en sá að reyna að fá erlenda lækna þar til starfa. Þetta hafi ekki tekist vegna andmæla frá Dýralæknafélagi Íslands, sem sé andvígt því, að erlendir dýralæknar ráðist hér til starfa. Með slíka stéttahagsmunagæslu í huga neiti yfirdýralæknir að gefa erlendum dýralæknum meðmæli til starfa hér á landi. Það sé hins vegar forsenda fyrir rekstri dýraspítalans, að dýralæknir fáist þar til starfa. Slíkt sé hins vegar óhugsandi, meðan yfirdýralæknir neiti erlendum mönnum um meðmæli af þeim ástæðum, sem raktar hafi verið og mál þetta sé höfðað út af.

Stefndi, sem ekki gerir sérstaka frávísunarkröfu í málinu, heldur því fram, að í dómsmáli um það, hvort yfirdýralæknir hafi í umsögn sinni frá 16. júní 1980 gætt lagaskilyrða þeirra, er honum beri að gæta, beri réttarfarslega nauðsyn til þess að stefna jafnframt landbúnaðarráðherra. Samaðild sé með landbúnaðarráðherra og yfirdýralækni í slíkri málshöfðun, þar sem veiting leyfis til dýralækninga samanstandi af tveimur þáttum, umsögn yfirdýralæknis og síðan formlegri veitingu ráðherra. Ef aðeins

yfirdýralækni sé stefnt, þá sé sá fræðilegi möguleiki fyrir hendi, að umsögn yfirdýralæknis verði metin ógild, en eftir standi óhögguð athöfn ráðherrans, þ. e. synjun hans um veitingu lækningaleyfisins. Verði ekki séð, að stefnendur hafi af því lögvarða hagsmuni að fá slíkan dóm. Hann kvaðst ekki hafa séð né sjá sérstaka ástæðu til þess að gera frávísunarkröfu vegna þessa formgalla, þar sem það væri ex officio skylda hjá dómara að ganga úr skugga um dómhæfi kröfugerðar í dómsmáli.

Álit réttarins.

Dómkrafa stefnenda er sú, „að viðurkennt verði með dómi, að synjun yfirdýralæknis um meðmæli með því, að Eric Ramskov Garbus verði veitt lækningaleyfi til starfa við Dýraspítala Watsons, sé ólögmæt." Röksemdir stefnenda eru þær, „að yfirdýralæknir hafi með synjun sinni um meðmæli í bréfi hans, dags. 16. júní 1980, til landbúnaðarráðuneytisins brotið gegn þeirri grundvallarreglu að tjá sig um hæfnisskilyrði stefnanda E. R. Garbus til þess að hljóta lækningaleyfi og því byggt synjun sína á röngum forsendum . . .", eins og segir í greinargerð stefnenda.

Yfirdýralæknir er samkv. 1. gr. laga nr. 31/1970 um dýralækna umsagnaraðili við veitingu leyfa til dýralækninga. Með bréfi sínu, dags. 16. júní 1980, fullnægði yfirdýralæknir umsagnarskyldu sinni. Í athugasemdum við 1. gr. laga nr. 31/1970 kemur fram, að sú grein er arftaki 5. gr. eldri laga um dýralækna, laga nr. 124/1947, og efnislega eins. Í 5. gr. laga nr. 124/1947 sagði, að landbúnaðarráðherra veitti lækningaleyfi „að fengnum tillögum yfirdýralæknis." Er því ljóst, að landbúnaðarráðherra er eigi bundinn af áliti yfirdýralæknis.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1970 veitir landbúnaðarráðherra leyfi til dýralækninga. Umsögn yfirdýralæknis er samkv. sömu lagagrein lögskipaður undanfari slíkrar veitingar. Á það má fallast með stefnendum, að þeir geti haft af því lögvarða hagsmuni að fá úr því skorið, hvort umsögn yfirdýralæknis, sem er þáttur í veitingu leyfis til dýralækninga, hafi verið framkvæmd innan þeirra marka, er lög setja. Dómstólar eiga samkv. 60. gr. stjórnarskrárinnar úrskurðarvald um ágreining þar að lútandi. Að áliti réttarins getur könnun slíkra lagaskilyrða þó ekki farið fram öðruvísi en í dómsmáli um gildi þeirrar stjórnarathafnar, sem umsögnin er lögskipaður undanfari að.

Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn, verður að telja, að dómkrafa stefnenda feli eigi í sér kröfu um úrlausn ákveðins réttar-

ágreinings, sem stefnendur hafi sýnt fram á, að þeir hafi lögvarða hagsmuni af að fá úr skorið. Dómkrafa þeirra felur í sér kröfu um lögfræðilega álitsgerð. Með vísan til 67. gr. laga nr. 85/1936 verður að telja kröfugerð, sem felur í sér kröfu um slíka almenna könnun lagaskilyrða án sýnilegra réttarhagsmuna, ódómhæfa, og ber því að vísa máli þessu frá dómi án kröfu.

Málskostnaðarkrafa kom ekki fram varðandi þennan þátt málsins, og dæmist málskostnaður því ekki.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Máli þessu er án kröfu vísað frá dómi.
Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 20. mars 1981.

Nr. 97/1979. **Kristján Júlíusson**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Ívari Sveinbjörnssyni og
Daníu Árnadóttur
og gagnsök
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. maí 1979. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti í aðalsök og einnig fyrir Hæstarétti í gagnsök.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1979. Þeir krefjast þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða þeim óskipt 4.450.00 krónur (445.000 gkrónur) auk 13% ársvaxta frá 14. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en vexti. Kröfu gagnáfrýjenda um dómvexti frá 15. júní 1979 ber að taka til greina, sbr. lög nr. 56/1979.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjendum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.350.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að vextir ákvarðast 13% ársvextir frá 14. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi, Kristján Júlíusson, greiði gagnáfrýjendum, Ívari Sveinbjörnssyni og Daníu Árnadóttur, 2.350.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. f. m., höfðuðu Ívar Sveinbjörnsson, Fífuhvammsvegi 13, Kópavogi, og Guðrún Lillý Ásgeirsdóttir, Fálkagötu 11, f. h. ófjárráða dóttur hennar, Daníu Árnadóttur, Fálkagötu 26 hér í borg, með stefnu, útgefinni 23. janúar 1978, á hendur Kristjáni Júlíussyni, Hofteigi 18 hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 528.100 með 13% ársvöxtum frá 14. janúar 1976 til 21. nóvember 1977 og með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Undir rekstri málsins hefur Daníu Árnadóttir orðið fjárráða og því tekið við forræði málsins af sinni hálfu.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 14. janúar 1976, seldi stefndi fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands eftir umboði Guðrúnu Lillý Ásgeirsdóttur fyrir hönd Ívars Sveinbjörnssonar og Daníu Árnadóttur íbúð í húsinu nr. 26 við Fálkagötu hér í borg. Í kaupsamningnum er hinu selda lýst svo:

„Kjallaraíbúð í austurenda íbúðarhússins nr. 26 við Fálkagötu hér í borg, sem er tvö herbergi, eldhús, snyrtiherbergi, geymsla til vinstri við forstofu og hlutdeild í þvottahúsi, leigulóðarréttindum og öðru sameiginlegu, sem íbúðinni fylgir og fylgja ber. Eignarhluti þess telst vera 19.6% af allri eigninni. Sameiginlegur hiti er með tveimur íbúðum á hæðinni fyrir ofan í þessu húsi, og ber kjallaraíbúðinni að greiða 20% hitamæliskostnað. Íbúðin er byggð 1921. Eignarhluti þessi telst vera 19.6% af allri eigninni.

Eignin selst í því ástandi, sem hún nú er og kaupandi hefur kynnt sér og tekið gilt."

Kaupverðið var ákveðið kr. 3.000.000, og voru kr. 500.000 greiddar við undirskrift samningsins, kr. 1.000.000 skyldu greiðast á næstu fjórum árum, og skyldi sú fjárhæð tryggð með veði í hinu selda, en það, sem eftir stóð af kaupverðinu, kr. 1.500.000 skyldu greiddar á sjö gjalddögum á árunum 1976 og 1977. Í samningnum er svofelld yfirlýsing:

„Komi í ljós einhverjir þeir gallar í hinni seldu íbúð, sem varða mundu seljanda skaðabótaskyldu að íslenzkum rétti, lýsir undirritaður Kristján Júlíusson, Hofteig 18, Reykjavík, því yfir,

að hann tekur á sig persónulega ábyrgð á þeim göllum, enda lýsir undirritaður kaupandi því yfir, að hann hefur fallist á, að Kristján kæmi í stað seljanda sem ábyrgðaraðili, ef til kemur, og að hann (kaupandi) muni engar kröfur gera á hendur Öryrkjabandalagi Íslands vegna slíkra galla, ef til kemur."

Hinn 22. mars 1977 ritaði lögmaður stefnenda stefnda bréf, þar sem fram kom, að vart hefði orðið svo stórvægilegra galla á íbúðinni, að ekki yrði við unað. Hafi langvarandi og þrálátur rottugangur í íbúðinni orðið til þess, að gólf íbúðarinnar voru athuguð. Hafi þá komið í ljós, að frágangur þeirra og gerð hafi verið algerlega óviðunandi. Var óskað eftir, að reynt yrði að ná samkomulagi um skaðabætur á þeim grundvelli, að hvor aðili tilnefndi kunnáttumann til að meta ástand íbúðarinnar.

Í svarbréfi lögmanns stefnda kom fram, að kaupendum hafi verið ljóst, að þeir voru að kaupa íbúð í 55 ára gömlu húsi, og þau mátt vænta, að frágangur hennar væri á ýmsan hátt annar en nú tíðkast. Ekki hafi verið neinir gallar á íbúðinni aðrir en þeir, sem mátt hafi vænta miðað við aldur og verð og kaupendum hafi mátt vera ljósir við skoðun. Þá hafi seljandi gert ráðstafanir til að útrýma rottugangi, sem kaupendur hafi talið sig verða vör við, en sjálfur hafi stefndi aldrei orðið var við rottugang, á meðan hann átti íbúðina.

Ekki tókst aðiljum að leysa ágreiningsefnið. Hinn 23. maí 1977 óskaði lögmaður stefnenda eftir, að á bæjarþingi Reykjavíkur yrðu dómkvaddir matsmenn til að láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi atriði:

„1. Ýtarleg lýsing að undangenginni skoðun á ástandi íbúðarinnar.
2. Hvort nýlega framkvæmd lagfæring á veggjum og dyraumbúnaði var til þess fallin að leyna fúa eða öðrum göllum.
3. Hvort um slíkan galla sé að ræða á gólfi íbúðarinnar, að rottugangur geti verið eðlileg afleiðing hans.
4. Hvort nýlegar framkvæmdir við gólf þessi hefðu átt að leiða galla þessa í ljós.
5. Að meta til tjóns umrædda galla miðað við, að úr þeim verði bætt."

Á bæjarþingi Reykjavíkur voru þeir Árni Guðmundsson múrarameistari og Kristinn Sigurjónsson húsasmíðameistari kvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat. Í matsgerð þeirra, dags. 26. október 1977, segir svo:

„1. Ástand íbúðarinnar er fljótt á litið allgott, en gólf í eldhúsi er greinilega fúið, önnur gólf í íbúðinni virðast vera forskölluð, og er timbrið farið að fúna. Það er holt undir gólfinu, og virðist sandur og undirlag vera rakt. Í horni við útvegg, við skilvegg að svefnherbergi, hefur verið sett niðurfall undir gólfið, og bendir það til, að vatn geti komið þar og til öryggis hafi verið sett niðurfall undir gólfinu. Nokkur fúi er í dyrakörmum íbúðarinnar, en þó er hann nokkuð mismuandi, en varla hægt að draga viðgerð til lengdar, þar sem karmar halda ekki hurðum.

2. Hvort nýleg lagfæring á íbúðinni sé þess eðlis, að hún leyni fúa og öðrum göllum. Það er mögulegt, að það geti villt fyrir fólki, sem hefur ekkert vit á gömlum íbúðum, en allir, sem þekkja til gamalla íbúða, ættu að geta greint þá galla, sem þarna er um að ræða.

3. Þar sem holt er undir gólfi, er mögulegt, að rottur komist þangað og haldi þar til.

4. Allar framkvæmdir við gólf íbúðarinnar ættu að leiða í ljós þá annmarka, sem á gólfinu eru.

5. Til mats var tekið: Endurnýja gólfin með steinsteypu og einnig dúk og gólflista.

Þá var reiknuð endurnýjun á hurðakörmum, þannig að viðunanlegt verði.

Reiknað er með að gera við lekar sprungur utanhúss, þannig að lekahætta verði minni.

Viðgerð á málningu var reiknuð, þannig að útlit íbúðarinnar eftir viðgerðina verði eigi lakara en nú er.

Mat okkar á framanskráðum framkvæmdum verður sem hér segir kr. 445.000.00.“

Með bréfi, dags. 20. desember 1977, krafði lögmaður stefnenda stefnda um greiðslu matsfjárhæðarinnar ásamt vöxtum og innheimtukostnaði, samtals kr. 626.300. Með bréfi lögmanns stefnda 29. s. m. var kröfunni hafnað. Höfðuðu stefnendur svo mál þetta.

Fjárhæð dómkröfu stefnenda er sundurliðuð þannig:

1.	Áætluð viðgerð samkvæmt matsgerð ..	kr. 445.000
2.	Dómkvaðning matsmanna	— 5.100
3.	Þóknun matsmanna	— 78.000
	Samtals	kr. 528.100

Stefnandinn Ívar Sveinbjörnsson hefur skýrt svo frá, að hann og stefnandinn Danía hafi ætlað að fara að búa saman og hafi

þau leitað fyrir sér um íbúð. Íbúð sú, sem fjallað er um í málinu, hafi staðið þeim til boða. Hún hafi verið á mjög hentugum stað, því hún hafi verið rétt hjá íbúð foreldra Daníu þarna við sömu götu. Hafi foreldrar hennar skoðað íbúðina með þeim, áður en gengið var frá kaupunum. Dyraumbúnaður hafi verið nýmálaður. Á gólfinu hafi verið teppi og hafi þau lyft teppunum upp, er þau skoðuðu íbúðina. Hafi það virst allt vera í lagi. Gluggar hafi verið með einföldu gleri. Ekki hafi verið fúi í gluggakörmum og hafi virst allt í lagi með gluggana. Það hafi svo verið fljótlega eftir að þau fluttu í íbúðina, að fram hafi komið, að fúi var í hurðarkörmum. Hafi til dæmis ekki verið hægt að hafa stofuhurðina á lömunum, því skrúfurnar hafi ekki haft neitt hald. Þá hafi þau einnig orðið vör við rottugang undir gólfinu. Hann hafi svo farið að athuga gólfið þarna og borað í það. Hafi hann þá fyrst borað gegnum steypu og síðan komið niður í tré, hafi þá sést, að það hafði verið múrhúðað yfir timburgólf. Gólfið í eldhúsinu hafi svo farið að síga. Það muni hafa verið mjög fljótlega sem hann hafi talað við Kristján Júlíusson út af rottugangi og hafi hann komið með meindýraeyði. En það muni einnig hafa verið þá sem hann hafi talað við Kristján út af öðru ástandi íbúðarinnar. Hafi kvartanir eingöngu beinst að Kristjáni. Þau hafi ekki fengið góðar undirtektir hjá Kristjáni og hafi þau þá hætt að greiða samkvæmt kaupsamningi. Íbúðin hafi verið mjög köld, en efri hæð hússins hafi gengið fyrir um hita og síðan hafi afgangurinn farið til kjallarans. Þau hafi verið þarna með lítinn dreng og hafi oft verið svo kalt, að þau hafi flutt með hann í burtu um tíma.

Daníа Árnadóttir hefur skýrt svo frá, að áður en gengið var frá kaupunum, hafi þau Ívar og foreldrar hennar skoðað íbúðina. Þau hafi þá ekkert séð athugavert við hana. Það hafi svo verið fyrst dálítið eftir að þau fluttu í íbúðina, að þau urðu vör við rottugang. Íbúðin hafi verið nýmáluð, þegar þau skoðuðu hana, en síðan hafi málningin farið að detta af. Þau hafi hringt í Kristján Júlíusson og kvartað yfir rottugangi og hafi hann þá komið með meindýraeyði. Hafi Kristján gengið beint inn í stofu, lyft upp teppinu, sem þar var, tekið þar upp hlera og hafi þar komið í ljós skólpræsi, sem þau hafi ekki vitað neitt um. Einnig hafi slíkt ræsi verið í eldhúsinu. Hafi Kristján sett eiturmola niður í ræsin. Málningin hafi svo farið að flagna af og hurðin í stofunni hafi dottið af hjörum og hafi þau þá séð, að þetta var allt fúið.

Guðrún Lillý Ásgeirsdóttir hefur skýrt svo frá, að hún hafi undirritað kaupsamning af hálfu Ívars Sveinbjörnssonar og dóttur sinnar Daníu Árnadóttur. Hvorki Ívar né Dania hafi verið orðin fjárráða og hafi hún haft skriflegt umboð frá móður Ívars. Þau hafi farið og skoðað íbúðina. Hún kveðst sjálf hafa keypt gamalt hús. Hafi hún séð möguleika á, að hægt væri að lagfæra þessa íbúð með því að veggfóðra hana og gera hana vistlegri. Ekki kveðst hún minnast, að gætt hafi verið, hvort fúi væri í íbúðinni, en spurt muni hafa verið um það hjá fasteignasölunni og Kristjáni Júlíussyni. Það, sem hún hafi aðallega hugsað um, var það, að íbúðin hafi verið við sömu götu og hún bjó sjálf, en Dania hafi aðeins verið 17 ára og hafi hún viljað hafa hana svo nálægt sér, að hún gæti rétt henni hjálparhönd við þvotta og annað. Varðandi ákvæði í samningnum um skaðabótaskyldu Kristjáns Júlíussonar kveðst Guðrún hafa litið svo á, að hann ætlaði að gefa Öryrkjabandalaginu þessa peninga og hann vildi standa fyrir sínu máli sjálfur. Ekki hafi verið rætt um þetta sérstaklega í fasteignasölunni.

Árni Einarsson, faðir stefnandans Daníu, hefur skýrt svo frá, að hann hafi skoðað umræddda íbúð, áður en gengið var frá kaupunum. Þetta hafi verið lítil, nokkuð snotur íbúð, sem nýbúið hafi verið að lagfæra. Hann hafi ekki haft neitt út á hana að setja nema sérkennilega herbergjaskipun og hafi þeim litist vel á, að Ívar og Dania settust þarna að. Hann kveður sér hafa verið fullljóst, að íbúðin væri í gömlu húsi, og hafi hann ekki talið ástæðu til annars en að láta ytri skoðun nægja. Ekki hafi verið leitað aðstoðar byggingarfróðs manns við að skoða íbúðina. Er íbúðin var skoðuð, hafi stúlka, sem bjó á efri hæðinni, sýnt hana, en ekki hafi komið neinn maður frá fasteignasölunni. Hann kveðst hafa verið viðstaddur, þegar samningurinn var undirritaður, og hafi hann þá séð ákvæði um ábyrgð Kristjáns Júlíussonar á skaðabótaskyldu seljanda og hafi hann ekki séð neitt við þetta að athuga. Hann hafi talið Kristján ábyrgan eldri mann. Hann kveður þau Ívar og Daníu hafa veggfóðrað íbúðina, áður en þau fluttu í hana. Kveðst hann ekki telja verð íbúðarinnar hafa verið óvenjulega lágt og muni nær sanni að það hafi verið okkuð sanngjarnt.

Stefndi, sem er bátasmiður, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið eftir að hann hafði fengið heilsu að undangengnum alvarlegum veikindum, að hann hafi tekið sér fyrir hendur að gera við eldri hús og hafi hann síðan að mestu starfað við það. Hann hafi keypt gömul hús, lagfært þau og selt og gefið Öryrkjabanda-

laginu, Sjálfsbjörg og Blindrafélaginu afraksturinn. Hann hafi þannig á sínum tíma gefið Öryrkjabandalaginu umrædda íbúð í húsinu nr. 26 við Fálkagötu. Hann hafi aðeins átt íbúðina í stuttan tíma. Á meðan hann átti íbúðina, hafi hann sjálfur gert við hana og lagfært hana. Hafi hún eftir það verið í sæmilegu ástandi. Kveður hann foreldra Daníu hafa fengið lykla að íbúðinni og skoðað hana. Einnig hafi Sverrir Kristinsson, sölumaður fasteignasölu þeirrar, sem sá um sölu íbúðarinnar, skoðað hana. Ekki kveðst stefndi hafa vakið athygli kaupenda á því, að ástand íbúðarinnar væri að einhverju leyti í ólagi, enda hafi hann talið hana vera í sæmilegu ástandi. Hann hafi ekki orðið var við neina galla í gólfum íbúðarinnar, en hér hafi verið um að ræða 45 ára gamla íbúð, sem smíðuð hafi verið að þeirra tíma hætti. Hann hafi sett niðurfall undir stofugólf, því vatn hafi viljað koma undir gólfið. Rottugang hafi hann ekki orðið var við, á meðan hann átti íbúðina, en hann hafi aldrei búið í henni sjálfur.

Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri fasteignasölu þeirrar, sem hafði milligöngu um sölu umræddrar íbúðar, hefur skýrt svo frá, að hann hafi skoðað umrædda íbúð. Hún hafi í fljótu bragði ekki litið illa út og hafi eigandinn sagst vera nýbúinn að lagfæra hana. Búið hafi verið að mála íbúðina og setja ný teppi á gólfin. Ekki tíðkist að gera sérstakar athuganir á ástandi íbúða, sem fasteignasölunni er falið að selja, þótt um gamlar íbúðir sé að ræða, nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Hér hafi verið um það að ræða, að seljandinn hafi fengist við að lagfæra íbúðir. Hafi því ekki þótt ástæða til að vefengja, að svo hefði einnig verið um þessa íbúð, enda hafi íbúðin virst líta þannig út. Kaupendur muni svo hafa fengið upplýsingar um íbúðina hjá fasteignasölunni og sennilega farið á eigin vegum og litið á hana. Sverrir kveður sér hafa skilist, að stefndi hafi gefið Öryrkjabandalaginu umrædda íbúð sem íbúð í fullkomnu ástandi. Muni ákvæði í kaupsamningi um ábyrgð hans stafa af því, að hann hafi viljað tryggja, að hér væri um raunverulega gjöf að ræða og að hugsanlegar skaðabótakröfur mundu ekki rýra verðmæti gjafarinnar. Sverrir kveður kaupendur hafa kvartað við fasteignasöluna út af íbúðinni. Hafi það verið nokkrum vikum eða mánuðum eftir að kaupin voru gerð. Hafi kvartanir þessar beinst að hurðum og gólfi. Hafi komið í ljós, að ræsi var undir gólfi, og einnig hafi verið kvartað út af rottugangi. Eftir að þessir gallar hafi komið í ljós, hafi kaupendur haldið að sér höndum með greiðslur kaupverðs.

Vitnið Guðlaugur Bragi Gíslason hefur skýrt svo frá, að hann hafi á sínum tíma keypt umræddа íbúð af Öryrkjabandalaginu og fengið afsal hinn 28. febrúar 1967. Hann hafi afsalað Öryrkjabandalaginu íbúðinni 23. september 1968. Hafi það stafað af því, að kaupin voru látin ganga til baka vegna galla, sem komu fram á íbúðinni. Hafi þeir aðallega verið í sambandi við skólp. Þegar farið var í það, hafi allt vatnið komið upp um stofugólfið. Einnig hafi skorkvikindi komið upp um vegg á milli innri stofu og fremri stofu og hafi þar verið fúi. Þá hafi komið vatn inn um aðaldyr í leysingum, en niðurfall í tröppum hafi verið stíflað. Ekki kveður Guðlaugur hafa orðið vart við rottugang. Hann kveður starfsmenn frá heilbrigðiseftirlitinu hafa komið á vettvang og hafi þeir dæmt íbúðina óíbúðarhæfa.

Vitnið Guðrún Hafdís Steinsdóttir hefur skýrt svo frá, að hún hafi búið í umræddri íbúð fyrir nokkrum árum sem leigjandi. Hafi Guðmundur Löwe, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins, haft milligöngu um leiguna. Ástand íbúðarinnar hafi reynst slæmt. Fram hafi komið bleyta í gólfum og hafi hún komið um útidyrnar í rigningu og vætutíð. Einnig hafi rottugangur verið milli veggja í íbúðinni. Hún hafi kvartað oft við Guðmund út af þessu og hann fengið meindýraeyði til að eitra fyrir rotturnar.

Matsmaðurinn Kristinn R. Sigurjónsson húsasmíðameistari hefur staðfest matsgerð sína fyrir dómi. Kveður hann það ekki vera venju, að niðurföll séu undir gólfi í íbúðarhúsnæði. Við þær aðstæður geti myndast gufa undir gólfinu. Kveðst hann ekki muna til að hafa séð svona frágang í gömlum íbúðarhúsum, þótt frágangur í gömlum húsum geti verið margbreytilegur. Það muni ekki hafa tíðkast að hafa einangrun undir gólfum í kjöllurum í húsum, sem byggð voru á sama tíma og þetta hús, en til muni vera mörg dæmi um hvort tveggja. Í mati sínu kveður hann þá matsmennina hafa gert ráð fyrir einföldustu lausninni við úrbætur á gólfinu. Taldi hann ekki ódýrara að setja nýtt trégólf í íbúðina og hefði þá einnig þurft að rífa upp bita, endurnýja þá og einangra einnig. Í tillögu sinni til úrbóta telji þeir matsmennirnir holrúmið nægilega einangrun. Sé jafnframt gert ráð fyrir, að gengið sé svo frá að utan, að ekki sé hætta á leka. Hafi mátt sjá sprungur niður úr gluggum að utan. Þótt sprungur sjáist að utan, sé ekki víst, að um þær leki, og mundu óvanir varla sjá, hvort svo væri.

Matsmaðurinn Árni Guðmundsson múrarameistari hefur stað-

fest matsgerð sína fyrir dómi. Kveður hann felast í matinu, að gert sé ráð fyrir því, að timburgólfið í íbúðinni sé rifið upp, ný gólf steypt og þau pússuð beint. Einnig sé gert ráð fyrir smávægilegri einangrun undir gólfunum og þar fyrir neðan plasthimnu með rakavörn. Einnig sé reiknað með, að stærsta sprungan, sem sjáanleg er utan á húsinu, sé söguð upp og í hana látið þanþétti. Ekki kveður hann hafa verið hægt að sjá, hvort um sprunguna lak, enda hafi þeir matsmennirnir ekki rofið klæðningu á veggnum að innan, en þeir hafi gert ráð fyrir, að um sprunguna gæti lekið, því hún hafi verið það stór. Árni kveður þá matsmennina ekki hafa kynnt sér, hvort niðurfall undir gólfinu sé tengt frárennsli eða hvort það sé svelgur, en þeir hafi reiknað með, að það sé tengt niðurfalli, því annars sé þýðingarlaust að hafa þarna niðurfall, þar sem gólfið sé þá einn svelgur. Matsmaðurinn kveðst telja svar matsmannanna við 2. spurningu í matsbeiðni fyrst og fremst geta átt við fúa í hurðarkörmum, sem hafi verið þokkalega lakkmálaðir og hafi því dulið ástand viðarins. Hann kveður sér hafa virst, að fúi í vegg milli forstofu og eldhúss geti stafað frá leka ofan frá, sem valdið hafi fúa í hurðarkarminum. Þeir matsmennirnir hafi litið inn í baðklefa á efri hæðinni og hafi virst möguleiki á, að þar hefði vatn farið niður.

Krafa stefnenda er byggð á því, að það sé regla íslensks réttar, að sú skylda hvíli á seljanda jafnt lausafjár sem fasteignar að upplýsa kaupanda um það, sem hinu selda kann að vera áfátt, svo og um annað það, sem varðar hið selda og seljandi veit eða ætti að vita, að skiptir verulegu máli fyrir kaupanda, og seljandi getur ekki búist við, að kaupanda sé kunnugt um. Regla þessi sé lögfest með ákvæði 2. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, en samkvæmt undirstöðurökum verði henni einnig beitt um fasteignir. Ljóst sé af því, sem fram er komið í málinu, m. a. af matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, að íbúðin hafi verið haldin leyndum göllum, er kaupin gerðust. Gallar þessir felist í því, að frágangur á gólfi hafi verið óviðunandi og frábrugðinn því, sem ætla megi, að sé í íbúðarhúsnæði, hafi af frágangi þessum stafað mikill rottugangur. Þá hafi dýraumbúnaður verið fúinn og einnig hafi orðið vart raka og leka í íbúðinni. Stefndi hafi unnið við að lagfæra íbúðina og hafi hann því vitað fullkomlega um ástand hennar. Hafi lagfæringar hans á íbúðinni orðið til að dylja raunverulegt ástand íbúðarinnar og ekki hafi hann skýrt kaupendum frá því, hvernig ástandi íbúðar-

innar var raunverulega háttað. Þetta ástand íbúðarinnar hafi skipt verulegu máli fyrir kaupendur. Hafi stefndi af reynslu sinni hlotið að gera sér grein fyrir ástandi íbúðarinnar og að aðgerðir hans voru fallnar til að leyna því. Stefndi hafi af ásetningi eða gáleysi leynt kaupendur raunverulegu ástandi íbúðarinnar og því vanrækt upplýsingaskyldu sína. Kaupendum hafi hins vegar verið ókunnugt um galla íbúðarinnar og hafi þeir ekki getað gert sér grein fyrir þeim við eðlilega skoðun. Þeir hafi ekki getað gert sér grein fyrir frágangi á gólfum og þeim mikla rottugangi, sem í íbúðinni var, en fram sé komið, að oft hafi verið búið að kvarta yfir rottugangi. Þá hafi kaupendur ekki getað gert sér grein fyrir því, að dyrakarmar voru fúnir og að raki hafði komið fram í íbúðinni, enda hafi nýlegar lagfæringar leynt því ástandi. Stefndi, sem gagnvart stefnendum hafi tekið á sig ábyrgð á skaðabótakröfum út af ástandi íbúðarinnar, beri því fulla greiðsluskyldu á kröfum stefnenda.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að verði litið svo á í máli þessu, að á umræddri íbúð séu gallar, sem varði seljanda skaðabótaskyldu, ef ekki hefði verið á annan veg samið, þá sé kröfu vegna slíkra galla réttilega beint að stefnda. Af hálfu stefnda er hins vegar mótmælt, að um sé að ræða bótaskyldu vegna ástands þess, sem getið er í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna og krafa stefnenda byggist á. Í 2. tl. matsgerðarinnar taki matsmenn fram, að allir, sem þekki til gamalla íbúða, hafi átt að geta greint galla þá, sem þar er um að ræða. Það sé og gild réttarregla í kauparétti, að á kaupanda hvíli nokkur skoðunarskylda, ekki síst þegar um gamla hluti er að ræða. Breyti þar litlu um, hvort kaupandi hafi sjálfur vit á slíkum hlutum. Hafi hann ekki nauðsynlega þekkingu í þeim efnum, beri honum að fá aðstoð þeirra, sem vit hafa á. Kaupendum íbúðarinnar hafi verið ljóst, að þeir voru að kaupa 55 ára gamla íbúð, og hafi þeim ekki getað dulist, að frágangur hennar var með öðrum hætti en tíðkast, auk þess sem þau hafi mátt gera ráð fyrir, að margt í íbúðinni væri farið að gefa sig. Ekki sé fram komið, að kvartað hafi verið yfir atriðum þeim, sem matsgerðin fjallar um, fyrr en með bréfi lögmanns stefnenda 22. mars 1977. Þar sé þó aðeins fjallað um gólf íbúðarinnar, en ekki vikið að dyrakörmum eða sprungum í útveggjum. Stefnendur hafi þá verið búnir að búa í íbúðinni í 14 mánuði, án þess að kvartað væri yfir öðru en rottugangi. Stefndi hafi aldrei orðið var rottugangs í íbúðinni, á meðan hann átti hana. Svo virðist sem stefnendur hafi lent í greiðsluerfiðleikum í ársbyrjun

1977 og hafi þau upp úr því farið að leita leiða að fá verð íbúðarinnar lækkað. Við vettvangsskoðun matsmanna hafi faðir stefnandans Ívars sagt, að hann hefði skoðað íbúðina og sagt stefnendum, að íbúðin væri ónýt. Þótt þarna hafi verið of sterkt til orða tekið, þá hafi slík ummæli átt að hvetja stefnendur til að láta kunnáttumann skoða íbúðina og kvarta yfir þeim göllum, sem þau töldu, að leynt hefði verið. Að því er varðar þær umbætur, sem virðist meginþáttur matsfjárhæðarinnar, þ. e. að endurnýja gólf með steinsteypu, dúkleggja gólf og setja gólflista, þá sé þar um að ræða aðgerðir, sem bæta mundu íbúðina verulega og auka endursöluverð hennar að miklum mun. Munur á steingólfi og timburgólfi, hvort sem það er múrhúðað eða ekki, sé svo augljós, að hann geti ekki dulist neinum við skoðun. Stefnendum hafi því hlotið að vera ljóst, að þau voru að kaupa íbúð með timburgólfi. Þeim hafi og verið kunnugt um aldur íbúðarinnar og því hafi þau mátt gera ráð fyrir, að einhver fúi væri kominn í gólfin. Svo virðist sem hurðarkarmarnir hafi orðið fyrir skemmdum vegna leka ofan frá, væntanlega frá íbúðinni á 1. hæð. Hafi komið fram hjá stefnandanum Daníu, að hún hafi orðið vör við bleytu þarna, sem síðan hafi þornað. Virðist þetta benda til þess, að karmarnir hafi skemmst, eftir að stefnendur fluttu í íbúðina og af ástæðum, sem stefndi beri ekki ábyrgð á. Þá sé ekki leitt í ljós með matsgerðinni, að um sprungur í útvegg leki. Sé og á það að líta, að sprungurnar blasi við augum, þegar menn koma að húsinu, og því verði þær alls ekki taldar leyndur galli. Þá sé þess og að gæta, að verð íbúðarinnar hafi verið miðað við, að um væri að ræða gamla ósamþykkta kjallaraíbúð, sem á engan hátt verði borin saman við nýlegt húsnæði. Þá er því haldið fram, að ákvæði í kaupsamningi um ábyrgð þriðja manns, þ. e. stefnda, á göllum, sem varða mundu seljanda skaðabótaskyldu að íslenskum lögum, hafi gefið stefnendum sérstakt tilefni til að vanda skoðun á íbúðinni.

Svo sem fram er komið, hafði stefndi, Kristján Júlíusson, keypt umrædda íbúð, lagfært hana og síðan gefið Öryrkjabandalagi Íslands. Meðal þess, sem Kristján gerði við íbúðina, var að setja niðurfall undir stofugólf, vegna þess að vatn hafði viljað koma undir gólfið. Þá þykir og fram komið, enda ekki mótmælt af hálfu stefnda, að hann hafi málað dyraumbúnað í íbúðinni. Fram er komið í málinu afsal Öryrkjabandalags Íslands til vitnisins Guðlaugs B. Gíslasonar fyrir umræddri íbúð, og er það dagsett 28. febrúar 1967. Einnig er komið fram afsal Guðlaugs til Ör-

yrkjabandalags Íslands fyrir íbúðinni, dags. 23. september 1968. Er því ljóst, að stefndi hafði eignast íbúðina og gefið hana Öryrkjabandalagi Íslands mörgum árum áður en atburðir máls þessa gerðust. Stefndi undirritaði kaupsamning af hálfu seljanda samkvæmt umboði, er stefnendur keyptu íbúðina, en á kaupsamninginn er ritað samþykki fyrirsvarsmanna Öryrkjabandalagsins. Er stefndi kom þannig fram af hálfu seljanda, bar honum að fullnægja upplýsingaskyldu seljanda samkvæmt undirstöðureglu 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Á sama hátt bar þeim, sem komu fram af hálfu kaupenda, að fullnægja skoðunarskyldu kaupanda samkvæmt undirstöðureglu 74. gr. sömu laga. Stefnendum og þeim, sem komu fram af þeirra hálfu, mátti vera ljóst, að þau voru að kaupa íbúð í húsi, sem var reist á árinu 1921 og sem ekki var samþykkt sem íbúðarhúsnæði af yfirvöldum. Er húsið timburhús á kjallara, sem við ytri skoðun virðist vera úr steinsteypu eða hlöðnu grjóti, sem hefur verið múrhúðað. Máttu fyrirsvarsmenn aðilja gera ráð fyrir, að um sprungur í kjallaravegg, sem sjáanlegar eru að utan, læki og þyrfti að gera við þær. Þykir atriði þetta því ekki varða skaðabótaskyldu, þótt ekki væri vakin sérstök athygli á því af hálfu seljanda. Þær aðgerðir stefnda að útbúa niðurfall undir stofugólfi voru algerlega leyndar, enda hleri sá, sem er á stofugólfinu til að komast að niðurfallinu, hulinn af gólfdúknum. Voru þessar aðgerðir til lausnar því leynda ástandi, að vatn vildi koma undir gólfin. Máttu kaupendur og fyrirsvarsmenn þeirra ekki gera sér grein fyrir þessu ástandi við skoðun íbúðarinnar, og ekki máttu þeir gera ráð fyrir því. Er ekki komið fram, að þeim hafi verið skýrt frá þessu, en það bar stefnda að gera, er hann kom fram af hálfu Öryrkjabandalags Íslands við sölu íbúðarinnar. Samkvæmt grundvallarreglu 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 þykir því ekki hafa verið fullnægt upplýsingaskyldu seljanda varðandi þetta atriði og eigi kaupendur því rétt á skaðabótum vegna þess. Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram, að fúi var í dyraumbúnaði í íbúðinni. Í gömlum húsum má frekar gera ráð fyrir, að dyraumbúnaður sé þurr og stökkur vegna aldurs, nema raki hafi komist í hann af einhverjum ástæðum. Því hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, að stefndi hafi málað dyraumbúnaðinn. Gat fúi þessi því dulist kaupendum, enda er ekki haldið fram, að þeim hafi verið gerð grein fyrir þessu ástandi. Hlaut stefnda að vera þetta ástand ljóst, hvort sem fúinn stafaði frá raka í gólfinu eða leka frá efri hæðinni. Þykir stefndi því ekki hafa full-

nægt upplýsingaskyldu seljanda varðandi þetta atriði og eigi kaupendur því ennig rétt til skaðabóta vegna þess. Eins og ástand gólfsins og dyraumbúnaður var, þykir kvörtun stefnenda ekki of seint fram komin. Samkvæmt yfirlýsingu í kaupsamningi tók stefndi á sig persónulega ábyrgð á göllum á íbúðinni, sem varða mundu seljanda skaðabótaskyldu, og samþykktu kaupendur, að hann kæmi í stað seljanda sem ábyrgðaraðili í því efni. Verður að skilja yfirlýsinguna svo, að með henni hafi stefndi tekið á sig beina greiðsluskyldu gagnvart kaupendum á skaðabótum vegna þeirra galla. Eiga stefnendur því kröfu á stefnda um greiðslu skaðabóta, sem ákveðnar verða í máli þessu. Ljóst er, að aðgerðir þær, sem matsmenn í matsgerð sinni gera ráð fyrir til úrbóta á atriðum þeim, sem baka stefnda greiðsluskyldu samkvæmt því, sem að framan segir, mundu bæta ástand íbúðarinnar verulega umfram það, sem kaupendur máttu ætla um svo gamla íbúð. Samkvæmt því og með hliðsjón af andmælum, sem fram hafa komið af hálfu stefnda að þessu leyti, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 275.000. Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum þá fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem krafist er, og málskostnað, sem ákveðst kr. 200.000, þar með talinn matskostnaður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Júlíusson, greiði stefnendum, Ívari Sveinbjörnssyni og Daníu Árnadóttur, kr. 275.000 með 13% ársvöxtum frá 14. janúar 1976 til 21. nóvember 1977 og með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. mars 1981.

Nr. 209/1979. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson, settur saksóknari)
gegn
Matthíasi Hauki Guðmundssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
og
Viðari Ásmundssyni Olsen
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Opinberir starfsmenn. Ólögleg handtaka. Öflun falsgagna. Rangur framburður fyrir dómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarrsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Í héraði voru sex menn hafðir fyrir sökum í máli þessu, og var þeim öllum dæmd refsing í héraðsdómi. Málinu er aðeins áfrýjað að því er varðar tvo þeirra, er óskað hafa áfrýjunar. Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar refsingar. Af hendi hinna ákærðu er krafist sýknu, en til vara, að refsing verði lækkuð og hún eftir atvikum dæmd skilorðsbundin.

Dómi þeim, er ákærði Matthías Haukur sætti í sakadómi Njarðvíkur 17. apríl 1978 og getið er í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjað til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar var ákærða dæmt tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til 3 ára frá uppsögu dómsins að telja, fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. gr. laga nr. 35/1977.

Héraðsdómari hefur rakið málavexti og ákæruefni rækilega. Báðir hafa hinir ákærðu látið af opinberum störfum sínum, a. m. k. öðrum þræði vegna sakarefnis þessa. Ber að staðfesta héraðsdóm að því er varðar ákærða Viðar, en refsing ákærða Matthíasar Hauks þykir hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð að svo miklu leyti sem dóminum er áfrýjað.

Dæma ber ákærða Matthías Hauk til að greiða verjanda sínum málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur, og ákærða Viðar til að greiða verjanda sínum hér fyrir dómi málsvarnarlaun, 3.000.00 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað greiði hinir ákærðu þannig, sbr. 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74/1974, að ákærði Matthías Haukur greiði 3/4 hluta hans, en ákærði Viðar 1/4 hluta, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Matthías Haukur Guðmundsson sæti 7 mánaða fangelsi. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður að því leyti sem honum er áfrýjað.

Ákærði Matthías Haukur greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 4.000.00 krónur, og ákærði Viðar Ásmundsson Olsen greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 3.000.00 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærði Matthías Haukur að 3/4 hlutum og ákærði Viðar að 1/4 hluta, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

I.

Hinn 17. apríl 1978 var ákærði Matthías Haukur dæmdur í sakadómi Njarðvíkur í 200.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977. Ákæra í því máli var gefin út 8. desember 1977, en brot framin í október og nóvember 1975. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar, og með dómi hans 21. júní 1979 var ákærði Matthías Haukur dæmdur í 2 mánaða fangelsi

skilorðsbundið til 3 ára. Voru brot hans m. a. heimfærð undir 248. gr. alm. hegningarlaga. Brot það, sem til umfjöllunar er í þessu máli, er talið hafa verið framið 6. desember 1976. Ákæra er út gefin 24. júlí 1978. Héraðsdómur er upp kveðinn 31. maí 1979. Þegar héraðsdómari hinn 31. maí 1979 dæmdi ákærða Matthíasi Hauki hegningarauka, 9 mánaða fangelsi óskilorðsbundið, var hegningaraukinn viðbót við 200.000 króna sektarrefsingu. Er sú niðurstaða heimil og í samræmi við 2. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. mgr. 77. gr. sömu laga. Með dómi Hæstaréttar frá 21. júní 1979 er sektarrefsingu þessari, eins og áður greinir, breytt í 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Með þessari breytingu á refsingu ákærða Matthíasar Hauks úr sektarrefsingu í skilorðsbundna fangelsisrefsingu er niður fallinn grundvöllur þess að dæma óskilorðsbundna fangelsisrefsingu sem hegningarauka. Hegningaraukinn verður hér óskilorðsbundin fangelsisrefsing til viðbótar skilorðsbundinni fangelsisrefsingu.

Samkvæmt ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hefði átt að dæma í einu máli um ákæruatriði þau, sem greinir í báðum ákæruskjölum þeim, sem að framan greinir. Það var ekki gert. Því tel ég, að beita beri grunnreglum 60. gr. sömu laga. Samkvæmt þeim ber, eins og hér stendur á, að taka bæði málin til meðferðar í einu og dæma í einu lagi, og samkvæmt niðurlagi lagagreinar þessarar (7. gr. laga nr. 22/1955) ber að tiltaka refsingu eftir reglum 78. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Refsingu ákærða Matthíasar Hauks tel ég réttilega ákvarðaða þannig, að refsing samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 21. júní 1979, 2 mánaða fangelsi, haldist, en verði óskilorðsbundin. Við þá refsingu bætist í samræmi við reglur 78. gr. almennra hegningarlaga refsing fyrir brot þau, sem ákært er fyrir í ákæruskjali 24. júlí 1978, en um þau er skilmerkilega og rétt fjallað í héraðsdómi. Tel ég hana hæfilega ákveðna fangelsi 6 mánuði. Verður þá heildarrefsing ákærða Matthíasar Hauks 8 mánaða fangelsi.

III.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 31. maí 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 31. maí, var á dómþingi sakadóms Gullbringusýslu, sem háð var í dómsal bæjarfógetaembættisins í Kópavogi, að Auðbrekku 57, af Ólafi Stefáni Sigurðssyni setudómara, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 1503/1978: Ákæruvaldið gegn Matthíasi *Hauki* Guðmundssyni, fyrrverandi rannsóknarlögreglumanni, Kirkjubraut 3, Innri Njarðvík, Viðari Ásmundssyni Olsen, fyrrverandi dómarafulltrúa, Fífuseli 18, Reykjavík, E . . ., A . . ., B . . . og D . . ., fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940:

„I.

Gegn Matthíasi Hauki Guðmundssyni er málið höfðað fyrir að hafa sem rannsóknarlögreglumaður við embætti sýslumannsins í Gullbringusýslu og bæjarfógetans í Keflavík undirbúið og stjórnað ólöglegri handtöku á þeim Karli Guðmundssyni, Þórufelli 14, Reykjavík, og Guðbjarti Þórði Pálssyni, Bragagötu 38 A, Reykjavík, síðdegis mánudaginn 6. desember 1976 í Vogum á Vatnsleysuströnd, þar sem þeir voru staddir á bifreiðinni R 584, sem Guðbjartur Þórður hafði umráð yfir, eftir að hafa þá fyrr um daginn látið koma fyrir á laun í farangursgeymslu bifreiðarinnar ferðatösku, sem innihélt tvær flöskur af ótolluðu áfengi (vodka) og einn kassa af áfengum bjór, og notið til þess verknaðar aðstoðar meðákærðu A og B, sem Matthías Haukur hafði ekið til Reykjavíkur gagngert í því skyni að koma ferðatöskunni með fyrrgreindu innihaldi fyrir í bifreið Guðbjarts Þórðar, jafnframt því sem þær lokkuðu þá Karl og Guðbjart Þórð undir fölsku yfirskyni til að aka þeim til Grindavíkur með viðkomu í Vogum, þar sem þær yfirgáfu bifreiðina samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun ákærða Matthíasar Hauks samtímis því sem hann sendi þangað lögreglumenn á vettvang, sem gerðu leit í bifreiðinni, fundu áfengið og handtóku þá Karl og Guðbjart Þórð fyrir grun um áfengis- og tollalagabrot.

Framanlýst háttsemi ákærða Matthíasar Hauks Guðmundssonar telst varða við 131. gr. og 1. mgr. 148. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærðu A og B er í félagi gefið að sök að hafa gerst hlutdeildarmenn í framanlýstu broti meðákærða Matthíasar Hauks með því að fallast á beiðni hans um aðstoð við hina ólögmætu handtöku, sem einkum beindist að Guðbjarti Þórði, og fara með Matthíasi Hauki í bifreiðinni Ö 1007 til Reykjavíkur fyrrgreindan dag, þar sem meðákærði Viðar Ásmundsson Olsen var einnig farþegi, gagngert í því skyni að setja sig í samband við Guðbjart Þórð undir því yfirskyni að fala hjá honum erlendan gjaldeyri, en koma um leið fyrir í bifreið hans fyrrgreindri ferðatösku með áfenginu, sem þau höfðu með sér frá Keflavík og Matthías Haukur fékk þeim í hendur í Breiðholtshverfi í Reykjavík, þangað sem þær lokkuðu Karl og Guðbjart Þórð til að aka sér í fyrstu og komu þar fyrir ferðatöskunni í bifreiðinni, og síðan til að aka þeim til Grindavíkur með viðkomu í Vogum á Vatnsleysuströnd, svo sem áður greinir, þar sem þær yfirgáfu bifreiðina undir því yfirskini, að þær þyrftu að skreppa þar inn í hús, þar sem Matthías Haukur beið þeirra í bifreið að húsabaki, allt samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, og ók þeim til Keflavíkur.

Framanlýst háttsemi ákærðu A og B telst varða við 131. gr. og 1. mgr. 148. gr., sbr. 138. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærða Viðari Ásmundssyni Olsen er gefið að sök að hafa þriðjudaginn 18. janúar 1977 sem vitni fyrir sakadómi Hafnarfjarðar, þar sem fyrrgreint handtökumál var til rannsóknar, borið ranglega og staðfest framburðinn með drengskaparheiti, að ekki hafi aðrir en hann verið farþegar í bifreið hjá meðákærða Matthíasi Hauki frá Keflavík til Reykjavíkur laust eftir hádegi mánudaginn 6. desember 1976, og með því vísvitandi leynt því, að meðákærðu A og B voru þar einnig farþegar í bifreiðinni, sem ákærða hlaut þá að vera ljóst, að var það atriði, sem rannsóknin öðru fremur snerist um.

Framanlýst háttsemi ákærða Viðars Ásmundssonar Olsen telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 12. gr. laga nr. 101/1976 um breyting á þeim lögum.

IV.

Ákærða E er gefið að sök að hafa við skýrslugjöf fyrir sakadómi Hafnarfjarðar þriðjudaginn 21. desember 1976 og mánudaginn 1. mars 1977, þar sem ákærði mætti sem vitni og einn

þeirra lögreglumanna, er stóðu að fyrrgreindri handtöku á þeim Karli og Guðbjarti Þórði, vísvitandi rangfært framburð sinn um mikilsverð atriði í rannsókn málsins með því að leyna því að hafa séð tvær stúlkur í bifreið Matthíasar Hauks, Ö 1007, í seinna skiptið, er hann hitti Matthías Hauk á bifreiðinni á svonefndri Hæð ofan Vogakauptúns fyrrgreint handtökukvöld, og með því torveldað rannsókn málsins, sem þá öðru fremur beindist að því að finna svokallaðar „huldumeyjar", sem reyndust vera þær sömu stúlkur og ákærði sá í bifreið Matthíasar Hauks í umrætt sinn, þær meðákærðu A og B.

Framanlýst háttsemi ákærða E telst aðallega varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 142. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 12. gr. laga nr. 101/1976 um breyting á þeim lögum, en til vara við 1. mgr. 162. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Ákærðu D er gefið að sök að hafa með yfirlýsingu, dagsettri 23. mars 1977, ranglega og gegn betri vitund vottað, að meðákærða A hafi verið með ákærðu við ræstingastörf í Gagnfræðaskóla Keflavíkur mánudaginn 6. desember 1976 á tímabilinu frá kl. 1830—1900, þ. e. um sama leyti sem undirbúningur að handtöku þeirra Karls og Guðbjarts Þórðar var á lokastigi, og jafnframt samþykkt, að yfirlýsingin yrði afhent rannsóknardómara handtökumálsins, sem var gert, allt í því skyni að torvelda og villa um fyrir þeim, sem unnu að rannsókn málsins, og koma þannig í veg fyrir, að til hinna seku næðist.

Framanlýst háttsemi ákærðu D telst varða við 1. mgr. 162. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Dómkröfur:

Þess er krafist, að öll hin ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði Matthías *Haukur* Guðmundsson er fæddur 7. júní 1944 að Brekku, Vogum á Vatnsleysuströnd.

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1962 1/11 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 5. gr. umferðarlaga.

1963 16/4 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir

brot á 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, og 15. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 21/1957.

1966 17/9 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. umferðarlaga.

1971 15/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.

1978 17/4 í Njarðvík: Dómur: 200.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

Ákærði Viðar Á. Olsen er fæddur 26. desember 1945 á Patreksfirði.

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 6/5 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26., 37., 49. og 50. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 3 mán.

Ákærði E er fæddur . . .

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1965 15/7 í Hafnarfirði: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Ákærða A er fædd . . ., ákærða B hinn . . . og ákærða D hinn . . . Engin þeirra þriggja hefur sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

II.

Það er upphaf þessa máls, að mánudaginn 6. desember 1976, um kl. 1850, gaf Keflavíkurlögreglan sig á tal við tvo menn, sem sátu í leigubifreiðinni R 584 á móts við hús nr. 41 við Ægisgötu í Vogum á Vatnsleysuströnd. Mennirnir reyndust vera Guðbjartur Pálsson bílstjóri, sem nú er látinn, og Karl Guðmundsson sjómaður, báðir úr Reykjavík. Guðbjartur var eigandi bifreiðarinnar, en Karl ökumaður. Við leit í bílnum fannst í farangursgeymslu hans ferðataska með tveimur 5 pela flöskum af Smirnoff vodka og einn kassi af áfengum bandarískum bjór af tegundinni Schlitz.

Báðir mennirnir voru handteknir og settir í hald. Við yfirheyrslur báru þeir á þá leið, að umræddan dag, 6. desember, kl. 1600—1800, hafi stúlka gefið sig á tal við Guðbjart, þar sem þeir sátu í bifreið hans á horni Spítalastígs og Grundarstígs í Reykjavík, og spurt hann, hvort hann gæti útvegað sér erlendan gjaldeyri. Guðbjartur kveðst hafa sagt, að svo væri ekki, en segist hafa boðist til að flytja hana og stúlku, sem með henni var, þangað sem þær vildu fara. Hafi orðið að ráði, að þeir ækju þeim upp í Breiðholtshverfi. Á leiðinni kveða þeir Karl og Guðbjartur stúlk-

urnar hafa haft orð á, að þær þyrftu að fara til Grindavíkur. Segjast þeir hafa boðist til að aka þeim þangað.

Þegar komið var upp í Breiðholt, hafi stúlkurnar farið úr bílnum, en komið að vörmu spori aftur með stóra ferðatösku, sem sett hafi verið í farangursgeymslu bílsins.

Eftir að sett hafði verið brennsluolía á bílinn, kveða þeir hafa verið ekið áleiðis til Grindavíkur, en á leiðinni þangað hafi stúlkurnar óskað eftir, að komið væri við í Vogunum, hafi önnur stúlkan vísað leiðina inn í Ægisgötu að skurði, sem grafinn hafði verið þvert yfir veginn, og þarna hafi stúlkurnar farið út úr bifreiðinni. Þeir segjast síðan hafa beðið stúlknanna í bílnum, þar til lögreglan kom.

Karl Guðmundsson var látinn laus sólarhring síðar, en Guðbjartur Pálsson var í sakadómi Keflavíkur daginn eftir úrskurðaður í 20 daga gæsluvarðhald. Kvað upp þann úrskurð ákærði Viðar Á. Olsen, sem þá var fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík. Var úrskurðurinn byggður á því, að fram hefðu komið þrjár kærur á hendur Guðbjarti um alvarleg fjármálabrot, sem þyrftu viðamikillar rannsóknar við. Væri hætta á, að slík rannsókn torveldaðist, ef hann héldi óskertu frelsi.

Gæsluvarðhaldsúrskurðinum var skotið til Hæstaréttar, sem ómerkti hann með dómi 18. desember 1976.

Fljótlega munu hafa vaknað grunsemdir yfirmanna við bæjarfógetaembættið í Keflavík um, að ekki væri allt með felldu varðandi handtöku þeirra Guðbjarts og Karls, og hinn 9. desember 1976 barst ríkissaksóknara bréf, þar sem þess var krafist af hálfu Karls Guðmundssonar, að rannsókn færi fram út af ólögmætri handtöku.

Með umboðsskrá 14. desember 1976 var Steingrímur Gautur Kristjánsson, héraðsdómari í Hafnarfirði, skipaður til þess að fara með rannsókn vegna handtökunnar. Hófst rannsókn daginn eftir. Bar fyrstur vitni Jón Eysteinsson bæjarfógeti. Segir svo m. a. í skýrslu hans:

„Um kl. 22.30 þriðjudaginn 7. des. hringdi Guðmundur Kristjánsson, aðalfulltrúi minn, í mig og tjáði mér, að Guðbjartur Pálsson hefði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald þá fyrr um daginn, en ég hafði verið fjarverandi þennan dag frá embættinu, en var þá nýkominn heim. Sagði Guðmundur mér, að honum fyndist frumlögregluskýrslur í málinu grunsamlegar og hann hefði beðið John Hill rannsóknarlögreglumann að skrifa hjá sér aðdraganda að handtöku Guðbjarts Pálssonar og kæranda í þessu máli. Sagði

ég honum, að ég mundi líta á málið morguninn eftir, sem ég síðan gerði. Skoða ég síðan lögregluskýrslur í málinu morguninn 8. des., og voru þá viðstaddir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og Viðar Olsen fulltrúi, sem var með rannsókn málsins og hafði úrskurðað framangreint gæsluvarðhald Guðbjarts. Spurði ég strax, hvort ekki hefði verið leitað að stúlkum þeim, sem nefndar eru í skýrslu Guðbjarts og kæranda, og sagði Viðari að sjá til þess, að það yrði gert. Einnig bað ég Viðar að sjá um það, að fingraför yrðu tekin af tösku og áfengisflöskum og bjórkassa, sem fannst í bifreið Guðbjarts Pálssonar, ef þegar væri ekki búið að gera það.

Minnir mig, að Viðar tjáði mér, að búið væri að grennslast fyrir um greindar stúlkur í Vogum, en hann vissi ekki, hvort búið væri að taka fingraför eða ekki. Ræddum við þetta mál talsvert, m. a. með tilliti til varnarþings málsins.

Ég hafði ekki frekari fréttir af málinu þennan dag, en fimmtudaginn 9. des. hringdi ég í síma rannsóknarlögreglunnar, og varð þar fyrir svörum John Hill rannsóknarlögreglumaður. Spurði ég um, hvort Viðar eða Haukur væru þarna staddir, en hann kvað svo ekki vera, en taldi, að þeir væru uppi á Keflavíkurflugvelli. Spurði ég hann þá, hvort hann vissi, hvort búið væri að taka fingraför af þeim hlutum, sem nefndir voru að framan, en hann kvaðst ekki vita til þess, að það hefði verið gert.

Þar sem John Hill taldi líklegt, að Haukur og Viðar væru staddir hjá Kristjáni Péturssyni uppi á Keflavíkurflugvelli, náði ég þar sambandi við einhverja stúlku í síma, en hún gat ekki gefið mér samband á tilgreindri skrifstofu, þannig að ég bað um skilaboð, þannig að ef Viðar væri þar, skyldi hann hafa samband við mig, og kvaðst hún geta komið slíkum skilaboðum á framfæri.

Stuttu seinna hringdi Viðar, og spurði ég hann þá, hvort búið væri að taka fingraförin. Heyrði ég, að hann spurði eftir því og svaraði síðan neitandi.

Ítrekaði ég þá ósk mína, að fingraför yrðu tekin þegar í stað og jafnframt að Halldór Jensson, varðstjóri í lögreglunni, yrði látinn taka fingraförin.

Á föstudagsmorgun hafði ég samband við John Hill í síma rannsóknarlögreglu, en hann var þar einn til svara, og innti ég hann eftir niðurstöðu fingrafararannsóknarinnar, og sagði hann mér þá, að engin fingraför hefðu fundist, hvorki á kassanum, tösk-

unni né flöskunni, og spurði ég hann þá, hvort Halldór gerði ekki skýrslu um það, og kvað hann já við því.

Bað ég hann síðan að koma með töskuna upp á skrifstofu, og kom hann síðan með töskuna, og var hún sett þar í geymslu. Þetta var um kl. 13.30—14.30.

Mér fór nú að finnast þetta allt mjög grunsamlegt varðandi þá tregðu, sem virtist vera á hluta af rannsókn málsins, svo sem upphafi þess, og í örstuttu samtali við John Hill, þegar hann kom með töskuna, spurði ég hann, hvort hann hefði ekki skrifað hjá sér ýmislegt varðandi atburði mánudagsins, og kvaðst hann hafa gert það.

Við Guðmundur Kristjánsson áttum síðan samtal um þessa atburði, milli kl. 17.00—19.00, föstudaginn 10. desember, og varð niðurstaða okkar sú, að við skyldum ræða við John.

Vorum við þá með þá ráðagerð í huga að taka út nokkrar ökuskírteinismyndir af stúlkunum og þ. á m. myndir af stúlkum, sem John Hill og Herbert Árnason varðstjóri höfðu tjáð Guðmundi, að þá grunaði að vera stúlkur þær, er þeir Guðbjartur Pálsson og Karl Guðmundsson greina frá í skýrslum sínum.

Daginn eftir ræddum við Guðmundur aftur þessi mál í síma, og töldum við ekki óhætt að fara og hafa tal af Guðbjarti, þar sem grunur okkar var þá orðinn það sterkur, að við töldum, að það gæti spillt fyrir væntanlegri rannsókn, ef hinir grunuðu sæju eða yrðu varir við slíkt. Áður en að þetta gerðist, hafði Hallvarður Einvarðsson tjáð mér í síma, rétt fyrir kl. 17.00 á föstudag, að búið væri að kæra til ríkissaksóknara meinta ólöglega handtöku á Karli Guðmundssyni, og hafði það áhrif á framangreinda ákvörðun, þar sem ég taldi fullljóst, að skipaður yrði setudómari í það mál, og því væri rétt að skýra honum frá grunsemdum okkar.

Ég bað síðan Guðmund að boða þá Herbert Árnason og John Hill á fund okkar á sunnudaginn 12. desember, og komu þeir til viðtals við okkur kl. 13.30 á skrifstofu embættisins.

Skýrðu þeir okkur frá ýmsum atriðum varðandi atburði mánudagsins, sem þeim fannst mjög grunsamlegir, miðað við þær lögregluskýrslur, sem gerðar höfðu verið í málinu. M. a. kom það fram hjá John Hill, að hann taldi, að útilokað væri, að Haukur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður hefði verið við síma kl. 13.20 á mánudaginn, allavega var hann ekki á lögreglustöðinni. Eins tjáði hann mér, að hann hefði orðið var við það strax

um morguninn þennan dag, að Haukur hygðist handtaka Guðbjart Pálsson þann dag.

Herbert Árnason kvaðst hafa hlustað á samtöl á talstöð þennan dag milli bifreiðanna Ö 1007, sem Haukur Guðmundsson ók, og bifreiðarinnar Ö 1002, en þar varð fyrir svörum Víkingur Sveinsson, sem gegndi rannsóknarlögreglumannsstörfum. Kvað Herbert fleiri lögreglumenn á stöðinni hafa heyrt þessi samtöl, þar á meðal Sigurð Hreinsson, Pálma Aðalbergsson og Guðna Sigurðsson, sem var varðstjóri þann dag.

Herbert sagðist hafa verið staddur á slökkvistöð Keflavíkur greindan dag eftir hádegi, hafi hann þá heyrt, að Ö 1007 var að reyna að kalla í talstöðina á Ö 1002 og hefði verið notuð rás 1, en móðurstöð lögreglunnar er ávallt stillt á rás 2, og eiga lögreglumenn að nota þá rás. Fannst Herbert þetta einkennilegt. Stuttu síðar kvaðst hann hafa farið niður á lögreglustöð, en hann var á aukavakt, og hafi þá seinna Haukur kallað á rás 2 í móðurstöðina og beðið þá um að kalla í hina bifreiðina og biðja hana að koma á rás 2, því það heyrðist ekki í honum á rás 1. Kvaðst Herbert síðan hafa hlustað í móðurstöðinni og hafi verið borið á milli af móðurstöðinni, þar sem bifreiðarnar heyrðu ekki hvor í annarri. M. a. hafi Haukur heyrst segja: „Eru þeir alveg sofandi, eru þeir búnir að missa hann fram hjá sér". Auk þess hafi hann sagt: „Þið komið þá bara á fyrirfram ákveðinn stað".

Þeir lögregluþjónarnir voru báðir beðnir um að skrifa skýrslu um þetta, sem þeir sögðu okkur Guðmundi, en þeir höfðu þá þegar verið beðnir að skrifa hjá sér punkta í þessu sambandi.

Í beinu framhaldi af þessu samtali reyndi ég að ná í vararíkissaksóknara, Hallvarð Einvarðsson, en hann var þá ekki viðlátinn, en ég náði í hann seinna, rétt fyrir kl. 20 þann dag, og skýrði frá grunsemdum mínum og að ég hygðist senda mál Guðbjarts Pálssonar til sakadóms Reykjavíkur til meðferðar, þar sem ég taldi ófært, að menn þeir, sem rannsökuðu málið, hefðu með það að gera og lítill mannafli til að taka við rannsókninni að öðru leyti í Keflavík, auk þess sem Guðbjartur átti lögheimili í Reykjavík, og vararíkissaksóknari hafði tjáð mér, að hann hefði nýverið sent sakadómi Reykjavíkur ákæru á greindan Guðbjart."

Rannsóknin beindist mjög að því að afla sönnunargagna um sannleiksgildi staðhæfinga þeirra Karls og Guðbjarts um tilvist tveggja stúlkna, sem hefðu lokkað þá suður í Voga, farið þar úr bílnum og skilið þá eftir, þar til lögreglan kom. Beindist fljótlega grunur að ákveðnum konum í þessu sambandi. Þá var það

kannað mjög ítarlega, hvort farið hefði verið að lögum við undirbúning handtökunnar og framkvæmd og hvort samtök hefðu verið um að framkvæma hana undir einhvers konar yfirskini.

Voru allir þeir, sem komu nálægt framkvæmdinni, yfirheyrðir, svo og ýmis vitni.

Ákærði E, sem þá gegndi stöðu aðstoðarvarðstjóra í Keflavíkurlögreglunni, kom fyrir dóm 21. desember 1976. Í þingbók er ritað, að hann sé áminntur um sannsögli og gætt sé ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Í skýrslu hans segir á þessa leið:

„Það er öðru hvoru megin við 6 þetta kvöld sem handtakan átti sér stað, að Haukur kemur heim til mín og biður mig um að aðstoða sig við verkefni, sem hann þurfi á mér að halda við, í snarheitum. Ég var heima við smíðar í eldhúsinu hjá mér. Ég spyr, hvaða verkefni það sé. Hann segist ekki geta sagt mér það að svo stöddu, en segir, að ég eigi að hitta tvo aðra lögreglumenn, Víking og Skarphéðin. Jafnframt spyr hann mig að því, hvort ég verði meira en 2—3 mínútur að gera mig kláran. Ég spyr hann að því, hvort ég megi vera svona klæddur eða eigi að vera í einkennisfötum. Jafnframt spyr hann mig að því, hvort bíllinn minn sé í lagi og hvort ég geti farið upp á Hæð, sem kallað er, í Vogunum, og hitt þar Víking og Skarphéðin. Síðan fer Haukur, sýnilega að hraða sér. Ég fer á þennan stað, sem talað var um, gatnamótin þar sem afleggjarinn af Reykjanesbrautinni kemur á gamla þjóðveginn. Ég bíð þarna drjúga stund, á að giska 10—15 mínútur, þó þori ég ekki að fara með tímann. Þá kemur Haukur þarna, þar sem ég er, og keyrir upp að hliðinni á bílnum hjá mér og segir, að þeir hafi tafist. Einhver orðaskipti verða þarna, og m. a. spurði ég, hverskonar verkefni væri um að vera. Þá sagði hann, að um sé að ræða bifreið með ótollaðan varning. Þegar við kveðjumst þarna, færi ég bílinn minn. Ég sá svo ekki Hauk fyrr en á lögreglustöðinni í Keflavík. Örskömmu síðar kom lögreglubíllinn Ö 1002 veginn frá Reykjanesbrautinni. Þar taka þeir mig upp í bílinn. Síðan er ekið rakleiðis suður gömlu Reykjanesbrautina að Ægisgötu. Við stöldrum þar aðeins við. Gatan var lokuð með umferðarmerki. Þá sjáum við bifreið standa með stöðuljósum rétt vestar í götunni. Við förum rakleitt að bílnum. Ég fer fyrstur út úr lögreglubílnum og Skarphéðinn á hæla mér. Ég kom allavega fyrstur að leigubílnum farþegamegin og bið manninn, sem þar sat, að koma út og ræða við okkur í lögreglubílnum. Maður þessi, sem var með hækjur, kemur út og fer að lögreglubílnum og Víkingur með honum. Þá sný ég mér að bif-

reiðarstjóranum og bið um leyfi til að leita í bifreiðinni, spyr hann, hvort hann sé með einhvern varning í bílnum, sem hann þurfi að leyna. Það er nú það, segir hann. Ég er hér með einhverja töskú aftur í bílnum og stígur út úr bílnum og opnar farangursgeymsluna, sem var læst. Þar er ferðataska, sem ég opnaði strax, og í henni voru bjórkassi ásamt 2—5 pela vodkaflöskum. Kassinn og flöskurnar voru í plastpoka, hvert í sínu lagi og ullarteppi vafið utan um, íslenskt ullarteppi. Pokinn, sem vafinn var utan um bjórkassann, var svartur poki, af sömu sort og yfirleitt er notað undir sorp, en minni pokar utan um flöskurnar. Kassinn var í miðri töskunni, en flöskurnar til endanna.

Ég spurði bílstjórann, hvort hann gæti gefið skýringu á þessum varningi. Fyrst var hann á báðum áttum, en sagði síðan, að það væri stúlka, sem ætti þetta. Við vorum þarna tveir, ég og Skarphéðinn. Einhver orðaskipti voru þarna við bílstjórann. Ég man þau ekki. Það varð að samkomulagi með okkur Skarphéðni, að ég færi með bifreiðarstjóranum á lögreglustöðina í Keflavík, en þeir fara aftur tveir með farþegann í lögreglubílnum. Ég man ekki, hver orðaskipti voru þarna fyrst. Hann talaði um, hvort við ætluðum ekki að leita að stúlkunum eða stúlkunni. Hann talaði ábyggilega um eina stúlku fyrst, þegar við vorum að ræða saman. Ég sagði, að það yrði sendur lögreglubíll að leita að henni. Ég lagði lítinn trúnað á þessa sögu. Ég taldi víst, að þeir, sem voru í lögreglubílnum, mundu sjá um þá hlið málsins. Síðan var ekið sem leið lá til Keflavíkur, á lögreglustöðina þar. Þá segir hann mér frá þessum tveimur stúlkum, sem hann segir, að hafi átt töskuna og að þeir hafi hitt þær niðri í bæ í Reykjavík og ekið þeim þaðan upp í Breiðholt. Hann vissi ekki hvert þar. Reyndar minntist hann á það líka, að þessar stúlkur hefðu borgað olíu á bílinn. Þá voru þeir að koma úr Breiðholti, þá hafi verið ákveðið að fara suðureftir. Mig minnir, að hann hafi talað um, að það hefði átt að fara til Grindavíkur.

Þegar á lögreglustöðina í Keflavík kom, fórum við saman upp á skrifstofu, þar sem Haukur var fyrir. Þar ræddi Haukur lítillega við manninn. Þar var taskan opnuð og litið í hana. Síðan biður Haukur mig að fara með manninn fram á varðstofu og leyfa honum að bíða þar þá smástund, sem um var að ræða. Þar biðum við korter 20 mínútur, eitthvað svoleiðis. Þá kemur Haukur og biður mig að fara með bílstjórann í Vogana að leita að stúlkunum og fá annan mann með, og jafnframt biður hann varðstjóra að leggja til bíl. Augnabliki seinna . . . það var ekki hægt

að fara strax, af því að það var enginn laus maður á vaktinni, en í millitíðinni kemur Haukur fram og biður um, að það sé útvegað fangaplass uppi á Keflavíkurflugvelli, og biður mig að fara með hann þangað, áður en við förum inn í Voga. Á meðan við erum að bíða, fer ég með hann inn í varðstjóraherbergi og sýni honum kort af Vogunum og bið hann að segja mér, hvert stúlkurnar hafi farið. Hann bendir þar á ákveðið hús. Að vísu var ég þá búinn að sýna honum, hvar bíllinn hafði verið, en að þessu húsi sagðist hann hafa séð stúlkurnar labba. Þetta hús, sem hann bendir mér á þarna, heitir Lundur. Þegar við förum af stað um áttaleitið, förum við með fangann upp á flugvöll og síðan rakleitt inn í Voga og fyrst í Lund og spyrjumst fyrir um það, hvort hafi einhverjar 2 stúlkur komið þarna á tímabilinu frá kl. ½6 um kvöldið. Við förum í Lund, Holt og Klöpp. Það var allsstaðar sama sagan. Það hafði enginn orðið var við neinar stúlkur."

Þennan sama dag var tekin ítarleg dómskýrsla af ákærða Matthíasi Hauki Guðmundssyni. Hann svarar neitandi spurningu dómara um það, hvort hann hafi fengið tvær stúlkur til að lokka Guðbjart Pálsson til Keflavíkur. Hann rekur í löngu máli atburði handtökudagsins, og byrjar frásögn hans á því, að hann kveðst hafa verið á lögreglustöðinni í Keflavík þennan dag kl. 1320, er í hann var hringt. Hafi óþekktur maður, sem ekki vildi segja til nafns, spurt, hvort hann hefði ekki áhuga á Guðbjarti Pálssyni, en hann mundi síðar þennan dag fara suður og vera með smyglvarning í bíl sínum. Að þessu sögðu hefði símtólið verið lagt á. Strax á eftir hafi hann farið að tygja sig til ferðar til Reykjavíkur, og var ákærði Viðar Á. Olsen samferða honum í lögreglubílnum. Þegar til Reykjavíkur kom, fór hann símleiðis að undirbúa eftirlit með bifreið Guðbjarts og velja sér menn til þess verks. Er síðan rakið, hvernig atvik urðu síðar um daginn og kvöldið.

Ákærði Viðar Á. Olsen bar vitni fyrir dóminum daginn eftir. Hann sagðist hafa kennt lasleika um hádegisbilið handtökudaginn og fengið frí úr vinnu. Hafi hann orðið Hauki Guðmundssyni samferða til Reykjavíkur og farið úr bílnum á mótum Snorrabrautar og Laugavegar. Hafi Haukur ekkert sagt sér um fyrirhugaðar aðgerðir, en upp úr kvöldmatartímanum hafi hann sagt sér, hvað gerst hefði.

Viðar kom aftur fyrir dóminn 18. janúar 1977. Hann lagði fram skriflega yfirlýsingu sína, þar sem hann gagnrýnir ýmislegt varðandi framkvæmd rannsóknarinnar og lýsir sérstöku

trausti á hæfni og mannkostum Hauks Guðmundssonar. Dómari ritar í þingbók, að hann láti þess getið, að Viðar sé spurður sem vitni og að hann kunni að þurfa að staðfesta framburð sinn.

Viðar skýrði frá ferð sinni til Reykjavíkur handtökudaginn mjög á sömu lund og í fyrri skýrslu sinni, en lýsir henni nokkru nánar. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnar neinar væntanlegar aðgerðir gagnvart Guðbjarti Pálssyni, en sagðist hafa fylgst með athugunum Hauks Guðmundssonar og Kristjáns Péturssonar í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli á athöfnum Guðbjarts. Hann kvaðst ekki líta svo á, að hann hefði haft afskipti af þessum athugunum sem dómari eða yfirvald.

Aðspurður sagði Viðar, að ekki hefðu aðrir verið í bílnum en þeir Haukur.

Að lokinni skýrslunni og eftir lögmæltan undirbúning staðfesti Viðar hana með drengskaparheiti.

E kom að nýju fyrir dóm hinn 1. mars 1977. Hann var áminntur um sannsögli og gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974, svo sem greinir í þingbók. Eftir að hafa svarað nokkrum spurningum dómara er lesinn upp fyrir honum skýrsla hans fyrir rannsóknarlögreglu 25. janúar 1977. Hann kvað skýrsluna rétta í öllum atriðum, en gerir þá athugasemd, að hann sé ekki viss um síðari hluta leiðarinnar, sem hann hafi ekið. Í þessari skýrslu E rekur hann athafnir sínar handtökudaginn frá því kl. um 1800, er Haukur Guðmundsson kom heim til hans og óskaði aðstoðar. Ber frásögninni í öllum aðalatriðum saman við það, sem greinir í fyrri dómskýrslu hans frá 21. desember 1976, en er öllu ítarlegri um atvik fram að handtökunni. Þar sleppir í frásögninni, þegar komið er með hina handteknu til Keflavíkur.

Þessum þætti rannsóknarinnar, sem nú er lýst í stórum dráttum, lauk 6. apríl 1977. Styrkti rannsóknin mjög grun um það, að Haukur Guðmundsson hefði með liðsinni tveggja kvenna gerst sekur um brot á 131., 132. og 148. gr. almennra hegningarlaga. Var rannsóknin mjög viðamikil og ítarleg. Auk rannsóknardómarans vann við málið rannsóknarlögreglumaður úr Reykjavík auk annarra. Ákveðinn grunur beindist fljótlega að ákærðu A og ákærðu D um að eiga þarna aðild að. Fór m. a. fram sakbending 4. janúar 1977. Voru þær A og D meðal 17 kvenna, sem leiddar voru fyrir þá Karl Guðmundsson, Guðbjart Pálsson og Einar H. Gíslason leigubílstjóra, hvern í sínu lagi. Sögðust þeir Karl og Einar ekki þekkja neina kvennanna, en Guðbjartur taldi sig þekkja A sem aðra kvennanna, sem höfðu farið með þeim

Karli suður í Voga 6. desember 1976. Eftir frekari athuganir og prófanir kvaðst Guðbjartur ekki geta kveðið fastar að orði um þetta. A neitaði því staðfastlega við yfirheyrslur að vera önnur þeirra kvenna, sem leitað var eftir, og sagðist aldrei hafa séð þá Karl, Guðbjart né Einar fyrr en við sakbendinguna, og við það sat.

Hinn 23. mars 1977 undirritaði D yfirlýsingu þess efnis, að mánudaginn 6. desember 1976 um kl. 17 hafi hún ásamt A farið í bíl þeirrar síðarnefndu að Gagnfræðaskóla Keflavíkur og verið þar báðar við ræstingavinnu á tímabilinu frá kl. 1830—1900. Þessari yfirlýsingu, sem var vottuð af ákærða Hauki Guðmundssyni, var komið á framfæri við umboðsdómarann.

Steingrímur Gautur Kristjánsson umboðsdómari sendi endurrit rannsóknarinnar ásamt sakargögnum til fyrirsagnar ríkissaksóknara með bréfi 31. maí 1977. Með bréfi ríkissaksóknara 8. desember 1977 var því lýst yfir, að niðurstaða athugunar rannsóknargagna væri sú, að þau hefðu ekki að geyma nægilega sterkar líkur til sakfellis, svo að fullnægi ákvæðum 115. gr. laga nr. 74/1974 til útgáfu ákæru á hendur Matthíasi Hauki Guðmundssyni. Sé því eigi af ákæruvaldsins hálfu krafist frekari aðgerða í málinu að sinni, nema fram komi nýjar upplýsingar, sem kynnu að renna styrkari stoðum undir sakargiftirnar.

Umboðsdómarinn sendi síðan endurrit rannsóknarinnar til rannsóknarlögreglu ríkisins ásamt ljósriti bréfs ríkissaksóknara.

Við upphaf rannsóknar í desember 1976 var ákærða Hauki Guðmundssyni vikið úr starfi um stundarsakir, og liðlega ári seinna var honum vikið að fullu og öllu úr starfi.

III.

Hinn 9. apríl 1978 kom á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins ákærða D og gaf þar skýrslu fyrir rannsóknarlögreglumanni þeim, sem unnið hafði við málið. Í skýrslu hennar segir m. a.:

„Fyrir nokkru síðan átti ég tal við yfirheyranda, og skýrði ég þá frá því, að ég vildi ekki þegja lengur yfir vitneskju minni í áðurgreindu handtökumáli. Mun ég nú skýra rétt og satt frá vitneskju minni í þessu máli.

Haukur Guðmundsson, fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður í Keflavík, var um tíma kunningi minn. Haukur kom stundum í kaffi heim til mín, en heimili mitt er skammt frá lögreglustöðinni í Keflavík.

Náin vinkona Hauks Guðmundssonar, A, áður til heimilis að . . ., var á þessum tíma vinkona mín, og mun ég nú skýra frá því, hvernig við kynntumst."

„Það var svo um það bil viku eftir handtökuna í Vogunum, að A kom á vinnustað minn að Aðalgötu 6 og bað mig um að koma fram í ganginn og ræða við sig. A spurði mig, hvort ég vissi, hverjar huldumeyjarnar væru eða stúlkurnar tvær, sem sagðar höfðu verið í bifreið Karls og Guðbjarts? Ég neitaði því, að ég hefði ekki hugmynd um það. Þá sagði A mér, að hún og vinkona sín B væru þessar „huldumeyjar". A sagði mér, að hún hefði þörf fyrir fjarvistarsönnun 6. desember 1976, sem var hinn umræddi handtökudagur.

Bað A mig um að votta það, ef á reyndi, að hún hefði farið með mér í Gagnfræðaskóla Keflavíkur til ræstingar á venjulegum tíma þennan dag, þar sem við hefðum ræstað og lokið því verki um eða yfir kl. 19.00. Ég játaði þessu þegar í stað, án þess að ég vissi neitt frekar um þetta mál og án þess að hugleiða, hvað ég var þarna að gangast undir. Eftir að ég hafði játað því að bera það fyrir rétti, ef á þyrfti að halda, að við A hefðum verið við vinnu okkar í skólanum á tímabilinu kl. 17.00—19.00 eða 19.30, þá fór A sína leið. Það kom aðeins einu sinni fyrir á þessu tímabili, þ. e. a. s. í desember 1976, að A kom ekki með mér til vinnunnar í skólanum. Þessi dagur var 6. desember 1976, en þá beið ég á þáverandi vinnustað mínum Aðalgötu 6, og þegar ég var þess fullviss, að A kæmi ekki að sækja mig um kl. 17.00, þá lagði ég af stað fótgangandi í skólann. Ég er hér ekki að giska á neinn tíma, því við A fórum oftast um kl. 17.00 til þessarar vinnu, og ók A mér þá í bifreið sinni.

Það var svo ekki fyrr en eftir kl. 19.00 6. des. 1976, að A kom inn í skólann, og var þá með henni áðurgreind B. A sagði mér þarna, þegar ég innti hana eftir, hvar hún hefði verið, að hún hefði verið í Reykjavík (innfrá) að versla með B. Ég fór skömmu eftir kl. 19.00, eða alla vega fyrir 19.30, og voru þær þá við ræstinguna A og B, en B var þarna að hjálpa A við ræstinguna, sem er alveg bannað, þar sem ræstingakonum er ekki heimilt að láta hjálpa sér eða láta aðra annast starf sitt nema með leyfi Árna Vilmundssonar húsvarðar, og er ríkt eftir þessu gengið. Þess vegna er ég líka alveg viss um, að B og A hafa ekki komið fyrr en Árni var farinn úr skólanum, en hann fer nær alltaf fyrir kl. 19.00. Þetta var líka í eina skiptið, sem ég hef séð B ræsta með A.

Eftir að ég hafði lofað A að bera fyrir rétti, að hún hefði verið við ræstingar á tímabilinu kl. 17.00—19.00 6. des. 1976, þá fóru þau Haukur og A að venja komur sínar oftar til mín og segja mér sögur af því, hversu vondur maður Guðbjartur Pálsson (Batti-Rauði) væri. Þar á meðal, að margt fólk hefði framið sjálfsmorð, vegna þess að hann hefði farið svo illa með þetta fólk í fjármálum, og væri þessi maður svo alræmdur glæpamaður, að handtaka hans 6. des. 1976 hefði verið réttlætanleg og sjálfsögð, og kvaðst A ekki þurfa að sjá eftir sínum þætti við handtökuna, þar sem þarna hefði verið handtekinn þessi mikli glæpamaður, sem sjálfsagt væri, að kæmist undir manna hendur og fengi makleg málagjöld. Einnig komu þau í sitt hvoru lagi og marg ítrekuðu það við mig að segja nú engum frá vitneskju minni um þetta mál."

„Það mun hafa verið í marsmánuði 1977, að Haukur Guðmundsson kom einn heim til mín og hafði þá meðferðis skjal, sem hann bað mig að undirrita. Þetta var einhver yfirlýsing um, að ég staðfesti það, að A hefði verið með mér 6. des. 1976 á tímabilinu 17.00—19.00 að því er mig minnir. Ég undirritaði þetta skjal, taldi ekki aftur snúið í málinu, þar sem ég hafði lofað A þessum vitnisburði um veru hennar á þessu tímabili. Ég hef séð þetta skjal hér, og hefur það verið lesið fyrir mig.

Ég vil nú reyna að afsaka mig að nokkru leyti, hvað varðar undirritun þessa skjals, sem ég sé nú mjög eftir, og einnig veit ég nú, hvaða þýðingu kann að hafa fyrir mig, þar sem þessi yfirlýsing er ósönn með öllu og því fölsk yfirlýsing. Haukur Guðmundsson kom með þetta skjal vélritað og sagði sem svo, að ég ætti að undirrita það. Ég átti því engan þátt að samningu skjalsins, og er það því að öllu leyti til komið frá Hauki Guðmundssyni. Veit ég ekki, hvað er átt við í skjali þessu, þar sem stendur: „Staðfesti hér með að gefnu tilefni". Fljótlega eftir að ég undirritaði yfirlýsinguna, sem Haukur kom með til mín, þá varð mér endanlega ljóst, að ég vildi ekki halda kunningsskap við fólk af þessari manngerð, og á ég þá við Hauk og A. Mér var þá orðið ljóst, að ekki væri sama, með hvaða hætti menn væru handteknir, og illa væri komið um öryggi fólksins í landinu, ef lögreglumenn gætu handtekið einstaklinga án nokkurar ástæðu og jafnvel logið til um tilefni handtökunnar.

Sá ég því, að ég hafði látið glepjast af tali Hauks og A um, að glæpamenn ættu minni rétt á, að farið væri að lögum, er mál þeirra væru rannsökuð. Einnig varð mér ljóst, að ég hafði látið

hafa mig út í að fremja lögbrot með hugsanlegum framburði um, að við A hefðum verið saman á áðurgreindu tímabili 6. des. 1976."

D hefur hinn 20. mars sl. skýrt frá atvikum fyrir dóminum, svo sem hér hefur verið rakið, og staðfest lögregluskýrsluna sem rétta í öllum atriðum.

Þær A og B voru handteknar og færðar til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 25. apríl 1978 að gegnum úrskurði rannsóknardómara. Við yfirheyrslur játaði B strax aðild sína. Segir svo m. a. í skýrslu hennar:

„Ég viðurkenni það hér með, að ég var önnur stúlkan, sem lokkaði Karl Guðmundsson og Guðbjart Pálsson í Voga á Vatnsleysuströnd 6. des. 1976 að beiðni og áeggjan Hauks Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns, sem þá starfaði í Keflavík. Hin stúlkan, sem með mér var í þessari aðför að Karli og Guðbjarti, heitir A, til heimilis að . . .

Málavextir voru þeir, að Haukur Guðmundsson kom að máli við mig í byrjun desember 1976, þar sem ég var þá stödd heima hjá A. Þetta gerðist nokkrum dögum fyrir handtökudaginn 6. sama mánaðar. Haukur spurði mig, hvort ég vildi ekki gera sér greiða, en ég kvaðst gera það, ef ég gæti. Haukur sagði mér þá frá því, að hann hefði mikinn hug á að handtaka Guðbjart Pálsson (Batta-Rauða). Maður þessi hefði mjög illt orð á sér og hefði maður þessi meðal annars farið mjög illa með fólk í stórum stíl í peningamálum, meðal annars gert einhverja gjaldþrota. Frekari útlistanir hafði Haukur yfir illvirki þessa manns.

Ég kvaðst ekki sjá, hvað þetta kæmi mér við, en þá kvaðst Haukur ekki geta notað við handtöku Guðbjarts þá starfsmenn lögreglunnar, sem fyrir væru. Hann kvaðst þurfa að nota óþekkt andlit, eins og hann orðaði það. Einnig sagði Haukur mér, að ekki væri nóg að handtaka þennan mann, heldur þyrfti einnig að klekkja á honum. Í því skyni yrði að koma í bifreið hans smyglvarningi, svo hægt væri að klekkja á honum með þeim hætti að telja hann eiganda þess varnings. Eftir að ég hafði færst talsvert undan, að ég ynni þetta verk, þá varð það samt úr, að ég gekkst undir það að aðstoða Hauk í máli þessu, enda skildist mér, að ég væri þarna að aðstoða lögregluna í Keflavík við rannsókn stórmáls á hendur miklum afbrotamanni.

Þetta sama kvöld var lagt á ráðin heima hjá A. A hafði verið mjög treg að veita Hauki aðstoð sína, en að lokum kvaðst hún gera þetta, þó hún vildi ekkert koma nærri vinnu Hauks.

Haukur lagði nú á ráðin um, hvernig staðið skyldi að handtöku Guðbjarts Pálssonar. Sagði hann okkur í stuttu máli, að við ættum að fara í bíl leigubílstjóra nokkurs, sem síðan myndi finna Guðbjart Pálsson. Þegar við hittum Guðbjart, skyldum við biðja hann um að útvega okkur gjaldeyri, en síðan skyldum við fara með honum að fjölbýlishúsi í Breiðholti og sækja þangað tösku í bifreið Hauks, en í þessari tösku átti að vera smyglað áfengi. Einnig sagði hann okkur, hvert skyldi haldið, eftir að við hefðum beðið Guðbjart um að aka okkur til Keflavíkur. Við áttum að fá Guðbjart til þess að aka að tilteknu húsi í Vogum á Vatnsleysuströnd, þar sem við skyldum yfirgefa bifreið Guðbjarts og koma yfir í bifreið Hauks. Þarna myndi lögreglan síðan handtaka Guðbjart Pálsson.

Það var svo þann 6. des. 1976, að lagt var af stað til Reykjavíkur í embættisbifreið Hauks Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns í Keflavík, einhvern tíma eftir hádegi þennan dag, þó fyrir síðdegiskaffitíma. Í bifreiðinni voru: Haukur Guðmundsson, A, ég og einhver maður frá skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík, en ég veit ekki, hvað sá maður heitir. Ég hef þó séð þennan mann síðar, eða mörgum mánuðum síðar, þar sem hann var að fá afgreiðslu í Sparisjóðnum í Keflavík.

Maður þessi sat í bifreiðinni við hlið Hauks Guðmundssonar, en við A sátum í aftursæti bifreiðarinnar."

Eftir nokkurt hlé hélt B áfram skýrslu sinni. „Ég var að skýra frá ferðinni til Reykjavíkur þann 6. des. 1976, þegar fyrri skýrslu minni lauk. Maðurinn, sem sat við hlið Hauks í framsæti bifreiðarinnar, fór síðan út úr bifreiðinni við Miklatorg, og veit ég ekkert um, hvað af honum varð.

Síðan var haldið upp í Breiðholtshverfi, þar sem Haukur ók að langri húsasamstæðu við Þórufell. Þarna biðum við í bifreiðinni, meðan Haukur fór inn í sambýlishús þetta, og veit ég ekkert um, hvað Haukur aðhafðist þarna. Um það bil 15—20 mínútum síðar kom Haukur út úr þessu húsi og ók sem leið lá í neðra hverfið í Breiðholti, en á bílastæði fyrir aftan fjölbýlishúsið Dvergabakka 2—20 stöðvaði Haukur bifreiðina og sagði okkur, að þarna mundi hann bíða í bifreiðinni og afhenda okkur ferðatöskuna með smyglaða áfenginu í. Haukur skýrði okkur einnig frá því, að við ættum að fara í gegn um fjölbýlishúsið að norðanverðu í gegn um undirganginn vestast í norðurhlið hússins.

Að svo búnu var ekið af stað og haldið sem leið lá í Innréttingabúðina við Grensásveg, þar sem ég og A fórum niður í kjall-

ara þeirrar verslunar og keyptum nokkrar veggfóðursrúllur hvor.

Eftir að við höfðum keypt þessar veggfóðursrúllur, sem við fengum afgreiddar í plastpoka, sem mig minnir, að hafi verið hvítur að lit, var haldið í bifreið þessari (embættisbifreið Hauks) sem leið lá að Hlemmtorgi, þar sem Haukur benti okkur á leigubifreið, sem stóð í röðinni við Hreyfilsstaurinn fyrir framan Búnaðarbankann á Hlemmi. Haukur gekk sjálfur að þessum leigubíl og hafði þar tal af leigubílstjóranum, og síðan fórum við A inn í þessa bifreið og leigubifreiðarstjórinn ók af stað í leit að Guðbjarti Pálssyni (Batta-Rauða). Bifreiðin var af gerðinni Peugout, en ég man ekki, hvernig bifreiðin var á litinn. Ekki get ég lýst leigubílstjóranum, en gæti best trúað því, að ég bæri kennsl á hann, ef ég sæi hann aftur.

Ók leigubílstjóri þessi síðan af stað í leit að Guðbjarti á Njarðargötu eða þegar ekið er upp Skólavörðustíg og beygt til vinstri, þá er þar staur fyrir Hreyfilsleigubíla gegnt Iðnskólanum í Reykjavík. Þarna hafði bílstjórinn okkar tal af öðrum leigubílstjóra, en kom síðan aftur í bifreiðina og ók af stað. Á Bergstaðastræti við Spítalastíg sáum við hvíta Mercedes Benz bifreið, og þar var þá bifreið Guðbjarts Pálssonar. Bílstjórinn okkar stöðvaði bifreið sína fyrir framan bifreið Guðbjarts og gaf honum bendingu um að stöðva bifreið sína. Að svo búnu fór bifreið Guðbjarts fram úr bifreið okkar, og ég fór út úr leigubifreiðinni og gekk að bifreið Guðbjarts og spurði þá tvo menn, sem í bifreiðinni voru, um, hvort ég mætti ekki koma inn í bifreiðina. Það var auðsótt mál, og kom A þá einnig yfir í þessa bifreið. Ekki greiddum við leigubílstjóra okkar neitt fyrir aksturinn, enda hélt ég, að bæjarfógetaembættið í Keflavík myndi annast slíkar greiðslur. Skildi þar með milli bifreiðarstjóra okkar og bifreiðar Guðbjarts.

Ég sagði við Guðbjart, hvort hann gæti ekki útvegað okkur gjaldeyri, þar sem við værum á förum til Englands eða til London að mig minnir og þyrftum viðbótargjaldeyri. Guðbjartur sat við hliðina á ökumanninum, sem var mun yngri maður að því er mér virtist. Guðbjartur taldi ekki útilokað, að houm tækist að útvega okkur gjaldeyri. Var síðan ekið heim til Guðbjarts, en hann átti heima í Þingholtunum, þar fór bifreiðarstjórinn inn í íbúð Guðbjarts, og átti hann að hringja í einhverja stúlku á annari hvorri bifreiðastöðinni í Keflavík og spyrja hana um, hvort

hún gæti ekki útvegað gjaldeyri. Þetta var að fyrirsögn Guðbjarts, sem bílstjóri hans átti að hringja.

Þegar bifreiðarstjórinn kom út úr íbúð Guðbjarts, þá kom í ljós, að það yrði í lagi að fara til Keflavíkur og kaupa gjaldeyrinn þar. Við báðum þá Guðbjart og bílstjóra hans Karl Guðmundsson um að aka okkur heim til okkar, en það átti að vera í húsinu Dvergabakka 2—20. Gáfum við þá skýringu, að þarna ættum við heima og þangað þyrftum við að athuga um börn okkar, en ég man ekki eftir því, hvað við sögðumst eiga mörg börn. A var spurð um, hvaðan hún væri, og sagði hún einhverja sögu um það, sem ég held að hafi verið sönn. Guðbjartur og Karl töluðu við okkur um fyrirhugaða ferð okkar til útlanda, og man ég ekki lengur um einstök orðaskipti í því sambandi. Karl ók síðan að Dvergabakka 2—20, þar sem við fórum báðar út úr bifreiðinni og gegnum vestri undirganginn. Þaðan upp á bifreiðastæði, þar sem Haukur Guðmudsson rannsóknarlögreglumaður sat í bifreið þeirri, sem hann hafði ekið okkur í til Reykjavíkur og ég hef hér þekkt af ljósmynd sem sömu bifreið. Haukur kom út úr bifreið þessari og opnaði farangursgeymslu bifreiðarinnar og tók úr henni ferðatösku, sem hann afhenti okkur. Ekki man ég litinn á ferðatöskunni. Ferðataska þessi var talsvert þung, og fannst mér hún mun þyngri heldur en hún hefði átt að vera, ef aðeins væri í henni ein eða tvær áfengisflöskur.

Minnir mig, að við A bærum þessa tösku að undirganginum saman og ég síðan ein í gegn um undirganginn og að bifreið Guðbjarts, þar sem Karl kom út úr bifreiðinni og setti ferðatöskuna í farangursgeymslu bifreiðar Guðbjarts. Skömmu síðar kom A inn í bifreið Guðbjarts, og haldið var af stað suður til Grindavíkur, en þangað ætluðum við A eitthvað að gera, sem ég man ekki, hvað var.

Í neðra Breiðholtshverfi var stöðvað við bensínstöðina, þar sem eldsneyti var tekið á bifreiðina, en ekki man ég, hver greiddi þetta eldsneyti. Síðan var ekið sem leið lá suður eftir Reykjanesbraut í átt til Grindavíkur.

Við Kúagerði veitti ég athygli lögreglubifreið, en ekki létum við Guðbjart stöðva þar, enda ekki gert ráð fyrir því í skipulagi Hauks. Heldur var ekið sem leið lá, en Guðbjartur og Karl beðnir um að koma okkur stutta stund í Vogana á Vatnsleysuströnd, þar sem við kváðumst eiga eitthvert erindi, sem mig minnir, að hafi verið á þá leið, að við ætluðum að koma við hjá einhverri

vinkonu okkar. Þetta var að sjálfsögðu aðeins fyrirsláttur og aðeins sagt í þeim tilgangi að lokka Guðbjart á tiltekinn stað við húsið Lund í Vogum.

Leiðbeindum við nú Karli, hvar hann skyldi aka, og fyrir framan húsið Lund sögðum við honum að stöðva bifreiðina og bíða okkar. Síðan fórum við báðar út úr bifreiðinni og bak við húsið Lund og gengum þaðan bak við húsið Klöpp, sem ég hef hér séð ljósmyndir af. Bak við það hús beið Haukur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður í embættisbifreið sinni. Við settumst inn í bifreiðina til hans, og eftir nokkra stund lagði Haukur af stað.

Við gatnamótin, þar sem krossgöturnar eru efst í Vogaþorpi, kom Haukur að bifreið, sem mig minnir að hafi verið kyrrstæð, en þó kann það að hafa verið öfugt, að bifreið Hauks hafi verið kyrrstæð við áðurgreind gatnamót. Mér varð strax ljóst, að maður þessi var lögreglumaður og heyrði það reyndar á tali Hauks við mann þennan. Maður þessi var á bifreið, sem mér fannst líkjast einna mest langri jeppabifreið, og virtist mér þetta ekki vera lögreglubifreið, heldur væri líklegast, að þessi bifreið væri einkabifreið þessa lögreglumanns. Eftir að Haukur hafði haft tal af þessum manni, sem hér hefur verið sagt frá, þá var haldið af stað til Keflavíkur. Haukur ók bifreiðinni, en við A vorum einu farþegarnir.

Ég held, að Haukur hafi ekið mér strax heim til mín, en ég man það ekki fullkomlega og þori því ekki að fullyrða, hvort eða hvert ég fór, þegar til Keflavíkur kom."

Við yfirheyrslur fyrir rannsóknarlögreglu neitaði A fyrst í stað allri aðild sinni, en síðar um daginn viðurkenndi hún hana og skýrði frá atburðum mjög á sömu lund og greinir í skýrslu B hér að ofan. A kvaðst ekki hafa vitað fyrr en eftir á, hvað var í töskunni, sem þær sóttu upp í Breiðholt og sett var í farangursgeymslu bílsins.

Þær A og B skýrðu svo frá atvikum í ítarlegu máli fyrir sakadómi þennan sama dag.

Ákærði E kom fyrir til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu greindan dag.

Segir svo í upphafi skýrslunnar:

„Eftir að mér hefur hér verið tjáð, að grunur hafi fallið á mig, að ég eigi hlutdeild í ólöglegri handtöku áðurgreindra manna áðurgreindan dag, þá vil ég þegar í stað viðurkenna það hér með, að ég sagði ekki allan sannleikann í þessu máli við fyrri

rannsókn þess. Ég vil nú þegar í stað segja skilmerkilega frá málavöxtum og draga ekkert undan í þetta skiptið.

Fyrri skýrslur mínar eru sannleikanum samkvæmar í öllum aðalatriðum, en ég hélt því leyndu, sem hér verður greint frá: Eftir að Haukur hafði komið heim til mín og beðið mig um aðstoð, þá klæddist ég einkennisfötum lögreglunnar og fór á eigin bifreið minni að svonefndri Hæð, en það eru gatnamót efst í þorpinu, þar sem ekið er inn í þorpið.

Eftir að ég hef lagt bifreið minni, eins og ég skýrði frá í fyrri skýrslum mínum, þ. e. a. s. út fyrir veginn norðan við gatnamótin, þá kom Haukur Guðmundsson akandi á Ford Escort bifreið rannsóknarlögreglunnar og töluðumst við þarna út um glugga bifreiðanna.

Síðan ekur Haukur í burtu, eftir að hann hafði beðið mig um að færa bifreið mína norðar á veginn eða eins og við köllum það, inn fyrir Hæð. Þetta gerði ég síðan, en skömmu síðar kom Haukur aftur akandi á embættisbifreiðinni, og ók hann inn fyrir bifreið mína, þar sem hann sneri henni við og kom akandi og stöðvaði samsíða minni bifreið, en þá gátum við ekki talast við með sama hætti og í fyrra skipti, þ. e. a. s. út um glugga bifreiðanna, þar sem báðar bifreiðarnar voru með vinstri handar stýri.

Ég fór því út úr bifreiðinni og gekk að bifreið Hauks hægra megin. Opnaði ég hurðina hægra megin og settist í aftursæti bifreiðarinnar, en þar var fyrir kona, sem ég bar ekki kennsl á, en í framsætinu fyrir framan mig var einnig kona, sem ég bar ekki heldur kennsl á. Í bifreið Hauks voru því tvær konur, sem ég hef ekki sagt frá áður í framburðum mínum, og kom það til af því, að eftir að ég hafði haldið því leyndu í fyrsta skiptið, að ég hefði séð persónur í bifreið Hauks, þá fannst mér ekki hægt að leiðrétta framburð minn síðar. Þó hef ég haft miklar áhyggjur af þessu undanskoti mínu á þessari vitneskju."

E skýrði frá því enn fremur, að hann hefði ekki haft neinn grun um samband milli þessara kvenna, sem hann sá í bíl Hauks, og þeirra tveggja stúlkna, sem hann var sendur til að leita að í Vogunum síðar um kvöldið, að fyrirsögn hinna handteknu.

Þá sagði hann, að Haukur Guðmundsson hefði komið að máli við sig um það leyti sem rannsóknin stóð sem hæst öðrum hvorum megin við áramótin, að þessar tvær konur, sem hann hefði séð, kæmu handtökumálinu ekkert við. Það hafi svo verið löngu síðar, að hann hafi komist að þeirri niðurstöðu, að þetta hefðu lík-

lega verið svonefndar „huldumeyjar", en þá hafi honum fundist vera orðið of seint að bæta við framburð sinn.

Þegar E skýrði frá atvikum fyrir dóminum 20. mars sl., sagði hann m. a., að ástæðan til þess, að hann skýrði ekki frá því við rannsóknina, að þeir Haukur hefðu hist tvisvar á og innan við Hæðina og hann þá séð tvær konur í bifreið Hauks í seinna skiptið, hafi verið sú, að Haukur bað hann þarna í umrætt seinna sinnið að segja ekki frá því, að hann hefði séð konurnar. Hann tók fram, að hann hefði ekki álitið þá, að konur þessar hafi verið neitt viðriðnar málið, en þar sem Haukur var léttur til kvenna, hafi hann álitið það skýringuna á því, að Haukur vildi ekki láta segja frá tilvist þeirra þarna. E bætti við, að nokkru seinna, eftir að hann hafi komið fyrst fyrir dóminn, hafi vaknað hjá honum grunsemdir, að nefndar konur væru svonefndar huldumeyjar. Hann segir aðspurður, að hann hafi rétt kannast við aðra umræddra kvenna í sjón, þ. e. A, en hina þekkti hann ekki.

E sagði aðspurður, að þeir Haukur Guðmundsson væru bræðrasynir, á líku reki, báðir fæddir og uppaldir í Vogunum. Hafi þeir því þekkst frá barnæsku og löngum gengið saman í skóla. Hann segir, að umræddan dag hafi hann litið á Hauk sem yfirmann sinn í greindri lögregluaðgerð og sér því borið að hlýða honum svo sem alltaf hefði verið í lögregluaðgerðum, þar sem þeir voru báðir saman, eftir að Haukur varð rannsóknarlögreglumaður.

E segir aðspurður, að sér hafi orðið ljóst einhvern tíma eftir 21. desember 1976, að hann væri hugsanlega að þegja yfir einhverju öðru en kvennamálum Hauks Guðmundssonar, en hann geti ekki fullyrt, hvort þetta var fyrir 1. mars 1977, er hann kom fyrir dóm í síðara sinnið.

Hinn 26. apríl 1978 komu þeir Viðar Á. Olsen og Haukur Guðmundsson til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu.

Viðar Á. Olsen neitaði því statt og stöðugt, að nokkrar konur hefðu verið samferða þeim Hauki til Reykjavíkur í lögreglubílnum handtökudaginn. Vísaði hann til þess, sem hann hefði áður sagt, og ítrekaði það. Sat við hið sama, þótt þær A og B hefðu bent á hann sem samferðamanninn úr hópi nokkurra manna við sakbendingu síðar um daginn.

Haukur Guðmundsson kvaðst halda fast við fyrri framburð sinn og vísaði til hans og kvaðst engu þar þurfa að breyta eða

bæta við. Hann vísaði á bug sem röngu, er honum voru kynnt atriði úr skýrslum þeirra D, A, B og E.

Tveimur dögum seinna kom Viðar Á. Olsen á skrifstofur rannsóknarlögreglunnar og gaf svohljóðandi skýrslu að eigin ósk:

„Ég er hingað kominn til að breyta framburði mínum í máli þessu, og óska ég að segja sannleikann.

Þegar ég var samferða Hauki Guðmundssyni í bifreið frá Keflavík til Reykjavíkur þann 6. 12. 1976, þá voru tvær stúlkur með okkur í bifreiðinni, en ég þekkti þær ekki né vissi deili á þeim. Að öðru leyti hefur framburður minn verið réttur.

Ástæðan fyrir að ég sagði ekki frá þessu áður er sú, að ég tók mjög að óttast, að mér kynnu að hafa orðið á mistök sem dómara með því að vera ekki nægjanlega gagnrýninn á þær skýrslur, sem ég fékk um handtökuna, og að hafa ekki kannað þann þátt nánar.

Áður en ég var kallaður fyrir hjá umboðsdómaranum, þá ákvað ég að þegja yfir því, að stúlkurnar hefðu verið í bifreiðinni. Þetta ákvað ég eftir að hafa rætt við Hauk Guðmundsson um það, og þetta gerði ég til að bjarga eigin skinni í stað þess að hætta á að segja frá og þá jafnvel að fórna embættisheiðri mínum.

Fyrstu dagana eftir handtökuna var ég mjög upptekinn við rannsókn á málum Guðbjarts Pálssonar. Nokkrum dögum síðar, er svokallað handtökumál fór í gang, þá fór mér að verða ljóst, að verið gæti, að allt væri ekki með felldu varðandi handtökuna. Grunsemdir mínar voru byggðar á því, að tvær stúlkur voru í bifreiðinni með okkur Hauki til Reykjavíkur og að mér kynni að hafa orðið þar á, er ég kannaði það ekki nánar í upphafi.

Ég spurði Hauk ekki um handtökuna sjálfa né heldur um stúlkurnar, sem með okkur voru í bifreiðinni. Ég minnist þess ekki, að ég hafi rætt um handtökuna við þá menn, sem unnu að rannsókn á málum Guðbjarts.

Skömmu áður en ég kom fyrir dóm þann 22. des. 1972, þá ræddi ég um það við Hauk Guðmundsson, að ég myndi ekki greina frá því, að stúlkurnar hefðu verið í bifreiðinni 6. 12. 1976. Ég var þá orðinn smeikur um, að þarna væri um sömu stúlkur að ræða og þeir Guðbjartur Pálsson og Karl Guðmundsson héldu fram, að verið hefðu í bifreið þeirra. Ég tók að eigin frumkvæði þá ákvörðun að bera rangt um þetta atriði fyrir dómi, ef til kæmi, til þess að bjarga sjálfum mér. Ég treysti mér ekki til að skýra efnislega frá því, sem við Haukur ræddum um í þessu sambandi.

Ég man ekki, hvar við vorum staddir, er þetta var rætt. Við hittumst mjög oft á þessu tímabili, þar sem við unnum talsvert saman."

Viðar var nú yfirheyrður mjög ítarlega og spurður um fjölmörg atriði varðandi málið. Í lok skýrslunnar leiðrétti hann það, sem í upphafi greinir, að hann hafi ákveðið að þegja yfir tilvist stúlknanna, eftir að hann talaði við Hauk. Hið rétta sé, að um þetta hafi hann verið búinn að taka ákvörðun af sjálfsdáðum, er hann talaði við Hauk.

Haukur Guðmundsson var færður til yfirheyrslu síðar þennan dag, og í langri og ítarlegri skýrslu skýrði hann frá atvikum í smáatriðum. Daginn eftir kom hann fyrir rannsóknardómarann. Skýrsla hans, sem tekin var upp á segulband, hljóðar svo:

„Það mun hafa verið sunnudaginn 5. desember 1976, að ég átti viðræður við stúlkurnar B, nú til heimilis að . . ., og A, til heimilis að . . . Óskaði ég eftir því við þær, að þær aðstoðuðu mig við að koma á möguleikum á handtöku Guðbjarts Pálssonar, en ég hefði þá um nokkra vikna skeið unnið að rannsókn á ýmsum málum, sem vörðuðu hann og fleiri menn. Ég tók þetta til bragðs, þar sem ég taldi, að rannsóknin þyldi ekki neina bið á handtöku og torvelt að fara réttar og hefðbundnar leiðir að fenginni reynslu af því. Þar á ég við mörg mál, sem voru tekin af mér á rannsóknarstigi, frumrannsóknarstigi. Þær féllust á að taka þátt í þessu, en hugmynd mín var að koma fyrir gössi í bifreið Guðbjarts og fá hann þannig suður á Reykjanessvæðið. Það var ákveðið að hefjast handa strax á mánudegi, og ég ákvað að taka stúlkurnar eftir hádegi á mánudag og aka með þær til Reykjavíkur í þessum tilgangi. Eftir hádegi á mánudag tók ég stúlkurnar á Vesturbraut 10 í Keflavík. Áður hafði ég samkvæmt sérstakri ósk Viðars Olsens tekið hann með okkur utan við skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík, en hann þurfti einhverra hluta vegna að komast til Reykjavíkur. Viðar var kominn í bifreiðina á undan stúlkunum, en þær settust báðar í aftursætið, þegar þær komu í bifreiðina. Síðan var ekið til Reykjavíkur. Viðar fór úr bifreiðinni á horni Snorrabrautar og Laugavegar í Reykjavík, og ég sá hann ekkert meira eftir það. Í bifreiðinni lagði ég á frekar ráðin um framkvæmd verksins, en kvöldið áður hafði ég útbúið góss í tösku, sem var bjórkassi og tvær flöskur af áfengi. Því var komið fyrir í farangursgeymslu bifreiðarinnar Ö 1007, sem ég hafði til umráða. Áður en farið var í Reykjavík, fór ég að gera ráðstafanir til þess að hringja í þá menn, sem

ég ætlaði að handtaka Guðbjart suður frá, en það var Víkingur Sveinsson lögreglumaður og Skarphéðinn Njálsson lögreglumaður. Ég fór því næst á skrifstofu sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum og fékk þar afnot af síma. Þar hringdi ég í Víking Sveinsson, sem þá var staddur á lögreglustöðinni, og sagði honum, að ég þyrfti á aðstoð hans að halda, bað hann um að fá lánaðan lögreglubíl og taka Skarphéðin Njálsson á heimili sínu þá seinna um daginn. Annað sagði ég Víkingi ekkert um verkið eða þær hugmyndir mínar, sem ég ætlaði að koma í framkvæmd. Ég reyndi jafnframt að ná í símasamband við Skarphéðin, en án árangurs þarna, og fór við svo búið. Meðan þetta var, höfðu stúlkurnar beðið í bifreiðinni fyrir utan lögreglustöðina. Eftir þetta ók ég upp í Breiðholt, fórum þarna að fjölbýlishúsum við Dvergabakka, þar sem ákveðið var, að ég mundi afhenda stúlkunum töskuna, ef þær fyndu Guðbjart þá um daginn. Eftir það fór ég að Þórufelli 6 og fékk þar afnot af síma. Þá mun klukkan hafa verið um 3 um daginn. Þarna náði ég símasambandi við Skarphéðin, sem að þá var að vakna, hann hafði verið á næturvakt nóttina áður, og sagði ég honum það, að ég yrði að fá hann í verk, og sagði honum jafnframt, að Víkingur mundi taka hann þarna heima hjá sér innan tíðar og bað hann um að fara með honum inn í Kúagerði og bíða þar, því ég ætti von á því, að bifreið Guðbjarts Pálssonar R 584 kæmi þar suður síðla dags með smyglgóss í bílnum. Um var talað, hugmyndin var að láta sem þarna hefði verið leigubifreið á ferð með smyglgóss innan borðs. Ég tel fullvíst, að þarna strax hafi ég sagt Skarphéðni, að ef þeir yrðu bifreiðarinnar varir, þá skyldu þeir stöðva hana og leita í henni. Hann jánkaði þessu, og síðan hélt ég áfram að undirbúa það, sem ég ætlaði mér að koma í framkvæmd. Frá Þórufelli fór ég niðurundir leigubílastaur við Hlemm, Hreyfli, ég taldi það heppilegast að fá bíl frá Hreyfli til að leita uppi Guðbjart, því að Guðbjartur er tengdur þeirri bílastöð. Ég lagði þá bifreiðinni neðarlega í Þverholti skammt frá bílastæðinu og taldi mig sjá þar bifreið, sem ég þekkti, sem var rauð Peugeot-bifreið og Einar nokkur Gíslason á og ekur. Ég gekk út úr bifreiðinni og niður að Kránni við Snorrabraut og fullvissaði mig um það, að þetta væri sá bíll, sem taldi að hefði verið. Hann var ekki næstur í röðinni, hann var þriðji eða fjórði bíll, ef ég man rétt. Því næst fór ég aftur í bifreið mína, benti stúlkunum á, að þær skyldu fara í þennan bíl og biðja bílstjórann um að finna, að reyna að finna hann Guðbjart Pálsson. Ef það tækist, þá ættu

þær að koma að fjölbýlishúsi við Dvergabakka og taka þar töskuna hjá mér, eins og áður hafði verið ákveðið. Þetta gekk svona í öllum aðalatriðum. Guðbjartur fannst. Stúlkurnar komu upp eftir og tóku töskuna. Nú ég veitti bifreið Guðbjarts eftirför álengdar nokkra stund og meðal annars að Bárugötu 38, þar sem hann var til heimilis. Síðan ók ég, þar sem ég taldi vera hættulegt að veita bifreiðinni meira eftirför um borgina, þá ók ég suður fyrir Straumsvík og beið þar átekta. Það mun hafa verið um klukkan 18.00 eða þar um bil, sem að bifreið Guðbjarts fór þar hjá og nokkrir bílar einnig. Ég veitti henni eftirför í humátt suður á við. Það, sem skeði næst, að það sést ekkert lífsmark með lögreglubifreiðinni, sem stóð í hrauninu við Kúagerði, þegar bifreið Guðbjarts ók þar fram hjá og ég einnig. Þegar hér var komið, hafði ég alfarið horfið frá þeirri hugmynd minni að láta stöðva bílinn þarna og hirða stúlkurnar, því að það hefði komið breytt staða að nokkru mörgu leyti, sem var í fyrsta lagi, að það hefði verið viðbótarmaður, sem reyndist síðar vera Karl Guðmundsson, í bifreiðinni og mikil umferð var á veginum eða nokkuð mikil, þegar þetta var, þannig að ég taldi réttast að láta bifreiðina fara suður í Voga, þar sem að ákveðið var, að stúlkurnar skyldu yfirgefa hana, ef lögreglubíll væri ekki á tilsettum tíma, vegna þess að ég hafði enga vitneskju um, að hún yrði komin þarna á réttum tíma, því ég reiknaði ekki með, að þetta drægist svona lengi fram eftir deginum. Nú, það, sem að skeður næst, er, að ég ek fram úr bifreið Guðbjarts á Strandarheiði niður í Voga rakleiðis heim til E og bið hann um að aðstoða mig og spyr hann, hvort hann geti farið í einkennisbúning á sínum bíl inn fyrir svonefnda Hæð og veitt lögreglumönnum aðstoð, sem væru á leiðinni niðureftir. E vissi ekkert frekar um málavöxtu. Hann gerði strax það, sem ég bað hann um. Ég fór rakleiðis í burt aftur, hafði talstöðvarsamband við lögreglubílinn og náði lélegu sambandi, ég heyrði illa í hinni lögreglubifreiðinni og bað þá um að koma í Vogana, því bifreiðin væri komin þangað, og í framhaldi af þessu bað ég lögreglustöðina um að bera á milli og biðja þá að færa sig á milli bylgja á stöðinni, ef vera mætti, að næðist betra samband. Þetta stóð í nokkra stund, þetta stímabrak í talstöðinni, nema það að þeir koma áleiðis í Vogana. Ég fór á fyrirfram ákveðinn stað, þar sem ég ætlaði að taka stúlkurnar við húsið við Klöpp. Þá rétt í þann mund sem, eða rétt áður en þær bar þar að, tók ég þær í bifreiðina og hafði þær með mér á burt. Seinna hitti ég E upp á þessari Hæð, þar

sem hann hafði staðsett bifreið sína. Við töluðumst þarna við milli bifreiða, og hann vildi vita, hvað um væri að vera. Ég gaf honum eitthvað lítið út á það, nema það, að E snarast yfir í bifreiðina til mín og sest inn. Áður höfðu stúlkurnar sest báðar í aftursætið, og ég ætlaðist alls ekki til þess, að E sæi þetta kvenfólk, og segi við þær, um leið og E snarast út úr sinni bifreið: „Beygið ykkur niður." Og þær gerðu það, og ég tel fullvíst og reyndar veit, að E sá aldrei stúlkurnar. Í sambandi við þetta vil ég taka það fram, að þegar kæra Karls Guðmundssonar kom fram, þá spurði ég E að því gagngert, hvort hann hefði séð eitthvert fólk í bílnum hjá mér, en hann neitaði því alfarið. Nú, ég sé lögreglubílinn á leiðinni niður afleggjarann í Vogum, og þá fór ég burt rakleiðis til Keflavíkur, þar sem ég keyrði stúlkurnar til síns heima. Og eftir það fór ég að lögreglustöðinni, þar sem ég kallaði lögreglubifreiðina og spurði um, hvar þeir væru, og fékk þær upplýsingar, að þeir væru á leiðinni með Guðbjart og félaga hans. Bað ég þá um að koma við á stöðinni og tala við mig. Skarphéðinn kom inn á stöð, og ég fékk honum lyklana að lögreglustöðinni í Sandgerði og bað hann að fara þangað með Guðbjart, en Karl skyldu þeir koma með inn. Þegar þetta var, var klukkan að nálgast átta, milli hálf átta og átta, og í framhaldi af þessu sendi ég E ásamt öðrum lögreglumanni, Jónharði Jakobssyni, í Voga að leita að stúlkum, sem talið var, að hefðu týnst, og lét færa Karl Guðmundsson til fangahúss. Þetta er atburðarásin í aðalatriðum."

Þeir Viðar Á. Olsen og Haukur Guðmundsson voru að kröfu rannsóknarlögreglunnar úrskurðaðir í gæsluvarðhald 29. apríl 1978, hinn fyrrnefndi til 5. maí, en Haukur til 12. maí. Var Viðar leystur úr varðhaldi 2. maí, en Haukur 5. maí. Hafði þá farið fram umfangsmikil rannsókn í samræmingar- og staðfestingarskyni og til að ganga úr skugga um hugsanlega frekari aðild ákærðu eða annarra að hinni ólögmætu handtöku eða undirbúningi hennar. Kom ekki neitt fram, sem þýðingu telst hafa varðandi sakarefni máls þessa umfram það, sem að framan er í höfuðatriðum rakið.

Auk ákærðu voru yfirheyrðir í þaula lögreglumennirnir Sveinn Víkingur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður, Finnur Skarphéðinn Njálsson, sem þá var orðinn yfirlögregluþjónn á Ísafirði, en þeir voru, svo sem fram er komið, ásamt ákærða E í sveit þeirri, sem framkvæmdi handtökuna. Einnig Einar Henry Gíslason leigubílstjóri, sem ók þeim A og B frá Hlemmi handtöku-

daginn, uns hafðist upp á Guðbjarti Pálssyni, svo sem áður er frá skýrt. Voru þessir þrír menn yfirheyrðir sem sakborningar.

Í bréfi ríkissaksóknara, sem fylgdi ákæru og dags. er sama dag, hinn 24. júlí 1978, segir á þá leið í niðurlagi, að varðandi þá þrjá aðilja, sem við sögu komi í málinu, þ. e. þá lögreglumennina Svein Víking Sveinsson og Skarphéðin Njálsson og Einar H. Gíslason leigubílstjóra, skuli það fram tekið, að eftir atvikum sé ekki krafist frekari aðgerða að því er þá varði.

Með úrskurði sakadómsins 11. ágúst 1978 vék hinn reglulegi dómari, Jón Eysteinsson bæjarfógeti, sæti. Undirritaður var skipaður setudómari í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins 16. ágúst 1978. Málið var þingfest 16. september 1978. Eftir skipun verjenda í samræmi við óskir ákærðu og málið hafði verið búið þeim í hendur fór fram framhaldsrannsókn um tiltekin atriði, svo sem síðar greinir. Málið var tekið til munnlegs málflutnings eftir þinghald 20. mars sl., og fór hann fram 23. f. m. og málið þá dómtekið. Vegna mikilla anna dómara við önnur dómstörf í embætti sínu hefur dómur eigi orðið upp kveðinn fyrr.

IV.

Rétt þykir að rekja kröfugerð ákærðu, svo sem hún er fram sett af verjendum.

Af hálfu Hauks Guðmundssonar er aðallega krafist sýknu og að allur sakarkostnaður verði dæmdur á hendur ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun, en til vara, að hann verði dæmdur til þeirrar mildustu refsingar, sem lög framast leyfi.

Fyrir Viðar Á. Olsen er gerð krafa um sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og að ríkissjóði verði dæmt skylt að greiða hæfileg málsvarnarlaun og þóknun fyrir réttargæslu.

Verjandi E gerði þær dómkröfur f. h. skjólstæðings síns aðallega, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð. Til vara krafðist hann þess, að ákærði yrði dæmdur í skilorðsbundna refsingu.

Dómkröfur af hálfu A voru þær aðallega, að hún yrði sýknuð af kröfum ákæruvaldsins, til vara, að refsing yrði felld niður með hliðsjón einkum af 5. og 3. tölulið 74. gr. alm. hegningarlaga, en til frekari vara, að ákvörðun refsingar yrði frestað skilorðsbundið, og til þrautavara, að refsing yrði færð verulega niður og fullnustu hennar frestað skilorðsbundið.

Fyrir hönd B er aðallega gerð krafa um sýknu og að allur sakarkostnaður, þ. m. t. málsvarnarlaun, tildæmdur úr ríkissjóði.

Til vara er gerð krafa um, að refsing verði ákveðin skilorðsbundin.

Kröfur D eru þær aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfákæruvaldsins og sakarkostnaður, þ. m. t. málsvarnarlaun, lagður á ríkissjóð, en til vara, að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið.

Verður nú fjallað um sakargiftir á hendur ákærðu hverjum um sig, svo sem þær eru fram settar í ákæru, og tekin afstaða til þeirra.

1. *Ákærði Matthías* HAUKUR Guðmundsson.

Samkvæmt eigin framburði ákærða fyrir rannsóknarlögreglu og dómi, sem studdur er ítarlegum skýrslum meðákærðu A og B og fleiri gögnum, svo sem rakið er að framan, telst vera sannað, að ákærði Haukur Guðmundsson hafi sem rannsóknarlögreglumaður við embætti sýslumannsins í Gullbringusýslu og bæjarfógetans í Keflavík undirbúið og stjórnað ólögmætri handtöku á þeim Karli Guðmundssyni og Guðbjarti Pálssyni síðdegis mánudaginn 6. desember 1976 í Vogum á Vatnsleysuströnd, þar sem þeir voru staddir í bifreið Guðbjarts, eftir að hafa fyrr um daginn látið koma fyrir á laun í farangursgeymslu bílsins ferðatösku, sem í voru tvær ótollaðar áfengisflöskur og kassi af áfengum bjór, og notið til þess verknaðar aðstoðar meðákærðu A og B, sem hann hafði ekið til Reykjavíkur gagngert í því skyni að koma ferðatöskunni með greindu innihaldi fyrir í bíl Guðbjarts, jafnframt því sem þær lokkuðu þá Karl og Guðbjart undir fölsku yfirskini til að aka þeim til Grindavíkur með viðkomu í Vogum, þar sem þær yfirgáfu bifreiðina samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun ákærða Hauks, samtímis því sem hann sendi lögreglumenn á vettvang, sem gerðu leit í bifreiðinni, fundu áfengið og handtóku þá Karl og Guðbjart fyrir grun um áfengis- og tollagabrot.

Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði Haukur Guðmundsson gerst sekur um brot á 131. gr. og 1. mgr. 148. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, svo sem ákært er. Er því sýknukröfu vísað á bug.

Í málsvörn af hálfu ákærða, sem nær eingöngu fjallaði um varakröfu hans, var meginþunginn lagður á málsbætur og það atriði, að hann væri ranglega ákærður fyrir beint brot á 1. mgr. 148. gr. hegningarlaga, þar sem um hlutdeildarbrot væri að tefla að réttu lagi, ef brot teldist vera á annað borð, en til þess skorti

huglæg skilyrði. Beri af þessum sökum að sýkna af ákæru um brot á greindri lagagrein, en dæma fyrir brot á 131. gr., sbr. 132. gr. og 138. gr. alm. hegningarlaga. Sé brot ákærða raunverulega það, að hann gerist offari sem agent provocateur.

Eigi verður fallist á þessar varnarmálsástæður. Haukur Guðmundsson kom alls ekki fram sem agent provocateur. Á það hugtak ekki við hér. Hann hefur gerst sekur um brot á ofangreindum hegningarlagagreinum, svo sem áður er sagt.

Það er áður fram komið, að Hauki Guðmundssyni var vikið úr starfi sínu að fullu og öllu í árslok 1977 eftir árs frávikningu um stundarsakir. Þá hafði hann verið í lögregluliði Keflavíkur síðan 1965. Frá því hann vék úr lögreglunni ók hann fólksflutningabíl um hríð, en síðan eigin vörubíl frá stöð og hefur haft að eigin sögn sæmilegustu tekjur. Haukur er kvæntur og á 3 börn.

Hinn 7. mars sl. kom ákærði fyrir dóminn að eigin ósk í því skyni að skýra frá því, hvað honum hefði gengið til í sambandi við handtökuna og hvaða heimildir honum hafi verið tiltækar. Í skýrslunni greinir Haukur frá samstarfi sínu og Kristjáns Péturssonar, deildarstjóra í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, við rannsókn sakamála fyrr á árum og ýmiss konar hótunum og aðkasti, sem að Kristjáni hafi verið beint út af þessum málum.

Þá segir Haukur frá því, að er þeir Kristján hófu frumathuganir á málum Guðbjarts heitins Pálssonar, hafi að sögn Kristjáns gerst æ tíðari upphringingar ókunnra aðilja til hans, sem höfðu uppi hótanir um líflát og alls konar ófarnað honum til handa og ástvinum hans. Viku fyrir handtökuna hafi Kristján sagt honum frá því, að ókunnur maður hefði sagt sér í síma, „að liðið hans Batta væri búið að skipuleggja hvarf hans, ef hann og Haukur hættu ekki þessu snuðri."

Aðfaranótt sunnudagsins 5. desember 1976 segir Haukur, að hringt hafi verið heim til sín. Í símanum hafi verið karlmannsrödd, sem hefði sagt, að þetta Battamál þeirra félaga væri hættulegt og því yrði gerð alvarleg aðför að Kristjáni Péturssyni, ef ekki yrði lát á þessu ónæði af þeirra völdum.

Haukur segir, að Kristján hafi lengst af, og lagt á það ríka áherslu, óskað þess, að hann segði engum frá þessum hótunum, en hefði nú fallist á, að skýrt væri frá atvikum.

Þá skýrir Haukur frá því, að honum hafi verið tiltæk vitneskja um ýmis viðskiptamál Guðbjarts heitins, og nefnir sérstaklega mál tiltekins manns í Keflavík.

Segir Haukur, að þessar ógnanir, sem að ofan er lýst, og tilfinningar sínar til málsins í heild hafi neytt sig til að reyna handtöku Guðbjarts á eigin spýtur og án tafar, þar sem hann hafi óttast um líf Kristjáns og um leið viljað koma lögum yfir Guðbjart.

Kristján Pétursson deildarstjóri kom fyrir dóminn sem vitni af þessu tilefni hinn 20. mars sl. Hann staðfesti í öllum höfuðatriðum það, sem Haukur hafði borið um alls konar ógnanir, þ. m. t. líflátshótanir, sem að honum hefði verið beint um langt árabil. Lýsti hann atvikum nánar.

Hann sagðist vera sannfærður um það, að hin ólögmæta handtaka hefði verið neyðarráðstöfun af hendi Hauks vegna ótta um, að hótunaraðiljar hefðu sig í frammi. Þá kæmi það til, að mikið álag hefði orsakað tímabundna breytingu á eðlislægri dómgreind Hauks, sem síðan hefði valdið rangmati á kringumstæðum. Hefði Haukur verið yfirhlaðinn störfum, lítið sofið undanfarnar nætur fyrir handtökuna, hjónaband hans í rúst um þær mundir. Við þetta hefðu blandast áhyggjur hans um það, að náinn samstarfsmaður hans yrði fyrir aðför illræðismanna út af máli, sem þeir hefðu unnið að saman. Í þessu ljósi verði að skoða gerðir Hauks.

Hvorugur þeirra Hauks og Kristjáns kvaðst geta sagt með vissu, frá hverjum greindar hótanir stöfuðu.

Þegar það er virt í heild, sem fram er komið um handtöku þá, sem málið er af risið, þykir ekki rétt að synja fyrir, að ákærði Haukur Guðmundsson hafi talið sig vera að þjóna þjóðfélagshagsmunum, er hann undirbjó og afréð handtökuna, þótt um þetta færi hann villur vegar. Á hinn bóginn verður ekki talið, að neyðarréttarsjónarmið eigi hér við, svo sem fram kom í málsvörn og vísað til 1. töluliðs 74. gr. alm. hegningarlaga. Heldur ekki ástæður þær, sem greinir í 4. tölulið nefndrar lagagreinar.

Refsing ákærða Hauks Guðmundssonar verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og með það í huga, sem að ofan greinir, auk þeirra atriða, sem teljast geta átt við, í 70. gr. alm. hegningarlaga. Þá ber að líta til ákvæða 78. gr. alm. hegningarlaga vegna dóms sakadóms Njarðvíkur 17. apríl 1978 yfir ákærða, en þar er dæmt um ákæru honum á hendur vegna útgáfu innstæðulausra tékka í október og nóvember 1975. Eigi verður talið, að skilyrði þau séu fyrir hendi, sem getur í síðasta málslið 1. mgr. 148. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 19. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessu þykir refsing ákærða Matthíasar Hauks Guðmundssonar hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði. Rétt þykir, að gæsluvarðhaldsvist hans frá 29. apríl 1978 til 5. maí s. á. komi til frádráttar með fullri dagatölu.

2. *Ákærðu A og B.*

Sýknukrafa þeirra beggja, A og B, er á því byggð fyrst og fremst, að um ásetning sé eigi að ræða. Báðar hafi þær verið óvitandi um ólögmæti þess verknaðar, sem þær hafi verið ginntar til, og reyndar staðið í þeirri trú, að hann væri í fyllsta máta löglegur, enda framkvæmdur fyrir og að beiðni lögreglunnar. Af hálfu A er og á það bent, að hún hafi alls ekki vitað eða haft minnstu hugmynd um, hvað hafi verið í tösku þeirri, sem þær komu fyrir í bifreið Guðbjarts.

Að áliti dómsins fær þetta ekki staðist. B hefur viðurkennt að hafa vitað, að í töskunni voru tilbúin sönnunargögn, enda var tilbúningur þeirra og það að koma þeim fyrir þungamiðjan í ráðagerðum ákærða Hauks. Þegar gögn málsins um þetta atriði eru virt í heild, verður talið, að þær báðar, A og B, hafi vitað eða mátt vita, að í töskunni voru sönnunargögn, búin til af ákærða Hauki í því skyni að klekkja á eða ná taki á Guðbjarti Pálssyni eftir fund þeirra í bíl hans. Hlaut því hverjum að vera augljóst ólögmæti framkvæmdar þessara ráðagerða. Verður því talið sannað, að þær A og B hafi gerst sekar um hlutdeild í framanlýstu broti meðákærða Hauks, svo sem í ákæru er lýst og í upphafi greinir.

Með þessari háttsemi hafa þær gerst brotlegar við 131. gr. og 1. mgr. 148. gr., sbr. 138. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Hvorug ákærðu hefur nokkurn tíma sætt kæru eða refsingu, svo kunnugt sé. Þær skýrðu nokkuð greiðlega frá atvikum, er þær voru færðar til yfirheyrslu. Þegar þetta er virt og með hverjum hætti þær gerðust þátttakendur í ráðagerðum Hauks Guðmundssonar, svo og önnur þau atriði, er hér teljast skipta máli, og hliðsjón höfð af 77. gr. hegningarlaga, þykir refsing þeirra hvorrar um sig hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði. Rétt þykir eftir atvikum, að fullnustu refsingar skuli frestað og að hún skuli niður falla eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

3. *Ákærði Viðar Ásmundsson Olsen.*

Málsvörn Viðars Á. Olsen er á því reist, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að hann lægi undir grun um einhverja aðild að hinni ólögmætu handtöku, undirbúningi hennar eða eftirleik, er hann kom fyrir dóm hinn 18. janúar 1977. Rannsóknardómarinn hafi rangmetið stöðu hans og látið bóka í þingbók, að hann kæmi fyrir sem vitni, þótt öll atvik réttlættu það, að hann ætti að vera í sporum sökunautar, svo sem þarna stóðu sakir. Því hefði honum verið refsilaust að skýra rangt frá um ferðina til Reykjavíkur 6. desember 1976, sbr. fyrri málslið 1. mgr. 143. gr. alm. hegningarlaga. Þá hefði hann óttast, að skýrði hann frá því, að tvær konur hefðu verið samferða þeim Hauki til Reykjavíkur ofangreindan dag, hefði það hugsanlega leitt til refsiábyrgðar honum á hendur fyrir mistök við dómstörf, sbr. seinni málslið nefndrar lagagreinar.

Ákærði hefur sagt, að nokkrum dögum eftir að rannsókn hófst í málinu, hafi honum farið að verða ljóst, að verið gæti, að ekki væri allt með felldu með handtökuna, svo sem að framan er rakið.

Á það verður ekki fallist, að Viðar Á. Olsen hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að skýrði hann rétt frá öllum atvikum, er hann kom fyrir dóminn, mundi það geta bakað honum refsiábyrgð samkvæmt 132. gr. alm. hegningarlaga. Í mesta lagi mátti hann ætla, að það yrði hugsanlega til þess að varpa einhverri rýrð á störf hans sem dómara.

Þegar Viðar kom fyrir dóminn 18. janúar 1977, var það sérstaklega tekið fram af dómara, að hann væri vitni. Hann afhenti dómara yfirlýsingu sína, dags. þennan dag, en í henni lýsir hann sérstöku trausti á Hauki Guðmundssyni og aðdáun sinni á honum fyrir dugnað og þrautseigju í starfi. Kemur þetta illa heim við það, sem hann sjálfur segir, að nokkrum vikum áður hafi farið að vaxa með honum grunur og tortryggni um handtökuna og þar með á Hauki. Í niðurlagi yfirlýsingarinnar segist hann efa það, að honum sé skylt að svara spurningum fyrir dóminum, og vísar til 92. gr. laga nr. 74/1974.

Eigi verður talið, svo sem hér stóðu sakir, að dómara væri rétt eða hefði borið að líta á ákærða sem grunaðan á þessum tíma. Gefa málsgögn ekki tilefni til slíkrar ályktunar, þar sem málið var ekki orðið það skýrt, að þess væri nokkur kostur. Verður talið, að ákærða hafi verið ljóst, að hann væri fyrir dóminum sem vitni, en ekki sökunautur, enda hafði hann ekki þá neina

gilda ástæðu til að ætla annað. Um huglæga afstöðu hans þykir mega ráða af efni yfirlýsingarinnar, er hann lagði fram við umrætt þinghald.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, þykir talið sannað, að ákærði Viðar Á. Olsen hafi gerst sekur um rangan framburð fyrir rétti, svo sem í ákæru segir, og hafi því brotið gegn 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, svo sem lagaákvæðið nú hljóðar, sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976 um breyting á almennum hegningarlögum.

Viðar Á. Olsen sagði upp dómarafulltrúastarfi sínu hinn 27. apríl 1978. Ber að telja stöðumissi og gerbreyttar framtíðarhorfur ákærða beinar afleiðingar brotsins. Með það í huga, ákvæði 70. gr. almennra hegningarlaga og annað það, sem hér telst skipta máli, þykir refsing Viðars Á. Olsen hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Eigi þykja vera efni til að fresta fullnustu refsingar skilorðsbundið, en rétt þykir, að gæsluvarðhaldsvist hans 29. apríl 1978 til 2. maí s. á. komi til frádráttar með fullri dagatölu.

4. *Ákærði E.*

Sýknukrafa E er á því byggð, að hann hafi verið yfirheyrður sem sökunautur í umrædd tvö skipti fyrir sakadóminum og því sé honum refsilaust, þótt hann skýrði ekki rétt frá öllum atvikum.

Það er áður frá skýrt, að í upphafi beggja þinghaldanna, sem hér um ræðir, var bókað, að ákærði væri áminntur um sannsögli og síðan í beinu framhaldi, að gætt væri ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Skýrsla ákærða í þinghaldinu 21. desember 1976 byrjar svo: „Vitnið skýrir svo frá:" Síðar í skýrslunni er ákærði 7 sinnum nefndur vitni af dómara, er svör hans eru færð til þingbókar. Í síðara þinghaldinu 1. mars 1977 er ákærði nefndur hann og einu sinni mætti. Telja verður af þessu og öðrum málsgögnum, að ályktа megi, að dómari hafi litið á ákærða sem vitni í bæði skiptin og áminnt hann um sannsögli sem slíkan, en jafnframt kynnt honum réttarstöðu sakaðra og grunaðra manna, ekki af því að nokkur sérstakur grunur lægi á honum um refsiverða hegðun, heldur af því, að hann var í sveit þeirra lögreglumanna, sem framkvæmdu handtöku þá, sem kært hafði verið út af. Benda og málsgögn eindregið til, að ákærða hafi verið þetta ljóst og því vitandi um stöðu sína sem vitnis. Hefur hann skýrt frá því, af hvaða hvötum hann þagði yfir vitneskju sinni um þær A og B, svo sem að framan er rakið.

Af málsgögnum kemur ótvírætt fram, að enginn sérstakur grunur liggur á ákærða fyrir hugsanlega aðild að refsiverðu athæfi í sambandi við handtökuna fyrr en þær A og B leysa frá skjóðunni. Sá grunur, sem þá kemur til, verður vegna eindreginnar og rökstuddrar vissu um undandrátt í fyrri skýrslum ákærða.

Ber því að telja, að þegar ákæruði kom fyrir dóm hinn 21. desember 1976 og 1. mars 1977 hafi hann ekki verið sökunautur, heldur vitni. Hafi honum verið það ljóst og enga ástæðu haft til að ætla annað. Verður því talið sannað, að E hafi borið rangt fyrir rétti, eins og í ákæru segir, í umrædd tvö skipti og með því brotið gegn 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976, en eigi þykir þessi háttsemi vera misnotkun á stöðu hans og því varða við 138. gr. alm. hegningarlaga, þótt hann drægi undan þýðingarmikla vitneskju, sem hann öðlaðist í starfi.

Ákærða var vikið úr starfi sínu 28. apríl 1978, og var það bein afleiðing brots hans. Hann skýrði greiðlega frá öllum atvikum, er á hann var gengið. Þegar litið er til þess, hvað honum gekk til, og sambands hans við Hauk Guðmundsson og önnur þau atriði, sem hér skipta máli, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði. Eftir atvikum þykir rétt, að fullnustu refsingar skuli frestað og hún skuli niður falla eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

5. *Ákærða D.*

Með eigin framburði ákærðu, studdum öðrum gögnum málsins, telst vera sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í ákæru greinir og að framan er rakin. Hefur hún með því gerst brotleg við 147. gr. almennra hegningarlaga, en ekki 1. mgr. 162. gr. sömu laga svo sem ákæra hljóðar um. Í málflutningi var um þetta ákæruatriði fjallað með ákvæði 147. gr. hegningarlaga í huga. Þykir því fært, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974 i. f., að dæma málið á þeim grundvelli.

Þegar höfð eru í huga þau atvik, sem valda því, að ákærða svo að segja villist inn í mál þetta, að málið upplýsist, er hún ótilkvödd gefur sig fram og segir sannleikann, og önnur þau atriði, er hér teljast skipta máli, þykir eftir atvikum rétt að fresta ákvörðun refsingar og að hún skuli niður falla að liðnum 2 ár-

um frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

6. *Sakarkostnaður.*

Samkvæmt 141. gr. og 142. gr. laga nr. 74/1974 skal dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar þannig:

Ákærði Matthías *Haukur* Guðmundsson greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 350.000. Annan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun, kr. 450.000, er renni í ríkissjóð, greiði hann einn að tveimur þriðju hlutum.

Ákærði Viðar Á. Olsen greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 325.000.

Ákærði E og ákærða D greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 300.000 in solidum.

Ákærða A greiði skipuðum verjanda sínum, Hallgrími B. Geirssyni héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun, kr. 200.000.

Ákærða B greiði skipuðum verjanda sínum, Árna Gr. Finnssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 200.000.

Annan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun, kr. 450.000, er renni í ríkissjóð, greiði ákærðu Viðar Á. Olsen, E, A, B og D að einum þriðja hluta in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Matthías *Haukur* Guðmundsson sæti fangelsi í 9 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans 7 dagar. Hann greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 350.000. Þá greiði hann annan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun, kr. 450.000, er renni í ríkissjóð, einn að tveimur þriðju hlutum.

Ákærði Viðar Á. Olsen sæti fangelsi í 3 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans 4 dagar. Hann greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 325.000.

Ákærði E sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærða A sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Hún greiði skipuðum verjanda sínum, Hallgrími B. Geirssyni héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun, kr. 200.000.

Ákærða B sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Hún greiði skipuðum verjanda sínum, Árna Gr. Finnssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 200.000.

Ákærða D telst vera sek um brot á 147. gr. almenra hegningarlaga nr. 19/1940, en fresta skal ákvörðun refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, verði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna haldið.

Ákærðu E og D greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 300.000 in solidum.

Ákærðu Viðar Á. Olsen, E, A, B og D greiði annan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun, kr. 450.000, er renni í ríkissjóð, að einum þriðja hluta in solidum.

Fimmtudaginn 26. mars 1981.

Nr. 211/1980. **Jónas Haraldsson og**
Guðný Jónasdóttir
(Jónas Haraldsson hdl.)
gegn
Landsbanka Íslands
og gagnsök
(Stefán Pétursson hrl.).

Gjaldeyriskaup. Gengisskráning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973 hinn 5. s. m. og með heimild í 36. gr. sömu laga. Gera þau þær dómkröfur **aðallega,** að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 177.70 krónur (nýkrónur) með 13% ársvöxtum frá 27. ágúst 1974 til greiðsludags, en **til vara,** að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 13% ársvexti af 17.700 krónum (177.70 nýkr.) frá 27. ágúst 1974 til 2. september s. á. Í báðum tilvikum krefjast þau málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Krefst hann sýkun af öllum kröfum aðaláfrýjenda í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur hafa gert Seðlabanka Íslands aðvart um áfrýjun málsins með réttargæslustefnu.

Af hálfu réttargæslustefnda hefur dómþing verið sótt fyrir Hæstarétti og tekið undir kröfur gagnáfrýjanda. Þá hefur réttargæslustefndi og krafist, að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Aðaláfrýjendur krefja gagnáfrýjanda sameiginlega um, að hann endurgreiði þeim með ósundurgreindri fjárhæð það tryggingarfé, sem þau hvort um sig urðu að inna af hendi að kröfu hans við gjaldeyriskaup sín 26. ágúst 1974. Af málsreifun þeirra og gögnum máls er þó ljóst, að af stefnukröfunni eru 116.53 nýkrónur (11.653 gkr.) vegna aðaláfrýjanda Jónasar, en 61.17 nýkrónur (6.117 gkr.) vegna aðaláfrýjanda Guðnýjar.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að hvorki lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárkuldbindinga né lög nr. 75/1974 um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu eigi við um gjaldeyriskaup aðaláfrýjenda.

Ekki verður talið, að það hafi sjálfstæða þýðingu í máli þessu, að vænta hafi mátt þess, að sú ríkissjórn, sem að völdum sat, mundi senn láta af þeim.

Í 1. mgr. 18. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 10/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1962 og 1. gr. laga nr. 103/1973, segir, að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar stofngengi (pari) íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Þá ákveði hann að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis. Innan þessara marka skrái Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf sé á vegna almennra viðskipta.

Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, 26. ágúst 1974, voru engin ákvæði í lögum, sem gagngert heimiluðu Seðlabankanum að fella niður með öllu hina daglegu gengisskráningu að því leyti sem henni mátti við koma, svo sem nú er í 7. gr. laga nr. 63/1979. En hvað sem því líður, verður ekki talið, að gagnáfrýjanda hafi verið skylt að selja aðaláfrýjendum gjaldeyri á því gengi, sem síðast hafði verið skráð, eftir að Seðlabankinn hafði fellt niður gengisskráningu frá og með 21. ágúst 1974, heldur var bankanum heimilt, úr því að hann afhenti aðaláfrýjendum ferðagjaldeyri, að áskilja sér, að hann yrði greiddur á því gengi, sem skráð yrði, þegar gengisskráning hæfist að nýju.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verða hvorki aðalkrafa né varakrafa aðaláfrýjenda teknar til greina.

Héraðsdómari hefur dæmt gagnáfrýjanda til að endurgreiða aðaláfrýjendum 3.771 krónu (gkr.) af því fé, sem aðaláfrýjendur guldu fyrir ferðagjaldeyri sinn. Enginn ágreiningur er með aðiljum um, að gagnáfrýjanda beri að endurgreiða þessa fjárhæð. En þar sem aðaláfrýjendur hvorki gerðu varakröfu fyrir héraðsdómi um endurgreiðslu þess fjár né heldur hafa þeir gert varakröfu fyrir Hæstarétti um staðfestingu héraðsdómsins, verður að skilja málflutning þeirra svo, að eigi sé krafist dóms um þessa fjárhæð sérstaklega. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af öllum kröfum aðaláfrýjenda í málinu, en rétt er, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Krafa

réttargæslustefnda um, að aðaláfrýjendur greiði honum málskostnað fyrir Hæstarétti, verður ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Landsbanki Íslands, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjenda, Jónasar Haraldssonar og Guðnýjar Jónasdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Gagnáfrýjandi, Landsbanki Íslands, hefur viðurkennt, að honum beri að endurgreiða aðaláfrýjendum, Jónasi Haraldssyni og Guðnýju Jónasdóttur, 37.71 krónu af því fé, er bankinn tók við úr þeirra hendi 26. ágúst 1974. Engu að síður hefur hann krafist sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjenda. Krafa um greiðslu þessarar upphæðar er innan krafna aðaláfrýjenda. Þykir því mega dæma hana, þótt gagnáfrýjendur hafi ekki krafist staðfestingar héraðsdóms. Samkvæmt þessu teljum við, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Að öðru leyti erum við sammála atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1978.

Sjá Hæstaréttardóma 1980, bls. 1585.

Fimmtudaginn 26. mars 1981.

Nr. 103/1979. **Almennar tryggingar h/f og Stefán Thorarensen h/f** (Guðmundur Pétursson hrl.) gegn **Önnu G. Blöndal** (Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðar. Öryggisbelti. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 31. maí 1979. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi byggir stefnda eingöngu kröfur sínar á reglum 3. mgr. 69. gr. og 4. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 40/1968 er boðið, að í bifreiðum, sem skráðar eru eftir 1. janúar 1969, skuli vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti, af gerð, sem Bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir. Bifreiðin R 13005 var fyrst skráð hér á landi 19. apríl 1974. Í henni var öryggisbelti. Er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að gerð þess og fyrirkomulag hafi ekki verið í samræmi við reglur Bifreiðaeftirlitsins nr. 327/1968.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins 7. mars 1978 er öryggisbeltum í bifreiðinni lýst svo: „Öryggisbeltin í bifreiðinni eru af tegundinni Klippan. Þau eru hengd upp í festingu milli hurðanna, og lafir þá lykkja niður undir gólf, þannig að greinileg hætta er á, að farþegi, sem fer út úr aftursæti, lendi með fót í beltinu".

Af gögnum máls verður ráðið, að öryggisbeltið hægra meg-

in í bifreiðinni hafi ekki verið í notkun í ökuferðinni að heimili stefndu, og verður við það að miða, að það hafi hangið uppi í þeim festingum, sem því voru ætlaðar. Atvik slyssins virðast hafa verið þau, að stefnda hafi krækt hægri fæti í lykkju beltisins, er niður lafði, þegar hún hafði opnað dyr bifreiðarinnar og hugðist fara út úr henni.

Öryggisbelti er búnaður, sem skylt er að hafa í bifreiðum af þeirri gerð, sem hér er um fjallað. Við það verður að miða, að öryggisbeltið í R 13005 hafi verið af venjulegri gerð og svo frá því gengið sem ætlast var til og siður er. Verður ekki séð, að um vanbúnað hafi verið að ræða af hendi eiganda eða ökumanns bifreiðarinnar. Þegar svo stendur á sem hér um ræðir, verður ekki talið, að um fébótaskyldu sé að ræða samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga, og ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefndu.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun ber að staðfesta.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Almennar tryggingar h/f og Stefán Thorarensen h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Önnu G. Blöndal, í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. f .m., hefur Anna G. Blöndal, Leifsgötu 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 17. október 1978, á hendur Stefáni Thorarensen h/f, Laugavegi 16, og Almennum tryggingum h/f, Síðumúla 39, báðum í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 6.000.000 með 13% ársvöxtum frá 10. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% árs-

vöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda Stefáni Thorarensen h/f einum eru þær, að sá stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.000.000 í skaðabætur með 13% ársvöxtum frá 10. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað að skaðlausu in solidum samkvæmt mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn með leyfisbréfi, útgefnu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 9. október 1978.

Dómkröfur stefndu eru þær *aðallega,* að þeir verði algerlega sýknaðir og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins, en *til vara,* að dómkröfur stefnanda á hendur þeim verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði þá látinn niður falla gagnvart stefnda Stefáni Thorarensen h/f.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Stefnandi, sem er snyrtisérfræðingur að ment, starfaði sem slíkur í versluninni Oculus í Austurstræti, Reykjavík, samhliða afgreiðslustörfum. Laugardaginn 10. janúar 1976 hafði stefnandi starfað í versluninni fram undir kl. 1400. Að loknum störfum hugðist hún fara heim til sín í strætisvagni eins og venjulega. Verslunarstjórinn, Svala Thorarensen, bauðst þá til að aka henni heim í fólksbifreiðinni R 13005, sem er fjögurra dyra Volkswagen Passat, eign hins stefnda fyrirtækis Stefáns Thorarensen h/f og ábyrgðartryggð hjá Almennum tryggingum h/f. Stefnandi sat í aftursæti bifreiðarinnar, en með þeim Svölu í bifreiðinni var Erla Hjálmarsdóttir, og sat hún í framsæti.

Er bifreiðin kom að heimili stefnanda að Leifsgötu 30, hugðist hún fara út úr bifreiðinni um hægri afturhurð. Stefnandi var þannig búin til fótanna, að hún var í háum stígvélum, en á þau var komið fyrir mannbroddum úr gúmmíi með áföstum göddum. Stefnandi kveðst hafa setið fyrir miðju í aftursætinu og rennt sér eftir sætinu og ætlað út úr bifreiðinni með fæturna á undan. Hún kveðst muna, að hált hafi verið úti og hafi hún því farið varlega. Þegar hún hafi verið að fara út úr bifreiðinni, hafi hún

skyndilega fallið. Kom stefnandi á bakhlutann niður á gangstéttina, og var hægri fótur hennar fastur í öryggisbeltinu í nokkurri hæð frá jörðu. Þegar stefnandi féll, kveðst hún hafa fundið, að brestur hafi orðið í hægri ökklanum, og hafi sér þá strax orðið ljóst, að hún hefði brotnað. Kvaðst stefnandi viss um, að hún hafi eingöngu fallið út úr bifreiðinni vegna þess, að hægri fótur hennar hafði fest.

Öryggisbelti það, sem hér um ræðir, hangir í festingu á staf milli fram- og afturhurðar. Grétar Sæmundsson lögreglumaður skoðaði belti þetta nokkru eftir slysið, og var það þá enn óbreytt. Í skýrslu hans um þessa skoðun, dagsettri 7. mars 1978, segir m. a. svo:

„Öryggisbeltin í bifreiðinni eru af tegundinni Klippan. Þau eru hengd upp í festingu milli hurðanna, og lafir þá lykkja niður undir gólf, þannig að greinileg hætta er á, að farþegi, sem fer út úr aftursæti, lendi með fót í beltinu."

Stefnandi kvaðst ekki hafa tekið neitt eftir öryggisbelti þessu, áður en hún hafi farið út úr bifreiðinni, og taldi sig muna, að hún hefði ekki setið í aftursæti þessarar bifreiðar áður.

Þegar slysið varð, var bifreiðin kyrrstæð, en vél hennar í gangi.

Strax eftir slysið komu þær Svala og Erla Önnu til hjálpar, hagræddu henni inn í aftursæti bifreiðarinnar og óku henni á slysavarðstofu Borgarspítalans. Þar kom í ljós, að hún var bæði brotin og úr liði um hægri ökkla.

Bæði Erla Hjálmarsdóttir, farþegi í bifreiðinni í umrætt sinn, og Svala Thorarensen, öklmaður hennar, hafa gefið skýrslur um slys þetta hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Eru skýrslur þeirra efnislega á sama veg og rakið hefur verið hér að framan. Í skýrslu Svölu Thorarensen kemur enn fremur fram, að framangreind öryggisbelti hafi hangað uppi í venjulegri festingu, en Erla Hjálmarsdóttir hafi ekki verið með það í notkun. Þótt beltið sé í venjulegri festingu, þá nái lykkja þess það neðarlega, að hægt sé að kræka fæti í hana, þegar farið er út úr bifreiðinni. Kvaðst Svala vita eitt dæmi þess eftir umrætt slys, að kona hafi flækt fót í beltislykkjunni og næstum því verið fallin, en slys hafi þó eigi hlotist af. Erla Hjálmarsdóttir sagði, að sig minnti, að eftir slysið hafi hún séð öryggisbeltið „liggja í kös á gólfinu fyrir aftan hægra framsætið".

Röksemdir stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að slysið varði eiganda

bifreiðarinnar R 13005 bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem slysið hafi hlotist af bifreiðinni í notkun og stefnandi hafi óbeint verið flutt gegn gjaldi, þar sem henni hafi verið ekið heim úr vinnu. Stefnandi telur það ekki skipta máli, þótt bifreiðin hafi verið kyrrstæð, er slysið varð, enda sé það eðlilegur þáttur í notkun bifreiðar að stöðva hana til þess að hleypa út farþega.

Verði eigi á það fallist, að hin hlutlæga bótaregla 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga eigi hér við, reisir stefnandi kröfur sínar gagnvart bifreiðareigandanum á 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Í báðum tilvikum vísast um aðild að fébótaábyrgð til 1. mgr. 69. gr. laganna. Gegn hinu stefnda vátryggingarfélagi reisir stefnandi kröfur sínar á 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. sömu laga.

Stefnandi telur orsök slyssins hafa verið hættulega staðsetningu öryggisbeltis og frágang þess. Þetta sýni ljósmyndir, er fylgi rannsóknninni á orsökum slyssins, ljóslega. Öryggisbeltið hafi hangaði á staf milli hurða í bifreiðinni og verið svo sítt og losaralegt, að það hafi verið sem snara um fætur farþega í aftursætinu, er hann steig út úr bifreiðinni. Hafi eigandi bifreiðarinnar og/eða notandi mátt sjá fyrir hættu þessu samfara, en þess engin von verið, að farþegi í bifreiðinni varaðist þetta. Stefnandi hafi sjálfur ekki einasta goldið þessa, heldur tilgreini bifreiðarstjórinn, Svala Thorarensen, í skýrslu sinni við rannsókn málsins annað sambærilegt dæmi, sem þó hafi eigi hlotist slys af. Öryggisbelti tilheyri öryggisbúnaði bifreiða og lögskylt sé að hafa slíkan búnað í öllum bifreiðum. Hins vegar hljóti sú krafa að vera gerð til slíks búnðar, að honum sé þannig fyrir komið og þannig frá honum gengið hverju sinni, að farþegum stafi ekki sérstök hætta af. Ljóst sé, að þeirri kröfu hafi í þessu tilviki ekki verið fullnægt og hljóti eigandi bifreiðar að bera ábyrgð til fébóta á slíkum vanbúnaði bifreiðar og slysum, er af honum hlýst. Vísar stefnandi t. d. til 4. gr. umferðarlaga og auk þess komi hér til álita almennar reglur.

Röksemdir stefndu.

Stefndu benda á það, að hinni ströngu ábyrgðarreglu 67. gr. umferðarlaganna um hlutlæga ábyrgð eiganda ökutækis verði aðeins beitt í því tilviki, sem hér um ræðir, að fullnægt sé eftirfarandi tveim skilyrðum: Í fyrsta lagi, að tjónið hafi hlotist af

ökutæki í notkun, og í öðru lagi, að hinn slasaði hafi verið fluttur gegn gjaldi.

Stefndu mótmæla því sérstaklega, að bifreiðin hafi verið í notkun í merkingu 67. gr. umferðarlaga, er slysið varð. Eigi að beita ábyrgðarreglu 67. gr. umferðarlaganna, verði að vera orsakasamband milli notkunar ökutækis og þess atferlis, sem hefur skaðabótaskyldu í för með sér. Í þessu tilviki hafi ekkert orsakasamband verið milli slyssins, þ. e. a. s. að stefnandi festir fótinn í öryggisbelti bifreiðarinnar, og hinnar almennu notkunar bifreiðarinnar. Skaðabótaskylda á hendur eiganda bifreiðarinnar verði því ekki byggð á 67. gr. umferðarlaganna.

Enn fremur mótmæla stefndu því, að stefnandi hafi verið flutt gegn gjaldi í umrætt sinn. Ökumaður bifreiðarinnar hafi tekið stefnanda með í bifreiðina og leyft henni að sitja í heim til sín, þar sem það hafi auk þess virst sáralítill krókur fyrir ökumanninn. Þá liggi það enn fremur fyrir í málinu, að stefnandi hafi verið að störfum hjá versluninni Oculus, Austurstræti 7, en ekki hjá stefnda í málinu Stefáni Thorarensen h/f, eiganda bifreiðarinnar. Því sé útilokað, að um nokkurt gjald til þess fyrirtækis geti hafa verið að ræða.

Ef stefnandi vilji hins vegar byggja skaðabótaskylduna á saknæmisreglu 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna, verði hún að sýna fram á saknæmt atferli hjá stefnda eða ökumanni bifreiðarinnar, ef stefndi beri ábyrgð á verkum ökumanns samkvæmt reglum þeim, er gildi um ábyrgð atvinnurekanda á starfsmönnum sínum. Eigandi bifreiðarinnar sé fyrirtækið Stefán Thorarensen h/f, en stefnandi hafi á þessum tíma verið starfsmaður hjá versluninni Oculus h/f, sem sé sjálfstætt hlutafélag, og ökukonan, Svala Thorarensen, sé skráð í stjórn þess félags og verslunarstjóri hjá Oculus h/f. Stefnandi hafi því á þessum tíma eigi verið starfsmaður eiganda bifreiðarinnar. Verði hann því ekki gerður ábyrgur samkvæmt þeim reglum, er gilda um ábyrgð atvinnurekanda á starfsfólki sínu.

Skaðvaldurinn í þessu máli sé eitt af öryggistækjum bifreiðarinnar, sem lögskylt sé að hafa í öllum bílum samkvæmt 5. gr. umferðarlaganna. Viðkomandi öryggisbelti hafi verið í bifreiðinni, þegar hún var skoðuð síðast fyrir slysið, og engar athugasemdir gerðar varðandi það. Þannig hafi Bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennt það sem löglegt, sbr. 5. gr. umferðarlaga, j lið. Því sé það langsótt, ef sakfella eigi ökumenn fyrir að hafa í bifreið sinni þau öryggistæki, sem lög mæli fyrir um. Ekkert hafi heldur

komið fram um það, að öryggisbeltin hafi verið í neinu ólagi, og það sé ekki í neinu samhengi við notkun bifreiðarinnar sem slíkrar að flækja fótinn í öryggisbeltinu.

Þá halda stefndu því einnig fram, að ekki verði annað séð en að óhapp þetta stafi fyrst og fremst af ógætni stefnanda sjálfs. Megi í því sambandi sérstaklega benda á, að hún hafi verið með mannbrodda á skóm sínum. Slíkir mannbroddar geri allar hreyfingar óeðlilegri og stirðari en ella og hafi því ef til vill átt þátt í því, að hún festist í bílbeltinu.

Niðurstaða dómsins.

Það er eðlilegur og óhjákvæmilegur þáttur í notkun bifreiðar, að farþegar fari inn í bifreið og út úr henni. Bifreið sú, sem hér um ræðir, telst því hafa verið „ökutæki í notkun" í merkingu 67. gr., 1. mgr., umferðarlaganna nr. 40/1968. Hins vegar á hin hlutlæga bótaregla 1. mgr. 67. gr. umferðarlaganna eigi við í því tilviki, sem hér um ræðir, þar sem stefnandi var farþegi í bifreiðinni, þegar slysið varð, og dómarinn getur ekki fallist á það með stefnanda, að hún hafi verið flutt í bifreiðinni gegn gjaldi.

Kemur þá næst til álita fébótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna. Öryggisbeltin í bifreiðinni voru af tegundinni Klippan. Eins og fyrr var rakið í dóminum, voru þau hengd upp í festingu á staf milli fram- og afturhurðar, og lafir þá lykkja niður undir gólf, svo sem fram kemur í skýrslu Grétars Sæmundssonar lögreglumanns. Í skýrslu Erlu Hjálmarsdóttur, sem var farþegi í bifreiðinni, kemur fram, að hana minnir, að hún hafi séð beltið „liggja í kös á gólfinu fyrir aftan hægra framsætið" eftir slysið. Svala Thorarensen, ökumaður bifreiðarinnar, hefur borið, að hún vissi dæmi þess, að kona hafi flækt fót í beltislykkjunni eftir framangreint slys og næstum verið fallin.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið í sambandi við margnefnt öryggisbelti bifreiðarinnar, verður að telja, að búnaður þess hafi verið til þess fallinn að skapa hættu á því, að farþegi, sem fór út úr aftursæti bifreiðarinnar, lenti með fót í beltinu. Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. umferðarlaganna, sbr. 3. mgr. sömu greinar, ber eigandi bifreiðarinnar, stefndi Stefán Thorarensen h/f, fébótaábyrgð á þessum vanbúnaði bifreiðarinnar, og skiptir það eigi máli um fébótaábyrgð hans, enda þótt stefnandi eða ökumaður bifreiðarinnar hafi eigi verið starfsmaður stefnda

Stefáns Thorarensen h/f. Ekki leysir það þennan stefnda heldur undan fébótaábyrgð á slysinu, enda þótt Bifreiðaeftirlit ríkisins hafi ekki gert athugasemd vegna búnaðar öryggisbeltanna, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands, 28. bindi, bls. 102 (Elli- og hjúkrunarheimilið Grund gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs).

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til 1. mgr. 69. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar, 3. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga verður stefndu dæmd óskoruð skaðabótaskylda gagnvart stefnanda á framangreindu slysi, enda verður ekki talið, að hún eigi sjálf nokkra sök á því.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfu sína þannig:

1. Örorkubætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku ..... kr. 9.000.000
2. Miskabætur, þar undir þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum ..... kr. 1.000.000

Kr. 10.000.000

Um 1. kröfulið.

Eins og fyrr var að vikið í dóminum, var stefnandi flutt á slysadeild Borgarspítalans eftir slysið, þar sem gert var að meiðslum hennar og hún dvaldi til 17. janúar 1976. Stefnandi var síðan lögð inn á Landspítalann í september 1977, og var þar gerð aðgerð á ökklalið hægri fótar, þannig að liðurinn var gerður stífur.

Í málinu liggja fyrir tvö örorkumöt á stefnanda. Hið fyrra er dagsett 11. júlí 1978, gert af Jóni Guðgeirssyni lækni. Í því segir m. a. svo:

„*Ályktun:* Um er að ræða 61 árs gamla fyrrverandi verslunarkonu, sem brotnaði um hægri ökklalið fyrir 2½ ári síðan. Gert var að meiðslum hennar á slysadeild Borgarspítalans, en seinna komu í ljós arthrosu-breytingar í liðnum (slitgigtarbreytingar) með vaxandi verkjum og stirðleika þar. Það var því talin ástæða að gera arthrodesu (liðinn stífan), þar sem slasaða hafði bæði álags- og hvíldarverki í ökklanum. Aðgerðin var gerð á bæklunarlækningadeild Landspítalans í sept. '77, og greri arthrodesan á venjulegum tíma. Slasaða hefur hins vegar ekki losnað við verkina í ökklaliðnum og hefur því hlíft hægri ganglim. Hún kvartar nú mjög yfir þreytuverki í vinstri ganglim, hægri hnélið og í mjóbaki, og stafar þetta trúlega af því, að hún hlífir hægri ganglim. Hún staulast áfram við tvo hækjustafi. Afleiðingar slyssins hafa einnig haft áhrif á sálarlíf hennar, sem komið hefur

fram í vaxandi þunglyndi. Anna Guðrún hefur verið alveg óvinnufær, frá því slysið skeði, og litlar líkur á, að veruleg breyting til batnaðar verði úr þessu.

Tímabært þykir því að meta bæði þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér greinir:

Frá slysdegi til 30.6. '78 100%
Eftir það varanlega 30%."

Ólafur Jónsson læknir hefur einnig metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Örorkumat hans er dagsett 16. ágúst 1978. Í niðurlagi örorkumatsins ályktar læknirinn svo:

„*Ályktun:* Hér er um að ræða 61 árs gamla fyrrverandi verslunarkonu og snyrtisérfræðing, er varð fyrir slysi fyrir rúmlega einu og hálfu ári, þannig að hún brotnaði á hægri ökla, en síðan leiddu afleiðingar brotsins til aðgerðar á öklanum, þannig að hann hefur nú verið gerður stífur. Ástand ganglimsins er nú þannig, að konan staulast áfram við tvo hækjustafi, og er ljóst, að slysið og afleiðingar þess hafa haft mjög mikil áhrif á sálarlíf konunnar og leitt mjög til vaxandi þunglyndis, þannig að hún er algerlega óvinnufær og mjög litlar líkur á, að breyting verði á því á næstunni. Konan hefur þegar verið metin meira en 75% öryrki á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, og undirritaður hefur undir höndum örorkumat gert af Jóni Guðgeirssyni lækni frá 11.07.1978, þar sem örorka vegna þessa umrædda slyss er metin 100% til 30.06.1978, en eftir það varanleg 30%.

Undirritaður getur eftir atvikum fallist á niðurstöður Jóns læknis Guðgeirssonar varðandi fótarskaðann, en hins vegar verður að líta svo á, að slysið og afleiðingar þess hafi gjörbreytt högum þessarar konu, þannig að fyrir slysið mun hún hafa haft allt að því fulla starfsgetu miðað við aldur og hæfni, en frá slysdegi verið algerlega óvinnufær og er nú örorkulífeyrisþegi og engar líkur á, að það ástand breytist til batnaðar.

Við aðstæður sem þessar telur undirritaður, að örorkumat verði að verulegu leyti að byggjast á þeirri breytingu, er varð á högum konunnar vegna slyssins, og meta beri örorkuna hærra en töflur geri ráð fyrir. Þessi kona hefur um áratuga skeið unnið meira en hálfa vinnu utan heimilis, en eftir slysið hefur hún ekki verið fær um að sinna sjálfri sér heima við og algerlega slegin út af vinnumarkaði. Undirritaður telur örorku þá, er hlaust af slysinu þ. 10.01.1976 vera hæfilega metna 100% frá slysdegi til 30.06.1978 eftir það varanlega 50%."

Þar eð svo mikils misræmis gætir í örorkumötum læknanna varðandi hina varanlegu örorku, ákvað dómarinn í samráði við lögmenn málsaðilja að kveðja til tvo sérfróða lækna sem meðdómendur. Þannig skipaður yfirheyrði dómurinn stefnanda hinn 24. apríl 1979, og hinir sérfróðu meðdómendur skoðuðu afleiðingar meiðsla hennar í hægri ökkla.

Með hliðsjón af örorkumötunum og framangreindri skoðun hinna sérfróðu meðdómenda ákveður dómurinn varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins 40% frá 30. júní 1978.

Jón Erlingur Þorlaksson tryggingafræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grudvelli framangreinds örorkumats Ólafs Jónssonar læknis.

Útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 29. september 1978. Tryggingafræðingurinn reiknar út tjónið á tvennan hátt: Í fyrsta lagi samkvæmt framtöldum tekjum stefnanda þrjú árin fyrir slysið. Varðandi þá reikningsaðferð segir tryggingafræðingur svo í útreikningi sínum:

„Laun hennar hafa þessi ár verið til jafnaðar 92.8% af hámarkslaunum afgreiðslufólks í 4. lfl. samnings Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Á þeim grundvelli eru áætlaðar tekjur framvegis og tekjutap af völdum slyssins:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
Árið 1976	801.000	539.100
Árið 1977	1.042.400	521.200
Árið 1978	1.589.500	794.700
Síðan árlega	1.777.800	888.900

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 324.800
Vegna varanlegrar örorku	— 4.747.000
Samtals	kr. 5.071.800“

Í öðru lagi byggir tryggingafræðingurinn útreikning sinn á því, að tekjur stefnanda hafi verið 100% í 4. launaflokki Verslunarmannafélags Reykjavíkur, og verður þá samsvarandi niðurstaða og að framan greinir þessi:

„Vegna tímabundinnar örorku kr. 350.000
Vegna varanlegrar örorku — 5.115.300

Samtals kr. 5.465.300“

Tryggingafræðingurinn lætur þess getið, að við útreikning höfuðstólsandvirðis séu notaðir 13% ársvextir, dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Eigi sé tekið tillit til skatta, hugsanlegra launa í veikindaforföllum eða bóta frá Tryggingastofnun ríkisins.

Lögmaður stefnanda hefur gert mun hærri fjárkröfu samkvæmt þessum lið heldur en útreikningar tryggingafræðingsins gefa tilefni til. Í greinargerð lýsir lögmaðurinn því yfir, að þessu valdi óðaverðbólga sú, sem stöðugt geysi, og sú staðreynd, að rekstur máls þessa fyrir dómstólum muni taka nokkurn tíma. Stefndu mótmæla þessum kröfulið sem allt of háum. Benda þeir á, að stefnandi hafi farið langt út fyrir útreiknaðar bætur tryggingafræðingsins. Auk þess mótmæla stefndu örorkuútreikningi tryggingafræðingsins sem allt of háum, þar sem ekkert tillit sé tekið til eingreiðslu og skattfríðinda bóta sem þessara. Þá beri einnig að draga frá bætur, sem stefnandi hafi fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, þ. e. dagpeningar á tímabilinu 7. janúar 1977 til 30. júní 1978, kr. 911.844, svo og laun þau, sem Oculus h/f hafi greitt stefnanda eftir slysið, að fjárhæð kr. 720.901.

Við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið ber að miða við útreikning tryggingafræðingsins, byggðan á raunverulegum tekjum stefnanda síðustu þrjú árin fyrir slysið, og enn fremur við 40% varanlega örorku, svo sem fyrr er að vikið. Þegar þetta er haft í huga svo og lækkunarröksemdir stefndu, er lúta að eingreiðslu bóta þessara og skattfrelsi, þá þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega metið kr. 3.000.000. Frá þeirri fjárhæð ber að draga dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 911.844, svo og laun, er stefnandi fékk greidd frá vinnuveitanda sínum, Oculus h/f, eftir slysið, kr. 720.901.

Eftir standa þá kr. 1.367.255 samkvæmt þessum lið.

Um 2. kröfulið.

Undir þessum lið gerir stefnandi kröfu til einnar milljón króna

bóta fyrir miska, þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum.

Af hálfu stefndu er miskabótakröfu þessari mótmælt sem allt of hárri. Hér sé um áætlunarfjárhæð að ræða, sem dómurinn verði að sjálfsögðu að meta.

Þegar höfð er í huga sjúkrasaga stefnanda, afleiðingar slyssins svo og hin mikla röskun, er orðið hefur á stöðu og högum stefnanda af völdum slyssins, þykir mega taka þennan kröfulið til greina að fullu.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndu er in solidum gert að greiða stefnanda kr. 2.367.255 með 13% ársvöxtum frá 10. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndu in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 607.400 og rennur í ríkissjóð, þar sem mál þetta er gjafsóknarmál.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst kr. 607.400 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 537.000 í talsmannslaun.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Hauki Þórðarsyni yfirlækni og Jónasi Hallgrímssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndu, Stefán Thorarensen h/f og Almennar tryggingar h/f, greiði in solidum stefnanda, Önnu G. Blöndal, kr. 2.367.255 með 13% ársvöxtum frá 10. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndu greiði in solidum málskostnað að fjárhæð kr. 607.400, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst kr. 607.400 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 537.000 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. mars 1981.

Nr. 207/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn
Viggó Emil Bragasyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Opinberir starfsmenn. Vanrækslа í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Óhæfilegt var af ákærða að nota tæknibúnað ritsímans til að senda skeyti það, er ákæra lýtur að, en hann samdi sjálfur texta þess með tilbúinni undirskrift. Gat honum ekki dulist, að með þessu háttalagi kom hann af stað atburðarás, sem fól í sér hættu á, að skeytið yrði borið út til skráðs viðtakanda, svo sem raun varð á. Bar honum sjálfum að gera virkar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir útburð skeytisins, og voru viðtöl hans við samstarfsmann sinn eigi einhlít í því efni. Þykir héraðsdómari réttilega hafa fært háttsemi ákærða til 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber að staðfesta héraðsdóm um val viðurlaga samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Viggó Emil Bragason, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs

verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 110/1979: Ákæruvaldið gegn Viggó Emil Bragasyni, sem tekið var til dóms 27. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 7. þ. m., gegn Viggó Emil Bragasyni símritara, Blikahólum 12, fæddum 4. nóvember 1942 í Reykjavík, „fyrir stórfellda vanrækslu og hirðuleysi í ofangreindu starfi, svo sem rakið er:

Mánudaginn 3. júlí 1978 falsaði ákærði símskeyti á norsku- og sænskublendingi til Dagblaðsins í Reykjavík þess efnis, að Alþýðuflokkurinn hefði þegið frá sænskum og finnskum aðilum samtals 283.200 sænskar krónur í styrk, og var Sven Dahlin, ritari hinnar norrænu samstarfsnefndar jafnaðarmanna, borinn fyrir ofangreindri fjárhæð. Ákærði falsaði undir skeytið tilbúið nafn Oddvars Dröjbak hjá Verdens Gang í Oslo og sendi það á milli fjarritatækja í ritsímastöðinni og lét hjá líða að eyðileggja skeytið, sem borið var út næsta fimmtudag og varð tilefni forsíðufréttar í Dagblaðinu daginn eftir.

Telst þetta athæfi ákærða varða við 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik eru sem hér segir:

Ákærði starfaði sem yfirsímritari hjá ritsímanum, uns honum var veitt lausn frá störfum til bráðabirgða hinn 7. júlí 1978 í tilefni af atviki því, sem mál þetta er risið af. Með bréfi, dags. 2. ágúst, fól samgönguráðuneytið póst- og símamálastjóra að víkja ákærða úr starfi hjá stofnuninni.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi numið loftskeytafræði og símritun og ráðist 1966 í þjónustu ritsímans. Hann hafi verið skipaður símritari 1969 eða 1970 og starfað sem yfirsímritari frá 1971 eða 1972.

Föstudaginn 7. júlí 1978 birtist í Dagblaðinu, sem út er gefið

hér í borg, frétt efst á forsíðu með fyrirsögninni: „Fjárstuðningur norrænna krataflokka: Staðhæft að styrkurinn nemi 33 milljónum alls — en hvar er þá helmingur þess fjár niðurkominn?“ Í frétt þessari greinir blaðið frá upplýsingum, sem blaðinu hafi borist frá Oddvar Dröjbak hjá Verdens Gang í Osló, „en hann tók að sér að kanna málið fyrir DB,“ segir í fréttinni. Samkvæmt upplýsingum þessum hafi Alþýðuflokkurinn þegið frá jafnaðarmannaflokkum á Norðurlöndum fjárstyrk, er nemi 472.200 sænskum krónum. Einnig segir í fréttinni, að Marianna Saar, gjaldkeri finnska jafnaðarmannaflokksins, hafi staðfest, að þaðan hafi íslenska jafnaðarmannaflokknum borist 108.000 sænskar krónur.

Heimild Dagblaðsins að þessari frétt var símskeyti, sem blaðinu barst og virðist hafa verið borið út 6. júlí. Texti skeytis þessa verður tekinn hér upp:

„dagbladet þverholt ii att jb petursson
reykjavik
vþr telefonsamtale igrþ
vidare oplysningar fremkommet angþende svenska socialdemokratiske bidragelse til islands socialdemokratiske parti redegörelse for 1976/77 overförsler fra sekreterare sven dahlin for nordiska samarbetskommitteen fastslþr totalbelöpp skr 475.200 stop
endvidere fra marianna saar helsinki, sekreterare för finlands socialdemokratiske prtii anslþr totalbelöpp skr 108.000 stop
ingen detaljered redegörelse kan ventes fra danmark förend början september grundet sommerferier stop
venligst notere at i den originale nkr. 575.000 belöpp var skr 82.500 indberegnet som tidigare var fremkommet har idag postat detaljered redegörelse for fremkommit belöpp samt fotokopier av sveriges og finlands breve
venliga helsninger
oddvar dröjbak verdens gang oslo“

Í máli þessu er leitt í ljós, að hér var um að ræða tilbúið skeyti, er ákærði hafði samið og sent í gegnum fjarritatæki á vinnustað sínum.

Ákærði kveðst hafa verið á vakt 3. júlí. Hann segir sér hafa komið í hug að glettast við starfsfélaga sinn Jón Kr. Óskarsson, sem sé Alþýðuflokksmaður og hafi verið kátur yfir nýafstöðnum kosningasigri flokks síns. Skeytið kveðst ákærði hafa samið til þess að stríða Jóni. Hann hafi samið það sjálfur og haft

þá í huga nýleg skrif í Dagblaðinu um fjárstyrki til Alþýðuflokksins frá Norðurlöndum. Efni skeytisins hafi annars verið tilbúningur, enda hafi aldrei verið ætlunin, að skeytið yrði borið út. Svo hafi hagað til, að Jón Kr. Óskarsson hafi fengið skeytið í hendur, en til þess hafi leikurinn verið gerður. Ákærði kveðst hafa fylgst með því, er Jón tók við skeytinu, og farið þá að tala við hann um það, en Jón hafi ekkert viljað um það tala og afgreitt skeytið á venjulegan hátt. Ákærði kveðst hafa talað við Þórunni Sigurlaugu Jóhannsdóttur ritara og beðið hana að eyðileggja skeytið, en hún hafi vitað, hvernig skeytinu var háttað. Sjálfur kveðst ákærði hafa tekið afritið af skeytinu og eyðilagt það og hann hafi ekki vitað annað en Þórunn hefði eyðilagt frumritið.

Vitnið Þórunn Sigurlaug Jóhannsdóttir, 21 árs að aldri, segir, að ákærði hafi haft við orð hinn 1. júlí, að hann ætlaði sér að stríða Jóni Kr. Óskarssyni, þannig að senda skeyti, sem kæmi inn á gentex-tækið hjá Jóni og liti út eins og það kæmi frá Noregi. Þórunn kveðst hafa sagt ákærða að gera þetta einhvern tíma, þegar hún væri við. Mánudaginn 3. júlí hafi ákærði svo sagt henni, að gentex-skeyti nr. 33 væri skeyti það, sem ætlað væri Jóni, og beðið hana að sjá til þess, að skeytið færi ekki út. Skeytið hafi svo komið til hennar frá Jóni Kvaran varðstjóra og hún sett það niður í skúffu hjá sér og ætlað að eyðileggja það, þegar Jón Kr. Óskarsson væri farinn af vaktinni, en hann muni hafa farið um kl. 20. Þórunn minnist þess, að áður hafi ákærði verið búinn að spyrja hana, hvort hún væri búin að eyðileggja skeytið, og hún neitað því. Í því hafi Jón Kvaran kallað til hennar til þess að bera saman númer með sér. Þórunn segir, að hún hafi farið af vakt kl. 21 og rétt áður hafi ákærði spurt hana að því á ný, hvort hún væri búin að eyðileggja skeytið, og hún kveðst hafa svarað því játandi. Þórunn gefur þá skýringu á þessu svari sínu, að þetta hafi verið einhver meinloka hjá sér eða kæruleysi. Hún hafi einhvern veginn ekki munað eftir skeytinu.

Þórunn fór svo í sumarleyfi næsta dag, og hefur skeytið orðið eftir hjá henni í skúffunni. Samkvæmt rannsóknargögnum hefur varðstjóri tekið skeytið á fimmtudagsmorgni og sent það út með öðrum skeytum.

Eins og áður segir, kannast ákærði við, að efni skeytisins sé tilbúningur einn að öllu leyti. Nafnið Oddvar Dröjbak er tilteki ð af handahófi, enda er enginn maður með því nafni hjá Verdens Gang í Osló. Sven Dahlin er til samkvæmt upplýsingum

frá fréttastjóra Dagblaðsins, enn fremur Marianna Saan (Saar í skeytinu).

Álit dómara.

Sannað er, að ákærði hafði í frammi háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Ekkert bendir til þess, að illfýsi hafi ráðið gerðum hans, og er ekki ástæða til að ætla annað en að hann hafi aðeins ætlað sér að glettast við samstarfsmann sinn, eins og ákærði heldur sjálfur fram. Ákærði gerði sannanlega ráðstafanir til þess, að skeytið yrði ekki borið út, fól Þórunni Jóhannsdóttur að eyðileggja það og tvíspurði eftir, hvort það hefði verið gert, og fékk jákvætt svar í síðara skiptið. Þórunn brást hins vegar loforði sínu um að eyðileggja skeytið og gleymdi því í skúffu sinni. Hefur hér tekist í meira lagi slysalega til, og var ákærða nokkur vorkunn, þótt hann teldi sig hafa búið svo um hnútana, að skeytið færi ekki út. Hins vegar verður að telja það óhæfu af ákærða að nota tæknibúnað ritsímans til þess að hafa í frammi spéskap, og kemst hann ekki hjá því að bera ábyrgð á, að skeytið var borið út og varð þannig heimild að blaðafrétt. Samkvæmt 141. gr. alm. hegningarlaga varðar það refsingu, ef opinber starfsmaður gerist sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi. Um ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi er ekki að ræða eftir því sem ráðið verður af gögnum málsins, en aftur á móti verður að telja það athæfi ákærða, er lýst hefur verið, stórfellt hirðuleysi, er varði við nefnda 141. gr.

Ákærði hefur eigi fyrr sætt neinum refsingum, nema hvað hann hefur sæst á greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot og umferðarlagabrot. Með hliðsjón af því, að ákærði missti stöðu sína hjá ritsímanum, þykir mega ákveða að fresta að dæma honum refsingu. Verður engin refsing dæmd, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga 2 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði verður dæmdur til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Viggós Emils Bragasonar, er frestað, og verður refsing ekki dæmd, ef ákærði heldur í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Föstudaginn 27. mars 1981.

Nr. 103/1980. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn
Halldóri Stefáni Þormar
(Hörður Ólafsson hrl.).

Brot gegn 106. gr. og 108. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða.

Hér fyrir dómi var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds, að fallið væri frá ákæru fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kemur þetta ákæruatriði því eigi til álita.

Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að hann hefur ekki sætt refsingu eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi, og ber að staðfesta úrlausn hans um brot ákærða gegn 106. gr. og 108. gr. almennra hegningarlaga, sbr. og 11. gr. laga nr. 101/1976 að því er varðar nefnda 106. gr.

Refsingu ákærða ber að tiltaka með hliðsjón af 1. mgr.

77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin 15 daga varðhald skilorðsbundið, svo sem greinir í héraðsdómi, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, en ekki þykir ástæða til að dæma ákærða einnig til greiðslu sektar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Stefán Þormar, sæti varðhaldi 15 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að tveim árum liðnum frá 28. nóvember 1979, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. nóvember 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 28. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 518/1979: Ákæruvaldið gegn Halldóri Stefáni Sigurmarssyni Þormar, sem tekið var til dóms 26. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 2. maí sl., gegn Halldóri Stefáni Sigurmarssyni Þormar, Álfhólsvegi 143, Kópavogi, fæddum 23. júlí 1921 að Skriðuklaustri í Fljótsdal, „fyrir brot gegn valdstjórninni og fyrir að stofna mannslífi í hættu, svo sem rakið er:

Þriðjudaginn 27. febrúar 1979, er Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hugðist svipta ákærða vörslum bifreiðarinnar R 46621, á grundvelli fjárnáms í henni, á Hlemmtorgi í Reykjavík, veittist ákærði að fulltrúanum, stjakaði honum frá bifreiðinni og kallaði hann „helvítis ræfil", settist upp í bifreiðina og ók henni hiklaust af stað, þótt Ólafur stæði framan við hana, og fékk fógetinn með naumindum borgið sér undan bifreiðinni.

Ákærði ók á brott, og varð gerðinni eigi lokið af þeim sökum.

Telst þetta atferli ákærða varða við 1. mgr. 106. gr., 108. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik.

Hinn 18. desember 1978 var í fógetarétti Kópavogs gert fjárnám samkvæmt kröfu Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns í bifreið ákærða, R 46621 (Ford Bronco, árg. 1974), til tryggingar skuld að fjárhæð 760.000 kr. ásamt vöxtum.

Hinn 27. febrúar sl. var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur að svipta ákærða vörslum nefndrar bifreiðar á grundvelli fjárnámsins. Dómþingið var háð á Hlemmtorgi hér í borg, en ákærði rekur söluturn, sem þar stendur. Bifreið ákærða stóð þar hjá. Fógeti var Ólafur Sigurgeirsson borgarfógetafulltrúi, og voru í för með honum Sigurmar Albertsson héraðsdómslögmaður og Skúli Sigurz stefnuvottur, en hann mætti fyrir hönd gerðarbeiðanda, Stefáns Pálssonar, og krafðist vörslusviptingar. Einnig kom á vettvang Steinar Már Gunnsteinsson, bifreiðarstjóri hjá Vöku h/f, er fógeti kvaddi til þess að draga burt bifreið ákærða.

Þarna á staðnum urðu þeir atburðir, sem leitt hafa til málssóknar þessarar, en ekki varð úr hinni fyrirhuguðu vörslusviptingu vegna þess, að ákærði fór inn í bifreið sína og ók henni burt án samþykkis fógeta.

Ólafur Sigurgeirsson lýsir atvikum svo, að hann hafi komið á vettvang í fylgd með Skúla og Sigurmar og verið klæddur einkennisfrakka. Hann kveðst hafa farið að lúgu söluturnsins og hafi ákærði verið þar fyrir innan. Ólafur kveðst hafa spurt eftir Halldóri Þormar, en ákærði ansað því, að hann væri ekki þarna. Þá kveðst Ólafur hafa hringt eftir bifreið frá Vöku, og er hún hafi verið komin og bifreiðarstjórinn hafi verið búinn að festa króka í bifreið ákærða, hafi ákærði komið út og nú kynnt sig.

Ólafur kveðst hafa útskýrt erindi sitt fyrir ákærða, sem hafi mótmælt aðgerðunum, en er Ólafur gerði honum ljóst, að mótmælin yrðu ekki tekin til greina, hafi ákærði orðið illmálgur við hann og m. a. kallað hann „helvítis ræfil". Ólafur kveður hann hafa einnig stjakað við sér. Ákærði hafi nú viljað fá að fara inn í bifreiðina, en það kveðst Ólafur ekki hafa samþykkt og hafi hann alls ekki hafa ætlað að hleypa ákærða inn. Ákærði hafi þá farið yfir að hægri hlið bifreiðarinnar og þar inn, læst dyrunum og fært sig undir stýri og sett vélina í gang. Ólafur kveðst hafa beðið hann að stansa og fært sig fram fyrir bifreiðina, en ákærði hafi þá ekið af stað, reyndar þó hægt og rólega, svo Ólafur kveðst ekki hafa átt í neinum erfiðleikum að forða sér. Ákærði hafi síðan ekið brott, og drógust með bifreiðinni keðjur og krókar, sem búið hafði verið að festa í hana.

Ákærði heldur því fram, að sér hafi heyrst, að spurt væri eftir Haraldi, og hann því sagt, að hann væri ekki þarna. Ákærði kveðst ekki hafa séð í fyrstu, að neinn mannanna væri í einkennisbúningi. Síðan kveðst ákærði hafa séð, að kranabíll var kominn og verið var að festa keðjur aftan í bíl hans, og þá hafi hann farið út og spurt, hvort það ætti að stela bílnum. Þá hafi einn mannanna kynnt sig sem fógeta og sagt, að verið væri að taka bílinn eftir kröfu Stefáns Pálssonar. Ákærði kveðst hafa mótmælt tökunni og beðið þess, að hann mætti aka upp í Mávahlíð til lögmanns síns, Harðar Ólafssonar, en því verið neitað. Ákærði kveðst einnig hafa beðið um að fá að komast inn í bifreiðina, enda kveðst hann hafa geymt þar mikil verðmæti, svo sem birgðir af tóbaksvörum og sælgæti, en fógeti hafi ekki viljað hleypa honum inn. Segist ákærði í orðahnippingum við Ólaf hafa kallað hann helvítis asna. Ólafur hafi staðið í bildyrunum, en ákærði kveðst þá hafa farið hægra megin og þar inn og Ólafur ekki varað sig á þessu. Hann hafi þá farið fram fyrir bifreiðina, en ákærði kveðst hafa ekið af stað í 1. gír og lagt um leið á stýrið til vinstri, þannig að bifreiðin sneiddi hjá Ólafi. Ákærði segir, að engin hætta hafi verið á, að hann ynni fógeta mein, enda hafi hann ekið hægt og haft fullt vald á að stöðva bifreiðina, ef þurft hefði.

Ákærði segist hafa litið svo á, að aðgerðir fógeta væru löglausar, þar sem hann hafi verið búinn að fá þær upplýsingar, að áfrýjun fjárnámsgerðar frestaði öllum áhrifum hennar og vörslusvipting væri óheimil.

Vitnið Sigurmar Albertsson segir, að Ólafur hafi gengið að

lúgu söluturnsins og spurt mann, sem verið hafi þar fyrir innan, hvort hann væri Halldór Þormar, en maðurinn neitað því. Þá hafi Ólafur farið og hringt til Vöku eftir bifreið, og er hún kom, hafi áðurnefndur maður komið út og nú kynnt sig sem Halldór Þormar. Hann hafi mótmælt tökunni á bíl sínum og verið æstur. Hann hafi viðhaft einhver skammaryrði, er Sigurmar kveðst ekki geta tilgreint nánar. Sigurmar kveðst ekki hafa séð ákærða leggja hendur á Ólaf. Ákærði hafi síðan beiðst þess að mega taka eitthvert dót úr bílnum og farið síðan inn í hann, en sett þá í gang. Ólafur hafi farið fram fyrir bílinn, en ákærði ekið af stað og Ólafur þurft að forða sér. Sigurmar segir, að litið hafi út fyrir, að ákærði hefði ekið á Ólaf, ef hann hefði ekki vikið, og telur hann ákærða hafa stofnað Ólafi í hættu með athæfi sínu.

Vitnið Skúli Sigurz segir, að ákærði, sem hann þekkti í sjón, hafi verið inni í söluturninum, en þegar Ólafur spurði eftir Halldóri Þormar, hafi ákærði neitað því, að hann væri þarna. Er Steinar hafi verið farinn að festa keðjur með krókum undir Bronco bílinn, hafi ákærði komið út og mótmælt tökunni, þar eð fjárnáminu hefði verið áfrýjað. Ólafur hafi útskýrt, að áfrýjun frestaði ekki vörslusviptingu, en ákærði hafi ekki viljað sætta sig við þetta og ýtt við Ólafi og Steinari og kallað fógeta helvítis aumingja eða réttara sagt helvítis ræfil. Síðan hafi hann spurt, hvort hann mætti ekki taka muni úr bíl sínum, og Ólafur leyft það. Þá hafi hann farið inn í bílinn, lokað og sett í gang. Ólafur hafi gengið fram fyrir bílinn, en ákærði ekið af stað og Ólafur þurft að hlaupa frá, en ákærði hafi síðan ekið burt með keðjutaugarnar aftan í bílnum.

Vitnið Steinar Már Gunnsteinsson skýrir svo frá, að fógeti hafi beðið hann að taka Bronco bifreiðina og draga hana burt. Kveðst Steinar þá hafa bakkað kranabifreið sinni að og farið út og tekið að festa keðjur í hásingu Bronco bílsins. Þá hafi ákærði komið að og sagt, að hann færi ekki burt með bíl sinn. Ákærði hafi eitthvað verið að rífast við fógetann, en ekki kveðst Steinar geta sagt um það, hvaða ummæli hann hafi viðhaft. Ólafur hafi nú mælt svo fyrir, að bíllinn skyldi færður á burt, en ákærði hafi þá verið búinn að opna hann. Steinar segir, að sér hafi skilist, að ákærði ætlaði inn í bílinn til þess að taka þaðan einhverja muni, en hann hafi þá farið inn í bílinn og sett í gang og ekið af stað. Ólafur hafi farið fram fyrir bílinn til þess að hindra, að ákærði færi, en ákærði hafi eigi að síður ekið áfram

og Ólafur orðið að forða sér, til þess að bíllinn lenti ekki á honum.

Niðurstöður.

Ákærði ók bifreið sinni brott af staðnum, þótt fógeti hefði skýrt honum frá ákvörðun sinni um vörslusviptingu, en ákvörðun þessari var ákærða skylt að hlíta. Ákærði hindraði fógetann þannig með ofbeldi í að sinna skyldustarfi sínu og hefur þannig unnið til refsingar samkvæmt 106. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hafði í frammi móðgandi ummæli („helvítis asni") við fógeta, og varðar það ákærða refsingu samkvæmt 108. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði ók bifreið sinni af stað og nam ekki staðar, þótt fógeti færi fram fyrir bifreiðina. Af vitnaframburðum virðast líkur á, að hann hafi þannig stofnað lífi eða heilsu Ólafs í nokkra hættu, en þegar litið er til vættis Ólafs sjálfs, sem telur ákærða hafa ekið hægt og rólega af stað og hann hafi átt auðvelt með að víkja sér undan, þykir ekki fyllilega sannað, að svo hafi staðið á, að 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga eigi við.

Í máli þessu er komið fram, að ákærði er hjartasjúklingur og mjög bæklaður á fótum. Hann á því mjög erfitt um gang. Heimilislæknir ákærða hefur gefið vottorð um heilsufar ákærða og lyfjanotkun. Hann hefur komið fyrir dóm og svarað neitandi spurningu um það, hvort lyfjanotkun ákærða kunni að hafa valdið því, að hann sé vanstilltari en ella. Hins vegar hefur hann bent á, að maður, sem býr við langvarandi heilsuleysi og vanlíðan, sé hættara en öðrum við að missa jafnvægið.

Ákærði hefur ekki sætt fyrr neinum refsingum, nema tvisvar sæst á sektir fyrir umferðarbrot, er eigi skipta hér máli við refsiákvörðun. Þykir rétt að ákveða refsingu hans með hliðsjón af 57. gr. a alm. hegningarlaga 15 daga varðhald skilorðsbundið til 2 ára og einnig 100.000 króna sekt, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en afplánist ella varðhaldi 10 daga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal 80.000 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Stefán Þormar, sæti varðhaldi 15 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur

almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði greiði til ríkissjóðs 100.000 króna sekt, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 80.000 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 31. mars 1981.

Nr. 141/1978. **Guðjón Þorsteinsson**
(Páll A. Pálsson hdl.)
gegn
Baldri Jónassyni og
(Haraldur Blöndal hdl.)
Birni Sigurðssyni,
(Hafsteinn Baldursson hrl.)
Baldur Jónasson
gegn
Birni Sigurðssyni og
Guðjóni Þorsteinssyni
og
Björn Sigurðsson
gegn
Baldri Jónassyni og
Guðjóni Þorsteinssyni.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Áfrýjun. Frávísun að hluta. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi Guðjón Þorsteinsson hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1978. Hann krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjandans Baldurs Jónassonar í málinu og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti. Á hendur áfrýjanda Birni Sigurðssyni gerir hann engar kröfur.

Áfrýjandi Baldur Jónasson hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. september 1978. Dómkröfur hans eru þær, að áfrýjandi Guðjón Þorsteinsson og áfrýjandi Björn Sigurðsson verði dæmdir til að greiða sér óskipt 80.023.92 krónur (nýkr.) með 7% ársvöxtum frá 13. janúar 1972 til 16. maí 1975, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi beggja framangreindra aðilja bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Björn Sigurðsson hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 31. október 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 30. s. m. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum Baldurs Jónassonar og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður. Á hendur Guðjóni Þorsteinssyni gerir hann engar kröfur.

Allir málsaðiljar hafa stefnt fyrir Hæstarétt til að gæta réttar síns skiptaráðandanum í Kópavogi f. h. þrotabús Byggingamiðstöðvarinnar h/f svo og Guttormi Sigurbjörnssyni og Árna Jóhannssyni, en engar kröfur gert á hendur þeim, og þeir hafa engar kröfur gert.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Áfrýjandi Baldur Jónasson áfrýjaði ekki héraðsdómi af sinni hendi fyrr en að liðnum áfrýjunarfresti samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Honum var þó heimil áfrýjun málsins gagnvart Guðjóni Þorsteinssyni, er áður hafði áfrýjað því af sinni hálfu, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Hinn sérstaki áfrýjunarfrestur samkvæmt því ákvæði á hins vegar

ekki við um áfrýjun Baldurs gagnvart Birni Sigurðssyni. Og þar sem Baldur hefur ekki aflað sér áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. mgr. nefndrar greinar, ber að vísa áfrýjun hans sjálfkrafa frá Hæstarétti að því er Björn varðar, en um málskostnað þeirra í milli verður dæmt í sambandi við úrlausn á fébótakröfum Baldurs á hendur Birni að því leyti sem héraðsdómur getur komið til endurskoðunar um það atriði vegna áfrýjunar Björns sjálfs.

I. Kröfur á hendur Guðjóni Þorsteinssyni.

Vinnupallar þeir, sem notaðir voru við húsið Þverbrekku 2, voru bornir uppi af járnvinklum, sem hver um sig var festur á útvegg með einum skrúfbolta, steyptum í vegginn. Gat var ofarlega á vinklunum, þannig að þeim mátti smeygja upp á skrúfboltana og herða síðan vinklana að veggnum með ró. Neðar á hverjum vinkli var annað gat eða rauf. Gekk þar í gegn járnteinn, festur í vegginn, og hélst þá vinkillinn lóðréttur. Þar til gerð göt á steypumótaflekunum réðu því, hvar skrúfboltunum var komið fyrir í steinsteypunni, þegar veggur hverrar hæðar var steyptur. Sömu mótaflekar voru notaðir við að steypa upp hverja hæð fyrir sig. Komu skrúfboltarnir því alltaf á svipaðan stað í útveggnum, og milli þeirra var jafnan það bil, sem fjarlægð milli gata á flekunum sagði til um.

Það er mat héraðsdóms, sem skipaður var byggingafróðum meðdómendum, að varla hafi nokkru mátt skeika við uppsetningu vinnupalla þessara, án þess að hætta hlytist af. Hefur því mati ekki verið hnekkt. Af framburðum vitna og aðilja svo og öðru því, sem fram er komið í málinu, er sýnt, að áríðandi var, að skrúfboltarnir, sem báru uppi járnvinklana, væru nægilega langir og sverir og að þeir væru tengdir við járnabindinguna í steinsteypunni. Á þessu varð misbrestur. Skrúfboltinn, sem sprengdi sig út úr steypunni, var að mati hinna byggingafróðu meðdómenda í héraði of stuttur. Verður á það álit að fallast. Hann hafði enga festingu í járnabindingunni og kom í steinsteypuna mjög nálægt gluggaopi, eða einungis 5.5 cm frá múrbrúninni. Olli þetta hvort tveggja aukinni hættu á, að boltinn næði að sprengja

sig út úr veggnum við álag. Var sú hætta meiri en ella, af því að boltinn hafði skekkst, er hann var steyptur í vegginn. Varla gat hjá því farið, ef skrúfboltinn losnaði, að járnvinkillinn snerist til hliðar um járnteininn, eins og raun varð á. Til þess aðgæsluskorts við uppsetningu járnvinklanna og mistaka við festingu skrúfboltans, sem bilaði, má rekja hrun vinnupallsins.

Samkvæmt því, sem telja má leitt í ljós í málinu, hafði Guðjón Þorsteinsson á hendi verkstjórn smiða og verkamanna, sem unnu við húsbygginguna í þjónustu Byggingamiðstöðvarinnar h/f, þar á meðal við það að setja upp vinnupallana. Er raunar sýnt, að í verki hafði hann á hendi á vinnustað það eftirlit, sem húsasmíðameistara ber þar að hafa, þó að hann á hinn bóginn hafi haft samráð við hinn skráða húsasmíðameistara, þegar honum þótti þörf. Guðjón réð gerð vinnupallanna og sagði fyrir um gerð járnvinklanna, sem báru þá uppi. Bar honum við það að gæta þess sérstaklega, að þeir væru þannig gerðir, að festingar við vegginn væru tryggilegar. Honum bar og vegna verkstjórnar sinnar og umsjónar að ganga úr skugga um, að göt fyrir skrúfboltana væru sett þannig á mótaflekana, að öruggt væri, að boltarnir lentu innan járnabindingar og ekki of nálægt múrbrúnum. Var rík aðgæsla hans í því efni enn brýnni en ella, vegna þess að nota átti mótaflekana við að steypa upp hverja hæðina eftir aðra. Þá var og nauðsynlegt, að hann hefði rækilegt eftirlit með því, að farið væri eftir þeim fyrirmælum, sem hann telur sig hafa gefið, til að boltunum væri þannig komið fyrir í götunum á steypumótaflekunum, að þeir röskuðust ekki, er steypan var sett í mótin. Enn var það, að hann gerði ekki ráðstafanir, sem að gagni mættu koma, til að prófa, hvort óhætt væri að treysta á hinn skakka bolta, þó að hann hefði veitt skekkjunni eftirtekt, áður en vinkillinn var festur og pallgólfið lagt á. Verður að meta Guðjóni allt framangreint til slíkrar vangæslu, að hann beri fébótaábyrgð gagnvart áfrýjanda Baldri á þeim meiðslum, sem hann hlaut, er pallurinn hrundi, en ekki þykja efni standa til að skipta sök.

Fébótakröfu sína sundurliðar áfrýjandi Baldur þannig:

I.	Bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku		9.000.000 krónur
	Frá dregst:		
	1. Laun frá vinnuveitanda	552.296 kr.	
	2. Bætur frá ábyrgðartryggjanda, Brunabótafélagi Íslands ..	1.011.140 kr.	
	3. Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins	982.206 kr.	2.545.642 krónur
			6.454.358 krónur
II.	Miskabætur		1.500.000 krónur
III.	Útlagður kostnaður ..	57.515 kr.	
	÷ greitt af Brunabótafél. Íslands	9.481 kr.	48.034 krónur
			8.002.392 krónur

sem verða 80.023.92 nýkrónur. Verða nú einstakir liðir bótakröfunnar teknir til athugunar.

Um I. Þrír læknar hafa metið tímabundna og varanlega örorku Baldurs Jónassonar vegna slyssins. Þau möt eru ekki að öllu leyti samhljóða. Í útreikningum á örorkutjóni, sem fram hafa verið lagðir í málinu, hefur að nokkru leyti verið á öllum mötunum byggt. Enginn sérstakur ágreiningur er þó með aðiljum vegna þeirra forsendna um læknisfræðilegt örorkustig, sem útreikningarnir eru reistir á, þ. e. að örorka hafi verið þessi:

Frá slysdegi í 1 ár	100%
Eftir það í 3 mánuði	75%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Eftir það varanlega	45%

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á tapi áfrýjanda Baldurs vegna örorku. Er hann dagsettur 17. október 1979

og reistur á sömu forsendum og fyrri útreikningar að öðru leyti en því, að tekið er tillit til breytinga á kaupgjaldi, sem urðu til þess tíma, er hinn nýi útreikningur var gerður. Í útreikningi þessum áætlar tryggingafræðingurinn tap Baldurs þannig í krónum:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	476.000	476.000
2. — — —	618.800	322.200
3. — — —	927.400	417.300
4. — — —	1.190.500	535.700
5. — — —	1.570.300	706.600
6. — — —	2.166.000	974.700
7. — — —	3.400.400	1.530.200
8. — — —	4.550.700	2.047.800
Síðan árlega	5.053.000	2.273.900

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast honum nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku 595.100 krónur
Vegna varanlegrar örorku 10.962.900 krónur

Samtals 11.558.000 krónur

Áfrýjandi Baldur var alveg frá vinnu í um það bil eitt ár eftir slysið. Hann hóf í janúarmánuði 1973 störf á trésmíðaverkstæði, en sú vinna og önnur erfiðisvinna reyndist honum um megn. Réðst hann því í maí 1973 til starfa sem næturvörður og hefur gegnt þeim störfum síðan. Á árunum 1972 og 1973 naut hann launagreiðslna frá vinnuveitanda sínum, sem samtals námu 552.296 krónum. Bótagreiðslur þær, sem hann fékk frá Brunabótafélagi Íslands og að framan getur, voru inntar af hendi í júní 1974 ásamt vöxtum, sem námu samtals 187.186 krónum. Af örorkubótum frá Tryggingastofnun ríkisins fékk hann greiddar 351.377 krónur sem eingreiðslu árið 1973, en síðan aftur 630.829 krónur árið 1976 vegna hækkunar örorkustigs við endurmat á varanlegri örorku hans.

Þegar litið er til þess, sem fram er komið um atvinnumissi áfrýjanda Baldurs og varanlega örorku, og gætt þeirra greiðslna, sem hann hefur þegar fengið upp í tjón sitt, þar á meðal þess, hvenær þær voru af hendi inntar, verða bætur til hans samkvæmt þessum lið ákveðnar 24.000.00 nýkrónur.

Um II. Þegar gætt er hinna miklu meiðsla, sem áfrýjandi Baldur varð fyrir við slysið, langrar sjúkrahúsvistar hans og annars, sem hér skiptir máli, verða bætur þessar ákveðnar 10.000.00 nýkrónur.

Um III. Kröfulið þessum hefur ekki verið sérstaklega andmælt tölulega. Verður hann tekinn til greina að öðru leyti en því, að rétt er að lækka hann um 15.000 krónur (150.00 nýkr.), sem er útlagður kostnaður, er stofnað var til, meðan mál þetta var rekið fyrir héraðsdómi, og telst því til málskostnaðar. Samkvæmt því verður þessi liður tekinn til greina með 330.34 nýkrónum.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi Guðjón dæmdur til að greiða áfrýjanda Baldri samtals 34.330.34 nýkrónur (24.000.00 + 10.000.00 + 330.34 nýkrónur) með vöxtum, sem með skírskotun til forsendna héraðsdóms verða reiknaðir frá þeim tíma, er þar greinir. Skulu þeir vera 7% ársvextir af 34.000.00 krónum frá 20. júní 1973 til 16. maí 1975, 9% ársvextir af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. júní 1977, en af 34.330.34 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 15. júní 1979, 39.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981 og 42% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað verður staðfest, en dæma ber áfrýjanda Guðjón til að greiða áfrýjanda Baldri málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann 5.000.00 krónur.

II. Kröfur á hendur Birni Sigurðssyni.

Áfrýjandi Björn Sigurðsson tók að sér þá umsjón með smíði

hússins að Þverbrekku 2, sem áskilin er í byggingarsamþykkt Kópavogs, sbr. auglýsingu nr. 63/1968 og auglýsingu nr. 23/1967, kafla 1.9. Var honum af þeim ástæðum eigi aðeins skylt að gæta þess á sínu verksviði gagnvart byggingaryfirvöldum, að verkið væri unnið, eins og áskilið er í kafla 1.9.2. í byggingarsamþykktinni, heldur einnig að sjá um, að ekki væri stofnað í hættu við framkvæmdirnar öryggi manna, sem við húsið unnu, eða annarra, sbr. kafla 1.10.2. Getur það ekki skipt máli um skyldur hans gagnvart þessum aðiljum, hver laun hann fékk hjá Byggingamiðstöðinni h/f fyrir að taka að sér þessa umsjón sem húsasmíðameistari.

Samkvæmt skýrslu Björns sjálfs, framburði áfrýjanda Guðjóns og öðru, sem fram hefur komið í málinu, vann Björn nær ekkert við smíði hússins og sinnti ekki því eftirliti á byggingarstað, sem hér getur skipt máli. Vanrækti hann með þessu þær skyldur, sem hann tókst á hendur með því að gerast húsasmíðameistari að byggingunni, enda verður ekki talið, að hann hafi mátt leggja alla umsjón á byggingarstað í hendur Guðjóns Þorsteinssonar, og það eins fyrir því, þótt Guðjón hafi átt þess kost að ráðfæra sig við hann, er hann sjálfur taldi þess þörf. Alveg sérstök ástæða var til þess fyrir Björn með tilliti til þess, hvers konar hús var um að ræða, að hafa hönd í bagga með Guðjóni við ákvörðun um gerð vinnupalla og uppsetningu þeirra. Kynni nægileg árvekni hans í þessu efni að hafa getað komið í veg fyrir slysið, enda duldust honum ekki annmarkar á festingunni, sem bilaði, er hann kom á vettvang, eftir að það hafði að höndum borið.

Samkvæmt framansögðu verður að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að Björn sé skaðabótaskyldur gagnvart áfrýjanda Baldri, og getur það ekki í þessu máli leitt til annarar niðurstöðu, þótt út frá því kunni að hafa verið gengið í öndverðu milli Björns annars vegar og Guðjóns Þorsteinssonar og Byggingamiðstöðvarinnar h/f hins vegar, að umsjón skyldi hagað eins og gert var.

Um sakarskiptingu og óbætt tjón áfrýjanda Baldurs vegna slyssins vísast til þess, sem greint var, er fjallað var um

kröfur hans á hendur Guðjóni Þorsteinssyni. En þar sem áfrýjun Baldurs að því er tekur til Björns Sigurðssonar er vísað frá Hæstarétti, svo sem fyrr var frá greint, verða honum ekki dæmdar hærri fébætur úr hendi Björns en héraðsdómur hefur gert, þó þannig, að sú fjárhæð verður lækkuð um 150.00 nýkrónur í samræmi við það, sem áður var greint um III. lið dómkrafnanna.

Verður áfrýjandi Björn því dæmdur til að greiða 31.330.34 nýkrónur (24.000.00 + 7.000.00 + 380.34) ásamt 7% ársvöxtum af 31.000.00 krónum frá 20. júní 1973 til 16. maí 1975, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. júní 1977, en af 31.330.34 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað verður staðfest. Þá ber og að dæma áfrýjanda Björn til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 5.000.00 nýkrónur. Ber áfrýjanda Birni að greiða allar framangreindar fjárhæðir in solidum með áfrýjanda Guðjóni og gagnkvæmt.

Það athugast, að hinir sérfróðu samdómendur voru ekki kvaddir til dómsetu fyrr en við munnlegan flutning málsins.

Dómsorð:

Framangreindum dómkröfum áfrýjanda Baldurs Jónassonar er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi Guðjón Þorsteinsson greiði áfrýjanda Baldri Jónassyni 34.330.34 krónur ásamt 7% ársvöxtum af 34.000.00 krónum frá 20. júní 1973 til 16. maí 1975, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. júní 1977, en af 34.330.34 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980,

46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Af fé þessu greiði áfrýjendur Guðjón Þorsteinsson og Björn Sigurðsson óskipt Baldri Jónassyni 31.330.34 krónur með 7% ársvöxtum af 31.000.00 krónum frá 20. júní 1973 til 16. maí 1975, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. júní 1977, en af 31.330.34 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjendurnir Guðjón og Björn greiði óskipt áfrýjandanum Baldri 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Í áfrýjunarstefnu krafðist áfrýjandi Baldur þeirrar breytingar á hinum áfrýjaða dómi, að allar kröfur hans fyrir héraðsdómi yrðu teknar til greina. Áskildi hann sér ekki að mega bera fram hærri kröfur fyrir Hæstarétti, hvorki að því er varðaði skaðabótafjárhæð né vexti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Það felst í atkvæði meiri hluta dómenda, að hvorki nefnt lagaákvæði né aðrar réttarreglur um áfrýjun standi því í vegi, að Baldri verði þrátt fyrir þetta dæmdir hærri vextir af bótafé úr hendi áfrýjanda Guðjóns en héraðsdómur hefur gert að því leyti sem hækkun vaxtakrafna við flutning málsins á rót sína að rekja til vaxtabreytinga eftir áfrýjun þess. Ég er þessu sammála. En úr því að áfrýjanda Baldri

telst heimilt að koma að hækkuðum vaxtakröfum fyrir Hæstarétti gagnvart áfrýjanda Guðjóni án áskilnaðar í áfrýjunarstefnu, tel ég, að réttlætis- og samræmissjónarmið leiði til þess, að taka megi til greina með sama hætti hækkaðar vaxtakröfur hans gagnvart Birni Sigurðssyni við endurskoðun héraðsdóms vegna áfrýjunar af hendi Björns.

Samkvæmt framansögðu tel ég rétt að ákveða sama vaxtafót af dæmdum fjárhæðum úr hendi beggja áfrýjenda Guðjóns og Björns. Með þessari athugasemd er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Kópavogs 15. júní 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. júní 1977, af Baldri Jónassyni næturverði, Lundi við Nýbýlaveg í Kópavogi, gegn Birni Sigurðssyni húsasmíðameistara, Álfhólsvegi 10 A, og Guðjóni Þarsteinssyni trésmið, Furugrund 14, Kópavogi, til greiðslu skaðabóta in solidum að upphæð kr. 8.002.392 auk 7% ársvaxta frá 13. janúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 16% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda Björns Sigurðssonar er *aðallega* krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefndi Guðjón Þorsteinsson krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, til vara krefst hann, að allar kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefnandi hefur stefnt til réttargæslu skiptaráðanda í Kópavogi, Sigurgeir Jónssyni bæjarfógeta, f. h. þrotabús Byggingamiðstöðvarinnar h/f.

Stefndi Björn Sigurðsson hefur stefnt til réttargæslu þeim Guttormi Sigurbjörnssyni, Sunnubraut 10, Kópavogi, og Árna Jóhannssyni, Álfheimum 8, Reykjavík. Eru engar kröfur gerðar á hendur réttargæslustefndu né gera þeir kröfur.

Samkvæmt fyrirliggjandi skjölum og gögnum eru tildrög málsins þau, að stefnandi réðst sumarið 1971 í þjónustu Byggingamiðstöðvarinnar h/f í Kópavogi sem verkamaður við byggingu

háhýsisins nr. 2 við Þverbrekku í Kópavogi á vegum nefnds félags, og voru framkvæmdir nýlega byrjaðar. Stefnandi gekk að hinum ýmsu verkamannastörfum eftir því sem til féll. Svo sem áður segir, var byggingaraðili hússins Byggingamiðstöðin h/f. Framkvæmdastjóri þess var réttargæslustefndi Guttormur Sigurbjörnsson, en stefndi Björn Sigurðsson var skráður húsasmíðameistari. Stjórnandi á byggingarstað var stefndi Guðjón Þorsteinsson. Múrarameistari á húsinu var Björn A. Kristjánsson, Kópavogi.

Fimmtudaginn 13. janúar 1972 var stefnandi við störf ásamt stefnda Guðjóni við að setja upp vinnupalla á norðurgafli byggingarinnar á 4. hæð. Voru þeir Guðjón báðir komnir út á pallinn, er festing losnaði, og féllu þeir niður með pallinum um 12 metra niður. Slösuðust þeir báðir mikið, einkum þó stefnandi, sem hlaut 45% varanlega örorku af.

Í vottorði Hauks Árnasonar, skurðlæknis á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, dags. 20. september 1973, segir m. a. svo: „Hinn 13/1'72 kl. 10.30 kom í Slysadeild Bsp. maður, er kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hann kemur í sjúkrabifreið af slysstað.

Við skoðun kom í ljós: Sj. kvartar yfir verkjum í báðum hælbeinum, vinstri legg og baki við komu á Slysadeild. Í heilsufarssögu sj. kemur fram, að hann hafi orðið fyrir sprengjuslysi 11 ára gamall og fékk þá flísar í vinstra auga við að sprengja sprengjuhleðslu. Nokkrum mánuðum síðar var gert að þessum áverka á vinstra auga af Úlfari Þórðarsyni, augnlækni á Landakoti.

Við skoðun við komu í Slysadeild er Baldur með fullri meðvitund, en svolítið sljór, en svarar strax, ef yrt er á hann. Sjúkl. er áberandi þjáður af verkjum í baki, vinstri legg og báðum fótum.

Á höfði er 2½ cm. langur skurður við vinstri augabrún, nokkuð tættur. Þessi skurður var saumaður strax eftir komu í Slysadeild, sérstaklega neðan þessa sárs. Engir aðrir áverkar fundust á höfði við þreifingu. Talsverð blæðing hafði verið úr nefi og þó sérstaklega úr hægri nös.

Við skoðun á ganglimum kom í ljós: Hægri fótur er mjög skekktur út á við og um 6 cm. langur skurður, sem nær frá öklabeini innanvert og niður undir ilina. Nokkuð blæðir úr þessu sári, og er fitubrák á blóðinu, sem greinilega er merki um, að um opið brot er að ræða á hægri fæti. Við skoðun á vinstri ganglim komu í ljós einkenni um brot á vinstri legg, nokkru neðan

hnés, og vinstri fótur var verulega skekktur út á við, með miklum þrota yfir vi. hælbeini.

Við þreifingu yfir hryggjartindum eru mikil eymsli yfir efstu lendarliðum.

Að frumrannsókn lokinni í Slysadeild og áðurskráðri meðferð á sári í andliti var sjúkl. færður á Rtg.deild til nánari rannsóknar. Rtg.myndir af hryggjarliðum sýndu brot á II. lendarlið með mikilli samþjöppun á liðbolnum. Einnig að afturplata þessa hryggjarliðar gekk inn í mænuganginn, sem nam um 5 mm. Mikil gleikkun var á fremra efra horni III., IV. og V. lendarliðar, án verulegrar lækkunar á hæð nefndra liðbola. Rtg.-mynd af vinstra hné og fótlegg sýndi, að efri hluti sköflungs var kurlaður sundur í mörg smá brot og nokkur lateral skekkja á brotinu. Í sömu hæð var sperrileggur einnig kubbaður sundur ofan til. Medial condyll vinstri sköflungs var einnig brotinn frá, þannig að brotlína gekk frá aðalbrotlínunni að tuberositas tibiae og upp í hnéliðinn. Myndir af vinstri fæti sýndu, að vinstra hælbein var kurlað í smá fragment. Myndir af hægra hælbeini, þar sem hann hafði skurð frá malleolus lateralis niður yfir ilina, sýndu, að hægra hælbein var maskað í mörg smá fragment og mikil destruction á öllum subtalar liðum.

Rtg.myndir af höfði: Aðeins var hægt að taka eina hliðarmynd vegna almenns ástands sjúklings. Á þeirri mynd greindust ekki brot.

Strax að rtg.rannsókn lokinni var Baldur fluttur á skurðstofu og þar gerð aðgerð á sári á hægri fæti, + reynt að setja brot á hælbeini, + lagðar gipsumbúðir frá tám að hnésbót. Brot á vinstra hælbeini og vinstri legg var einnig reynt að rétta til og lagðar circular gipsumbúðir frá tám að nára á vinstri ganglim.

Þar eð sjúkl. hafði brot á lendarliðum og virðist hafa eitthvað minnkaðan kraft í ganglimum, sem erfitt var þó að meta vegna áðurnefndra áverka á ganglimum, var talið, að þörf væri að gera skurðaðgerð á hryggjarbrotinu, en plötur til að festa því broti voru ekki til á þessu sjúkrahúsi, og við athugun síðar kom í ljós, að þær voru hvergi til á landinu og voru því pantaðar express frá framleiðandanum í Englandi. Við þessa aðgerð blæddi talsvert úr sári á fæti, og fékk sjúkl. eina flösku af blóði, meðan á aðgerð stóð.

Baldur var síðan færður á Gjörgæzludeild, og lá hann þar

fyrsta sólarhringinn. Hann gat ekki kastað af sér þvagi sjálfkrafa, sem var talið stafa af áðurnefndu hryggjarbroti. Því var lagður upp þvagleggur hjá honum og blaðran tæmd af 750 ml. af þvagi, sem var tært. Hann hafði talsverðan hita um kvöldið, eða 38,5 stig. Hann var því settur á Penicilingjöf 1 milljón x 4.

Hinn 16/1 var líðan svipuð. Talsverður þroti var á tám beggja ganglima. Nauðsynlegt reyndist að kljúfa upp og víkka gips á báðum ganglimum. Hann kvartaði mikið yfir verkjum í hælum og spjaldhrygg.

Hinn 18/1 var líðan sjúkl. svipuð. Hann hafði haft nokkru minni hita h. 17/1, en 18/1 hafði hann aftur 38,2. Þar eð greinilegt var, að bið yrði á, að plötur fengjust fyrir hryggjar spengingu, var ákveðið að leggja hann í gipsbeð vegna áðurnefnds hryggjarbrots, og hafði verið gerð gipsvagga fyrir hann 14/1, sem hann byrjaði að nota 17/1. Baldur þoldi þó gipsbolinn fremur illa og gat ekki legið lengur en 5 klst. í gipsbeðnum fyrsta sólarhringinn. Þennan dag var lyfjagjöf breytt úr pencillinsprautum í penbritinbelgi.

Hinn 20/1 var sjúkl. nokkuð sljór og hafði hita eins og áður. Því var taugaskurðlæknir fenginn til að líta á hann. Hann fann þó engin merki um blæðingu í heila. Hiti var heldur minni þennan dag, 37,7. Þvagútskilnaður var góður, og sjúkl. gat kastað þvagi sjálfur, sem hann hafði og gert eftir fyrsta sólarhring.

Hinn 24/1 var líðan sjúkl. heldur batnandi þá síðustu dagana. Var hitalaus þann dag. Tekinn var gluggi á gips á hægri fæti, og reyndist sár þar nánast gróið. Saumar voru fjarlægðir úr sárinu.

Rtg.myndir, sem teknar voru af lungum, frá 17/1, höfðu sýnt þéttingu í hægra lunga, og var óljóst, hvort þar væri um að ræða lungnabólgu eða blæðingu í lungað. Sennilegt þótti, að langvarandi hiti sjúkl. stafaði frá þessum breytingum í lunganu.

Við endurnýjaða rtg.mynd af lungum 20/1 var að sjá, að hinn langvarandi hiti sjúkl. stafaði frá þessum breytingum í lunganu.

Við endurnýjaða rtg.mynd 20/1 var að sjá, að breytingar í lunga hefðu hreinsast upp. Mynd, sem var tekin þá af mjaðmargrind, sýndi ekki merki um brot. Mynd tekin af höfuðbeinum sýndi ekki brot á beinum umhverfis heilabú og ekki aðrar sjúklegar breytingar. Lyflæknir, sem leit á sjúkl. 19/1, áleit, að breytingar í lunga væru fremur vegna lungnabólgu en vegna blæðinga í lunga. Þessi lungnabólga var þó af orsökum lélegrar öndunar eftir áðurnefndan áverka við slysið 13/1.

Rtg.myndir af vinstri legg sýndu, að lega brotsins á leggnum

var ekki fyllilega rétt, og var því hinn 28/1 gerð ný tilraun til að rétta brotið á vinstri sköflungi og sperrilegg. Sú aðgerð var gerð í Ketalar analegsi. Gipsið var fjarlægt. Talsverður þroti var enn um hælinn, og svolítið drep hafði myndast undan gipsinu, framanvert yfir vinstri ökla. Brotið á leggnum var óstöðugt, og var það í nokkurri valgusstöðu, og var reynt að rétta þá skekkju eftir mætti.

Rtg.mynd af vinstri legg, sem tekin var 31/1, sýndi, að skekkjan á brotstað á vinstri legg hafði rétst að mestu leyti.

Hinn 16/2 er líðan sjúkl. sæmileg. Hann hefir þó aldrei getað legið heilan sólarhring á þeim gipsbeð, sem hann átti að hafa, en verið um hálfan sólarhring samanlagt á gipsbeðnum pr. 24 kl. Skipt var á gipsumbúðum á hægri fæti.

Hinn 22/2 var hætt að láta sjúkl. liggja á gipsbeð, en í staðinn fengið orthopaediskt corset handa honum. Hann fékk að liggja á hliðunum og fékk að fara fram úr lítilsháttar. Hann var í upphafi mjög stirður, er koma átti honum fram úr rúminu, en liðkaðist smám saman.

Hinn 24/2 var gips fjarlægt af hægri fæti, en gips á vinstri ganglim breytt í gips frá ökla að nára. Vegna áverkans á hrygg var Baldur mjög kraftlítill í ganglimum til að byrja með, og háði það honum talsvert við gang, því var tekin rtg.mynd af hægri hæl þann 2/3, og sýndi hún, að um 2 cm. stór óreglulegur spori gekk niður úr hælbeininu, iljarmegin. Greinilegt var, að óþægindi er áðurnefndur beinspori var meitlaður burtu í svæfingu (sic).

Vegna þessa þurfti sjúkl. að liggja í rúminu í viku þar á eftir og gat ekki hafið gönguæfingar. Í ljós kom á þessum tíma, að tær á báðum fótum vildu kreppast nokkuð, og stóð það einnig í sambandi við áverkann á hrygg og mænu. Baldur byrjaði aftur gönguæfingar 16/3, og var hann látinn ganga í göngugrind, þar eð hann gat ekki bjargað sér á annan hátt vegna aflleysis í fótum. Talsverður þroti vildi sækja á fæturna við gang, og talsverður þroti var einnig í fótum vegna hælbrotsins, jafnvel þó hann lægi í rúminu. Vegna þessa gat hann ekki notað neina venjulega skó. Hann hafði enn gipsumbúðir á vinstri ganglim, og meðan ekki var hægt að fjarlægja þær, var óhugsandi að skaffa honum skó, er gögnuðu honum.

Hinn 27/3 voru gipsumbúðir fjarlægðar af vinstri ganglim.

Hinn 28/3 fékk Baldur orthopediska skó, sem honum gekk þó erfiðlega að nota í upphafi vegna þrota, er vildi sækja á fæturna.

Þetta minnkaði þó smám saman, eftir því sem hann jók gönguæfingar.

Kom enn til eftirlits 26/1 og 2/5'73, en síðast var hann hér til eftirlits 3/7'73.

Við skoðun þann dag voru áðurnefnd brot á vinstri leggjarbeinum og vinstra hælbeini + hægra hælbeini + kinnbeini vinstra megin gróin.

Við skoðun kom í ljós: Áberandi innfallinn í andliti vinstra megin, öll vinstri kinn og augnaumbúnaður vi. megin. Hreyfing í mjöðmum og hnjám eðlileg. Beygigeta í vinstri öklalið skert um 20 miðað við hægra megin. Hreyfing í smáliðum vinstri fótar, þ. e. subtalar liðum, er algerlega upphafin. Hreyfigeta í hægri öklalið virtist nánast engin. Var subtalar hreyfing hægra megin upphafin eins og vinstra megin. Hægri il mældist 29 cm. frá hæl að tá. Vinstri fótur mældist 26 cm. frá tám að hæl. Vi. ganglimur mældist 1,5 cm. styttri en hægri, mælt frá spina iliaca ant.sup. að medial malleol. Ummál vinstri kálfa 2 cm. meira en hægra megin. Ummál vinstra læris 15 cm. ofan hnéskeljar er 1½ cm. meira vinstra megin en hægra megin.

Niðurstaða: 39 ára gamall verkamaður, sem verður fyrir multiple áverka, er hann fellur af stillans í húsbyggingu h. 13/1 '72. Við slysið hlaut hann brot á II. lendarlið með verulegri lækkun á lendarliðnum, rofi á liðböndum milli hryggjartinda II. og I. lendarliðar + þrengingu á mænugangi, vegna brotsins á nefndum lendarlið og veiklun á krafti í ganglimum þar af leiðandi. Hann fékk einnig smábrot á alla lendarliðina neðan þessa lendarliða, þ. e. II.—V. lendarliðs. Þessi brot eru nú gróin.

Hann hefur fengið talsvert mikinn mátt í fætur eftir þennan hryggjaráverka, en fær þó aldrei fullan kraft í ganglimi. Hætt er við, að hann geti fengið slitbreytingar í lendarliði út frá téðum multiple áverka á lendarliðina.

Hann hlaut einnig opið brot og mjög malað á hægra hælbein. Þetta brot er gróið. Hreyfigeta í fætinum er mjög skert eftir þetta, og er ekki að vænta, að hún batni hér eftir. Mikil hætta er á slitbreytingum í téðum smáliðum fótarins eftir þetta hælbrot.

Hann hlaut mjög malað hælbrot á vinstra hælbein, og gildir það sama og sagt hefur verið um hægri fót. Hreyfigeta í þeim fæti engin í smáliðum fótarins, og hreyfigeta í öklaliðnum er skert um 20%. Hann hlaut einnig kurlað brot ofarlega á vinstri legg, sem nú er gróið, en hefur orsakað, að vinstri ganglimur er 1½ cm. styttri en hægri. Þetta brot gekk inn í hnéliðinn.

Ógerlegt er á þessu stigi málsins að segja fyrir um, hvort það orsaki síðar slitbreytingar í vinstra hné.

Eins og er vinnur Baldur störf sem næturvörður með lítilsháttar ræstingarvinnu, svo hann vinnur um 4 tíma á sólarhring. Ógerlegt er fyrir þennan mann að snúa aftur til fyrri vinnu sem byggingaverkamaður vegna afleiðinga téðs slyss.

Varanlega örorku er of snemmt að segja um. Rétt væri að meta ástand sjúkl. að nýju eftir 1½ til 2 ár."

Í niðurlagi vottorðs Sverris Bergmann, sérfræðings í taugasjúkdómum, dags. 28. maí 1975, segir svo um stefnanda: „Ég get ekki ímyndað mér, að umtalsverð breyting verði á ástandi þessa manns frá því sem nú er, nema þá kannski til hins verra, þ. e. a. s. að með aldrinum komi meiri óþægindi gigtareðlis, bæði í mjóbaki og ganglimi. Hinsvegar hlýtur enn að vera spuprning um það, hvort eitthvað megi fyrir hann gera, og væri þá eðlilegast að orthoped fjallaði um það m. t. t. þess, hvort eitthvað væri hægt að laga fæturna á sjúkl., og eins getur verið spurning um það, hvort eigi að gera á honum myelogram m. t. t. hvort hann sé með stóran discus, en eins og fyrr greinir, er þetta ekki sérlega praktiskt, þegar haft er í huga, að brottnám slíks brjóskloss mundi sennilega lítið bæta nema hugsanlega eitthvað þreytuna í bakinu, sem er þó ekki hvað þjáir sjúkl. mest.

Augljóslega hefur þetta haft veruleg áhrif á vinnugetu hans. Hann verður nú að láta sér nægja vinnu, sem augljóslega gefur honum lítið í aðra hönd samanborið við þá vinnu, sem hann gat áður stundað."

Þá liggur fyrir langt og ítarlegt vottorð Höskulds Baldurssonar bæklunarlæknis um stefnanda. Í upphafi segir þar svo:

„Ofannefndur sjúklingur kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum á stofu hans í Domus Medica þ. 24/19 og 31/19'75, og byggist vottorðið á niðurstöðum þeirrar skoðunar. Undirritaður hefur fengið afrit af læknabréfum varðandi legu sjúklings á slysadeild Borgarspítalans, þar sem greint er frá áverkum sjúkl., sjúkrahúslegu og þeirri meðferð, sem sjúkl. var veitt þar. Undirritaður hefur einnig fengið afrit af þeim rtg.lýsingum, sem fyrirliggjandi eru á Borgarspítala varðandi áverka sjúkl.

Í viðtali við sjúkl. kemur fram, að fleiri vottorð munu hafa verið skrifuð varðandi áverka sjúkl., en undirritaður hefur ekki séð eða aflað sér neinna þessara vottorða, þar sem skilningur hans var, að ætlunin væri að fá óháð álit fleiri lækna á áverkum sjúkl. og afleiðingum þeirra."

Að endingu segir svo:

„Í lokin má segja í stuttu máli, að aðalkvartanir sjúkl. séu frá báðum fótum og frá mjóhrygg. Á báðum þessum stöðum hefur sjúkl. hlotið alvarleg brot ásamt liðskemmdum, og veldur þetta verulegum óþægindum, verkjum og mjög skertri vinnugetu. Búast má við, að ástand þetta verði að miklu leyti varanlegt, jafnvel má búast við, að einkenni sjúkl. vaxi eitthvað með árunum. Hugsanlegt er þó, að hægt væri að bæta eitthvað líðan sjúkl. frá fótum með subtalar arhtrodesum, þótt erfitt sé að meta, hversu mikil sú bót yrði."

Lögreglurannsókn vegna slyssins hófst samdægurs, og lauk henni um miðjan júní s. á. með viðbótarskýrslum hinna slösuðu. Voru teknar skýrslur af fyrirsvarsmönnum Byggingamiðstöðvarinnar h/f, ýmsum þeim, sem störfuðu við bygginguna og borið gátu um aðdraganda slyssins að ýmsu leyti, en engir beinir sjónarvottar voru að því. Sæmundur Guðmundsson aðstoðarvarðstjóri gerði skýrslur um frumathuganir lögreglu á vettvangi. Segir þar á þessa leið:

„Þarna hafði orðið vinnuslys með þeim hætti, að 2 menn höfðu fallið með vinnupalli, sem þeir hafa verið að reisa á norðurenda fjölbýlishúss að Þverbrekku 2, fjórðu hæð, og voru 12 metrar frá efri brún vinnupallsins og niður á jörð. Búið hafði verið að setja upp 3 járnknekkti á norðurenda hússins, og voru 4 metrar frá knekkti því, sem sett var á norðausturhorn hússins, og að knekkti því, sem bilaði að austanverðu við glugga á miðjum gafli þess, hinumegin við gluggann kom knekkti, og munu plankar þeir, sem notaðir voru í dekk vinnupallsins og voru 75—150 cm. að sverleika og 4,50 metrar að lengd, ekki hafa náð yfir á það knekkti. Knekktin voru úr vinkiljárni, og armurinn, sem var meðfram hlið hússins, var festur með einum 2 cm. sverum bolta með venjulegum haus, sem steyptur hafði verið 7,5 cm inn í vegginn ofantil móts við glugga, og hélt hann knekktinu að ofan, en ca. tveggja sm sver steypustálsteinn að neðan, sem gekk í gegnum gat neðst á knekktinu og varnaði því, að það gæti snúist.

Boltinn, sem bilaði, var í knekkti því, sem var austanverðu við glugga í gafli hússins, eins og fyrr segir, og voru 5,5 cm. frá steypubrún við glugga og að bolta. Brotnað hafði stykki úr veggnum meðfram glugganum um leið, eða við það hefur boltinn losnað.

Samkvæmt upplýsingum starfsmanns var steypt í veggi 4.

hæðar hússins mánudaginn 27. desember 1971, og hefur því steypan verið 17 daga gömul, en boltarnir voru steyptir fastir með steypu í veggjum.

Steypumót voru rifin utanaf húsinu í gær þ. 12.1.'72".

Öryggiseftirliti ríkisins var strax tilkynnt um slysið. Í umsögn Harðar Sigurðssonar öryggiseftirlitsmanns, dags. 20. júní 1972, segir á þessa leið:

„Ég undirritaður fór á slysstaðinn og skoðaði öll verksummerki eftir slysið ásamt lögreglumönnum úr Kópavogi. Niðurstaðan af þeirri athugun og lögregluskýrslum, sem teknar voru af þeim Guðjóni Þorsteinssyni og Baldri Jónassyni, er eftirfarandi:

1. Vanþekking starfsmanna um uppsetningu vinnupalla af þeirri gerð, sem notaðir voru.
   Skýringar:
   a) Það var ekki tekinn út vinnupallurinn af hálfu öryggiseftirlitsins og ekki óskað umsagnar um hann og jafnframt að þessi uppsetning hefði aldrei verið samþykkt.
   b) Að frágangur á burðarboltum, sem steyptir voru í vegginn, var ekki nægjanlega góður í mótunum.
   c) Að burðarvinklar vinnupallsins voru ekki reyndir fyrir notkun.
   d) Það var ekki vitað, hvað vinnupallurinn átti að geta borið mikið.
2. Það, sem bilar, er, að bolti (burðarbolti), sem steyptur var mjög skakkur í vegginn við glugga, eins og sézt á mynd nr. I, sprengdi útúr kantinum, þegar ákveðinn þungi var kominn á vinnupallinn, með fyrrgreindum afleiðingum."

Hér fyrir dóminum hafa farið fram yfirheyrslur að ilja og vitna. Verður nú rakið hið helsta úr þeim skýrslum til frekari skýringar málavöxtum.

Stefnandi kom fyrir 5. apríl sl.

Hann skýrir svo frá, að í júlí eða ágúst 1971 hafi hann ráðist í vinnu við nýbygginguna Þverbrekku 2 í Kópavogi, sem verið var að reisa á vegum Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Hafi hann unnið ýmis verkamannastörf, svo sem að rífa utan af mótum o. þ. h. Hinn 13. janúar 1972 hafi hann verið við það ásamt stefnda Guðjóni og Vilhjálmi nokkrum að koma fyrir vinnupöllum á 4. hæð hússins, en pallana átti að nota við vinnu við 5. hæðina. Var pöllum þessum þannig komið fyrir, að festir voru tveir járnvinklar á steinvegginn með því að skrúfa vinklana

fasta á járnbolta, sem festir voru í steypunni. Voru þeir búnir að koma upp nokkrum pallanna og komnir á norðurgaflinn. Hafði hann veitt því athygli, að sumir skrúfboltanna höfðu skekkst, er steypt var, eða voru ekki eins langt inn í vegg og hægt var. Samt var það álit þeirra þriggja, að boltarnir væru nægilega traustir nema fyrir einn pallanna, sem var og heldur ekki settur upp. Baldur segir, að stefndi Guðjón hafi verið verkstjóri við bygginguna og því hafi verið litið á hann sem stjórnanda við uppsetningu pallanna. Á járnvinklana voru settir plankar, sem mynduðu gólf. Stóð stefnandi á slíku plankagólfi á palli, sem var nokkurn veginn á miðjum gaflinum, og var að koma fyrir handriði að vestanverðu. Kveðst hann ekki hafa vitað fyrr til en hann sveif í lausu lofti. Taldi hann sig hafa komið niður á fæturna, þótt hann muni það ekki greinilega. Man hann eftir því að vera fluttur á slysavarðstofuna.

Stefnandi telur, að Guðjón Þorsteinsson hafi skrúfað járnvinkilinn á boltann, sem steyptur hafði verið nálægt gluggabrún og var önnur festinganna á pallinum, sem féll. Hann kveðst hafa veitt því athygli, að þessi bolti muni hafa skekkst í steypunni, en vissi ekki, að hann væri ótraustur. Hann tekur fram, að hann hafi séð Guðjón slá með hamri á suma boltana til þess að koma járnvinklunum upp á þá.

Baldur kveðst vera alveg útilokaður frá allri venjulegri vinnu, sem hann hafi stundað áður. Hafi hann gert tilraun til þess að vinna hálfan daginn á trésmíðaverkstæði Byggingamiðstöðvarinnar h/f í janúarlok 1973, en hafi gefist upp eftir nokkrar vikur, þar sem honum var það alveg um megn. Í maí 1973 hafi hann ráðist sem næturvörður til O. Johnson & Kaaber og gegni því starfi enn. Fylgi því dálítil ræsting, sem hann sé um 3 tíma að vinna, og sé hann þá orðinn mjög þreyttur.

Guðjón Þorsteinsson gaf skýrslu í sama þinghaldi.

Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið starfsmaður meðstefnda Björns og þeirra hlutafélaga, sem Björn átti aðild að ásamt Guttormi Sigurbjörnssyni frá árinu 1966. Hafi hann unnið við byggingu hússins nr. 2 við Þverbrekku frá upphafi sem starfsmaður Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Hafi hann verið milligöngumaður milli Guttorms framkvæmdastjóra, sem kom á hverjum degi og sagði fyrir um framkvæmdir, og hinna ábyrgu meistara, þ. e. húsasmiða-, múrara- og pípulagningameistara. Þá hafi hann annast alls konar efnisútvegun og aðdrætti og haft umsjón með vinnu trésmiða og verkamanna Byggingamiðstöðvar-

innar h/f. Hann kveðst ekki telja sig hafa verið verkstjóra, enda ekki á verkstjórakaupi, heldur á umsömdu kaupi, sem var svipað og trésmiðirnir fengu. Þá var hann ekki í verkstjórafélaginu.

Guðjón segir, að meðstefndi Björn, sem var skráður húsasmíðameistari á byggingunni, hafi ekki starfað neitt við bygginguna. Kveðst hann hafa haft samband við Björn, alltaf er á þurfti að halda með ráðleggingar og samráð.

Þegar húsið reis af grunni, hafi það orðið tímabært að ákveða, hvernig vinnupallar yrðu settir á það. Hafi Guttormur beðið sig að athuga með ýmsar gerðir vinnupalla. Þannig hafi það komið til, að hann fór á ýmsa staði og kynnti sér hinar ýmsu gerðir slíkra palla. Hafi hann gefið ákveðin fyrirmæli um, hvernig koma skyldi múrboltunum fyrir í mótunum, þ. á m. að þá skyldi festa í steypustyrktarjárnið. Hann tekur fram í sambandi við umræddan bolta, að hann hafi álitið hann nægilega öruggan, þrátt fyrir að hann var ekki alveg á þeim stað, sem hann átti að vera og hefði skekkst. Hann segir, að Páll Bjarnason verkamaður hafi komið boltunum fyrir í mótunum, þ. á m. boltanum, sem losnaði.

Guðjón segir, að er slysið skeði, muni hann hafa staðið á gólfi pallsins ásamt Baldri, sem var að koma fyrir handriði. Heyrði hann allt í einu smell og reyndi þá að grípa eitthvað með hægri hendinni, en man svo ekki eftir sér, fyrr en hann lá á jörðinni og einhver var að tala við hann.

Hann segir, að fyrirmyndin að uppsetningu vinnupallsins sé komin frá byggingafélagi atvinnubifreiðarstjóra, þar sem það hafi verið að byggja í Breiðholti á sínum tíma, og einnig kveðst hann hafa skoðað þannig uppsetningar hjá Guðmundi Þengilssyni byggingameistara og alls staðar hafi einungis einn bolti verið skrúfaður á hvern vinkil og segir, að algengt hafi verið annars staðar að hafa grennri bolta heldur en notaðir voru við bygginguna að Þverbrekku 2. Hann kveðst sjálfur hafa séð um smíði umræddra járnvinkla, sem Jón Ólafsson, til heimilis að Nesvegi 7, hafi gert.

Guðjón segist ekki hafa haft samráð við Vífil Oddsson verkfræðing um greinda járnvinkla, en Vífill hafði annast gerð allra verkfræðiteikninga vegna byggingarinnar. Hann segir, að verið geti, að slegið hafi verið á skrúfganginn á boltunum til þess að losa af þeim steypuhröngl. Hafi þá ekki verið slegið fast.

Björn Sigurðsson kom fyrir dóminn 14. apríl sl.

Í skýrslu hans kemur fram, að hann hafi verið skráður húsameistari að Þverbrekku 2, en hafi ekki unnið neitt við sjálfa bygginguna nema að því leyti, að hann sá um ísetningu plastglugga á fyrstu 2—3 hæðirnar. Fyrir það verk hafi hann tekið sveinskaup trésmiða. Annað kaup eða þóknun hafi hann ekki fengið eða krafist af Byggingamiðstöðinni h/f.

Þar sem þessu hafi verið svona háttað, hafi Guðjón Þorsteinsson trésmiður tekið að sér að vera verkstjóri á byggingarstað og tekið laun hjá Byggingamiðstöðinni h/f, enda hann sjálfur bundinn við stórbyggingu inni í Reykjavík. Segir hann Guðjón hafa starfað mjög mikið með sér allt frá árinu 1967 og hafi hann reynst mjög góður smiður, vandvirkur og athugull, og því hafi hann treyst honum fullkomlega fyrir verkstjórninni.

Björn segist ekki muna glöggt nú, hvernig sambandi þeirra Guðjóns hafi verið háttað, meðan á framkvæmdum stóð, en segist treysta því að hafa borið nákvæmlega rétt um málavexti að því leyti sem öðru hjá lögreglu skömmu eftir slysið, en þar segir, að þeir Guðjón hafi haft svo að segja daglegt símasamband um byggingarframkvæmdirnar.

Björn segist ekki muna til þess að hafa haft nokkur afskipti af vinnupöllum þeim, sem í málinu greinir, hvorki að því er varðaði gerð né uppsetningu.

Vífill Oddsson verkfræðingur bar vitni í sama þinghaldi.

Vífill skýrir svo frá, að hann hafi annast gerð verkfræðiteikninga vegna byggingarinnar Þverbrekku 2 í Kópavogi. Hafi hann unnið það verk á eigin vegum að ósk forráðamanna Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Hafi hann fylgst með járnalögn í húsið á þann hátt, að hann kom á staðinn, ef eitthvað kom upp á eða þurfti skýringar með og til hans var leitað. Hins vegar hafi hann ekki haft stöðugt eftirlit með þessu verki.

Hann kveðst engin afskipti hafa haft af vinnupallaútbúnaði þeim, sem verið var að setja upp á norðurhlið hússins að Þverbrekku 2, þegar umrætt slys varð. Hann segir, að það sé misskilningur, að hann hafi gefið fyrirmyndina að slíkum útbúnaði, sem þar hafi verið notaður. Hins vegar hafi ætlunin verið að nota sams konar vinnupalla og Öryrkjabandalagið var með á þessum tíma, það er að segja á langhliðum hússins. Hann kveðst því ekki hafa haft afskipti af umræddum vinnupöllum. Hafi það alls ekki verið innifalið í þeirri verkfræðivinnu, sem um var beðið. Hann segir, að verið geti, að einhvern tíma hafi verið rætt um það við sig að steypa bolta í veggina til að festa vinnupöllum upp, en um

það hafi samt ekkert verið ákveðið né frá gengið við sig. Hann kveðst svo hafa verið beðinn um að koma á staðinn, þegar umrætt slys varð, til þess að skoða verksummerkin.

Vífill segir það vera álit sitt, að umræddir vinnupallar hefðu verið í lagi, ef rétt væri staðið að uppsetningu þeirra og festingu í stein. Hann álítur samt, að boltarnir hefðu þurft að vera a. m. k. 6" langir.

Hann segist ekki hafa séð eða kynnt sér uppsetningu umræddra vinnupalla fyrr en eftir slysið. Uppsetning pallsins, sem féll niður, hafi einkennst af ákveðinni handvömm. Boltinn hafi verið of stuttur, settur í of nálægt gluggabrún og svo hefði hann skekkst, en það atriði varð til þess, að er vinkillinn var skrúfaður, hafi boltinn leitast við að sprengja sig út úr steypunni.

Vífill segir það álit sitt, að það sé á sviði trésmiða að annast uppsetningu vinnupalla við húsbyggingar. Hann álítur það verksvið trésmiða að festa bolta, svo sem hér um ræðir, við járnverkið í steypumótunum.

Björn A. Kristjánsson, sem var múrarameistari byggingarinnar, bar vitni 25. apríl sl. Hann segir það hafa verið samkomulag með sér og Guttormi framkvæmdastjóra, að hann sæi aðallega um múrverkið í húsinu, en starfsmenn Byggingamiðstöðvarinnar sæju um alla járnalögn og steypingu veggja og platna. Var hann ætíð sjálfur viðstaddur, er steypt var, svo og einn starfsmanna hans, Ólafur Egilsson.

Björn segist ekkert hafa haft með vinnupalla að gera, hvorki gerð þeirra né uppsetningu.

Hann segir, að Guðjón Þorsteinsson hafi verið verkstjóri á staðnum og hafi þeir oft haft samband sín á milli út af verklegum þáttum, t. d. úttektum. Hann kveðst ekki minnast þess að hafa haft nokkurt samband við Björn Sigurðsson húsasmíðameistara út af verkinu né man hann eftir að hafa nokkurn tíma séð hann við bygginguna.

Réttargæslustefndi Guttormur Sigurbjörnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Byggingamiðstöðvarinnar h/f, kom fyrir dóminn þennan sama dag.

Hann skýrir svo frá, að stefndi Björn Sigurðsson hafi verið einn af stofnendum Byggingamiðstöðvarinnar h/f og í stjórn félagsins, er byrjað var á umræddri byggingu. Kveður Guttormur það ekki hafa verið hugsað sem bráðabirgðaráðstöfun, er Björn skráðist meistari á húsið. Guttormur kveður Björn og menn hans hafa séð um ísetningu allra glugga í húsið. Hann segist

ekki muna nú launakjör Björns, en kveðst álíta, að þau hafi verið eins og hjá iðnmeisturum almennt. Hann kveðst ekki muna fyrir víst, hvort Björn fékk sérstaka meistaraþóknun fyrir vinnu sinna manna, en álítur það líklegt. Hins vegar hafi Björn ekki fengið meistaraþóknun vegna byggingarinnar í heild.

Guttormur segir, að stefndi Guðjón hafi verið verkstjóri á staðnum og tekið laun hjá Byggingamiðstöðinni h/f. Hann kveðst ekki muna, hvernig launakjörum hans var háttað, en borguð hafi verið öll launatengd gjöld vegna hans. Hann kveðst ekki muna, hvort verkstjóratrygging hafi verið tekin vegna Guðjóns fyrir slysið. Man hann, að ekki var gerð nein krafa á Brunabótafélagið hans vegna.

Aðspurður segist Guttormur telja, að samband stefnda Björns og Guðjóns varðandi bygginguna hafi verið eins og eðlilegt megi telja.

Hann segir, að er umrædd bygging var að rísa, hafi, er ástæða þótti til, verið haldnir óformlegir fundir um framkvæmdaatriði, oft í kaffitíma á mánudögum. Komu þá saman á skrifstofu Byggingamiðstöðvarinnar h/f arkitekt, verkfræðingur, byggingameistarar og verkstjóri. Kveðst hann ekki muna betur en að Björn Sigurðsson sækti fundi þessa eins og aðrir.

Um vinnupallana segir hann það sama og hann bar við lögreglurannsóknina daginn eftir slysið, að fyrirmynd þeirra hafi verið komin frá byggingu á vegum Öryrkjabandalagsins á þeim tíma. Hafi Guðjón Þorsteinsson kynnt sér sérstaklega notkun þeirra og meðferð.

Loks kom fyrir dóminn 9. f. m. Páll Bjarnason, sem að framan er nefndur.

Hann skýrir svo frá, að sumarið 1971 hafi hann ráðið sig í vinnu við húsið Þverbrekku 2 í Kópavogi, sem þá var í byggingu á vegum Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Kveðst hann hafa snúið sér til Guðjóns verkstjóra við bygginguna og beðið hann um vinnu. Var hann þá ráðinn af Guðjóni til starfa. Gekk hann að almennum verkamannastörfum og tók m. a. að sér í ákvæðisvinnu að rífa utan af mótum og naglhreinsa. Er hann hóf störf, var búið að steypa upp kjallara byggingarinnar, að hann best man. Er komnar voru þrjár eða fjórar hæðir, var gert ráð fyrir vinnupöllum og utan á steinveggina, og voru þeir festir með boltum, sem festir voru í veggina, er steypt var. Var honum falið að koma boltunum fyrir í göt á mótunum, sem gerð höfðu verið. Segir hann, að Guðjón verkstjóri hafi sagt sér fyrir verkum

með þetta. Kveðst Páll hafa fest þessa skrúfbolta við járnabindinguna, þar sem það var hægt, en við gluggabrúnir var það ekki hægt, þar sem járnabindingin náði ekki nógu langt.

Páll segist ekki muna nú, hvot Guðjón verkstjóri sagði fyrir, hvernig ætti að festa umrædda bolta, en hann man, að boltarnir voru of stuttir, þannig að þeir náðu ekki í gegnum mótin, og við gluggabrúnir var ekki hægt að festa þá í járnabindinguna. Kveðst hann hafa sagt Guðjóni frá þessu, og varð þetta ágreiningsefni þeirra, þótt hann muni ekki nú, hvernig orð féllu. Við lögreglurannsóknina hálfum mánuði eftir slysið sagði Páll um þetta atriði, að Guðjón verkstjóri hefði sagt, að það yrði að fylgjast með boltunum og laga þá til í steypunni, um leið og hellt væri í mótin. Ekki vissi hann, hvort svo hefði verið gert.

Stefnandi leggur áherslu á það í rökstuðningi sínum, að öll atvik málsins séu skýr og ljós og fullkomlega upplýst. Orsakir slyssins, sem málið rísi af, liggi fyrir og verði engan veginn mótmælt neinum gildum rökum, en þær séu aðallega þrenns konar, að boltinn, sem halda átti uppi stálvinklinum, sem vinnupallurinn hvíldi á öðrum megin, hafi verið of stuttur, settur í of nálægt gluggabrún og svo hefði hann skekkst, er steypu var hellt í mótin, en síðasttalda atriðið hafi leitt til þess, að er vinkillinn hafi verið skrúfaður að húsveggnum, hafi myndast spenna og og boltinn leitast við að sprengja sig út úr steypunni. Uppsetning vinnupallsins hafi því óvefengjanlega einkennst af ákveðinni handvömm. Beri báðir stefndu ábyrgð á henni, Björn Sigurðsson sem húsasmíðameistari og Guðjón Þorsteinsson sem verkstjóri á staðnum.

Útbúnaður og uppsetning vinnupallanna hafi verið stórlega ábótavant, enda ekki kynnt fyrir né leitað eftir samþykki Öryggiseftirlits ríkisins. Liggi fyrir það álit af hálfu öryggiseftirlitsins, að samþykki þess hefði aldrei fengist fyrir uppsetningarútbúnaðinum.

Stefndi Björn Sigurðsson, skráður húsasmíðameistari byggingarinnar, beri hina formlegu hlutlægu ábyrgð á allri trésmíðavinnu við bygginguna samkvæmt skýrum ákvæðum í byggingarsamþykkt Kópavogs. Vinnupallar, gerð þeirra og uppsetning sé á verksviði trésmiða. Auk þess beri byggingameistari sérstaka ábyrgð á vinnupöllum, styrkleika þeirra og öryggi samkvæmt ákvæði í 23. gr. lögreglusamþykktar Kópavogs.

Öll gögn málsins leiði eindregið til þeirrar niðurstöðu, að slysið megi rekja til vanbúnaðar, eftirlits- og öryggisleysis á stór-

hættulegum vinnustað. Stefndu sýni af sér vangá og vanrækslu og jafnvel vanþekkingu. Eigi þetta jafnt við um stefnda Guðjón, sérlegan staðarverkstjóra og stjórnanda gerðar og uppsetningar vinnupallanna, stefnda Björn, hinn ábyrga húsasmíðameistara, og réttargæslustefnda, byggingaraðiljann, sem hafi verið fullkomlega með í ráðum um framkvæmd verksins. Vegna gjaldþrots Byggingamiðstöðvarinnar h/f sé ekki unnt að sækja þann aðilja til sektar fyrir hinum almenna einkamáladómstóli, en kröfu sé lýst í þrotabúið. Beri því að leggja óskoraða bótaábyrgð á stefndu in solidum. Allavega falli ábyrgð þeim á hendur samkvæmt reglunum um hættulegan atvinnurekstur.

Stefnandi vísar því alfarið á bug, að um nokkra sök sé að ræða hjá honum sjálfum, enda séu fullyrðingar stefndu í þá átt eigi studdar neinum haldbærum rökum. Komi því sakarskipting eigi til greina.

Af hálfu stefnda Björns Sigurðssonar er því haldið fram, að með áritun hans á teikningum hússins Þverbrekku 2 hafi hann tekið ábyrgð á, að framkvæmdir við bygginguna yrðu í samræmi við samþykkta uppdrætti, veitt leyfi, lög og reglur, sem til greina kynnu að koma við byggingu hússins. Aðrar starfsskyldur verði naumast talið, að hann hafi tekið að sér, og alls engar sem atvinnurekandi, sem unnt yrði að leiða af skaðabótaskyldu.

Fyrir liggi í málsskjölum álit Arnfinns Bertelssonar byggingaverkfræðings ásamt þverskurðarmynd, sem segi, að festingar þær, sem hér um ræði á vinnupallauppistöðum, meir en fullnægi ýtrustu styrkleikakröfum. Þessu áliti hafi ekki verið hnekkt í hinu minnsta tilliti. Sé því sannað, að festingar þær, sem hér um ræði, hafi í sjálfu sér verið nógu góðar. Mistök starfsmanna Byggingamiðstöðvarinnar h/f við uppsetningu járnvinkilsins sé orsök slyssins. Gerð vinnupallanna og uppsetning þeirra hafi í engu atriði verið borin undir Björn Sigurðsson né nokkurn mann í hans þjónustu. Þá hafi Björn eða menn hans engin afskipti haft af uppsetningunni. Þar hafi eingöngu komið við sögu starfsmenn Byggingamiðstöðvarinnar h/f. Því verði stefnandi að snúa sér til félagsins út af slysinu, þar sem ekki verði séð, að saknæmisreglur, reglur um ábyrgð á verkum starfsmanna né aðrar grundvallarreglur skaðabótaréttar gefi tilefni til að leggja bótaábyrgð á herðar Birni.

Hafi stefnandi reyndar viðurkennt þetta sjónarmið, að Byggingamiðstöðin h/f sé ein bótaskyld, með því að beina kröfum

sínum að henni í upphafi og móttaka greiðslur af ábyrgðartryggingu félagsins upp í tjón sitt. Í þessu sambandi sé rétt á það að benda, að félagið hafi ekki verið lýst gjaldþrota fyrr en á árinu 1975, en grundvöllur bótakröfu stefnanda, endanlegt örorkumat, hafi legið fyrir í ársbyrjun 1974. Því sé það fyrir vangeymslu eina, að stefnandi hafi ekki í tíma tryggt kröfur sínar á hendur félaginu, t. d. með kyrrsetningu. Verði hann að bíða hallann af þessari yfirsjón sinni.

Í greinargerð af hálfu Björns Sigurðssonar er því haldið fram, að bótakrafa stefnanda sé fallin niður fyrir fyrningu. Þessari málsástæðu var ekki hreyft við munnlegan málflutning.

Sýknukrafa Guðjóns Þorsteinssonar er studd þeim rökum fyrst og fremst, að hann beri hvorki ábyrgð á slysinu, sem málið stafi af, með culpa ábyrgð né hlutlægri ábyrgð. Fullyrðingum stefnanda um saknæmt atferli af hans hálfu sé vísað á bug sem gersamlega ósönnuðum.

Því sé algerlega mótmælt, að Guðjón hafi verið verkstjóri við byggingu Þverbrekku 2 með ábyrgð sem slíkur, enda hafi hann einungis þegið laun sem almennur trésmiður á tímakaupi og hefði ekki meistararéttindi. Hafi hann hins vegar verið nokkurs konar milligöngumaður og umsjónarmaður fyrir byggingaraðilja og séð um, að framfylgt væri fyrirskipunum Guttorms Sigurbjörnssonar framkvæmdastjóra, sem komið hefði daglega á vinnustaðinn. Þar að auki hafi meðstefndi Björn Sigurðsson verið meistari við bygginguna og hljóti hann sem slíkur að bera alla ábyrgð á faglegum hliðum, svo sem frágangi vinnupalla. Það sé því ekki við Guðjón Þorsteinsson að sakast, ef öryggi vinnupalla væri ábótavant. Hönnun þeirra og umleitan til öryggiseftirlits um samþykki hafi ekki verið í hans verkahring.

Því sé vísað á bug, sem stefnandi haldi fram, að Guðjón skuli teljast til þeirra, sem beri ábyrgð á slysinu samkvæmt reglum íslensks réttar um ábyrgð á hættulegum atvinnurekstri. Slík ábyrgð eigi að falla á meistarann eða byggingaraðiljann sjálfan. Þar komi daglaunamaðurinn ekki til greina.

Um ábyrgð samkvæmt almennu skaðabótareglunni sé alls ekki að ræða. Hafi Guðjón rækt starf sitt vel og verði honum eigi um kennt, að boltinn losnaði úr vegg hússins með þeim afleiðingum, að pallurinn féll. Boltinn hafi verið lagður í steypumót af öðrum mönnum og enn aðrir hafi hellt steypu í mótin. Virðist hann hafa skekkst og verið of nálægt gluggakanti. Þetta óhapp hafi Guðjón engan veginn getað séð fyrir. Þar að auki vissi hann

ekki betur en boltinn væri fastur í steypujárngrind í veggnum, svo sem gert hafði verið á hæðinni fyrir neðan, enda hefði það verið í samræmi við fyrirmæli hans.

Álit dómsins og niðurstaða.

Málsgögn, sér í lagi skýrslur beggja stefndu hér fyrir dómi og fyrir lögreglu skömmu eftir slysið, veita eindregna stoð ályktun á þá leið, að Guðjón Þorsteinsson, sem var faglærður trésmiður með töluverða starfsreynslu, hafi raunverulega gegnt verkstjórnarstörfum við bygginguna og verið í vissum skilningi fulltrúi eða staðgengill hins skráða húsasmíðameistara, Björns Sigurðssonar. Verður því að meta ábyrgð hans í starfi með tilliti til þessarar stöðu hans.

Guðjón Þorsteinsson kynnti sér vinnupallagerð á ýmsum byggingarstöðum að boði framkvæmdastjóra Byggingamiðstöðvarinnar h/f, og valdi hann síðan þann búnað, sem hér um ræðir.

Það er skoðun dómsins, byggð á áliti hinna sérfróðu meðdómenda, að þessi búnaður hafi verið í tæpasta lagi hvað fullt öryggi áhrærði, þannig að varla mátti nokkru skeika með uppsetningu, svo hætta væri ekki á ferðum.

Tilfinnanlegt í þessu efni var, að skrúfboltarnir voru fullstuttir.

Guðjón Þorsteinsson, sem að eigin sögn hafði samband við meðstefnda Björn Sigurðsson, alltaf er á þurfti að halda með ráðleggingar og samráð, gerði það ekki með vinnupallabúnaðinn. Ekki leitaði hann heldur neitt annað til prófunar eða staðfestingar á öryggisþætti hans. Svo mikið sem hér var í húfi, að fyllsta öryggis væri gætt við vinnupallabúnað háhýsis, verður ekki hjá því komist að meta Guðjóni til sakar, hvernig að þessu var staðið.

Fram er komið ótvírætt, að það sem afdrifaríkast var og telja verður hina beinu orsök slyssins, eru mistök þau, sem gerð voru með staðsetningu og festingu skrúfboltans, sem losnaði. Guðjóni Þorsteinssyni var ljóst, að umræddur bolti var ekki rétt staðsettur og hafði skekkst. Hann sinnti ekki, svo séð verði, viðvörunum Páls Bjarnasonar, sem setti boltana í mótin, né virðist hann hafa látið fylgjast sérstaklega með þeim, er steypunni var hellt í. Svo sem hér stóðu sakir, verður Guðjón Þorsteinsson talinn hafa sýnt af sér saknæmt atferli, sem eigi að leiða til bótaábyrgðar hans gagnvart stefnanda.

Með undirskrift á teikningar háhýsisins Þverbrekku 2 tókst

Björn Sigurðsson á hendur meistaraábyrgð. Hvort hann fékk sérstaka þóknun fyrir það eða ekki, skiptir hér ekki máli. Meistaraábyrgðin sneri bæði að hinum opinberu byggingaryfirvöldum sem og öðrum vegna allra faglegra þátta trésmíðasviðs byggingarinnar, þ. á m. gerð og uppsetningu vinnupalla.

Björn Sigurðsson gegndi ekki venjulegum meistaraskyldum með því að hafa sjálfur umsjón og eftirlit með verkinu af ástæðum, sem vörðuðu hann sjálfan og gerð er grein fyrir hér að framan. Þessar ástæður leystu hann ekki undan meistaraábyrgðinni. Því var það á hans ábyrgð og áhættu, hvernig til tækist með verkið að því er varðaði trésmíðaþáttinn.

Í upphafi var vitað, að vinnupalla þyrfti, er byggingin þokaðist upp á við. Öryggi vinnupalla og búnaður þeirra verður að teljast vega þungt í starfsskyldum byggingameistara háhýsis.

Sem byggingameistari gat Björn Sigurðsson átt síðasta orðið varðandi búnað og uppsetningu vinnupalla. Hafði hann í raun fullt skipunarvald í þessu efni sem og öðru varðandi trésmíðina. Hann gat átt þess kost að láta stöðva framkvæmdir, ef hann teldi einhverju áfátt faglega eða öryggis vegna. Á þetta reyndi ekki, þar sem hann hafði í raun ekkert eftirlit eða umsjón.

Björn Sigurðsson lætur þar við sitja, að Guðjón Þorsteinsson stjórni algerlega trésmíðavinnunni og komi einnig í hans stað sem umsjónar- og eftirlitsaðili. Svo sem upplýst er um samband þeirra, meðan á verkinu stóð, verður að telja, að Björn hafi í raun samþykkt staðgengils- eða fulltrúahlutverk Guðjóns. Þótt málsgögn veiti því nokkra stoð, verður ekki talið sannað gegn eindreginni neitun beggja stefndu, að svo hafi verið um samið í upphafi, að Guðjón gegndi í raun hlutverki Björns við bygginguna. Verður því bótaábyrgð á hendur Birni ekki leidd af reglunum um húsbóndaábyrgð.

Þegar það er virt, sem nú er sagt, og hinar hörmulegu afleiðingar slyssins hafðar í huga og sú staðreynd, að Björn Sigurðsson sinnti í engu meistaraskyldum um umsjón og eftirlit, þykir verða að meta það honum beint til sakar og bótaábyrgðar gagnvart stefnanda. Í þessu efni er rétt að hafa í huga, að af málsgögnum má ráða, að samband þeirra Guðjóns virðist hafa farið minnkandi eftir því sem verkinu miðaði. Guðjón kynnti ekki né hafði samráð við Björn út af vinnupallabúnaðinum, og Björn hafði ekki hugmynd um vinnupalla við bygginguna fyrr en eftir slysið, að hann sjálfur segir. Var þó sannanlega byrjað að setja palla upp a. m. k. 4—6 vikum áður en bolti sá var settur í steypu-

mótin, sem losnaði. Skoðað í þessu ljósi verður vanræksla Björns um eftirlit og umsjón skýrari og tilfinnanlegri.

Af hálfu beggja stefndu er því haldið fram, að stefnandi eigi vissa sök á slysinu vegna gáleysis. Þessar staðhæfingar þykja eigi studdar neinum haldbærum rökum. Eru því eigi efni til sakarskiptingar. Verður samkvæmt ofansögðu lögð óskoruð bótaábyrgð á stefndu in solidum, enda eigi fallist á, að bótakrafan sé fyrnd.

Þótt fallast megi á rök stefndu fyrir bótaábyrgð Byggingamiðstöðvarinnar h/f, verður eigi talið, að það teljist vera vangeymsla af hálfu stefnanda, eins og hér stóðu sakir, að hann tryggði ekki hugsanlegar kröfur sínar gegn félaginu, áður en það var úrskurðað gjaldþrota.

Veður nú tekin afstaða til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún sundurliðast þannig:

I. Örorkubætur skv. rskj. nr. 7 og 23 (niðurst. kr. 7.756.300)	kr. 9.000.000	
Frádráttur skv. sundurliðun í greinargerð á rskj. 2, sbr. rskj. 8 og 9	— 2.545.642	
		Kr. 6.454.358
II. Miskabætur	— 1.500.000	
III. Útlagður kostnaður skv. rskj. 10 og 24	kr. 57.515	
+ gr. frá Brunabótafél.	— 9.481	— 48.034
		Kr. 8.002.392

Um I. Örorkubætur.

Björn Önundarson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í mati læknisins, sem dagsett er 24. febr. 1976, eru rakin læknisvottorð þau, sem vitnað er til hér að framan. Þá segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum h. 9.1. '76. Áður hafði verið framkvæmt örorkumat af Stefáni Guðnasyni, fyrrv. tryggingayfirlækni, vegna þessa slyss h. 11.7. '73. Vegna þess að ný vottorð hafa borist í málinu, þ. e. vottorð Sverris Bergmanns, sérfræðings í taugasjúkdómum, og vottorð Höskuldar Baldurssonar, bæklunarlæknis, þykir nú ástæða til að endurskoða þetta fyrra mat. Eins og áður segir, skeði slysið með þeim hætti, að slasaði féll af vinnupalli ca. 12 metra fall og hlaut í slysi þessu hælbrot báðum megin, fract. comminuta

crurissin. et fract. columnae lumbalis. Þá hlaut slasaði og fract. os. zygomatica sin. Slasaði kvartar um úthaldsleysi, verk í mjóhrygg, verk í báðum hælum og upp í kálfa og almennt magnleysi í fótum. Gengur lítilsháttar haltur á vinstri ganglim.

Álit: Það er um að ræða tæpl. 42 ára gamlan verkamann, sem h. 13. 1. janúar (sic) 1972 slasaðist, er hann datt af vinnupalli, ca. 12 metra fall. Í slysi þessu hlaut slasaði brot á báðum hælbeinum, brot á vinstri lærlegg, brot á vinstra kinnbeini og brot á lendarhluta hryggjar.

Slasaði er talinn hafa verið með öllu óvinnufær frá slysdegi 13. 1. '72 í 12 mánuði, og hlaut hann dagpeningagreiðslur frá Slysatryggingardeild Tryggingastofnunar ríkisins fyrir það tímabil. Eftir það telst slasaði hafa verið lítt vinnufær í 3 mánuði, og verulega telst starfsgeta slasaða hafa verið skert þar á eftir í 2 mánuði og loks töluvert skert.

Eins og áður er frá greint, var slasaði fluttur beint af slysstað á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, síðan vistaður á legudeild sömu deildar frá slysdegi 13.1. '72 til 11.4. '72. Endurtekið var slasaði síðan vistaður á Borgarspítalanum, og loks mun hann hafa verið til æfingameðferðar á æfingastöð fatlaðra og lamaðra á Háaleitisbraut í Reykjavík.

Sjúklingur kvartar um þreytuverk í baki, sem að liggur úr bakinu og út á glutealsviðin báðum megin. Slasaði tekur fram, að hann þreytist mjög fljótt og verði að taka sér góðar hvíldir, ef hann reynir að vinna eitthvað. Slasaði kvartar um nokkur óþægindi frá vinstra hnésvæði, en hreyfingar í þeim lið virðast þó vera eðlilegar. Þá kvartar slasaði og um dofa í vinstra gagnauga, vinstri kinn og vinstri helmingi efri varar. Vinstra augað virðist töluvert innfallið og eventuelt standa nokkuð lægra en hið hægra. Við skoðun sést áberandi deformitet á báðum ökklum, þó meira vinstra megin. Fætur bólgnir um og neðan við ökklalið. Mjög mikil valgusstaða á báðum hælum, ör á hægra fæti undir malleolus med. svo og á il. Flexio og extensio á báðum ökklaliðum er nokkuð eðlileg, en eversio og inversio hreyfingar í subtalar liðum eru að kalla engar. Vinstri ganglimur mælist ca. 3 cm. styttri en sá hægri. Það er nokkurt palpabel deformitet á vinstri tibiae medialt og proximalt, og það er vottur af varussveigju á ofanverðum vinstri fótlegg. Þegar sjúkl. stendur, er vinstri crista iliaca nokkuð lengri en sá hægri vegna styttingar á vinstri ganglim. Það er greinileg kyphosa í efsta hluta lendar-

hryggs eða á móts við L I til L II. Aðrar kliniskar afmyndanir verða ekki greindar. Á röntgenmyndum, sem nýlega voru teknar, kemur í ljós, að lengdarbogi beggja fóta er upphafinn að kalla. Bæði hælbein eru gróin, en mjög deformeruð, calcaneus samfallin einkum um framanvert beinið. Talo-calcaneal liðir virðast hafa eyðilagst, þar sem bæði hælbein hafa brotnað mjög illa. Spontan arhtrodesis í calcaneo-cuboid lið vinstra megin. Greinilegar osteophyta-myndanir í talo-navicularlið vinstra megin. Nokkur liðbilsþrenging í vinstri öklalið. Rtg.myndir af vinstri fótlegg sýna vel gróin brot í proximal tibiae og fibulae. Á hliðarmynd af vinstri fótlegg sést nokkur cavitet í tibiae á brotstað, þar sem hér hefur verið mjög comminut brot að ræða, en leggurinn er vel og örugglega gróinn. Á rtg.mynd af hné má greina, að brotlína hefur náð upp í vinstri hnélið, en þetta er allt vel gróið, og skekkja er engin sjáanleg eða stallmyndun á rtg.myndum af vinstri hnélið. Á rtg.myndum af columnae lumbo sacralis sést mjög áberandi compression á liðbol L I. Á hliðarmynd sést, að hæð liðbola þessa að aftan er 3,7 cm., en að framan um 1,6 cm. Til samanburðar að hæð liðbolar Th XII er að aftan 4 cm. og að framan 3,5 cm. Disc-þófabilið milli Th XII og L I er nokkuð reducerað, það eru ostephytar milli Th XII og L I liðbolarins, og á framan frá mynd sést, að beinsamruni virðist hafa orðið á milli L I og Th XII. Á framan frá mynd af columnae lumbalis sést jafnframt, að compressionin á L I er assymmetrisk, þannig að liðbolurinn hefur comprimerast hægra megin. Hæð liðbolarins vinstra megin er 3 cm., hægra megin 2 cm. Conturur á liðbolum L I eru nokkuð óljósar, og getur maður ekki með vissu greint þar nein brot. Ekki sjást nú nein áberandi merki um þau, sem urðu á öðrum lendarliðum. Sumir lendarliðbolir, einkum L III og L IV, eru nokkuð biconcav með alldjúpar hvilftir í endafleti, en brjóskþófabil virðast nokkuð eðlileg, og engin greinileg merki sjást um fyrri fracturur. Á efri brúnum liðbols L IV sjást þó greinilegar osteophyptamyndanir. Sacroiliacliðir líta eðlil. út.

Eins og áður er fram komið, eru aðalkvartanir sjúkl. frá fótum og frá mjóhrygg. Á báðum þessum stöðum hefur sjúklingur hlotið alvarleg brot ásamt liðskemmdum, og veldur þetta verulegum óþægindum, verkjum og mjög skertri vinnugetu. Ekki er hægt að gera ráð fyrir, að ástand batni, heldur hið gagnstæða.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata af afleiðingum þessa slyss verði að ræða, þykir nú tímabært að meta þá

tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi 13.1. '72 í 12 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	75%
Eftir það í 2 mánuði	65%
Varanlega	45%"

Af hálfu stefndu er ofangreint mat ekki vefengt.

Stefnandi hefur lagt fram útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar um fjárhæð taps áætlaðra vinnutekna stefnanda. Um forsendur útreikninganna og niðurstöðu segir svo í bréfi Jóns Erlings, dags. 12. mars 1976:

„Örorka af völdum slyssins er metin þannig, sbr. mat Stefáns Guðnasonar, dags. 8. ágúst 1973, og bréf Páls Sigurðssonar, dags. 15. jan. 1974:

Frá slysdegi í 1 ár	100%
Eftir það í 3 mánuði	75%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Eftir það varanlega	45%

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Baldurs voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið sem hér segir:

Árið 1969	kr. 189.953
— 1970	— 308.531
— 1971	— 370.495

Það kemur fram á skattframtölum, að mikill hluti teknanna árið 1969 er af landbúnaði. En það ár seldi Baldur bújörð sína á Skógarströnd ásamt vélum og áhöfn og flutti í Kópavog. Hóf hann þá vinnu við fiskvinnslustöðvar og síðar byggingavinnu.

Tekjur Baldurs árin 1970 og 1971 eru mjög nálægt meðaltekjum verkamanna í Reykjavík þessi ár, en tekjurnar 1969 eru talsvert lægri. Með hliðsjón af þeirri breytingu, sem varð á högum hans það ár og áður var getið, tel ég réttara að sleppa árinu 1969 í tekjuviðmiðun og miða aðeins við árin 1970 og 1971.

Tekjur áranna 1970 og 1971 hef ég umreiknað með breytingum á meðaltímakaupi verkamanna í Reykjavík samkvæmt skýrslum Kjararannsóknanefndar með áætlun fyrir þann tíma, sem skýrslurnar ná ekki til. Koma þá út árstekjur kr. 1.382.200 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Með framangreindri kaupviðmiðun eru áætlaðar tekjur og tekjutap sem hér segir:

	Tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	476.000	476.000
2. árið eftir slysið	618.000	322.200
3. árið eftir slysið	927.400	417.300
4. árið eftir slysið	1.189.000	535.000
Síðan árlega	1.382.200	622.000

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi, miðað við 7% ársvexti:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	595.100
Vegna varanlegrar örorku	—	6.307.200
Samtals	kr.	6.902.300

Ef miðað er við 7% ársvexti til 16. maí 1973, 9% frá þeim tíma og til 15. júlí 1974 og 13% ársvexti eftir það, en sá vaxtagrundvöllur hefur gjarnan verið notaður síðustu missirin, þá fæst höfuðstólsandvirðið:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	595.100
Vegna varanlegrar örorku	—	4.200.600
Samtals	kr.	4.795.700

Í útreikningnum eru notaðar dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta, hugsanlegra launa í veikindaforföllum, slysadagpeninga eða slysabóta frá Tryggingastofnun ríkisins."

Jón Erlingur hefur nú í ársbyrjun reiknað á ný verðmæti taps áætlaðra atvinnutekna stefnanda. Í bréfi hans, dags. 9. febr. sl., segir svo m. a.:

„Með bréfi, dags. 24. jan. s.l., óskið þér, hr. lögmaður, að ég geri nýjan útreikning á ofangreindu tjóni með tilliti til núverandi kaupgjalds. Jafnframt óskið þér, að ég láti í ljós álit um, hvernig taka beri greiðslur frá Brunabótafélagi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins, sem inntar voru af hendi á árunum 1973—1976, inn í dæmið.

. . . . . .

Tekjur áranna 1970 og 1971 hef ég umreiknað með breytingum á tímakaupi verkamanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknanefndar. Koma þá út árstekjur kr. 2.794.000 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum eru áætlaðar tekjur og tekjutap af völdum slyssins sem hér segir:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	476.000	476.000
2. árið eftir slysið	618.800	322.200
3. árið eftir slysið	927.400	417.300
4. árið eftir slysið	1.190.500	535.700
5. árið eftir slysið	1.570.300	706.600
6. árið eftir slysið	2.166.000	974.700
Síðan árlega	2.794.000	1.257.300

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 595.100
Vegna varanlegrar örorku	— 7.161.200
Samtals	kr. 7.756.300

Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru notaðir 7% ársvextir til 16. maí 1973, 9% frá þeim tíma til 15. júlí 1974 og 13% eftir það. Þá eru notaðar dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindaforföllum, slysadagpeninga eða annarra slysabóta né heldur skatta.

Að því er snertir greiðslur frá tryggingaaðilum, sem þegar hafa verið inntar af hendi, þá tel ég, að ekki eigi að umreikna þær með tilliti til kaup- eða verðbreytinga. En að sjálfsögðu ber að færa þær til í tíma með vöxtum. Þetta er í samræmi við það, að tekjutap á liðnum tíma er ekki umreiknað vegna kaupbreytinga, heldur miðað við laun eins og þau voru á hverjum tíma."

Stefndu, sem báðir mótmæla fjárhæð örorkubótanna sem allt of hárri, hafa fært það fram í rökstuðningi sínum fyrir lækkun, að taka beri mið af útreikningum tryggingafræðingsins, en alls ekki upphæð þeirri, sem stefnandi byggi á kröfulið þennan. Þá beri að lækka bætur með tilliti til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Enn fremur telja þeir, að framreikna beri verðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og Brunabótafélagi Íslands svo og launa frá Byggingamiðstöðinni h/f og reikna

einnig með vöxtum af þessum greiðslum. Benda þeir og á, að stefnandi hafi í raun fengið á sínum tíma fullar bætur fyrir tímabundna örorku. Hið sama megi segja um örorkubæturnar, er litið sé til fjárhæðar kröfu hans á þeim tíma, þegar hann fékk greiðslur frá tryggingarfélaginu og tryggingastofnun.

Rétt þykir að ákvarða örorkubætur á grundvelli líkindareiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings.

Þegar bætur eru ákveðnar samkvæmt þessum kröfulið, þykir verða að taka tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Verður og haft í huga, hvenær stefnandi fékk samningsbundnar slysabætur og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins í formi eingreiðslna, svo og launagreiðslur frá atvinnuveitanda slysárið. Þess er þó að gæta, að ekki hefur verið framreiknað vægi þessara greiðslna miðað við útreikninga þá, sem hér liggja fyrir, og að ályktа má, að hluti þessa fjár hafi gengið til greiðslu útlagðs kostnaðar vegna slyssins og málareksturs þessa.

Þegar þetta er virt, sem nú er sagt, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 2.400.000.

Um II. Miskabætur.

Af hálfu stefnanda er vísað til sjúkrasögu hans sem rökstuðnings fyrir miskabótakröfunni. Heldur hann því fram, að hún sé síst of há.

Stefndu hafa mótmælt miskabótakröfunni sem allt of hárri.

Að framan er rakið, hver lemstur stefnandi hlaut af völdum slyssins og afleiðingum þeirra og sjúkrasaga hans rakin. Þegar þetta er virt og annað það, sem hér þykir skipta máli, þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 700.000.

Um III. Útlagður kostnaður.

Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið hefur ekki sætt tölulegum andmælum. Er hér um að ræða óhjákvæmilegan kostnað við undirbúning málsins. Verður kröfuliður þessi tekinn óbreyttur til greina.

Eftir því, sem að ofan segir, telst tjón stefnanda nema samtals kr. 3.148.034, og ber að dæma stefndu in solidum til greiðslu þeirrar fjárhæðar.

Stefndu halda því fram, að vextir lengra aftur í tímann en fjögur ár frá stefnudegi að telja séu fyrndir. Þá er því og fram haldið, að ekki beri að dæma vexti af miskabótum lengra aftur í tímann en frá útgáfudegi stefndu.

Samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 voru eldri vextir en

4 ár aftur í tímann fyrndir, er stefna hafði verið birt báðum stefndu hinn 20. júní 1977. Ber því að reikna upphafstíma vaxta af heildarbótunum samkvæmt því.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 480.000.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara og meðdómendunum Guðmundi Magnússyni byggingaverkfræðingi og Kristni Kristinssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Björn Sigurðsson og Guðjón Þorsteinsson, greiði in solidum stefnanda, Baldri Jónassyni, kr. 3.148.034 með 9% ársvöxtum frá 20. júní 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 480.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. apríl 1981.

Nr. 122/1980. **Kristinn Guðmundsson**
Karl Sigurgeirsson
Gunnar Guðlaugsson
Svavar Þorbergsson
Eysteinn Ingólfsson
Haukur Elísson
Katrín Ósk Jónsdóttir
Sigríður Ósk Beck og
Erla Jónsdóttir
gegn
félagsmálaráðherra f. h.
félagsmálaráðuneytisins
og kjörstjórnarmönnum Geithellnahrepps,
Suður-Múlasýslu,
skv. kosningum
sýslunefndar á aðalfundi
9.—10. maí 1979:
Guðmundi Björnssyni
Snorra Guðlaugssyni
Ástríði Baldursdóttur
svo og hreppsnefndarmönnum í
Geithellnahreppi skv. kosningu
10. júní 1979:
Flosa Ingólfssyni
Ragnari Eiðssyni
Braga Björnssyni
Erlu Einarsdóttur
Guðmundu Pétursdóttur
Rögnvaldi Karlssyni og
Þorfinni Jóhannssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristinn Guðmundsson, Karl Sigurgeirsson,

Gunnar Guðlaugsson, Svavar Þorbergsson, Eysteinn Ingólfsson, Haukur Elísson, Katrín Ósk Jónsdóttir, Sigríður Ósk Beck og Erla Jónsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. apríl 1981.

Nr. 194/1980. **Lífeyrissjóður sjómanna**
gegn
Benedikt Sveinssyni hrl.
f. h. Nichimen Co. Ltd.,
Jóni Hafdal
Haraldi Jónssyni og
Samtryggingu íslenskra botnvörpunga.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lífeyrissjóður sjómanna, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. apríl 1981.

Nr. 94/1979. **Alexander Sigurðsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Hilmari Ingimundarsyni
(sjálfur).

Víxilmál. Málsástæður. Fjárnámsgerð vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1978, og var það þingfest 1. desember s. á. Í þinghaldi 8. janúar 1979 varð útivist af hálfu áfrýjanda, og gekk útivistardómur í málinu samdægurs. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 16. maí 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og að fjárnámsgerð sú, sem framkvæmd var 16. janúar 1979 í eigninni Sogavegi 138, verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi fallið frá þeirri málsástæðu, að víxill sá, sem málið varðar, sé falsaður. Málsaðild stefnda er eigi vefengd. Hins vegar teflir áfrýjandi fram þeirri málsástæðu, eins og í héraði, að framangreindur víxill hafi verið gefinn út í júlímánuði 1976, en ekki 1. apríl 1978, eins og greint sé á víxlinum. Víxillinn skyldi greiðast við sýningu, og var hann sýndur til greiðslu 17. apríl s. á. og afsagður sama dag vegna greiðslufalls.

Sú varnarástæða áfrýjanda, að ritaður hafi verið annar útgáfudagur á víxilinn en heimilt hafi verið gagnvart sér, kemst ekki að í máli þessu gegn andmælum stefnda, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Afsögn víxilsins fór fram með réttu móti, þ. e. innan árs frá tilgreindum útgáfudegi, sbr. 1. mgr.

34. gr. laga nr. 93/1933. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóm, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af nýjum gjaldmiðli.

Í áfrýjunarstefnu er framangreindri fjárnámsgerð áfrýjað án þess að greint sé, í hvaða skyni áfrýjað sé eða hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Er það andstætt brýnu boði 3. töluliðs 2. málsgr. 34. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Verður því að vísa kröfu áfrýjanda um niðurfellingu fjárnámsgerðar sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu áfrýjanda, Alexanders Sigurðssonar, er vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda, Hilmari Ingimundarsyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1976.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. maí sl., á hendur Alexander Sigurðssyni, Krummahólum 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 1.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 17. apríl 1978 til greiðsludags, kr. 4.960 í stimpil- og afsagnarkostnað svo og málskostnað, þ. m. t. löghaldskostnaður, að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Jafnframt krefst hann staðfestingar löghalds, sem gert var í eign stefnda, fasteigninni að Sogavegi 138, Reykjavík, fyrir tildæmdum kröfum.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi segir hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 1.000.000, útgefnum og áböktum af Sveini Gústafssyni, Hrafnhólum 4, Reykjavík, 1. apríl 1978 og samþykktum af stefnda, Alexander Sigurðssyni, til greiðslu við sýningu, en víxillinn hafi verið sýndur og afsagður sökum greiðslufalls hinn 17. apríl 1978. Stefnandi hafi fengið víxilinn afhentan eyðuframsali. Hinn 23. maí 1978 hafi verið gert löghald í eign stefnda að Sogavegi 138, Reykjavík, til tryggingar stefnukröfum.

III.

Stefndi hefur krafist algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í greinargerð stefnda, sem lögð var fram á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 22. júní 1978, rökstuddi stefndi sýknukröfur sínar þannig, að víxill sá, er væri grundvöllur málssóknar stefnanda á hendur sér, væri falsaður, þ. e. falsað skjal í merkingu 155. gr. laga nr. 19/1940. Kvaðst hann mundu „staðfesta það og sanna, er rannsókn hefst á kæru hans til sakadóms Reykjavíkur og beiðni um rannsókn á afbroti skjalafalsarans og hlutdeildarmanns hans eða hlutdeildarmanna í því," eins og segir í greinargerð hans.

Við munnlegan flutning málsins, sem fram fór 13. október sl., bar stefndi fram þær málsástæður, sem ekki höfðu komið fram áður undir rekstri málsins, að mál þetta væri höfðað af röngum aðilja, þar eð Sveinn Gústafsson, útgefandi víxilsins, hefði borið það við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann væri eigandi umrædds víxils, en ekki stefnandi máls þessa, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður. Væri því um að ræða varnarástæðu í víxilmáli samkv. a tl. 208. gr. laga nr. 85/1936 og ætti að leiða til þess, að stefndi yrði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá hélt stefndi og fram þeirri málsástæðu við flutning málsins, að stefndi kannaðist að vísu við nafnritun sína sem samþykkjanda á víxlinum, en kvað innihald víxileyðublaðsins að öðru leyti falsað. Þá hélt stefndi loks fram þeirri málsástæðu við flutning málsins, sem ekki hafði áður komið fram, að víxillinn hefði í raun orðið til í júlímánuði 1976, ef marka mætti vætti Sveins Gústafssonar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 26. september 1978, sem fram kæmi í dómskj. nr. 8. Víxillinn hafi eigi verið sýndur til greiðslu fyrr en í apríl 1978. Hafi þá verið löngu liðinn sá 1 árs sýningarfrestur, sem um sýningarvíxla gildi.

Ætti þetta einnig að leiða til þess, að stefndi yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi mótmælti þeim málsástæðum, sem stefndi hafði borið fyrir sig við flutning málsins, sem of seint fram komnum og efnislega.

IV.

Með bréfi, dagsettu 30. júní 1978, reit stefndi, Alexander Sigurðsson, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, Hallvarði Einvarðssyni, bréf, þar sem hann beiddist opinberrar rannsóknar á því, hvernig skjal það, sem væri grundvöllur málssóknar stefnanda á hendur sér, hefði til orðið. Fer bréfið hér á eftir:

„Reykjavík, 30. júní 1978.

Herra rannsóknarlögreglustjóri, Hallvarður Einvarðsson.

Ég undirritaður, Alexander Auðunn Sigurðsson, Krummahólum 6 í Reykjavík, leyfi mér hér með að leita til embættis yðar vegna málefnis þess, er nú skal greina:

I.

Hinn 1. þ. m. þingfesti Hilmar Ingimundarson, hrl., Ránargötu 13, hér í borg, mál á hendur mér á bæjarþingi Reykjavíkur til greiðslu víxilskuldar með vöxtum og kostnaði og jafnframt til staðfestingar á lögbaldi, sem gert var í Sogavegi 138, hér í borg. — Í stefnu málsins lýsir stefnandi, Hilmar, málavöxtum á þessa leið:

„Skuld þessi er skv. víxli að fjárhæð kr. 1.000.000, útg. og ábektum af Sveini Gústafssyni, Hrafnhólum 4, Reykjavík, 1. apríl 1978 og samþykktum af stefnda, Alexander Sigurðssyni, til greiðslu við sýningu, en víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls hinn 17. apríl 1978. Stefnandi fékk víxilinn afhentan eyðuframsali. Hinn 23. maí 1978 var gert lögbald í eign stefnda, að Sogavegi 138, Reykjavík, til tryggingar stefnukröfum.“

II.

Nú er svo ástatt, að ég hefi aldrei á æfi minni samþykkt víxil útgefinn af Sveini þessum Gústafssyni. Nefndur Sveinn var á tímabilinu júní 1975 til ágúst 1976 framkvæmdastjóri með prókúruumboði fyrir Stálvirkjann h/f, en ég var á sama tíma formaður stjórnar félagsins. Í ágúst 1976 komst það upp, að Sveinn hafði dregið sér verulegar fjárhæðir úr sjóði félagsins og meðal annars ritað nafn mitt í heimildarleysi og auðgunarskyni undir

eina tékkávísun a. m. k. á bankareikning félagsins. Einnig kom í ljós, að hann hafði ráðstafað ýmsum viðskiptavíxlum félagsins á óheiðarlegan hátt, félaginu til tjóns, en sjálfum sér í hag.

III.

Það er því eindregin ósk mín og raunar krafa, að þér, herra rannsóknarlögreglustjóri, látið fram fara réttarrannsókn á því, hvernig skjal það er til orðið, sem Hilmar Ingimundarson kallar víxil og notar til málssóknar á hendur mér í framangreindu bæjarþingsmáli nr. 1137/1978.

Að rannsókn yðar lokinni verður væntanlega höfðað refsimál á hendur nefndum Sveini og hlutdeildarmanni hans eða hlutdeildarmönnum fyrir skjalafals í merkingu 155. gr. alm. hegningarlaga."

V.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 1. júní 1978. Stefndi fékk þá greinargerðarfrest til 22. júní 1978. Skilaði stefndi greinargerð þann dag, og fór málið þá til yfirborgardómara til úthlutunar, og fékk Hrafn Bragason borgardómari það til meðferðar. Var málið boðað til munnlegs flutnings þriðjudaginn 12. september 1978. Er málið skyldi flutt, lagði umboðsmaður stefnda fram bréf umbjóðanda síns til rannsóknarlögreglu ríkisins, það er að framan greinir. Ákvað dómarinn þá með tilvísun til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta málinu ex officio til málflutnings til 26. september 1978, þar sem fram hefði komið kæra um refsivert athæfi, er varðaði vörn, sem kæmist að í víxilmáli.

Vegna fjarveru Hrafns Bragasonar borgardómara, sem upphaflega hafði fengið mál þetta til meðferðar, var undirrituðum fulltrúa falin meðferð þess. Er mál þetta skyldi flutt hinn 26. september 1978, lágu ekki fyrir niðurstöður rannsóknar rannsóknarlögreglu ríkisins á því, hvernig víxill sá, sem er grundvöllur málssóknar þessarar, hefði til orðið, og ákvað dómarinn þá að fresta málinu til munnlegs flutnings til 10. október 1978.

Er málið var tekið fyrir hinn 10. október 1978, lagði stefnandi, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, fram skýrslur rannsóknarlögreglu ríkisins um framangreind kæruatriði.

VI.

Mál þetta er höfðað skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936 sem víxilmál til greiðslu eins víxils, sem stefnandi hefur lagt fram

í málinu. Fullnægir víxill þessi í hvívetna formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933.

Stefndi bar í upphafi þeirri varnarástæðu við, að nafnritun hans sem samþykkjanda á víxlinum væri fölsuð. Fór fram rannsókn á þessu kæruatriði hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni þann 15. september 1978 yfir stefnda í máli þessu, Alexander Sigurðssyni, kannaðist hann við nafnritun sína á víxlinum og því væri ekki um það að ræða, að nafn hans sem samþykkjanda á víxlinum væri falsað. Kemur málsástæða þessi því ekki frekar til álita við úrlausn máls þessa.

Eins og að framan getur, bar stefndi fram við munnlegan flutning málsins nýjar málsástæður, sem ekki höfðu áður komið fram undir rekstri málsins. Stefnandi mótmælti þeim varnarástæðum sem of seint fram komnum og efnislega. Tvær af þeim þremur málsástæðum, sem stefndi hélt fram við munnlegan flutning málsins, varða atvik, sem ætla verður, að stefnda hafi fyrst verið kunnugt um, þegar niðurstöður rannsóknarlögreglu ríkisins á kæruatriðum þeim, er að framan getur, lágu fyrir og voru lagðar fram í málinu, þ. e. í þinghaldi hinn 10. október sl. Er hér um að ræða annars vegar þá málsástæðu stefnda, að mál þetta sé höfðað af röngum aðilja, og svo hins vegar þá, að margumræddur víxill hafi verið of seint sýndur til greiðslu. Koma þær því til álita við úrlausn máls þessa. Að því er þá málsástæðu stefnda varðar, sem lýtur að því, að víxillinn sé falsaður að öllu öðru leyti en því, að samþykkjandi kannist við nafnritun sína á honum, þá er þar um málsástæðu að ræða, sem stefndi bar fram strax og hann skilaði greinargerð, þ. e. 22. júní 1978. Kemur hún því til álita við úrlausn máls þessa.

Við munnlegan flutning málsins bar stefndi í fyrsta lagi fram þá málsástæðu, að mál þetta væri höfðað af röngum aðilja. Útgefandi víxilsins, Sveinn Gústafsson, hefði borið það við yfirheyrslur, að hann væri eigandi umrædds víxils, en ekki Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, stefnandi málsins. Væri því um að ræða varnarástæðu í víxilmáli skv. a tl. 208. gr. laga 85/1936, sem leiða ætti til sýknu stefnda. Víxill sá, sem stefnandi byggir dómkröfur sínar á, er framseldur eyðuframsali af útgefandanum, Sveini Gústafssyni. Stefnandi máls þessa, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, höfðar mál þetta sem handhafi umrædds víxils og hefur lagt hann fram í málinu

með formlega löglegri heimild sér til handa. Verður hann því að teljast réttur aðili máls þessa.

Stefndi hélt því fram við munnlegan flutning málsins, að þó svo að hann kannaðist við nafnritun sína sem samþykkjanda víxilsins, þá væri innihald víxileyðublaðsins að öðru leyti falsað. Umræddur víxill er einkaskjal í merkingu 154. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi hefur hvorki sannað né sennilegt gert, að innihald hans sé falsað, og verður því að líta svo á, að útgefandi hafi gefið það út og samþykkjandi samþykkt það með því efni, sem það hefur að geyma, enda vekur skjalið hvorki eftir útliti sínu né efni grun um að vera falsað.

Loks hélt stefndi því fram við munnlegan flutning málsins, að víxill sá, er væri grundvöllur málssóknar stefnanda á hendur sér, hefði í raun orðið til í júlímánuði 1976, en ekki 1. apríl 1978, eins og á víxilinn sé ritað. Víxillinn hafi því ekki verið sýndur innan þess eins árs frests, sem mælt sé fyrir um í 1. mgr. 34. gr. laga 93/1933. Leiði þetta til þess, að stefnandi hafi glatað víxilrétti á hendur stefnda og beri að sýkna stefnda af víxilkröfum stefnanda fyrir þá sök. Tilgreining útgáfudags á víxli er einungis formskilyrði, en breytir engu um víxilréttinn. Framlagður víxill fullnægir í öllu formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933 og ber með sér útgáfudaginn 1. apríl 1978, er hann var sýndur til greiðslu 17. apríl 1978 og afsagður þann dag sökum greiðslufalls. Stefnandi hefur því að lögum haldið fram víxilrétti sínum á hendur samþykkjanda.

Að framansögðu athuguðu ber að taka kröfur stefnanda á hendur stefnda í máli þessu til greina að öllu leyti.

Málskostnaður, þar með talinn kostnaður vegna löghalds, þykir hæfilega ákveðinn kr. 254.000.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Staðfest er framangreint löghald í fasteigninni að Sogavegi 138, Reykjavík, eign stefnda, Alexanders Sigurðssonar.

Stefndi, Alexander Sigurðsson, greiði stefnanda, Hilmari Ingimundarsyni, kr. 1.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af þeirri fjárhæð frá 17. apríl 1978 til greiðsludags, kr. 4.960 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 254.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 16. janúar 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 16. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Krummahólum 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið málið: A 115/1979: Hilmar Ingimundarson gegn Alexander Sigurðssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1137/1978. Fyrir gerðarbeiðanda mætir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 1.000.000 með 3% mánaðarvöxtum frá 17. apríl 1978 til greiðsludags, kr. 3.200 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 4.960 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 254.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 7.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Skúli Sigurz. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Sogavegi 138, en staðfest löghald er í eigninni til tryggingar kröfunni. Gerðarþola verður tilkynnt um fjárnámið í ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 1. apríl 1981.

Nr. 202/1979. **Alexander Sigurðsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Jóni Ingólfssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. nóvember 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa borgarfógetarnir Þórhallur Einarsson og Þorkell Gíslason komið fyrir dóm og borið vætti um atriði, er varða afsögn víxils þess, sem er undirrót máls þessa.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi uppi tvær málsástæður, sem eigi var hreyft í héraði. Er skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 eigi fullnægt til að hafa þær uppi fyrir Hæstarétti. Að svo vöxnu ber að staðfesta héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af nýjum gjaldmiðli.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, 4.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Alexander Sigurðsson, greiði stefnda, Jóni Ingólfssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. mars 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi hinn 2. mars sl., hefur Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður, Garðastræti 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri fimmtudaginn 9. nóvember 1978, gegn Alexander Sigurðssyni vélsmið, Krummahólum 6, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.800.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 21. september 1978 til greiðsludags, kr. 4.500 í stimpilkostnað, kr. 2.000 í afsagnarkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur aðallega krafist þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara hefur hann krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og til þrautavara sýknu að svo stöddu. Þá hefur hann og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 1.800.000, útgefnum 21. ágúst 1978 af stefnda, Alexander Sigurðssyni, og framseldum af honum, en samþykktum af sama f. h. Stálvirkjans h/f til greiðslu í Landsbanka Íslands, með gjalddaga 21. september 1978. Víxillinn hafi verið afsagður 25. september 1978. Stefnandi kveður allar innheimtutilraunir utan réttar hafa verið árangurslausar og því hafi málssókn þessi verið nauðsynleg. Kveður hann mál þetta vera einfalt víxilmál og mótmælir því, að aðrar varnir en víxilvarnir samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936 fái að komast að í málinu.

III.

Kröfu sína um frávísun málsins styður stefndi þeim rökum, að við yfirheyrslur í máli þessu í þinghaldi hinn 28. febrúar sl., hafi vitnið Andrés Kristinn Sævar Pétursson, Maríubakka 12, Reykjavík, játað, aðspurður af lögmanni stefnda, að hann væri eigandi víxilsins á dskj. nr. 2, en ekki stefnandi málsins, Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður. Leiði þetta til þess, að sam-

kvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 beri að vísa málinu frá dómi.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að víxill sá, er sé grundvöllur málssóknar stefnanda á hendur honum, sé þannig til kominn, að Stálvirkinn h/f hafi fengið lán í Landsbankanum hinn 4. ágúst 1976 að fjárhæð kr. 11.420.000 og hafi Sævar Pétursson, Maríubakka 12, veitt veðleyfi í íbúð sinni til tryggingar skuldum Stálvirkjans við Landsbankann. Til tryggingar því, að Sævar biði ekki tjón vegna veðsetningar þessarar hafi Alexander Sigurðsson gefið út víxilinn á dskj. nr. 2, sem Stálvirkinn hafi verið samþykkjandi að, og hafi svo um samist, að Sævar gæti innheimt víxilinn, ef Landsbankinn gengi að veðinu í íbúð Sævars. Uppboðssala hafi hins vegar ekki farið fram á íbúð Sævars og því sé ljóst, að handhafi víxilsins eigi engar kröfur á hendur stefnda, þar sem skilyrði það, sem innheimta víxilsins hafi verið bundin við, sé enn ekki komið fram. Sé því ljóst, að stefndi Alexander mundi bíða stórtjón við innheimtu víxils þessa. Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður höfði mál þetta sem handhafi víxilsins samkvæmt eyðuframsali. Honum hafi verið það ljóst, þegar hann eignaðist víxilinn, að uppboðssala hefði enn ekki farið fram á íbúð Sævars Péturssonar, þar sem Jón Ingólfsson hafi hinn 22. maí 1978 og 23. ágúst 1978 ritað stefnda innheimtubréf f. h. Sævars Péturssonar, en bréf þessi hefur stefndi lagt fram á dskj. nr. 4 og 5, en í bréfum þessum sé Jón að krefja stefnda um greiðslu á víxlinum á dskj. nr. 2, sem sé í eigu Sævars Péturssonar. Þessi tvö innheimtubréf beri það með sér, að Sævar Pétursson hafi verið upphaflegur eigandi víxilsins og að víxillinn hafi verið gefinn út og samþykktur til tryggingar því, að Sævar biði ekki tjón vegna veðsetningar þeirrar, sem að framan greinir. Sem lögmanni Sævars hafi Jóni verið það ljóst, hvernig víxill þessi var til kominn, og jafnframt það, að uppboðssala hefði enn ekki farið fram. Þrátt fyrir þessa vitneskju höfði hann mál þetta sem handhafi víxilsins á hendur Alexander Sigurðssyni, sem bíða mundi stórfellt tjón, ef hann yrði dæmdur til greiðslu víxilsins. Til þess að girða fyrir misrétti sem þetta sé varnaraðilja í víxilmáli í 17. gr. laga nr. 93/1933 heimilt að koma með varnir, er lúti að lögskiptunum að baki víxlinum, þegar lögsókn er hafin gegn honum, ef ljóst sé, að víxilhafi hafi af ásettu ráði viljað baka honum tjón, þá er hann eignaðist víxilinn. Af því, sem að framan sé rakið um tilurð víxilsins og skilyrði það, sem innheimta hans

hafi verið bundin við, sé ljóst, að stefnandi máls þessa hafi af ásettu ráði viljað baka stefnda Alexander tjón, þá er hann eignaðist víxilinn. Þegar þetta sé virt, beri samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Ef svo fari, að dómurinn fallist ekki á varakröfu stefnda, hefur hann með tilvísun til 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 krafist þess til þrautavara, að hann verði sýknaður að svo stöddu. Það, sem að framan sé rakið um sýknukröfu hans, sýni, svo ekki verði um villst, að uppboðssala hafi enn ekki farið fram á íbúð Sævars Péturssonar. Skilyrði það, sem innheimta víxilsins hafi verið bundin við, sé því enn ekki komið fram og af því leiði, að greiðsluskylda stefnda hafi enn eigi verið komin, þegar mál þetta hafi verið tekið til dóms, og því beri með tilvísan til áðurnefndrar lagagreinar að sýkna stefnda að svo stöddu, þar sem ljóst sé, að innheimta víxilsins hafi verið bundin því skilyrði, að uppboðssala hefði farið fram.

IV.

Stefnandi höfðar mál þetta samkvæmt víxli, sem hann hefur lagt fram í málinu á dskj. nr. 2. Er mál þetta því víxilmál samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Svarar framlagður víxill hvívetna til málavaxtalýsingar í stefnu og fullnægir í öllum greinum formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933.

Stefndi reisir kröfu sína um frávísun máls á því, að stefnandi sé eigi réttur aðili máls þessa, þar sem það hafi komið fram í yfirheyrslum yfir Sævari Péturssyni, að hann, en ekki Jón Ingólfsson, væri eigandi víxilsins. Handhöfn stefnanda á víxli þessum er til komin fyrir eyðuframsal til innheimtu. Er hon um því rétt í sjálfs sín nafni að innheimta víxilinn. En með því að aðildarskortur í dómsmáli leiðir til sýknu, en ekki frávísunar, ber þegar af þeirri ástæðu að synja kröfu stefnda um frávísun málsins af þessum sökum.

Að því er varakröfu stefnda um sýknu varðar, þá er það komið fram í máli þessu, sbr. dskj. nr. 8, að Landsbankinn hefur þegar beiðst uppboðs á íbúð Sævars Péturssonar að Maríubakka 12, Reykjavík, vegna veðleyfis þess, er Sævar veitti Stálvirkjanum í íbúð sinni vegna lántöku þeirrar hjá Landsbankanum, sem áður er getið, og mun uppboðssala fyrirhuguð um miðjan apríl. Þegar þetta er virt, verður eigi séð, að stefndi hafi sýnt fram á, að lögsókn stefnanda á hendur sér samkvæmt víxlinum á dskj.

nr. 2 sé andstæð 17. gr. laga nr. 85/1936 og eigi að leiða til sýknu af kröfum stefnanda.

Með því að framlagður víxill fullnægir, eins og áður er getið, öllum formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933, greinir gjalddaga, sem liðinn er, og hefur verið réttilega afsagður, verður að líta svo á, að stefnandi eigi óskilyrtan víxilrétt á hendur stefnda, og ber því að taka kröfur hans til greina að öllu leyti. Þrautavarakrafa stefnda um sýknu að svo stöddu kemur því ekki til álita samkvæmt framansögðu.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kröfur stefnanda á hendur stefnda verða teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Stefndi, Alexander Sigurðsson, greiði stefnanda, Jóni Ingólfssyni héraðsdómslögmanni, kr. 1.800.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 21. september 1978 til greiðsludags, kr. 4.500 í stimpilkostnað, kr. 2.000 í afsagnarkostnað og kr. 250.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. apríl 1981.

Nr. 222/1978. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Einari Matthíassyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Krafa um orlofsfé.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1978. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnda og þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að ársvextir verði 22% frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, en 35% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu deila aðiljar um skyldu áfrýjanda til að greiða orlofsfé vegna yfirvinnukaups og vaktaálags, sem stefndi fékk greitt úr ríkissjóði fyrir tímabilið 1. janúar 1972 til 31. desember 1975, en hann var þá starfsmaður við loranstöðina á Gufuskálum. Ágreiningur er ekki milli aðilja um útreikning kröfu stefnda, og er hún sundurliðuð í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa velta á því, hvernig skýra ber lög nr. 87/1971 um orlof.

Í 7. gr. laga þessara segir í 1. mgr., að atvinnurekandi skuli greiða í orlofsfé 8⅓% af launum. Í upphafi 8. gr. segir, að fastur starfsmaður fái laun í orlofi í stað orlofsfjár og „auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati . . .“ Af þessu verður ráðið, að um kjör stefnda að þessu leyti fer eftir 8. gr. laganna, þar sem hann var fastur starfsmaður í þjónustu ríkisins á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Í orlofslögunum er ekki að finna neitt ákvæði, sem tryggir stefnda rétt til orlofsfjár, eins og hann krefst.

Samkvæmt þessu ber að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Einars Matthíassonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október sl., hefur Einar Matthíasson, Álftahólum 6, Reykjavík, áður til heimilis að lóranstöðinni, Gufuskálum, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, höfðað gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, birtri 18. janúar 1977.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 191.406 með 9% ársvöxtum af kr. 4.379 frá 1. maí 1972 til 1. maí 1973, af kr. 24.581 frá þeim degi til 1. maí 1974, af kr. 66.054 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1975, af kr. 134.194 frá þeim degi til 1. maí 1976, en af kr. 191.406 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar alls úr hendi stefnda, þ. m. t. málflutningslaun skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Sáttaumleitanir í málinu hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Í stefnu er greint frá því, að stefnandi sé og hafi lengi verið starfsmaður lóranstöðvarinnar á Sandi. Hann sé félagsmaður í Gufuskáladeild Félags íslenskra símamanna, en það félag eigi aðild að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Laun stefnanda séu þríþætt: föst laun, vaktaálag og yfirvinna. Stefnandi krefur stefnda um greiðslu orlofs, 8.33% af því kaupi, sem hann fékk fyrir yfirvinnu og vaktaálag á tímabilinu frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1975, að frádregnu svonefndu orlofsframlagi. Stefnandi lagði fram eftirfarandi skýringar og sundurliðun á kröfugerð sinni:

„Yfirvinna og vaktaálag eftir orlofsárum og orlof af þessum greiðslum (8.33%)

1/1/72—30/4/72	kr.	52.572	kr.	4.379
1/5/72—30/4/73	—	302.541	—	25.202
1/5/73—30/4/74	—	617.929	—	51.473
1/5/74—30/4/75	—	938.051	—	78.140
1/5/75—31/12/75	—	756.840	—	63.045
		2.667.993		222.239

Sundurliðun stefnufjárhæðar:

Vangr. orlof 1/1/72—30/4/72			kr. 4.379
Vangr. orlof '72—'73	kr. 25.202		
÷ orlofsframlag	— 5.000		kr. 20.202
Vangr. orlof '73—'74	kr. 51.473		
÷ orlofsframlag	— 10.000		kr. 41.473
Vangr. orlof '74—'75	kr. 78.140		
÷ orlofsframlag	— 10.000		kr. 66.140
Vangr. orlof 1/5/75—31/12/75		63.045	
÷ orlofsframlag 1/5/75—31/12/75		5.833	kr. 57.212
			kr. 191.406".

Af hálfu stefnda var tölulegri kröfugerð stefnanda eigi mótmælt, en hún byggist á upplýsingum launadeildar fjármálaráðuneytisins, dags. 16. okt. 1978. Af hálfu stefnda var kröfum stefnanda um greiðslu orlofs, sem hann setti fram í bréfi, dags. 22. mars 1976, hafnað með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 29. mars 1976.

Málsástæður.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að með lögum nr. 16/1943 hafi verið sett heildarlöggjöf um orlofsmál launþega og í 1. gr. laganna sé tekið fram, að þau gildi um starfsmenn ríkisins. Í lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna séu ákvæði um orlof og í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum segi, að um orlof ríkisstarfsmanna gildi lög um orlof. Í greinargerðinni komi og fram, að orlofsákvæðin í lögunum séu sett til þess að lengja orlof ríkisstarfsmanna í samræmi við kjarasamninga þá, sem í gildi voru á frjálsum vinnumarkaði. Orlofsákvæðum laga nr. 38/1954 hafi ekki verið ætlað að koma í stað laga um orlof til þrengingar orlofsrétti ríkisstarfs-

manna. Í lögum nr. 8/1957 um breytingu á lögum nr. 16/1943 hafi verið ítrekað, að lögin giltu um ríkisstarfsmenn.

Í lögum nr. 87/1971 um orlof, sbr. lög nr. 109/1972, sé tekið skýrt fram, að lögin gildi um alla þá, sem starfi í þjónustu annarra gegn launum. Ríkisstarfsmenn séu þar ekki undanskildir, svo sem óhjákvæmilegt hefði verið, ef ætlan löggjafans hefði verið sú að láta þá búa við skertan orlofsrétt miðað við aðra launþega. Í greinargerð með frumvarpi til laganna hafi verið tekið fram, að 1. gr. laganna væri að efni til samhljóða lögum nr. 16/1943 um orlof, þar sem tekið sé fram, að lögin nái til starfsmanna ríkisins. Lögum nr. 38/1954 hafi m. a. verið ætlað að tryggja, að ríkisstarfsmenn hefðu a. m. k. ekki lakari rétt til orlofs en aðrir launþegar. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1971 segi, að samningar um minni rétt til handa launþegum en lögin ákveði séu ógildir, og í 1. mgr. sömu greinar segi, að lögin rýri ekki víðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt skv. öðrum lögum, samningum eða venjum. Af þessu ákvæði verði ekki annað ráðið en að lögin felli úr gildi þau lagaákvæði, sem kunni að ákveða launþegum minni orlofsrétt en orlofslögin kveði á um. Af þessu verði sú ályktun dregin, að um rétt ríkisstarfsmanna til orlofs gildi lög nr. 87/1971 um orlof að því leyti sem þau veiti þeim víðtækari orlofsrétt en þröng túlkun á IV. kafla laga nr. 38/1954 gæti leitt til.

Í 1. og 7. gr. laga nr. 87/1971 sé skýrt kveðið á um, að 8⅓% orlofsfé skuli greiða af öllum launum og hlunnindum, en sú undantekning sérstaklega gerð, að ekki skuli reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé. Í 8. gr. laganna segi, að fastur starfsmaður fái laun í orlofi í stað orlofsfjár svo og fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati. Við túlkun á 1. mgr. 8. gr. laganna verði að hafa til hliðsjónar 2. mgr. sömu greinar, en þar sé ákveðið, að greiða skuli starfsmanni orlofsfé á öll laun, ef hann lætur af störfum á orlofsárinu. Sá, sem ekki skipti um starf, eigi ekki að vera verr settur en sá, sem skipti um starf, og því beri að túlka 1. mgr. 8. gr. laganna svo, að starfsmenn eigi einnig rétt á að fá orlof greitt af öðrum tekjum en föstum launum, enda mundi annað leiða til misræmis, sem vart verði ætlað, að löggjafinn hafi stefnt að.

Í gögnum málsins komi skýrt fram, að stefndi telji svonefnt orlofsframlag koma í stað orlofsgreiðslna á yfirvinnukaup og viðurkenni þar með skyldu sína til að greiða orlofsfé á yfirvinnu.

Allir launþegar á Íslandi að ríkisstarfsmönnum undanteknum

hafi frá 1. janúar 1972 fengið greitt orlof á álags- og yfirvinnugreiðslur, e. t. v. að undanteknum bankastarfsmönnum, sem fái greidda launauppbót.

Stefndi hafi gert samkomulag við félagsmenn í Bandalagi háskólamanna um að greiða þeim orlof af allri yfirvinnu frá 1. janúar 1974. Þetta hafi verið sérstakt samkomulag, sem hafi verið gert á grundvelli dómssáttar í málinu nr. 408/1975, sem Steingrímur H. Ingvarsson hafi höfðað gegn stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur um sama ágreiningsefni og mál þetta snúist um. Þetta samkomulag hafi ekki verið tengt neinum kjarasamningum.

Af framansögðu sé ljóst, að stefnanda beri réttur til 8⅓% orlofsfjár á álags- og yfirvinnugreiðslur sínar skv. lögum nr. 87/1971, en samningar um minni rétt en fyrir sé mælt í lögunum séu ógildir. Þar sé jafnt átt við samninga einstaklinga og heildarkjarasamninga og geti Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ekki bundið félagsmenn sína við samninga, sem ekki standist lög. Atvinnurekendur aðrir en stefndi, e. t. v. að bönkum og sparisjóðum undanskildum, hafi viðurkennt þá túlkun, sem stefnandi beiti í þessu máli, en stefndi hafi viðurkennt skyldu sína til að greiða orlof á yfirvinnu með greiðslu orlofsframlagsins.

Sú málsástæða stefnda, að notkun lægri deilitölu við útreikning á yfirvinnukaupi, skipti ekki máli, því að ríkisstarfsmenn vinni aðeins eina tegund yfirvinnu, en aðrir starfshópar margar tegundir yfirvinnu.

Þótt rétt kynni að vera með farið hjá stefnda, sem þó sé mótmælt, þá sé slíkt röng aðferð við greiðslu orlofsfjár.

Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að þótt kröfur stefnanda kynnu að einhverju leyti að vera fyrndar, mundi stefndi ekki byggja á því.

Af hálfu stefnda var því ekki mótmælt, að um orlofsrétt starfsmanna ríkisins giltu lög nr. 87/1971 um orlof svo og IV. kafli laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Því var haldið fram, að líta ætti á lög nr. 87/1971 til uppfyllingar ákvæðum IV. kafla laga nr. 38/1954, þar sem þau væru yngri, en almenn lög eins og þau felldu ekki úr gildi sérreglur eldri laga. Þessari málsástæðu var mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni. Rétt væri og óumdeilt, að ekki yrði samið um minni orlofsrétt en lög kvæðu á um. Í 7. gr. laga nr. 87/1971 sé ekki kveðið á um, að orlofsfé skuli greitt af öllum launum. Þar sé tæmandi talið, af hvaða launum skuli greitt

orlofsfé, og sé þar ekki minnst á yfirvinnu, en hún geti engan veginn talist til hlunninda. Í 8. gr. laganna sé að finna sérreglu um fasta starfsmenn, en þeir eigi að fá laun í orlofi í stað orlofsfjár. Þessa grein laganna verði að skilja svo, að laun í orlofi komi í stað alls orlofsfjár, því annars hefði legið beint við að segja í lögunum, að launin kæmu í stað orlofsfjár af föstum launum. Í reglugerðum, sem settar hafi verið skv. lögum nr. 87/1971, komi fram, að orlofsréttur fastra starfsmanna og lausráðinna eigi ekki að vera hinn sami. Fastir starfsmenn eigi að fá greidd venjuleg laun, á meðan þeir séu í orlofi, en aðrir launþegar fái greitt orlofsfé, sem nemi a. m. k. 8⅓% af launum þeirra. Í reglugerðunum komi því fram, að lög nr. 87/1971 séu skilin eins og að framan sé lýst. Sá skilningur, að laun í orlofi komi í stað orlofsgreiðslna af fullum launum starfsmanns, sýnist hafa orðið ofan á í kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem undirritaður hafi verið 15. desember 1973. Ekki skipti máli, þótt aðrir launþegahópar skilji lögin öðruvísi eða semji um annað. Þá beri þess að gæta, að orlofslög nr. 16/1943 beri það með sér, að ekki skuli greiða orlof af yfirvinnu fastráðins starfsmanns, en ekkert bendi til þess, að löggjafinn hafi ætlað að breyta þessu með lögum nr. 87/1971.

Þótt skilningur stefnanda á þessum atriðum yrði lagður til grundvallar, eigi engu að síður að sýkna stefnda.

Samkvæmt lögum nr. 55/1962 og lögum nr. 46/1973, sem á þeim tíma, er um ræði í málinu, hafi gilt um kjarasamninga félagsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hafi bandalagið farið með samningsmál félagsmanna sinna gagnvart fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Í gildistíð fyrrgreindu laganna hafi BSRB farið alfarið með þennan rétt, en í gildistíð síðargreindu laganna að hluta til, en þar á meðal um orlofsmál. Samningsumboð BSRB sé óvefengjanlegt og því sé stefnandi bundinn af samningum, sem það hafi gert um orlofsmál hans sem og allir félagsmenn þess. Þegar í lögum nr. 87/1971 sé rætt um ógildi samninga um minni rétt en lögin kveði á um, þá sé eingöngu átt við samninga einstakra félagsmanna, þótt rétt og sanngjarnt sé, að ekki sé gerð minni krafa til heildarsamninga um þessi efni en samninga einstakra manna. Fyrir beiðni forsvarsmanna BSRB hafi réttur félagsmanna til orlofs verið rýmkaður með samningi, dags. 9. ágúst 1972, á milli fjármálaráðherra og Kjararáðs f. h. BSRB, þannig að opinberir starfsmenn hafi fengið greitt orlofs-

framlag, kr. 5.000, sem koma skyldi í stað orlofsgreiðslu af yfirvinnukaupi. Í þessu hafi samt ekki legið nein viðurkenning af hálfu fjármálaráðherra á rétti opinberra starfsmanna til orlofsgreiðslna af yfirvinnu.

Stefnandi, sem sé félagsmaður í aðildarfélagi BSRB, sé bundinn af þessum samningi og eigi því að sýkna stefnda af þeim sökum.

Verði ekki heldur fallist á þessa sýknuástæðu, verði að líta á það, að í bókun I, sem sé hluti af kjarasamningnum frá 15. desember 1973, segi: „Deilitala 160 til útreiknings á yfirvinnukaupi miðast við, að með því kaupi, sem þannig fæst, auk 10.000.- króna orlofsframlags, sé orlofsfé á yfirvinnukaup að fullu greitt." Á hinum almenna vinnumarkaði hafi deilitalan 173.3 verið notuð til að ákvarða yfirvinnukaup, sem að sjálfsögðu gefi lægra kaup. Sá munur, sem þarna sé á, svari að fullu að viðbættu orlofsframlaginu 8⅓% orlofs á yfirvinnu. Þannig hafi stefnandi að fullu fengið greitt orlof á yfirvinnu. Af þeim sökum eigi að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Verði ekki á þetta fallist, skuli hlutfallið milli deilitölunnar 160 og 166 alla vega teljast greiðsla fyrir yfirvinnu ásamt með orlofsframlaginu.

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í máli þessu, að stefnandi var fastráðinn starfsmaður stefnda á því tímabili, sem um ræðir í málinu, að stefnandi var félagsmaður í einu af aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að kröfugerð stefnanda er tölulega rétt miðað við þær forsendur, sem hún er byggð á, enn fremur að lög nr. 87/1971 nái jafnt til opinberra starfsmanna sem annarra launþega.

Fyrir úrslit þessa máls þykir IV. kafli laga nr. 38/1954 ekki skipta máli, þar sem skýra verður 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1971 þannig, að veiti lögin þeim, sem þau ná til, aukinn orlofsrétt frá því, sem verið hefur, beri að fara eftir þeim.

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 87/1971 segir, að atvinnurekandi skuli greiða í orlofsfé 8⅓% af launum starfsmanns. Þegar skoðaðar eru athugasemdir við 7. gr. frumvarps til laga nr. 87/1971, en 7. gr. laganna er óbreytt frá 7. gr. frumvarpsins, er tvímælalaust, að atvinnurekanda ber skylda til að greiða orlof af yfirvinnu auk dagvinnu. Er því ljóst, að í greininni er átt við heildarlaun starfsmanns. Þá á atvinnurekandi að greiða skv. 2. mgr. 7.

gr. laganna sama orlofsfé af kaupi, sem er greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1971 segir, að fastur starfsmaður fái laun í orlofi í stað orlofsfjár og auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati skv. 2. mgr. 7. gr. laganna.

Síðari hluta 1. mgr. 8. gr. verður að skilja svo, að lausráðnir og fastráðnir starfsmenn sitji a. m. k. við sama borð, hvað snertir orlofsgreiðslur af launum, sem greidd eru með fæði, húsnæði og öðrum hlunnindum, þar sem vitnað er til 2. mgr. 7. gr. laganna.

Í 2. mgr. 8. gr. segir, að skipti fastur starfsmaður um starf einhvern tíma á orlofsárinu, beri að greiða honum orlofsfé í stað orlofslauna á því orlofsári öllu. Þetta ákvæði verður að skilja svo, að starfsmaður eigi rétt á 8⅓% orlofsgreiðslu af öllum launum sínum í þessu tilviki.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að fyrri hluta 1. mgr. 8. gr. beri að skilja svo, að fastir starfsmenn eigi skv. honum ekki rétt á frekari orlofsgreiðslum en nemi föstum launum þann tíma, sem þeir eru í orlofi.

Ljóst er, miðað við tímalengd orlofs, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1971, að föst laun í orlofi svara til 8⅓% af föstum launum á öðrum tíma ársins.

Ef staðhæfing stefnda er rétt, fær fastur starfsmaður einungis orlofsgreiðslu af föstum launum eða lægri orlofsgreiðslu en 8⅓% af heildarlaunum sínum, vinni hann yfirvinnu.

Úrskurðarefnið er því fyrst það, hvernig skýra skuli lögin, hvað þetta atriði snertir. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 87/1971 og í umræðum á Alþingi um frumvarpið er ekkert að finna til skýringar á þessu atriði.

Lög nr. 87/1971 eru heildarlöggjöf um orlofsrétt þeirra, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum. Skoða verður sem eina meginreglu laganna, að orlofsgreiðslur atvinnurekanda nemi 8⅓% af launum starfsmanns. Ef þessi regla á ekki að ná til allra starfsmanna jafnt, eins og í raun er haldið fram af stefnda, þykir verða að líta svo á, að lögin yrðu að geyma fortakslaust ákvæði þar um, sem ekki er að finna, en ekki verður komið auga á nein rök fyrir mismunun sem þessari.

Því ber að skýra lögin svo, að fastir starfsmenn eigi rétt til orlofsgreiðslna af yfirvinnu sinni með sama hætti og aðrir starfsmenn, og verður því sá réttur viðurkenndur, sem stefnandi heldur

fram, að hann eigi skv. lögum nr. 87/1971 að þessu leyti til.

Þrátt fyrir að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi farið með samningsumboð f. h. stéttarfélags stefnanda á þeim tíma, sem um ræðir í málinu, þykir stefnandi eigi bundinn af þeim samningum skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1971, en ljóst er, að samið hefur verið um minni orlofsrétt honum til handa en hann telst eiga skv. fyrrgreindri niðurstöðu. Þykir þar eigi skipta máli, hvort heldur er samningur, dags. 9. ágúst 1972, milli fjármálaráðherra og Kjararáðs Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um viðauka við kjarasamning, dags. 19. des. 1970, á milli sömu aðilja eða um ákveðna deilitölu til útreiknings á yfirvinnukaupi skv. bókun I með kjarasamningi fyrrgreindra aðilja, dags. 15. des. 1973. Þess ber og að gæta, að skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna á kjarasamningur ekki að ná til orlofsréttar, en þessi lög voru í gildi, þegar samningurinn um viðauka við kjarasamning, dags. 19. des. 1970, var gerður.

Niðurstaða dómsins er því sú, að taka beri kröfur stefnanda að fullu til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 92.000.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Einari Matthíassyni, kr. 191.406 með 9% ársvöxtum af kr. 4.379 frá 1. maí 1972 til 1. maí 1973, af kr. 24.581 frá þeim degi til 1. maí 1974, af kr. 66.054 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1975, af kr. 134.194 frá þeim degi til 1. maí 1976, en af kr. 191.406 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 92.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. apríl 1981.

Nr. 26/1979. **Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Kristjáni Sigurjónssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1979. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar og áfrýjandi verði eigi dæmdur til að greiða honum hærri fjárhæð en 3.813.70 krónur og til þrautavara, að áfrýjandi verði eigi dæmdur til að greiða stefnda hærri fjárhæð en 6.262.45 krónur. Hann krefst þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður, ef varakrafa hans eða þrautavarakrafa verða teknar til greina.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður kjarasamningur milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar frá 1. mars 1976.

Í forsendum hins áfrýjaða dóms er það haft eftir vitninu Ara Sigurjónssyni, sem var skipstjóri á m/s Heimaey, er stefndi var þar vélstjóri, að hann hafi strikað yfir orðin: „vann sína vinnu af fullum vilja“ í vottorði því, sem hann undirritaði að beiðni eiginkonu stefnda. Reifun þessi er eigi rétt, svo sem fram kemur í framburði vitnisins fyrir dómi svo og af skjalinu sjálfu.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta niðurstöðu

héraðsdóms um bótaskyldu áfrýjanda vegna fyrirvaralausrar brottvikningar stefnda úr vélstjórastarfi.

Stefndi hefur einungis krafist bóta vegna tekjumissis til loka vetrarvertíðar 15. maí 1977.

Enginn ágreiningur er um það milli málsaðilja, að aflahlutur 1. vélstjóra á m/s Heimaey fyrir allt vertíðartímabilið 22. janúar til 15. maí 1977 hafi numið 801.221 gkrónu. Við það bætast fatapeningar 14.964 gkrónur og orlof 67.988 gkrónur. Verða þá heildartekjur 1. vélstjóra á vertíðinni 884.173 gkrónur. Með uppgjöri því, sem áfrýjandi sendi stefnda hinn 20. apríl 1977 í framhaldi af brottvikningu hans, fékk stefndi greiddar 257.928 gkrónur, sem var nettógreiðsla vegna kauptryggingar, fatapeninga og orlofs fyrir tímabilið 19. janúar til 6. mars 1977. Mismunur er 626.245 gkrónur, sem er sama fjárhæð og greinir í þrautavarakröfu áfrýjanda.

Stefndi á ekki rétt á að fá hærri tekjur en hann hefði haft, ef hann hefði gegnt stöðu sinni óslitið til vertíðarloka 15. maí. Ber því að ákveða bótagreiðslu til hans vegna hinnar ólögmætu brottvikningar í samræmi við þrautavarakröfu áfrýjanda, eða 6.262.45 krónur.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um vexti, þó með þeirri breytingu, að upphafstími vaxta miðist við birtingu héraðsdómsstefnu hinn 20. júní 1977.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sjóveðrétt í m/s Heimaey, VE 1.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, greiði stefnda, Kristjáni Sigurjónssyni, 6.262.45 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 20. júní 1977 til 21. nóvember s. á., en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðslu-

dags og 4.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi á sjóveðrétt í m/s Heimaey, VE 1, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómur sjó og verslunardóms Vestmannaeyja 21. nóvember 1978.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. nóvember sl., hefur Kristján Sigurjónsson vélstjóri, Kirkjuvegi 26, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, birtri 20. júní 1977, á hendur Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, til heimtu skaðabóta vegna fyrirvaralausrar og ástæðulausrar brottvikningar hans úr starfi 1. vélstjóra á m/b Heimaey, VE 1, hinn 5. mars 1977, kr. 490.225 ásamt með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 5. mars 1977 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu.

Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefndi yrði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda, en til vara, að stefnukröfur stefnanda yrðu verulega lækkaðar og alls ekki teknar til greina með hærri fjárhæð en kr. 381.370 og í því tilviki yrði málskostnaður felldur niður.

Með stefnu, útgefinni 27. október 1977, höfðaði stefnandi framhaldssök í málinu. Voru nú þær kröfur gerðar í aðalsök og framhaldssök, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 755.827 ásamt með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 5. mars 1977 til 1. ágúst 1977 og með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu og skaðlausu, þar meðtalin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, enn fremur til viðurkenningar sjóveðréttar í m/b Heimaey, VE 1, til tryggingar öllum framangreindum kröfum.

Stefndi hefur krafist sýknu á kröfu þeirri, sem höfð er uppi í framhaldssökinni, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá var krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Loks var sérstaklega krafist lækkunar á vaxtakröfu.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

Mál þetta var fyrst dómtekið 2. mars sl., en endurupptekið 22. júní sl. með vísan til 120. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, og var nú lagt fyrir lögmann stefnanda að leiða fyrir dóminn vitnið Ara Sigurjónsson skipstjóra, er gefið hafði vottorð í málinu, en látið hafði undir höfuð leggjast að leiða vitnið fyrir dóminn. Þá var þess getið, að dómurinn hefði orðið óstarfhæfur stuttu eftir 2. mars, þar sem annar meðdómenda hefði skyndilega þurft að leggjast á spítala til uppskurðar. Málið var síðan dómtekið að nýju 2. nóvember sl. að undangengnum munnlegum málflutningi.

II.
MÁLAVEXTIR.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst í stefnu á þá leið, að stefnandi hafi verið ráðinn sem 1. vélstjóri á skip stefnda, m/b Heimaey, VE 1, og lögskráður á skipið 19. janúar 1977 til óákveðins tíma. Hins vegar hafi stefnanda verið sagt upp störfum sem 1. vélstjóra með símskeyti 7. mars 1977 með eftirfarandi tilgreindum ástæðum, „vegna margvíslegrar vanrækslu við gæslu vélarinnar.“ Þessi ummæli hafi hins vegar ekki haft við nein rök að styðjast, þar sem stefnandi hafi gætt vélarinnar af kostgæfni og í engu vanrækt starf sitt.

Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að gæslu vélarinnar hafi verið verulega áfátt og hafi vélin verið komin í mikla niðurníðslu, þegar stefnandi hætti störfum við hana. Stefnandi hafi auk þess mætt ölvaður til starfa í m/b Heimaey og framkoma hans að öðru leyti verið slík, að það hafi fullkomlega réttmætt uppsögn.

Þann 31. mars ritaði stefnandi stefnda bréf, þar sem hann mótmælir uppsögninni, sem hann segir fyrirvaralausa og ástæðulausa. Kveðst hann þar gera kröfu til greiðslu á fullu kaupi 1. vélstjóra á bátnum út vertíðina í samræmi við kjarasamninga. Þá mótmælir hann, að um vanrækslu í starfi hjá sér sem 1. vélstjóra hafi verið að ræða, og kveðst hafa gætt vélarinnar af kostgæfni, meðan hann var um borð sem 1. vélstjóri.

Hið áminnsta símskeyti stefnda til stefnanda er svohljóðandi: „hér með er yður sagt upp störfum sem 1. vélstjóra á Heimaey VE 1 frá 5/3 1977 vegna margvíslegrar vanrækslu við gæslu vélarinnar.“

Framburðir þeirra aðilja, sem komið hafa fyrir dóminn, eru sem hér segir:

Stefnandi sagði, að er hann hefði ráðið sig á bátinn, þá hafi hann sagt útgerðarmanninum og skipstjóra, að hann réði sig sem vélgæslumann, en gæti ekki unnið á dekki, þar sem hann væri sjúklingur og nýbúinn að gangast undir uppskurð. Hafi hann síðan verið ráðinn á bátinn til ákveðins tíma og fengið undanþágu, þar sem hann hafi haft réttindi á 500 hestafla vél, en 650 hestafla vél sé í m/b Heimaey. Hann taldi, að hin mikla smurolíueyðsla á vélinni hafi stafað af því, að ófaglærður maður hefði verið látinn rífa vélina sundur og setja hana síðan saman aftur í janúarmánuði, áður en úthald hófst. Við þessa samsetningu hafi hins vegar átt sér stað mistök, er vart hafi orðið við smurolíuleka í reynsluferð, áður en úthald hófst. Hann sagði, að útgerðarmaður eða skipstjóri hefði aldrei fundið að störfum sínum, en hann hafi minnst á það við skipstjóra, að eitthvað róttækt þyrfti að gera í smurolíulekanum, en sjálfur kveðst hann hafa unnið markvisst að því með útgerðarstjóra stefnda, Garðari Ásbjörnssyni, er hafi vélstjóraréttindi, að komast fyrir smurolíulekann og hafi verið langt kominn með það verk, er honum hafi verið sagt upp störfum, og sé því alls ekki rétt, að vélin hafi verið komin í mikla niðurníðslu, er hann hætti störfum við hana. Stefnandi Kristján staðfesti bréf það, er hann ritaði stefnda 31. mars 1977, og sagði, að viðbrögð stefnda við þessu bréfi hefðu verið þau, að hann hafi fengið sent uppgjör frá stefnda 20. apríl það ár og niðurstöðutölur þess verið kr. 257.928. Hafi hann skoðað þetta uppgjör sem uppgjör til 6. mars. Ekki hafi hann hins vegar kvittað fyrir móttöku á uppgjörinu, en móttekið greiðslu, er fylgdi uppgjörinu.

Vitnið Sigurgeir Garðar Ásbjörnsson vélstjóri, Illugagötu 10, Vestmannaeyjum, staðfesti, að stefnandi hefði rætt við sig, strax eftir fyrsta róður, vegna óeðlilegs smurolíuleka, en sagði, að hins vegar væri ekki rétt, er stefnandi héldi fram, að er þetta hafi verið kannað nánar, þá hafi komið í ljós mjög víða smurolíulekar, en hið rétta væri hins vegar, að smurolíuleki hafi komið fram við lok á smurolíudælu og rör, sem legið hafi frá henni. Vitnið taldi, að ekki væri rétt að segja, að vélin hefði verið komin í mikla niðurníðslu, er stefnandi hafi hætt störfum hjá stefnda, en hins vegar hafi stefnandi aldrei unnið við vélina í landlegum og hafi aldrei verið við, er á honum hafi þurft að halda í landlegum, en olíuleki hafi hins vegar ekki verið, er stefnandi hætti störfum, því þá hafi verið búið að gera við það, sem þurft hafi að gera við í því sambandi. Vitnið sagði, að því

hefði fundist ýmislegt aðfinnsluvert varðandi störf stefnanda, þ. e. að hann hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu og árvekni í störfum sínum, því ýmislegt hafi þurft að bæta úr, er báturinn hafi verið í landi. Vitnið sagði, að það væri hluti af starfi hans að finna að við vélstjóra bátanna, ef þess væri þörf, og hafi hann fundið að þessu aðgæsluleysi stefnanda oftar en einu sinni. Hins vegar kvaðst vitnið aldrei hafa kvartað skriflega við vélstjórann. Vitnið neitaði því, að það hefði verið að tillögum þess, að stefnanda var vikið af bátnum, en kvaðst hafa verið búið að ræða við útgerðarmann bátsins, Sigurð Einarsson, um störf stefnanda, áður en til uppsagnar kom.

Vitnið Ari Sigurjónsson sjómaður, Miðstræti 15, Vestmannaeyjum, sem var skipstjóri á m/b Heimaey á tímabili því, sem hér um ræðir, sagði, að Sigurður Einarsson útgerðarmaður hefði talað við sig, áður en til uppsagnarinnar, dskj. nr. 5, kom, og sagt sér, að sér biðist vélstjóri, sem væri reiðubúinn að vinna á dekki, og hafi Sigurður beðið sig um að segja stefnanda upp munnlega og síðan skildi hann sjá um eftirleikinn. Vitnið segist hafa verið á báðum áttum, en síðan fallist á beiðni Sigurðar útgerðarmanns og sagt stefnanda upp störfum munnlega vegna meintra mistaka, en ekki hafi verið rætt um uppsagnarfrest í þessu sambandi. Vitnið, sem tók fram, að það gæti á engan hátt staðið við hina tilfærðu ástæðu í uppsögninni, því það hefði ekki fundið nein mistök í starfi stefnanda, en hins vegar hafi það vantað ástæðu til að segja stefnanda upp störfum, en mikil úlfúð hafi verið meðal skipshafnarinnar og af þeim sökum og þar sem vélstjóri bauðst, sem var reiðubúinn að vinna á þilfari, þá sagðist vitnið hafa neyðst til að segja vélstjóranum upp störfum, þar sem mannskap hafi vantað á þilfar. Vitnið sagðist ekkert hafa haft við störf stefnanda að athuga, enda sagðist það ekki muna til þess að hafa fundið að störfum stefnanda, áður en til brottrekstrar kom. Vitnið gerði grein fyrir ráðningu stefnanda þannig, að Sigurður Einarsson útgerðarmaður hefði komið með stefnanda niður á bryggju og sagt, að hér byðist vélstjóri, en hann vildi ráða sig með þeim kjörum, að ekki væri um vinnu á þilfari af hans hendi að ræða. Vitnið kvaðst hafa ráðið stefnanda, þar sem ekki hefði boðist vélstjóri, þó lengi hefði verið auglýst, og þá hafi þessi kostur verið tekinn. Vitnið sagði, að eiginkona stefnanda hefði komið til sín með skjal og spurt sig, hvort það gæti skrifað undir það, sem í skjalinu stæði. Hafi hún sagt, að skjalið ætti að notast í máli eða sem meðmæli, ef stefnandi vildi

ráða sig á annan bát. Kvaðst vitnið nú hafa strikað yfir þau orð í skjalinu, sem það taldi sig ekki hafa kunnáttu til að meta um, en síðan skrifað undir það, sem eftir stóð af efni skjalsins. Þannig hafi staðið í skjalinu: „vann sína vinnu af fullum vilja", en yfir það kvaðst vitnið hafa strikað, þar sem það hefði ekki neytt stefnanda til starfans eða þröngvað honum til hans. Einnig hafi það strikað yfir orðið „kostgæfni", þar sem það taldi sig ekki hafa kunnáttu til að meta, hvort stefnandi vann vélstjórastörf sín af kostgæfni.

Vitnið Víðir Valgeirsson vélstjóri, Flötum 10, Vestmannaeyjum, sem tók við störfum af stefnanda sem 1. vélstjóri á m/b Heimaey, sagðist ekki geta tilgreint neitt það, sem bent gæti til handvammar stefnanda í starfi, bilanir þær, sem fram hafi komið, hafi verið vegna útleiðslu í rafmagni, og taldi vitnið, að þær yrðu ekki raktar til starfa stefnanda, heldur til lengri tíma.

III.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK AÐILJA.

Af hálfu stefnanda er byggt á því, að samkvæmt 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga skuli, ef ekki er öðruvísi um samið, uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum vélstjóra. Þar sem tilgreindar ástæður í uppsögn stefnanda hafi ekki við nein rök að styðjast, en stefnandi hafi gætt vélarinnar af kostgæfni og í engu vanrækt starf sitt og beri stefnanda því bætur fyrir hina ólögmætu uppsögn. Í munnlegum málflutningi var hér auk þess að því vikið, að ekki væri um það að ræða, að stefnandi hefði fengið áminningu eða aðvörun, áður en til uppsagnar kom.

Í aðalsök, eins og hún var framsett með stefnunni, er birt var 20. júní 1977, var af hálfu stefnanda byggt á vélstjórakaupi frá 5. mars til 5. júní 1977 skv. framlögðum reikningi, þ. e.:

kr. 147.000 pr. mán.	=	.. kr. 441.000
— 3.875 pr. mán. fastakaup	..	— 11.625
+ orlof 8.33%	.....	— 37.600
		Samtals kr. 490.225

Framhaldssök í málinu er af hálfu stefnanda rökstudd þannig, að undir rekstri málsins hafi komið í ljós, að stefnukröfur væru of lágar, þar sem vélstjóri sá, sem hafi tekið við starfi stefnanda, hafi haft í aflahlut fyrir vertíðina hærri hlut en kauptryggingu hafi numið. Vélstjóri þessi hafi þannig haft í hlut:

kr. 688.408 frá 4. mars 1977 til 15. maí 1977
— 9.300 í fastakaup
— 58.119 í orlof

Kr. 755.827 samtals, og verði því stefnukröfurnar í aðalsök og framhaldssök eftir framangreinda hækkun kr. 755.827. Vaxtakrafa í framhaldssök var hér miðuð við auglýsingu Seðlabanka Íslands um hækkun dráttarvaxta.

Af hálfu stefnda er í aðalsök aðallega byggt á því, að vanræksla stefnanda við gæslu vélarinnar hafi verið slík, að það hafi fullkomlega réttlætt uppsögn, sbr. 33. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Þannig hafi vélin verið komin í mikla niðurníðslu, þegar stefnandi hætti störfum við hana. Þá hafi framkoma stefnanda verið slík, að það hafi fullkomlega réttlætt uppsögn. Málflutningur lögmanns stefnanda verður ekki skilinn á annan veg en þann, að hér sé byggt á framburði vitnisins Sigurðar Garðars Ásbjörnssonar, og taldi sami lögmaður, að ákvæði sjómannalaga yrðu eigi skilin á annan veg en þann, að útgerðarmaður hefði víðtækari heimild til að segja skipverjum upp störfum en skipstjóri.

Varakrafa í aðalsök er af hálfu stefnda byggð á því, að stefnandi hafi verið ráðinn til vertíðarloka, 15. maí, og eigi því ekki kaup í lengri tíma, sbr. 13. gr. laga 67/1963 og vottorð skipstjórans, Ara Sigurjónssonar, dskj. 7, eða kr. 381.370. Þá er því og haldið fram af stefnda, að krafa stefnanda, eins og hún er fram sett í framhaldssök, sé of hátt reiknuð. Bendir lögmaðurinn á, að þann tíma, sem stefnandi var á bátnum, hafi greiðsla verið skv. kauptryggingu og beri við það að miða, er áætlaður sé hlutur stefnanda fram til 15. maí 1977, en við þau tímamörk miði stefnandi kröfugerð sína í framhaldssök.

IV.
NIÐURSTÖÐUR DÓMSINS.

Ljóst er, að stefnandi var ráðinn til að vinna í vél, en ekki á þilfari. Stefnandi hagaði störfum sínum í samræmi við þetta. Ekki var sérstaklega samið um uppsagnarfrest.

Stefndi hefur sönnunarbyrðina fyrir því, að um slíka vanrækslu af hendi stefnanda við gæslu vélarinnar hafi verið að ræða, er heimilað gæti stefnda að segja stefnanda upp störfum fyrirvaralaust og þannig, að kaupgreiðsla næði aðeins til uppsagnardags.

Vélarbilanir þær, sem fram komu, á meðan stefnandi gegndi störfum 1. vélstjóra á bátnum, verða eigi raktar til starfa hans þar. Framburður Ara Sigurjónssonar skipstjóra verður ekki skilinn á annan veg en þann, að stefnanda hafi verið sagt upp störfum án saka. Sigurður Einarsson útgerðarmaður, framkvæmdastjóri hins stefnda fyrirtækis, sem ritaði undir hina formlegu uppsögn (dskj. 5), hefur ekki gefið skýrslu hér fyrir dóminum.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og í samræmi við það, sem fram hefur komið í málinu, eins og það hefur verið lagt hér fyrir dóminn, þykir ekkert það hafa komið fram, sem sýnir, að stefnandi hafi sýnt af sér slíka vanrækslu við gæslu vélarinnar, að réttlætt gæti, að stefnanda yrði sagt upp störfum 1. vélstjóra á bátnum, án þess að hann nyti réttar skv. 2. mgr. 13. gr. laga 67/1963.

Niðurstaða málsins að þessu leyti verður því sú, að viðurkenndur er réttur stefnanda til skaðabóta vegna uppsagnarinnar.

Er skaðabætur til stefnanda eru ákvarðaðar, verður eftirfarandi haft í huga:

Eins og að framan er rakið, átti stefnandi þriggja mánaða uppsagnarfrest að lögum.

Við það ber að miða bætur stefnanda, að hann verði fjárhagslega eins settur eins og engin uppsögn hefði til komið. Þegar til þess er litið, að kröfugerð sína í framhaldssök miðar stefnandi við 15. maí 1977, verða stefnanda ekki ákvarðaðar bætur til lengri tíma, sbr. 113. gr. laga 85/1936. Samkvæmt þessu og þar sem stefnandi hefði fengið greitt kaup miðað við hlut, ef hann hefði haldið áfram störfum hjá stefnda, þykir mega miða við kröfur stefnanda í framhaldssök eins og gerð er grein fyrir þeim hér að framan. Vextir af kröfu þeirri, sem um er fjallað í máli þessu, fara hins vegar ekki eftir reglum um vanskilavexti, heldur ber að miða við almenna innlánsvexti á því tímabili, sem hér er fjallað um, 13% (frá 7. mars 1977), 16% (frá 21. nóvember 1977) og 19% (frá 20. febrúar 1978). Viðurkenna ber sjóveðrétt stefnanda í m/s Heimaey, VE 1, til tryggingar kröfu hans, sbr. 1. mgr., 2. tl., 216. gr. laga 66/1963. Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er hæfilega reiknast kr. 180.000.

Lyktir málsins þykja því verða á þessa leið:

Stefndi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, greiði stefnanda, Kristjáni Sigurjónssyni, kr. 755.827 ásamt 13% ársvöxtum frá 5. mars 1977 til 21. nóvember sama árs, en með 16% ársvöxtum

frá þeim degi til 20. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Angantý Elíassyni skipstjóra og Tryggva Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, greiði stefnanda, Kristjáni Sigurjónssyni, kr. 755.827 ásamt 13% ársvöxtum frá 5. mars 1977 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Heimaey, VE 1, fyrir hinum dæmdu kröfum.

Föstudaginn 3. apríl 1981.

Nr. 14/1980. **Úlfar Örn Harðarson og Rúnar Smárason** (Guðjón Steingrímsson hrl.) gegn **Þresti Þórhallssyni** (Skúli Pálsson hrl.).

Varnarþing. Ómerking. Frávísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld. Útivist stefndu í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 7. janúar 1980. Áfrýjendur

áfrýjuðu málinu að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 1. febrúar 1980. Þeir krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara krefjast þeir sýknu. Í báðum tilvikum krefjast þeir þess jafnframt, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að þeim verði tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Til þrautavara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnda og að ársvextir verði reiknaðir 19% frá 7. janúar 1979 til 1. júní s. á., 22% frá þeim degi til 1. september s. á. og 27% frá þeim degi til greiðsludags og að málskostnaður falli niður.

Stefndi krefst þess, að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér in solidum 6.764.31 krónu auk ársvaxta, 19% frá 7. janúar 1979 til 31. maí s. á., 22% frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27% frá þeim degi til 30. nóvember s. á., 31% frá þeim degi til 31. maí 1980 og 35% frá þeim degi til greiðsludags og 990.00 krónur í málskostnað í héraði.

Þá krefst hann staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur eiga heima í Reykjavík, en stefndi í Garðakaupstað. Í máli þessu er ágreiningur með aðiljum um greiðslu fyrir verk, sem stefndi vann fyrir áfrýjendur með traktorsgröfu í Njarðvíkurkaupstað. Mál út af þeim ágreiningi verður ekki höfðað fyrir bæjarþingi Njarðvíkur og Keflavíkur samkvæmt heimild í 85. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 né öðrum ákvæðum þeirra laga, og aðiljar hafa ekki samið um, að mál þetta yrði rekið þar. Af þessum sökum ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Eftir þessum málalokum ber að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjendum 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Þröstur Þórhallsson, greiði áfrýjendum, Úlfari Erni Harðarsyni og Rúnari Smárasyni, 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 9. apríl 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. mars sl., gegn Úlfari Erni Harðarsyni, Akraseli 39, Reykjavík, og 22. mars sl. gegn Rúnari Smárasyni, Akraseli 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 676.431 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. jan. 1979 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarks gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vangreidd laun fyrir vinnu, er stefnandi innti af hendi fyrir stefndu með traktorsgröfu sinni í desember sl. Stefndu eru saman verktakar hjá Hitaveitu Suðurnesja í Njarðvík. Stefnandi vann fyrir þá við Njarðvíkuræð hitaveitunnar í desember sl. Stefnukrafan byggist á tveimur reikningum, dags. í des. sl., annar að fjárhæð kr. 286.536 og hinn kr. 489.895, eða samtals kr. 776.431. Stefndu greiddu kr. 100.000 inn á skuldina hinn 7. jan. sl., þannig að eftir stendur kr. 676.431, sem er stefnufjárhæðin.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 99.000.

Dóminn kvað upp Valtýr Sigurðsson aðalfulltrúi.

Dómsorð:

Stefndu, Úlfar Örn Harðarson og Rúnar Smárason, greiði in solidum stefnanda, Þresti Þórhallssyni, kr. 676.431 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. jan. 1979 til greiðsludags og kr. 99.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 31. ágúst 1979.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur (sic) í málinu nr. 116/1979, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón G. Briem héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 676.431 með 3% mánaðarvöxtum frá 7. janúar 1979 til greiðsludags, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 3.600, kr. 99.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 9.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli, kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Akraseli 39.

Gerðarþola verður tilkynnt um fjárnámið í ábyrgðarbréfi.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 6. apríl 1981.

Nr. 208/1980. **Haukur Leósson**
gegn
Diðrik Sigurðssyni.

Synjað um frest. Mál fellt niður.

ÚRSKURÐUR HÆSTARÉTTAR.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Er mál þetta kom fyrir dóm 1. þ. m., óskaði áfrýjandi eftir fresti til júnímánaðar 1981.

Stefndi synjar um frest í málinu. Hann krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað.

Í máli þessu er áfrýjað dómssátt, sem gerð var milli málsaðilja á bæjarþingi Reykjavíkur 10. júní 1980, og fjárnámsgerð, sem fór fram í fógetarétti Reykjavíkur 15. ágúst 1980 til tryggingar greiðslum samkvæmt dómssáttinni. Mál þetta var þingfest 7. janúar 1981 og var þá frestað til aprílmánaðar. Af hálfu áfrýjanda hafa ekki verið færðar fram neinar ástæður fyrir frestbeiðni hans nú. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að fresta málinu lengur gegn andmælum stefnda. Ber því að fella málið niður og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 450.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Á l y k t a r o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, Haukur Leósson, greiði stefnda, Diðrik Sigurðssyni, 450.00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. apríl 1981.

Nr. 209/1980. **Haukur Leósson**
gegn
Diðrik Sigurðssyni.

Synjað um frest. Mál fellt niður.

ÚRSKURÐUR HÆSTARÉTTAR.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Er mál þetta kom fyrir dóm 1. þ. m., óskaði áfrýjandi eftir fresti til júnímánaðar 1981.

Stefndi synjar um frest í málinu. Hann krefst þess, að málið verði fellt niður og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað.

Í máli þessu er áfrýjað dómssátt, sem gerð var milli málsaðilja á bæjarþingi Reykjavíkur 10. júní 1980, og fjárnáms-

gerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 15. ágúst 1980 til tryggingar greiðslum samkvæmt dómssáttinni. Mál þetta var þingfest 7. janúar 1981 og var þá frestað til aprílmánaðar. Af háfu áfrýjanda hafa ekki verið færðar fram neinar ástæður fyrir frestbeiðni hans nú. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að fresta málinu lengur gegn andmælum stefnda. Ber því að fella málið niður og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 450.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ályktarorð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, Haukur Leósson, greiði stefnda, Diðrik Sigurðssyni, 450.00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. apríl 1981.

Nr. 239/1980. **Haukur Leósson**
gegn
Reinold Kristjánssyni.

Synjað um frest. Mál fellt niður.

ÚRSKURÐUR HÆSTARÉTTAR.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Er mál þetta kom fyrir dóm 1. þ. m., óskaði áfrýjandi eftir fresti til júnímánaðar 1981.

Stefndi synjar um frest. Hann krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað.

Í máli þessu er áfrýjað tveim dómssáttum, sem gerðar voru milli málsaðilja í fógetarétti Reykjavíkur 10. júní og 29. september 1980, og fjárnámsgerð, sem fram fór í fógeta-

rétti Reykjavíkur 8. október 1980 til tryggingar greiðslu samkvæmt dómssáttunum. Mál þetta var þingfest 7. janúar 1981 og var þá frestað til aprílmánaðar s. á. Af hálfu áfrýjanda hafa ekki verið færðar fram neinar ástæður fyrir frestbeiðni hans nú. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að fresta málinu lengur gegn andmælum stefnda. Ber því að fella málið niður og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 450.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Á l y k t a r o r ð :

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Haukur Leósson, greiði stefnda, Reinhold Kristjánssyni, 450.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. apríl 1981.

Nr. 167/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnari Gunnarssyni Smith
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að viðurlög þau, er ákærða voru dæmd í héraði, verði þyngd.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Ákærði kveðst ekki hafa orðið telpunnar var, fyrr en hún skall á bifreiðinni, en þá hafi hann verið að aka inn á gatnamót Stakkahlíðar og Drápuhlíðar á um 40 km hraða miðað við klukkustund og hemlað samstundis. Hemlaför eftir bifreiðina reyndust samkvæmt mælingu lögreglumanna 17 til 18 metra löng. Eftir vettvangsuppdrætti byrja þau við nyrðri hluta gatnamóta Stakkahlíðar og Drápuhlíðar, eða 6 til 8 metrum norðan slysstaðarins, en ætla verður, að ákærði hafi beitt hemlum bifreiðarinnar, þegar er hann varð barnanna var. Um hraða bifreiðarinnar verður ekki nákvæmlega fullyrt. Verður að telja, að ákærði hafi miðað við aðstæður ekið of greitt og eigi sýnt næga árvekni, en honum var kunnugt um barnaleikvöllinn austan Stakkahlíðar við mót áðurnefndra gatna.

Að svo vöxnu máli verður úrlausn héraðsdóms um sök ákærða og viðurlög staðfest, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá er staðfest ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnar Gunnarsson Smith, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. desember 1979.

Ár 1979, mánudaginn 17. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 560/1979: Ákæruvaldið gegn Gunnari Gunnarssyni Smith, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. febrúar sl., á hendur ákærða, „Gunnari Gunnarssyni Smith, lögregluþjóni, Mörk á Álftanesi, fæddum 7. desember 1946 í Reykjavík, fyrir að hafa, um kl. 16.50 föstudaginn 14. júlí 1978, ekið bifreiðinni R-7650 suður Stakkahlíð í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu og allt of hratt meðfram barnaleikvelli á móts við Drápuhlíð með þeim afleiðingum, að stúlkan Brynja Hrönn Jónsdóttir, fædd 15. júní 1973, sem gengið hafði frá leikvellinum í fylgd annars barns og út á götuna milli tveggja kyrrstæðra bifreiða, varð fyrir bifreið ákærða og hlaut hryggbrot, heilamar, blæðingar í brjóstholi og varanlega lömun í ganglimum.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 37. gr., 1., 2. og a, c, f og l-liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga."

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 14. júlí f. á., klukkan 1650, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði sér stað í Stakkahlíð skammt sunnan við Drápuhlíð.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og gerði annar skýrslu um afskipti lögreglunnar af málinu, en hinn uppdrátt af slysstaðnum.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar hafði ákærði, Gunnar Gunnarsson Smith, ekið fólksbifreiðinni R 7650 suður Stakkahlíð, en skammt fyrir sunnan Drápuhlíð eða gegnt barnagæsluvelli, sem stendur austan við Stakkahlíðina, lenti 5 ára stúlka, Brynja Hrönn Jónsdóttir, Hlíðabyggð 40 í Garðabæ, fyrir bifreiðinni. Hafði hún verið á leið vestur yfir Stakkahlíðina frá gæsluvellinum að húsinu nr. 44 við Drápuhlíð, þar sem hún var í gæslu hjá ömmu sinni og afa. Stúlkan hafði lent á vinstra framhorni bifreiðarinnar, og að sögn ákærða hafði hún kastast frá henni við höggið og lent í götunni og runnið nokkurn spöl eftir

henni. Hafði hún verið meðvitundarlaus strax eftir óhappið, en er lögreglumennirnir komu á vettvang, var hún komin með meðvitund og var þá grátandi og brölti um. Engan áverka var hægt að greina á stúlkunni, annan en kúlu hægra megin á enni, en blóð vætlaði úr munni hennar. Var barnið þegar flutt í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans.

Þegar slysið átti sér stað, var skýjað og rigning og malbikað yfirborð götunnar blautt.

Ákærði skýrði svo frá á vettvangi, að hann hefði ekið suður Stakkahlíð og ætlað áfram sömu leið. Hann kvaðst ekki hafa litið á hraðamælinn og því gæti hann ekki sagt til um ökuhraðann, en hann kvaðst þó halda, að hann hefði ekki verið yfir 40 km miðað við klst. Kvaðst ákærði ekki hafa veitt ferðum stúlkunnar athygli, fyrr en rétt áður en slysið varð, að hann hefði séð hana koma hlaupandi vestur yfir götuna. Um leið og ákærði varð stúlkunnar var, snögghemlaði hann bifreiðinni, en hún rann á blautu malbikinu, og gat hann því ekkert gert til þess að forða slysinu (sic).

Á bifreiðinni voru vélarlok og vinstra frambretti dældað, og eins hafði vinstra framhöggvarahorn gengið aftur að aurbrettinu og rispað það og dældað.

Um meiðsli stúlkunnar segir svo í vottorði Bjarna Hannessonar, læknis á skurðdeild Borgarspítalans, dagsettu 16. nóvember f. á.:

„Brynja Hrönn Jónsdóttir var flutt á slysadeild Bsp. þann 14.7.1978. Skv. upplýsingum frá sjúkrabílstjórum mun sjúkl. hafa orðið fyrir bifreið í Stakkahlíð í Rvík.

Við komu á slysadeild var sjúkl. meðvitundarlítill, en var þó hægt að vekja hana, og hún svaraði einföldum spurningum. Hún var síðan flutt á gjörgæsludeild.

Rannsóknir leiddu í ljós, að sjúkl. var með brot á hryggjaliðum í brjósthrygg, og var vægt samfall á liðbolum á 6., 7. og 8. liðbol. Það kom í ljós, að sjúkl. var með blæðingu inn á vi. lunga. Sjúkl. var með lömun í ganglimum og var tilfinningarlaus upp að geirvörtum. Sjúkl. dvaldi á spítalanum frá 14.7. til 14.8. '78, og á þeim tíma komst hún til fullrar meðvitundar, og blæðingin inn á vi. lungað lagaðist. Við brottför var sjúkl. enn með lömun í ganglimum og minnkaða tilfinningu upp að geirvörtum.

Sjúkl. var flutt á Endurhæfingardeild Bsp. við Grensásveg.

Áverkar sjúkl. voru því: Brot á brjósthrygg, á liðbolum Th.

6, 7 og 8 með epidural blæðingu og mari á mænu, paraplegia. Heilamar (contusio cerebri).

Haemothorax sin (blæðing utan á hæ. lunga).

Við brottför var lömunin óbreytt, og er hætt við, að sjúkl. hafi fengið varanlegar mænuskemmdir, en aftur á móti virðist sjúkl. hafa fengið góðan bata hvað við kemur höfuðáverkanum og brjóstholsáverkanum.

Sjúkl. fluttist á Endurhæfingardeild Bsp. við Grensásveg til frekari meðferðar, eins og fram hefur komið, og varðandi frekari bata eða batahorfur vísast til lækna þeirrar deildar."

Þá hefur verið lagt fram í málinu vottorð Magnúsar Guðmundssonar, aðstoðarlæknis á endurhæfingardeild Borgarspítalans, dags. 3. janúar sl. Í því segir svo:

„Vísa til bréfs frá lögreglustjóra, dags. 28/12'78, viðvíkjandi *Brynju Hrönn Jónsdóttur,* f. 15.6.'73, til heimilis að Hlíðarbyggð 40, Garðabæ.

Ofannefnd telpa hefur verið sjúklingur á Endurhæfingadeild Borgarspítalans frá 14.8.'78. Allt bendir til, að Brynja verði áfram með algjöra lömun í ganglimum. A. ö. l. vísast til vottorðs frá Bjarna Hannessyni, lækni, dags. 16.11. '78, sem er í vörslu lögreglunnar."

Loks kom fyrir dóminn við meðferð málsins hinn 31. október sl. Jón Jósefsson flugvirki, Hlíðarbyggð 40 í Garðabæ, faðir Brynju Hrannar. Hann upplýsti, að heilsufar hennar væri óbreytt, frá því að gefið var síðastgreint vottorð um heilsufar hennar, og væri ekki von um neinn frekari bata.

Kristján Kristjánsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina R 7650 þegar eftir slysið, og segir svo í skýrslu vitnisins um skoðunina, en vitnið hefur staðfest skýrsluna við meðferð málsins:

„Föstudaginn 14. júlí 1978 kl. 17.10 skoðaði ég undirritaður bifreiðaeftirlitsmaður að beiðni rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík bifreiðina R-7650 vegna umferðarslyss, sem hún hafði lent í á Stakkahlíð á móts við leikvöllinn þar.

Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að bifreiðin var á góðum óslitnum sumarhjólbörðum og var í fullkomnu lagi. Bifreiðin var skráð ný og skoðuð 13. júní 1978.

Bifreiðin R-7650 er Datsun 220 C fólksbifreið, árgerð 1978, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði."

Þegar slysið átti sér stað, var með Brynju Hrönn Karl Olgeirsson, 6 ára, til heimilis að Drápuhlíð 40 í Reykjavík.

Karl var yfirheyrður af rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík í viðurvist föður síns 7. nóvember f. á. Í skýrslu Karls segir svo orðrétt:

„Hann segir, að þau Brynja hafi verið á leið heim frá gæsluvellinum, þegar slysið varð. Aðspurður telur hann, að Brynja Hrönn hafi hlaupið, þegar hún fór út á götuna og varð fyrir bifreiðinni. Hann segir, að þau hafi ekki leiðst. Karl segist ekki muna, hvort þau Brynja hafi stöðvað eitthvað, eftir að þau fóru út af gangstéttinni, eða hvort þau hafi haldið viðstöðulaust áfram yfir götuna.

Karli eru sýndar ljósmyndir af vettvangi, og áttar hann sig á þeim og bendir á hlið gæsluvallarins og segir, að þau Brynja hafi farið út á gangstéttina norðan við gæsluvöllinn, gengið aðeins til vinstri eftir gangstéttinni og síðan þar út á götuna. Hann segist muna eftir kyrrstæðri bifreið og telur, að það sé bifreiðin, sem sést á ljósmyndinni. Sérstaklega aðspurður segist Karl ekki muna eftir annarri bifreið kyrrstæðri þarna. Hann segist ekki muna, hvort þau Brynja hafi gengið aftan eða framan við kyrrstæðu bifreiðina."

Ekki hefur þótt rétt að yfirheyra drenginn við meðferð málsins né heldur Brynju Hrönn.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna við meðferð málsins:

Vitnið Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir húsmæðrakennari, Barmahlíð 26 í Reykjavík, kvaðst hafa verið statt vestan megin við Stakkahlíð á gangstétt, að það telur 10—15 metra sunnan við Mávahlíð, föstudaginn 14. júlí f. á., um klukkan 1650, þegar það horfði á fólksbifreið aka suður Stakkahlíð, að mati vitnisins á 40—50 km hraða. Vitnið vill ekki fullyrða, hvort bifreiðin kom úr hliðargötu eða alla leið frá Miklubrautinni.

Jafnframt því að sjá bifreiðina sá vitnið tvö ung börn standa úti á götunni við gamla ameríska fólksbifreið, kyrrstæða austan við götuna við gatnamótin, en við bifreiðina að austanverðu var stígur upp á barnaleikvöll. Börnin héldust í hendur, og annað þeirra tók á rás yfir götuna og leiddi hitt á eftir sér. Gerðist þetta, þegar bifreiðin var að koma að börnunum. Vitnið taldi, að bifreiðarstjórinn ætti að sjá börnin og þau hann. Þá fullyrðir vitnið, að börnin hafi ekki komið snögglega út á götuna á milli amerísku fólksbifreiðarinnar og annarrar bifreiðar, sem var kyrrstæð aftan og sunnan við hana.

Vitnið horfði á bifreiðina aka á fremra barnið, en tók ekki

eftir nákvæmlega, hvar barnið varð fyrir henni. Um leið og bifreiðin ók á barnið, sleppti hitt barnið hendi þess og hljóp á brott.

Vitnið vill ekkert um það fullyrða, hvort bifreiðinni var hemlað, áður en hún lenti á barninu eða í sömu andrá.

Önnur vitni voru ekki að slysinu.

Vitnið Steinþór Hilmarsson rannsóknarlögreglumaður, Orrahólum 7 í Reykjavík, gerði áðurgreinda skýrslu um afskipti lögreglunnar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið veit ekki til þess, að neitt hafi verið gert til þess að hafa uppi á annarri kyrrstæðu bifreiðinni, sem farin var af staðnum.

Vitnið telur, að í umræddu tilviki hefði það átt að taka ákvörðun um hraðaprófun bifreiðarinnar á vettvangi, en segir, að það hafi farist fyrir vegna anna þeirra, sem rannsökuðu málið, við að upplýsa önnur atriði þess.

Vitnið Ragnheiður Ólafía Davíðsdóttir lögreglumaður, Urðarstíg 15 í Reykjavík, gerði uppdrátt af slysstaðnum og hefur staðfest hann við meðferð málsins.

Ákærði skýrir svo frá við meðferð málsins, að hann hafi, um kl. 1650, umræddan dag ekið bifreiðinni R 7650 suður Stakkahlíð, en hann hafði komið inn á Stakkahlíð við Mávahlíð. Ákærði var einn í bifreiðinni. Ákærði kveðst ekki hafa litið á hraðamæli bifreiðarinnar á leið sinni suður Stakkahlíð, en ákærði kveðst ímynda sér, að hann hafi ekið á rétt öðrum hvorum megin við 40 km hraða. Ákærði segir, að yfirborð götunnar hafi verið blautt, og rigning var. Ákærði hafði rúðuþurrkurnar í gangi.

Ákærði kveðst hafa verið að komast inn á gatnamót Drápuhlíðar, þegar barn varð fyrir bifreiðinni framanverðri. Ákærði hafði ekki séð barnið, áður en það skall á bifreiðinni. Hann kveðst hafa hemlað samstundis, en barnið kastaðist frá bifreiðinni, og telur ákærði, að það hafi ekki komið við bifreiðina nema í þetta eina sinn.

Ákærði kveðst hafa dregið úr hraða, þegar hann kom að Drápuhlíðinni, en ekki hafi verið um verulega hraðaminnkun að ræða.

Ákærði man ekki, hvort hann var í 2. eða 3. ganghraðastigi af fjórum mögulegum áfram, þegar hann steig á hemlana til þess að nauðhemla.

Ákærði telur, að hann hafi verið með fótinn á eldsneytisgjöfinni, þegar hann varð að nauðhemla.

Ákærði kveðst ekki hafa ekið oft götuna, þar sem slysið átti sér stað, en þó hafi það komið fyrir nokkrum sinnum, áður en slysið gerðist. Ákærði segir, að sér hafi verið kunnugt um, að þarna var barnaleikvöllur, en hins vegar hafi það ekki verið í huga hans, þegar hann ók um götuna í þetta skipti.

Ákærði minnist þess ekki, að nein umferðarmerki hafi verið á þessum slóðum, sem bentu til þess, að þarna væri barnaleikvöllur í nánd.

Niðurstöður.

Ákærði ók um gatnamót í íbúðarhverfi og bar þegar af þeirri ástæðu að sýna fyllstu gætni við aksturinn og vera reiðubúinn að stöðva vegna umferðar frá hægri, þegar hann ók yfir mót Drápuhlíðar. Þá átti ákærða að vera ljóst, að vegna bleytu á götunni kynnu hemlunarskilyrði að vera lakari en ella. Loks hafði ákærði ekið götuna áður og vissi, að þarna var barnaleikvöllur, enda þótt ekki væru þarna varúðarskilti, sem bentu til slíks.

Ákærði kveðst sjálfur ekkert hafa orðið stúlkunnar var, áður en hún varð fyrir bifreiðinni. Verður því ekki byggt á framburði hans um hegðun stúlkunnar fyrir slysið. Hins vegar hefur vitnið Margrét Dórothea skýrt frá því, að það hafi séð stúlkuna og annað barn standa úti á götunni við kyrrstæðar bifreiðar, áður en þau tóku á rás yfir hana, og fullyrðir vitnið, að þau hafi ekki komið snögglega út á götuna. Verður að leggja þennan framburð til grundvallar, enda er ekkert í málinu, sem hnekkir honum. Þegar þessi framburður er virtur og hitt, sem áður greinir, að ákærði var að aka um gatnamót, þykir einsýnt, að honum hafi borið að sýna sérstaka gætni og horfa vel eftir umferð, enda þótt ekki hafi verið þarna umferðarskilti, sem vöktu á því athygli, að þarna í nánd væri barnaleikvöllur. Verður að telja það fram komið í málinu, að ákærði hefði átt að eiga auðvelt með að sjá börnin með fyrirvara, ef hann hefði sýnt næga aðgát. Þá þykja hemlaför bifreiðarinnar eindregið benda til þess, að ákærði hafi ekið óhóflega hratt, en hemlaför eftir bifreið hans mældust samkvæmt uppdrætti nærri fjórar lengdir bifreiðarinnar, eða yfir 18 metrar. Lögreglumenn þeir, er rannsökuðu málið á vettvangi, létu undir höfuð leggjast að hraðaprófa bifreiðina þegar eftir slysið, en þrátt fyrir það þykir sýnt, að ákærði hafi ekið á mun meiri hraða en hann hefur sjálfur gefið upp,

þótt því verði ekki slegið föstu, hver hraðinn hafi verið, þegar ákærði nauðhemlaði. Verður með hliðsjón af hemlaförunum augljóst, að ákærði hefði t. d. ekki getað stansað í tíma fyrir bifreið, sem komið hefði frá hægri, en hemlaförin eru að lengd til lengri en öll breidd gatnamótanna.

Með hliðsjón af framansögðu verður því að telja sannað, að ákærði hafi ekið umrætt sinn án nægjanlegrar aðgæslu og allt of hratt miðað við aðstæður og beri með þeirri háttsemi sinni að mestu sök á því, að stúlkan varð fyrir bifreiðinni með þeim afleiðingum, sem þegar hefur verið lýst. Varðar þessi háttsemi ákærða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 37. gr., 1., 2. og a, c, f og l liði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann með dómssátt í Reykjavík 25. september 1964 gengist undir að greiða 200 króna sekt fyrir umferðarbrot, en öðrum kærum og refsingum hefur hann ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Ákærði þykir með akstri sínum umrætt sinn hafa unnið sér til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr., 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, 90.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Gunnarsson Smith, greiði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, 90.000 krónur.

Miðvikudaginn 8. apríl 1981.

Nr. 165/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hávarði Emilssyni
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar refsingar, en sama bótakrafa er uppi höfð fyrir Hæstarétti sem í héraði.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi er ákæruefni einskorðað við atlögu ákærða að Garðari Eymundssyni og þær afleiðingar hennar, að tvær tennur brotnuðu í Garðari.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að háttsemi ákærða varði hann refsingu samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20 daga varðhald, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Bótakröfum Garðars Eymundssonar, sem lýst er í héraðsdómi, þykir í hóf stillt, þ. á m., eins og hér stendur á, kröfu vegna lögfræðilegrar aðstoðar við að gera úr garði bótakröfur, 100.00 krónur. Samkvæmt því ber að dæma ákærða til að greiða dánarbúi Garðars Eymundssonar 2.623.00 krónur,

sbr. 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags, eins og krafist er, en upphafstímamark vaxta sætti eigi andmælum af hendi ákærða. Það athugast, að Garðar Eymundsson hafði uppi miskabótakröfu, áður en hann féll frá hinn 7. febrúar 1978, og er hennar getið í ákæru 14. desember 1977.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, 2.000.00 krónur.

Aðfinnsluverður dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Hávarður Emilsson, sæti 20 daga varðhaldi, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði dánarbúi Garðars Eymundssonar 2.623.00 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 1. febrúar 1980.

Ár 1980, föstudaginn 1. febrúar, var á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð var í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31 í Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1154/1976: Ákæruvaldið gegn Hávarði Emilssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, var höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 14. desember 1977 „á hendur Hávarði Emilssyni, húsasmið, Laufvangi 10 í Hafnarfirði, fæddum 17. september 1945 í Vestmannaeyjum, fyrir líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 14. júní 1976, er ákærði starfaði við dyravörslu í veitingahúsinu Skiphóli í Hafnarfirði, að ósekju skellt Garðari Eymundssyni, fæddum 4. júlí 1931, á gólfið þar í veitingahúsinu þannig, að tennur í efri góm hans losnuðu og fjarlægja þurfti ellefu þeirra.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Þriðjudaginn 15. júní 1976, kl. 1420, mætti Garðar Eymundsson, til heimilis að Hvannalundi 9, Garðakaupstað, hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði.

Kvaðst hann hafa farið í veitingahúsið Skiphól að kvöldi sunnudagsins 13. júní. Þegar dansleiknum hafi verið lokið, um kl. 0100, hafi hann haldið af stað niður stigann í veitingahúsinu, en þegar hann hafi verið kominn niður, hafi hann minnst þess, að hann þurfti að ná tali af einni starfsstúlku hússins, og því farið aftur upp. Kvaðst hann hafa verið kominn inn í danssalinn og verið að komast að stúlkunni, Steinunni Gunnarsdóttur. Þá hafi skyndilega gengið í veg fyrir hann maður í einkennisbúningi hússins. Maður þessi hafi verið ljóshærður, frekar hávaxinn og þéttur í vexti. Hann hafi aflað sér upplýsinga um, að hann héti Hávarður Emilsson, sem er ákærði í máli þessu. Ákærði hafi stöðvað för hans og sagt honum, að ballið væri búið, og spurt, hvort hann væri ekki á leiðinni út. Kvaðst Garðar hafa samþykkt það, að dansleiknum væri lokið, og hafa sagt ákærða, að hann þyrfti að ná tali af stúlku, sem stæði skammt frá. Þá hafi ákærði ítrekað, að hann færi strax út, og hann samþykkt það, en jafnframt sagt, að hann mundi fara, strax og hann hefði sagt örfá orð við áðurnefnda stúlku. Þá hafi ákærði tekið hann taki í hnakkann og skellt honum umyrðalaust í gólfið. Garðar kvaðst ekki hafa munað meir, fyrr en hann hafi rankað við sér, þar sem hann hafi legið fyrir utan húsið á götunni.

Hann kvaðst síðan hafa farið heim. Kvaðst hann hafa skaddast í munni og lagði fram vottorð frá tannlækni um töku á framtönn. Hann kvað aðra tönn við hlið þeirrar, sem tekin var, skaddaða og ætti tannlæknir eftir að gera við hana. Hann kvaðst einnig hafa skaddast í andliti og vera töluvert marinn á mjöðm.

Hann kannaðist við að hafa verið undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann mundu leggja fram skaðabótakröfu, en íhuga, hvort hann gerði refsikröfu.

Skúli Þórðarson rannsóknarlögreglumaður, sem tók framangreinda skýrslu, tekur fram, að Garðar hafi verið með greinilegan áverka á nefi og enni.

Garðar Eymundsson lést af slysförum hinn 7. febrúar 1978 og hafði þá ekki gefið skýrslu fyrir dómi.

Með bréfi, dags. 12. janúar 1977, samþykkti ríkissaksóknari, að málinu yrði lokið með dómssátt, enda féllist ákærði á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og skaðabóta, þó þannig, að ágreiningur um bótafjárhæð tefði eigi afgreiðslu málsins að öðru leyti. Taldist brot ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn 17. nóvember 1977 var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómssátt með því að greiða kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs auk skaðabóta og alls sakarkostnaðar. Ekki féllst ákærði á þau málalok.

Hjá rannsóknarlögreglu hinn 21. júní 1976 kvaðst ákærði hafa verið að koma fólki út úr veitingahúsinu um kl. 0240. Hann hafi hitt tvo menn, sem verið hafi einir eftir uppi í húsinu, og beðið annan að fara út, en klappað á öxl hins, þ. e. Garðars Eymundssonar, og sagt: „Jæja, við skulum koma niður, vinur.“ Þá hafi Garðar brugðist hinn versti við og tekið í sig. Kvaðst ákærði hafa tekið á móti til að byrja með, en þegar Garðar hafi gert sig líklegan til að halda áfram með óspektir, hafi hann tekið í hálsmálið á jakka Garðars að aftan og dregið jakkann fram yfir höfuð hans til að gera manninn óvígan. Þá hafi Garðar ætlað að rykkja sér úr þessu einhvern veginn, en þá hrasað og dottið í gólfið. Hann hafi þá lagt hnéð á háls Garðars að aftanverðu til að halda honum niðri, þar eð búið hafi verið að kalla á annan dyravörð sér til hjálpar.

Ákærði kvað Garðar hafa legið rólegan á gólfinu, hreyft sig lítið og enga tilraun gert til að standa upp.

Síðan hafi komið annar dyravörður, Helgi Sigurðsson, og þeir báðir hjálpast að við að koma Garðari út. Kvað ákærði það ekki hafa gengið alveg átakalaust. Garðar hafa streyst mikið á móti og hvað eftir annað reynt að hrinda þeim niður stigann, en það ekki tekist. Ákærði kvað þá ekki hafa slegið til Garðars, meðan þetta stóð yfir. Þeir hafi reynt sem mest að halda höndum Garðars og gengið með hann milli sín niður stigann og

út. Ákærði var spurður, hvort hann hefði séð eitthvað á Garðari, eftir að hann stóð upp, og kvaðst ekki geta sagt til um það. Ákærði kvaðst hins vegar hafa verið blóðugur eftir átökin. Hann hafi fengið skurð á hægri hönd, sennilega af glerbrotum á gólfinu. Ákærði kvaðst ekki hafa sparkað í Garðar.

Ákærði kvað Garðar hafa hringt til sín sl. þriðjudag (15.06. 1976) og óskað eftir því, að þeir hittust. Kvaðst ákærði hafa svarað því til, að hann hefði engan tíma til þess, og því hefði ekkert orðið úr því, að þeir hittust.

Ákærða voru kynntar bótakröfurnar og kvaðst ekki greiða þær. Kvaðst ákærði telja, að hann hafi verið að sinna sínu starfi.

Framangreinda skýrslu staðfesti ákærði fyrir dómi hinn 5. janúar 1978, er ákæran var birt honum. Þá var ákærða enn kynnt bótakrafan, og sagði hann: „Nei, það kemur ekki til greina, að ég fari að borga eitt eða neitt í þessu máli.“ Kvaðst ákærði engu hafa við dómskýrslu sína frá 17. nóvember 1977 að bæta. Auk framangreinds sagði ákærði þá, að starf sitt sem dyravarðar væri m. a. fólgið í því að koma fólki út, eftir að dansleik lyki. Kvaðst ákærði ekki beita ofbeldi eða yfirgangi. Hann kvað mennina hafa staðið við vínstúkuna og verið að reyna að fá keypt áfengi, að hann hélt. Einhver stúlka hafi verið þar, sennilega Steina (Steinunn Sigurborg Gunnarsdóttir). Kvað hann Garðar hafa ráðist á sig og brugðist hinn versti við og hent sér aftur á bak og á stólana, en búið hafi verið að stóla upp sem kallað er. Hann hafi beðið Garðar að vera rólegan og slappa af og fara út. Garðar hafi sagt sér, að skipta sér ekki af þessu, og Garðar gert sig líklegan til að slá ákærða. Þá dregið jakka Garðars fram yfir höfuð hans, eins og áður var lýst. Þegar Garðar hafi þannig ekki séð neitt og ætlað að rykkja sér aftur á bak, hafi hann dottið fram fyrir sig á gólfið, en hann (ákærði) haldið um hálsmálið. Hann kvaðst ekki vita, hvort Garðar lenti á andlitinu. Hann taldi ekki ólíklegt, hafi svo verið, að þá hafi brotnað tönn hjá Garðari. Hann kvað þá dyraverðina hafa tekið sinn í hvora hönd Garðars og reist hann upp. Þá hafi Garðar alveg ætlað að tryllast, þar sem tveir dyraverðir væru komnir á hann. Hann kvað það fráleitt, að ákærði hefði rotast. Þá sagði ákærði einnig, að tilviljun hefði ráðið því, að jakkinn dróst yfir höfuð Garðars, en þannig hafi hann þó verið óskaðlegur.

Ákærði kannaðist við, að Garðar hefði hringt einum eða tveimur dögum eftir umrætt atvik og sagt, að hann væri búinn að

kæra og ákærði mundi ekki sleppa við þetta. Ákærði kvaðst þá hafa sagt, að það yrði svo að vera.

Steinunn Sigurborg Gunnarsdóttir, starfsstúlka í veitingahúsinu, fædd 1. desember 1943, til heimilis að Móabarði 16, Hafnarfirði, mætti hjá rannsóknarlögreglu hinn 18. júní 1976. Hún kom fyrir dóminn hinn 12. janúar 1978 og vann eið að framburði sínum. Það helsta, sem hún hefur borið, verður nú rakið.

Hún kvaðst kunnug Garðari Eymundssyni, þar sem bróðir hennar væri uppeldisbróðir Garðars.

Hjá rannsóknarlögreglu kvað hún ákærða hafa lagt hendurnar á axlir Garðars og sagt: „Jæja, við skulum labba niður, vinur." Þá hafi Garðar brugðist illa við og slegið hendur ákærða af öxlum sér. Ákærði þá talað eitthvað, sem hún ekki heyrði, við Garðar. Síðan hafi hún séð til ákærða, þar sem hann hafi skellt Garðari í gólfið. Kvað hún sér finnast, að það hafi verið upp úr handalögmálunum í byrjun, sem að vísu hafi ekki verið hrein slagsmál, sem ákærði hafi skellt Garðari í gólfið. Hún kvað Garðar hafa legið nokkra stund hreyfingarlausan í gólfinu og ákærða hafa haldið honum, þannig að hann mátti sig ekki hræra. Á eftir hafi ákærði og annar dyravörður leitt Garðar á milli sín áleiðis niður stigann.

Fyrir dóminum kvað hún auk þess, sem nú hefur verið rakið, Garðar hafa verið ölvaðan. Hann hafi komið inn í salinn og ætlað að tala við hana. Ákærði hafi komið á eftir honum. Hún kvaðst ekki vita til þess, að Garðar hafi átt neitt sérstakt erindi við hana. Hún kveður engan hafa reynt að fá áfengi hjá sér. Hún taldi það rangt, sem fram kemur hjá ákærða, að Garðar hefði ráðist að ákærða, hent honum aftur á bak á stóla og gert sig líklegan til að slá ákærða. Hún telur Garðar hafa sagt við ákærða eitthvað á þessa leið: Ertu að reyna eitthvað, þykistu vera eitthvað? Garðar hafi ekki verið ógnandi að öðru leyti. Ákærði hafi dregið jakka Garðars yfir höfuð hans. Allt hafi gerst í einni svipan. Við svo búið hafi Garðar strax fallið fram fyrir sig og með andlitið fyrst í teppalagt gólfið. Hún kveðst ekki geta gert sér ljósa grein fyrir því, hvort þeir hafi þá verið í fangbrögðum, en telur helst, að Garðar hafi staðið kyrr. Hún kvaðst ekki vita, hvort Garðar rotaðist, en taldi það ekki ólíklegt. Hún kvaðst ekki muna, hvort Garðar hafi brotist um, er gengið var með hann út, og kvað Garðar hafa gengið sjálfan.

Eftir að skýrsla hennar hjá rannsóknarlögreglu hafði verið

lesin upp, kvaðst hún aðeins geta sagt, að Garðar hafi skollið í gólfið, en ekki geta sagt, að ákærði hafi skellt honum viljandi. Hún kvaðst ekki geta sagt til um, hvort Garðar hafi veitt mótspyrnu, þannig að hann hafi fallið í gólfið þess vegna.

Áðurnefndur Helgi Sigurðsson, fæddur 23. maí 1945, til heimilis að Suðurgötu 100, Hafnarfirði, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 24. júní 1976. Þá skýrslu staðfesti hann fyrir dómi undir eiði 12. janúar 1978.

Hann kvað hafa verið kallað á sig af þjóni öðrum dyraverði til aðstoðar við að fjarlægja mann úr sal hússins. Hann kvað manninn, sem lá í gólfinu, hafa verið snarvitlausan og brotist um á hæl og hnakka. Þeir hafi reist manninn upp og farið með hann út. Maðurinn hafi verið æstur, reiður og mjög erfiður viðureignar. Hann kvað manninn oft hafa slitið sig lausan og lagst í stigann. Þeir hafi því oft þurft að hálfbera hann. Þegar út var komið, hafi þeir sleppt manninum, en hann þá ráðist á þá. Því hafi þeir þurft að leggja manninn í götuna. Síðan hafi þeir sleppt honum eftir stutta stund og forðað sér inn í húsið. Hann kvað manninn þá hafa verið með rænu, en kvaðst ekki muna, hvernig hann var lagður í götuna. Hann kvað manninn ekki hafa hlotið nokkurn áverka, meðan hann og ákærði voru að kljást við hann, og kvaðst ekki hafa séð neina áverka á honum.

Hann kvað manninn hafa verið mjög drukkinn, en kvaðst telja, að hann hafi ekki verið hættulegur sjálfum sér frekar en menn í hans ölvunarástandi.

Þá kvað hann ákærða mjög rólegan mann og kvaðst ekki muna annað en ákærði hafi verið mjög rólegur þarna.

Bergsteinn Sigurður Ásbjörnsson framreiðslumaður og Hulda Markúsdóttir húsmóðir, bæði til heimilis að Þúfubarði 14, Hafnarfirði, komu fyrir dóminn til vitnisburðar hinn 27. janúar 1978. Þau staðfestu framburði sína með eiði.

Bergsteinn Sigurður kvað Steinunni Sigurborgu hafa beðið sig að bera vitni hjá lögreglu, en taldi sig ekki hafa séð atburði nógu nákvæmlega til að bera vitni.

Hann kvað ákærða hafa bent manninum á að fara út og minnti, að maðurinn hefði ýtt við ákærða. Hann kvað ákærða hafa skellt manninum í gólfið. Hann kvaðst telja, að maðurinn hafi átt upphafið að handalögmálunum. Hann kvaðst ekki muna, hvort maðurinn hafi ýtt ákærða á stóla, sem þarna voru uppi á borði, en muna, að tvö borð „voru alveg hrunin, og þurfti að setja stól-

ana aftur upp á þau borð.“ Hann taldi ljóst, að ákærði hafi lent á þessum stólum, þar sem maðurinn hafi verið nær barnum. Hann minnti, að einhver átök hafi átt sér stað, eftir að maðurin var kominn í gólfið, og minnti fastlega, að maðurinn hafi fengið blóðnasir. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvernig maðurinn lenti í gólfinu. Hann kvað ákærða hafa verið góðan dyravörð að sínu viti. Spurður, hvort ákærði hafi beitt manninn harðræðum, sagði hann, að ákærði hefði getað verið mjúkhentari. Loks sagði Bergsteinn Sigurður, að hann hafi ályktað, að ákærði hefði skellt manninum í gólfið, en eftir á að hyggja gæti hann ekki fullyrt, að svo hafi verið.

Hulda Markúsdóttir kvaðst hafa staðið við barinn, en snúið sér við, er hún hafi heyrt læti. Ákærði hafi margbeðið manninn að fara út. Ákærði hafi lagt hönd á öxl hans, en hann þá snúið sig úr hendi ákærða, frekar snöggt. Hana minnti, að maðurinn hafi veist að ákærða. Hún kvað ákærða hafa snúið manninn harkalega niður og hann lent á andlitinu. Sér hafi fundist þetta óhugguleget. Hún kvað manninn hafa verið drukkinn. Hún kvaðst ekki muna, hvort sá á manninum, blóð eða annað. Er lesið hafði verið úr skýrslu ákærða, kvaðst hún muna, að maðurinn hafi hrint ákærða á borð með stólum upp á. Þá hafi maðurinn verið reiður og fokið hafi í ákærða við þetta. Hún kvaðst ekki vita, hvort maðurinn rotaðist. Hún kvað trúlegt, að hann hafi misst tennur við að lenda á andlitinu í gólfinu. Þá kvaðst hún hafa það á tilfinningunni, að ákærði hafi ýtt manninum í gólfið, og byggði ályktun sína á því, hve harkalega maðurinn lenti á andlitinu.

Eiginkona Garðars heitins, Salóme Sigfríður Sigfúsdóttir, fædd 12. febrúar 1932, kom fyrir dóminn til vitnisburðar hinn 13. júní 1979.

Hún kvað Garðar hafa sagt sér svo frá atvikum, að hann hafi verið á leið út frá dansleiknum ásamt Óskari Vigfússyni og fleirum, en þá hafi honum allt í einu dottið í hug að fara upp aftur og tala við Steinu, sem þar vann. Er hann hafi verið kominn inn á gólfið, hafi komið að honum maður og sagt eitthvað á þá leið, að nú væri dansleikurinn að verða búinn, og sagt honum að koma með sér út. Upp úr þessu hafi orðið átök, en Garðar hafi ekki kunnað vel að segja frá þeim, en þó sagt svo frá, að maðurinn (ákærði) hefði tekið í jakka hans með einhverjum hætti og hvolft honum yfir sig, þannig að hann hafi skollið í gólfið. Síðan hafi hann ekki munað eftir sér, fyrr en hann rank-

aði við sér utan við húsið, en þá hafi Erla María Kjartansdóttir, sem hún væri kunnug, verið að stumra yfir honum og talað um, að voðalegt hafi verið, hvernig þeir hefðu farið með hann.

Garðar hafi síðan sagt svo frá, að hann hafi gengið út að Reykjavíkurveginum, að því er henni hafi skilist. Þar hafi hann hitt lögreglu og óskað eftir því að fá að gefa skýrslu til að kæra manninn, en þeir hafi ekkert viljað á hann hlusta, þar sem þeir hafi talið að mati Garðars, að þetta væri drykkjuraus. Hann hafi þá gengið á lögreglustöðina, en þar hafi móttökur verið svipaðar og hann talið, að honum yrði stungið inn, héldi hann þessu áfram, eftir svipnum á lögreglumanninum að dæma og honum sagt, að hann gæti haldið þessu áfram á morgun. Hún kvað Garðar hafa gist þessa nótt hjá bróður hennar, Eiríki Sigfússyni, Seltjarnarnesi, og komið heim daginn eftir og þá verið með sýnilega áverka í andliti. Hún kvað Garðar ekki hafa á það minnst, að hann hefði orðið fyrir skakkaföllum eða átökum, eftir að hann kom út frá Skiphóli.

Hana minnti, að Garðar hefði sagt henni, eftir að tannlæknirinn hafði dregið burt brotnu tönnina, að rétt væri að sjá til, hvort aðrar tennur, sem hún kveðst muna, að verið hafi lausar, mundu ekki festast. Því hafi frekari athugun ekki farið fram fyrr en síðar á þessu ári. Hún kvað það geta verið, að Garðar hafi vantað einhverja jaxla í efri góm.

Af gefnu tilefni ritaði Ólafur Pétursson Stephensen tannlæknir dóminum bréf, dags. 23. nóvember 1977. Þar segir m. a.:

„Vegna þess að framtennur Garðars voru brotnar og lausar, var nauðsynlegt að draga úr honum allar efrigómstennur og smíða í hann gerfitennur í efri góm."

Þetta staðfesti hann fyrir dómi hinn 1. júní 1979. Einnig staðfesti hann reikning, dags. 14. júní 1976, um tannúrtöku og reikning, dags. 15. nóvember 1977, um tannúrtöku og smíði á efri góm í október og desember 1976.

Ólafur minntist þess, að Garðar hafi komið til hans 14. júní 1976. Garðar hafi verið eitthvað hruflaður í andliti og einnig bólginn, en ekki mikið. Önnur stóra framtönnin hafi verið klofin upp í rót og hún þá fjarlægð og önnur framtönn hafi verið laus. Tannhold Garðars hafi verið marið. Garðar hafi vantað tennur í efri góm. Hann minnti, að vantað hafi annað hvort augntönn eða framjaxl. Hann kvað ljótt skarð hafa myndast við það að taka varð framtönnina. Hann taldi, að höggið hlyti að hafa komið beint framan á munninn, til þess að tönnin kurl-

aðist svona í sundur. Hann taldi, að engin fullnaðarviðgerð hefði orðið ódýrari, þótt svo aðeins hefði þurft að fjarlægja 2 framtennur og allar aðrar hefðu verið heilar.

Þá kvað tannlæknirinn blæðingar út af svona broti geta verið hvort heldur miklar eða litlar. Tannholdið hafi verið þrútið og sollið. Hann hélt, að blæða hefði átt úr gómnum, er tönnin brotnaði, en blæðingar geta verið mjög mismunandi að magni.

Í vottorði Kristjáns Jóhannessonar læknis, dags. 15. júní 1976, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir:

„Garðar Eymundsson, sjómaður, f. 4.7.31, heima Hvannalundi 9, Garðabæ, kvaðst aðfaranótt þ. 14. þ. m. hafa verið á dansleik í Skiphóli og var að fara út, er maður nokkur skellti honum óviðbúnum í gólfið, svo að hann féll beint á andlitið, og heldur, að hann hafi rotast, vissi ekki af sér fyrr en úti á götu. Komst fljótlega til sjálfs sín.

Við skoðun í dag sést, að nef er bólgið og hruflað, og hefur þó dregið úr bólgunni, segir Garðar.

Tvær framtennur losnuðu í efri góm, og var önnur brotin, og varð tannlæknir að taka hana. Hin tönnin er enn laus, og er óvíst um örlög hennar. Lófastór marblettur eða öllu heldur punktblæðingar sjást neðan til á hægri mjöðm, og er Garðar ekki viss um, hvernig slíkt er til komið, en telur helst, að sparkað hafi verið í sig.

Garðar kveðst vera mjög aumur í munninum, einnig hafi hann verk í höfði, giska á, að hann hafi fengið snert af heilahristingi. Hann kveðst og vera allur mjög eftir sig eftir þetta atvik."

Telja verður sannað, að tjónþoli, sem var ölvaður, hafi brugðist illa við þeirri ósk ákærða, að hann yfirgæfi veitingahúsið, og þá sýnt mótþróa og veist að ákærða, þannig að til handalögmála kom með þeim, en þó verður að telja ósannað, að tjónþoli hafi gert sig líklegan til að slá ákærða. Það tak, sem ákærði tók tjónþola, þykir hafa verið þess eðlis, að það hafi valdið því, að tjónþoli féll fram fyrir sig og andlit hans skollið harkalega í teppalagt gólfið. Ákærði hefur sjálfur lýst því, að hann hafi dregið jakka tjónþola fram yfir höfuð hans, en þannig hafi tjónþoli orðið óvígur eða óskaðlegur og ekki séð neitt. Ákærði kveður þó tjónþola þá hafa ætlað að rykkja sér aftur á bak, en þá dottið fram fyrir sig á gólfið. Ákærði sleppti þó ekki taki sínu og hélt um hálsmálið á jakkanum. Allt gerðist þetta í skjótri svipan og ekki átakalaust, að því er virðist. Telja verður upplýst, að tjónþoli hafi átt upphafið að viðureign þeirra, en sam-

kvæmt gögnum málsins þykir valdbeiting ákærða hafa gengið framar en efni stóðu til.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að tjónþoli hafi ekki hlotið þá áverka, er í læknisvottorðum greinir, við að falla í gólfið, og bent á, að tjónþoli hafi verið „það drukkinn og æstur, er hann kom út, að allt eins" sé „víst, að hann hafi dottið úti og hlotið tjón þetta þar." Ákærði hefur þó ekki bent á nein sérgreind atvik önnur, sem gætu verið orsök þeirra afleiðinga, sem í ákæru eru taldar þær, að „tennur í efri góm hans (tjónþola, innsk. dómara) losnuðu og fjarlægja þurfti ellefu þeirra." Dómurinn lítur svo á, að telja verði nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins, sérstaklega vætti vitna og nokkru framburði ákærða sjálfs, að ákærði (sic) hafi fallið þungt beint á andlitið og jafnvel ekki getað borið fyrir sig hendur vegna taks ákærða og við það losnað tvær framtennur í efri góm tjónþola, þannig að nema varð aðra þeirra, sem var brotin, burtu, og varða ákærða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það þykir ekki eiga að leiða til annarrar niðurstöðu, að ekki er upplýst, að tjónþoli hafi borið sýnileg merki um meiðslin, er hann var reistur upp úr gólfinu, þar sem hann hafi legið rólegur og verið haldið af ákærða, sem hann hefur lýst, og fjarlægður.

Þar sem þá lýsingu skortir í ákæru, að önnur framtönnin brotnaði, þykir eigi heimilt að dæma ákærða fyrir það atriði samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Það verður eigi að heldur fært ákærða til refsiverðrar sakar, að aðrar efri gómstennur tjónþola voru fjarlægðar, en það ber að skoðast sem þáttur í því, að hann lét smíða sér lausar gerfitennur í góminn.

Ákærði er sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði, dags. 8. desember 1977, sem er óbreytt í dag samkvæmt upplýsingum sakaskrár, sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1963 2/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1965 5/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1971 28/5 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 28/5 1971 fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga.

1973 5/9 í Hafnarfirði: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr.

24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 18/5 1973.

1974 25/1 í Hafnarfirði: Dómur: Varðhald í 5 daga fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Hegningarauki.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um háttsemi tjónþola, sem hlýddi eigi réttmætu boði ákærða um að yfirgefa veitingahúsið, er tími var til þess kominn, og þar sem ákærði hefur eigi áður né síðar gerst sekur um hegningarlagabrot, þykir mega ákveða, að ákvörðun um refsingu ákærða skuli fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Tjónþoli hafði krafist bóta úr hendi ákærða. Vegna bótakröfunnar ritaði Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður dóminum bréf, dags. 18. apríl 1978.

Þar segir m. a.:

„F. h. erfingja Garðars Eymundssonar, nafnnr. 2512-9067, sem bjó að Hvannalundi 9, Garðabæ, og lést hinn 7. febrúar 1978, en erfingjarnir eru ekkjan Salome Sigríður Sigfúsdóttir, Hvannalundi 9, Garðabæ, og sonurinn Ari Kristinn Garðarsson, f. 7. apríl 1963, þá leyfi ég mér að krefjast þess, að bótakrafa sú, sem þér vísið til í bréfi yðar til Salome Sigfúsdóttur, dags. 06.03.1978, verði dæmd með refsimálinu."

Ekkjan fékk leyfi til setu í óskiptu búi hinn 21. mars 1978 og hefur þannig eignarhald á dánarbúi Garðars Eymundssonar.

Bótakrafan sundurliðast þannig:

1. Vottorð Kristjáns Jóhannessonar læknis ..... kr. 2.100
2. Reikningur Ólafs P. Stephensen tannlæknis, 14/6'76 .... — 2.200
3. Reikningur Ólafs P. Stephensen tannlæknis .... — 48.000
4. Lögfræðileg aðstoð við heimtu bótanna .. ... — 10.000
5. Bætur fyrir líkamstjón, þjáningar, óþægindi og lýti, ... — 200.000 auk 14% ársvaxta frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt skaðabótakröfunni.

Um 1. Frammi liggur í málinu reikningur í samræmi við þennan kröfulið. Verður hann því tekinn til greina.

Um 2. Sama og um 1.

Um 3. Samkvæmt vætti Ólafs P. Stephensen tannlæknis er þessum kröfulið í hóf stillt.

Um 4. Ekki þykja efni til að dæma í máli þessu þóknun fyrir lögfræðilega aðstoð til handa tjónþola við framsetningu bótakröfunnar.

Um 5. Þessi kröfuliður þykir óhóflegur. Tekið verður tillit til ákvörðunar bóta fyrir hið ófjárhagslega tjón við ákvörðun heildarbóta.

Þegar allt er virt, þykja heildarbætur hæfilega ákveðnar 90.000 krónur. Vegna eigin sakar tjónþola þykir hann og þeir, sem leiða rétt sinn frá honum, eiga að bera 1/3 tjónsins, eða 30.000 krónur. Verður ákærða þá gert að greiða bótakrefjendum 2/3, eða 60.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Hávarðs Emilssonar, er frestað, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Salóme Sigfríði Sigfúsdóttur, Hvannalundi 9, Garðakaupstað, vegna dánarbús Garðars Eymundssonar 60.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. apríl 1981.

Nr. 97/1978. **Pétur Pétursson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Jósafat Arngrímssyni
(enginn).

Áfrýjun. Skuldamál. Útivist stefnda. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. maí 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. apríl s. á. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda var ekki sótt þing fyrir Hæstarétti, er málið var þar flutt, og engar kröfur gerðar.

Með vísun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júlí 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., hefur Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 9. janúar 1975, á hendur Pétri Péturssyni stórkaupmanni, Suðurgötu 14 hér í borg.

Í stefnu gerði stefnandi þessar kröfur:

Aðallega, að stefnda yrði gert að afhenda sér 8 veðbréf, hvert að fjárhæð kr. 500.000, eða samtals kr. 8.000.000, sem öll væru út gefin af sér 18. júlí 1974 til handhafa, tryggð með 3ja samhliða veð- og uppfærslurétti í 3ju hæð fasteignarinnar nr. 31

við Hafnargötu í Keflavík, með gjalddögum 18. október 1974, 18. janúar 1975, 18. apríl 1975, 18. júlí 1975, 18. október 1975, 18. janúar 1976, 18. apríl 1976 og 18. júlí 1976, allt gegn afhendingu þeirra verðmæta, sem hann, stefnandi, hefði tekið við úr hendi Jóhanns Stefánssonar, Bústaðavegi 99 hér í borg.

Til vara, að stefnda yrði gert að greiða sér kr. 4.000.000 í fébætur með 17% ársvöxtum af þeim höfuðstól frá 18. júlí 1974 til greiðsludags, allt gegn afhendingu þeirra verðmæta, sem hann hefði tekið við úr hendi fyrrgreinds Jóhanns Stefánssonar.

Til þrautavara, að stefnda yrði gert að greiða sér kr. 1.510.000 í fjárhagslega uppreisn með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af þeim höfuðstól frá 18. júlí 1974 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum krafðist stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans.

Undir rekstri málsins hefur breyting verið gerð á dómkröfum stefnanda. Eru endanlegar dómkröfur hans þær, aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.660.000 með 17% ársvöxtum frá 18. júlí 1974 til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 783.280 með 17% ársvöxtum frá 18. júlí 1974 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Í stefnu er tildrögum málefnisins lýst þannig:

Hinn 18. júlí 1974 gaf stefnandi út veðbréf að fjárhæð kr. 4.000.000 til handhafa, og var það tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í 3. hæð fasteignarinnar nr. 31 við Hafnargötu í Keflavík. Bréf þetta var móttekið sama dag til innfærslu í veðmálabækur Keflavíkur og þinglesturs á næsta bæjarþingi. Veðbréf þetta skyldi greiða með jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti frá 18. júlí 1974 að telja, í fyrsta sinn 18. október 1974 og í síðasta sinn 18. júlí 1976, kr. 500.000 í hvert sinn. Vaxtakjör voru hæstu löglegir vextir af fasteignatryggðum lánum, talið frá útgáfudegi. Stefnandi mæltist til þess við Jóhann Stefánsson, Bústaðavegi 99 í Reykjavík, að hann reyndi fyrir sér sem erindreki sinn um sölu á veðbréfinu á frjálsum markaði. Í því skyni afhenti stefnandi Jóhanni endurrit veðbréfsins, til þess að hann gæti gert hugsanlegum kaupanda kunnugt, hvers kyns verðmæti væri um að tefla. Jóhann bauð stefnda veðbréfið

til kaups. Var stefndi til viðræðna um viðskiptin, en fór þess á leit við Jóhann, að hann hlutaðist til um, að bréfin yrðu átta að tölu, hvert að fjárhæð kr. 500.000, tryggð með samhliða 3. veðrétti og uppfærslurétti í framangreindum eignarhluta fasteignarinnar nr. 31 við Hafnargötu í Keflavík, en að öðru leyti með sömu vaxtakjörum og greiðslukjörum og upphaflega veðbréfið. Stefnandi lét nú útbúa átta veðbréf í samræmi við þetta, og voru þau innfærð í veðmálabækur Keflavíkur 29. júlí 1974 til þinglesturs á næsta bæjarþingi, merkt Litra F-3- 205-212. Stefnandi heimilaði Jóhanni nú að leita fyrir sér um sölu þessara átta veðbréfa hjá stefnda, en setti Jóhanni jafnframt það skilyrði, að lágmarkssöluverð þeirra væri kr. 3.400.000 í reiðufé. Jafnframt var Jóhanni heimilt að greiða stefnda af væntanlegu söluverði bréfanna víxil að fjárhæð kr. 340.000, sem stefndi átti og stefnandi hafði samþykkt fyrir hönd h/f Kyndils sem prókúruhafi til greiðslu 20. júlí 1974. Hafði Jóhann því fulla heimild stefnanda til að ganga frá viðskiptum þessum með því móti að fá í reiðufé kr. 3.060.000 auk umræddS víxils. Um þessar mundir var stefndi veikur, en fyrir milligöngu Ragnars Ingólfssonar bárust þau boð frá stefnda, að ekki gæti orðið úr viðskiptunum, nema stefndi fengi í sínar hendur yfirlýsingu stefnanda þess efnis, að öll eldri og yngri viðskipti stefnanda og stefnda væru að fullu upp gerð, en jafnframt skyldi yfirlýsingin bera með sér, að Jóhann væri réttur eigandi umræddra veðbréfa. Var yfirlýsing með þessu efni síðan útbúin og undirrituð af stefnanda. Þriðjudaginn 13. ágúst hittust stefnandi, Jóhann Stefánsson og Ragnar Ingólfsson, og afhenti stefnandi Ragnari þá veðbréfin átta svo og framangreinda yfirlýsingu sem stefndi hafði áskilið. Ragnar muni nú hafa afhent stefnda veðbréfin og yfirlýsinguna. Eftir því sem næst verði komist muni Ragnar svo hafa gert upp við Jóhann í áföngum með þessum hætti:

1.	Greitt að kvöldi 13. og 14. ágúst 1974	kr. 1.000.000
2.	Greitt þann 15. ágúst 1974	kr. 450.000
3.	Afhent Jóhanni Stefánssyni gjaldfallna víxla, sem Jóhann hafi svo afhent Jóni Guðmundssyni	kr. 356.000
4.	Afhent Jóhanni Stefánssyni áðurgreindan víxil, sem stefnandi hafði samþykkt f. h. Kyndils h/f..	kr. 340.000
5.	Afhent Jóhanni Stefánssyni gjaldfallna víxla á verslunina Fríðu í Hafnarfirði	kr. 130.720

6. Afhent Jóhanni Stefánssyni gjaldfallinn víxil á Sigurbjörgu Guðjónsdóttur ..... kr. 40.000

Samtals kr. 2.316.720

Af peningum þeim, sem stefndi hafi afhent Ragnari Ingólfssyni sem endurgjald fyrir veðbréfin, muni enn vera í vörslum Ragnars eða Arnar Clausen kr. 700.000 í reiðufé, sem ekki hafi verið ráðstafað. Þá hafi Jóhann og lýst yfir, að stefndi eigi ógreiddar kr. 200.000 af umsömdu endurgjaldi fyrir bréfin. Virðist því heildarendurgjald, sem stefndi hafi í huga að greiða fyrir bréfin, nema kr. 3.216.720, en afföll hafi átt að nema kr. 783.280. Er stefnandi hafi fengið vitneskju um, að Jóhann hafði tekið við verulegum hluta af andvirði veðbréfanna heimildarlaust og með allt öðrum hætti en um var samið, hafi hann fengið Jóhann til að ganga til uppgjörs. Hafi þá komið í ljós, að Jóhann hafi misfarið með féð, ráðstafað því, sem hann hafði móttekið af reiðufé, og afhent Jóni Guðmundssyni ýmsa gjaldfallna víxla frá stefnda að fjárhæð kr. 356.000, að því er virðist, til þess að Jón innheimti þá. Stefnandi hafi nú verið til neyddur að freista uppgjörs við Jóhann Stefánsson með einhverju móti, en hann hafi þá ekki vitað, að Jóhann var með öllu ógjaldfær og gjaldþrota. Hafi orðið úr, að stefnandi tæki við ávísunum, útgefnum af Lofti Baldvinssyni vegna einkafyrirtækis Jóhanns, Árbæjarbúðarinnar, svo sem hér segir:

1.	Ávísun, ritaða á Guðmund Malmquist	kr.	210.000
2.	Ávísun, ritaða á Jón Ingólfsson	—	200.000
3.	Ávísun, ritaða á Búnaðarbanka Íslands	—	74.779
4.	Ávísun, ritaða á Útvegsbanka Íslands	—	476.949
5.	Ávísun, ritaða á Álafoss h/f	—	100.000
6.	Ávísun, ritaða á Eggert Kristjánsson	—	46.100
7.	Ávísanir, dagsettar 1, 2 og 3 mánuði fram í tímann	—	1.212.967
8.	Tvo víxla á verslunina Fríðu	—	130.720
9.	Víxil á Sigurbjörgu Guðjónsdóttur	—	40.000
10.	Víxil, samþykktan af stefnanda vegna Kyndils h/f	—	340.000
11.	Ávísun, ritaða á Útvegsbanka Íslands í Keflavík, kr. 172.900 að frádregnum kr. 60.000	—	112.900

Samtals kr. 2.944.415

Víxla þá að fjárhæð kr. 356.000, sem Jón Guðmundsson hafði fengið, hafi stefnandi aldrei fengið í hendur. Um þær mundir, sem stefnandi fékk ávísanir Árbæjarbúðarinnar, hafi komist í hámæli, að Jóhann Stefánsson væri orðinn gjaldþrota og hefði jafnframt framið allvíðtæk tékkabrot. Hafi stefnandi því afhent sakadómi Reykjavíkur allar þær ávísanir, sem Loftur Baldvinsson hafði gefið út vegna Árbæjarbúðarinnar og hann hafi tekið við af Jóhanni.

Í marsmánuði 1974 hófst í sakadómi Gullbringusýslu rannsókn út af meintu tékkamisferli, og var stefnandi málsins einn hinna grunuðu. Kom þar fram, að stefnandi og Jóhann Stefánsson höfðu átt mikil viðskipti saman. Taldi stefnandi Jóhann skulda sér kr. 6.983.937, en Jóhann taldi skuldina geta numið kr. 6.000.000—7.000.000. Kvað stefnandi Jóhann hafa lofað að greiða skuldina að fullu og jafnframt skuldbundið sig til að útvega fé að láni, svo að hann, þ. e. stefnandi, fengi kr. 8.400.000, sem hann vantaði. Einnig skýrði stefnandi svo frá, að fyrir milligöngu Jóhanns hefði Pétur Pétursson lánað sér kr. 4.700.000.

Í ágústmánuði 1974 hóf rannsóknarlögreglan í Reykjavík rannsókn út af meintu tékkamisferli, og var Jóhann Stefánsson annar hinna grunuðu. Kom fram, að stefnandi og Jóhann höfðu átt viðskipti með tékka, sem ekki var til innstæða fyrir. Við rannsókn þessa skýrði stefnandi frá því, að upphaf viðskipta sinna við Jóhann með veðskuldabréf þau, sem fjallað er um í máli þessu, hafi verið það, að Jóhann hafi tekið að sér að selja fyrir sig átta skuldabréf, hvert að fjárhæð kr. 500.000. Áður en hann afhenti Jóhanni bréfin, hafi Jóhann kynnt sér möguleika á sölu þeirra. Hafi hann svo skýrt sér frá því, að hann gæti selt þau öll fyrir kr. 3.400.000 og væri kaupandinn Pétur Pétursson, stefndi í máli þessu. Hafi Jóhann talið öll tormerki á því, að hann, þ. e. stefnandi, gæti rætt beint við Pétur, sem væri lasinn, en auk þess vildi Pétur ekki blanda fleirum í málið. Bréfin hafi átt að greiðast þannig, kr. 1.200.000 í peningum, kr. 1.200.000 með ávísunum, er dagsettar væru fram í tímann þannig, að kr. 400.000 yrðu greiddar á mánuði, og kr. 1.000.00 (sic) hafi átt að greiðast með víxlum, sem samþykktir voru af ýmsum aðiljum, sumir víxlarnir gjaldfallnir, en aðrir ekki. Kvaðst stefnandi svo hafa afhent Jóhanni skuldabréfin hjá Ragnari Ingólfssyni að Ragnari viðstöddum. Stefnandi kvaðst einnig hafa látið Jóhann fá yfirlýsingu um, að hann, þ. e. Jóhann, ætti bréfin, en það hafi aðeins verið gert vegna þess, að stefndi hafi að öðrum kosti ekki

viljað kaupa bréfin. Í staðinn hafi hann fengið yfirlýsingu Jóhanns um það, að hann, þ. e. Jóhann, hefði í heimildarleysi ráðstafað bréfunum til stefnda og væri fallin úr gildi yfirlýsingin um, að Jóhann ætti bréfin. Kvaðst stefnandi hafa ætlað að hafa yfirlýsingu Jóhanns sem tryggingu fyrir því, að hann ráðstafaði ekki bréfunum eða andvirði þeirra á annan hátt en um var talað milli þeirra. Daginn eftir kvað hann svo Jóhann hafa átt að afhenda sér greiðsluna fyrir bréfin. Þegar að því kom, hafi Jóhann sagt sér, að hann gæti ekki afhent neitt af andvirði bréfanna. Hafi hann sagst vera í fjárþröng og hefði hann lagt það, sem hann fékk í reiðufé fyrir bréfin, inn á hlaupareikning. Stefnandi kvað sér hafa brugðið við þetta og sagt Jóhanni, að hann yrði að fá þetta fé. Hafi Jóhann þá boðist til að greiða þetta með ávísunum og hafi hann orðið að sætta sig við það. Kvað hann svo Jóhann hafa afhent sér níu víxla, samtals að fjárhæð kr. 866.720. Stefnandi kvaðst svo hafa látið Jóhann fá lista með nöfnum sex aðilja, sem hann, þ. e. stefnandi, skuldaði fé og var skuldbundinn til að greiða á tilteknum tíma. Þeir hafi svo hist ásamt Lofti Baldvinssyni og þá hafi verið ritaðar sex ávísanir til greiðslu á umræddum skuldum, samtals að fjárhæð kr. 1.107.828. Hafi þær verið dagsettar fram í tímann. Hafi Jóhann lofað, að innstæða yrði til fyrir öllum ávísununum, þegar að gjalddögum kæmi. Mundi hann nota til þess peninga, sem hann ætti eftir að fá frá stefnda. Nokkrum dögum síðar kvaðst stefnandi svo hafa fengið aðrar sex ávísanir frá Jóhanni, sem allar hafi verið dagsettar fram í tímann, og hafi Jóhann lofað, að innstæða yrði til fyrir þeim, þegar að gjalddögum þeirra kæmi. Þessar sex ávísanir kvaðst stefnandi hafa afhent Guðbjarti Pálssyni og beðið hann að reyna að útvega lán gegn ávísunum sem tryggingu. Áður en til þess kæmi, hafi komið í ljós, hvernig allt var í pottinn búið hjá Jóhanni.

Við fyrrgreinda rannsókn og hér fyrir dómi hefur Jóhann Stefánsson skýrt svo frá, að það samkomulag hafi orðið milli sín og stefnanda, að stefnandi gæfi út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 4.000.000 til tveggja ára með veði í húseign stefnanda í Keflavík. Hafi stefnandi átt að fá andvirði bréfsins. Kvað Jóhann stefnda hafa verið búinn að lofa að kaupa bréfið af sér. Er stefndi hafi spurt, hver ætti bréfið, kvaðst Jóhann hafa sagst eiga bréfið. Um leið og hann afhenti veðskuldabréfið, kvað Jóhann stefnanda hafa afhent sér yfirlýsingu um, að hann, þ. e. Jóhann, væri löglegur eigandi bréfsins, og hafi þetta eingöngu verið gert, til þess

að stefndi keypti bréfið. Í staðinn kvaðst Jóhann hafa afhent stefnanda yfirlýsingu um, að hann hefði tekið bréfið ófrjálsri hendi. Hafi það verið gert, af því að hann átti ekki bréfið, og hafi það átt að tryggja, að hann ráðstafaði ekki bréfinu öðruvísi en um var talað milli sín og stefnanda. Þegar til kom, kvað Jóhann stefnda hafa óskað eftir, að í stað eins veðskuldabréfs yrðu gefin út átta, hvert að fjárhæð kr. 500.000. Kvaðst Jóhann hafa verið búinn að láta þinglýsa veðskuldabréfinu að fjárhæð kr. 4.000.000, en hann hafi látið aflýsa því og afhent stefnanda það. Ekki hafi hann skilað stefnanda yfirlýsingunni um, að hann, Jóhann, væri löglegur eigandi bréfsins, og ekki hafi stefnandi skilað yfirlýsingunni um, að hann, Jóhann, hefði tekið bréfið ófrjálsri hendi. Jóhann kvað það svo hafa verið nokkrum dögum síðar sem hann og stefnandi hafi hist. Í viðurvist Ragnars Ingólfssonar hafi svo stefnandi afhent sér átta veðskuldabréf að fjárhæð kr. 500.000, ekki hafi þá verið gefnar neinar yfirlýsingar eða kvittanir. Jóhann kvað svo hafa verið um samið milli sín og stefnda, að stefndi greiddi honum fyrir bréfin kr. 2.200.000, en að öðru leyti hafi átt að greiða þau með víxlum, sem hann, Jóhann, hafði selt stefnanda og stefnandi og aðrir höfðu samþykkt. Hafi fjárhæð þeirra verið eitthvað á aðra milljón krónur. Það, sem á vantaði, hafi stefndi átt að fá í vexti, en þar hafi ekki verið um að ræða neina okurvexti. Jóhann kveðst svo hafa fengið frá stefnda kr. 1.000.000 7. ágúst. Hinn 14. ágúst hafi hann svo fengið kr. 450.000. Daginn eftir hafi Ragnar Ingólfsson sótt fyrir sig til stefnda kr. 550.000. Áður kvað hann stefnda hafa verið búinn að afhenda sér alla víxlana, sem hann átti að fá, en kr. 200.000 hafi hann ekki fengið greiddar.

Fyrir rannsóknarlögreglunni og hér fyrir dómi hefur stefndi skýrt svo frá, að hann hafi keypt af Jóhanni Stefánssyni átta skuldabréf, samtals að fjárhæð kr. 4.000.000, sem gefin hafi verið út af stefnanda í máli þessu, tryggð með veði í fasteign og hafi þau átt að greiðast eftir 1—3 ár. Kvaðst stefndi hafa beðið Ragnar Ingólfsson að sjá um, að bréfin væru löglega gefin út og að hann, stefndi, fengi yfirlýsingu um, að Jóhann Stefánsson væri löglegur eigandi bréfanna. Að fenginni þessari yfirlýsingu stefnanda kvaðst stefndi ekki hafa talið vafa á, að Jóhann væri löglegur handhafi bréfanna. Stefndi kvað nokkurn drátt hafa orðið á því, að gengið væri frá viðskiptunum, en endanlega hafi verið gengið frá þeim 7. ágúst. Stefndi kvað svo hafa verið um samið, að hann greiddi kr. 3.200.000 fyrir bréfin. Hafi andvirði

bréfanna átt að greiðast með víxlum, samtals að fjárhæð kr. 1.200.000, sem hann hafði áður keypt af Jóhanni Stefánssyni og Jóhann var ábyrgðarmaður á. Víxlar þessir hafi verið gjaldfallnir og hafi hann verið búinn að krefja Jóhann um greiðslu, en hann hafi ekki greitt, fyrr en samkomulag varð um kaupin á umræddum veðskuldabréfum. Kvað stefndi kröfurnar, sem hann átti á Jóhann, hafa verið aðalástæðuna til þess, að hann keypti umrædd veðskuldabréf. Auk víxla þessara kvaðst stefndi hafa greitt Jóhanni kr. 1.000.000 með ávísun og síðar hafi hann greitt honum kr. 45.000. Loks hafi Ragnar Ingólfsson tekið við kr. 550.000 fyrir hönd Jóhanns.

Við fyrrgreinda rannsókn og hér fyrir dómi hefur Ragnar Ingólfsson skýrt svo frá, að Jóhann Stefánsson hafi sagt sér sumarið 1974, að hann væri búinn að fá frá stefnanda fjögurra milljón króna skuldabréf, sem stefndi ætlaði að kaupa, og ætti hann, þ. e. Jóhann, að fá allt það fé, sem hann fengi frá stefnda fyrir bréfið. Stefndi hafi svo beðið sig um að útvega yfirlýsingu stefnanda þess efnis, að Jóhann Stefánsson væri eigandi skuldabréfsins, og hafi stefndi sett það sem skilyrði fyrir því, að hann keypti bréfið. Kvaðst Ragnar svo hafa búið út þessa yfirlýsingu og fengið hana Jóhanni, en hann muni hafa fengið stefnanda til að undirrita hana. Auk þess kvaðst Ragnar hafa útbúið aðra yfirlýsingu að beiðni stefnda, sem stefnandi hafi einnig átt að undirrita. Hafi hún verið þess efnis, að öllum fyrri viðskiptum stefnanda og stefnda væri lokið og ætti stefnandi engar kröfur á hendur stefnda. Hafi stefnandi undirritað þá yfirlýsingu í sinni viðurvist og afhent hana Jóhanni. Ragnar kvað stefnda nokkru síðar hafa beðið sig um að búa út átta skuldabréf, hvert að fjárhæð kr. 500.000, og hafi hann jafnframt tekið við fjögurra milljóna skuldabréfinu frá stefnda. Ragnar kvaðst nú hafa haft samband við stefnanda, sem búið hafi þau út. Bréfin hafi svo verið afhent til þinglesturs, en hann, þ. e. Ragnar, hafi svo afhent Jóhanni bréfin. Ragar kvaðst telja, að sökum annarra viðskipta hafi aðiljar málsins ekki rætt við á þessum tíma.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ráðstöfun Jóhanns Stefánssonar á umræddum veðskuldabréfum hafi verið ógildur löggerningur, sbr. 11. gr. laga nr. 7/1936. Jóhann Stefánsson hafi ekki farið eftir þeim fyrirmælum, sem stefnandi hafi gefið honum í viðskiptum þeim, sem hér er fjallað um. Hafi athafnir ekki verið innan umboðs þess, sem stefnandi gaf honum, umboðið hafi ekki haft sjálfstæða tilveru gagnvart þriðja manni

og stefndi og Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson, sem kom fram fyrir hans hönd, hafi ekki verið grandalausir. Hafi stefnda og Ragnari Aðalsteini Ingólfssyni, sem kom fram fyrir hönd stefnda, verið kunnugt um heimildarskort Jóhanns til að taka við þeim hluta af andvirði bréfanna, sem hann fékk í hendur, eða að þeim hafi að minnsta kosti mátt vera kunnugt um hann. Hafi stefnda og Ragnari verið fullkomlega ljóst, að Jóhann hafi eingöngu komið fram til málamynda og að yfirlýsing sú, sem stefnandi afhenti Ragnari, hafi eingöngu verið gefin til málamynda. Þeir hafi því ekki getað byggt á henni að neinu leyti. Hafi stefndi gert tilkalla til yfirlýsingar stefnanda gegn betri vitund, eingöngu í því skyni að villa síðar um fyrir mönnum, ef þörf krefði. Hafi hverjum góðum og gegnum manni mátt vera ljós heimildarskortur Jóhanns. Samkvæmt og eins og hér hafi háttað til (sic) hafi Ragnari sem umboðsmanni stefnda verið skylt að gera upp við stefnanda andvirði veðskuldabréfanna, sbr. 38. gr. laga nr. 7/1936, eða að minnsta kosti láta stefnanda vita, hvenær uppgjörið færi fram. Það hafi þeir þó ekki gert. Þá er því og haldið fram, að stefnda og Ragnari hafi mátt vera kunnugt, að á þessum tíma hafi Jóhann Stefánsson verið orðinn gjaldþrota og því ekki bær að taka við neinu af andvirði bréfanna. Er aðalkrafa stefnanda byggð á því, að stefnda beri að bæta stefnanda verðgildi bréfanna eða að skila þeirri auðgun, sem hann hafi hlotið á kostnað stefnanda. Er því haldið fram, að sú réttarregla gildi að íslenskum lögum, að loforðsmóttakandi, sem veit eða má vita, að fyrir liggur ógildingarástæða, sem leitt getur til skilaskyldu, verði fébótaskyldur, hvort sem hann hefur framselt verðmæti þau, sem hann tók við, neytt þeirra eða þau hafa farið forgörðum af ásetningi eða gáleysi. Varakrafa stefnda (sic) er byggð á því, að stefnda beri að skila stefnanda fjárhæð, sem nemi þeim ólöglegu vöxtum, sem hann hefur tekið við kaup bréfanna. Það sé frumregla íslensks réttar, að sé skuld tryggð með veði í fasteign eða með handveði, þá sé aðeins heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, sem Seðlabanki Íslands leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæst fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, sem til skuldar er stofnað, sbr. auglýsingu um vexti við innlánsstofnanir frá 15. júlí 1974, og nemi ólöglega teknir vextir hér kr. 783.280.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að aðiljar málsins hafi ekki átt saman nein þau lögskipti, sem geti verið grundvöllur kröfugerðar stefnanda í málinu. Veðskuldabréf þau, sem krafa

stefnanda byggist á, hafi verið handhafabréf. Viðurkennt sé, að maður sá, sem seldi stefnda bréfin, Jóhann Stefánsson, hafi fengið þau hjá stefnanda með löglegum hætti í þeim tilgangi að selja þau. Jafnframt hafi stefnandi undirritað yfirlýsingu, sem dagsett sé sama dag og veðskuldabréfin, þess efnis, að Jóhann Stefánsson væri löglegur eigandi bréfanna. Hafi yfirlýsing þessi verið ætluð til að sýna væntanlegum kaupanda. Sé af þessu ljóst, að gagnvart stefnda hafi Jóhann Stefánsson haft fullkomlega löglega heimild að bréfunum og því hafi stefndi verið í góðri trú, er hann keypti þau af Jóhanni. Ekki skipti máli, þótt um hafi verið að ræða pro forma gjörning milli stefnanda og Jóhanns eða þótt umboð hans hafi að einhverju leyti verið takmarkað, því sú vitneskja hafi aðeins verið milli þeirra, en stefnda hafi með öllu verið ókunnugt um það. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hann hafi tekið okurvexti við kaup á skuldabréfunum, heldur hafi hann aðeins tekið hófleg afföll, svo sem tíðkist á almennum skuldabréfamarkaði og sé löglegt. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að farið hafi fram uppgjör milli stefnanda og Jóhanns Stefánssonar í sambandi við sölu veðskuldabréfanna. Því er mótmælt, að stefndi hafi vitað eða mátt vita um gjaldþrot Jóhanns Stefánssonar.

Fyrir liggja tvær yfirlýsingar stefnanda. Önnur er dagsett 18. júlí 1974 og er svohljóðandi: „Ég undirritaður Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri Njarðvík lýsi hér með Jóhann Stefánsson, Bústaðavegi 99, Reykjavík eiganda að handhafaskuldabréfi útg. 18.7.1974 að upphæð kr. 4.000.000.00". Hin yfirlýsingin, sem upphaflega hefur verið rituð 1. júlí 1974, en síðar dagsett 6. ágúst 1974, er svohljóðandi: „Ég undirritaður, Jósafat Arngrímsson, kaupmaður í Keflavík, lýsi því hér með yfir, að öll viðskipti mín við Pétur Pétursson, stórkaupmann í Reykjavík, fyrir dagsetningu yfirlýsingar þessarar, eru að fullu og öllu uppgerð og á ég engar kröfur á hendur Pétri vegna þeirra."

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, var stefnandi raunverulega eigandi upphaflega veðskuldabréfsins að fjárhæð kr. 4.000.000. Hafði stefnandi falið Jóhanni að leita fyrir sér um sölu bréfsins. Fram er komið, að stefnandi og Jóhann Stefánsson höfðu áður átt mikil viðskipti saman, áður en atvik máls þessa gerðust, svo sem yfirlýsingar þeirra um skuld Jóhanns við stefnanda (sic). Einnig er fram komið, að stefndi og Jóhann höfðu áður átt viðskipti saman, sem ekki voru til lykta leidd. Þá hefur og komið fram undir rekstri málsins, að aðiljar hafi

áður átt viðskipti saman, sem liggja fyrir utan efni máls þessa. Hafa aðiljar og Jóhann Stefánsson því verið nokkuð kunnugir fjárhagsstöðu og viðskiptaháttum hver annars. Þótt yfirlýsing stefnanda um, að Jóhann Stefánsson væri löglegur eigandi upphaflega veðskuldabréfsins, hafi samkvæmt efni sínu eingöngu tekið til þess, þá þykir mega leggja til grundvallar, að með því að ljá atbeina sinn til að gefa út átta bréf í stað upphaflega veðskuldabréfsins hafi það verið ætlun aðilja, að yfirlýsing stefnda tæki einnig til þeirra, enda er hún dagsett sama dag og bréfin voru gefin út. Þegar það er virt, að stefnandi tók þátt í að koma á umræddum viðskiptum með því að gefa ranga yfirlýsingu um rétt Jóhanns Stefánssonar til veðskuldabréfanna, þykir stefnandi ekki geta krafið stefnda um greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem hann hafði veitt Jóhanni heimild til að selja bréfin fyrir, eða meintra oftekinna vaxta og affalla á þeim grundvelli, að umboð Jóhanns og ráðstöfunarréttur með bréfin hans hafi verið takmarkaður. Verður ekki hjá því komist að leggja til grundvallar, að þessi yfirlýsing stefnanda hafi mátt veita stefnda þá trú, að hann væri að semja við Jóhann Stefánsson sem eiganda veðskuldabréfanna. Fram er komið, að með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 17. júlí 1974, hafi bú Jóhanns Stefánssonar verið tekið til gjaldþrotaskipta, og birtist auglýsing um það fyrst í Lögbirtingablaðinu 28. ágúst 1974. Er ósannað, að stefnda hafi verið kunnugt um gjaldþrot Jóhanns, er viðskiptin með veðskuldabréfin fóru fram.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Eftir öllum atvikum málsins þykir hins vegar rétt að láta málskostnað falla niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Pétursson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jósafats Arngrímssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. apríl 1981.

Nr. 70/1979. **Betzy Elíasdóttir**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Húseignum og skipum
(Skarphéðinn Þórisson hdl.).

Fasteignaviðskipti. Söluþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. apríl 1979. Hún krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er lýst samskiptum stefnda og föður áfrýjanda, sem var umboðsmaður hennar við sölu á húsi því, er málið varðar. Sannað er, að faðir áfrýjanda fékk sölumanni, sem starfar hjá stefnda, í hendur lykil að húsinu og teikningar af því. Sú skýring föður áfrýjanda, að þetta hafi verið gert í því skyni, að starfsmenn stefnda segðu, hvert væri líklegt verðmæti hússins, fær ekki stuðning af öðru því, sem fram er komið. Skömmu síðar hófst stefndi handa um að auglýsa húsið í dagblaði, og voru alls birtar af hans hálfu 6 auglýsingar um sölu á húsinu. Enn fremur er sannað, að maður sá, sem keypti húsið, hafði í fyrstu samband við stefnda á grundvelli auglýsingar frá honum, og kom stefndi honum í tengsl við föður áfrýjanda. Frá sölu hússins var hins vegar gengið á annarri fasteignasölu.

Eins og mál þetta horfði við stefnda, var honum rétt að líta svo á, að hann hefði fengið umboð hjá föður áfrýjanda til að selja framangreint hús. Þegar það er enn fremur virt, að samband komst á milli kaupanda hússins og föður áfrýjanda fyrir tilstuðlan stefnda, og haft er í huga starf stefnda að öðru leyti vegna sölu eignarinnar, þá þykir söluþóknun

sú, sem dæmd er í héraðsdómi, hæfilega ákveðin. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 1.800.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Betzy Elíasdóttir, greiði stefnda, Húsum og skipum, 1.800.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. janúar 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. f. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 9. nóvember 1977, af fasteignasölunni Húseignum og skipum s/f, Veltusundi 1 hér í borg, gegn Betzy Elíasdóttur, Háaleitisbraut 39, einnig hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefnda greiði sölulaun, kr. 105.000 með 16% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar.

Sáttaumleitanir dómarans báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að stefnda átti fokhelt einbýlishús við Álmholt í Mosfellssveit, sem hún hugðist selja til þess að kaupa íbúð hér í borginni. Heppileg íbúð var auglýst á vegum Fasteignasölunnar Hátúni 4 A, og fól stefnda þeirri fasteignasölu að selja hús sitt á móti þeirri íbúð. Hús stefndu var selt þar í fasteignasölunni í marsmánuði 1976, og var kaupandinn Þórður Eiríksson trésmiður, og var verðið kr. 5.250.000. Þórður þessi hafði séð húsið auglýst til sölu á vegum stefnanda, fasteignasölunnar Húseigna og skipa, og hafði snúið sér þangað 11. febrúar 1976 og gert fyrirspurnir um húsið. Fékk hann þar teikningar af því og lykla og skoðaði það og ræddi að svo búnu eftir ábendingu sölumanns stefnanda við föður stefndu, Elías Kristjánsson, sem fór alfarið með fasteignaviðskipti dóttur sinnar. Upp úr því fóru kaupin fram, en ekki hjá stefnanda, heldur hjá lögmanni stefndu, Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni, meðeig-

anda í Fasteignasölunni Hátúni 4 A. Stefnandi gerði kröfu um að fá söluþóknun fyrir sölu þessa og höfðaði upphaflega mál á hendur föður stefndu, Elíasi Kristjánssyni. Hann krafðist sýknu vegna aðildarskorts, og var bæjarþingsmálið hafið með dómi, uppkveðnum 20. júní 1977 hér í þinginu. Höfðaði stefnandi þá mál þetta gegn réttum aðilja.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að sölumaður stefnanda og forsvarsmaður, Kristinn Nils Þórhallsson, hafi leitt saman seljanda húss stefndu, Elías Kristjánsson, og kaupandann, Þórð Eiríksson, og að þau kynni hafi leitt til kaupsamningsins, sem gerður hafi verið um eignina í mars 1976. Stefnanda sé því rétt að áskilja sér söluþóknun úr hendi seljanda fasteignarinnar skv. lögum nr. 47/1938 um fasteignasölu, sem nemi 2% af söluverðinu, eða kr. 105.000. Upplýst sé í málinu og óumdeilt, að kaupandinn hafi fengið upplýsingar um fasteignina hjá stefnanda, fengið teikningar af fasteigninni og lykla að henni og skoðað hana á vegum stefnanda. Kaupandinn hafi skoðað húsið einn síns liðs. Kaupandanum hafi strax litist vel á eignina og viljað eignast hana. Sölumaður stefnanda hafi vísað kaupandanum til föður stefndu, sem hafi vísað honum í aðra fasteignasölu, sem hafi gengið frá kaupunum án nokkurs samráðs við stefnanda. Þetta firri hann þó ekki rétti til söluþóknunar. Hins vegar hafi því verið haldið fram af hálfu stefndu, eða lögmanni hennar, þar sem stefnda hafi hér fyrir dómi lýst því yfir, að hún hafi ekkert haft með þessi mál að gera, að stefnandi hafi ekki haft fasteign þessa í sölu og því beri honum engin söluþóknun. Um þetta atriði bendi stefnandi á, að upplýst sé í máli þessu, að Elías, faðir stefndu, hafi í raun falið stefnanda að selja húsið, þótt hann vilji ekki kannast við það síðar. Sölumaður stefnanda og faðir stefndu hafi haft viðskipti og þekkst vel og sölumanninum hafi verið tjáð, að stefnda mundi fá húsið í sinn hlut við hjónaskilnað og að hún þyrfti að selja það og fá íbúð í bænum. Faðir stefndu hafi falið sölumanninum að útvega kaupanda, afhent lykla og teikningar, og þeir hafi skoðað húsið saman, þótt faðir stefndu hafi ekki munað eftir því hér fyrir réttinum. Allar skýrslur föður stefndu hér hafi verið á þessa leið, að hann hafi lítið munað um það, sem máli skipti. Þó hafi hann útskýrt, að sölumaður stefnanda hafi átt að „þreifa fyrir sér um verð" á húsinu, þegar hann hafi verið spurður, hvað sölumanninum hafi verið falið að gera. Þetta sé augljós útúrsnúningur. Allt þetta bendi til þess, sem stefnandi haldi fram, að Elías hafi falið sölu-

manni stefnanda að útvega kaupanda að fasteigninni og selja hana sem og stefnandi hafi gert. Elías hafi viðurkennt hér fyrir réttinum, að kaupandinn, Þórður Eiríksson, hafi komið til sín frá stefnanda og að honum hafi litist vel á, hvað þessi kaupandi gæti borgað vel út kaupverðið. Elías hafi síðan hringt til sölumanns stefnanda og tjáð honum, að dóttir sín hefði áhuga á íbúð hjá Fasteignasölunni Hátúni 4 A og að sala hússins yrði því að fara fram í þeirri fasteignasölu og við því væri ekkert að gera úr því sem komið væri. Þetta sýni, að Elías hafi gert samning við fasteignasölu lögmanns stefndu í Hátúni 4 A um, að þeir sæju um söluna á húsi hennar og fengju söluþóknun fyrir. En það hafi ekki áhrif á rétt stefnanda til söluþóknunar, þar sem faðir stefndu hafi ekki tekið húsið úr sölu hjá honum og ekki tilkynnt honum um þessa samninga við fasteignasölu lögmanns stefndu. Ljóst sé, að stefnda beri sönnunarbyrðina um, að stefnandi hafi *ekki* haft söluumboð fasteignarinnar, þar sem stefnandi hafi sýnt fram á, að Elías hafi veitt honum slíkt umboð, eignin hafi verið auglýst hjá stefnanda til sölu í Morgunblaðinu frá því í desember 1975 fram í febrúar 1976, kaupandinn hafi komið til stefnanda og stefnandi hafi leitt saman kaupandann og seljandann og ósannað sé, að stefnanda hafi nokkru sinni verið tjáð eða á nokkurn hátt gefið í skyn, að hann hefði ekki söluumboð hússins.

Lögmaður stefndu andmælir þessum sjónarmiðum í einu og öllu. Hann bendir á, að kjarni máls þessa sé sá, að sönnunarbyrðin um það, að fasteign stefndu hafi verið í sölu hjá stefnanda, hvíli á stefnanda sjálfum og að stefnanda hafi alfarið brugðist slík sönnun í málinu. Af hálfu stefndu sé engin þörf á að sanna, að afturkallað hafi verið söluumboð, sem aldrei hafi verið veitt til stefnanda. Faðir stefndu, Elías Kristjánsson, hafi frá upphafi haldið því fram, að hann hafi aldrei falið stefnanda að selja húsið, og þar með hafi stefnandi aldrei haft heimild til þess að selja það. Þess vegna skipti ekki máli, þótt kaupandinn, Þórður Eiríksson, hafi talað við sölumann stefnanda um húsið og fengið lykla og teikningu af því, engin heimild hafi verið fyrir hendi frá upphafi. Upplýst sé í málinu, að Elías og sölumaður stefnanda hafi þekkst vel og haft viðskipti og að Elías hafi sagt sölumanninum frá því, að dóttir hans væri að skilja við mann sinn og óljóst væri um fjármuni búsins og hvað hún fengi í sinn hlut. Athuga hafi þurft, hvað mundi fást fyrir húseignina í Mosfellssveit, og hafi þeir rætt þetta sín í milli. Orðið

hafi að ráði, að sölumaðurinn kannaði hugsanlegt verð á húsinu, en honum hafi aldrei verið falið að selja það. Sölumaðurinn hafi þá, þvert ofan í samtal þeirra, sent mann til Elíasar til þess að ræða kaup á húsinu. Þetta hafi komið alfarið á óvart og mjög óþægilega fyrir þau, þar sem húsið hafi ekki verið til sölu og ekki komið í eigu dóttur hans og málið allt á viðkvæmu stigi. Elías hafi sagt manni þessum, að þetta væri alls ekki til umræðu, og hann hafi haft samband við sölumanninn að svo búnu og sagt honum, að húsið væri ekki til sölu og að hann hefði húsið ekki til sölu. Síðar hafi sölumaðurinn sent annan mann til Elíasar til þess að fala húsið og hafi það verið Þórður Eiríksson. Þá hafi málin verið komin á það stig, að stefnda hafi verið búin að fá húsið í sinn hlut og hafi þurft að eignast íbúð og verið farin að leita og Fasteignasölunni Hátúni 4 A hafi verið falið að selja húsið á móti íbúð, sem þar væri til sölu. Þangað hafi Þórður Eiríksson farið, og hafi hann væntanlega séð húsið auglýst til sölu í Morgunblaðinu 19. mars 1976 á vegum Fasteignasölunnar Hátúni 4 A á „tækifærisverði". Kaupsamningurinn hafi síðan verið gerður þar í fasteignasölunni 26. mars 1976 og hafi hann ekki verið skriflegur og hafi á þeim sama degi verið gengið frá kaupum stefndu á íbúð í Háaleitisbraut, sem til sölu var þar í fasteignasölunni. Ljóst sé af þessu og af frásögn sölumanns stefnanda, að afstaða sölumannsins hafi verið óljós og sérkennileg að því leyti, að hann hafi sent væntanlega kaupendur beint til Elíasar til umræðna í stað þess að taka sjálfur við tilboðum þeirra og bera þau sjálfur undir seljandann, eins og venja sé í fasteignasölu.

Niðurstaða.

Stefnanda hefur ekki tekist að sanna í máli þessu, að forsvarsmanni hans, Kristni Nils Þórhallssyni, hafi verið veitt fullt umboð til þess að selja húseign stefndu nr. 13 við Álmholt í Mosfellssveit. Hins vegar er í ljós leitt, að faðir stefndu, Elías Kristjánsson, og Kristinn Nils hafi rætt um væntanlega sölu á húsinu og að faðir stefndu, sem alfarið hafði með söluna að gera fyrir hönd dóttur sinnar, hafi afhent Kristni Nils teikningar af því og lykla. Stefnandi auglýsti húsið til sölu frá því í desember 1975 og fram í febrúar 1976 og sendi væntanlega kaupendur til Elíasar til viðræðna, þar á meðal kaupandann Þórð Eiríksson. Elíasi mátti því vera ljóst, að stefnandi auglýsti húsið til sölu. Þegar svo stóð á, bar Elíasi að gera forsvarsmanni stefnanda ljóst, að hann hefði ekki umboð til þess að

selja húsið, ef það var vilji hans. Gegn andmælum forsvarsmanns stefnanda hefur af stefndu hálfu ekki verið sannað, að slík viljayfirlýsing hafi verið gefin. Samkvæmt framburði kaupandans, Þórðar Eiríkssonar, er í ljós leitt, að forsvarsmaður stefnanda kom á því sambandi með stefndu og kaupanda, sem leiddi til samninga. Með tilliti til þessa og með fordæmi hæstaréttardóms 9. febrúar 1949 þykir stefnandi eiga rétt til þóknunar úr hendi stefndu fyrir þessi störf sín, og telst hún hæfilega ákveðin 1% af söluverði hússins, eða kr. 52.500. Verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda fjárhæð þessa með vöxtum, eins og krafist er, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 75.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Betzy Elíasdóttir, greiði stefnanda, fasteignasölunni Húseignum og skipum, kr. 52.500 með 16% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til greiðsludags og kr. 75.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. apríl 1981.

Nr. 156/1977. **Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður f. h. Baltica-Skandinavia**
(Haraldur Blöndal hdl.)
gegn
Hafskipi h/f og
(Skarphéðinn Þórisson hdl.)
þrotabúi Guðmundar A. Guðmundssonar h/f
(enginn).

Farmsamningar. Farmskemmdir. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 12. s. m. Gerir hann svofelldar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjanda óskipt 83.580.45 danskar krónur með 9% ársvöxtum frá 15. júní 1974 til 14. júlí s. á., en 13% ársvöxtum frá 15. s. m. til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að stefndi Hafskip h/f verði einn dæmdur til að greiða þær fjárhæðir, sem greinir í aðalkröfu, ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

2. varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

3. varakrafa: Að vextir af dæmdri fjárhæð verði ákveðnir svo sem hér segir, ef fallist verði á varakröfur stefnda Hafskips h/f um, að skaðabætur úr hendi þessa stefnda til áfrýjanda verði tilteknar í íslenskum krónum: 16% ársvextir frá 21. nóvember 1977 til 20. febrúar 1978, 19% frá 21. s. m. til 31. maí 1979, 22% frá 1. júní s. á. til 13. s. m., en dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá 14. s. m. til greiðsludags.

Stefndi Hafskip h/f gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er stefnda Hafskip h/f varðar og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða áfrýjanda 4.000.00 íslenskar krónur (400.000 gkr.), en málskostnaður verði látinn falla niður.

2. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða áfrýjanda 9.875.98 íslenskar krónur (987.598 gkr.), en málskostnaður verði látinn falla niður.

Eftir áfrýjun héraðsdóms var bú stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 30. júní 1978. Hafði þá verið sótt dómþing fyrir Hæstarétti af hendi hlutafélagsins, en engar dómkröfur verið gerðar af þess hálfu. Eng-

inn hefur komið fyrir Hæstarétt af hendi þrotabúsins, sem komið hefur í stað hins stefnda hlutafélags sem varnaraðili hér fyrir dómi. Samkvæmt vottorði Ragnars Halldórs Hall, skiptaráðanda í Reykjavík, dags. 7. þ. m., er skiptum í þrotabúinu ekki lokið.

I.

Í aðalkröfu áfrýjanda felst krafa um staðfestingu héraðsdóms að því er varðar hið stefnda þrotabú. Með því að engir þeir gallar eru á hinni áfrýjuðu dómsathöfn, er standi staðfestingarkröfunni í vegi, ber að taka hana til greina.

Áfrýjun málsins gagnvart þessum stefnda var þarflaus. Verður hann því ekki dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

II.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, var um það munnlegur samningur milli stefnda Hafskips h/f annars vegar og Guðbjörns Guðjónssonar heildverslunar hins vegar, að Hafskip h/f, sem gerir út flutningaskip til reglubundinna flutningaferða, annaðist flutning á öllum fóðurvörum, sem fluttar væru til Íslands á vegum heildverslunarinnar frá Korn- og Foderstof Kompagniet A/S í Danmörku. Ekki er komið fram, hvenær samningur þessi var gerður, en þó mun hann hafa verið búinn að vera í gildi um nokkurt skeið, er vara sú var flutt, sem mál þetta fjallar um. Til síðastgreinds flutnings notaði stefndi Hafskip h/f m/s Ísborgu, sem Guðmundur A. Guðmundsson h/f átti og gerði út. Var þetta gert í skjóli munnlegs ferðbundins farmsamnings milli stefnda Hafskips h/f og skipseiganda. Er því ekki haldið fram, að stefnda Hafskipi h/f hafi verið óheimilt gagnvart Guðbirni Guðjónssyni heildverslun að nota m/s Ísborgu til farmflutningsins í umræddri ferð.

Í málinu er komin fram yfirlýsing Guðbjörns Guðjónssonar heildverslunar þess efnis, að um flutninga samkvæmt hinum almenna flutningasamningi hafi átt að gilda „hefðbundnir skilmálar um flutning á stykkja- og sekkjavörum, þ. e. ákveðið gjald greitt af hverju tonni vöru“.

Um fóðurkorn það, sem flutt var með m/s Ísborgu, voru gefin út mörg farmskírteini. Þau voru öll rituð á svonefnd Conlinebill-eyðublöð. Voru þau auðkennd stefnda Hafskipi h/f á áberandi hátt með nafni félagsins, prentuðu stóru letri, svo og með fána þess, en útgerð m/s Ísborgar var ekki greind í þeim. Farmskírteinin voru undirrituð af umboðsmanni stefnda Hafskips h/f í Kaupmannahöfn fyrir hönd skipstjóra (for the Master). Þau voru öll stíluð „að tilvísun" (consigned to order of -order-), en tilgreindir voru í þeim þeir aðiljar, sem tilkynna bar um farm (notify address), ýmist Guðbjörn Guðjónsson heildverslun, viðsemjandi stefnda Hafskips h/f, eða aðrir. Voru þetta kaupendur fóðurkornsins, er skipið flutti, samkvæmt þeim vörureikningum, er lagðir hafa verið fram í málinu.

Samkvæmt farmskírteinum átti farmurinn að fara til Vopnafjarðar og fleiri hafna austanlands, til Reykjavíkur og til Breiðafjarðar (Breiðafjarðarhafna). M/s Ísborg tók fyrst höfn á Vopnafirði 27. nóvember 1973. Við affermingu þar og síðar í Reykjavík reyndist hluti farmsins skemmdur af sjóbleytu.

Öll farmskírteinin höfðu að geyma svonefndan Paramount-skildaga, og er enginn ágreiningur um það, að um fébótaábyrgð vegna farmskemmdanna eigi að fara eftir Haag-reglunum, svo sem nánar segir í skildaganum.

Samkomulag er með aðiljum um það, að við úrlausn málsins skuli litið svo á, að allt það fóðurkorn, sem skemmdist eða glataðist í flutningunum með m/s Ísborgu, skuli talið hafa verið úr þeim hluta farmsins, er samkvæmt farmskírteinum og vörureikningum var ætlaður Guðbirni Guðjónssyni heildverslun. Er þetta skýrt með því, að heildverslunin hafi afhent öðrum viðtakendum óskemmt korn af sínum hluta farmsins, en síðan fengið greiddar til sín allar þær vátryggingarbætur, sem áfrýjandi innti af hendi. Þar sem málið er lagt fyrir dómstóla með framangreindum hætti, kemur ekki sérstaklega til álita, hvernig háttað hefði verið rétti annarra farmskírteinishafa en Guðbjörns Guðjónsson-

ar heildverslunar til að krefja stefnda Hafskip h/f bóta fyrir skemmdan farm eða glataðan.

Enn hafa aðiljar komið sér saman um það, svo sem greint er í héraðsdómi, að án tillits til þess, sem fram er komið í málinu um, hvernig farmurinn skemmdist eða fór forgörðum, skuli við það miðað, að helmingur þeirrar fjárhæðar, er áfrýjandi innti af hendi í tjónbætur, og ágreiningslaust er, að nemur stefnufjárhæðinni, hafi verið vegna farmskemmda, er rekja megi til þess, að sjór komst að farmi um lestarop, en hinn helmingurinn vegna skemmda af sjó, er komst í farmrými frá keðjukassa.

III.

Aðilja greinir á um það, hvort allar þær farmskemmdir, sem málið er risið af, hafi orðið af orsökum, sem farmflytjandi beri fébótaábyrgð á gagnvart farmeiganda. Jafnframt því og aðallega deila þeir þó um það, hver eða hverjir fébótaábyrgð þessa beri, ef henni verði talið til að dreifa. Verður fyrst að hinu fyrra vikið.

Skipstjóri og 1. stýrimaður m/s Ísborgar gátu sér þess til við sjóferðapróf, að sjór hefði komist í lestar skipsins um lestarop með þeim hætti, að umbúnaður um lestaropin hefði raskast við það, að skipið fékk á sig brotsjó í vondu veðri á leið til Íslands. Ekkert er þó komið fram, sem sérstaklega rennir stoðum undir þessa tilgátu. Hefur skipstjóri sjálfur sagt, að ekki hafi verið unnt að sjá, að segl, sem breidd voru yfir lestaropin, hafi gefið sig. Sérstakir skoðunarmenn samkvæmt 41. gr. siglingalaga nr. 66/1963 voru ekki tilkvaddir til að sjá lestarop opnuð á Vopnafirði og skipið affermt, svo að þeir gætu um þetta sagt. Á hinn bóginn segja matsmennirnir Jón B. Hafsteinsson og Gunnar Bjarnason í mats- og skoðunargerð sinni, að við skoðun 4. desember 1973 hafi hlífðarsegl verið heil, en gegnblaut, og stállúguhlerar yfir lestaropum ekki það þéttir, að þeir verji farminn, ef seglin verði gegnblaut. Samkvæmt þessu þykir ekki hafa verið sýnt fram á það af hálfu Hafskips h/f eða eiganda m/s Ísborgar, að sú vandvirkni hafi verið viðhöfð

um umbúnað lestaropa, sem nauðsynleg var vegna þeirra veðra og ágjafar, sem viðbúið var, að skipið, sem var 615 rúmlestir brúttó að stærð, fengi á sig á siglingu til Íslands á þessum tíma árs. Ber því farmflytjandi ábyrgð á farmskemmdum, sem stöfuðu af því, að sjór komst í farminn um lestarop, sbr. 1. tl. 4. gr. og 1. tl. 3. gr. Haagreglnanna, sbr. enn fremur 99. gr. siglingalaga.

Það var að vísu eðlilegt, að ekki væri lokað akkerisrennu („klussi") á m/s Ísborgu, fyrr en skipið var komið út af hafnarsvæði. Hins vegar var skylt að gæta þess, áður en ferð var hafin, að lok á keðjukassa væri þétt. Að öðrum kosti átti sjór, sem fyrir óhöpp eða af öðrum ástæðum kynni að komast í kassann á leiðinni, greiða leið út í farmrými skipsins, svo sem raun varð á. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu stefndu, að athugað hafi verið af tilhlýðilegri vandvirkni, áður en látið var úr höfn, hvort festingar á keðjukassahleranum væru tryggilega hertar. Bendir raunar framburður 1. stýrimanns til hins gagnstæða, en hann taldi festingar aðeins vera tvær, en ekki fjórar, eins og lýst er í skoðunargerð. Samkvæmt þessu verður að telja, að farmeigandi eigi rétt til bóta fyrir tjón á farmi, sem hlaust af hinum ófullnægjandi frágangi á keðjukassahleranum við upphaf ferðarinnar, eftir sömu reglum og greint var um farmskemmdir vegna umbúnaðar lestaropa.

IV.

Í öðru lagi og aðallega byggir stefndi Hafskip h/f sýknukröfu sína á því, að í umræddri ferð hafi Guðmundur A. Guðmundsson h/f verið farmflytjandi og borið einn ábyrgð á þeim farmskemmdum, sem urðu í skipinu. Farmskírteinin, sem gefin voru út fyrir hönd skipstjórans, hafi eingöngu skuldbundið útgerð skipsins og eftir útgáfu þeirra hafi stefndi Hafskip h/f enga ábyrgð borið á meðferð farmsins.

Það leiddi af hinum almenna samningi stefnda Hafskips h/f og Guðbjörns Guðjónssonar heildverslunar um fóðurvöruflutninga, að félaginu bar að varðveita og annast tilhlýðilega þá vöru, sem það tók að sér að flytja.

Stefndi Hafskip h/f mátti að vísu láta flytja vörur, sem samkomulagið tók til, með skipum annarra aðilja. Sú heimild virðist alfarið hafa verið í þágu stefnda Hafskips h/f sjálfs, ef svo bæri undir, að hann skorti farmrými í eigin skipum til flutninganna. Viðsemjandi hans, Guðbjörn Guðjónsson heildverslun, réð því ekki, er svo stóð á, hvaða skip væru notuð til flutninganna. Heimildin gat því orðið heildverslueinni sem farmeiganda til réttarspjalla, bæði fjártjóns og óhagræðis, svo sem af því að þurfa að sækja fébótakröfur á öðru varnarþingi, ef félagið hefði getað með þessum hætti fært skyldur sínar yfir á annan aðilja. Varð stefndi Hafskip h/f því að láta það koma skýrt fram af sinni hendi, ef hann vildi eiga rétt til þessa eftir samningnum.

Því er ekki haldið fram, að um síðastgreint atriði hafi verið rætt, þegar umræddur samningur um fóðurvöruflutninga var gerður. Af hendi Hafskips h/f hefur verið skírskotað til ákvæðis 17. gr. í hinum almennu skilmálum farmskírteinanna, sem gefin voru út um þann flutning, sem hér ræðir um, eða svonefnds „Identity of Carrier"-skildaga, en þar segir svo:

„The Contract evidenced by this Bill of Lading is between the Merchant and the Owner of the vessel named herein (or substitute) and it is therefore agreed that said Shipowner only shall be liable for any damage or loss due to any breach or non-performance of any obligation arising out of the contract of carriage, whether or not relating to the vessel's seaworthiness. If, despite the foregoing, it is adjudged that any other is the Carrier and/or bailee of the goods shipped hereunder, all limitations of, and exonerations from liability provided for by law or by this Bill of Lading shall be available to such other.

It is further understood and agreed that as the Line, Company or Agents who has executed this Bill of Lading for and on behalf of the Master is not a principal in the transaction, said Line, Company or Agents shall not be under any liability arising out of the contract of carriage, nor as Carrier nor bailee of the goods."

Ákvæði þetta horfir að því eftir orðum sínum að létta af stefnda Hafskipi h/f þeirri flutningaábyrgð, sem hann ella bar samkvæmt hinum almenna samningi um vöruflutninga. Það mundi því raska í grundvallaratriðum réttarstöðu þess samnings, ef því væri beitt. Ekkert er komið fram um, að þeim, er sömdu við stefnda Hafskip h/f vegna Guðbjörns Guðjónssonar heildverslunar, hafi sérstaklega verið kynnt ákvæðið við gerð þess samnings eða jafnvel að þeim hafi verið sýnd farmskírteiniseyðublöðin. Ákvæðið er í upphafi orðið til af öðrum ástæðum en hér er til að dreifa. Verður samkvæmt þessu ekki talið, að stefndi Hafskip h/f geti borið fyrir sig ákvæði þetta, eins og hér stendur á.

Eftir að hinn almenni samningur um vöruflutninga kom til framkvæmda, virðast farmskírteini jafnan hafa verið gefin út á hin sérstaklega auðkenndu eyðublöð stefnda Hafskips h/f sjálfs, hvort sem varan var flutt með skipi félagsins eða annars aðilja. Var svo um þá vöru, sem hér um ræðir. Gáfu farmskírteinin að því leyti Guðbirni Guðjónssyni heildverslun ekki ástæðu til að ætla annað en að við stefnda Hafskip h/f væri að eiga um þá flutninga jafnt sem aðra.

Af hendi stefnda Hafskips h/f er því ekki haldið fram, að til sé að dreifa ákvæðum í lögum, sem sérstaklega mæli fyrir um, að skipseigandi skuli einn svara bótum fyrir farmskemmdir, þegar svo stendur á sem í máli þessu. Hann hefur hins vegar bent á nokkra dóma Hæstaréttar Noregs og Svíþjóðar um, að einungis útgerð skips sé ábyrg gagnvart farmskírteinishafa, þegar vara er flutt samkvæmt bakfarmsamningi. Vegna breytinga, sem síðar hafa verið gerðar á siglingalögum í þessum löndum, þykja sjónarmið um samræmi í lögskýringu ekki skipta hér máli á þann veg, að sýknukröfur stefnda Hafskips h/f verði teknar til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að stefndi Hafskip h/f beri fébótaábyrgð á þeim farmskemmdum, er mál þetta fjallar um.

V.

Ágreiningslaust er, að tjón Guðbjörns Guðjónssonar heildverslunar vegna skemmda á farmi m/s Ísborgar nam 987.598 ísl. krónum (gkr.), svo sem matsmennirnir Jón B. Hafsteinsson og Gunnar Bjarnason mátu. Er áfrýjandi, sem er danskt vátryggingarfélag, bætti umrætt tjón, eignaðist hann fyrrgreinda fébótakröfu heildverslunarinnar á hendur stefnda Hafskipi h/f, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Vátryggingarbætur þær, sem áfrýjandi greiddi vegna farmskemmdanna, námu 83.580.45 dönskum krónum, en það var jafnvirði matsfjárhæðarinnar. Hefur sú fjárhæð engum andmælum sætt tölulega. Mótmæli gegn því, að krafa áfrýjanda var gerð í dönskum krónum, voru fyrst höfð uppi fyrir Hæstarétti. Er ekki skilyrði til að sinna þeim samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt þessu og þar sem því hefur ekki verið sérstaklega andmælt, að vextir verði reiknaðir frá þeim tíma, sem krafist er, verður aðalkrafa áfrýjanda tekin til greina og stefndi Hafskip h/f dæmdur til að greiða framangreinda fjárhæð óskipt með þrotabúi Guðmundar A. Guðmundssonar h/f, sbr. I hér að framan, en ákvæði 25. gr. laga nr. 20/1954 um lækkun fébóta, sem stefndi Hafskip h/f hefur skírskotað til, eiga ekki við um kröfur áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda Hafskip h/f til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Málskostnaður í héraði þykir hafa verið hæfilega ákveðinn í hinum áfrýjaða dómi. Ber stefnda Hafskipi h/f að greiða þann málskostnað óskipt með stefnda þrotabúi Guðmundar A. Guðmundssonar h/f með þeirri breytingu, sem leiðir af gjaldmiðilsbreytingu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti ákveðst 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar stefnda þrotabú Guðmundar A. Guðmundssonar h/f, þó þannig, að dæmdur málskostnaður verður

5.400.00 nýkrónur. Málskostnaður fyrir Hæstarétti gagnvart þessum stefnda fellur niður.

Stefndi Hafskip h/f greiði áfrýjanda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Baltica-Skandinavia, 83.540.45 danskar krónur með 9% ársvöxtum frá 15. júní 1974 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 5.400.00 krónur í málskostnað í héraði og 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fjárhæðir þessar, aðrar en málskostnað fyrir Hæstarétti, greiði stefndu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 18. febrúar 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 27. janúar sl., höfðaði Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður, Lækjargötu 2, Reykjavík, f. h. Vátryggingarfélagsins Baltica-Skandinavia, Kongens Nytorv, Kaupmannahöfn, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur gegn Hafskipi h/f, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, og hlutafélaginu Guðmundi A. Guðmundssyni, Fögrubrekku 45, Kópavogi, til greiðslu in solidum á dönskum krónum 83.580.45 og íslenskum krónum 141.657 með 9% vöxtum frá 15. júní 1974 til 15. júlí 1974 og 13% vöxtum frá 15. júlí til greiðsludags svo og til greiðslu á málskostnaði að skaðlausu skv. mati dómsins.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá dómkröfu aðallega, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða stefnanda danskar kr. 83.580.45 og íslenskar kr. 141.657 með 9% ársvöxtum frá 15. júní 1974 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins. Til vara gerði stefnandi þá dómkröfu, að annar hvor hinna stefndu yrði dæmdur til að greiða ofangreindar fjárhæðir ásamt málskostnaði.

Stefndi Nafskip h/f gerði þær dómkröfur að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi yrði dæmdur til þess að greiða honum hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Til vara krefst stefndi Hafskip h/f þess, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð.

Stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f gerði þær dómkröfur aðallega að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að stefnufjárhæðirnar verði verulega lækkaðar. Í báðum tilfellum er gerð krafa um málskostnað að mati réttarins.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar hefur flutt inn fóðurvörur frá Korn- og Foderstof Kompagniet A/S í Danmörku. Hafskip h/f hefur séð um flutning á þessum fóðurvörum. Flutningar þessir munu almennt hafa farið fram með skipum Hafskips h/f, en komið hefur fyrir, að Hafskip h/f hafi leigt önnur skip til flutninganna vegna anna sinna eigin skipa. Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar mun hafa fengið að vita um nafn skips við lestun og þá um leið átt að sjá, ef um leiguskip hefur verið að ræða.

M/s Ísborg er eign stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f. Í nóvember 1973 munu Hafskip h/f og Guðmundur A. Guðmundsson h/f hafa haft með sér ferðbundinn farmsamning um skipið Ísborgu, um þann samning giltu ákvæði Genconfarmsamnings. Í skjóli þessa samnings tók Hafskip h/f að sér að flytja fóðurvörur fyrir Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar frá Danmörku til Íslands. Farmskírteini voru gefin út í Kaupmannahöfn 19. nóv. 1973. Farmskírteinin voru á eyðublöðum Hafskips h/f og merkt Hafskipi h/f, skipið er tilgreint Ísborg. Ísborgin mun hafa siglt frá Kaupmannahöfn 20. nóv. 1973 og komið til Vopnafjarðar 27. nóvember 1973. Til Reykjavíkur mun skipið hafa komið 30. nóv. 1973.

Samkvæmt leiðarbókarútdrætti skipsins hreppti skipið nokkuð vont veður á leiðinni til Íslands, þetta frá 7 til 10 vindstig. 25. nóv. 1973 virðist veðrið hafa verið verst, þá reið brotsjór yfir stjórnborðsdekk og öldustokk og lenti á yfirbyggingu og braut gler í kýrauga á íbúð skipstjóra, enn fremur losnaði hleri í lensporti aftast bakborðsmegin og hvarf í hafið. Sjór gekk yfir þilfar og lúgur. Í útdrætti 26. nóv. kemur fram, að hleri í lensporti no. 4 stjórnborðsmegin hafi losnað og týnst. Í útdrætti frá 27. nóv. kemur fram, að þegar farið var fram í stafngeymslu, hafi komið í ljós, að töluverður sjór hafði komist þangað, enn fremur

sé greinilegt, að hann hafi komist þaðan og niður í lestarrými no. I og í farminn. Enn fremur að keðjukassinn hafi fyllst af sjó og runnið úr honum í farminn, afleiðing þess, að steypan úr bakborðsakkerisklussa hafi brotnað úr. Kl. 2055 þann dag lagðist m/s Ísborg að bryggju á Vopnafirði.

Á Austfjörðum mun hafa verið skipað upp 3370 sekkjum, og í Reykjavík mun hafa verið umskipað í m/s Baldur 2770 sekkjum. Í Reykjavík mun hafa verið upp skipað 5720 sekkjum. Ekki virðist hafa verið tilkvaddir skoðunarmenn til þess að meta skemmdir á farminum við komuna til Vopnafjarðar, ekki heldur til að athuga umbúnað á lestarlúgum. Við uppskipun í Reykjavík var ljóst, að bleyta hafði komist í allverulegt magn mjölsins, og voru að beiðni umboðsmanns stefnanda dómkvaddir matsmenn til þess að meta tjónið og láta uppi álit sitt um orsakir þess.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kom í ljós við fyrstu skoðun, að 762 sekkir voru blautir, rifnir og glataðir. Við lauslega athugun matsmanna voru sýnilegar nokkrar skemmdir af bleytu í allmörgum sekkjum í ca 200 stæðum, er matsmenn töldu, að gæti orðið allt að 500 sekkjum. Við framhaldsathugun reyndust sekkirnir vera 480.

Um orsök skemmdanna segir svo í matsgerðinni:

„Við athugun á orsökum skemmdanna, sem urðu á farmi skipsins, kom fram í viðræðum við fulltrúa Hafskips h.f., sem sá um uppskipun á farminum, hr. Bjarna Ásgeirsson, að mestur sjór hefði verið í fremri lest og hefðu skemmdir aðallega verið í neðstu lögum farmsins. Einnig höfðu efstu lög farmsins í báðum lestum verið blaut og hefði augljóslega lekið í gegnum hlífðarsegl á milli stállúguhlera. Samkvæmt upplýsingum skipstjóra skipsins hafði sjór einnig komist í fremri lestina um lúguhlera á keðjukassa. Við athugun á hlífðarseglum kom fram, að þau voru heil, en gegnblaut. Stállúguhlerar skipsins eru ekki það þéttir, að þeir verji farminn, ef segl verða gegnumblaut.

Við skoðun á keðjukassa skipsins kom í ljós, að hann hafði fyllst af sjó við það, að steypa, sem lokað hafði keðjuröri bakborðskeðju frá bakkadekki í keðjukassa, hafði brotnað. Lúga í keðjukassa er staðsett efst á kassanum fremst í fremri lestinni. Lúguhlerinn hefur ekki verið nægilega þéttur og sjór því runnið um hann í lestina. Áðurgreindur hleri er á lömum, og unnt er að bolta hann niður með fjórum boltum, tveimur að framan og tveimur að aftan (lamarmegin), sjá meðfylgjandi

ljósmyndir. Við athugun á boltum lúguhlerans virtust boltarnir að aftanverðu ekki hafa verið notaðir nýlega."

Hinn 4. desember 1973 fór fram sjópróf í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur að beiðni vátryggjenda farmsins vegna tjóns þess, sem mál þetta er af risið. Í sjóprófi þessu lýsti skipstjóri m/s Ísborgar því, hvernig gengið hefði verið frá akkerisklussi. Hann sagði frágangin hafa verið þann, að strigapoka hefði verið troðið vel með keðjunni og skilið eftir um 10 cm bil fyrir ofan strigapokann og það fyllt með steypu, sem gerð sé úr portlandssementi og sóda, en sódinn sé notaður til þess að flýta fyrir hörðnun steypunnar og til þess að gera hana sterkari. Stýrimaður m/s Ísborgar lýsti frágangi á akkerisklussi á sama hátt og skipstjóri. Skipstjórinn sagði, að lúgan á keðjukassanum hefði losnað af eða tessurnar, þ. e. tessar eða festingar, hafi losnað af. Festingar lúgunnar séu þannig, að þar séu eyru, sem boltar skrúfist upp á og pressi þau niður. Lúgan sé ferköntuð og á henni séu fjögur eyru. Fyrsti stýrimaðurinn sagðist hafa fylgst með lokun á keðjukassa. Á lokinu séu tveir tessar fremst á lúgunni og hafi þeir verið hertir. Aftan á lúgunni séu lamir.

Skipstjórinn sagði, að gengið hefði verið frá lestarlúgum skipsins á venjulegan máta og notuð þrjú segl á hverja lestarlúgu. Seglin hafi verið í góðu lagi. Skipstjórinn sagði, að veður hefði verið mjög slæmt á leiðinni og einmitt þarna, sem lekinn kom fram, aftast stjórnborðsmegin, hafi komið brot og á yfirbygginguna að framan og þá gæti hugsast, að seglið hafi gefið sig eða kannski losnað úr járnum, en skipstjórinn kvaðst ekki hafa getað séð, að það hefði samt sem áður getað átt sér stað. Það gæti verið ástæðan fyrir því, að þarna fór að leka. Fyrsti stýrimaðurinn sagði, að gengið hefði verið frá lestarlúgum á venjulegan hátt, notuð hafi verið þrjú segl og lúgufleygar.

Fóðurmjölsfarmurinn var vátryggður hjá hinu danska vátryggingarfélagi Absalon-Skandinavia, en það félag mun síðar hafa sameinast félaginu Baltica, og heitir núverandi félag Baltica-Skandinavia. Það félag mun hafa gert upp tjónið við Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar og heildargreiðslan numið stefnukröfu máls þessa. Stefnandi hefur fengið framseldar allar kröfur á hendur farmflytjendum. Samkvæmt tryggingarskírteininu á dskj. nr. 62 nam magnið 593 tonnum, eða 11860 sekkjum. Vátryggingarfjárhæð var danskar kr. 744.000.00.

III.

Um rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna. Stefnandi telur ljóst, að eins og orsökum skemmdanna sé lýst í matsgerðinni, sé enginn vafi á því, að stefndu beri ábyrgð á tjóninu sem farmflytjendur skv. 99. gr. siglingalaga nr. 66 frá 1963.

Í greinargerð stefnanda er því haldið fram, að farmurinn hafi verið vátryggður hjá stefnanda, sbr. dskj. nr. 40, og hafi félagið greitt tjónið, sem samtals hafi numið stefnufjárhæðinni. Tryggingin hafi verið í dönskum krónum og tjónið bætt með dönskum krónum og sé því stefnt til greiðslu í þeirri mynt. Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar, kaupandi mjölsins, hafi framselt vátryggjendum kröfur sínar á hendur hinum stefndu, en auk þess er vitnað til 25. gr., 1. mgr., laga nr. 20 frá 1954.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að ekki verði séð, að gerðar hafi verið ráðstafanir á Austfjörðum til þess að varna tjóni. Stefndi Hafskip h/f hafi ekki tilkvatt skoðunarmenn, þegar skipið kom til Reykjavíkur. Það hafi verið stefnandi, sem lét dómkveðja matsmenn, en þá hafi verið búið að skipa upp öllum farminum. Tjón hafi orðið í efri lögum í báðum lestum og neðst í fremri lest. Höfuðskylda farmflytjanda sé að sjá til þess, að skip sé haffært.

Á dskj. nr. 63 megi sjá samkomulag Hafskips h/f og Heildverslunar Guðbjörns Guðjónssonar. 2. gr. farmskírteinisforms Hafskips h/f gefi til kynna, að Haagreglurnar gildi um flutningana. Þær séu undantekningar frá 99. gr. siglingalaganna. Í 1. gr. Haagreglnanna komi fram, hver skuli teljast farmflytjandi. Samkvæmt hinum framlögðu farmskírteinum sé Hafskip h/f farmflytjandi, enda hafi Hafskip h/f viðurkennt það á dskj. nr. 56. Hafskip h/f beri alla ábyrgð sem farmflytjandi og sé því ábyrgur gagnvart stefnanda.

Stefnda Guðmundi A. Guðmundssyni h/f sé stefnt vegna 17. gr. farmskírteinanna. Stefnandi sé óbundinn af þessu ákvæði, sem vísi til amerísks réttar. Samkomulag Hafskips h/f og Guðbjörns Guðjónssonar heimili ekki slíkar undanþágur. Í norrænum siglingalögum sé skýrt kveðið á um solidariska ábyrgð. Þar sem aðiljar hafi samið um Haagreglur, gildi öll ákvæði Haagreglna, líka 8. tl. 3. gr. Ábyrgð stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar byggist á 8. gr. siglingalaganna og 4. gr., 1. tl., Haagreglnanna. Fram sé komið, að umbúnaður á akkerisklussi og keðjukassaloki hafi verið óforsvaranlegur, sbr. greinargerð

stefnda Hafskips h/f á dskj. nr. 56 svo og matsgerð á dskj. nr. 42, bls. 2, sbr. einnig framburð matsmannsins Jóns B. Hafsteinssonar og framburð stýrimanns Ísborgar í sjóprófi. Hásetinn, sem gekk frá loki á keðjukassa, hafi ekki mætt við sjópróf, það sé á ábyrgð stefnda Hafskips h/f. Stefndi Hafskip h/f beri ábyrgð á því, að ekki voru gerðar ráðstafanir til björgunar farmi, þegar komið var til Austfjarða, sbr. 2. tl. 3. gr. Haagreglna.

Orsök leka um lestarop sé ekki nægilega kunn, það sé á ábyrgð farmflytjanda, stefnda Hafskips h/f. Veður á leiðinni hafi ekkert verið verra en búast mátti við á þessum árstíma á þessari leið. Ekki hafi verið sýnt fram á, að brotsjórinn hafi orsakað leka um lestarlúgur, a. m. k. ekki allan þann leka, sem varð, sbr. bls. 15, dskj. nr. 3, svo og bls. 4 á sama dskj. Skipið hafi verið ósjófært að því er varðar báða þætti tjónsins.

Að því er varðar fjárhæð tjónsins var tekið fram af hálfu stefnanda við munnlegan málflutning, að fjárhæðin væri byggð á matsgerð og viðbótarmatsgerð og hafi stefnandi greitt danskar kr. 83.580.45. Ekki sé tilefni til að beita lækkunarheimild 25. gr. vátryggingarlaga, þar sem siglingalögin sjái fyrir því, að ábyrgð verði ekki of þung, sbr. 205. gr.

Af háfu stefnda Hafskips h/f eru kröfur rökstuddar með því, að í sjóprófi, sem haldið var 4. des. 1973 vegna umræddS tjóns, komi fram, að skipið hafi orðið fyrir ákaflega vondu veðri á leið sinni frá Danmörku til Íslands. Harry Steinsson skipstjóri lýsi því svo, að veðrið hafi verið mjög slæmt og skipið hafi fengið brot á sig aftast stjórnborðsmegin, og telji hann einmitt sennilegt, að þá hafi sjór komist niður í lestina á þeim stað. Seglin, sem notuð hafi verið, hafi verið tiltölulega ný og í góðu lagi, en þetta brot, sem skipið hafi fengið, virðist þau ekki hafa staðist. Undir seglum þessum hafi verið stálhlerar, sem hafi fallið þétt hver að öðrum eftir því sem slíkir hlerar geti gert, enda þótt þeir einir geti ekki haldið úti vatni, þegar brot kemur á seglin. Brot þetta hafi verið svo mikið, að það hafi brotið glugga í herbergi skipstjóra, og megi gera ráð fyrir, að það hafi valdið leka þeim, sem varð á lestarlúgunum. Stefndi Hafskip h/f beri ekki ábyrgð á tjóni, sem verði af slíkum ástæðum, og sé því krafist sýknu af kröfu um bætur á tjóni á þeim hluta farmsins, sem var ofarlega og aftarlega í lestinni. Þurfi að fá sundurliðun á tjóninu, þannig að sjáist, hve mikið af tjóninu sé til orðið vegna leka með lestarhlerum og hve mikið með öðrum hætti.

Viðurkennt er, að sjór hafi komist í skipið að framan með

þeim hætti, að steypa, sem sett hafði verið í bakborðsakkeriskluss, hafi brotnað úr og sjór komist þar inn niður í keðjukassann og úr honum um óþétta lúgu í farmrými skipsins.

Farmsamningur sá, sem gerður var milli aðilja, felist í farmskírteinum, sem lögð hafi verið fram í málinu, og fjalli þau um flutning með m/s Ísborgu. Enda þótt stefndi Hafskip h/f hafi tekið að sér flutninginn, hafi farmsendara mátt vera ljóst, að um leiguskip stefnda var að ræða, og verði því að skilja milli ábyrgðar farmflytjanda, Hafskips h/f, annars vegar og eigenda ábyrgðar, stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f hins vegar.

Í ljós komi af skjölum málsins, að ekki hafi verið gengið frá lokun á umræddu klussi í upphafi ferðarinnar, og orki því tvímælis, hvort skipið hafi þá verið haffært. Verði litið svo á, sé ábyrgðin vafalaust eigenda skipsins, meðstefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f. Í annan stað orki tvímælis, hvort aðgerðir þær, sem framkvæmdar hafi verið, hafi verið forsvaranlegar miðað við siglingu yfir Atlantshaf á þessum tíma árs. Sé vafasamt, að skipið hafi því verið haffært þrátt fyrir þessar aðgerðir. Verði litið svo á, að það hafi ekki verið, beri eigendur ábyrgð á því, en ekki stefndi Hafskip h/f. Af þessum sökum er mótmælt ábyrgð stefnda Hafskips h/f á tjóni því, sem varð á farmi frammi í skipinu vegna leka um margnefnt kluss.

Varakrafa stefnda Hafskips h/f um verulega lækkun bóta er byggð á eftirfarandi:

Stefnandi telji sig hafa tryggt umræddan farm, sem skemmdist í farmtryggingu, og með því að bæta tryggða tjón hans, hafi hann skv. 25. gr. laga nr. 20 frá 1954 um vátryggingarsamninga öðlast þann rétt, sem farmeigandi, Guðbjörn Guðjónsson, kunni að hafa átt á hendur stefnda Hafskipi h/f. Í sömu grein segi, að ef ábyrgð þriðja manns, þ. e. a. s. stefnda Hafskips h/f, sé eingöngu byggð á reglum um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna hans, megi lækka skaðabótaábyrgð hans eða fella hana niður eftir atvikum. Atvik þessa máls séu á þann veg, að lækkunar- og niðurfellingarákvæði þetta virðist eiga við, og sé því krafist lækkunar af þeim sökum.

Í öðru lagi er þess krafist, að bætur til stefnda verði aldrei hærri en sem nemi takmörkum þeim, sem um geti í 206. gr. laga nr. 63 frá 1966, þ. e. a. s. 1.000 frönkum fyrir hverja rúmlest, eins og þar sé greint, og frá þeim bótum verði síðan beitt frádrætti eða niðurfellingu skv. 25. gr. laga nr. 20 frá 1954.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að farm-

skírteinin sýni, að móttakendur séu margir og mismunandi. Ekkert sé fram komið um, að móttakendur hafi gert kröfur. Ekkert sé fram komið um greiðslur frá Könnun h/f til farmeigenda.

Stefnandi byggi kröfur sínar á 99. gr. siglingalaga, en skilyrði fyrir ábyrgð samkvæmt þeirri grein sé, að um sök sé að ræða. 99. gr. siglingalaga eigi ekki við um mál þetta. Hér verði að byggja á farmskírteinum á dskj. nr. 4—39, sbr. og 52. gr. siglingalaga. Samkvæmt 2. gr. farmskírteinisákvæða gildi Haagreglurnar hér. Leki í gegnum lestarlúgur hafi orðið vegna aftakaveðurs. Þess vegna beri að sýkna Hafskip h/f skv. ákvæðum Haagreglnanna, 4. tl. 4. gr. Líkur bendi til, að veður hafi líka orsakað leka um lok á keðjukassa, þarna hafi verið venjulegur umbúnaður á akkerisklussi. Ef C og D liður 4. gr. Haagreglnanna sé ekki talinn eiga við hér, þá eigi hér við 2. tl. a 4. gr. Haagreglnanna. Hér sé um að ræða meðferð skips, en ekki farms.

Stefndi Hafskip h/f og stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f séu sammála um, að um samninga þeirra hafi gilt ákvæði Genconsamninga. Samkvæmt Genconsamningum beri skipseigandi ábyrgð á haffæri skips. Dskj. nr. 60 sanni ekkert um, að lúgubúnaður skipsins hafi verið í lagi.

Varðandi varakröfur stefnda Hafskips h/f um lækkun stefnukröfu var við munnlegan málflutning fjárhæð kröfunnar um danskar kr. 83.580.45 mótmælt sem ósannaðri svo og kröfunni um íslenskar kr. 141.657. Skjöl þau, sem lögð hafi verið fram af hálfu stefnanda við munnlegan málflutning, séu allt of seint fram komin. Það eina, sem stefnandi hafi sannað, sé það, sem fram komi í matsgerð og viðbótarmatsgerð.

Af hálfu stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f er því haldið fram, að hann hafi leigt stefnda Hafskipi h/f m/s Ísborgu til þeirrar ferðar, sem málið er af risið. Um þá leigu hafi gilt ákvæði Genconfarmsamnings, en farmsamningur hafi ekki verið gerður.

Sýknukrafa er í fyrsta lagi rökstudd með því, að stefndi Hafskip h/f sé farmflytjandi hins skemmda farms gagnvart stefnanda og beri því Hafskip h/f alla hugsanlega skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda, er byggist á 99. gr. siglingalaga. Stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f hafi engin viðskipti átt við stefnanda eða Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar h/f og þar af leiðandi beri að sýkna stefnda Guðmund A. Guðmundsson h/f. Í öðru lagi er sýknukrafan rökstudd með því, að ekki sé hægt

að rekja það tjón, er varð, að neinu leyti til sakar hjá stefnda Guðmundi A. Guðmundssyni h/f eða manna hans. Í þessu sambandi er bent á 2. gr. dskj. nr. 58, en þar sé stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f undanþeginn allri bótaábyrgð, nema því aðeins að um sök hans eða starfsmanna hans sé að ræða. Svo hafi ekki verið. Þvert á móti er því haldið fram, að skipið hafi í alla staði verið „sjóklárt", þegar það lagði frá Kaupmannahöfn til Íslands, en það hafi hreppt aftakaveður og því hafi farið sem fór. En með því að skipið hafi verið „sjóklárt", er það fór frá Kaupmannahöfn, hafi stefndi Guðmundur A. Guðmundsson verið búinn að gera allt, er honum bar skylda til, og sé hann því sýkn saka.

Um rökstuðning fyrir varakröfu er af hálfu stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f vísað til raka meðstefnda Hafskips h/f.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f, að Guðmundur A. Guðmundsson h/f sé enginn aðili að þessu máli. Þess vegna beri hann enga ábyrgð gagnvart stefnanda. Hugsanlegt sé, ef stefndi Hafskip verði talinn bera ábyrgð, þá geti stefndi Hafskip krafið stefnda Guðmund A. Guðmundsson h/f. Í því máli mundi gilda 2. gr. Genconsamningsins á dskj. nr. 58.

Ef talið sé réttlætanlegt að stefna Guðmundi A. Guðmundssyni vegna 17. gr. farmskírteinanna, þá hafi Guðmundur A. Guðmundsson allan sama rétt og farmflytjandi til að bera fyrir sig undanþáguákvæði farmskírteinanna. Í greinargerð stefnanda sé byggt á 99. gr. siglingalaganna. Stefndi Hafskip h/f telji 99. gr. siglingalaganna ekki eiga við hér og sé stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f sammála hans fullyrðingum um það. Samkvæmt dskj. nr. 61 hafi m/s Ísborg verið skoðuð og í fullum klassa 1973. Þá hafi útgerðarmaður skipsins gert allt, sem honum bar, til þess að gera skipið sjóklárt. Þar af leiðandi sé ekki hægt að fella neina ábyrgð á stefnda Guðmund A. Guðmundsson vegna þess, að skipið hafi ekki verið sjóklárt. Þess vegna beri að sýkna stefnda Guðmund A. Guðmundsson h/f.

Ef fella eigi bótaábyrgð á stefnda Guðmund A. Guðmundsson h/f, þá sé einungis hægt að leggja til grundvallar matsfjárhæð og þá eigi að beita lækkunarheimild 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20 frá 1954. Ekki sé hægt að leggja til grundvallar meint tjón á Austfjörðum. Kröfu um greiðslu á íslenskum kr. 141.657 sé ekki mótmælt sérstaklega, en ef til komi, þá falli þetta undir málskostnað.

IV.

Álit dómsins.

Aðild stefnanda að málinu er ekki vefengd.

Málsaðiljar eru sammála um að leggja til grundvallar, að helmingur tjóns þess, sem málið er af risið, hafi orðið vegna leka um lok á keðjukassa og helmingur um lestarlúgur.

Eins og að framan er rakið, gerðu stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f, eigandi m/s Ísborgar, og stefndi Hafskip h/f með sér ferðbundinn farmsamning um m/s Ísborgu. Þessir aðiljar eru sammála um, að um þennan farmsamning hafi gilt ákvæði Genconfarmsamnings. Hafskip h/f samdi við Guðbjörn Guðjónsson um flutning á fóðurvörum frá Danmörku til Íslands gegn greiðslu á ákveðnu gjaldi af hverju tonni vöru. Flutningar þessir munu almennt hafa farið fram með skipum Hafskips h/f, með nokkrum undantekningum þó, þar sem Hafskip h/f hefur þurft að leigja önnur skip til flutninganna. Í þeim tilfellum hafi gilt sömu skilmálar, en Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar mun hafa fengið að vita um nafn skips við lestun og þá um leið séð, ef um leiguskip var að ræða.

Á dskj. nr. 4—39 eru farmskírteini. Þau eru merkt Hafskipi h/f, útgefin í Kaupmannahöfn 19. nóv. 1973 til ýmissa nánar tilgreindra aðilja. Farmskírteinin bera það með sér, að umræddir flutningar fóru fram með m/s Ísborgu og að þau eru gefin út af umboðsmanni Hafskips h/f í Kaupmannahöfn, E. A. Bendix & Co. Ltd., „for the master". Ekki er ágreiningur um það, að fyrrnefndur umboðsmaður hafi bundið útgerð skipsins með þessum hætti.

Farmskírteinin eru grundvöllur réttarsambands stefnanda og eiganda m/s Ísborgar samkvæmt 17. gr. farmskírteinanna og þeim lagasjónarmiðum, sem hér eiga við. Eru þessir aðiljar enn fremur bundnir af ákvæðum farmskírteinanna, eins og málsatvikum er hér háttað, og veltur því ábyrgð stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f m. a. á skýringu á þeim ákvæðum. Hins vegar verður að telja, að ábyrgð Hafskips h/f hafi lokið í síðasta lagi, þegar flytjandi farmsins veitti honum viðtöku. Hefur stefnandi ekki fært fram næg rök að því, að þeir, sem hann leiðir rétt sinn af, hafi mátt ganga út frá því vegna útlits farmskírteinanna eða með öðrum hætti, að ábyrgð Hafskips h/f héldist þrátt fyrir flutning vörunnar með öðrum útgerðarmanni.

Í ákvæðum farmskírteinanna er að finna svonefnda „Paramount Clause". Gilda því hér Haagreglur í skiptum aðilja. Að

framan er orsökum þess tjóns lýst, sem varð vegna leka um lok keðjukassa skipsins. Gögn málsins benda fremur til þess, að ekki hafi verið nægjanlega tryggilega gengið frá þessum opum í upphafi ferðar skipsins. Af hálfu útgerðar skipsins hefur ekki verið sýnt fram á, að umrætt tjón eigi sér aðrar orsakir, sem hún ber ekki ábyrgð á. Ber því að fella ábyrgð á hana skv. 4. gr. Haagreglna frá 25. ágúst 1924 vegna þess tjóns, sem hér um ræðir.

Við komu skipsins til Austfjarða var ljóst, að tjón hafði orðið á farmi vegna leka um lestarlúgur skipsins. Þá létu yfirmenn skipsins ekki framkvæma lúguskoðun skv. 41. gr. laga nr. 66/1963, svo sem rétt hefði verið. Af þessu leiðir, að nú er ekki öldungis ljóst, hvað valdið hefur lekanum umrætt sinn. Hefur útgerðarmanni skipsins eigi tekist að sýna fram á, að tjónið hafi orðið fyrir mistök við stjórntök skipsins, váleg veður eða önnur atvik, sem getið er í 2. tl. 4. gr. áðurnefndra Haagreglna. Sérstaklega skal þess getið, að veður það, sem m. a. Ísborg hreppti á leið sinni hingað til lands, var ekki verra en við má búast á þessari leið og á þessum árstíma. Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber einnig að fella bótaábyrgð á stefnda Guðmund A. Guðmundsson h/f á því tjóni, sem hér um ræðir, sbr. 99. gr. laga nr. 63/1966.

Eins og að framan er rakið, var í greinargerð stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f um rökstuðning fyrir varakröfu um lækkun á stefnukröfum vísað til rökstuðnings stefnda Hafskips h/f um sama efni. Þar var vísað til 25. gr. laga nr. 20 frá 1954 svo og til 206. gr. laga nr. 63 frá 1966. Það er álit dómsins, að lækkunarheimild í 25. gr. laga nr. 20 frá 1954 eigi ekki við hér. Á dskj. nr. 60 kemur fram, að rúmlestatala m/s Ísborgar, sem leggja skal til grundvallar við takmörkun bótaskyldu útgerðarmanns skv. 206. gr. laga nr. 63 frá 1966, er 525.27 rúmlestir og hámark ábyrgðar því kr. 7.599.711, þannig að málsástæða stefndu um lækkun af þeim sökum kemur ekki til álita, enda var við fyrirtöku málsins 24. maí sl. bókað eftir lögmanni stefnda Hafskips h/f, að hann félli frá kröfu um lækkun af þessari ástæðu.

Það var ekki fyrr en við munnlegan málflutning, að fjárhæð dómkröfu stefnanda var vefengd tölulega. Verður að telja mótmæli þau of seint fram komin, enda hefur gagnasöfnun ekki beinst að þessu atriði.

Þegar litið er til dskj. nr. 42, 43, 53, 54, 55, 66 og 68, þykir

fjárhæð dómkröfu stefnanda nægilega rökstudd. Á dskj. nr. 64 kemur fram, að stefnandi hefur greitt eiganda farmsins, Guðbirni Guðjónssyni, danskar kr. 83.580.45. Fallast ber á það með lögmanni stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f, að krafa stefnanda um greiðslu á íslenskum kr. 141.657 falli undir málskostnað, og verður hún tekin þannig til greina.

Stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f greiði stefnanda kr. 540.000 í málskostnað, þar með eru taldar íslenskar kr. 141.657. Málskostnaður að því er varðar stefnda Hafskip h/f fellur niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Stefán Már Stefánsson lögfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi Hafskip h/f skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ágústs Fjeldsted hæstaréttarlögmanns f. h. Baltica-Skandinavia, í máli þessu. Málskostnaður að því er varðar stefnda Hafskip h/f fellur niður.

Stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f greiði stefnanda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Baltica-Skandinavia danskar kr. 83.580.45 með 9% ársvöxtum frá 15. júní 1974 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá 15. júlí 1974 til greiðsludags og kr. 540.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. apríl 1981.

Nr. 88/1981. **Véltak h/f**
gegn
Herði Ingólfssyni.

Kærumál. Beiðni um greiðslustöðvun synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. mars 1981 samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að greiðslustöðvunartímabilið verði stytt verulega. Þá krefst hann kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Lögmaður varnaraðilja, sem sent hefur Hæstarétti greinargerð, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar. Í greinargerðinni er að finna nýjar upplýsingar um efnahag varnaraðilja. Henni fylgdi skattframtal hans 1981.

Lögmaður varnaraðilja, Pétur Kjerúlf héraðsdómslögmaður, sendi beiðni um greiðslustöðvun til skiptaréttar Hafnarfjarðar 10. mars sl. Var þar m. a. sagt, að „helstu eignir" varnaraðilja væru um 790.000 krónur, en „helstu skuldir" um 265.000 krónur. Samkvæmt yfirliti í greinargerð lögmannsins til Hæstaréttar eru eignirnar 117.520.00 krónum hærri en sagði í greiðslustöðvunarbeiðninni og skuldirnar 72.334.46 krónum hærri en þar var greint. Ástæðan til beiðni varnaraðilja um greiðslustöðvun virðist hafa verið sú ein, að selja átti bifreið með lyftikrana, sem er eign hans, á nauðungaruppboði til lúkningar fjárnámskröfu sóknaraðilja. Ekki er að finna í gögnum málsins upplýsingar um, hversu há fjárnámskrafan er.

Varnaraðili hefur ekki fært að því rök, að hann eigi í verulegum fjárhagsörðugleikum, en greiðslustöðvun verður eigi heimiluð, nema um slíka örðugleika sé að ræða, sbr. 7. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Það athugast, að í beiðni lögmanns varnaraðilja, sem fyrr er nefnd og send var skiptarétti 10. mars sl., gætir verulegrar ónákvæmni um framtal eigna og skulda. Er þetta ámælisvert.

Eftir þessum málsúrslitum verður varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðilja 1.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Hörður Ingólfsson, greiði sóknaraðilja, Véltaki h/f, 1.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 11. mars 1981.

Með beiðni, dags. 10. mars sl., fer Hörður Ingólfsson, Hólabraut 7, Hafnarfirði, nafnnr. 4772-2895, þess á leit við skiptaráðandann í Hafnarfirði, að hann heimili sér greiðslustöðvun í 3 mánuði samkvæmt II. kafla gjaldþrotaskiptalaganna nr. 6 frá 1978 með þeim réttarverkunum, sem í 8. gr. nefndra laga segir.

Beiðandi kveður ástæðuna fyrir beiðni þessari vera þá, að hann eigi nú sem stendur í verulegum greiðsluerfiðleikum, m. a. á að selja nauðungaruppboði 15. þ. m. bifreið hans, G 13772, GMC ASTRO 95, ásamt vökvakrana, og öllu, sem henni fylgir, en bifreið þessi er atvinnutæki beiðanda. Beiðandi kveðst ekki eiga þess nokkurn kost að greiða uppboðskröfuna fyrir uppboðið og væri einsýnt, að nefnd bifreið yrði seld á nauðungaruppboði hinn 15. þ. m., nema kæmi til greiðslustöðvunar. Beiðandi kveður, að líklegt söluverð nefndrar bifreiðar, verði hún seld frjálsri sölu, sé nú um kr. 450.000.00, en á nauðungaruppboði gæti hann í hæsta lagi vænst þess að fá fyrir hana þriðjung þess verðs. Beiðandi kveðst nota greiðslustöðvunartímann til þess að leita eftir tilboðum og selja eitthvað af eignum sínum og fá þannig fé til þess að greiða gjaldfallnar skuldir. Beiðandi kveður þessar eignir sínar vera helstar:

Íbúð að Hólabraut 7, Hafnarfirði, staðgreiðsluverð	ca kr. 250.000.00
Bifreiðin G 13772 ásamt vökvakrana og dráttarvagni	— — 450.000.00
Bifreiðin G 7072	— — 90.000.00
Eignir samtals	ca kr. 790.000.00

Beiðandi kveður skuldir sínar helstar vera þessar:

Sparisjóður Reykjavíkur	kr. 20.000.00
Landsbanki Íslands	— 20.000.00
Samvinnubankinn	— 15.000.00

Véltak h/f	kr.	150.000.00
Búnaðarbankinn	ca —	5.000.00
Samvinnutryggingar	— —	5.000.00
Sparisjóður Hafnarfjarðar	— —	50.000.00
Samtals ca	kr.	265.000.00

Beiðandi hefur ráðið til sín Pétur Kjerúlf héraðsdómslögmann, Hafnarfirði, til þess að aðstoða sig við að koma nýrri skipan á fjármál sín á þann veg, er að ofan greinir.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að beiðandi á í verulegum fjárhagsörðugleikum. Bent hefur verið á ákveðnar hugmyndir, hvernig megi koma nýrri skipan á fjármál hans. Beiðandi hefur ráðið til sín lögmann til aðstoðar í því skyni. Þykir því rétt með vísan til 7. gr. laga nr. 6/1978 að kanna til fullnustu, hvort ekki megi koma nýrri skipan á fjármál beiðanda. Veitist því umbeðin greiðslustöðvun í 3 mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að telja með þeim réttarverkunum, er í 8. gr. laga nr. 6/1978 segir.

Úrskurð þennan kvað upp Gissur V. Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta.

Úrskurðarorð:

Herði Ingólfssyni, Hólabraut 7, Hafnarfirði, nafnnr. 4772-2895, er heimiluð greiðslustöðvun í allt að 3 mánuðum frá 11. mars 1981 að telja samkvæmt II. kafla gjaldþrotaskiptalaga nr. 6 frá 5. maí 1978.

Fimmtudaginn 30. apríl 1981.

Nr. 101/1981. **Hótel Esja h/f**
gegn
þrotabúi Baldurs E. Bjarnasonar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 7. apríl 1981, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og tekin verði til greina krafa sú um skuldajöfnuð, sem synjað var með úrskurði skiptaréttar. Enn fremur krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Lagaheimild skortir til kæru úrskurðar þessa, sbr. lög nr. 75/1973, 21. gr., 1. mgr., 2. tl. b. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 24. mars 1981.

I.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 16. mars sl., hefur sóknaraðili, Hótel Esja h/f, krafist skuldajafnaðar á kr. 15.640.35, sem eru í vörslum skiptaréttar Reykjavíkur vegna varnaraðilja, þrotabús Baldurs Elíasar Bjarnasonar, við kröfur sínar í búið, sem alls nema kr. 46.741.80. Af hálfu varnaraðilja hefur ekki verið haldið uppi vörnum í máli þessu, og hafa engar kröfur verið gerðar.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með úrskurði, uppkveðnum 21. apríl 1980, var bú Baldurs Elíasar Bjarnasonar, Sólheimum 25, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Í þinghaldi í skiptaréttinum 7. maí s. á. lýsti þrotamaðurinn sig með öllu eignalausan, og var skiptum lokið 10. september s. á. með vísan til 120. gr. laga nr. 6/1978, án þess að greiðsla fengist upp í kröfur skiptabeiðanda. Innköllun var ekki gefin út, en auglýsing um skiptalok birtist í Lögbirtingablaðinu 24. september 1980.

Með bréfi póstgíróstofunnar, dagsettu 14. nóvember 1980, var skiptaráðanda send greiðsla að fjárhæð kr. 15.640.35, og var

honum tjáð, að hér væri um greiðslu Hótels Esju h/f að ræða á orlofsfjárkröfu póstgíróstofunnar f. h. Baldurs Bjarnasonar. Væri hún send skiptaráðanda vegna gjaldþrotaskipta á búi Baldurs. Í sundurliðun Hótels Esju h/f, sem fylgdi bréfi póstgíróstofunnar í ljósriti, kemur fram, að greiðslan sé vegna orlofsársins 1979 til 1980. Vegna framkominnar greiðslu voru skipti búsins endurupptekin samkvæmt 1. mgr. 131. gr. gjaldþrotalaga þann 11. desember 1980. Var innköllun gefin út, og birtist hún fyrst í 114. tbl. Lögbirtingablaðsins 1980. Kröfur í búið bárust frá Hótel Esju h/f að fjárhæð kr. 46.741.80, Gjaldheimtunni í Reykjavík að fjárhæð kr. 53.358.00 og frá Tryggingamiðstöðinni h/f að fjárhæð kr. 633.15, hinar tvær síðastgreindu auk vaxta og kostnaðar. Í kröfulýsingu sóknaraðilja var jafnframt gerð áðurgreind skuldajafnaðarkrafa.

Skiptaráðandi gerði skrá um lýstar kröfur í búið 2. mars 1981 í samræmi við ákvæði 108. gr. gjaldþrotalaga. Í henni greindi skiptaráðandi frá þeirri afstöðu sinni til viðurkenningar á kröfu Hótels Esju h/f, að skuldajafnaðarkröfu var vísað til meðferðar skiptafundar, sem boðað var til 16. mars 1981, en fjárhæð kröfu félagsins var samþykkt. Skiptaráðandi lýsti sig hins vegar samþykkan viðurkenningu á kröfum Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Tryggingamiðstöðvarinnar. Var kröfuhöfum tilkynnt þessi afstaða með ábyrgðarbréfum og jafnframt minnt á áður auglýstan skiptafund. Á skiptafundi 16. mars sl. var einungis mætt af hálfu sóknaraðilja máls þessa. Mótmæli bárust ekki gegn afstöðu skiptaráðanda til annarra krafna í búið, sem töldust því samþykktar samkvæmt 1. mgr. 110. gr. gjaldþrotalaga. Sóknaraðili ítrekaði hins vegar áður gerðar kröfur sínar um skuldajöfnuð.

III.

Sóknaraðili kveður kröfu sína vera tvíþætta. Annars vegar kveður hann sig hafa orðið að greiða samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur kr. 5.167.65, auk vaxta og kostnaðar, til ungþjóns, sem starfaði hjá þrotamanninum og samstarfsþjóni hans, Ove Salomonsen, en þeir hafi báðir unnið hjá sóknaraðilja.

Krafist sé hér endurgreiðslu frá búinu á dómkröfu þessari.

Hins vegar telur sóknaraðili sig eiga kröfu á hendur búinu vegna uppgjörs á sölu úr vínstúku á 2. hæð gistihúss sóknaraðilja, en þar kveður hann þrotamanninn, Baldur, og áðurnefndan Ove hafa starfað. Sóknaraðili kveður vínstúku þessa rekna þann-

ig. að þjónar kaupi þangað vínföng og annan varning af gistihúsinu, sem síðan er seldur viðskiptavinum með álagningu þjónanna. Standi síðan þjónarnir skil á kaupverði þeirrar vöru, sem þeir hafa selt, til gistihússins, en að jafnaði fari vörutalning fram mánaðarlega á vörubirgðum vínstúkunnar og sé sú talning lögð uppgjöri milli þjóna og sóknaraðilja til grundvallar. Í ljós hafi komið, að skil þjónanna, Baldurs og Ove, hafi ekki reynst rétt miðað við uppgjör á grundvelli vörutalningar. Eigi sóknaraðili ógreiddar kr. 41.574.15 vegna þessa.

Samtals gera áðurgreindar fjárhæðir kr. 46.741.80, sem er lýst krafa sóknaraðilja í búið.

Í þinghaldi 9. janúar sl. lýsti þrotamaðurinn þeirri afstöðu sinni til krafna sóknaraðilja, að hann teldi sóknaraðilja ekki hafa haldið uppi öllum tiltækum vörnum í dómsmáli því, sem liggur áðurgreindri endurkröfu til grundvallar. Þrotamaðurinn kvað síðari lið kröfu sóknaraðilja réttan, en lýsti þeirri skoðun, að Ove Salomonsen væri ábyrgur fyrir helmingi kröfunnar.

Um aðdragandann að greiðslu sóknaraðilja á umræddu orlofsfé til póstgíróstofunnar segir svo í kröfulýsingu hans:

„Með bréfi póstgíróstofunnar, dags. 14. 11. 1980, var skiptaráðandanum í Reykjavík send ávísun að fjárhæð kr. 1.564.034.-, en þar var um að ræða greiðslu á orlofskröfu Baldurs Bjarnasonar á Hótel Esju. Rétt er að taka það fram, að upphaflega var það ætlun hótelsins að ná samkomulagi við Baldur Bjarnason um, að orlofskrafa hans gengi upp í framangreindar skuldir. Svo sem áður segir, náðist ekki samkomulag um það, og varð því hótelið að greiða kröfuna til póstgíróstofunnar, sem hafði fengið hana til innheimtu."

IV.

Sóknaraðili hefur rökstutt skuldajafnaðarkröfu sína með tilvísun til þeirra atvika, sem nú hefur verið greint frá, og 6. kafla gjaldþrotalaga. Rétt er að geta þess, að á skiptafundi 16. mars sl. gaf skiptaráðandi sóknaraðilja kost á að leggja fram frekari gögn um skuldajafnaðarkröfu sína, en í gögnum þeim, er þá komu fram, var ekki um frekari rökstuðning en nú hefur verið getið að ræða.

V.

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir formhlið máls þessa. Eins og getið er áður, tók skiptaráðandi þá afstöðu í skrá um

lýstar kröfur í búið að vísa skuldajafnaðarkröfu sóknaraðilja til meðferðar skiptafundar. Telja verður, að þótt skiptaráðandi hafi ekki tekið beina afstöðu til kröfunnar í áðurgreindri skrá, þá verði með hliðsjón af því, að aðrir kröfuhafar létu ekki í ljós afstöðu sína til kröfu sóknaraðilja, að skoða afstöðu skiptaráðanda á þann veg, að hann hafi lýst sig mótfallinn viðurkenningu hennar að öðru óbreyttu. Samkvæmt þessu skoðast því ítrekun sóknaraðilja á skuldajafnaðarkröfunni sem andmæli við afstöðu skiptaráðanda, sem sæta verður meðferð að hætti 110. gr. gjaldþrotalaga. Eins og atvikum var háttað í máli þessu, þótti ekki þörf að boða til nýs skiptafundar, eins og ráðgert er í 2. og 3. tl. 110. gr. ívitnaðra laga.

VI.

Af hálfu kröfuhafa, annarra en sóknaraðilja, hefur ekki verið sótt þing í máli þessu. Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga, verður því að fella úrskurð á mál þetta samkvæmt framkomnum skjölum og skilríkjum. Sóknaraðili hefur vísað til ákvæða 6. kafla gjaldþrotalaga til stuðnings kröfu sinni. Verður að álíta, að tilvísun þessi eigi við 1. tl. 32. gr. sömu laga. Í lagaákvæði þessu er þó ekki fjallað um almenn skilyrði skuldajafnaðar.

Það verður að telja, að til þess að skilyrði til skuldajafnaðar teljist fyrir hendi, þurfi kröfur að vera gagnkvæmar, nánar tiltekið, að aðiljar skuldajafnaðar eigi kröfu hver á hendur öðrum. Í máli þessu krefst sóknaraðili skuldajafnaðar á fjármunum, sem þegar eru í vörslum búsins, við lýstar kröfur sínar. Hvorki í framlögðu bréfi sóknaraðilja til póstgíróstofunnar, er fylgdi greiðslu margnefnds orlofsfjár, né í framlögðu bréfi síðastgreindrar stofnunar til skiptaráðanda, er féð var framsent honum, er að finna áskilnað um, að greitt sé með fyrirvara um rétt til skuldajafnaðar síðar. Þegar af þessari ástæðu verður að telja, að framangreindu skilyrði til skuldajafnaðar sé enganveginn fullnægt. Samkvæmt þessu brestur því kröfu sóknaraðilja lagastoð, og verður því að hafna henni.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Hótels Esju h/f, um greiðslu lýstrar

kröfu sinnar úr þrotabúi Baldurs E. Bjarnasonar með skuldajöfnuði er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 206/1980. **Sverrir Ármannsson**
gegn
dánarbúi Karls Smára Magnússonar
Almennum tryggingum h/f
Rögnu Lindberg Marusdóttur og
Hagtryggingu h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sverrir Ármannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 9/1981. **Jörmundur Ingi Hansen**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jörmundur Ingi Hansen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 450.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 31/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þráni Hleinari Kristjánssyni
(Örn Clausen hrl.).

Manndráp. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Með bréfi ríkissaksóknara 2. júní 1980 var málið sent Læknaráði og æskt umsagnar þess um, hvort það féllist á niðurstöðu álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar geðlæknis frá 11. júní 1979 um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Í ályktun Læknaráðs 16. desember 1980 segir svo:

„Læknaráð fellst á niðurstöðu álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, en vekur jafnframt athygli á því, sem fram kemur í rannsókn Ásgeirs um starfhæfni greindar ákærða, sem talin er mjög lök."

Verður ályktunin lögð til grundvallar um sakhæfi ákærða.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 komi gæsluvarðhald ákærða frá 2.

apríl 1979 refsingu hans til frádráttar, en frá þeim degi hefur ákærði óslitið sætt gæsluvarðhaldi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs 5.000.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að gæsluvarðhald ákærða, Þráins Hleinars Kristjánssonar, frá 2. apríl 1979 komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 5.000.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Með skírskotun til þess, sem segir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda um ályktun Læknaráðs 16. desember 1980, er ég sammála þeim um sakhæfi ákærða.

Ég tel, að fallast beri á ákvæði forsendna héraðsdóms um sakarmat, verknaðarlýsingu, ásetning og tilvísun til þar greindra ákvæða almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en refsingu ákærða tel ég hæfilega ákveðna 14 ára fangelsi.

Við flutning varnar fyrir ákærða fyrir Hæstarétti gerði verjandi hans, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, kröfu um málsvarnarlaun, „einnig vegna réttargæslu, meðan meðferð málsins og rannsókn fyrir héraðsdómi stóð yfir". Ég tel, að fallast beri á kröfu verjandans, og tel því, að hækka beri málsvarnarlaun í héraði, að meðtöldum launum fyrir réttargæslu, í 4.000.00 krónur. Að öðru leyti tel ég, að staðfesta beri málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að gæsluvarðhald ákærða frá 2. apríl 1979 eigi að koma refsingu hans til frádráttar, og einnig ákvæði um áfrýjunarkostnað, þ. m. t. því, að tekið sé tillit til réttargæslustarfa verjandans, enda hefur ákærði einnig setið í gæsluvarðhaldi eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

Samkvæmt því yrði

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Hleinar Kristjánsson, sæti fangelsi 14 ár. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. apríl 1979.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur, þar með talin þóknun fyrir réttargæslu.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 5.000.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. október 1979.

Ár 1979, mánudaginn 15. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 389/1979: Ákæruvaldið gegn Þráni Hleinari Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dags. 8. ágúst sl., gegn Þráni Hleinari Kristjánssyni verkamanni, Hverfisgötu 34, nú gæslufanga, fæddum 23. febrúar 1943 í Reykjavík, „fyrir að hafa, síðdegis sunnudaginn 1. apríl 1979, svipt Svavar Sigurðsson, til heimilis að Hverfisgötu 34 í Reykjavík, lífi í íbúð þeirri, er Svavar bjó í á efstu hæð í því húsi, með því að stinga hann

með hnífi stungusár í síðu og veita honum síðan með hnífnum skurði á maga og brjóst og að síðustu tvo skurði á háls.

Verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik.

I. Sunnudaginn 1. apríl sl., kl. 2156, kom í lögreglustöðina við Tryggvagötu Hákon Elías Kristjánsson trésmiður, Meistaravöllum 31, og skýrði frá því, að ákærði hefði hringt til hans og sagst hafa drepið mann í húsinu Hverfisgötu 34 þá um daginn. Lögreglumenn fóru þegar að húsi þessu og kvöddu dyra. Ákærði kom til dyra og hleypti þeim inn, og fóru þeir með honum í íbúð hans á 3. hæð. Þar voru fyrir auk ákærða tvær konur, Lóa Fanney Valdimarsdóttir og Margrét Hermannsdóttir. Er lögreglumennirnir greindu frá erindi sínu og óskuðu eftir að fá að leita í húsinu, þar sem grunur væri á, að ákærði hefði orðið mannsbani þá um daginn, afhenti Lóa Fanney þeim eftir nokkur orðaskipti lykil að íbúð sinni, sem er á sömu hæð hússins. Við athugun kom í ljós, að í eldhúsi í íbúð þessari lá maður örendur í blóði sínu, og var hér um að ræða Svavar Sigurðsson strætisvagnstjóra, sambýlismann Lóu Fanneyjar. Á líkinu voru stórfelldir áverkar, og við hlið líksins stóð eldhúshnífur á oddi í gólfinu. Ákærði lýsti yfir því fyrir lögreglumönnunum, að hann hefði orðið Svavari að bana, og ummæli kvennanna fyrir lögreglumönnunum voru á sömu leið.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um atburðinn, og hófu starfsmenn hennar rannsókn málsins þegar um kvöldið. Í málinu liggja fyrir skýrslur þeirra um gagngerða rannsókn á vettvangi svo og myndir. Svo sem áður segir, var lík Svavars Sigurðssonar í eldhúsi íbúðar hans og lá þar á gólfinu í blóðtjörn, og blóð var víða í eldhúsinu. Á handlaug í snyrtiherbergi voru blóðslettur. Í forstofu að íbúð ákærða fannst armbandsúr ofan á varhúsi á rafmagnstöflu, sem þar er, og reyndist blóð á ólinni. Blóðblettur var í laki á svefnsófa í stofunni og einnig á glasi, sem stóð á borðinu. Á eldhúsgólfinu voru greinilegir blóðblettir. Í skúffu í eldhúsinu fannst stutterma skyrtubolur, og voru í honum blóðblettir. Í forstofu voru tveir plastpokar, er í var snyrtilega samanbrotinn fatnaður. Þar á meðal voru vinnubuxur, sem blóðblettir reyndust vera í.

Á gólfi í gangi framan við íbúðirnar reyndust blóðklessur og blóðstroka á stigahandriði.

Hnífur sá, sem fannst í eldhúsinu hjá líkinu, er 28 sm að lengd og blaðið 14.5 sm.

Rannsóknarlögreglan gerði myndröð, er sýnir, hvernig ákærði vann á Svavari og næsta aðdraganda verksins, eftir því sem ákærði lýsti atvikum, og á sama hátt var önnur myndröð gerð, er sýnir hvernig Lóa Fanney Valdimarsdóttir greinir frá aðdraganda verksins. Framburði ákærða og Lóu Fanneyjar verður lýst síðar.

Lík Svavars Sigurðssonar var krufið 2. apríl í Rannsóknastofu Háskólans af Bjarka Magnússyni lækni. Í skýrslu hans er áverkum á líkinu lýst þannig:

„ . . . Búkur er mjög blóðugur svo og handleggir, háls og höfuð. Á hálsi vinstra megin, þ. e. frá miðju, er 11.5 cm langt sár, sem gapir þannig, að það er um 3 cm, þar sem það er breiðast. Sárið er mjög djúpt og nær alveg aftur í hálshryggjarliði. Grunnur skurður er rétt neðan við þennan, og mælist sá 12 cm að lengd og nær lítið eitt yfir miðlínu yfir til hægri. Vinstra megin á brjósti er bogadreginn skurður 14 cm að lengd, og byrjar hann rétt ofan við geirvörtu og 2 cm medialt við hana og gengur síðan lateralt og upp á við og endar rétt neðan við viðbein. Skurður þessi gapir einnig og er allt að 4 cm að breidd, þar sem hann er víðastur. Í botni sársins sér í vöðva, og á svæði inn að rifbeinum. 4.5 cm neðan við þennan skurð er annar skurður 11 cm að lengd, liggur niður á við og niður í kviðarhol, og út um hann liggja garnarlykkjur og hluti af omentum majus. Á milli beggja skurðanna er grunn húðrispa. Fast undir hægri rifjaboga, í fremri axillarlínu er 1.7 cm langt stungusár í vertical línu. 1 cm fyrir neðan úlnlið, radialt yfir fyrsta metatarsal beini er grunnur skurður, sem rétt nær í gegnum húð og er 2 cm að lengd. Á vinstra handarbaki 2 cm neðan við úlnlið og nokkurn veginn á miðju handarbaki er 1.6 cm langur, grunnur, skástæður skurður. Augu eru brostin. Sjáöldur eru jafnvíð, meðalvíð og hringlaga. Augnhvítur eðlilegar. Í munni eru gervitennur í efri góm, en engar tennur í neðri góm.

Brjóst- og kviðarhol opnað: Þegar húð og subcutis er flett frá brjóstvegg, kemur í ljós, að sárið á brjóstvegg, sem lýst var, gengur inn á milli 4. og 5. rifs og er þar 6 cm langt. Í vinstra brjóstholi er aðeins blóðslikja, en ekki það mikið blóð, að það sé mælanlegt. Í hægra brjóstholi eru samvextir yfir lobus

superior og lobus medius, en enginn vökvi. Í kviðarholi eru tæplega 100 ml af blóði. Við athugun á líffærum in situ sést, að neðst undir sárinu vinstra megin á kvið er stungusár inn í colon transversum, og nær það rétt út um bakvegg á colon transversum líka, og er þar hematoma. Innstungusár á framvegg er 1.5 cm, en sár á bakvegg 1 cm. Við athugun á lifur sést, að stungusár undir hægri rifjaboga hefur farið í gegnum hægri lobus lifrar rétt fyrir ofan lifrarrönd, og eru bæði innop og útop á sárinu 2 cm að lengd. Hnífsstungan hefur síðan haldið áfram í gegnum efri pól á hægra nýra og aftur í bak og gengur þar 3 cm inn í bakvegg á móts við 2. lumbal lið. Þegar hálslíffæri eru tekin út, kemur í ljós, að skurðurinn á hálsinum, sem lýst var, hefur gengið vinstra megin fyrir ofan larynx og í gegnum hypopharynx og allt inn í liðbönd framan á 3. og 4. hálslið vinstra megin."

Niðurstaða skýrslunnar er þessi:

„Við krufninguna fundust skurð- og stunguáverkar á hálsi, thorax og abdomen (sjá lýsingu að framan), og mun skurðsárið á hálsi hafa valdið dauða mannsins á mjög skömmum tíma.

Samkvæmt niðurstöðum réttarefnafræðilegs mats hefur maðurinn verið mjög ölvaður, er hann lést."

Í skýrslunni kemur fram, að alkohol í blóði Svavars mældist 2.67‰, en í þvagi 3.80‰.

Að tilhlutan lögreglunnar var ákærða tekið blóðsýni kl. 2356 að kvöldi sunnudagsins, og reyndist alkohol í því 2.25‰ skv. vottorði Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði.

Í blóðsýni, sem tekið var úr Lóu Fanneyju Valdimarsdóttur kl. 0110, reyndist alkohol 1.24‰.

II. Ákærði hefur við meðferð máls þessa játað það afdráttarlaust, að hann hafi orðið Svavari Sigurðssyni að bana með því að leggja til hans með hnífi í kviðarhol og skera hann á háls að því búnu. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um verk þetta og aðdraganda þess:

Ákærði, sem er einhleypur, fluttist snemma í mars sl. í íbúð á 3. hæð hússins Hverfisgötu 34. Íbúð þessi er stofa og eldhús. Á sömu hæð er önnur íbúð, 4 íbúðarherbergi, eldhús og geymsluherbergi. Í þeirri íbúð bjuggu þau Svavar Sigurðsson strætisvagnstjóri, fæddur 12. nóv. 1922, og Lóa Fanney Valdimarsdóttir, fædd 6. nóv. 1919. Eitt baðherbergi er á hæðinni, og var það sameiginlegt fyrir báðar íbúðirnar.

Ákærði kom heim til sín aðfaranótt 1. apríl um kl. 2 að hann sjálfur telur og í för með honum Margrét Hermannsdóttir, Vest-

urbraut 24, Hafnarfirði. Þau höfðu um kvöldið verið að skemmta sér á Hótel Borg, og voru bæði undir áhrifum áfengis. Þá um nóttina komu þau einnig heim í íbúð sína Svavar Sigurðsson og Lóa Fanney Valdimarsdóttir, er verið höfðu á Hótel Esju og voru við skál. Virðast þau hafa komið heim nokkru síðar en ákærði og Margrét. Samkvæmt vætti Lóu Fanneyjar fékk Svavar sér áfengi í glas, er heim kom. Hún kveðst hafa farið fram á snyrtiherbergið, hitt þá ákærða af hendingu og nokkur orðaskipti orðið milli þeirra. Þá hafi Svavar komið að og tekið að brigsla þeim um, að þau hefðu átt stefnumót þarna. Er framburður ákærða í samræmi við vætti Lóu Fanneyjar að þessu leyti. Ekki fór þeim þarna fleira á milli, og fór Lóa Fanney inn til sín og háttaði, og það gerði Svavar einnig skömmu síðar. Ákærði fór inn í sína íbúð, þar sem Margrét var fyrir, og sátu þau þarna það sem lifði nætur, en sofnuðu ekki. Um morguninn segist ákærði hafa farið fram á snyrtiherbergi. Þá hafi Svavar komið fram og þeir tekið tal saman. Svavar hafi spurt hann, hvort hann ætti áfengi. Varð það úr, að ákærði fór yfir í stofu til Svavars og tók með sér vermóðflösku, er þeir tóku að drekka saman. Lóa Fanney kom svo inn til þeirra, er hún var komin á fætur. Þegar búið var úr flöskunni, náði ákærði í aðra flösku inn til sín. Ákærði fór svo út á knattborðsstofuna á Klapparstíg 26 til þess að kaupa tóbak. Þar hitti hann Engilbert Jensen hljómlistarmann, og ákváðu þeir að taka billiard saman. Ákærði brá sér heim með tóbaksvörurnar, en kom svo aftur, og léku þeir Engilbert saman um hríð. Fóru þeir síðan báðir að Hverfisgötu 34, og stóð Engilbert nokkuð við í íbúð ákærða. Hann virðist einnig hafa komið inn í íbúð Lóu og Svavars. Samkvæmt framburði ákærða var það um hádegisbil sem þeir Engilbert voru að spila saman, og kemur það heim við vætti Björns Halldórssonar, starfsmanns knattborðsstofunnar. Enn fremur samræmist það vætti Lóu Fanneyjar. Engilbert telur það aftur á móti hafa verið einhvern tíma síðdegis sem hann hitti ákærða, en ekki um hádegisbil. Hann kveðst þó ekki treysta sér til þess að tímasetja atburði nákvæmlega, enda verið allölvaður. Margrét Hermannsdóttir telur einnig, að það hafi verið um kl. þrjú til hálffjögur sem Engilbert kom í för með ákærða.

Um það, sem gerðist, eftir að Engilbert fór, eru þau nú þrjú til frásagnar, ákærði, Lóa Fanney og Margrét.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi verið ásamt Svavari og Lóu Fanneyju inni í stofu þeirra. Þau hafi bæði verið ölvuð og

verið að rífast. Lóa Fanney hafi þá sagt við Svavar, að hún vildi, að hún gæti drepið hann. Svavar hafi þá ýtt við hníf, sem legið hafi á sóffaborðinu, og sagt: „Gerðu það þá“ eða eitthvað á þá leið. Lóa Fanney hafi svarað því til, að það gæti hún aldrei gert. Svavar hafi þá farið fram í eldhúsið og komið síðan aftur í dyrnar og ávarpað ákærða: „En þú ungi maður, hefur þú kjark til að drepa mig?“ Hann hafi horft einkennilegum augum á ákærða, er hann mælti þetta. Ákærði segir, að þá hafi verið eins og eitthvað lokaðist fyrir sér og næst muni hann eftir því, er hann stendur fyrir framan Svavar í eldhúsinu og hefur hnífinn í hendi sér. Síðan kveðst hann hafa lagt hnífnum í kvið Svavari og rist upp úr. Svavar hafi lotið áfram og síðan fallið á gólfið. Hann hafi sagt: „Þetta er búið, gakktu alveg frá mér.“ Þá kveðst ákærði hafa lotið niður að Svavari og skorið hann á háls. Ákærði man ekki, hvort hann stakk Svavar oftar en einu sinni eða hvort hann skar hann fleiri en einn skurð á háls, en segir, að ljóst sé, að þeir áverkar, sem reyndust á Svavari, hljóti að vera af hans völdum. Ákærði kveðst nú hafa verið farinn að átta sig á því, hvað gerst hafði. Hann hafi þvegið sér um hendur og kastað hnífnum í gólfið. Síðan hafi hann farið yfir í íbúð sína, þar sem þær Margrét og Lóa hafi verið, og tjáð þeim tíðindin. Þær hafi síðan komið yfir í eldhús, þar sem lík Svavars lá, og séð það.

Vitnið Lóa Fanney Valdimarsdóttir skýrir svo frá, að síðdegis, eftir að gestur ákærða (Engilbert) var farinn, hafi þau ákærði, Svavar og hún setið þrjú saman inni í stofu í íbúð þeirra, en Margrét hafi þá verið inni í íbúð ákærða. Þegar hér var komið, telur Lóa, að klukkan hafi verið yfir fimm. Hún segir, að ekki hafi verið um neinar illdeilur að ræða milli ákærða og Svavars, en Svavar hafi verið eitthvað æstur og grimmdarlegur á svipinn. Hann hafi haldið áfram að dylgja með það, að hún héldi fram hjá honum. Hann hafi síðan ýtt við hníf, sem lá á sóffaborðinu, og spurt, hvort hún vildi ekki stinga hann, en hún kveðst hafa svarað því til, að það gerði hún aldrei. Svavar hafi nú farið fram í eldhús, en komið síðan aftur og þá mælt til ákærða eitthvað á þessa leið: „En þú strákhvolpur (eða strákur), þorir þú því?“ Ákærði hafi þá staðið upp og svarað spurningu Svavars játandi, tekið hnífinn og farið á eftir Svavari fram í eldhús. Kveðst Lóa hafa séð það síðast til þeirra, er þeir stóðu hvor andspænis öðrum á eldhúsgólfinu og ákærði hélt á hnífnum og beindi honum að Svavari. Lóa kveðst hafa orðið hrædd og farið

yfir í íbúð ákærða til Margrétar og sagt henni, að ákærði ætlaði að ganga frá Svavari. Þær hafi síðan heyrt vein og stuttu síðar hafi ákærði komið og sagt: „Þetta er búið.“ Lóa kveðst hafa farið með ákærða yfir í íbúðina og séð Svavar, þar sem hann lá í blóði sínu á eldhúsgólfinu.

Er ummæli þau, sem Lóa kveður Svavar hafa viðhaft við ákærða, voru borin undir ákærða, kvað hann vel mega vera, að Svavar hefði notað orðið „strákhvolpur“, er hann ávarpaði ákærða.

Vitnið Margrét Hermannsdóttir segir, að síðdegis, eða um kl. 1430, hafi Lóa komið yfir í íbúðina til ákærða og verið sár út í Svavar og sagt, að hann væri að brigsla sér um að hún héldi við ákærða. Við þetta hafi ákærði orðið æstur og talað um að fara og ganga frá Svavari. Hann hafi haft við orð, að endirinn yrði sá, að hann dræpi Svavar, ef hann berði Lóu oftar. Margrét kveðst hafa reynt að róa ákærða. Ákærði hafi nú farið yfir til Svavars og Lóa á eftir honum. Sjálf kveðst Margrét hafa haldið kyrru fyrir í íbúð ákærða. Margrét kveðst hafa verið þreytt og syfjuð og legið út af. Svavar hafi nú komið inn og átt orðaskipti við hana, en farið síðan aftur. Hann hafi verið hress og kátur og ekki æstur né dapur. Eftir að Svavar var farinn, hafi ákærði komið aftur og verið nú mjög ölvaður að sjá. Eftir skamma stund hafi Lóa heyrst æpa upp og kalla nafn ákærða og þá hafi hann skundað yfir í hina íbúðina. Nokkru síðar hafi Lóa komið og sagt, að ákærði ætlaði að ganga frá Svavari. Síðan kveðst Lóa hafa heyrt einhvers konar hávaða úr hinni íbúðinni og að Svavar rak upp óp. Nú hafi ákærði komið og skýrt þeim frá því, að hann væri búinn að ganga frá Svavari. Hann hafi fengið Lóu til þess að fara með sér yfir í íbúðina og hafi Lóa komið þaðan aftur í uppnámi og hálfvolandi. Margrét kveðst svo sjálf hafa farið yfir í íbúð Svavars og séð hann liggja í blóði sínu á eldhúsgólfinu. Telur Margrét, að hann hafi þá ekki verið látinn, því hún hafi heyrt frá honum stunu og séð hann hreyfa varirnar. Ákærði segir, að Margrét hafi ekki komið yfir í íbúðina, fyrr en eftir að hann hafi verið búinn að vinna til fulls á Svavari, og sé því óruggt, að Svavar hafi þá verið látinn.

Margrét telur það munu hafa verið milli kl. hálffimm og fimm, sem þessir atburðir urðu.

Í framburði ákærða og þeirra Lóu og Margrétar kemur fram, að eftir þetta hafi það komið til tals milli þeirra að leyna verk-

inu og koma líki Svavars undan. Margrét segir, að ákærði og Lóa hafi í fyrstu verið sammála um þetta og ákærði hafi rætt um að fara brott með líkið í bifreið sinni. Lóa hafi verið sammála honum, en Margrét kveðst hafa andmælt þessu og hvatt ákærða til þess að segja allt af létta. Ákærða minnir, að hann hafi vakið máls á þessu og Lóa samþykkt eða henni staðið á sama, en Margrét hafi mælt á móti. Lóa kannast ekki við, að hún hafi verið þess hvetjandi að leyna verkinu, en þó hafi hún fyrst samsinnt þessu. Hún kveðst hafa verið miður sín og varla vitað, hvað rétt var eða rangt í þessum efnum. Þar kom tali þeirra að lokum, að ákærði hvarf frá þeirri hugmynd að dylja verknaðinn. Hann fór nú í húsið nr. 32 A við Hverfisgötu, en þar býr Hallgrímur Ingvar Thorlacius, sem ákærði þekkir vel og hafði búið hjá fram til þess tíma, er hann fluttist í húsið nr. 34. Ákærði skýrði Hallgrími frá því, að hann hefði banað Svavari, og lýsti atvikum að verkinu, og samkvæmt vætti Hallgríms hefur frásögn ákærða verið í aðalatriðum í samræmi við það, sem fram hefur komið í framburði ákærða og vitnanna í máli þessu, svo sem lýst hefur verið hér að framan. Hallgrímur kveðst hafa tekið frásögn ákærða trúanlega. Ákærði fékk léðan síma hjá Hallgrími, og þaðan hringdi hann í móðurbróður sinn, Kristján Dúa Sigurjónsson, þá í móður sína, Fjólu Sigurjónsdóttur, og einnig til Hákonar Elíasar Kristjánssonar, en hjá honum hefur ákærði starfað um árabil. Ákærði skýrði þeim öllum frá því, að hann hefði drepið Svavar Sigurðsson, en svo er að sjá, að ekkert þeirra hafi tekið mark á sögu ákærða, en haldið hana drykkjuóra. Símtöl þessi fóru fram milli kl. 18 og 19 samkvæmt framburði ákærða og vitna. Eftir beiðni ákærða hringdi Hallgrímur í leigubíl, og í honum fór ákærði heim til móður sinnar, sem býr á Njálsgötu 52. Ökumaðurinn, Jóhannes Sigfússon, minnist þess, að útvarpið var opið, meðan á ökuferðinni stóð, og í því voru einhverjar ísfréttir. Ákærði kveðst hafa staðið við hjá móður sinni nokkra stund, en síðan hafi systir hans ekið honum aftur niður á Hverfisgötu og skilið við hann utan við húsið. Ákærði fór svo inn, þar sem þær voru fyrir Margrét og Lóa. Áður en ákærði fór, hafði hann skipt um föt og beðið Margréti að taka til föt, sem hann þyrfti að hafa með sér í fangelsið. Margrét var búin að láta fatnað í plastpoka, er hann kom aftur.

Eftir skamma dvöl í íbúð sinni fór ákærði aftur út til Hallgríms og hringdi þaðan á ný til Kristjáns Dúa og Hákonar.

Ákærði segir, að sér hafi skilist á þeim, að þeir tryðu honum ekki enn. Ákærði segist hafa rætt um það við Hallgrím, að hann ætlaði sér að gefa sig fram við lögregluna, en fyrst mundi hann tala við þær Lóu og Margréti nánar. Eitthvað hafi þeir rætt um símanúmer hjá rannsóknarlögreglu. Síðan kveðst ákærði hafa farið á ný í íbúð sína og verið þar, uns lögregluþjónar kvöddu dyra. Telur ákærði sig hafa verið nýkominn inn til sín, er þeir komu á staðinn, en ljóst er þó, að nokkur tími hlýtur að hafa liðið, frá því ákærði fór frá Hallgrími og þar til lögreglan var komin að Hverfisgötu 34.

Hallgrímur telur, að ákærði hafi komið til hans öðru sinni um kl. átta um kvöldið og hringt þaðan til Kristjáns Dúa og Hákonar. Hann hafi þá verið með ráðagerðir um að leyna verkinu og fela líkið og væri þetta uppástunga sambýliskonu Svavars. Hallgrímur kveðst hafa reynt að koma vitinu fyrir ákærða og hafi hann loks sagt, að hann ætlaði heim og ræða málið við Margréti og Lóu og mundi hann síðan koma aftur. Hann hafi síðan farið. Hallgrímur kveðst ekki hafa gert lögreglunni viðvart, enda ætlast til, að ákærði gerði það sjálfur. Þegar ákærði kom ekki aftur, hringdi Hallgrímur síðan til Hákonar Elíasar Kristjánssonar og bað hann að koma og taka með sér lögreglu. Hallgrímur telur það símtal hafa farið fram um kl. hálftíu.

Hallgrímur segir, að eftir síðara símtal sitt við Hákon hafi ákærði sest við símann, gripið um höfuð sér og hágrátið.

Kristján Dúi Sigurjónsson segir, að fyrra símtal þeirra ákærða hafi farið fram upp úr kl. sex og hið síðara ekki löngu síðar, en treystir sér ekki til nákvæmari tímasetningar. Hann kveðst hafa haldið tal ákærða hugaróra. Hann kveðst eftir síðara símtal þeirra hafa hringt til Hákonar og hafi sú orðið niðurstaðan af tali þeirra, að ekki væri ástæða til þess að taka tal ákærða alvarlega. Kveðst Kristján Dúi því engar ráðstafanir hafa gert.

Hákon Elías Kristjánsson segir, að ákærði hafi fyrst hringt til sín um kl. hálfsjö. Hann hafi þá skýrt svo frá, að hann hefði drepið mann, en Hákon segir, að sér hafi fundist ákærði eitthvað undarlegur í tali og ekki hafa tekið orð hans bókstaflega. Getur Hákon þess, að ákærði hafi áður hringt til hans drukkinn og sagt þá ýmislegt, sem ekki hafi staðist. Hákon kveðst hafa bent ákærða á að hringja til lögreglu. Ákærði hafi svo hringt öðru sinni um níuleytið og sagt, að hann ætlaði að fara að ráðum hans og hringja í lögreglu. Í þessu símtali hafi ákærði lýst nánar atvikum að því, að hann réð Svavari bana. Hákon kveðst

hafa ákveðið að símtali þessu loknu að snúa sér til lögreglunnar. Áður en hann væri farinn út, hafi Hallgrímur Thorlacius hringt og beðið hann að koma. Eftir þetta kveðst Hákon hafa ekið niður í miðborg og leitað til lögreglunnar.

Hákoni og Hallgrími ber ekki saman um tímasetningu síðara símtals ákærða við Hákon, þar sem Hallgrímur telur, að alllangur tími (1—1½ klst.) hafi liðið frá því, þar til hann sjálfur hringdi til Hákonar, en Hákon telur Hallgrím hafa hringt skömmu eftir að símtali hans og ákærða lauk.

Ákærði kveðst enga grein geta gert fyrir því, hvað sér hafi gengið til verksins eða hvaða hvatir leiddu til þess. Hann segir, að sér sé þetta óljóst með öllu og hann hafi ekki átt að neinu leyti sökótt við Svavar. Hann hafi ekkert þekkt Svavar, er hann fluttist í íbúðina á Hverfisgötu 34, og kynni þeirra hafi lítil orðið á þeim tíma, sem þeir áttu þar báðir heima.

III. Að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins rannsakaði Ásgeir Karlsson geðlæknir geðheilsu ákærða, og lýsir hann rannsókn sinni í rækilegri skýrslu, dags. 11. júní sl. Í skýrslu sinni rekur læknirinn æviferil ákærða og lýsir högum hans. Þá er grein gerð fyrir prófum, sem lögð voru fyrir ákærða, og skoðun á honum. Niðurstöður sínar dregur læknirinn saman á þessa leið:

„ . . . Þráinn Hleinar Kristjánsson er ekki haldinn geðveiki (psychosis), geðvillu (psychopathia) né fávitahætti (mental retardation). Heldur er hann haldinn persónuleikatruflun (personality disorder, 301.80), kominn vel yfir byrjunarstig ofdrykkju (alcoholismus, 303.1) og kvíða-taugaveiklun (anxiety neurosis, 300.0). Persónuleikatruflun Þráins virðist mega m. a. rekja til rótleysis og aðhaldsleysis í bernsku. Þetta tvennt leiddi m. a. til lélegs námsárangurs í barnaskóla, og síðan hefur Þráinn alið með sér stöðuga minnimáttarkennd gagnvart öllu námi, en í eðli sínu er hann framagjarn og hefur vissa þörf fyrir að skara fram úr. Í stað þess að takast á við vandamálið, reyna að bæta sér upp menntunarskort sinn, virðist hann hins vegar hafa reynt að bæta sér þennan vankant upp með hressilegri, en yfirborðslegri hegðun í félagsskap við aðra svo og reynt að sýna af sér vissan dugnað og skara fram úr á vinnustöðum. Jafnframt virðist hann hafa átt erfitt með að mynda dýpri tilfinningaleg tengsl og varanleg við annað fólk sökum minnimáttarkenndar sinnar. Hann virðist því hafa leiðst allsnemma út í ofnotkun áfengis sökum öryggisleysis í félagslegum samskiptum. Síðar meir virðast viss taugaveiklunareinkenni hafa komið fram bæði sem orsök

og afleiðing vaxandi drykkju. Þráinn hefur hins vegar marga jákvæða eiginleika, sem hann virðist hafa getað notfært sér, þannig virðist hann hafa án tilstuðlan annarra reynt að gera vissar jákvæðar breytingar á sínu lífi, svo sem að reyna að draga úr drykkjuskap sínum og gera sér far um að umgangast fólk, án þess að hann væri undir áhrifum áfengis. Það virðist sem Þráinn hafi gert sér far um að koma fram af heiðarleika gagnvart öðrum, bætt sjálfviljugur það tjón, er hann olli öðrum undir áhrifum áfengis, og hafa allsterka réttlætiskennd.

Viðbrögð Þráins hinn 1. apríl síðastliðinn verða að mörgu leyti skiljanleg, ef haft er í huga, hversu mikið hann þarf að sýnast, duga, og þora að gera hluti, til þess að bæla niður minnimáttarkennd sína. Dómgreind hans var ennfremur skert af svefnleysi og drykkju. Setning sú, sem samkvæmt málsskjölum virðist hafa orðið kveikjan að viðbrögðum hans, fól í sér ásökun um ódugnað og heigulshátt. Innihald ræðunnar var áskorun, hann varð að sýnast og geta. Ætla má, að viðbrögð hans hefðu orðið önnur, ef skipun eða beiðni hefði falizt í innihaldi ræðunnar.

Ætla má, að Þráinn Hleinar Kristjánsson geti notfært sér geðlæknismeðferð í formi sállækningar (psychotherapy) til þess að ráða bót á vandamálum sínum, ef unnt væri að ná góðri samvinnu við hann.

Þráinn Hleinar Kristjánsson telst sakhæfur."

Ákærði hefur einu sinni (1972) verið dæmdur í refsingu fyrir ölvun við akstur og fimm sinnum sæst á greiðslu smásekta.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er sannað, að ákærði réð Svavari Sigurðssyni bana með því að leggja til hans með hnífi og skera hann á háls að því búnu. Hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga.

Óljóst er, hvaða hvatir leiddu ákærða til verksins, en ásetningur ákærða til þess hefur sennilega ekki myndast fyrr en Svavar ögraði honum, svo sem lýst er að framan, sbr. einnig ummæli Ásgeirs Karlssonar í niðurstöðu skýrslu hans, er áður var vitnað til. Refsilækkunarástæður þær, sem greindar eru í 74. gr. alm. hegningarlaga koma hér ekki til álita, nema hvað ákærði hefur skýrt hreinskilnislega frá atvikum að broti sínu (9. tl. 74. gr.). Ekki verður talið, að aðstæður að brotinu hafi verið þær, sem 75. gr. alm. hegningarlaga tilgreinir.

Refsing ákærða verður ákveðin 16 ára fangelsi.

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 2. apríl og hefur verið í gæslu síðan. Er rétt skv. 76. gr. alm. hegningarlaga, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hans.

Ákærði verður dæmdur til að greiða kostnað af sökinni, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 300.000 kr., svo og málssóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 kr., en Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari fór með málið sem sækjandi.

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Hleinar Kristjánsson, sæti fangelsi 16 ár. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 196 dagar.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 221/1979. **Nesco h/f**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Neytendasamtökunum
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi fyrst til Hæstaréttar 13. mars 1979 (hæstaréttarmál nr. 51/1979), en útivistardómur gekk í því máli 3. desember 1979. Áfrýjað var á ný 31. desember s. á. Dómkröfur áfrýjanda eru, að fréttatilkynning frá stefnda, Neytendasamtökunum, 13. október 1977 verði

ómerkt með dómi. Fréttatilkynningin er tekin upp í forsendur héraðsdóms. Þá krefst áfrýjandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til að kosta birtingu dóms í málinu í dagblöðum. Til vara krefst áfrýjandi þess, að tiltekin ummæli, hin sömu og greinir í hinum áfrýjaða dómi, verði ómerkt og stefnda dæmt að greiða dómsbirtingarkostnað, eins og segir í aðalkröfu. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfur stefnda eru efnislega þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er meiðyrðamál, og verður krafa áfrýjanda um ómerkingu ummæla byggð á 241. gr. almennra hegningarlaga, þó að krafa sé ekki gerð um refsingu eða bætur.

Stefndi í máli þessu er félag. Var hin átalda fréttatilkynning gefin út í nafni þess. Mátti beina ómerkingarkröfunni að félaginu, eins og gert var.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 29. f. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 1. nóvember 1977, af Nesco h/f, Laugavegi 10 hér í borg, gegn Neytendasamtökunum, Baldursgötu 12, einnig hér í borg. Dómkröfur stefnanda eru þær, að fréttatilkynning frá stefnda, sem birst hafi í dagblöðunum Morgunblaðinu, Vísi, Dagblaðinu og Tímanum 20. október 1977 og í Alþýðublaðinu 19. október 1977 og í Þjóðviljanum 21. október 1977, verði dæmd dauð og ómerk.

Fréttatilkynningin hljóðar svo:

„Undanfarið hafa birzt í dagblöðunum auglýsingar frá einum innflytjanda litsjónvarpstækja og er í þeim vitnað í niðurstöður kannana, sem birtar eru í júlíhefti þýzka neytendablaðsins Test.

Af þessu tilefni vilja Neytendasamtökin benda á, að þýzku neytendasamtökin eru í alþjóðasamtökum neytenda (IOCU) og eitt af inntökuskilyrðum þeirra er, að aðildarfélögin leyfi engum að hagnýta sér í hagnaðarskyni upplýsingar þeirra eða ráðleggingar. Upplýsingar þær, sem koma fram í auglýsingunni, hljóta því að vera birtar í algjöru heimildarleysi. Hitt er þó alvarlegra, að í auglýsingunni er farið mjög frjálslega með staðreyndir og dregnar skakkar ályktanir af gefnum forsendum. Aðferðin, sem þýzka blaðið notar er að gefa hinum ýmsu tækniatriðum sjónvarpstækjanna einkunn ýmist plús eða mínus. Auglýsandinn beitir síðan þeirri lævísu brellu að leggja saman plúsa og draga síðan mínusana frá og þykist þannig vera búinn að finna út einkunnina, sem tækið fær. Þetta er mjög villandi þar eð tæki getur fengið plús fyrir heldur lítilvægt atriði, en aftur mínus fyrir þau, sem mikilvægari geta talizt. Af þessu leiðir, að hver plús og hver mínus vegur ekki jafnt. Þess skal getið, að þetta er aðferð, sem blaðið sjálft treystir sér ekki til þess að nota. Á hitt ber einnig að benda, að könnunin nær einungis til ákveðinna tegunda sjónvarpstækja þ. e. þeirra, sem ætlað er að standa á borði og hafa ákveðna skermastærð. Hún segir því ekkert um aðrar gerðir sömu tegundar. Til viðbótar má benda á, að könnunin nær eingöngu til tækja, sem algengust eru á þýzkum markaði en ekki íslenzkum. Slíkar kannanir sem þessi eru fyrst og fremst gerðar til þess að auðvelda fólki að taka ákvarðanir, en ekki til þess að taka ákvarðanir fyrir fólk. Af þessu gefna tilefni vilja Neytendasamtökin eindregið vara fólk við auglýsingum af þessu tagi.

F. h. Neytendasamtakanna
Reynir Ármannsson, formaður".

Til vara krefst stefnandi þess, að eftirfarandi tvær málsgreinar verði dæmdar dauðar og ómerkar:

„Hitt er þó alvarlegra, að í auglýsingunni er farið mjög frjálslega með staðreyndir og dregnar skakkar ályktanir af gefnum forsendum" og „Auglýsandinn beitir síðan þeirri lævísu brellu að leggja saman plúsa og draga síðan mínusana frá og þykist þannig vera búinn að finna út einkunnina, sem tækið fær."

Stefnandi gerir og þá kröfu, að stefndi kosti birtingu dómsins í öllum framangreindum blöðum, og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Sáttatilraunir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að þýska neytendablaðið „Test" birti í júlíhefti 1977 niðurstöður könnunar á gæðum litsjónvarpstækja, sem farið hafði fram á vegum belgisku neytendasamtakanna í samvinnu við neytendasamtök Hollands og þýsku Vörurannsóknarstofnunina, útgefanda blaðsins „Test". Alls 28 litsjónvarpstæki voru prófuð, en 20 þeirra voru fáanleg í verslunum í Þýskalandi, og birti blaðið niðurstöðuna varðandi þessi 20 tæki. Tækin voru valin eftir myndskermi 66/67 cm og úthljóðsfjarstýringu og voru keypt til könnunarinnar eftir október 1976. Matskerfi var ákveðið sameiginlega af samtökunum, sem stóðu fyrir könnuninni, og var það þannig, að hinir ýmsu þættir tækisins vógu misþungt: „búnaður" var metinn 5%, „stýrisbúnaður" 5%, „myndgæði" 45%, „hljóðgæði" 20%, „viðhaldsþægindi" 5%, „traustleiki tæknibúnaðar" 5%, og „fjarstýring" 15%. Þessir þættir voru síðan metnir í hverju tæki fyrir sig, og voru matsstigin 5 talsins: „mjög gott", „gott", „fullnægjandi", „rétt fullnægjandi" og „ófullnægjandi" með tilheyrandi plúsmerkjum og mínusmerkjum og 0-merki fyrir „fullnægjandi". Undir hverjum aðalþætti tækisins, sem metinn var, voru undirþættir, sem fengu sín stig, þannig að alls voru 43 atriði, sem metin voru í hverju tæki. Neytendablaðið „Test" birti könnunina í heild, og mátti þar sjá í nákvæmri uppsetningu blaðsins á tveimur opnum, hvaða stig hver þáttur hvers hinna 20 litsjónvarpstækja fékk hjá rannsakendum. Allt var þetta birt með skýringum og athugasemdum blaðsins, ætlað neytendum í Vestur-Þýskalandi til glöggvunar og aðstoðar við kaup á slíkum tækjum. Í aðgangsorðum blaðsins segir, að í ljós hafi komið aðeins óverulegur gæðamunur á þessum 20 tækjum, en þeim mun meiri hafi verðmunurinn verið. Öll tækin hafi fengið einkunnina „gott" í niðurstöðu könnunarinnar, en hæstu einkunn hafi fengið Grundig Super Color 8250 og ITT Schaub-Lorenz Digitimer Ideal Color 1789. Grundig verksmiðjurnar í Þýskalandi gefa út blað um framleiðslu sína, og kemur blað þetta út tvisvar til þrisvar sinnum á ári hverju. Í sumarhefti blaðsins 1977 er fjallað um niðurstöðu þessarar könnunar, og segir í blaðinu, að öll prófuð sjónvarpstæki hafi verið úrskurðuð „góð" í blaðinu „Test", en maður finni ekkert tæki, sem hafi fengið „mjög gott" eins oft fyrir einstaka þætti og tækið Super Color 8250. Umboðsmaður Grundig verksmiðjanna á Íslandi, stefnandi máls þessa, fékk auglýsingateiknara til þess að gera auglýsingu fyrir Grundig sjónvarpstæki, byggða á

niðurstöðu þessarar könnunar. Gerð var heilsíðuauglýsing, sem birtist margoft í dagblöðum hér á landi haustið 1977. Auglýsingin, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, var samsett úr fimm einingum, fyrirsögn, mynd af forsíðu neytendablaðsins „Test", einni síðu af einkunnatöflu blaðsins, töflu með „samanlögðum stigafjölda hvers hinna 20 tækja (plúsar að frádregnum mínusum)" svo og texta með skýringu á því, hvað verið sé að auglýsa og hvernig sú niðurstaða sé fengin, sem stigataflan segir um. Textinn var svohljóðandi:

„Tímaritið Test er gefið út af vestur-þýsku neytendasamtökunum. Það er eitt útbreiddasta rit sinnar tegundar í Evrópu, gefið út í 600.000 eintökum. Gæði litsjónvarpstækja er eitt þeirra mála sem Test kannar. Í yfirgripsmikilli könnun sem Test framkvæmdi nýlega voru 20 helstu gerðir littækja á vestur-þýskum markaði reyndar og metnar. Voru 36 tækniatriði skoðuð og einkunnir gefnar (tveir plúsar mest og tveir mínusar minnst). Séu plúsar lagðir saman og mínusar dregnir frá fær tækið frá GRUNDIG flest stig. GRUNDIG tækið var einnig annað tveggja sem hlaut hæstu einkunn fyrir myndgæði: „Sehr gut" — mjög gott. Milljónir manna treysta þessu blaði og velja vörur samkvæmt umsögn þess. Það er heldur engin tilviljun að meira en fjórða hvert littæki í Vestur-Þýskalandi er einmitt GRUNDIG."

Stefndi, Neytendasamtökin, sendi þá frá sér fyrrgreinda fréttatilkynningu, sem birt var í dagblöðum, eins og getið er hér í upphafi.

Málsástæður.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að fréttatilkynning stefnda sé röng í meginatriðum og meiðandi fyrir stefnanda. Stefndi, Neytendasamtökin, njóti talsverðrar virðingar hér á landi og því hafi fréttatilkynning þeirra vakið talsverða athygli. Eftir að hún birtist, hafi stefnandi og starfsmenn hans orðið fyrir aðkasti og þeim hafi verið brigslað um lygar og auglýsingaskrum og sé þannig ljóst, að hið góða nafn, sem stefnandi hafi reynt að skapa sér í viðskiptaheiminum, hafi beðið hnekki við hin tilhæfulausu ummæli stefnda. Stefndi hafi hér látið óviðurkvæmileg ummæli falla um stefnanda, sem engin ástæða hafi verið til að viðhafa. Slíkt sé andstætt lögum, sem verndi einkalíf manna og æru, í 25. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda hafi engin rök komið fram af hálfu stefnda fyrir ummælum þessum.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að í fréttatilkynn-

ingunni hafi ekki verið nein meiðandi ummæli um stefnanda eða vörur þær, sem stefnandi hafi á boðstólum. Stefndi hafi sent frá sér fréttatilkynninguna til þess að leiðrétta hugsanlegan misskilning fólks þess efnis, að tímaritið „Test" hefði látið í ljós það álit, að Grundig litsjónvarpstæki væru þau bestu af þeim tegundum, sem nefnd hafi verið í auglýsingu stefnanda. Í auglýsingunni hafi staðið með stórri fyrirsögn: „Grundig nr. eitt í könnun v-þýska neytendablaðsins Test". Þessi ummæli séu beinlínis röng og villandi, þar sem hvergi sé þess getið í könnuninni, að ein gerð litsjónvarpstækja sé annarri betri. Stefndi hafi og sýnt fram á, að upplýsingarnar frá ritinu „Test" hafi af stefnanda hálfu verið birtar í heimildarleysi. Stefnandi hafi undir rekstri málsins viðurkennt, að rétt sé hermt í fréttatilkynningunni, að plúsar og mínusar vegi mismikið í könnuninni, og þegar þetta sé virt, sé ljóst, að meginmál fréttatilkynningar stefnda séu staðreyndir. Þess vegna sé aðalkrafa stefnanda um ómerkingu allrar tilkynningarinnar út í hött. Varakrafan fjalli um tvær setningar og stefndi bendi á, að alls ekki sé ofmælt, sem þær segi. Stefnandi hafi í auglýsingunni farið frjálslega með staðreyndir, þegar fullyrt sé, að Grundig hafi verið nr. eitt í könnuninni. Þetta sé beinlínis rangt. Einnig þegar gefið sé í skyn, að Grundig tæki séu öll nr. eitt, ekki aðeins þessi ákveðna tegund, sem prófuð var, einnig þegar ekki sé getið um það, að könnunin hafi eingöngu náð til ákveðinnar tegundar litsjónvarpstækis, og auglýsingin hafi ekki getið þess, að öll hin prófuðu tæki hafi verið talin „góð" og að aðeins óverulegur munur hafi fundist á gæðum þeirra. Blað Grundig verksmiðjunnar hafi tekið skýrt fram, að hér hafi verið um að ræða eitt ákveðið tæki, en slík vinnubrögð hafi stefnandi ekki viðhaft. Ljóst sé því, að stefnandi hafi farið mjög frjálslega með staðreyndir og dregið skakkar ályktanir af gefnum forsendum. Síðari setningin lúti að lævísri brellu, sem stefnandi hafi beitt. Stefndi hafi bent á það, að stefnandi hafi í auglýsingunni beitt aðferð, sem virtist vera fundin upp af stefnanda, þar sem hvorki þýska neytendablaðið né blað Grundig verksmiðjanna hafi viðhaft slíkt. Það sé að leggja saman alla plúsa, sem tækin fá í könnuninni, og draga alla mínusana frá. Þannig fáist út einhver 50 stig fyrir Grundig tækið, en hin fái öll færri stig og það lægsta aðeins 29. Þessi „stigatafla", sem stefnandi hafi búið til, sé beinlínis villandi, þar sem tækniatriðin skipti mismunandi miklu máli, þegar sjónvarpið í heild er metið. Auglýsing stefnanda gefi í skyn, að

Grundig tækið sé næstum helmingi betra en Imperial tækið, þar sem hið fyrra fái 50 stig, en hið síðara 29. En bæði tækin fái hins vegar, eins og öll tækin í könnuninni, einkunnina „gott", en það hafi stefnandi ekki birt í auglýsingunni. Þetta sé ekkert annað en lævís brella, þar sem hér sé beinlínis verið að telja fólki trú um, að gæði Grundig tækja séu meiri en könnun tímaritsins gefi til kynna. Stefnandi hafi því notað virt neytendablað í heimildarleysi tl þess að segja væntanlegum kaupendum litsjónvarpstækja meira en könnunin fjallaði um.

Niðurstaða.

Fallast ber á það með stefnda, Neytendasamtökunum, að fréttatilkynning sú, sem stefnandi hefur krafist ómerkingar á, sé í meginatriðum sönn. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina, þar sem sönn ummæli verða ekki dæmd dauð og ómerk.

Varakrafa stefnanda lýtur að tveimur setningum í grein þessari. Fyrri setningin er þannig: „Hitt er þó alvarlegra, að í auglýsingunni er farið mjög frjálslega með staðreyndir og dregnar skakkar ályktanir af gefnum forsendum." Í hinni umdeildu auglýsingu stefnanda var því haldið fram, að Grundig hefði orðið nr. eitt í könnun vestur-þýska neytendablaðsins Test. Í máli þessu er í ljós leitt, að þessi fullyrðing, sem er langmest áberandi í nefndri auglýsingu, sé röng. Grundig tækið, sem prófað var, fékk hæstu einkunn ásamt tækinu ITT Schaub-Lorenz Digitimer Ideal Color 1789. Einnig er þess að geta, að í auglýsingunni er ekki tekið fram, að einungis hafi verið prófað eitt ákveðið tæki frá Grundig verksmiðjunum. Þegar þetta er virt, er ljóst, að svo mikill sannleikur felst í nefndri setningu, að krafa stefnanda um ómerkingu hennar verður ekki tekin til greina.

Síðari setningin er þannig: „Auglýsandinn beitir síðan þeirri lævísu brellu að leggja saman plúsa og draga síðan mínusa frá og þykist þannig vera búinn að finna út einkunnina sem tækið fær."

Með umræddri stigatöflu, sem virðist hafa verið búin til af auglýsandanum, var Grundig tækinu ekki gert svo hátt undir höfði, að blekking megi teljast, þar sem það hlaut einmitt plúsa fyrir þá þætti, sem vógu þyngst, t. d. myndgæði. Með þessari setningu gefur stefndi í skyn, að þessi aðferð sé í þessu tilviki í grundvallaratriðum röng.

Telja verður, að stefndi hafi hér tekið of sterkt til orða, en slíkt ber að varast í tilkynningum sem þessari.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að stefnandi hafi hér beitt lævísri brellu, og ber því að ómerkja setningu þessa, þar sem hún er óviðurkvæmileg.

Eftir þessari niðurstöðu verður krafa stefnanda um birtingarkostnað ekki tekin til greina, en rétt er að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 90.000 með hliðsjón af útlögðum kostnaði.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndi, Neytendasamtökin, greiði stefnanda, Nesco h/f, kr. 90.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. maí 1981.

Nr. 195/1979. **Jóhann Guðmundsson**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Hrólfi Ásvaldssyni og
Brunabótafélagi Íslands
og gagnsök
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 6. nóvember 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október s. á. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 7.000.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978

til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt að frádregnum 1.250.00 krónum.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 20. nóvember 1979. Krefjast þeir aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara krefjast þeir þess, að sök verði skipt og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að því er varðar sakarskiptingu.

Aðiljar eru sammála um, að verðmæti bifreiðar aðaláfrýjanda hafi verið 700.000 gamlar krónur fyrir árekstur inn, en verðmæti bílflaksins eftir árekstur inn hafi numið söluverðinu, 125.000 gömlum krónum, sem aðaláfrýjandi fékk greiddar. Nemur heildartjón aðaláfrýjanda þá 5.750.00 nýkrónum. Ber gagnáfrýjendum að greiða aðaláfrýjanda óskipt helming þeirrar fjárhæðar, 2.875.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til greiðsludags, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið andmælt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest. Rétt er, að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Hrólfur Ásvaldsson og Brunabótafélag Íslands, greiði aðaláfrýjanda, Jóhanni Guðmundssyni, 2.875.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest. Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda óskipt 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 25. apríl sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu,

birtri 6. febrúar sl., af Jóhanni Guðmundssyni, nú til heimilis að Smyrlahrauni 16, Hafnarfirði, gegn Hrólfi Ásvaldssyni, Holtagerði 42, Kópavogi, og Brunabótafélagi Íslands in solidum til greiðslu skaðabóta vegna tjóns, er varð á bifreið stefnanda, G 1486, í árekstri við bifreið stefnda Hrólfs, Y 5663, þann 2. nóvember 1978.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði kr. 700.000 með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum kr. 125.000, sem fengist hafi fyrir flak bifreiðar stefnanda við sölu í byrjun apríl sl.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur verði lækkaðar í samræmi við það og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefndi Brunabótafélag Íslands er ábyrgðartryggjandi bifreiðar stefnda Hrólfs.

Sáttaumleitanir dómsins urðu árangurslausar.

Málavextir.

Árekstur varð með bifreiðum stefnanda og stefnda Hrólfs, sem þeir óku sjálfir, um kl. 1900 fimmtudaginn 2. nóvember sl., á mótum Hafnarfjarðarvegar, Sæbólsvegar og útkeyrslu frá Nesti við Hafnarfjarðarveg í Fossvogi. Stefnandi ók bifreið sinni, sem var Sunbeam fólksbifreið, frá bensínafgreiðslunni við Nesti og áleiðis að Kringlumýrarbraut, þar sem hann hugðist aka til Hafnarfjarðar. Til þess að komast inn á Kringlumýrarbrautina þarna þurfti hann að aka fram hjá gatnamótum Sæbólsvegar og Hafnarfjarðarvegar og aka í rennu þá, sem liggur af Hafnarfjarðarveginum inn á vestari akbraut Kringlumýrarbrautar. Hann þekkti vel aðstæður, þar sem hann tekur iðulega bensín á bifreið sína í Nesti og ekur síðan sem leið liggur út á Kringlumýrarbrautina. Að eigin sögn ók hann hægt og varlega og leit til beggja átta, en sá enga umferð. Hann ók því áfram út á Hafnarfjarðarveginn og tók stefnu að stansmerkinu við Kringlumýrarbrautina, en sá þá allt í einu bifreið koma frá hægri, og skall bifreiðin á bifreið hans, og var það bifreið stefnda Hrólfs. Stefndi Hrólfur ók sinni bifreið, Volga fólksbifreið, frá Kársnesbraut eftir Sæbólsvegi áleiðis að Hafnarfjarðarvegi til Reykjavíkur. Hann gerþekkti einnig aðstæður og ók þessa leið á hverjum degi. Nú var ljósatími, og hann hafði ljós á bifreið sinni. Dóttir hans sat í framsæti við hlið hans, og piltur var farþegi í aftursæti.

Stefndi ók eftir Sæbólsvegi, hvorki hratt né hægt að eigin sögn, og fram undan sá hann Hafnarfjarðarveginn til Reykjavíkur alveg auðan og enga umferð á honum. Hann leit að Nesti og tók ekki eftir bifreiðum þar. Hann dró ekki verulega úr ferðinni, er hann kom að gatnamótum Sæbólsvegar og Hafnarfjarðarvegar, en athygli hans var talsvert bundin við slæma holu, er hann vissi vera þar á gatnamótunum sem mætast mölin og malbikið. Skyndilega varð hann var við, að dóttir hans hrópaði upp varúðarorð, en þá var örstutt í bifreið, sem var að koma fyrir hann. Hann reyndi að sveigja bifreið sinni til hægri og hemla, en bifreið hans lenti á framhlið hinnar bifreiðarinnar, sneri henni, hélt áfram yfir malar-„eyju", sem skilur Hafnarfjarðarveg og Kringlumýrarbraut, og staðnæmdist á Kringlumýrarbrautinni. Skemmdir á bifreiðunum urðu talsverðar. Hægri framhluti bifreiðar stefnanda skemmdist þannig, að hægri hurðin dældaðist svo og frambrettið og framhöggvarinn, en bifreið stefnda gekk öll inn að framan, þannig að bæði frambrettin dældust og framhlutinn að vatnskassa. Bifreið stefnanda var óökufær eftir áreksturinn, og er ágreiningslaust í málinu, að viðgerðarkostnaður, kr. 778.000, hafi verið hærri fjárhæð en nemur verðmæti bifreiðarinnar fyrir árekstur, kr. 700.000.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um verðmæti bifreiðar hans fyrir áreksturinn, kr. 700.000, að frádregnum kr. 125.000, sem fengist hafi fyrir flakið. Byggir hann kröfu sína á því, að stefndi Hrólfur eigi alla sök á árekstrinum, þar sem hann hafi ekki virt biðskyldu á Sæbólsvegi við gatnamótin. Stefndi Brunabótafélag Íslands, sem sé í fyrirsvari fyrir stefndu, hafi ekki viljað fallast á þetta og því hafi orðið að höfða málið. Biðskyldumerki sé á Sæbólsvegi við gatnamótin og hafi stefnda Hrólfi því borið að víkja fyrir bifreið stefnanda. Meginmálsástæða stefnanda sé sú, að bifreið hans hafi verið á Hafnarfjarðarvegi, er bifreið stefnda hafi verið ekið á hana af Sæbólsvegi. Þarna sé því augljóslega um brot á aðalbrautarrétti að ræða og beri stefndi í slíku tilfelli fulla sök. Til vara, sé ekki á það fallist, að stefnandi hafi verið á Hafnarfjarðarvegi, þegar áreksturinn varð, heldur í þann veginn að aka inn á Hafnarfjarðarveg, þá bendi stefnandi á, að hann hafi mátt treysta því, að bifreið stefnda og önnur umferð af Sæbólsvegi viki fyrir honum vegna biðskyldumerkisins á Sæbólsvegi og skipti þá ekki máli, þótt útakturinn frá Nesti sé ekki aðalbraut. Í 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 segi berum orðum, að þar sem sett hafi verið biðskyldu-

merki, skuli sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inn á eða yfir, hvort sem um aðalbraut sé að ræða eða ekki. Þetta sé skýrt orðað og ekki fari á milli mála, að þarna hafi stefndi því átt að víkja skilyrðislaust fyrir allri umferð, þar sem hann hafi haft biðskyldumerkið á móti sér. Þessi skýra regla taki af allan vafa um, hvernig umferðarrétturinn sé þarna á gatnamótunum. Stefndi beri hins vegar fyrir sig, að stefnandi hafi komið frá einkavegi og því hafi honum borið að víkja. Um það fjalli reyndar 5. mgr. sömu 48. gr. umferðarlaganna og þar segi, að þeir, sem aki frá einkavegum, skuli víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið sé inn á. Á þessum tveimur reglum sé svo mikill orðalagsmunur, að með samanburðarskýringu sé ljóst, að miklu ríkari skylda hvíli á þeim, sem sé við biðskyldumerki, heldur en þeim, sem aki af einkavegi, þar sem ekkert biðskyldumerki sé. Stefnandi hafi í akstri sínum ekið frá einkaveginum hjá Nesti inn á Hafnarfjarðarveginn og hafi vikið fyrir umferð um hann skv. 5. mgr. 48. gr., en hann hafi ekki átt að víkja fyrir umferð, sem hafði biðskyldumerki. Auk þessa sé í ljós leitt, að stefndi Hrólfur sé fatlaður og hafi fötlun hans gert honum erfitt um vik við að stöðva bifreiðina og hafi það átt sinn þátt í því, að áreksturinn varð.

Stefndu styðja kröfur sínar þeim rökum, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á árekstrinum, þar sem honum hafi borið að víkja fyrir bifreið stefnda skv. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga, þar sem hann hafi komið af einkaveginum við Nesti. Stefndi hafi ekið eftir vegi, sem nefnist Hafnarfjarðarvegur norðan suðurmarka athafnasvæðis Nestis, en Sæbólsvegur sunnan þeirra og þetta sé sami vegurinn. Biðskyldumerkið við Sæbólsveg taki aðeins til umferðar suður Hafnarfjarðarveg í átt að Kringlumýrarbraut, en ekki til umferðar frá Nesti inn á Hafnarfjarðarveg. Stefnandi hafi ekki verið kominn á Hafnarfjarðarveg þegar áreksturinn varð, en það skipti hér ekki máli, þar sem umferð á veginum njóti sama forgangs gagnvart umferð frá einkaveginum.

Niðurstaða.

Ekki verður fallist á það með stefndu, að Sæbólsvegur og Hafnarfjarðarvegur séu einn og sami vegurinn. Hafnarfjarðarvegurinn, sem áður var kallaður Reykjanesbraut, hélt áfram á þessum stað undir núverandi Kringlumýrarbraut. Sæbólsvegur hefur lengi tengst gamla Hafnarfjarðarveginum á þessum sama stað, og var biðskyldumerkið sett þarna við gatnamótin árið

1958. Nesti var byggt árið 1956, og er óumdeilt, að akstursbrautir við það séu einkavegir í skilningi umferðarlaga.

Af teikningum lögreglu af vettvangi eftir árekstur inn og af rannsókn dómsins, lögmanna og aðilja á vettvangi verður ráðið, að bifreiðarnar hafi rekist saman á mörkunum, þar sem mætast þrjár akbrautir, Hafnarfjarðarvegur, Sæbólsvegur og einkavegurinn frá Nesti. Aðiljar ætluðu báðir að aka bifreiðum sínum inn á Hafnarfjarðarveg, og hafði stefndi biðskyldu vegna biðskyldumerkis, og stefnanda var einnig skylt að víkja, þar sem hann kom af einkavegi. Þeir áttu að sjá hvor annan, en hvorugur sá hinn, og verður ekki af málavöxtum ráðið, hvor hafi sýnt meiri óaðgæslu. 3. og 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga fjalla um akstur aðilja, og á reglum þessum er orðalagsmunur, sem stefnandi hefur bent á. Orðalagsmunur þessi verður ekki talinn svo mikill, að sýnt sé, að akstur frá einkavegi hafi umferðarrétt gagnvart akstri, þar sem biðskyldumerki er, þar sem slíkar leiðir mætast. Verður því ekki talið, að annar aðilja hafi átt að víkja fyrir hinum við þessar aðstæður, og verður heldur ekki talið, að regla 1. mgr. 48. gr. um varúð til hægri skeri hér úr. Aðiljum bar því báðum að gæta fyllstu varúðar, og þeir máttu ekki aka inn á Hafnarfjarðarveg, fyrr en öll umferð var farin fram hjá. Þeir verða því taldir bera jafna sök á árekstrinum, og verður stefndu þannig gert að bæta stefnanda tjón hans að hálfu.

Stefndu verður því gert að greiða stefnanda kr. 350.000 með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til 2. apríl 1979, en af kr. 225.000 frá þeim degi til greiðsludags, að frádregnum kr. 125.000. Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 125.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Hrólfur Ásvaldsson og Brunabótafélag Íslands, greiði stefnanda, Jóhanni Guðmundssyni, kr. 350.000 með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 2. nóvember 1978 til 2. apríl 1979, en af kr. 225.000 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 125.000 í málskostnað, að frádregnum kr. 125.000, innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maí 1981.

Nr. 107/1981. **Þráinn Sigtryggsson**
Ása Haraldsdóttir
Haraldur Þráinsson og
Stálvinnslan h/f
gegn
Grími Sigurðssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. apríl 1981, sem barst Hæstarétti 28. s. m. Gera þeir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðiljanna Þráins Sigtryggssonar, Ásu Haraldsdóttur og Haralds Þráinssonar.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðiljarnir Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson greiði varnaraðilja óskipt 1.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljarnir Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson greiði varnaraðilja, Grími Sigurðssyni, 1.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 27. mars 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 17. þ. m., hefur Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður f. h. stjórnar Stálvinnslunnar h/f, Reykjavík, vegna félagsins höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 20. desember 1979.

Stefndi er Grímur Sigurðsson, Lágholti 13, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Allar fjárhæðir í dómi þessum verða í gömlum krónum nema í dómsorði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að „rift sé samningi málsaðila frá 4. febrúar 1976 um sölu stefnanda á 8 hlutabréfum í Stálvinnslunni h. f. til stefnda fyrir verð að fjárhæð kr. 1.342.800 og með þeim kjörum, er nánar greinir í samningi þessum, en gegn endurgreiðslu á kr. 350.000, sem stefndi hefur greitt upp í kaupverð þetta".

Til vara krefst stefnandi þess, að dæmt verði, að hlutabréfin 8 séu eign Stálvinnslunnar h/f sem forkaupsréttarhafa gegn greiðslu á kr. 407.200 til stefnda.

Þá verði stefnda og gert að greiða stefnanda málskostnað, hver sem málsúrslit verða.

Stefndi gerir þá dómkröfu aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 9. júlí 1980, var frávísunarkröfunni hrundið að svo stöddu, en málskostnaðarákvörðun látin bíða endanlegs dóms.

Frá því frávísunarkröfu stefnda var hrundið að svo stöddu með úrskurði þess dómara, sem þá fór með málið, hefur verið upplýst m. a., hvernig staðið var að þeim fundi, sem Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson byggja málssóknarumboð sitt á. Er því rétt að svo komnu, að frekari meðferð um efni máls fari ekki fram og formhlið málsins leidd til lykta.

Málið var sótt og varið að nýju 17. þ. m. um frávísunarkröfu stefnda, og er það atriði hér til dóms eða úrskurðar.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 4. febrúar 1976, seldi Stálvinnslan h/f stefnda, Grími Sigurðssyni, 8 hlutabréf í félaginu. Umsamið kaupverð hlutabréfanna var kr. 1.342.800 og skyldi greiðast þannig:

„1. Kaupandi tekur að sér að greiða sem eigin skuld víxil samþykktan af Stálvinnslunni h/f að fjárhæð kr. 100.000.00 pr. 1. mars 1976.

2. Kaupandi tekur að sér að greiða sem eigin skuld víxil samþykktan af Stálvinnslunni h/f að fjárhæð kr. 100.000.00 pr. 1. apríl 1976.

3. Kaupandi tekur að sér að greiða kr. 50.000.00 af víxli að fjárhæð kr. 150.000.00 pr. 1. maí 1976, en víxill þessi er samþykktur af Stálvinnslunni h/f.

4. Kaupandi samþykkir víxil að fjárhæð kr. 92.800.00 með gjalddaga hinn 1. sept. 1976.

Þannig greiðir kaupandinn með víxilskuldbindingum kr. 342.800.00.

5. Þá tekur kaupandinn að sér að greiða kr. 1.000.000.00 eða helming veðskuldabréfs, er Stálvinnslan h/f gaf út hinn 5. des. 1975. Bréf þetta ber 14% ársvexti, 10 ára bréf, og skuldbindur kaupandi sig til að greiða vexti hlutfallslega af nefndu bréfi. Kaupandi hefur kynnt sér efni veðskuldabréfsins.“

Tekið er fram í samningnum, að þessi 8 hlutabréf hafi, áður en þau komust í eigu félagsins, verið 7 í eigu Haralds Haraldssonar og 1 í eigu Vigdísar Hannesdóttur og afhending bréfanna muni fara fram samkvæmt nánara samkomulagi. Tveir stjórnarmenn félagsins, þeir Þorsteinn Hörður Björnsson, Bugðulæk 17, Reykjavík, formaður félagsstjórnarinnar, og Þráinn Sigtryggsson, Kleppsvegi 130, Reykjavík, meðstjórnandi, undirrita samninginn svo og stefndi, Grímur Sigurðsson.

Á samning þennan ritar stefndi framsal, dags. 11. október 1979, til Ragnars M. Magnússonar, Stekkjarflöt 21, Garðakaupstað.

Til grundvallar framsalinu er kaupsamningur þeirra, dags. sama dag, þar segir m. a.:

1. gr. „Seljandi selur hér með og kaupandi kaupir hér með allan hlut seljanda, nánar tiltekið 1/3, einn þriðja hluta í Stálvinnslunni h.f., Súðavogi 4 í Reykjavík.“

2. gr. „Innifalið í samningi þessum er einnig hluti seljanda í plast vél svo og hluti hans í loka ofl., á loftpressu, svo og annað, sem hann kann að hafa lagt til handa fyrirtækinu.“

3. gr. „Afhending alls hins selda fer fram við undirskrift samnings þessa, þ. e. a. s. 11. Okt. 1979.“

6. gr. „Hlutabréf seljanda eru í vörslu Stálvinnslunnar h.f., og skal kaupandi hér með eiga fullan rétt til afhendingar þeirra

frá og með staðfestingu þessa samnings, enda hefur framkvæmdastjóri Stálvinnslunnar h.f., sem og er einn af eigendum sama fyrirtækis, þegar veitt samþykki sitt fyrir sölu til kaupanda í viðurvist bæði seljanda og kaupanda."

8. gr. „Umsamið kaupverð alls hins selda eru kr. 1.400.000.00, Ein milljón og fjögur hundruð þúsund krónur, og greiðast kr. 600.000.00, Sex hundruð þúsund krónur, við staðfestingu þessa samnings og eftirstöðvarnar í fjórum jöfnum afborgunum eða kr. 250.000.00 hverri og með venjulegum banka víxil vöxtum eins og þeir eru á greiðslu degi á hverjum tíma. Greiðsludagarnir eru: 1. Mars 1980, 1. Júní 1980, 1. Sept. 1980 og 1. Nov. 1980."

Frammi liggur í málinu yfirlýsing, sem ber með sér að hafa verið gerð í Reykjavík í nóvember 1979. Yfirlýsingin er undirrituð af stefnda og Ragnari M. Magnússyni og hljóðar svo: „Við undirritaðir Ragnar Magnússon og Grímur Sigurðsson höfum orðið ásáttir um að láta ganga til baka kaup Ragnars á hlutabréfum Gríms í Stálvinnslunni h.f."

Hinn 5. desember 1979 sendi Þráinn Sigtryggson, framkvæmdastjóri Stálvinnslunnar h/f, stefnda svohljóðandi símskeyti: „Vegna vanefnda þinna á kaupsamningi við Stálvinnsluna h/f 4. febrúar 1976 er hlutabréfasölunni riftað, og verður hlutabréfunum ráðstafað eftir ákvörðun hlutafélagsins."

Félagið Stálvinnslan h/f var stofnað 30. júní 1962. Samþykktir félagsins eru dagsettar sama dag. Hlutafé var og er að nafnverði kr. 150.000 og skiptist í 30 jafna hluti. Hvert hlutabréf er þannig að fjárhæð kr. 5.000. Stofnendur voru fimm talsins. Félagið var skráð í firmaskrá Reykjavíkur 1. nóvember 1962. Síðan er ekkert skráð um félagið í firmaskrá fyrr en 27. desember 1969. Þá er stjórn félagsins þannig skipuð: Þorsteinn Hörður Björnsson, Bugðulæk 17, Reykjavík, formaður, Þráinn Sigtryggsson, Kleppsvegi 130, Reykjavík, og Ómar Haraldsson, Hólmgarði 5, Reykjavík, meðstjórnendur, og Haraldur Á. Haraldsson, Hólmgarði 5, Reykjavík, varamaður.

Næsta skráning í firmaskrá fer fram 6. desember 1979, en þá var komið til þeirrar deilu, sem er tilefni málssóknarinnar og deilu um hlutabréf Þorsteins Harðar Björnssonar, sem um var fjallað í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Verður vikið að því atriði síðar. Skráningin 6. desember 1979 er byggð á tilkynningu um aðalfund félagsins 5. desember 1979. Á þeim fundi, sem Þráinn Sigtryggsson boðaði til, var hann kosinn formaður, Ása Haraldsdóttir, eiginkona hans, og Haraldur Þráinsson, sonur þeirra

hjóna, meðstjórnendur og Sigurbjörg Þráinsdóttir, dóttir þeirra hjóna, Dalseli 35, Reykjavík, varamaður. Auk þeirra, sem nú voru nefnd og mætt voru á fundinum, hafði Þráinn aðeins boðað Kristjönu Þráinsdóttur, aðra dóttur þeirra hjóna. Hann hafði ekki boðað Þorstein Hörð Björnsson, formann félagsstjórnar, eiganda 8 hlutabréfa, og stefnda, Grím Sigurðsson, sem gert hafði samning þann við Stálvinnsluna h/f um kaup á 8 hlutabréfum, sem að framan greinir.

Fundarmenn höfðu því aðeins yfir að ráða 8 hlutabréfum Þráins Sigtryggssonar, en 6 hlutabréf voru í eigu félagsins. Á þessum fundi var bókað, að stefndi hefði ekki staðið við greiðsluskyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum við Stálvinnsluna h/f 4. febrúar 1976 og því aldrei fengið hlutabréfin afhent. Bókað er eftir Þráni, að hann hafi sent stefnda símskeyti um, að þeim samningi væri rift. Þráinn lét þess getið í fundargerð, að hann hefði framselt fjögur hlutabréf af hlutafjáreign sinni til nefndra þriggja barna sinna og eiginkonu. Skráðir stjórnendur væru auk sín áðurnefndur Ómar Haraldsson og Þorsteinn Hörður Björnsson, sem nú hafi tilkynnt, að hann telji sig ekki lengur eiga hlut í félaginu og sé því óhugsandi, að hann gegni áfram stjórnarstörfum. Stjórnin, sem kosin var á fundinum 5. desember 1979, stendur að málshöfðun þessari vegna Stálvinnslunnar h/f og byggir umboð sitt á þeirri kosningu.

Fyrir 5. desember 1979 er síðast skráður stjórnarfundur í gerðabók Stálvinnslunnar h/f þann 5. desember 1975. Þar var gengið frá samningum um sölu á hlutabréfum Haralds Haraldssonar, Ómars Haraldssonar og Vigdísar Hannesdóttur, sem öll hafa áður verið nefnd. Haraldur Haraldsson, Þorsteinn H. Björnsson og Þráinn Sigtryggsson undirrita þá fundargerð. Eftir það munu hluthafar hafa verið orðnir of fáir og þeir Þorsteinn og Þráinn tveir eftir í stjórn félagsins, þar sem stjórnarmaðurinn Ómar og varastjórnarmaðuinn Haraldur voru gengnir úr félaginu. Hvað varðar stjórn félagsins var þetta óbreytt, er fundurinn 5. desember 1979 var haldinn.

Verður nú vikið að þeirri deilu, sem reis um hlutafé Þorsteins H. Björnssonar. Það er áður fram komið, að samningur Ragnars M. Magnússonar og stefnda um hlutabréf stefnda Gríms er dagsettur 11. október 1979. Þorsteinn mun um nokkurt skeið hafa viljað losna við hluti sína 8 að tölu. Þegar kom fram á árið 1979, fékk hann boð í þá hluti frá nefndum Ragnari. Ragnar hafði þá í um það bil tveggja ára skeið selt síldarflokkunarvélar fyrir

Stálvinnsluna h/f í umboðssölu. Kaupsamningur Ragnars og Þorsteins um hlutabréf Þorsteins er dagsettur 12. október 1979. Umsamið kaupverð var kr. 2.469.780, og mun það hafa verið greitt að mestu. Í máli þessu hefur verið lögð fram yfirlýsing Þorsteins Harðar Björnssonar, dags. 19. nóvember 1979, sem jafnframt var lögð fram í máli því, sem Þráinn Sigtryggsson höfðaði gegn honum fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Í yfirlýsingunni segir: „Þar sem ég undirritaður Þorsteinn Hörður Björnsson, Bugðulæk 17, Reykjavík, hef selt minn hlut í Stálvinnslunni h.f., Súðavogi, Reykjavík, og með fullu samþykki Þráins Sigtryggssonar, Kleppsvegi 130, Reykjavík, til Ragnars M. Magnússonar, Stekkjaflöt 21, Garðabæ, og þar sem sami aðili hefur einnig keypt hlut Gríms Sigurðssonar, Langholti 13, Mosfellssveit, með fullu samþykki frá mér og Þráni og þar sem ekki hefur verið haldinn hluthafafundur hjá Stálvinnslunni á nokkrum undanförnum árum, þá tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að Ragnar M. Magnússon komi í minn stað sem stjórnarformaður Stálvinnslunnar með tilheyrandi skyldum og réttindum, og gef til þess mitt samþykki, svo hann geti sem best gætt sinna hagsmuna.

Það er þó ósk mín, að Ragnar M. Magnússon boði hið allra fyrsta til fundar hluthafa Stálvinnslunnar h.f., svo að ný og lögleg stjórn geti tekið til starfa í fyrirtækinu, og það hið allra fyrsta.“ Undir þetta rita einnig stefndi og Ragnar M. Magnússon sem samþykkir yfirlýsingunni.

Fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur gerði stefnandinn Þráinn Sigtryggsson þá kröfu, „að sala og framsal stefnda, Þorsteins Harðar, á 8 hlutabréfum í Stálvinnslunni h.f. til stefnda, Ragnars Magna, þann 12. október 1979“ yrði dæmt ógilt. Enn fremur krafðist hann þess, að Þorsteini og Ragnari yrði sameiginlega gert skylt að afhenda sér hlutabréfin gegn greiðslu á andvirði þeirra, kr. 2.469.700, til Þorsteins og Þorsteini yrði gert að rita framsal á hvert þessara 8 hlutabréfa til sín. Með dómi í því máli þann 24. júní 1980 var þessi sala ógilt, þar sem formlega lögleg samþykkt félagsstjórnar á sölunni lá ekki fyrir, en stefndi í því máli hélt því fram, að stjórn félagsins hefði samþykkt þessa sölu, og vitnaði til stjórnarfundar 6. desember 1979, sem greindur verður. Meðan svo var og ekki lá fyrir um rétt annarra hluthafa, var ekki fjallað um aðra hluta kröfu stefnandans og stefndu Þorsteinn og Ragnar sýknaðir að svo stöddu af þeim kröfum. Þeim dómi var ekki áfrýjað.

Hinn 6. desember 1979 boðaði Þorsteinn Hörður Björnsson til fundar í stjórn Stálvinnslunnar h/f. Þráinn Sigtryggsson var boðaður til þess fundar, en mætti ekki. Í fundargerð, sem lögð hefur verið fram, segir, að fundurinn hafi verið boðaður samkvæmt áskorun Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns Þráins Sigtryggssonar, hinn 29. nóvember 1979, til Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns Þorsteins H. Björnssonar, „um, að haldinn yrði aðalfundur tafarlaust." Þætti rétt og skylt, að þessi stjórnarfundur færi fram til að ákveða um aðalfundinn. Stefndi og Ragnar M. Magnússon voru viðstaddir þennan fund ásamt fleirum. Í nefndum dómi sjó- og verslunardóms Reykjavíkur er því slegið föstu, að löglega hafi verið boðað til þessa fundar samkvæmt 2. mgr. 18. gr. félagssamþykkta. Ekki eru efni til að rekja frekar efni fundargerðarinnar, nema hvað bókað er eftir Þorsteini og raunar einnig áðurnefndum Ómari Haraldssyni, sem sat þennan fund, að þeir telji kaupsamning stefnda Gríms Sigurðssonar og Stálvinnslunnar h.f. í fullu gildi og álykti, að honum séu afhent hlutabréfin með framsali stjórnarinnar. Riftun í greindu símskeyti sé ekki á rökum reist.

Þorsteinn Hörður Björnsson hefur nú höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur „til slita á Stálvinnslunni h.f., Súðarvogi 4, Reykjavík, skv. 115. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, ...".

Stefndi byggir kröfu sína um frávísun málsins frá dóminum á því, að fundurinn, sem Þráinn Sigtryggsson stóð að og haldinn var 5. desember 1979 sem aðalfundur Stálvinnslunnar h/f, hafi verið ólöglegur. Sú stjórn, sem standi að málssókn þessari í nafni félagsins, sé því ólögleg og skorti umboð til málshöfðunarinnar vegna félagsins. Telja verði alveg ótvírætt samkvæmt 7. gr. samþykkta félagsins, að stjórn félagsins ein geti boðað til hluthafafunda. Að fundinum hafi aðeins staðið Þráinn Sigtryggsson stjórnarmaður og fjölskylda hans, eigendur 8 hlutabréfa. Þessir aðiljar hafi að sjálfsögðu ekkert vald haft til að efna til aðalfundar með þeim hætti sem gert var. Atkvæðisbært hlutafé hafi verið 24 bréf af 30, þar sem 6 hafi verið í eigu félagsins. Samkvæmt þessu hafi hluthafar 16 bréfa ekki verið boðaðir á fundinn og í því sé fólgið brýnt brot á 8. gr. samþykkta félagsins og 7. gr. samþykktanna. Er málið var flutt fyrra sinni um þennan þátt málsins, gerði stefndi þá kröfu, að Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson yrðu dæmd til að greiða

stefnda málskostnað persónulega og in solidum. Stefndi hefur ítrekað þessa kröfu og byggir hana á því, að þau skipi ekki stjórn félagsins og séu því með persónulega aðild að málinu.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og stefnda verði jafnframt gert að greiða málskostnað í þessum þætti málsins. Stefnandi byggir á því í fyrsta lagi, að dómurinn sé bundinn af fyrri úrskurði, þar sem frávísunarkröfunni var hrundið að svo stöddu. Í öðru lagi byggir stefnandi á því, að fundurinn 5. desember 1979 hafi verið löglegur og lögleg stjórn standi að málssókninni fyrir hönd félagsins. Félagið sé aðili að máli þessu. Á þessum tíma hafi stefndi ekki verið fullgildur hluthafi né heldur Þorsteinn Hörður Björnsson, sem selt hafi hlutabréf sín. Forkaupsréttur verði virkur við sölu hlutabréfa. Samkvæmt því hafi 16 hlutabréf þeirra tveggja ekki verið atkvæðisbær samkvæmt 7. gr. samþykkta félagsins. Þráinn Sigtryggsson hafi því einn verið eftir í stjórn félagsins og aðeins hann og hans fjölskylda hluthafar. Enginn hafi getað komið fram fyrir önnur hlutabréf. Í þriðja lagi byggir stefnandi á því, að eins og hér standi á, sé erfitt að hafa mið af lögum um hlutafélög og samþykktum félagsins. Líta verði á afstöðu og aðgerðir Þráins Sigtryggssonar, framkvæmdastjóra félagsins, út frá neyðarréttarsjónarmiðum vegna skyldna hans gagnvart félaginu. Þá hafi enginn getað boðað til fundar í félaginu nema hann.

Í III. kafla samþykkta Stálvinnslunnar h/f eru ákvæði um félagsfundi, og segir þar í 7. gr.: „Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í félaginu í öllum félagsmálum með takmörkum þeim, sem þessar samþykktir setja. Til þess að félagsfundir séu lögmætir, verða að vera mættir á fundinum hluthafar, er hafa yfir að ráða a. m. k. þrem fimmtu af atkvæðisbæru hlutafé."

Samkvæmt 8. gr. skal stjórn félagsins boða til aðalfundar með 14 daga fyrirvara með „tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða símskeyti til hvers einstaks hluthafa. Í fundartilkynningu skal skýrt frá, hvert fundarefni sé."

Í 10. gr. segir: „Rétt til að sækja fundi félagsins hafa hluthafar félagsins og umboðsmenn þeirra. Í byrjun hvers fundar skal rannsaka, hvort fundarmenn hafi rétt til að sitja hann og greiða atkvæði. Eitt atkvæði er fyrir hverjar 5000 krónur, sem hluthafi á í félaginu. Þó má enginn hluthafi fara með meira en 1/5 atkvæða."

Í 11. gr. segir: „Aðaltillögur þær, sem komið er með fram á fundi, skulu vera til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins

2 dögum fyrir fundinn. Þó má gera undantekningu frá þessu á fundi með 3/4 greiddra atkvæða. Dagskrá fyrir fundinn skal látin liggja frammi á skrifstofu félagsins jafn langan tíma. Viðauka og breytingartillögur, er löglega eru bornar fram, má bera upp á fundinum sjálfum, þótt hluthöfum hafi ekki áður verið gefinn kostur á að kynna sér þær.

Tveim vikum fyrir hvern aðalfund félagsins skal reikningur félagsins fyrir hið liðna ár ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar vera til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins."

Í IV. kafla samþykktanna eru fyrirmæli um stjórn félagsins. Kemur þar fram í 17. gr., að stjórn félagsins skipi þrír hluthafar, sem skuli kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Þá skal kosinn einn varastjórnandi til eins árs í senn, og tekur hann sæti í stjórninni í forföllum stjórnanda.

Í 18. gr. segir: „Stjórnin kýs sér formann, varaformann og ritara og skiptir með sér störfum að öðru leyti og ákveður jafnframt, með hve löngum fyrirvara og hvernig boða skuli til stjórnarfunda. Fundinum stýrir formaður eða varaformaður. Ræður afl atkvæða. Fundarstjóri hefur atkvæðisrétt og neytir hans sem aðrir fundarmenn. Nú eru jöfn atkvæði, og skal þá talinn meirihluti, er hefur atkvæði formanns sín megin.

Stjórnin heldur fundi, þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, þegar meðstjórnandi eða endurskoðandi krefjast þess. Stjórnarfundi skal halda í Reykjavík. Það, sem gerist á stjórnarfundum, skal bókast í gerðabók félagsins, og ritar stjórnin undir.

Ályktanir, sem gerðar eru á stjórnarfundum, eru gildar, þegar 2 stjórnendur hafa sótt fundi. Stjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda og getur skuldbundið félagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum og þar á meðal selt þær og veðsett. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til slíkrar sölu eða veðsetningar.

Stjórnin hefur almenna umsjón með rekstri félagsins og fjárhag þess. Hún ræður framkvæmdastjóra, ef þörf þykir, og vísar honum frá.

Framkvæmdastjóri má eiga sæti í stjórn félagsins. Framkvæmdastjóri skal jafnan leita úrskurðar stjórnarinnar um mikilsverð málefni, sem félagið varðar. Undirskrift tveggja stjórnenda er skuldbindandi fyrir félagið gagnvart öðrum, nema um sölu eða veðsetningu fasteigna sé að ræða."

Ekki verður fallist á þá málsástæðu stefnanda, að dómurinn sé, eins og hér stendur á, bundinn af greindum úrskurði um frávísunarkröfu stefnda, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt 8. gr. samþykkta Stálvinnslunnar h/f er það stjórn félagsins, sem boðar til aðalfundar. Skal stjórnin boða hvern einstakan hluthafa. Þannig var ekki boðað til fundarins 5. desember 1979, og það er félagsfundur, sem rannsakar, hvort fundarmenn hafi rétt til að sitja fundinn og greiða atkvæði, sbr. 10. gr. félagssamþykktanna. Því er eigi haldið fram, að meðstjórnandinn Þráinn Sigtryggsson hafi árangurslaust skorað á Þorstein Hörð Björnsson, formann félagsstjórnar, að halda stjórnarfund, sbr. 2. mgr. 18. gr. samþykktanna. Samkvæmt þessu var fundurinn 5. desember 1979 ekki lögmætur aðalfundur Stálvinnslunnar h/f, og eigi hefur verið fram á það sýnt, að önnur atvik breyti þeirri niðurstöðu. Er því ljóst, að sú kosning, sem Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson byggja umboð sitt á, veitir þeim ekki vald til að binda Stálvinnsluna h/f í máli þessu. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma Þráin Sigtryggsson, Ásu Haraldsdóttur og Harald Þráinsson til að greiða stefnda in solidum 350.000 krónur í málskostnað, og er þá tekið tillit til málskostnaðar vegna fyrri flutnings málsins.

Dóm þennan kváðu upp Hlöðver Kjartansson, fulltrúi sýslumanns, og meðdómendur Helgi V. Jónsson, hæstaréttarlögmaður og löggiltur endurskoðandi, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson, greiði stefnda, Grími Sigurðssyni, in solidum 3.500 nýkrónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. maí 1981.

Nr. 103/1981. **Valdstjórnin**
gegn
Svönu Rósamundu Thompson.

Kærumál. Barnaverndarmálefni. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tölulið 1. málsgr. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Kæran er dagsett 12. apríl 1981 og barst Hæstarétti 15. s. m. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Frá sóknaraðilja hefur engin greinargerð borist.

Héraðsdómarinn hefur sent Hæstarétti athugasemdir með kærumálinu, sbr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, og barst hið síðasta 6. þ. m.

I.

Krafa um, að mál þetta sætti meðferð í sakadómi Kópavogs, var uppi höfð af formanni félagsmálaráðs kaupstaðarins, en til félagsmálaráðs var stofnað þar með heimild menntamálaráðuneytisins 20. júní 1972, sbr. lög nr. 94/1969, 1. gr., sbr. og samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 112/1972, 24. gr. B, 3. tölulið. Kröfu þessa setti formaðurinn fram munnlega í sakadómi Kópavogs 11. apríl sl., og er bókað svo eftir honum í sakadómsbók: „Þar sem starfsmenn félagsmálastofnunar Kópavogskaupstaðar hafa orðið þess áskynja, að meðferð og aðbúnaður á barninu Íris Eddu sé mjög ábótavant, svo sem einnig hafi komið fram af viðtölum við kennara, ættingja og nábúa, þá tel ég nauðsynlegt að koma barninu af heimili sínu og í bráðabirgðafóstur, þar sem ég tel öryggi barnsins stafa hættu af frekari dvöl á heimilinu“.

II.

Upptök málsins að því er framangreinda kröfu varðar eru samkvæmt framlögðum gögnum bréf frá hálfsystur barnsins Írisar Eddu, Aldísar Elfu Gísladóttur, 11. apríl sl., þar sem hún fer þess á leit við „barnaverndaryfirvöld Kópavogskaupstaðar", að þau takist á hendur forsjá þriggja systkina sinna, þ. á m. barnsins Írisar Eddu, fæddrar 14. október 1972. Í framburði Aldísar Elfu í sakadómi Kópavogs sama dag lýsir hún að nokkru heimilishögum hjá varnaraðilja, móður sinni, og annmörkum þeim, sem hún telur vera á ráði hennar sem uppalanda barnsins.

III.

Málatilbúnaði af hálfu félagsmálaráðs var ábótavant, og var eigi úr bætt í meðförum héraðsdómara. Gögn máls eru um margt óglögg og ófullnægjandi. Upplýsingar skorti m. a. um afskipti félagsmálaráðs Kópavogskaupstaðar af máli þessu. Ekki verður ráðið af gögnum máls, að héraðsdómari hafi kvatt varnaraðilja fyrir dóm og veitt henni kost á að tjá sig um sakarefnið. Svo sem mál þetta lá fyrir héraðsdómara við uppkvaðningu úrskurðar, var eigi viðhlítandi lagagrundvöllur til að taka til greina kröfu formanns félagsmálaráðs Kópavogskaupstaðar. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða varnaraðilja 2.000.00 krónur í kærumálskostnað, en mál þetta er rekið sem opinbert mál, sbr. 2. tl. 2. gr. laga nr. 74/1974.

Það athugast, að varnaraðili er eigi nafngreindur í hinum kærða úrskurði, og er það andstætt ákvæði 2. málsgr. 166. gr. laga nr. 74/1974. Ekki orkar þó tvímælis, að úrskurðurinn beinist gegn varnaraðilja. Þá er málsgögnum hvorki lýst sem skyldi né þau tekin til röksamlegrar úrlausnar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Ríkissjóður greiði varnaraðilja, Svönu Rósamundu Thompson, 2.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 11. apríl 1981.

Ár 1981, laugardaginn 11. apríl, kl. 1845, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var af Þorgerði Erlendsdóttur, fulltrúa bæjarfógeta, upp kveðinn úrskurður þessi:

Málavextir eru þessir: Formaður barnaverndarnefndar Kópavogskaupstaðar, Snorri Konráðsson, hefur í dag beiðst þess fyrir sakadómi Kópavogs, að barnið Íris Edda, fædd 14. október 1972, verði tekin af heimili móður sinnar að Hamraborg 6 hér í bæ. Ástæður fyrir beiðni þessari eru þær m. a., að starfsmenn félagsmálastofnunar Kópavogs hafa orðið þess áskynja, að meðferð og aðbúnaði barnsins sé mjög ábótavant, og að þeir telji öryggi barnsins stafa hættu af frekari dvöl á heimilinu. Sama sinnis er einnig systir barnsins Aldís Elfa Gísladóttir, fædd 24. apríl 1955, sem hefur formlega farið þess á leit við barnaverndaryfirvöld Kópavogskaupstaðar með bréfi, dagsettu í dag, að þau taki forræði barnsins og tveggja systkina þess.

Af gögnum málsins má ráða, að heimilsaðstæður barnsins séu mjög bágbornar, svo og af því, að tvö eldri systkini þess dvelja nú hjá systur þeirra Aldísi Elfu, annað eftir að hafa flúið af heimili sínu sl. þriðjudag.

Meðal annars með vísan til þessa svo og 22., 26. og 45. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og unglinga þykja nægar ástæður vera fyrir hendi, til að barnaverndaryfirvöldum verði hemilað að sækja barnið Íris Eddu með valdi, ef þörf krefur, inn á heimili móður hennar að Hamraborg 6 hér í bæ, enda virðast ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki vera því til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Barnaverndaryfirvöldum Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka barnið Íris Eddu, fædda 14. október 1972, með valdi, ef þörf krefur, af heimili móður sinnar að Hamraborg 6 hér í bæ.

Miðvikudaginn 13. maí 1981.

Nr. 113/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3 .tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. þ. m., sem barst Hæstarétti 8. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. maí 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 5. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Um kl. 1830 í gær tóku lögreglumenn úr Reykjavík við Kristjáni Aðalsteinssyni, fæddum 4. nóvember 1957, er hann kom til Keflavíkurflugvallar flugleiðis frá Kaupmannahöfn í fylgd tveggja danskra lögreglumanna. Nefndur Kristján var þann 30. apríl sl. dæmdur í 6 mánaða fangelsi í Kaupmannahöfn fyrir fíkniefnasmygl, en gögn varðandi nefndan dóm hafa ekki enn borist þessu embætti. Lögreglumenn þeir danskir, er fylgdu

nefndum Kristjáni hingað til lands, kváðu nefnd gögn á leið hingað til lands í pósti. Á Kristján að afplána nefndan dóm hérlendis.

Aðdragandi málsins er sá, að þann 25. febrúar sl. var hér í dómi upp kveðinn rökstuddur úrskurður um tafarlausa handtöku Kristjáns Aðalsteinssonar, sem þá var talinn dvelja í Kaupmannahöfn, nánar að Gangstedsvej 14. Í framhaldi þar af krafðist dómsmálaráðuneyti Íslands þess við dönsk dómsyfirvöld, að Kristján yrði framseldur íslenskum yfirvöldum vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis. Lengi vel báru eftirgrennslanir danskra lögregluyfirvalda engan árangur, og var ekkert vitað um dvalarstað nefnds Kristjáns.

Þann 17. mars sl. höfðu starfsmenn Interpol í Haag í Hollandi símasamband við fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík og óskuðu eftir upplýsingum um tvo íslenska aðilja, er þá væru í Amsterdam og reynt hefðu að skipta sænskum kr. 65.000 í hollensk gyllini, en þeir væru: Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, Búlandi 25, Reykjavík, og Árni Hrafnsson, fæddur 27. desember 1958, Æsufelli 4, Reykjavík. Af hálfu sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum voru upplýsingar um fíkniefnaafskipti þessara tveggja aðilja samdægurs send með fjarritaorðsendingu Interpol í Haag, en viðkomandi lögregluyfirvöldum í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Oslo jafnframt gert viðvart. Interpol Haag staðfesti með fjarritaorðsendingu 18. mars 1981, að þessir aðiljar hefðu þá um morguninn skipt nefndum sænskum krónum í hollensk gyllini.

Nefndur Kristján Aðalsteinsson var þann 19. mars sl. handtekinn á flugvellinum í Kaupmannahöfn með líðlega 282.6 gr af amfetamíni innan klæða. Var Kristján úrskurðaður í gæsluvarðhald og síðar dæmdur 30. apríl sl., eins og að ofan er rakið, og að því búnu framseldur íslenskum yfirvöldum og fluttur hingað til lands í gær.

Verður nú vikið að sökum þeim, er nefndur Kristján var borinn í rannsókn þeirri, er hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík um miðjan janúar sl. Fjölmargir aðiljar voru við málið riðnir, og sættu 5 aðiljar gæsluvarðhaldi í lengri eða skemmri tíma vegna rannsóknar málsins.

Einn þeirra er sættu gæsluvarðhaldi var Bjarni Harðarson, en hann sætti gæsluvarðhaldi frá 17. jan. til 20. febrúar sl. Bjarni staðfesti hér í dómi að hafa í júlí sl. haldið til Hollands í bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn ásamt þremur nafngreindum fé-

lögum sínum til hasskaupa. Kvað hann þá vera Kristján Aðalsteinsson, fæddan 4. nóvember 1957, Pétur Blöndal Gíslason, fæddan 23. september 1958, og Runólf Þór Jónsson, fæddan 13. apríl 1956.

Nefndur Bjarni Harðarson kvaðst hafa haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar 26. júní sl. og þar dvalið í um viku tíma hjá Pétri Blöndal og Kristjáni Aðalsteinssyni að Gangstedvej 14. Þar hafi raunar einnig búið danskur piltur, Sören Munk Hansen að nafni. Bjarni kvaðst ásamt þeim Kristjáni, Pétri og Runólfi hafa haldið til Rotterdam í byrjun júlí og þar hafi þeir lagt sameiginlega fram fé til kaupa á samtals 3 kg af hassi. Hassið hafi þeir síðar flutt til Kaupmannahafnar á nefnt heimili Kristjáns og Péturs Blöndals að Gangstedvej 14.

Nefndur Bjarni kvaðst hafa lagt fram fé til kaupa á sem svaraði 350 gr af hassinu, en kaupverð verið 4 hollensk gyllini pr. gr, en ekki kvaðst Bjarni geta sagt til um eignarhlutföll hinna í efninu, utan hvað þeir hafi allir átt í því. Bjarni kvað efninu hafa verið skipt þannig, eftir að það var komið heim til Péturs og Kristjáns, að um 1 kg, sem taldist hlutur hans og Péturs Blöndal, hafi verið vegið frá og fyrrgreindur sambýlismaður þeirra Péturs og Kristjáns, Sören Munk Hansen, tekið að sér flutning þess hingað til lands gegn greiðslu danskra kr. 12.000.

Þá kvaðst Bjarni hafa fengið danskar kr. 1.300 afhentar í Kaupmannahöfn frá Pétri í viðurvist Runólfs Þórs og Kristjáns, sem hafi talist áhættuþóknun vegna efnis, er flutt var í nefndri ferð, þar sem bílaleigubifreiðin hafi verið skráð á sitt nafn.

Þá kvaðst nefndur Bjarni ekki vita um afdrif þeirra tveggja kílóa af hassi í eigu Péturs, Kristjáns og Runólfs, er eftir voru, er áðurgreindri skiptingu efna lauk, en er hann hafði haldið heim til Íslands eftir vikudvöl í Kaupmannahöfn, þá hafi Pétur, Runólfur og Kristján orðið þar eftir.

Nefndur Runólfur Þór Jónsson sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 7. febr. til 5. mars sl. og lýsti þá hér í dómi för sinni ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni, Pétri Blöndal Gíslasyni og Bjarna Harðarsyni til Rotterdam í byrjun júlí sl., en þar hafi þeir lagt sameiginlega fram fé til hasskaupa. Hafi hann sjálfur lagt fram fé, er síðar hafi verið metið til 50 gr af hassi. Ekki kvaðst hann geta fullyrt um framlag hinna hvers fyrir sig, en Pétur fyrir þá annast kaup á a. m. k. 2½ kg af hassi, er þeir hafi síðan flutt í nefndri bílaleigubifreið, nánar falið í hurðum, til Kaupmannahafnar og þar að Gangstedvej 14, þar sem bjuggu

Pétur Blöndal og Kristján, en eigandi íbúðar verið danskur vinur þeirra, Sören Munk Hansen.

Lýsti Runólfur mjög ítarlega vigtun, pressun og pökkun þeirra fjórmenninga á hassefnum í 18 gr pakka. Kvaðst Runólfur Þór ásamt Kristjáni næstu daga hafa selt í Kaupmannahöfn samtals nærri 500 gr af nefndu hassefni í svonefndu Christianiuhverfi. Kvað Runólfur söluverð efna í Kaupmannahöfn hafa verið danskar kr. 25—30 pr. gr, en kaupverð í Rotterdam 4—5 hollensk gyllini hvert gr. Vegna þátttöku sinnar í þessum viðskiptum og þá einkum vegna aðildar að flutningi, pökkun og sölu kvaðst Runólfur hafa orðið hluthafi í heildarefnismagni og þannig talist eiga sem svaraði 350—400 gr af efnum.

Fáum dögum síðar kvaðst Runólfur Þór hafa haldið flugleiðis hingað til lands og þá verið með vissu um 1½ kg eftir af áðurnefndu pressuðu hassi í vörslum Kristjáns Aðalsteinssonar og Péturs Blöndal, en ekki kvaðst Runólfur vita um ráðstöfun þess efnis. Runólfur kvað þá Pétur Blöndal og nefndan Sören Munk Hansen hafa komið flugleiðis hingað til lands stuttu síðar, en ekki vita, hvort þeir hafi flutt eitthvað af hassinu frá Gangstedvej með sér hingað til lands. Þó kvaðst hann hér á landi hafa séð hassplötu af þeirri stærð og gerð, er hann hafði lýst, að pressaðar voru að Gangstedvej, og kvað því næsta víst, að eitthvað af efnum þaðan hefði borist hingað til lands.

Ofangreindur Pétur sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 16. jan. til 5. mars sl., en neitaði öllum sökum eða yfirleitt að tjá sig um sakarefni. Var hann árangurslaust samprófaður hér í dómi bæði við Runólf Þór og Bjarna Harðarson.

Samkvæmt upplýsingum fíkniefnalögreglu er staðfest, að Sören Munk Hansen, fæddur 30. janúar 1954 í Danmörku, kom hingað til lands flugleiðis frá Kaupmannahöfn 18. júlí sl.

Samkvæmt beiðni þessa embættis var lögregluyfirvöldum í Kaupmannahöfn tilkynnt um ofangreint og óskað eftir því, að nefndur Sören Munk yrði yfirheyrður um málið.

Sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hefur borist ljósrit af skýrslum fíkniefnadeildar Kaupmannahafnarlögreglu um yfirheyrslu yfir margnefndum Sören Munk Hansen, er fram fór 9. apríl sl. Ekki verður séð, að Sören hafi verið spurður um samskipti við Kristján Aðalsteinsson. Sören skýrir hins vegar svo frá, Pétur Blöndal Gíslason hafi búið hjá honum að Gangstedvej 14 frá jan./febr. 1980 til 18. júlí 1980. Kvað hann Pétur hafa haft undir höndum 3 kg af hassi, er hann geti ekki upplýst um,

hvaðan séu til komin. Kvaðst Sören hafa aðstoðað Pétur við sölu á um 2 kg af nefndu hassi í Christianiuhverfi í júní-júlí það ár, en þann 18. júlí hafa flutt innan klæða 1 kg af nefndu hassi flugleiðis hingað til lands skv. beiðni Péturs gegn greiðslu danskra kr. 12.000.

Nefndur Bjarni Harðarson bar auk ofangreinds hér í dómi, að Kristján Aðalsteinsson hefði, er hann kom flugleiðis hingað til lands frá Kaupmannahöfn laust eftir miðjan desember sl., flutt með sér hass og amfetamínduft, ótilgreint magn, en sjálfur hjá honum hafa keypt 100 gr af nefndu hassi og lítilræði af amfetamíndufti. Lögreglan lagði hald á ofangreint afmetamínduft hjá Bjarna, og skv. niðurstöðum efnagreiningar er talið, að þar sé um að ræða sams konar efni og lagt var hald á í vinnustofu ofangreinds Péturs Blöndal.

Eins og rakið var hér í upphafi, kom Kristján Aðalsteinsson hingað til lands síðdegis í gær, framseldur í fylgd danskra lögreglumanna. Hann var þegar við komu til Reykjavíkur færður hér fyrir dóm, en ekki þótti rétt, að fram færu yfirheyrslur yfir honum þá þegar, þar sem hann virtist undir greinilegum áhrifum áfengis. Var þá yfirheyrslu frestað til morguns. Er leit var framkvæmd á Kristjáni við komu í Síðumúlafangelsi í gærkvöldi, fannst hvítt duft í þunnum plastumbúðum, falið í nærklæðum Kristjáns. Við frumgreiningu hjá lögreglu í dag sýndi nefnt duft ótvíræða svörun við prófun sem cocain. Var efnið vegið á skrifstofu ávana- og fíkniefnadeildar og reyndist 2.2 gr með umbúðum. Var sýni af nefndu dufti þegar sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands til greiningar.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu í dag gaf Kristján þá skýringu á nefndu dufti, að sama dag og hann hefði verið fluttur til Reykjavíkur hafi hann fundið efni þetta í Vestrafangelsinu í Kaupmannahöfn. Hafi hann verið að þreifa undir handlaug á salerni, er hann hafi fundið plastpoka með hvítu dufti, er hann hafi stungið á sig. Hafi hann ekkert notað af efninu og því ekki vitað, um hvaða efni væri að ræða.

Kristján var yfrheyrður hér í dómi fyrir stundu og neitaði þá að hafa tekið þátt í ofangreindri hasskaupaferð til Amsterdam eða að hafa með öðrum hætti átt aðild þar að. Þá neitaði Kristján að hafa flutt fíkniefni hingað til lands í desember sl., en hann er borinn slíkum sökum. Hann kvaðst í lok febrúar sl. hafa hringt í Bjarna Harðarson frá Kaupmannahöfn, eftir að sá gekk laus úr

gæsluvarðhaldi, og hann þá sagt sér, að hann hafi borið Kristján röngum sökum til þess eins að losna úr gæsluvarðhaldi.

Eins og rakið var hér að ofan, afplánar Kristján nú ofangreindan fangelsisdóm, uppkveðinn 30. apríl sl.

Gögn varðandi dóm þennan hafa ekki borist þessu embætti, en nauðsynlegt er að kanna, hvort rannsókn í því máli hefur beinst að því tilviki, er vikið var að hér að ofan og varðaði veru Kristjáns og nafngreinds íslensks pilts í Amsterdam 17. mars sl. og verulega fjárhæð, er þeir höfðu þar undir höndum, nánar sænskar kr. 65.000. Ekki þótti vert að yfirheyra Kristján um þetta, fyrr en nefnd gögn hafa borist embættinu.

Þá þykir ljóst, að afla verði frekari gagna frá Danmörku, m. a. sundurliðaðan framburð Sören Munk Hansen, en hann virðist ekki hafa verið spurður um samskipti við Kristján Aðalsteinsson, þrátt fyrir að fyrir liggi, að hann bjó ásamt Pétri Blöndal í íbúð Sörens á umræddum tíma.

Þá þykir nauðsynlegt, að Kristján verið samprófaður við margnefndan Runólf Þór Jónsson og Bjarna Harðarson, en eins og staða rannsóknar er nú, þykir það ekki tímabært á þessari stundu.

Niðurstöður.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir nauðsynlegt í þágu rannsóknar máls þessa að gera nefndum Kristjáni Aðalsteinssyni að sæta gæsluvarðhaldi. Ljóst er, að eftir er að afla frekari gagna, m. a. frá Danmörku, og mikið vantar á enn, að viðunandi samræmi hafi náðst milli framburða viðkomandi aðilja, en ekki þykir á þessari stundu tímabært að framkvæma samprófanir.

Verið er að rannsaka ætluð brot Kristjáns Aðalsteinssonar gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofangreindu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir í þágu rannsóknar þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Kristjáni Aðalsteinssyni að sæta gæsluvarðhaldi, er hæfilega telst afmarkaða sem allt að 15 dögum.

Úrskurðarorð:

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957 í Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum.

Miðvikudaginn 13. maí 1981.

Nr. 114/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Geir Eyfjörð Guðlaugssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. þ. m., sem barst Hæstarétti 11. s. m. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, til vara, að hann verði felldur úr gildi að því er varðar gæsluvarðhaldsvistina og til þrautavara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist greinargerð né kröfur.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og beindist rannsóknin að því, hvort varnaraðili hefði gerst sekur um brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 203. og 209. gr. Rannsóknargögn eru að vísu óglögg, en rannsóknarnauðsynjar bjóða, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi með stoð í 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Ekki eru efni til að mæla svo fyrir á þessu stigi, að varnaraðili sæti geðheilbrigðisrannsókn. Gæsluvarðhaldstími þykir hæfilega ákveðinn allt að 4 vikum frá uppsögu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Jón Geir Eyfjörð Guðlaugsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 4. vikum frá uppsögu hins kærða úrskurðar að telja.

Úrskurður sakadóms Akureyrar 7. maí 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í lögreglustöðinni við Þórunnarstræti af Sigurði Eiríkssyni dómarafulltrúa ásamt undirrituðum vottum, upp kveðinn úrskurður þessi.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 25. apríl 1981, um klukkan 1100, hafði K, til heimilis að ..., Akureyri, símasamband við Ófeig Baldursson lögreglufulltrúa og skýrði frá því, að sonur hennar, A, sem væri 11 ára að aldri, hefði komið heim til afa síns kvöldið áður og verið mjög miður sín. Lögreglufulltrúinn hafði í framhaldi af þessu tal af A og fékk hjá honum þær upplýsingar, að hann hefði verið í Furulundi 10 O föstudaginn áður ásamt B, til heimilis að .... Í Furulundi 10 O hefði Jón Geir Guðlaugsson verið undir áhrifum áfengis og hann hefði gefið piltunum áfengi. A kvaðst hafa orðið allölvaður og að honum hefði orðið illt af áfenginu og myndi hann lítið af því, sem gerst hefði.

Mánudaginn 27. apríl 1981, um klukkan 1030, hafði fyrrgreind K aftur símasamband við lögreglufulltrúann og skýrði honum frá því, að hún hefði frétt það, að Jón Geir Guðlaugsson hefði verið staddur í Furulundi 10 O og verið þar fáklæddur og að hann hefði fengið ungan dreng til að sleikja á sér kynfærin. Nefndi K B í því sambandi.

Þeir Jón Geir Guðlaugsson, fæddur 7. júlí 1935, og Héðinn Einar Gíslason, fæddur 30. mars 1928, eru sammæðra og búa saman að Furulundi 10 O, Akureyri.

Vitnið D, fæddur ... 1970, hefur borið, að hann hafi komið í Furulund 10 O föstudaginn 24 .apríl sl. og þar hafi þá verið staddir ásamt fyrrgreindum Jóni Geir E, A og B. Hjá þessu vitni kemur einnig fram, að þeir B og Jón Geir hafi farið inn í svefnherbergi í Furulundi 10 O og lokað að sér. Þegar piltarnir opnuðu hurðina að herberginu, hafi B verið að sleikja getnaðarliminn á Jóni Geir, og sýndist vitninu, að Jón Geir lægi á bakinu með hendur niður með síðunum.

Vitnið E, fæddur ... 1968, hefur borið, að það hafi komið að þeim Jóni Geir og B í fyrrgreindu svefnherbergi að Furulundi 10 O þannig, að þeir höfðu báðir dregið buxurnar niður um sig, og þegar þeir opnuðu hurðina, hafi B verið að sleikja getnaðarliminn á Jóni Geir og að þetta muni hafa gerst föstudaginn 24. apríl sl.

Vitnið A, fæddur ... 1968, hefur borið, að það hafi komið í Furulund 10 O tvisvar sinnum, og vitnið hefur meðal annars sagt, að þá hafi fyrrgreindur Héðinn Gíslason verið þar og beðið þá piltana að nudda á sér getnaðarliminn og sjúga hann, og vitnið segir, að þetta hafi þeir piltarnir gert, og vitnið segir m. a., að fyrir þetta hafi Héðinn boðist til að greiða þeim peninga og að þeir hafi fengið áfengi fyrir vikið.

Vitnið B, fæddur ... 1967, hefur kannast við atvikið í svefnherberginu að Furulundi 10 O með Jóni Geir föstudaginn 24. apríl sl., og hefur hann meðal annars kannast við að hafa sofnað í rúminu hjá Jóni Geir, eftir að kynferðisathöfnum var lokið. Þá hefur B borið, að Jón Geir hafi boðið honum peningagreiðslu fyrir vikið.

Vitnið F, fæddur ... 1968, hefur kannast við kynferðisathafnir gagnvart Héðni Gíslasyni í Furulundi 10 O.

Vegna rannsóknar málsins var kærði Héðinn Einar Gíslason handtekinn miðvikudaginn 29. apríl síðastliðinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald 40 daga ásamt geðrannsókn. Í ljós kom, að kærði Jón Geir Eyfjörð Guðlaugsson var skipverji á togaranum Svalbak, og var hann handtekinn klukkan um 0900 í morgun vegna rannsóknar málsins, en þá kom fyrrgreint togskip til Akureyrar.

Klukkan 1306 hófust dómsyfirheyrslur yfir kærða Jóni Geir vegna málsins, hann neitaði sakargiftum, en kannaðist þó við, að unglingar kæmu oft til þeirra bræðra í Furulund 10 O og hefðu þessar heimsóknir staðið síðan um síðastliðin áramót.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Hætta er á, að kærði Jón Geir spilli sakargögnum og geti haft áhrif á vitni, sem meðal annars eru ungir piltar. Rannsókn málsins beinist að því, að þeir kærðu hafi brotið m. a. gegn 203. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en viðurlög við þess háttar brotum geta varðað fangelsisrefsingu, þannig að ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er gæsluvarðhaldsúrskurði ekki til fyrirstöðu.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, og með vísan til rannsóknarnauðsynja verður ekki hjá því komist að úrskurða kærða Jón Geir Eyfjörð Guðlaugsson í gæsluvarðhald með stoð í 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Gæsluvarðhaldstíminn telst hæfilega ákveðinn 40 dagar.

Þá ber með hliðsjón af eðli þeirra brota, sem kærði er grunaður um að hafa framið, og með vísan til d liðs 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að leggja kærða undir geðrannsókn í varðhaldinu.

Því úrskurðast:

Kærði, Jón Geir Eyfjörð Guðlaugsson, fæddur 7. júlí 1935, til heimilis að Furugrund 10 O, Akureyri, sæti gæsluvarðhaldi 40 daga frá birtingu úrskurðarins.

Þá skal kærði Jón Geir sæta geðrannsókn í varðhaldinu.

Fimmtudaginn 14. maí 1981.

Nr. 78/1981. **Pétur Óskarsson**
gegn
Þorsteini Skúlasyni,
bæjarfógeta í Neskaupstað.

Kærumál. Uppboð. Kröfum á hendur héraðsdómara um miskabætur og vítur synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. mars 1981, og barst hún dóminum 30. s. m. Kröfur hans eru í fyrsta lagi, að uppboð á hluta Egilsbrautar 9 í Neskaupstað fari ekki fram eftir auglýsingum þeim, sem síðar getur. Þá verður að skilja kröfugerð hans svo, að hann krefjist þess að auki, að varnaraðili sæti vítum og verði dæmdur til að greiða sóknaraðilja miskabætur og málskostnað.

Varnaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð, en ekki sett fram dómkröfur.

Um kæruefnið hefur ekki gengið úrskurður í héraði, en málið er dæmt í Hæstarétti eftir lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í 84., 89. og 93. tbl. Lögbirtingablaðs 1979 var birt auglýsing frá varnaraðilja um, að eign sóknaraðilja, hluti Egilsbrautar 9, yrði seldur á opinberu uppboði 3. desember það

ár, og voru taldir nokkrir uppboðsbeiðendur. Uppboðsréttur var settur greindan dag. Var bókað, að fyrir væri tekið að halda uppboð á eigninni, en síðan, að sala færi fram 19. desember. Daginn eftir var enn þingað í uppboðsrétti, og var þá lögð fram greinargerð uppboðsþola, sóknaraðilja hér fyrir dómi. Eftir það var uppboðinu frestað 10 sinnum, síðast til 26. mars 1981. Þann dag var því frestað til 28. apríl og þá enn til 26. maí.

Í kæru sóknaraðilja rökstyður hann kröfu sína um, að uppboðið fari ekki fram, í fyrsta lagi með því, að í auglýsingu um uppboðið 26. mars 1981, sem birtist í blaðinu Austurlandi 19. mars, er aðeins getið tveggja auglýsinga í Lögbirtingablaði. Sem fyrr segir birtist auglýsing um uppboðið þrisvar í Lögbirtingablaði. Eftir 22. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1949 var þess ekki þörf að geta allra þessara auglýsinga, þegar uppboðið var auglýst í öðru blaði. Þá rökstyður sóknaraðili kröfu sína með því, að í auglýsingunni í Austurlandi sagði, að uppboðið færi fram eftir kröfu bæjarsjóðs Neskaupstaðar og fleiri. Segir sóknaraðili kröfu bæjarsjóðs hafa verið greidda, þegar auglýsingin var birt. Af skjölum málsins verður ráðið, að uppboðsbeiðni bæjarsjóðs hafi ekki verið afturkölluð. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki byggt á síðari röksemd sóknaraðilja, og verður kröfu hans um, að uppboð fari ekki fram, þess vegna ekki sinnt.

Aðrar kröfur sóknaraðilja skortir lagastoð, og verða þær ekki teknar til greina.

Varnaraðili hefur ekki krafist kærumálskostnaðar. Verður hann ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kröfur sóknaraðilja, Péturs Óskarssonar, eru ekki teknar til greina.

Þriðjudaginn 19. maí 1981.

Nr. 43/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ragnari Erni Eiríkssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Þjófnaður. Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjað er tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur frá 14. maí og 22. maí 1979 á hendur ákærða. Mál þessi hafa verið sameinuð í Hæstarétti og eru dæmd í einu lagi.

I.

Í ákæruskjali 17. nóvember 1978, sem um er fjallað í dómi sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1979, er getið húss við Óðinsgötu nr. 4 í Reykjavík í stað húss nr. 4 við Urðarstíg. Þetta ranghermi, sem einnig er í héraðsdómi, var leiðrétt í málflutningi hér fyrir dómi, og kom fullkomin vörn fram eftir þá leiðréttingu. Er því hægt að leggja dóm á þetta ákæruefni þrátt fyrir þessa skekkju, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Ákæruefnum er réttilega lýst í hinum áfrýjuðu dómum og brot færð til refsiákvæða, er við eiga. Eftir uppsögu héraðsdómanna hefur ákærði verið sakfelldur með dómi sakadóms Reykjavíkur 10. júlí 1979 fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr., og sumpart 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing var eigi dæmd, sbr. 78. gr. laganna. Hinn 19. október 1979 sætti ákærði 300.000 króna sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og var hann sviptur rétti

til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá þeim degi að telja. Hinn 12. maí 1980 sætti hann 30 daga fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur fyrir brot á 259. gr. almennra hegningarlaga, 25., 27. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Þá var hann með dómi sakadóms Reykjavíkur 29. október 1980 sakfelldur fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, en refsing var eigi dæmd, sbr. 78. gr. sömu laga.

Refsingu ber að ákveða með vísan til 4. töluliðs 70. gr., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, sætti ákærði gæsluvarðhaldi frá 29. september til 31. október 1977. Á gæsluvarðhaldsvist þessi að koma framangreindri refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1979 er eigi leyst úr þeirri kröfu ákæruvalds, sem greind er í ákæruskjali 10. janúar 1978, að ákærði verði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi. Áður en þessi dómur var kveðinn upp, hafði ákærði verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi með dómi sakadóms Reykjavíkur 9. ágúst 1978 í 1 ár frá birtingu dóms að telja. Í dómi sama dóms 7. nóvember 1978 var hann sviptur ökuréttindum í 2 ár frá birtingu dómsins, þótt hann hafi aldrei öðlast ökuréttindi. Í dómi sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1979, sem hér er til endurskoðunar, urðu þær málalyktir, að ekki þóttu efni til að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi, þegar virtir væru fyrri dómar á hendur honum um það atriði. Svo sem áður greinir, var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur 19. október 1979 sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dómsins.

Brot þau, er greinir í hinum áfrýjuðu dómum, voru framin áður en dómarnir frá 9. ágúst og 7. nóvember 1978 gengu. Ákærði þykir hafa unnið til ökuleyfissviptingar vegna háttsemi þeirrar, sem hann er sakfelldur fyrir í hæstaréttardómi þessum. Hann var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 19.

október 1979, og verður þeim dómi ekki áfrýjað samkvæmt almennum réttarfarsreglum. Með tilliti til þessa verður ökuleyfissvipting eigi dæmd í máli þessu.

IV.

Staðfesta ber ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1979 um skaðabótakröfu þá, sem þar greinir.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1979 er skaðabótakrafa í XIII. lið dómsins talin vanreifuð, og segir þar, að um hana verði eigi dæmt í málinu. Þykir verða að skilja þetta svo, að kröfunni hafi verið vísað frá dómi, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974. Kemur hún því eigi til álita hér fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 147. gr. sömu laga. Aðrar skaðabótakröfur, sem héraðsdómari dæmir að efni til, stafa af tjóni, sem ákærði hefur valdið með brotum sínum. Eru þær eigi vefengdar hér fyrir dómi. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um hverja einstaka kröfu, en í því efni standa lög eigi til að byggja á því, svo sem gert er í héraðsdómi, að ákærði hafi gengist undir skaðabótagreiðslu fyrir dómi, enda var hann þá ófjárráða, og eigi naut við atbeina lögráðamanns hans.

V.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

Það athugast, að í dómi sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1979 var eigi leyst til hlítar úr kröfum ákæruvalds í málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti 7 mánaða fangelsi, en gæsluvarðhald hans frá 29. september til 31. október 1977 komi refsivist til frádráttar.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og

sakarkostnað eiga að vera óröskuð að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1979.

Ár 1979, mánudaginn 14. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni, sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 271—274/1979: Ákæruvaldið gegn Frank Róbertssyni, Loga Ernis Sigvaldasyni, Óðni Ernis Sigvaldasyni og Ragnari Erni Eiríkssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. janúar 1978, gegn ákærðu

„1) Frank Róbertssyni, Skógargerði 1, fæddum 17. febrúar 1960 í Færeyjum,

2) Loga Ernis Sigvaldasyni, Sjafnargötu 1, fæddum 15. maí 1959 í Reykjavík,

3) Óðni Ernis Sigvaldasyni, Stórholti 31, fæddum 13. janúar 1961 í Reykjavík,

4) Ragnari Erni Eiríkssyni, Grýtubakka 30, fæddum 9. maí 1960 í Reykjavík,

öllum þar í borg, fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík, nema annars sé getið, árið 1977.

I. Ákærði Ragnar Örn.

1) Í aprílmánuði fór ákærði ásamt Hinrik Erlingssyni, fæddum 23. september 1962, inn í kjallara Bústaðakirkju og stal þar allt að 1.000 krónum í peningum, 6 segulbandsspólum, hljóðnema og sælgæti.

2) Aðfaranótt laugardagsins 21. maí braust ákærði inn í Bílamarkaðinn, Grettisgötu 18, í því skyni að stela þar verðmætum.

3) Nótt eina þetta vor braust ákærði inn í matstofu Miðfells við Höfðabakka og stal þar 15 vindlingapökkum og tveimur gosdrykkjarflöskum.

4) Í júnímánuði braust ákærði inn í verslunina Síld og fisk í Bergstaðastræti og stal þar 4 dósum af matvælum, 2 lítrum af ávaxtasafa og kexpakka.

5) Föstudagskvöldið 29. júlí braust ákærði inn í verslunina Kron við Norðurfell og stal þar allt að 1.000 krónum í peningum, allt að 5 lengjum af vindlingum og sælgæti.

6) Laust eftir miðnætti miðvikudaginn 21. september stal ákærði seðlaveski með 14.000 krónum og skilríkjum úr bifreið við Hafnarbíó.

7) Aðfararnótt sunnudagins 25. september braust ákærði inn í bifreið við Blóðbankann og stal úr henni segulbandsspólu.

8) Miðvikudaginn 2. nóvember stal ákærði skyrtubol úr verslun inni Flík við Skúlagötu.

9) Aðfararnótt laugardagsins 14. maí tók ákærði í heimildarleysi bifreiðina R 51992, settist undir stýri hennar og lét hana renna niður Nóatún að Laugavegi, þótt hann væri undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus.

Telst atferli ákærða, eins og því er lýst í liðum 1 og 3—8, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og því er lýst í lið 2, við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga, og eins og því er lýst í lið 9, við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20/1956, og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

II. Ákærðu Frank og Ragnar Örn.

1) Aðfararnótt laugardagsins 24. september stálu ákærðu segulbandstæki, 5 segulbandsspólum og veski með skilríkjum úr bifreiðinni Ö 1804, sem stóð mannlaus við Fjölnisveg 14.

2) Aðfararnótt mánudagsins 28. september stálu ákærðu tösku með læknisáhöldum úr bifreið, sem stóð á lóð Landspítalans.

3) Miðvikudaginn 2. nóvember stal ákærði Ragnar Örn bók úr bókaverslun Lárusar Blöndal á Skólavörðustíg, seldi hana fyrir 1.000 krónur í fornbókaverslun, og þáði meðákærði Frank af honum helming fjárins, þótt honum væri kunnugt um, hvernig þess væri aflað.

Telst ofangreint atferli ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, eins og því er lýst í liðum 1 og 2, eins og því er lýst í lið 3, við sömu grein að því er ákærða Ragnar Örn varðar, en við 254. gr. sömu laga að því er tekur til ákærða Franks.

III. Ákærðu Óðinn Ernis og Ragnar Örn.

1) Nótt eina á tímabilinu 22. til 24. júlí brutust ákærðu tvívegis inn í verslunina Fótóhúsið í Bankastræti og stálu þar allt að 27.000 krónum í peningum, þremur ljósmyndavélum og linsu.

2) Aðfaranótt laugardagsins 23. júlí brutust ákærðu inn í Borgarbókasafnið við Þingholtsstræti og stálu þar allt að 250 krónum í peningum.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Ákærðu Logi Ernis og Ragnar Örn.

1) Nótt eina í júlímánuði brutust ákærðu inn í verslunina Síld og fisk í Bergstaðastræti og stálu þar 3 dósum af niðursoðnum matvælum og 1 lítra af mjólk.

2) Aðfararnótt föstudagsins 22. júlí fóru ákærðu inn í farfuglaheimilið við Laufásveg og stálu þar allt að 9.600 krónum í peningum og söfnunarbauk.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

V. Ákærðu Ragnar Örn, Frank og Logi Ernis.

1) Þriðjudagskvöldið 27. september brutust ákærðu inn í bifreiðina G 3340 og stálu úr henni seðlaveski með skilríkjum, gullkrossi og happdrættisskuldabréfi ríkissjóðs að nafnverði 1.000 krónur.

2) Þetta sama kvöld fóru ákærðu inn í húsnæði Júdófélags Íslands, Brautarholti 18, og stálu þar tvennum skóm.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis.

1) Aðfararnótt þriðjudagsins 19. júlí sammæltust ákærðu um það að brjótast inn í verslunarhúsnæði Kaupfélags Króksfjarðar að Reykhólum. Brutust ákærðu Ragnar Örn og Óðinn Ernis þar inn og stálu allt að 20.000 krónum í peningum, 6 vindlingalengjum, nokkrum gosdrykkjarflöskum, sælgæti og 5 pörum af sokkum, en meðákærði Logi Ernis stóð á varðbergi.

2) Ákærðu sammæltust ennfremur um það þessa nótt að brjótast inn í húsnæði sama kaupfélags í Króksfjarðarnesi, þar sem þeir ákærðu Ragnar Örn og Óðinn Ernis brutust inn og stálu allt að 30.000 krónum í peningum, nokkrum vindlingapökkum og dós með sviðasultu, en meðákærði Logi Ernis stóð á varðbergi.

3) Í byrjun ágústmánaðar brutust ákærðu inn í verslunina Síld og fisk við Bergstaðastræti og stálu 2 banönum, nokkrum tómötum, 2 dósum af frönskum kartöflum, 2 dósum af jógúrt og 2 bréfum af áleggi.

4) Aðfararnótt fimmtudagsins 4. ágúst brutust ákærðu inn í Húsgagnaverslun Reykjavíkur í Brautarholti og stálu þar tveimur flöskum með áfengisslöttum í.

5) Sömu nótt brutust ákærðu í þjófnaðarskyni inn í húsið nr. 1. við Skipholt.

6) Ákærðu brutust þessa sömu nótt inn í Sælacafé við Nóatún og stálu þar tveimur vindlingapökkum og dálitlu magni af sælgæti.

7) Helgina 13. til 15. ágúst reyndu ákærðu að brjótast í þjófnaðarskyni inn í húsið nr. 12 við Baldursgötu.

8) Sunnudagskvöldið 14. ágúst brutust ákærðu inn í húsnæði fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og Starfsmannafélags Reykjavíkur, Tjarnargötu 12, og stálu þar 60 bandaríkjadölum, 5.000 krónum í peningum og vindlakassa.

Telst ofangreint atferli ákærðu í liðum 3, 4, 6 og 8 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, í liðum 5 og 7 við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga, í liðum 1 og 2 við 244. gr. sömu laga að því er varðar ákærðu Ragnar Örn og Óðin Ernis, en 244. gr., sbr. 22. gr. að því er varðar ákærða Loga Ernis.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta og ákærði Ragnar Örn jafnframt til sviptingar réttar til þess að öðlast ökuréttindi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga."

Samkvæmt sakarvottorði ákærða Franks hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 3/2 í Reykjavík: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár frá 3. febrúar 1977.

1977 13/1 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 13. janúar 1977.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Loga Ernis hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 11. júlí 1977.

1977 6/9 í Reykjavík: Sátt, 45.000 króna sekt fyrir brot gegn

25. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 6. september 1977.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Óðins Ernis hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1976 20/11 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1976 í Vestmannaeyjum: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 13. desember 1976.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ragnars Arnar hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 21. mars 1977.

1977 1/6 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1977 22/5 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Málsatvik eru þessi:

I.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í aprílmánuði árið 1977 farið ásamt öðrum pilti inn í kjallara Bústaðakirkju hér í borg, en pilturinn hafði lykil að þeim húsakynnum að láni, og tekið þar heimildarlaust og í auðgunarskyni 1.000 krónur í peningum, sælgæti, hljóðnema og 6 segulbandsspólur. Hljóðneminn komst til skila.

Æskulýðsheimilið Bústaðir, Reykjavík, hefur gert skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 6.000, ákærði samþykkt hana, og verður hún tekin til greina.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi aðfaranótt laugardagsins 21. maí 1977 brotist í þjófnaðarskyni inn í Bílamarkaðinn, Grettisgötu 18 hér í borg, þar sem hann var handtekinn af götulögreglu.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi

við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi snemma vors árið 1977 tekið að ófrjálsu nokkra vindlingapakka og tvær gosdrykkjaflöskur á matstofu Miðfells við Höfðaborg hér í borg. Skaðabótakrafa kom ekki fram af hálfu fyrirtækisins.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í júnímánuði árið 1977 farið inn í verslunina Síld og fisk við Bergstaðastræti hér í borg og tekið þar að ófrjálsu nokkurt magn matvæla.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 29 júlí 1977 brotist inn í verslun Kron við Norðurfell hér í borg og tekið þar að ófrjálsu 1.000 krónur í peningum og nokkurt magn sælgætis og tóbaks.

Verslunin Kron hefur gert skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 60.746. Ákærði samþykkti kröfuna, sem tekin verður til greina.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 21. september 1977 heimildarlaust og í auðgunarskyni slegið eign sinni á seðlaveski, sem í voru 14.000 krónur í peningum og skilríki, úr bifreið við Hafnarbíó hér í borg.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 25. september 1977 tekið að ófrjálsu segulbandsspólu úr bifreið við Blóðbankann hér í borg.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VIII.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 2. nóvember 1977 tekið að ófrjálsu skyrtubol úr versluninni Flík við Skúlagötu hér í borg.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IX.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 14. maí 1977 tekið í heimildarleysi bifreiðina R 51992 og látið hana renna niður Nóatún, enda þótt hann væri undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus. Magn alkóhóls í blóði ákærða reyndist vera 0.65‰.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Arnar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt ákvæðum þeim, sem í ákæru greinir.

X.

Ákærðu Frank og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 24. september 1977 slegið eign sinni á fjármuni úr bifreiðinni Ö 1804 við Fjölnisveg 14 hér í borg, svo sem nánar er rakið í ákæru.

Guðlaugur Kristjánsson, Fjölnisvegi 14 hér í borg, hefur gert

skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 5.500. Ákærði Ragnar Örn hefur samþykkt kröfuna, og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Með eigin játningum ákærðu Franks og Rangars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XI.

Ákærðu Frank og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 28. september 1977 tekið að ófrjálsu úr bifreið á lóð Landspítalans tösku með læknisáhöldum í, sem komst til skila.

Með eigin játningum ákærðu Franks og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XII.

Ákærði Ragnar Örn hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 2. nóvember 1977 tekið að ófrjálsu bók úr verslun við Skólavörðustíg og selt hana síðan í fornbókaverslun fyrir kr. 1.000, en ákærði Frank játaði að hafa verið með honum og tekið við helmingi andvirðisins.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar Ragnar Örn refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærða Frank við 254. gr. sömu laga.

XIII.

Ákærðu Óðinn Ernis og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi nótt eina í síðari hluta júlímánaðar árið 1977 farið inn í verslunina Fótóhúsið við Bankastræti hér í borg og tekið þar að ófrjálsu allt að 27.000 krónum í peningum. Hins vegar neituðu þeir að hafa tekið þar ljósmyndavörur, og verður slíkt talið ósannað.

Fótóhúsið hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 299.703. Ákærðu hafa mótmælt kröfunni. Krafan er vanreifuð, og verður ekki um hana dæmt í máli þessu.

Með eigin játningum ákærðu Óðins Ernis og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

XIV.

Ákærðu Óðinn Ernis og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 23. júlí 1977 brotist inn í Borgarbókasafnið við Þingholtsstræti hér í borg og slegið þar að ófrjálsu eign sinni á 250 krónur. Miklar skemmdir voru unnar á innbrotsstað.

Borgarbókasafnið hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 75.000. Ákærðu samþykktu kröfuna, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Með eigin játningum ákærðu Óðins Ernis og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XV.

Ákærðu Logi Ernis og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi í júlímánuði árið 1977 farið inn í verslunina Síld og fisk við Bergstaðastræti hér í borg og tekið þar að ófrjálsu lítilræði af matvælum.

Með eigin játningum ákærðu Loga Ernis og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XVI.

Ákærðu Logi Ernis og Ragnar Örn hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 22. júlí 1977 farið inn í Farfuglaheimilið við Laufásveg hér í borg og tekið þar að ófrjálsu söfnunarbauk með 9.600 krónum í.

Ákærði Logi Ernis endurgreiddi helming fjárhæðarinnar, en Farfuglaheimilið hefur krafist 4.800 króna skaðabóta, og verður ákærði Ragnar Örn dæmdur til greiðslu þeirra fjárhæðar.

Með eigin játningum ákærðu Loga Ernis og Ragnars Arnar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu amkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XVII.

Ákærðu Ragnar Örn, Frank og Logi Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 27. september 1977 brotist inn í bifreiðina G 3340, þar sem hún stóð við Laugardalshöll hér í borg, og

tekið að ófrjálsu úr henni ýmis fjárverðmæti, svo sem rakið er í ákæru.

Edda Sigurðardóttir, Langeyrarvegi 13, Hafnarfirði, hefur krafist 23.200 króna skaðabóta og Anna Hafsteinsdóttir, Ásbúð 16, Garðabæ, 10.600 króna skaðabóta. Verða þeir Ragnar Örn og Logi Ernis in solidum dæmdir til greiðslna krafnanna.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Franks og Loga Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XVIII.

Ákærðu Ragnar Örn, Frank og Logi Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 27. september 1977 farið inn í húsakynni fyrirtækis að Brautarholti 18 hér í borg og tekið þar að ófrjálsu tvenna skó, sem komust til skila.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Franks og Loga Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XIX.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi aðfaranótt þriðjudagsins 19. júlí 1977 brotist inn í húsakynni Kaupfélags Króksfjarðar að Reykhólum og í Króksfjarðarnesi og á stöðum þessum tekið heimildarlaust og í auðgunarskyni 50.000 krónur í peningum og ýmsa aðra fjármuni, svo sem nánar er rakið í ákæru.

Kaupfélag Króksfjarðar hefur krafist skaðabóta að fjárhæð krónur 82.500. Ákærðu samþykktu kröfuna, sem tekin verður til greina.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XX.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi í byrjun ágústmánaðar árið 1977 tekið að ófrjálsu ýmis matvæli úr versluninni Síld og fisk við Bergstaðastræti hér í borg.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXI.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 4. ágúst 1977 farið inn í verslun við Brautarholt hér í borg og tekið þar að ófrjálsu tvær flöskur með áfengisslöttum í.

Húsgagnaverslun Reykjavíkur, Brautarholti, Reykjavík, hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 18.975. Ákærðu samþykktu kröfuna, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXII.

Ákæðru Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 4. ágúst 1977 brotist í þjófnaðarskyni inn í húsakynni fyrirtækja í húsinu Skipholti 1 hér í borg.

Gunnar Pálsson og Guðmundur Þórarinsson, báðir að Skipholti 1, hafa krafist skaðabóta, Gunnar að fjárhæð kr. 45.000 og Guðmundur kr. 30.000. Ákærðu samþykktu kröfurnar, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslna þeirra.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXIII.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 4. ágúst 1977 farið inn í Sælakaffi við Nóatún hér í borg og tekið þar að ófrjálsu lítilræði af tóbaki og sælgæti.

Sælakaffi, Reykjavík, hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 22.000. Ákærðu samþykktu kröfuna, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXIV.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi í þjófnaðarskyni reynt að brjótast inn í skrifstofur í húsinu Baldusgötu 12 hér í borg um helgina 13.—15. ágúst 1977.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XXV.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa fyrir dómi játað, að þeir hafi hinn 14. ágúst 1977 farið inn í skrifstofur í húsinu Tjarnargötu 12 hér í borg og slegið þar heimildarlaust og í auðgunarskyni eign sinni á 60 bandaríkjadali, vindlakassa og 5.000 krónur í peningum.

Fram kemur í lögregluskýrslum, að mjög mikil spjöll voru unnin á staðnum.

Starfsmannafélag Reykjavíkur hefur krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 19.000 og fræðsluskrifstofa Reykjavíkur kr. 415.336. Ákærðu hafa samþykkt kröfurnar, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslna þeirra.

Með eigin játningum ákærðu Ragnars Arnar, Loga Ernis og Óðins Ernis, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um hátterni, sem varðar þá refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Frank var hinn 7. nóvember 1978 dæmdur sekur um brot gegn 244. gr. hegningarlaga, en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Eftir atvikum og þar sem hann hefur að fullu greitt skaðabætur í málinu, þykir mega ákveða, að honum verði ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði Ragnar Örn var hinn 9. ágúst 1978 dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi, meðal annars vegna brots gegn 244. gr.

hegningarlaga. Hinn 7. nóvember 1978 var hann dæmdur í 6 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir sams konar brot. Loks var hann hinn 21. janúar 1979 dæmdur sekur um þjófnað, en ekki gerð sérstök refsing. Eftir atvikum og með hliðsjón af 77. og 78. gr. hegningarlaga þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir.

Þar sem ákærðu Logi Ernis og Óðinn Ernis hafa ekki áður verið dæmdir sekir um auðgunarbrot, þykir eftir atvikum mega ákveða, að ákvörðun refsinga þeirra skuli fresta og niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærðu alla til að greiða sakarkostnað in solidum.

Dómsorð:

Ákvörðun refsinga ákærðu Loga Ernis Sigvaldasonar og Óðins Ernis Sigvaldasonar skal fresta og niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Ragnar Örn Eiríksson sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærða Frank Róbertssyni verður ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Ákærði Ragnar Örn greiði: Æskulýðsheimilinu Bústöðum, Reykjavík, kr. 6.000, Kron, Reykjavík, kr. 60.746, Guðlaugi Kristjánssyni, Fjölnisvegi 14, Reykjavík, kr. 5.500 og Farfuglaheimilinu við Laufásveg, Reykjavík, kr. 4.800.

Ákærðu Óðinn Ernis og Ragnar Örn greiði in solidum Borgarbókasafninu, Reykjavík, kr. 75.000.

Ákærðu Logi Ernis og Ragnar Örn greiði in solidum Eddu Sigurðardóttur, Langaeyrarvegi 13, Hafnarfirði, kr. 23.200 og Önnu Hafsteinsdóttur, Ásbúð 16, Garðabæ, kr. 10.600.

Ákærðu Ragnar Örn, Logi Ernis og Óðinn Ernis greiði in solidum Kaupfélagi Króksfjarðar kr. 82.500, Húsgagnaverslun Reykjavíkur, Reykjavík, kr. 18.975, Gunnari Pálssyni, Skipholti 1, Reykjavík, kr. 45.000, Guðmundi Þórarinssyni, Skipholti 1, Reykjavík, kr. 30.000, Sælakaffi, Reykjavík, kr. 22.000, fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, Reykjavík, kr. 415.336 og Starfsmannafélagi Reykjavíkur, Reykjavík, kr. 19.000.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 22. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í vistheimilinu að Kvíabryggju í Eyrarsveit af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 207/1979: Ákæruvaldið gegn Ragnari Erni Eiríkssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. nóvember sl., á hendur ákærða, Ragnari Erni Eiríkssyni, Grýtubakka 30, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. maí 1960, nú refsifanga að Kvíabryggju, „fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 13. apríl 1978 heimildarlaust ekið tveim bifreiðum og reynt að aka þeirri þriðju, en ákærði hefur eigi öðlast ökuleyfi, þ. e. bifreiðinni R 5449 frá Óðinsgötu 11, þar til bifreiðin rakst á girðingarstaur og hlaða af gangstéttarhellum og skemmdist, bifreiðinni R 3148 frá Óðinsgötu 4, en bifreiðin rakst fljótlega á bifreiðina R 27187, sem þar var kyrrstæð og mannlaus á bifreiðastæði, og reynt að gangsetja bifreið af Chrysler gerð við Fjölnisveg 12, þar sem lögreglan handtók ákærða.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, sbr. að nokkru 20. gr. sömu laga og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessi samkvæmt eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Aðfaranótt fimmtudagsins 13. apríl f. á. kom ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, að Fiat fólksbifreiðinni R 5449, sem stóð læst í innkeyrslu að húsinu nr. 11 við Óðinsgötu í Reykjavík. Ákærði komst inn í bifreiðina með því að spenna upp opnanlega hliðarrúðu. Hann settist síðan undir stýri og gangsetti bifreiðina með lykli, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ók bifreiðinni heimildarlaust um innkeyrslu hússins og tún í kringum húsið. Á ferð sinni um lóð hússins ók ákærði utan í girðingarstaur og hlaða af gangstéttarhellum. Ákærði hætti síðan akstrinum og hvarf á brott. Þá höfðu orðið þær skemmdir á bifreiðinni, að fram- og afturhöggvarar voru dældaðir, sömuleiðis fram- og afturbretti vinstra megin og vinstri hurð.

Fyrir utan húsið nr. 4. við Óðinsgötu kom ákærði sömu nótt

að Mazda fólksbifreiðinni R 3148. Ákærði fór inn í þessa bifreið, en ekki er upplýst, hvort hún var læst eða ólæst. Ákærði reyndi að gangsetja bifreiðina heimildarlaust með því að tengja saman víra í kveikjulásnum. Við það kipptist bifreiðin til aftur á bak og lenti við það á kyrrstæðu og mannlausu Moskvits fálksbifreiðinni R 27187, sem stóð rétt aftan við hana. Engar skemmdir urðu af þessari háttsemi ákærða.

Ákærði hélt enn áfram ferð sinni gangandi og kom að Chrysler bifreið, sem stóð við Fjölnisveg 12. Ekki er upplýst, hvort hún var læst eða ólæst, en ákærði komst inn í hana og settist undir stýri. Var hann að fikta við víra undir mælaborði bifreiðarinnar í því skyni að koma henni í gang til að aka henni heimildarlaust, þegar lögreglumenn komu að honum og handtóku hann um klukkan 0325 um nóttina, en lögreglunni hafði verið tilkynnt um pilt, sem væri að fikta við bifreiðar á mótum Njarðargötu og Sjafnargötu, og var hún því á ferð á þessum slóðum.

Ekki sáust skemmdir á bifreiðinni.

Þegar framangreindir atburðir áttu sér stað, var ákærði ökuréttindalaus og nokkuð ölvaður að eigin sögn og mati lögreglunnar. Honum var þó ekki tekið blóð til alkóhólrannsóknar í þágu rannsóknar málsins, og ekki er hann ákærður fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis við framangreinda iðju.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varðar hún við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, sbr. að því er snertir síðasta tilvikið við 20. gr. sömu laga og að því er öll tilvikin varðar við 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 21. mars 1977.

1977 22/5 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1977 1/6 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1978 29/4 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1978 9/8 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðs-

bundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til ökuleyfis í 1 ár frá birtingu dóms (6/9 1978).

1978 7/11 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 259. gr. hegningarlaga, 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms.

1979 25/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 30 daga.

Þá hefur ákærði með háttsemi sinni unnið sér til þess að verða sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir, en þar sem ákærði hefur þegar hlotið ökuleyfissviptingu í 2 ár frá birtingu dómsins frá 7. nóvember sl., þykir ekki ástæða til frekari ökuleyfissviptingar.

Christa Jóhannsson, Óðinsgötu 11 í Reykjavík, eigandi bifreiðarinnar R 5449 hefur gert kröfu til þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni 60.000 krónur í skaðabætur vegna skemmdanna á bifreiðinni og óþægindi af þeim sökum. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og fjárhaldsmaður hans hefur ekkert við hana að athuga. Af þessum sökum og þar sem kröfunni þykir í hóf stillt, verður ákærði dæmdur til þess að greiða hana.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði Christu Jóhannsson 60.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 19. maí 1981.

Nr. 115/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Þorláki Víkingi Þórðarsyni.

Kærumál. Úrskurður um synjun á gæsluvarðhaldi staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að varnaraðilja verði samkvæmt heimild í 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. nefndra laga gert að sæta framlengdu gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 27. maí 1981, kl. 1700.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Mál þetta er kært innan lögmælts frests.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, enda verður ekki séð, að rannsóknarnauðsynjar séu til að beita frekara gæsluvarðhaldi en þegar hefur verið gert.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. maí 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 13. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Málavextir eru þessir:

Þann 15. apríl sl. var lögreglan kvödd að húsi nr. 14 við Ferjubakka í Reykjavík, en þar lá maður að nafni Sigurður Sævar Jónsson meðvitundarlaus á gólfi í svefnherbergi í íbúð á 2. hæð til hægri. Var hann blóðugur á höfði og var fluttur á slysadeild

Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem hann lést þann 16. apríl sl., kl. 0915.

Kærði, Þorlákur Víkingur Þórðarson, hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins játað að hafa veitt Sigurði Sævari áverka þá, sem talið er, að hafi dregið hann til dauða. Kærða var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 16. apríl sl., gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag, kl. 1700. Jafnframt var kærða gert að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald kærða verði framlengt til miðvikudagsins 27. maí nk., kl. 1700. Í greinargerð um kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins segir, að geðrannsókn sé nýhafin.

Dómurinn lítur svo á, að þótt geðrannsókn sé nýhafin, sé rannsókn máls þessa það vel á veg komin, að ekki séu lengur fyrir hendi skilyrði 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 til að skerða frelsi kærða, enda er ekkert því til fyrirstöðu að ljúka geðrannsókn, þótt kærði hafi óskert frelsi sitt. Þar sem ekki verður séð af gögnum máls, að 2.—6. tl. 67. gr. laga 74/1974 eigi við um kærða, ber að hafna kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um, að framlengt verði gæsluvarðhald kærða.

Úrskurðarorð:

Kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu gæsluvarðhalds Þorláks Víkings Þórðarsonar er hafnað.

Miðvikudaginn 20. maí 1981.

Nr. 119/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þórarni Einarssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Manndráp. Brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu er áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu samkvæmt 1. tl. 175. gr. laga nr. 74/1974. Krefst ríkissaksóknari þyngingar á refsingu ákærða.

Verjandi krefst sýknu af kröfu ákæruvalds um, að atferli ákærða verði fært til 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar verði háttsemi hans talin varða við 218., 215. og 106. gr. þeirra laga. Þá krefst hann málsvarnarlauna hér fyrir dómi.

I.

Með bréfi ríkissaksóknara 8. ágúst 1980 var málið sent Læknaráði og æskt umsagnar þess um, hvort það féllist á niðurstöður álitsgerðar Karls Strand geðlæknis frá 19. nóvember 1978 um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Í ályktun Læknaráðs 16. desember 1980 segir svo: „Læknaráð fellst á þá niðurstöðu Karls Strand yfirlæknis, að ákærði sé ekki haldinn neinum þeim geðsjúkdómi, sem mæli á móti sakhæfi". Verður ályktunin lögð til grundvallar um sakhæfi ákærða.

II.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að eigi sé sannað, að ákærði hafi tekið fyrirfram ákvörðun um að svipta stúlk-

una A lífi hinn 5. september 1978. Það atferli ákærða að bregða snæri um háls stúlkunnar og herða að, svo sem lýst er í héraðsdómi, var stórháskalegt, og gat ákærða ekki dulist, að langlíklegast var, að af því hlyti hún líftjón. Varðar atferli þetta ákærða refsingu samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um brot ákærða á 106. gr. sömu laga.

Fallist er á, að beita beri ákvæðum 9. tl. 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga við refsiákvörðun. Þá ber að taka tillit til ungs aldurs ákærða, er hann framdi brot sitt. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 6. september 1978 komi refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Einarsson, sæti 8 ára fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist ákærða óslitið frá 6. september 1978 komi refsivist hans til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Séatkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Loga Einarssonar.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara nema um ákvörðun refsingar, sem við teljum hæfilega ákveðna í héraðsdómi.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 5. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Ármanni Kristinssyni, Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 455/1979: Ákæruvaldið gegn Þórarni Einarssyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Mál þetta er höfðað með tveim ákærum ríkissaksóknara á hendur Þórarni Einarssyni verkamanni, Gyðufelli 12, Reykjavík, fæddum 28. janúar 1959 í Keflavík.

Með ákæru, dagsettri 4. desember sl., er höfðað mál á hendur ákærða „fyrir að hafa, að morgni þriðjudagsins 5. september 1978, svipt A, fyrrverandi unnustu sína, til heimilis að Yrsufelli 1, Reykjavík, lífi í herbergi, sem ákærði hafði til umráða í verbúð á Flateyri, „Regnboganum", með því að bregða um háls hennar snæri og kyrkja hana.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Þá er málið einnig höfðað gegn ákærða með ákæru, dagsettri 30. mars sl., „fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, mánudaginn 12. mars 1979, kl. 10.20, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík, ráðist þar á gangi hússins á yfirfangavörðinn, Skúla Ævar Steinsson, og slegið hann þungt hnefahögg á höfuðið aftan við vinstra eyra, þannig að Skúli Ævar hlaut af heilahristing, og hafa síðan hótað honum misþyrmingum, allt vegna þess að ákærði taldi sig vanhaldinn í lyfjum af völdum Skúla Ævars.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik eru svofelld:

I.

Þriðjudaginn 5. september sl., klukkan 1105, hringdi hreppstjórinn á Flateyri til lögreglunnar á Ísafirði og skýrði frá því, að hjá honum væri piltur, sem segðist hafa orðið unnustu sinni að bana og óskaði eftir að verða færður á næstu lögreglustöð.

Fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði fór þegar ásamt tveim lög-

reglumönnum til heimilis hreppstjóra, og hittu þeir þar fyrir ákærða í máli þessu. Í skýrslu yfirlögregluþjónsins segir, að hann hafi virst vera mjög miður sín. Þegar hann var spurður, hvað gerst hefði, svaraði hann: „Þetta átti ekki að fara svona", en frekar var ekki rætt við hann að sinni. Ákærði var færður í fangahúsið á Ísafirði.

Löggæslumenn héldu síðan á stað þann, þar sem atburðurinn átti sér stað, Regnbogann við Hafnarstræti 15 á Flateyri. Þar hittu þeir fyrir héraðslækni og hjúkrunarkonu, sem voru yfir látinni konu, er klædd var nærbuxum og brjósthaldara einum fata. Trollgarnsspotti var utan um háls hennar og svört rák eftir hann fyrir ofan barkakýli.

Vettvangur var ekki kannaður nákvæmlega, en húsinu lokað og óskað eftir liðsinni rannsóknarlögreglu ríkisins. Komu tveir rannsóknarlögreglumenn vestur sama dag og hófu rannsókn málsins.

Samkvæmt vettvangsrannsókn, myndum og uppdráttum er húsið Regnboginn múrhúðað timburhús á tveim hæðum í sambyggingu. Á efri hæð eru sjö íbúðarherbergi, og var búið í þeim öllum, en húsið, sem er í eign frystihússins Hjálms h/f, var notað sem verbúð.

Ákærði hafði herbergi beint á móti uppgangi. Hurðarlæsing var biluð, en hurðinni lokað með hengilás og hespu að utanverðu. Til hægri innan við dyrnar var dýna, og á henni lá hin látna. Á hálsi hennar var dökk rönd, sem grynntist beggja vegna aftur með hálsinum og náði ekki saman að aftan. Um hálsinn lá tvöfalt nylontrollgarn, þríþætt, um 4 metra langt, óhnýtt.

Á gólfinu móts við þann enda dýnunnar, sem fjær var dyrunum, voru tvær sængur og koddi. Undir sængunum og að nokkru undir brún dýnunnar lá flökunarhnífur. Rétt hjá hnífnum voru tveir litlir blettir í gólfteppinu, sem skornir voru úr til frekari rannsóknar.

Til vinstri innan við dyrnar á herbergi ákærða stóð skápur með skúffum. Í neðstu skúffunni, sem dregin var út til hálfs, var meðal annars dúkahnífur og þrír fiskverkunarhnífar. Á gólfinu innan við skápinn lá dós undan bökuðum baunum.

Svo sem áður er nefnt, var búið í öllum hinum herbergjunum á efri hæð hússins. Höfðu íbúarnir, átta talsins, verið heima umrætt kvöld og nótt, en yfirleitt farið til vinnu frá klukkan 0930—1000. Rannsóknarlögreglumenn ræddu við íbúana, en frásagnir þeirra varpa ekki ljósi á atvik máls þessa. Rétt er þó að reifa

framburði þeirra, sem bjuggu í vistarverum, sem lágu að herbergi ákærða.

Fay Drummond frá Nýja-Sjálandi bjó ásamt eiginmanni sínum í herbergi við hlið ákærða. Hún kvaðst hafa komið heim um klukkan 2115, ákærði bankað á dyrnar rétt um það leyti og beðið hana að skila því til manns síns, hvort hann vildi vekja sig til vinnu næsta morgun. Þau hefðu ekki rætt neitt annað og ákærði verið eðlilegur að sjá. Eftir þetta heyrði hún tónlist frá herbergi ákærða og mannamál, þar sem karlmaður og kvenmaður ræddust við á eðlilegan máta og án rifrildis. Næsta morgun fór hún til vinnu rétt fyrir klukkan 0700 og bankaði þá á hurðina hjá ákærða. Karlmannsrödd svaraði „Yes", og heyrðist henni, að sá, er svaraði, væri að vakna. Á milli klukkan 0945 og 1000 drakk hún morgunkaffi á herberginu ásamt manni sínum og pólskri stúlku og hefði þá ekkert heyrst frá herbergi ákærða.

Stuart Drummond frá Nýja-Sjálandi kvaðst hafa komið heim úr vinnu klukkan um 2240 á mánudagskvöldið og eiginkona hans þá sagt honum, að ákærði hefði komið og beðið um, að hann vekti sig, áður en hann færi næsta morgun. Því hefði hann þó gleymt og farið laust fyrir klukkan 0700 án þess að vekja ákærða.

Klukkan um 2320 á mánudagskvöldið kvaðst Stuart Drummond hafa heyrt nokkur högg frá herbergi ákærða, eins og bankað væri í þilið á milli herbergjanna. Þetta hefðu ekki verið föst högg og ekki vakið sérstaka athygli hans, þar sem slíkur hávaði væri algengur í húsinu.

Stuart Drummond kvaðst hafa verið heima í kaffi á milli klukkan 0945 og 1000 þriðjudagsmorguninn og þá ekkert heyrt frá herbergi ákærða.

Hanne Hansen frá Noregi, sem bjó í hinu herberginu við hlið ákærða, var þar mánudagskvöldið, fór að sofa á milli klukkan 2300 og 2400, vaknaði klukkan 0900 þriðjudagsmorguninn og var í herberginu þar til klukkan rétt um 1000, er hún fór út á skúrþak á bak við húsið í sólbað, en fór inn í herbergið aftur um klukkan 1100. Hún kvaðst ekkert hafa heyrt úr herbergi ákærða og engan séð koma þaðan eða fara.

Vitnið Guðmundur Jónsson hreppstjóri, Grundarstíg 8, Flateyri, kvað dóttur sína hafa hringt til þess, þar sem það var við vinnu, að morgni þriðjudagsins 5. september sl. og sagt, að á heimili þeirra væri maður, sem nauðsynlega þyrfti að hafa tal af því. Vitnið hélt þegar heimleiðis og var komið þangað klukkan

1105. Þar hafi ákærði verið, óskað eftir að ræða við vitnið einslega og beiðst þess að verða fluttur á lögreglustöðina. Þegar vitnið spurði hann um ástæðuna, kvaðst ákærði hafa myrt unnustu sína, hún væri örugglega látin í herbergi hans í Regnboganum og þyrfti ekki að kalla á lækni. Vitnið kvaddi þegar til lækni sem og lögregluna á Ísafirði. Sjálft kvaðst það hafa dvalið hjá ákærða, þar til lögregla kom og tók hann í sínar vörslur. Hann hafi virst miður sín, hendur hans skolfið og hann verið óstyrkur í máli. Þeir ræddu málið ekkert frekar, á meðan beðið var komu lögreglu.

Vitnið Kristján Hálfdánarson, Drafnargötu 13, Flateyri, kvað boð hafa komið frá hreppstjóranum á milli klukkan 1100 og 1130 nefndan þriðjudag þess efnis, að einhver ráðamaður fyrirtækisins Hjálms h/f færi í Regnbogann með lækni með sér, þar sem þar hefði orðið slys. Hljóp vitnið yfir á sjúkraskýlið og fór síðan ásamt lækninum að Regnboganum. Ekki urðu þeir mannaferða varir í húsinu og fengu engin svör, þótt kallað væri. Rétt í sömu mund hefði þó komið maður með skilaboð um, að þeir færu til hreppstjórans og sæktu þangað lykil. Hreppstjórinn hefði látið þá fá lykil og sagt þeim að fara í eina herbergi Regnbogans, sem læst væri. Á efri hæð gegnt stigauppgangi fundu þeir herbergi, sem læst var með hengilás. Á gólfi herbergisins var rúmfatalúga. Læknirinn lyfti rúmfötunum, og kom þá í ljós, að undir þeim var stúlka, sem vitninu virtist látin. Hún lá á grúfu í hnipri fyrir framan dýnu, sem á gólfinu var. Vitnið tók eftir því, að hún var nokkuð blá í andliti, og snærisspotti var utan um háls hennar, sem vitninu virtist þó ekki hertur að honum. Að ósk læknisins hjálpuðust þeir að því að setja stúlkuna upp á dýnuna. Síðan hvarf vitnið af staðnum til að útvega bifreið og sjúkrabörur til þess að flytja líkið til Ísafjarðar.

Vitnið Þröstur Finnbogason læknir, Hamrahlíð 27 hér í borg, kvaðst hafa komið að læstu herbergi ákærða ásamt vitninu Kristjáni Hálfdánarsyni og þeir farið inn í það klukkan um 1110—1115. Tók vitnið fyrst eftir rúmfötum, sem lágu í hrúgu á gólfinu við rúmbrík, en út undan þeim sá í bera fætur.

Vitnið fjarlægði tvær sængur, og kom þá í ljós líkami af ungri konu, sem hvíldi á grúfu, og sneri andlitið beint niður. Hún lá endilöng, þannig að höfuð og herðar voru uppi á rúmkantinum, en líkaminn að öðru leyti á gólfinu, skáhallt út frá rúminu. Undir líkamanum var hálfsamanvöðlað lak, sem náði frá höfði niður að miðjum lærum. Þunnt snæri var vafið í tvo hringi utan um háls-

inn, en vitnið tók ekki eftir neinum hnút eða lykkju á því. Undir snærinu var djúp rák í húðina, sem náði hringinn í kringum hálsinn.

Vitnið kvaðst hafa lagt konuna á bakið í rúmið, en fljótlega séð, að hún var látin. Líkstirðnun var ekki merkjanleg, en líkblettir að byrja að myndast á hægra læri og mjöðm að framan- og utanverðu. Vitnið taldi, að konan hefði verið látin í um hálfa til eina klukkustund.

Vitnið Sigrún Gerða Gísladóttir hjúkrunarkona, Sólbakka, Önundarfirði, kvað boð hafa komið frá lækninum laust eftir klukkan 1100 nefndan þriðjudag þess efnis, að vitnið kæmi með körfu út í verbúðina Regnbogann. Þar hefði látin kona verið á annarri hæð hússins. Vitnið kvað djúp för hafa verið á hálsi konunnar, snæri legið undan honum hægra megin, yfir hann og út af vinstri öxl. Vitnið gat ekki borið um, hvort snærið hefði verið dregið í gegn um lykkju, en það hefði ekkert hert að hálsinum. Vitnið staðhæfði, að ekkert hefði verið hreyft við líkinu eða öðru í herberginu, eftir að það kom þangað, en læknirinn sagði því, að hann hefði áður fært líkið af gólfinu upp á dýnuna og lagt það þar á bakið.

Vitnið Ragnar Vignir, aðstoðaryfirlögregluþjónn og forstöðumaður tæknideildar rannsóknarlögreglu ríkisins, Giljalandi 4, Reykjavík, kom í herbergi ákærða í Regnboganum síðdegis hinn 5. september sl.

Vitnið kvað húsgögn ekki hafa verið færð um koll eða önnur ummerki beinlínis bent til átaka, nema þá helst að rúmföt voru í óreiðu.

Tveir flatningshnífar lágu efst í opinni skúffu í herberginu, og sá þriðji var undir sængufötum, alveg við rúmdýnu. Var leitað fingrafara á þeim hníf, en enginn fundust. Einnig var blað hans rannsakað, blóðsvörun kom ekki fram, en blettir voru á því, sem bent gætu til þess, að hann hefði verið notaður til að opna með baunadós, sem þarna lá upp skorin.

Ekkert blóð var sjáanlegt á vettvangi. Tveir blettir, sem voru í teppinu, voru skornir úr því, en þeir gáfu ekki blóðsvörun.

Vitnið kvað tvöfalt snæri hafa legið um háls stúlkunnar og greinileg rák verið eftir það, dýpst fremst, en síðan smágrynnst.

Húsakynni hefðu verið þannig, að vitnið taldi, að köll hefðu heyrst um húsið, enda veggir þunnir og lítið einangraðir.

Vitnið Ásdís Ámundadóttir sendill, Hörpugötu 12 hér í borg,

kvaðst hafa komið til Hnífsdals hinn 22. ágúst sl. og þá kynnst sambýliskonu sinni og vinnufélaga, A.

Næstu helgi hefði komið í heimsókn til hennar piltur, sem vitnið vissi ekki frekari deili á, og þau farið eitthvað á brott frá Hnífsdal. Á eftir hefði A haft við orð, að þau hefðu verið að „fíflast saman".

Vitnið kvað A hafa sagt, að hún hefði verið trúlofuð strák, sem héti Tóti, og forðað sér úr Reykjavík og þarna vestur til að losna við hann. Hefði hann lagt á hana hendur og bæri hún ör í andliti af hans völdum. Óttaðist hún, að hann kæmi á eftir henni vestur, en orðaði þó ekki beinlínis, að henni stæði stuggur af honum.

Vitnið skýrði frá því, að þær Sigrún Jóhanna Jónsdóttir, Þuríður Ingólfsdóttir, B og A, sem störfuðu allar við frystihúsið í Hnífsdal, hefðu að morgni mánudagsins 4. september sl. haldið til Ísafjarðar, enda hugðust þær hætta í vinnunni, og var ákærði í för með þeim. Ætlan þeirra stallsystra var að fara með flugvél til Reykjavíkur, en vélin reyndist fullsetin. Á Ísafirði hefðu þær skilist við ákærða og haldið aftur til Hnífsdals, en áður hefði flaska af áfengi verið keypt. Þær B og A neyttu einkum vínsins bæði á Hnífsdal sem og á veitingastaðnum Mánakaffi á Ísafirði, eftir að þær komu aftur þangað.

Á Mánakaffi slóst ákærði, sem var algáður, í hópinn. Hann bað A um að koma með sér til Flateyrar, en vitnið mundi ekki, hverju hún svaraði. Ákærði hóf að ræða um einhverja stelpu, sem hefði skorið sig á púls, og taldi hana kjarkaða. Í framhaldi af því hefði hann sagt, að fremdi hann sjálfsmorð, tæki hann A með. Þau fóru síðan að kíta, og var A hrópandi og með drykkjulæti. Bað ákærði hana að hætta, þar sem hann blygðaðist sín fyrir hana, en hún sagði honum oftar en einu sinni að þegja. Vitninu fannst sem þetta væri meira í góðu og tók það sem einhverja „stæla". Þegar þau voru að fara út af Mánakaffi, hefði ákærði beðið A um að tala við sig einslega, en hún svarað því neitandi.

Að sögn vitnisins héldu þau síðan öll á lögreglustöðina, og ók lögreglan þeim að gatnamótunum til Flateyrar. Þar hefðu þær A og B sagst ætla með ákærða út á Flateyri og talað um að vera eitthvað lengur, en koma síðan suður með flugvél. Lögreglan hefði pantað fyrir þau leigubifreið, en þær hinar haldið í átt til Súðavíkur.

Vitninu virtist ekki, að ríkt hefði neitt sérstakt ósamlyndi milli

þeirra ákærða og A. Samskipti þeirra hefðu verið eðlileg, nema hvað vitninu fannst A sýna ákærða nokkurn ruddaskap.

Vitnið Sigrún Jóhanna Jónsdóttir, starfsstúlka á Kópavogshæli, til heimilis að Miðvangi 2, Hafnarfirði, kvaðst hafa komið til vinnu við frystihúsið í Hnífsdal hinn 23. ágúst sl. og þá fyrst kynnst A.

Vitnið gat ekkert borið um ferðir hennar helgina 26.—27. ágúst, og það þekkti ekki til vitnisins Guðmundar Björns Haraldssonar á Flateyri, sbr. síðar.

Vitnið kvað A hafa sagt því, að hún hefði verið trúlofuð strák, sem hún kallaði Tóta. Þau hefðu lent í mikilli óreglu og hann oft lagt á hana hendur. Þess vegna hefði hún sagt honum upp og væri öllu lokið á milli þeirra. Einnig hefði hún haft við orð, að hún væri mjög háð áfengi.

Að öðru leyti var framburður vitnisins mjög áþekkur vætti vitnisins Ásdísar, sem rakið er hér að framan. Vitnið mundi ekki til þess, að nokkuð óvenjulegt hefði verið við samskipti þeirra ákærða og A.

Vitnið Þuríður Ingólfsdóttir atvinnulaus, Seljavegi 3 A hér í borg, kvaðst hafa kynnst A vestur á Hnífsdal, en þangað hefði vitnið komið til fiskvinnu hinn 22. ágúst sl.

Vitnið staðhæfði, að helgina 26.—27. ágúst, sennilega á laugardeginum, hefði einhver piltur frá Flateyri komið í heimsókn til þeirra A og B og þær farið eitthvað á brott með honum. Sú síðarnefnda hefði sagt vitninu, að hún og pilturinn hefðu lent í slagsmálum. Vitnið gat ekkert borið um orsakir þeirra eða nokkuð frekar um kynni piltsins og þeirra.

Vitnið kvað A hafa sagt því, að hún hefði verið trúlofuð strák, sem héti Tóti. Hún hefði sagt honum upp, enda hefði hann margsinnis lagt á hana hendur. Sýndi hún vitninu ör á enni og fyrir neðan nef, sem hún sagði vera af hans völdum. Einnig hafði hún við orð, að fáir vissu, að hún væri þar vestra, en kvaðst þó óttast, að þessi Tóti mundi hafa uppi á henni og koma. Ekki gat hún þess þó, að hún væri hrædd við þennan Tóta, en vildi einasta fá frið fyrir honum.

Að öðru leyti var framburður vitnisins á sömu lund og vætti vitnanna Ásdísar og Sigrúnar Jóhönnu. Varð vitnið ekki vart við, að skipti þeirra ákærða og A væru á nokkurn hátt öðruvísi en gera mátti ráð fyrir.

Vitnið Guðmundur Björn Haraldsson verkamaður, Grundarstíg 1, Flateyri, kvaðst hafa kynnst A nokkru eftir áramótin 1977—

1978. Hefði hún þá komið vestur á Flateyri ásamt vinkonu sinni D og þær starfað við frystihús Hjálms h/f um tveggja mánaða skeið. Á þessu tímabili „vorum við A saman sem kallað er", svo sem orðrétt er bókað eftir vitninu. Eftir að þær fóru suður, hafði vitnið nokkrum sinnum símasamband við A, og einnig hringdi hún til þess. Vitnið kvaðst hafa skroppið til Reykjavíkur í maímánuði árið 1978, hitt A og þau farið saman á veitingastaðinn Klúbbinn. Þar vék ákærði sér að vitninu, þreif í það og spurði, hvað það væri að „þvælast með dömunni sinni". A gekk strax á milli og sagði ákærða, að vitnið væri aðeins kunningi sinn. Vitnið hvarf á brott.

Síðar komu þær A og B vestur. Dvöldu þær hjá vitninu í um vikutíma, en þá fóru þau þrjú á bifreið vitnisins til Reykjavíkur. Þar var vitnið í eina viku, umgekkst þær stöllur og fór á dansleiki með þeim. Eftir þetta flugu þau þrjú vestur, stúlkurnar fóru til Hnífsdals í vinnu, en vitnið hvarf heim til sín.

Næstu helgi dvaldi vitnið hjá þeim stúlkunum á Hnífsdal, en helgina á eftir komu þær í heimsókn til þess.

Að kvöldi laugardagsins 2. september kvaðst vitnið hafa hitt ákærða á dansleik á Flateyri, en mundi ekki, hvað þeim fór á milli. Næsta dag kom ákærði á heimili vitnisins með áfengisflösku, og settust þeir að drykkju. Færði vitnið í tal við ákærða, að þeir skryppu til Hnífsdals, og tók ákærði strax vel í það. Þeir fóru til þeirra A og B. Báðir voru þeir talsvert ölvaðir, er þangað kom. Vitnið mundi ekki að greina frá viðræðum ákærða og A, en því heyrðist á henni, að hann væri enginn aufúsugestur. Hún ræddi einslega við vitnið og atyrti það fyrir að koma með ákærða. Hafði hún við orð, að ekki væri annað fyrir hana að gera en fara suður, fyrst hann væri kominn vestur. Vitnið hvarf á brott, en þrátt fyrir tilmæli þeirra hinna fór ákærði hvergi.

Næsta kvöld, klukkan um 1930, komu þau síðan heim til vitnisins. Voru stúlkurnar talsvert undir áhrifum áfengis, en þeir karlmennirnir algáðir. Þau ákærði og A ræddu eitthvað saman einslega. Ekki man vitnið þær orðræður, en þó mátti heyra, að þau voru að þrátta. Vitnið kvað B hafa sagt því, að ákærði hefði þvingað A til samræðis við sig, en ekki ræddi vitnið það við þau hin. Þá sagði A vitninu, að hún hygðist dvelja í herberginu hjá ákærða, þar til hann hefði unnið sér inn fé til að greiða flugfar hennar suður. Vitninu virtist það „skrýtið, að hún vildi ekkert með hann hafa, en ætlaði samt að búa hjá honum". Ekki ræddi vitnið þetta frekar við hana, þar sem það vildi láta þeim eftir að

útkljá sín mál. Vitnið sagði, að A hefði verið „eitthvað spennt" og skyndilega hefði hún farið „út í fússi" með ákærða um klukkan 2130. Þau B hefðu bæði verið undrandi, þar sem þeim hefði verið ókunnugt um, að henni hefði mislíkað nokkuð við þau. Vitnið sá síðast til þeirra, þar sem þau gengu í átt að Regnboganum. B og vitnið hefðu litlu síðar gengið fram hjá húsinu, en ekki séð herbergisglugga ákærða. Var B þá á leið til Ísafjarðar.

Vitnið staðhæfði, að það hefði aldrei heyrt hótanir fara á milli þeirra ákærða og A. Hún hefði hins vegar sagt vitninu, að á ýmsu hefði gengið á meðan þau voru trúlofuð, hann beitt hana ofbeldi og lagt á hana hendur. Sunnudag þann, sem þeir ákærði drukku saman, hefði hann sýnt vitninu ör á handlegg sér, sem væri eftir hnífstungu, sem A hefði veitt honum.

Vitnið skýrði frá því, að það hefði beðið A að taka upp sambúð með sér. Hefði vitnið fyrst nefnt þetta við hana í vikunni, áður en þau fóru vestur, hún ekkert ákveðið svar gefið, en sagst ætla að sjá til. Í þessu sambandi hefði vitnið sótt um íbúð hjá hreppnum, en ekki fengið fullnaðarsvar. Þegar þeir ákærði fóru vestur á Hnífsdal, hefðu þessi mál borist í tal að nýju. A hefði þá sagt, að hún vildi, að þau færu að búa saman. Var hún algáð, og taldi vitnið, að hugur fylgdi máli.

Vitnið B verkakona ..., Reykjavík, kvaðst hafa þekkt ákærða og A frá því er þau fóru að vera saman, enda kynnt þau. Sambúð þeirra hefði verið slitrótt og stormasöm, þau oftsinnis hafið trúlofun sína, en síðan gengið hvort á eftir öðru. Vitnið taldi missætti þeirra vera nokkuð beggja sök.

Vitnið kvað ákærða og A iðulega að því ásjáandi hafa tekist á og grýtt hlutum hvort í annað. Eitt sinn hefði það séð A taka hníf og beina að ákærða, en honum tekist að ná hnífnum af henni. Þá fullyrti vitnið, að A hefði sagt því, að ákærði hefði lagt hendur á móður hennar eitt sinn, er þau deildu og hún hugðist ganga á milli.

Vitnið staðhæfði, að ákærði hefði að minnsta kosti tvívegis haft orð á því, að færi A frá honum til annars karlmanns, þá mundi hann drepa hana og síðan sjálfan sig.

Vitnið skýrði frá því, að A hefði einhverju sinni vorið 1978 farið að segja ákærða frá pilti í Vestmannaeyjum, sem hún hefði haft samfarir við. Ákærði hefði orðið reiður og lamið hana, en hún þá sagt, að þetta væri lygi. Hins vegar vissi vitnið, að slíkt hafði átt sér stað. Á eftir sagði A því, að hún hefði einasta verið að særa ákærða og vita, hvort hann mundi berja hana. Allt að

einu taldi vitnið, að þeim ákærða og A hafi þótt mjög vænt hvoru um annað.

Vitnið staðhæfði, að A hefði haft samfarir við marga karlmenn á þeim tíma, sem þau ákærði þekktust, það enda oft verið viðstatt, þegar þær áttu sér stað. Hins vegar vissi vitnið ekki til þess, að hún hefði átt mök við tvo svertingja og Filippseyjarmann.

Þá skýrði vitnið frá því, að þær stöllur, sem voru systkinabörn, hefðu á þessum tíma nokkrum sinnum selt sig karlmönnum og eitt skiptið sama manninum. Þetta hefðu þær gert bæði vegna spenningsins og eins hefði þær skort peninga. Ákærði var þó ósínkur á fé við A, og taldi vitnið, að hann hefði látið hana hafa eins mikið og hann gat, þegar þau voru saman.

Vitnið staðfesti þá frásögn ákærða, að A hefði eitt sinn ætlast til, að þau ákærði ættu mök saman sem og að þau þrjú færu í svonefndan „þríhyrning".

Vitnið kannaðist við, að það hefði í eitt skipti átt kynmök við A í húsi nokkru við Stóragerði og verið nærstatt, þegar þær D höfðu sömu tilburði í frammi.

Vitnið kvað þær A hafa komið sér saman um að leyna ákærða mökum þeirra við aðra karlmenn sem og afskiptum þeirra hvor af annarri. Sagðist vitnið aldrei hafa rætt málefni þessi við ákærða.

Vitnið taldi, að ákærði hefði verið andvígur því, að þær A væru mikið saman, þar sem þær neyttu þá áfengis í óhófi og lifðu að öðru leyti sukksömu lífi.

Vitnið kvað A hafa sagt því síðastliðið sumar, að hún vildi algerlega slíta sambandi þeirra ákærða, þar sem hún væri orðin hrædd við hann.

Vitnið skýrði frá því, að þær A hefðu farið vestur á Flateyri, búið heima hjá Guðmundi Birni Haraldssyni og þau A sofið saman þann tíma. Þetta hefði verið um verslunarmannahelgina, þær stöllur verið ölvaðar og unnið einhver hervirki á íbúðinni.

Vitnið kvað A hafa sagt því, að Guðmundur Björn væri hrifinn af henni og hann vildi að þau tækju upp sambúð. Lét A þau orð falla, að hún væri að hugsa það mál betur.

Vitnið taldi, að ákærði hefði vitað um samband þeirra Guðmundar Björns og A. Byggði vitnið þetta á því, að ákærði hefði farið vestur á Flateyri í því skyni að jafna um við Guðmund Björn. Ekki vissi vitnið, hvenær sú för hefði verið farin, og ekki gat það frekar um efni þessi borið.

Vitnið kvað þær A hafa farið vestur á Hnífsdal um miðjan

ágústmánuð. Þær sögðu foreldrsum sínum, að þær væru á förum vestur, en ætlan þeirra var, að aðrir fréttu það ekki, og alls ekki ákærði, sem þá var í vinnu á Keflavíkurflugvelli.

Vitnið taldi, að næstu helgi, eftir að þær komu vestur, hefðu þær farið til Flateyrar að heimsækja Guðmund Björn. Ekki minntist vitnið þess, að það hefði sagt Þuríði Ingólfsdóttur, að þau Guðmundur Björn hefðu lent í handalögmálum, enda ekkert slíkt átt sér stað.

Vitnið kvað þá ákærða og Guðmund Björn hafa komið drukkna í verbúðina á Hnífsdal sunnudaginn 3. september sl.

Vitnið heyrði ákærða biðja A þess, að þau reyndu enn einu sinni að verða vinir og taka saman aftur, en hún sagðist ekki vilja sjá hann. Síðan hefðu þau rifist eitthvað, en vitnið mundi ekki að greina þær orðræður nánar.

Vitnið staðhæfði, að nokkru eftir að ákærði kom, hefði hann viljað ræða við vitnið einslega og farið að rugla um, að kæmi A ekki með honum til Kanaríeyja næstu jól, fengi hann sér leigumorðingja og fæli honum að búta ákærða sjálfan niður í stykki. Vitnið leit á ummæli þessi sem ölvunarrugl.

Ákærði vildi ekki fara með Guðmundi Birni um kvöldið og lagði sig í rúmið hjá A, en þær stöllur sváfu í sama herbergi. Vitnið heyrði, að ákærði vildi láta vel að henni. Hún stimpaðist á móti, en að lokum höfðu þau þó samfarir. Eftir þær virtist fara vel á með þeim.

Morguninn eftir komu þær Ásdís, Sigrún Jóhanna og Þuríður í herbergi þeirra A. Kváðnust þær vera hættar vinnu og ætla suður til Reykjavíkur. Þær A brugðu þá á það ráð að fara að dæmi þeirra, og héldu þær allar ásamt ákærða til Ísafjarðar.

Þegar þangað kom, stungu þær ákærða af, keyptu sér áfengi, fóru aftur til Hnífsdals og tóku að neyta þess þar. Komust þær A undir áhrif þess. Síðan fóru þær aftur til Ísafjarðar og rákust á ákærða þar, en ætlan þeirra hafði verið að forðast hann og fara „á puttanum" til Reykjavíkur.

Vitnið minntist þess, að þau hefðu komið á veitingastaðinn Mánakaffi, A hefði verið „í stuði", en ekki gat það rakið orðaskipti, sem þar fóru fram.

Vitnið kvað lögregluna á Ísafirði hafa ekið þeim út fyrir bæinn. Á leiðinni hefðu þær A guggnað á því að fara til Reykjavíkur. Spurðu þær ákærða, hvort hann vildi greiða fyrir þær flugfar til Reykjavíkur. Játti hann því. Varð að samkomulagi, að þær

gistu hjá honum í verbúðinni á Flateyri, þar til hann hefði unnið fyrir fargjaldinu.

Þau þrjú héldu þessu næst með leigubifreið heim til Guðmundar Björns að Grundarstíg 1 á Flateyri, og galt vitnið 7 eða 8 þúsund fyrir aksturinn. Taldi það klukkuna þá hafa verið um 1900—1930 og þau hefðu dvalið þar í röska hálfa klukkustund. Neyttu þær stúlkurnar einhvers víns, en þeir ákærði og Guðmundur Björn voru algáðir. Mjög vel hefði legið á A. Ákærði og hún hefðu horfið inn í annað herbergi um stund og eitthvað verið að kíta, en vitnið heyrði ekki, hvað þeim fór á milli. Vitnið sagði Guðmundi Birni frá samförum þeirra A og ákærða kvöldið áður. Vitnið kvað A hafa beðið það að koma með þeim ákærða í verbúðina, þar sem hann bjó. Sagði vitnið henni þá, að það hefði ákveðið að fara til Ísafjarðar um kvöldið og fljúga til Reykjavíkur næsta morgun. Ekki mundi vitnið, hvort A reiddist því af þessum sökum. Vel hefði þó virst fara á með þeim ákærða, þegar þau gengu út frá Guðmundi Birni, og hún verið syngjandi.

Þau Guðmundur Björn fóru síðan út klukkan um 2100—2130. Gengu þau fram hjá Regnboganum. Fullyrti vitnið, að ljós hefði verið tendrað í herbergi ákærða, sem að sögn Guðmundar Björns hefði búið á 2 hæð. Vitnið hélt síðan til Ísafjarðar og næsta morgun til Reykjavíkur.

Vitnið D atvinnulaus, til heimilis að ..., Reykjavík, kvaðst fyrst hafa kynnst þeim ákærða og A, á meðan þau bjuggu saman í verbúð í Grindavík, að vitnið minnti á árinu 1976, og bjó það í sömu verbúð og þau. Vitnið varð vart við, að þau rifust oft, bæði drukkin og ódrukkin, og til átaka kom. Eftir þetta hefðu þær A á köflum verið mikið saman. Kvaðst vitninu því hafa verið kunnugt um, að samband þeirra ákærða og A hafi alla tíð verið mjög rysjótt. Á stundum hafi þau sýnt hvort öðru ástúð, en þess á milli dregið til ósamlyndis. Bæði hafi þau verið skapríkt og gjörn á að láta hendur skipta, og kvaðst vitnið hafa séð ákomur á þeim eftir hvort annað. Þá hafi ákærði hótað A því að drepa hana og hafi það sérstaklega verið til þess að fá hana til að taka upp sambúð við hann að nýju. Vitnið taldi, að orsök illindanna hafi verið nokkuð beggja sök og A oft átt upptökin að þeim.

Vitnið fullyrti, að á þeim tíma, sem þau ákærði og A hafi ekki verið samvistum, hafi hún verið með fjölda karlmanna. Þannig hefði vitnið verið með henni um ári áður á Keflavíkurflugvelli og hún þá haft samfarir við svertingja og Filippseying. Einnig sagði

hún vitninu, að hún hefði oftar en einu sinni selt sig fyrir peninga. Vitnið vissi til þess, að hún var í eitt skipti líkamlega með svertingja, á meðan þau ákærði voru í sambúð. Vitnið kvað ákærða margoft hafa innt það eftir því, hvort A ætti mök við aðra karlmenn, en það ætíð tekið fyrir slíkt. Taldi vitnið, að ákærða hafi ekki verið kunnugt um fyrrgreind atvik.

Sjálft kvaðst vitnið hafa haft kynmök við A í húsi einu við Stórageröi hér í borg, nokkru áður en A fór vestur á Hnífsdal. Voru þær mjög ölvaðar og B og piltur að nafni Hallvarður voru nærstödd. Vitnið taldi, að um eins konar ölæðisverk hefði verið að ræða, að minnsta kosti hefði það ekki borið ástarhug til A.

Vitnið greindi frá því, að þær A hefðu farið til Flateyrar litlu eftir áramótin 1977—1978. Dvöldust þær þar í tvo eða þrjá mánuði. Á Flateyri kynntist A Guðmundi Birni Haraldssyni. Stofnaðist með þeim eitthvert ástarsamband, og vissi vitnið til þess, að þau áttu líkamleg mök saman. Guðmundur Björn vildi trúlofast A. Úr því varð þó ekki.

Vitnið Hallvarður Ólafsson fiskiðnaðarmaður, Skarðsstöðum, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, kvaðst hafa kynnst þeim A, B og D á skemmtistöðum hér í borg, en hins vegar ekkert þekkt ákærða. Nefnd kynni hefðu ekki verið mikil og A hefði aldrei rætt við það um samband sitt við karla eða konur. Vitnið hafði herbergi á leigu í húsi einu við Stórageröi hér í borg. Einhvern tíma síðastliðið haust, nánar gat vitnið ekki tímasett atburðinn, hefðu þær A og B komið í herbergi til þess og átt þar saman kynmök að vitninu ásjáandi. Hið sama hafi og átt sér stað milli þeirra A og D.

Vitnið E afgreiðslustúlka, ... hér í borg, móðir A, kvað dóttur sína hafa kynnst ákærða, er hún var 15 ára að aldri. Hefðu þau í fyrstu virst ánægð saman, en síðan hefði snurða hlaupið á þráðinn, þau ýmist slitið samvisir eða tekið saman aftur. Vissi vitnið hvorki orsakir sundurlyndis þeirra né hvort þeirra hafi frekar leitast eftir sáttum. Þau neyttu bæði áfengis. Vitnið minntist þess ekki, að það hefði nokkru sinni séð ákærða og dóttur þess í átökum, og því var ekki kunnugt um, að hann hefði haft í frammi hótanir við hana. Virtist vitninu þeim þykja vænt um hvort annað, þótt þeim lynti ekki saman. Aldrei hefði ákærði lagt hendur á vitnið.

Vitnið kvað dóttur þess hafa sagt því, áður en hún fór til Hnífsdals, að þau ákærði hefðu endanlega slitið samvistir. Ákærði hringdi, eftir að A fór vestur, og spurði eftir henni. Svaraði vitnið,

að hún væri ekki heima, og það vissi ekki, hvar hún væri, enda hefði hún beðið vitnið þess, að það skýrði ekki frá dvalarstað hennar, væri um hana spurt. Vitnið taldi, að A hefði síður viljað, að ákærði vissi, hvar hún væri, hún hafi ekki beinlínis verið að forðast hann með vesturförinni, en eins og frekar verið að slíta sambandi við hann.

Auður Kristófersdóttir verkakona, Gyðufelli 12 hér í borg, móðir ákærða, og Þórlaug Einarsdóttir afgreiðslustúlka, Fannarfelli 4 hér í borg, systir hans, voru kvaddar fyrir dóminn, en þær höfðu áður gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu. Með hliðsjón af ákvæðum 89. gr. laga nr. 74/1974 voru ekki teknar af þeim dómskýrslur.

Ákærði kvaðst hafa kynnst A í lok septembermánaðar árið 1975 og þegar tekist með þeim náin kynni. Hann hefði farið til Vestmannaeyja á bát eftir áramótin 1975—1976 og hún komið þangað um hálfum mánuði síðar. Sagði hún honum þá, að flesta daga, á meðan hún var ein í Reykjavík, hefði hún verið við áfengisneyslu sem og haldið fram hjá honum og selt sig 45 ára gömlum manni, sem hún nafngreindi. Af þeim sökum slitnaði sambúð þeirra, og fór hún aftur til Reykjavíkur. Nokkrum dögum síðar kvaðst ákærði hafa farið á eftir henni, sæst við hana og þau að nýju farið til Vestmannaeyja. Fljótlega hafi þó komið til ósamlyndis og ástæðan verið sú, að þau hittu pilt nokkurn á götu, sem bauð þeim til fagnaðar. Ákærði vildi ekki þiggja boðið, en A fór. Þegar hún kom heim aftur, sló ákærði hana hnefahögg í andlit, þannig að hún hlaut skurð á efri vör. Daginn eftir átti ákærði mök við vinstúlku A til þess að hefna sín, og kvaðst hann hafa séð til þess, að hún frétti um atvikið. Varð það til þess, að A kastaði sér í sjóinn, án þess þó að bíða tjón af, og skundaði síðan til Reykjavíkur.

Ákærði kvaðst viku síðar hafa farið heim til A og sæst við hana. Sambúð þeirra gekk nokkuð snurðulaust, þar til skömmu fyrir jólin 1976, að ósætti varð, og átti ákærði þá öðru sinni mök við aðra stúlku.

Þau sættust að nýju fyrir áramótin og opinberuðu trúlofun sína hinn 25. mars 1977. Í júlí kom enn til misklíðar milli þeirra á skemmtistað hér í borg. Staðhæfði ákærði, að A hefði þá látið ölflösku vaða í höfuð hans og hent trúlofunarhringnum út í buskann, en sjálfur hefði hann sett sinn í pant hjá einhverjum leigubifreiðarstjóra.

Tveim dögum síðar leitaði A sátta, og nýir trúlofunarhringir

voru keyptir. Ekki stóð þó sú dýrð lengi, því að röskum mánuði síðar urðu þau enn ósátt, A hefði slegið hann með flösku í ennið, svo að fyrir sprakk og talsvert blæddi, en hann þrifið vasa og grýtt í höfuð henni, og hlaut hún einnig skurð á enni. Móðir A hefði verið nærstödd átök þessi, en ákærði neitaði því, að hann hefði lagt hendur á hana. Hins vegar hefði hann slegið niður ljósakrónu, um leið og hann fór út.

Enn tókust sættir, og trúlofunarhringir voru keyptir þriðja sinn. Stóð sú sambúð þeirra fram í desember 1977, er þau deildu um hversdagslega hluti og án þess að áfengi væri með í spilinu. Kvaðst ákærði hafa stungið upp á, að þau slitu samvistir, þar sem hann taldi, að þau gætu ekki verið saman án þess að rífast. Féllst A á þetta, og skildu leiðir í fullri sátt og samlyndi.

Laust fyrir páska kvaðst ákærði hafa verið farinn að sakna A, hringt til hennar, þar sem hún var að vinna á Flateyri, og spurt, hvort þau ættu ekki enn á ný að reyna að taka upp sambúð. A féllst á það, kom til ákærða og vildi, að þau keyptu fjórða settið af trúlofunarhringum, en ákærða þótti þar í of mikið ráðist.

Friður ríkti nú með þeim þar til í lok júnímánaðar árið 1978. Vildi ákærði þá fara á dansleik, en A ekki. Taldi ákærði, að hún hefði haldið, að hann ætlaði að stinga hana af. Varð þetta að misklíðarefni með þeim, sem lauk með því, að ákærði fór á brott, og sá hann A ekki aftur fyrr en á Hnífsdal hinn 3. september sl.

Ákærði staðhæfði, að mjög oft hefði komið fyrir, að A hefði ógnað honum með hnífum og að minnsta kosti þrívegis hefði henni tekist að særa hann með þeim. Bæri hann ör á hægri upphandlegg af þessum sökum. Átti þetta sér stað, bæði þegar A var drukkin og ódrukkin.

Ákærði kvað A hafa verið býsna kröfuharða í peningamálum og megnið af fé hans farið til þess að fæða hana og klæða, þá er þau voru saman, en sjálfur hefði hann nánast gengið í lörfum.

Ákærði greindi frá því, að eitt sinn, þegar þau A voru að skemmta sér með æskufélaga og kærustu hans, hefðu þau A og þessi æskufélagi horfið inn í annað herbergi og haft þar samfarir, að því er hún sagði honum síðar.

Öðru sinni sagði A ákærða, að þær B hefðu kvöld nokkurt báðar selt sig einum og sama manni.

Þá skýrði ákærði frá því, að eitt sinn, þegar þær A og B voru við drykkju, hefði hin fyrrnefnda farið þess á leit við ákærða, að hann hefði samfarir við þá síðarnefndu. Hann hefði reiðst og neitað því.

Tvívegis hefði það einnig komið fyrir, að B svipti sig öllum klæðum, þar sem ákærði og A hvíldu saman í einni sæng. Sté B upp í rúmið til þeirra, en A rak hana þaðan aftur, enda þótt hún hefði áður stungið upp á því sjálf, að þau færu saman í „þríhyrning eða tríó".

Ákærði taldi nefnd tilvik dæmigerð um siðferðisvitund þá, sem hjá stúlkum þessum hefði ríkt.

Ákærði kvað réttar frásagnir þeirra D og B, sem verið hefðu bestu vinkonur A, um samskipti hans og A, að öðru leyti en því, að hann taldi framburð hinnar fyrstnefndu um átök þeirra í Grindavík nokkuð orðum aukin, og einnig neitaði hann, að hann hefði nokkru sinni hótað að drepa foreldra A. Ákærði staðfestir, að hann hafi margspurt D, hvort A væri með öðrum karlmönnum, og hún neitað því.

Ákærði kannaðist við, að hann hefði tvívegis hótað að drepa A og síðan sjálfan sig, færi hún frá honum til annars karlmanns. Ekki taldi ákærði, að alvara hefði fylgt ógnunum þessum, þær verið eins konar „ástarjátning" og A hefði viðhaft svipuð ummæli.

Ákærði kvaðst hafa farið vestur á Flateyri föstudaginn 1. september sl. Tilgangur fararinnar hefði verið sá að reyna enn einu sinni að sættast við A, sem var að vinna á Hnífsdal. Þar hefði hann reynt að fá vinnu sem og á öðrum stað þar vestra og alger tilviljun ráðið því, að hann fór til Flateyrar og fékk þar starf í frystihúsi.

Daginn eftir að ákærði kom vestur var hann að verki með pilti nokkrum, búsettum á Flateyri. Hóf hann að spyrja pilt þennan um fyrri veru A þar á staðnum. Hafði hún oft minnst á það við ákærða, að hún ætti þar á staðnum góðan vin, sem hún kallaði Gunna. Í samtölunum komi fram, að þau A og Guðmundur Björn Haraldsson höfðu verið „saman á föstu", en Guðmundur Björn og pilturinn voru kunningjar. Einnig sagði hann ákærða, að þær A og B hefðu um næstliðna verslunarmannahelgi búið heima hjá Guðmundi Birni á Flateyri og þá í ölæði brotið þar allt og bramlað.

Að morgni sunnudagsins hefði Guðmundur Björn komið á vinnustað þeirra og þáð vín hjá ákærða. Vissi ákærði þá ekkert, hver þetta var, en nefndur vinnufélagi hans sagði honum deili á Guðmundi Birni.

Af tilviljun hittust þeir Guðmundur Björn aftur í hádeginu. Bauð ákærði honum til drykkju, og fóru þeir í því skyni heim til

Guðmundar Björns. Barst A þá í tal, meðal annars framferði hennar og B um verslunarmannahelgina, en ákærði minntist þess ekki, að ástarsamband þeirra Guðmundar Björns og A væri rætt. Hins vegar kvaðst ákærði hafa skýrt honum frá sambandi þeirra A og sýnt honum ör, sem hann bæri af hennar völdum.

Í framhaldi af verunni heima hjá Guðmundi Birni hefðu þeir farið til Hnífsdals, og mundi ákærði ekki, hvor þeirra átti frumkvæði að því.

Þegar þangað kom, vildi A fá að ræða einslega við Guðmund Björn. Þá er ákærða þótti þau hafa verið nógu lengi á tali saman, kvaðst hann hafa gengið inn í eldhúsið, þar sem A hefði setið á vaskaborðinu og eins og haldið Guðmundi Birni að sér. Kom þá í huga ákærða, að kynni þeirra gætu hafa verið alvarlegri en hann hafði haldið. Mætti vera, að þetta hafi eitthvað setið í honum, þá er til átakanna dró á milli þeirra A í Regnboganum næsta þriðjudagsmorgun. Hins vegar hefði samband Guðmundar Björns og hennar þá ekkert borið á góma og hún ekki nefnt nafn hans á meðal þeirra, sem hún sagðist hafa átt mök við.

Ákærði var að því spurður, hvort hann hefði vitað, að A hygðist skilja við hann að fullu og taka saman við Guðmund Björn. Orðrétt svaraði ákærði: „Ég hafði enga sönnun fyrir því". Hann kvaðst hafa haft grunsemdir um þetta, þar sem honum hefði einhvern veginn fundist Guðmundur Björn hafa verið A kærkomnari, þegar þeir komu saman til Hnífsdals.

Ákærði staðhæfði, að honum hefði verið alls ókunugt um, að Guðmundur Björn hefði tvívegis beðið A um að giftast sér og hann af því tilefni sótt um íbúð þar vestra.

Um þá fullyrðingu B, að ákærði hefði áður farið til Flateyjar til að jafna um við Guðmund Björn, sagði ákærði, að hann hefði ekki þangað komið, fyrr en hann réðst þar til vinnu 1. september. Hitt mætti vera, að hann hefði sagst ætla þangað til að jafn um við Guðmund Björn, enda ekki trúað því, að samband þeirra A hefði verið eins saklaust og hún vildi vera láta. Frekar kvaðst ákærði ekki um efni þetta geta borið.

Ákærða var kynntur framburður Guðmundar Björns um það, sem gerðist í veitingastaðnum Klúbbnum í maímánuði árið 1978. Hann kvaðst þá ekkert hafa kannast við Guðmund Björn, en A hefði næsta dag skýrt sér frá því, sem þarna átti sér stað, og haldi ákærði, að framburður Guðmundar Björns um atvik þetta væri réttur.

Ákærði kvað A hafa verið reiða yfir því, að hann skyldi vera

að koma til Hnífsdals. Ekki minntist hann þess, að hann hefði þá um kvöldið verið að biðja hana um að taka upp sambúð við hann að nýju. Hins vegar hefði hann strax morguninn eftir reynt að fá hana til slíks, en hún ekki viljað það.

Ekki minntist hann þess heldur, að hann hefði rætt við B um að leigja sér morðingja, svo sem hún segði. Hann hefði verið nokkuð ölvaður, þegar þeir Guðmundur Björn komu til Hnífsdals, og ekki viljað fara með honum aftur til Flateyrar, þó svo að A vildi, að hann færi.

Um nóttina hefði hann fengið að gista í herbergi þeirra stallsystra og þá viljað eiga samfarir við A, hún verið treg til, en þó látið að vilja hans, án þess að hann beitti hana valdi á nokkurn hátt.

Næsta morgun hefðu þær stöllur ásamt þrem öðrum stúlkum ákveðið að hætta störfum og fara suður til Reykjavíkur. Varð ákærði þeim samferða til Ísafjarðar og beið þar, á meðan þær fóru aftur til Hnífsdals til þess að sækja peninga. Þegar þær komu þaðan, voru A og B með áfengi í fórum sínum og farnar að neyta þess.

Ákærði kvað A hafa verið með fíflalæti í veitingastaðnum Mánakaffi, hún talað hátt og verið að stríða honum, en ekki mundi hann orðaskipti. Taldi ákærði, að hún hefði látið svona, af því að hún vissi, að honum væri illa við þvílíka háttsemi. Ákærði kvaðst hafa rætt þarna um stelpu, sem skorið hefði sig á púls, A sagt, að kjark þyrfti til að gera slíkt, eitthvað frekar verið rabbað í því sambandi, sem hann myndi ekki, enda tal þetta meiningarlaust af hans hálfu.

Þar sem flugvélin frá Ísafirði var fullsetin, ákváðu þær stúlkurnar að leggja gangandi af stað og reyna að fá far með bifreiðum. Hugðist ákærði slást í för með þeim, en verða eftir við gatnamótin að Flateyri.

Þegar hér var komið, tóku þær A og B þá ákvörðun að fara með ákærða til Flateyrar og búa hjá honum í verbúðinni, þar til hann hefði unnið sér inn nægilegt fé til að greiða flugfargjöld fyrir þær til Reykjavíkur.

Frá Ísafirði fóru þau þrjú með leigubifreið til Flateyrar og heim til Guðmundar Björns. Þær stúlkurnar voru orðnar nokkuð ölvaðar og neyttu einhvers áfengis þar, en þeir Guðmundur Björn voru algáðir.

Ákærði ræddi einslega við A. Var hann að biðja hana að vera hjá sér eina nótt og þau tækju síðan upp sambúð að nýju. Hún

féllst ekki á það. Þau voru ekki að kíta, en hún var nokkuð hávær, enda ölvuð.

Ákærði kvaðst hafa skotist út í kvöldsölu. Þegar hann kom aftur heim til Guðmundar Björns, hefði A skipt um skoðun. Var hún með einhvern „asa", hafði á orði, að hún þyldi ekki „þetta pakk", átti þar við þau B og Guðmund Björn, og sagði ákærða að koma. Skildist ákærða helst, að B hefði viljað fara strax af stað suður og A mislíkað það.

Þau fóru síðan um klukkan 2130 yfir í verbúðina Regnbogann, en B varð eftir hjá Guðmundi Birni. Bað ákærði útlending, sem bjó í herbergi við hliðina, að vekja sig næsta morgun.

Ákærði kvaðst hafa rætt um það við A, að þau tækju upp sambúð að nýju, en hún svarað því til, að hann vissi, að slíkt væri tilgangslaust. Eftir það höfðu þau samfarir og fóru síðan að sofa upp úr miðnætti.

Morguninn eftir, um klukkan 0630, var knúð dyra hjá ákærða, og vöknuðu þau A við það. Ákærði taldi, að áfengisáhrifin hefðu þá verið af henni runnin. Fór hann enn að biðja hana að taka upp fyrra samband við sig og þau færu í einhverja verstöð, þar sem þau gætu unnið og búið saman. Hún var treg til og hafði við orð, að sambúð þeirra hefði alltaf og mundi alltaf ganga illa.

Ákærði kvað þau síðan hafa haft samfarir og að þeim loknum hefði A ákveðið að taka upp fyrra samband við hann. Hófu þau þá að ræða um, hvað þau ættu að taka sér fyrir hendur sem og hvað þau hefðu aðhafst næstliðin þrjú ár á þeim tímabilum, sem þau hefðu ekki búið saman.

Ákærði sagði henni frá tveim stúlkum, sem hann hefði verið með, en hún vissi áður um aðra þeirra. Virtist ákærða hún verða undrandi, en ekki reið.

A taldi upp tólf menn, sem hún kvaðst hafa haft samfarir við á þessum tíma, þar á meðal tvo svertingja á Keflavíkurflugvelli og Filippseying. Einnig hefðu hún átt kynmök við tvær konur, þær B og D.

Ákærði kvaðst hafa orðið mjög vondur, þegar hann heyrði þetta, og slegið A utan undir, hún gert slíkt hið sama og frekari átök síðan orðið með þeim. Hann hefði tekið hana hálstaki aftan frá og hert að. Hún greip þá flökunarhníf, sem notaður hefði verið til að skera upp baunadós kvöldið áður, en honum tekist að ná hnífnum af henni og kastað honum aftur fyrir sig. Síðan hefði hann tekið snæri, sem verið hefði utan um farangur hans, brugðið því um háls hennar, þar sem hún lá í gólfinu og upp á rúmdýn-

unni, og hert að aftan frá. Þegar hann linaði á takinu, eftir örstutta stund, að því er honum fannst, heyrðist soghljóð frá henni. Hann hefði reynt að þreifa eftir púls hennar, en ekki getað, vegna þess hve hann var skjálfhentur. Hann hefði verið mjög miður sín, sest í stól og beðið í 10—15 mínútur, en hún ekkert hreyft sig. Þreifaði hann þá eftir slagæð á hálsi hennar, en fann hana ekki og taldi hana því látna. Hugsanir hans hefðu allar verið á ringulreið, en þegar honum varð ljóst, hvað hann hafði gert, varð fyrsta hugsun hans að leita hreppstjórans og gefa sig fram.

Ákærði fullyrti, að það hefði aldrei verið í huga hans að deyða A, en hann hafi ætlað að hræða hana. Ástand hans verið slíkt, að hann hefði ekki getað gert sér grein fyrir því, sem hann hafðist að, enda verið viti sínu fjær af bræði vegna þess, sem hún hafði sagt honum um kynmök sín.

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem meðal annars segir svo: „Sunnudaginn 4/12 1977 barst símleiðis beiðni frá herlögreglunni um aðstoð lögreglunnar í hermannablokk nr. 751 vegna íslenzkra stúlkna, sem þar væru að þvælast og herlögr. hafði þá rétt áður fengið kvörtun um. Á jarðhæð í blokk nr. 751 hittum við herlögreglumenn, sem höfðu þar tangarhald á tveimur íslenzkum stúlkum: D, . . . , Reykjavík, og A, . . . , Reykjavík, f. . . . 1960. Virtist sem stúlkurnar mundu vera undir áhrifum áfengis. Þær virtust vera nokkuð æstar og í hálfgerðu tuski við herlögreglumennina. Hvorug þeirra hafði leyfi til dvalar á svæðinu. Þær streittust við, og varð að hafa tak á þeim til þess að færa þær út í lögreglubifreiðina. Samkvæmt ákvörðun varðstjóra voru þær færðar í fangahúsið kl. 0030."

Einnig hefur verið lögð fram skýrsla Jóns Sigurjónssonar, varðstjóra í lögreglu Vestmannaeyja, þar sem meðal annars segir: „Úrdráttur úr dagbók lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Hvítasunnudagur, 0.6.06.1976: Stúlka hendir sér í höfnina: Kl. 16.04 var hringt og tilkynnt, að stúlka hafi hent sér í höfnina, norðan við Fiskiðjuna. Varðstjóri Jón Sigurjónsson fór á staðinn ásamt lögreglum. nr. 10. Þá var stúlka þessi komin upp í fjöruna. Var hún holdvot og all mikið drukkin. Hún kvaðst heita A, fædd . . . 1960, lögheimili að . . . , Rvík., en dvalarstað að . . . , Vm. A var flutt á Sjúkrahúsið. Til viðbótar bókun þessari má geta þess, að á fyrrrgeindum stað, þ. e. norðan við Fiskiðjuna, eru grynningar í höfninni, og mun A hafa verið að skríða á þeim. Hún mun eftir á hafa haft orð á því, að hún væri ósátt við einhvern pilt og því

hafa ætlað að fyrirfara sér, en hafa hætt við það, sökum þess hversu vont bragð hafi verið af sjónum."

A var krufin hinn 7. september 1978. Í krufningarskýrslunni segir meðal annars:

„Líkið er af 174 cm ungri konu, sem er í góðum holdum. Dauðastirðnun er ennþá til staðar í útlimum. Á hálsi er hengingarfar, sem nær alveg í kringum hálsinn, og er það 0.5 cm á breidd og er dýpst á 8 cm kafla hægra megin á hálsi aftur frá barkarkýli. Húð á hálsi ofan við hengingarfarið og andliti er með blárauðum blæ, og sjást ennfremur punktablæðingar í henni. Augun eru brostin. Sjáöldur eru jafnvíð, meðalvíð og hringlaga. Blæðingar eru í báðum augnhvítum. Utan við vinstra hné eru tveir húðafrifublettir (abrasionir), og mælist sá stærri 2x2 cm og sá minni 1.5x1.5 cm. Minni skrámur eru framan á hnéskel. Nokkuð djúp abrasio er framanvert við vinstra öklabein, og mælist hún 1x1 cm. Framan á hægri mjóalegg eru 3 litlir afrifublettir og marblettur á hægra hné. Á hægri framhandlegg eru 3 brúnir (gamlir) litlir marblettir. Önnur áverkamerki sjást ekki á líkinu. Undir pleura visceral á báðum lungum sjást hér og þar punktablæðingar. Á gegnskurði sýnir lungnavefurinn blóðfyllu og nokkurn bjúg, en ekki aðrar sjúklegar breytingar. Í berkjugreinum eru dálítið af mucopurulent slími. Barki er eðlilegur. Barkarkýli eðlilegt. Við athugun á os hyoideum kemur í ljós, að báðir stóru armarnir á os hyoideum eru brotnir við corpus. Lifrarvefurinn er eðlilegur að sjá, bæði á yfirborði og í gegnskurði við skoðun með berum augum, en sýni var tekið til smásjárskoðunar og litað fyrir fitu, og sést þá, að í lifrarparenchym-frumum er fíngerð diffus fituíferð. Þvagblöðruslímhúð er með rauðbláleitum blæ (cystitis), og ennfremur er slímhúð í urethra rauðleit og purulent exudat er í urethra. Á leghálsi sést rúmlega 0.5 cm erozio við os externum. „Secret" frá fornices vaginae var tekið í saltvatnsupplausn, strok frá því litað og smásjárskoðað. Auk flöguþekjufruma og bakteria (aðallega gram+stafir) fundust í því á víð og dreif sæðisfrumur og sæðisfrumuhausar. Í vagina er purulent slím. Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati framkvæmdu í Rannsóknastofu í lyfjafræði var alkóhól ekki í mælanlegu magni í blóði né þvagi hinnar látnu.

Niðurstaða:

Við krufningu fundust einkenni þess, að dánarorsök konunnar hafi verið köfnun (asphyxia) af völdum kyrkingar (strangulation), og samrýmist farið á hálsinum, að trollgarn hafi verið notað

til þess að kyrkja konuna, eins og Rannsóknarlögregla ríkisins upplýsir."

Ákærða var tekið blóðsýni klukkan 1515 hinn 5. september 1978, en ekkert alkóhól fannst í því.

Guðsteinn Þengilsson læknir skoðaði ákærða, og segir svo í vottorði hans, dagsettu 23. september sl.:

„Skv. beiðni vottast um Þórarin Einarsson, Gyðufelli 12, Rvk. f. 28/1 59, að hann hefur a. m. k. á 3 stöðum ör eftir eldri áverka.

1) Í v. þumalfingursgreip er ca 3ja cm langt ör, slétt og mjótt, þ. e. sárabarmarnir hafa fallið vel saman.

2) Á hægri framhandlegg eru tvö ca 5 cm löng ör breið og áberandi, hafa gróið verr. Samhliða þessum og einnig þvert á þau sjást daufari og nýrri ör. Segist hann hafa fengið þau af öðru tilefni, en alla hina áverkana hafi unnusta sín greitt sér með hnífi.

3) ca 3ja cm langt og allbreitt ör aftan á h. upphandlegg ca 10 cm ofan við olnboga."

Dr. med Karl Strand yfirlæknir rannsakaði geðheilsu ákærða. Í ítarlegri álitsgerð hans segir meðal annars: „Móðir telur Þórarin Einarsson hafa verið rólegan á 1. og 2. ári. Myrkfælinn fram eftir aldri. Móðir telur, að hann hafi verið óvenju lystugt barn að borða, „alltaf svangur". Athygli geðlæknis beinist að þessari miklu matarlyst, sem gæti verið uppbót barnsins á takmörkuðum blíðuatlotum. Móðirin minnist þess, að á 3. og 4. ári fór Þórarinn Einarsson að fá áköf reiðiköst, fleygði sér í gólfið, orgaði og lét illa sansast. Virðast þessi reiðiköst fljótt hafa orðið móðurinni ofurefli og vakið andúð hennar á drengnum, sem hún hefur óafvitandi dulið fyrir sjálfri sér... Um heimilislíf Þórarins Einarssonar með móður hans er naumast hægt að tala, þar sem samvistir þeirra hafa verið margslitnar... Um þetta leyti (þ. e. 1969—1970) mun Auður, móðir Þórarins Einarssonar, hafa kynnzt öðru mannsefni sínu... Bæði Auði, Þórarni Einarssyni og öðrum heimildum ber saman um, að þetta hjónaband hafi verið í alla staði misheppnað. Eiginmaðurinn drakk, eyddi kaupi sínu í ráðleysi. Konan neytti einnig áfengis. Rifrildi og barsmíðar áttu sér oft stað milli hjónanna. Þórarni Einarssyni féll illa við stjúpa sinn, segir hann hafa barið sig og verið öllum börnum slæmur... Í seinna skiptið, er hann strauk (frá barnaheimilinu í Reykjahlíð), dvaldi hann 3 daga hjá móður sinni. ... Þá stóð brúðkaup móður hans fyrir dyrum, brúðguminn þá nýhorfinn að heiman af óskýrðum ástæðum, en móðirin komin að falli. Þórarinn Einarsson

var mjög þungur í skapi eftir þessa dvöl heima, talaði um sjálfsvíg (suicidum) og gerði sig líklegan til að drekka „lysól" samkvæmt skýrslu heimilisins. Auðsætt er, að hagur og ástand móður innar ásamt tilfinningalegu undanhaldi hennar hefur lagzt mjög þungt á piltinn um þetta leyti, en móðurþörf hans hinsvegar mikil. ... Geðlæknir telur, að fram þurfi að koma sem gleggst, hversu tilfinningaleg og félagsleg aðbúð piltsins, allt frá frumbernsku, hefur verið með eindæmum óheppileg og staðið persónuleikaþroska hans mjög fyrir þrifum. Þórarinn Einarsson kveðst aðeins lítilsháttar hafa átt mök við stúlkur, áður en hann hitti A. Hinsvegar hafi hann þegar orðið hrifinn af henni nær því við fyrstu sýn, og bersýnilegt er af ummælum hans um stúlkuna, að hann hefur elskað hana af mikilli einlægni og trúað því, að hún elskaði sig þrátt fyrir allt, sem milli bar. Þau byrjuðu mjög fljótt að hafa kynmök, sem tókust vel. Hinsvegar virðast þau hafa átt fátt sameiginlegt nema kynmök, drykkju og dansskemmtanir. Þórarinn Einarsson var mjög afbrýðisamur, enda gaf A fljótt tilefni til þess... Augljóst er, að hvorugt þessara ungmenna kunni að stjórna skapi sínu, bæði virðast hafa verið óörugg, fljót til reiði og handalögmála, hvort sem þau voru ódrukkin eða ölvuð... Af lýsingum Þórarins Einarssonar verður að álykta, að þau hafi bæði orðið hamslaus af reiði í þessum snerrum... Í öllum viðtölum við geðlækni var Þórarinn Einarsson undir góðri sjálfstjórn, sýndi eðlileg geðhrif, var raunhæfur í tali og virtist gera sér far um að segja satt og rétt frá því, sem um var spurt. Frásögn hans um atburðina á Flateyri komu að fullu heim við ofannefnda lögregluskýrslu um þetta efni. Hann gerir sér fulla grein fyrir, hvað er rétt og rangt, og sýnir eðlileg merki iðrunar og hryggðar, þegar rætt er um afdrif stúlkunnar A... Ekki er á færi geðlæknis að dæma um, hvað Þórarni Einarssyni bjó í huga, en heildarfrásögn hans af atburðum þessum virðist í góðu samræmi, sem bendir til þess, að Þórarinn Einarsson skýri frá öllum atburðum eftir beztu samvizku. Ef athugaðar eru lýsingar Þórarins Einarsson á fyrri rimmum hjónaleysanna, virðist geðlækni, að oft hafi mjóu munað, að enginn stórslys urðu á hvorum aðilanum sem var. Að endingu tjáir Þórarinn Einarsson geðlækni, að ást sín til A sé söm og fyrr og segir í fyllstu alvöru, að hann vonist eftir að hitta hana í öðru lífi... Í ætt hans (þ. e. ákærðs) hefir aðeins fundizt ein persóna, sem er geðveik, og önnur, sem jaðrar við slíkt. Skapofsi er talinn talsverður í föðurætt, og báðir foreldrar hafa neytt áfengis í óhófi. Sjálfur hefur hann neytt áfengis

í óhófi síðan um fermingaraldur. Hann gerir sér grein fyrir hættu þessa ávana. Hann er dapur, en ekki nein merki geðlægðar (depressio mentis) né geðhæðar (manía)... Að dómi geðlæknis er pilturinn Þórarinn Einarsson því ekki haldinn neinum þeim geðsúkdómi, sem mælir móti sakhæfi hans."

Lokaorð álitsgerðar dr. med. Karls Strand eru svofelld: „Pilturinn Þórarinn Einarsson hefur frá allra fyrstu æviárum verið á stöðugum flækingi milli staða og stofnana. Naumast getur talizt, að hann hafi nokkurntímann átt til lengri tíma þá aðbúð, er sæmileg heimili veita. Ást hans til móður virðist ekki hafa verið eðlilega endurgoldin, svo tilfinningaleg afstaða hans til hennar er mjög tvískauta. Hann missir föður sinn þriggja ára gamall, eignast tvo stjúpa, en hvorugur gengur honum í föður stað. Fær aldrei vasapeninga til að þroska fjármunavit sitt. Hann eignast ekki vini í skóla, enda alltaf í andófi og vörn gagnvart einstaklingum og stofnunum, óöruggur og þjáður minnimáttarkennd. Hann reynir að stækka sig með því að fá yngri skólafélaga með sér til óknytta. Hóflegur agi með góðvild ber hinsvegar árangur, er hann dvelur í seinna sinn á barnaheimilinu Reykjahlíð. Þegar hann leitar kunningja í Reykjavík, lendir hann í afbrotafélagsskap, en reynir að taka sig á og tekst það að nokkru, er hann íhugar, hvert afbrotaferill hans stefnir. Hann festir ást á stúlku, sem á ýmsan hátt virðist hafa átt við örðugleika að stríða sjálf og hafa haft svipaða skapgerð. Þau áttu, að því er séð verður, fátt sameiginlegt nema kynmök, drykkju og skemmtanir. Auðsætt er, að þörf Þórarins Einarssonar fyrir ástvin er svo brýn, að þetta samband verður honum mjög mikils virði þrátt fyrir ósamrímanlegar skaphafnir, rifrildi og handalögmál á báða bóga, ásamt ótrúskap. Athafnaferill þessara tveggja ungmenna hlaut að leiða til slyss fyrr eða síðar, ef áfram var haldið á sömu braut.

Geðlæknir er þeirrar skoðunar, að samband Þ. E. og A hafi haft veruleg áhrif á starfshætti Þ. E. síðustu árin og óstöðugleiki hans sé tengdur ytri áhrifum fremur en hér sé geðvillueinkenni til staðar. Með tilliti til gáfnafars Þ. E. og þeirrar ábyrgðartilfinningar, er geðlæknir telur sig hafa fundið hjá piltinum, getur hann ekki látið hjá líða að benda á möguleika þessa pilts til frekara náms og hátternislegrar endurhæfingar undir skilningsríkri handleiðslu og í persónutengslum við hvetjandi uppalendur, sem gætu að einhverju leyti bætt piltinum upp þau foreldratengsl, er hann hefur farið á mis við."

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla Kristins Björnssonar

sálfræðings, sem einnig rannsakaði persónulega hagi ákærða. Í henni segir meðal annars:

„*Greindarpróf Wechslers fyrir fullorðna:* Greindarvísitala munnlega hlutans reyndist 108, verklega hlutans 123 og prófsins alls 115. Þættir verklega hlutans eru næstum jafnir, en þeir munnlegir þættir, sem krefjast þekkingar eða vitneskju um almenn málefni, eru lakastir leystir, gæti það verið afleiðing lítillar skólagöngu og fræðslu. Enga vanhæfni eða ágalla er annars að sjá á greindarþáttum.

Hæfileikar eru því vel ofan meðallags og ættu að mynda góðan grundvöll fyrir nám. Þórarinn hefur sérstaklega gott formskyn og verklag, hann man líka vel og skilur. Iðnnám, eða annað ámóta þungt nám, ætti því að vera vel viðráðanlegt og henta honum vel.

MMPI. Línurit eru að heita má innan eðlilegra marka. F-þáttur sýnir samræmi í svörum og góðan skilning á verkefni. K og L-þættir sýna ekki viðleitni til að blekkja. Hár D-þáttur sýnir bölsýni eða depurð ofan eðlilegra marka, þó er MA-þáttur ekki lækkaður að sama skapi og því varla um djúpt þunglyndi að ræða, en frekar andsvar við aðstæðum, sem telja má eðlilegt eins og á stendur."

II.

Miðvikudaginn 14. mars 1979 kom Skúli Ævar Steinsson, forstöðumaður hegningarhússins í Reykjavík, á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði yfir því, að tveim dögum áður hefði ákærði veist að sér með líkamlegu ofbeldi og veitt sér áverka.

Nánar skýrði vitnið Skúli Ævar svo frá atvikum málsins, að um áramótin 1978—1979 hefði ákærði komið sem gæslufangi í hegningarhúsið og í fyrstu verið rólegur og prúður og í öllu fylgt reglum fangelsisins. Um mánaðamótin janúar-febrúar 1979 hefði farið að bera á óróa hjá ákærða og hann kvartað um, að maturinn væri slæmur og ekki nægur svo og að lyf, sem hann fengi, væru ekki rétt afgreidd. Vitnið kvaðst hafa reynt að verða honum til hæfis, en bent honum á, að hann fengi nákvæmlega þau lyf, sem fangelsislæknirinn ákvarðaði.

Vitninu fannst ákærði vera orðinn eitthvað öðruvísi en honum var eiginlegt og því sett sig í samband við Guðmund S. Jónsson fangelsislækni laugardaginn 10. mars og hefði læknirinn þá ákveðið, að lyfjagjöf ákærða skyldi breytt.

Að morgni næsta mánudags, þegar ákærði átti að fá lyf sín, hefði hann verið með hávaða og svívirðingar í garð vitnisins, sak-

að það um ofsóknir á hendur sér og það væri að svipta sig lyfjum, sem hann samkvæmt læknisráði ætti að nota. Vitnið ámálgaði, að lyfjagjafir væru að fyrirmælum læknis og það væri orðið leitt á sífelldum kvörtunum ákærða og gæti hann ekki af þeim látið, yrði hann fluttur í lokaða gæslu í Síðumúlafangelsið.

Frekari orðaskipti urðu með þeim, en því næst kvaðst vitnið hafa farið inn á ganginn til ákærða, skipað honum inn í klefa sinn í einangrun og ætlað að leggja vinstri hönd á öxl hans. Ákærði hefði þá sagt, að legði vitnið hendur á sig, mundi hann slá það, og að því mæltu slegið vitnið mikið hnefahögg, sem hafnað hefði á og aftan við vinstra eyra, þannig að vitnið skall í vegginn.

Vitnið staðhæfði, að það hefði ekki snert við ákærða, áður en það fékk höggið, en á eftir hefði það slegið ákærða þungt högg, sem lenti neðarlega á bringu hans, hann við það fallið í fang vitnisins, sem náði á honum hálstaki og var að handjárna hann, þegar því barst aðstoð. Frekari átök urðu með þeim, og hótaði ákærði, að hann mundi síðar beita vitnið líkamlegu ofbeldi.

Eftir að skiptum þeirra ákærða og vitnisins lauk, kvaðst vitnið hafa haft samband við Guðmund S. Jónsson fangelsislækni, sem mælt hefði svo fyrir, að öll lyf skyldu tekin af ákærða.

Vitnið kom fyrir dóm hinn 21. júní síðastliðinn. Kvaðst það þá ekki að fullu hafa náð sér eftir árásina, sem lýsti sér í því, að það hefði ekki fengið fulla sjón á vinstra auga.

Á dómþingi sagði vitnið alrangt, að það hefði að eigin frumkvæði og án samráðs við lækni breytt lyfjagjöf ákærða, slíkt ætti sér aldrei stað. Hins vegar kæmi fyrir, að yfirmenn fangelsisins stöðvuðu til bráðabirgða lyfjagjafir til fanga, fyndist þeim fangarnir eitthvað óeðlilegir, en þá væri án undandráttar haf' samband við lækni. Vitnið mundi ekki, hvort um slíkt hefði verið að ræða að því er ákærða varðaði.

Vitnið Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir fangavörður, Álfhólsvegi 92, Kópavogi, kvað orðaskak hafa orðið milli þeirra ákærða og vitnisins Skúla Ævars vegna lyfja þeirra, sem ákærða voru ákvörðuð. Hefði Skúli Ævar slegið í hurðarlúgu á milli varðstofu og gangs orðum sínum til áréttingar, en síðan snarast inn á ganginn og átök orðið með þeim ákærða, sem vitnið fremur heyrði en sá og gat því ekki lýst nánar. Síðar hefði ákærði verið með einhverjar hótanir í garð Skúla Ævars.

Vitnið Haukur Níelsson fangavörður, Helgafelli, Mosfellssveit, kvaðst óljóst hafa heyrt orðadeilur með þeim ákærða og Skúla

Ævari vegna lyfjatöku hins fyrrnefnda. Vitnið sá ekki átökin á milli þeirra og gat því ekkert um þau borið, en eftir átökin hefði ákærði verið með hótanir um líkamlegt ofbeldi í garð Skúla Ævars.

Skýrslur voru teknar af þrem föngum, sem sátu í hegningarhúsinu greint sinn, en þeir gátu ekkert um atvik málsins borið.

Vitnið Guðsteinn Þengilsson læknir, Álfhólsvegi 95, Kópavogi, kvað þá Guðmund S. Jónsson báða hafa verið lækna hegningarhússins við Skólavörðustíg á umræddum tíma.

Vitnið sýndi í dóminum bók, þar sem skráðar eru lyfjagjafir þær, sem þeir læknarnir fyrirskipuðu föngunum. Samkvæmt færslu í bók þessari voru ákærða ákvörðuð ýmis lyf hinn 7. mars 1979 og því ekki breytt, áður en nefnt tilvik átti sér stað. Vitnið tók fram, að iðulega kæmi fyrir, að fangaverðir hringdu í læknana, og þeir breyttu þá áður ákvarðaðri lyfjatöku, án þess að slíks væri getið í nefndri bók.

Guðmundur Sveinbjörn Jónsson læknir, Viðjugerði 6, Reykjavík, kvað hafa verið hringt frá hegningarhúsinu og því sagt, að ákærði væri með þras og kvartanir vegna lyfjatöku sinnar, og vitnið þá svarað, að hann skyldi tekin af öllum lyfjum. Vitnið taldi, að þetta hefði verið rétt áður en atburður sá átti sér stað, sem ákært er fyrir í þessum þætti málsins. Vitnið hefði ekkert um átökin vitað og það hafi alls ekki breytt lyfjagjöf sinni í tengslum við þau.

Vitninu var kynntur framburður Skúla Ævars Steinssonar um símtal það, sem hann kvaðst hafa átt við vitnið laugardaginn 10. mars síðastliðinn. Vitnið minntist ekki símtals þessa.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði orðið ánægður með þær breytingar, sem urðu á högum hans, þegar hann var fluttur úr Síðumúlafangelsi, þar sem hann var í algerri innilokun, og í hegningarhúsið, þar sem hann fékk að koma út í garðinn og fara fram á gangana. Hann hefði fengið matarsendingar frá skyldfólki sínu, þar sem honum fannst hann ekki fá nægilegan mat í fangelsinu. Tekið var fyrir sendingar þessar, og kvaðst ákærði hafa kvartað undan því við forstöðumanninn, en hann svarað, að ákærði yrði að sætta sig við breyttar reglur. Af þessum sökum hefði sótt á hann leiðindi og svefnleysi og hann því beðið fangelsislækninn um einhver lyf, en áður hefði hann engra lyfja notið. Hann fékk lyf, sem róuðu hann og veittu sæmilegan svefn.

Ákærði taldi, að Skúli Ævar Steinsson, forstöðumaður hegningarhússins, hefði næstu daga, áður en atburðurinn átti sér stað,

af eigin hvötur og án samráðs við lækni breytt lyfjagjöf þeirri, sem hann hafði notið. Ákærði var ekki ásáttur við þá breytingu, enda olli hún honum svefnleysi, og bar hann af þeim sökum fram kvartanir við Skúla Ævar greindan mánudagsmorgun. Hann hefði reiðst kvörtununum, þrifið í axlir ákærða, hrint honum til og sagt honum að fara inn í klefa. Ákærði játaði, að hann hefði þá slegið Skúla Ævar högg í höfuðið, svo sem hann væri sakaður um í ákæru. Eftir það hefði Skúli Ævar rokið á hann og tekið hann „fantatökum". Ákærði var síðan færður í klefa, kvaðst þar hafa látið sér mjög ljót orð um munn fara, og vildi hann ekki efast um, að hann hefði hótað Skúla Ævari misþyrmingum. Í klefanum hefði hann setið fjóra sólarhringa í hand- og fótjárnum.

Reynt var að samprófa þá ákærða og vitnið Skúla Ævar um upphaf átakanna. Vitnið Skúli Ævar kvaðst hafa lagt hönd á öxl ákærða, ætlað að færa hann í klefann, en hvorki hrint né stjakað við ákærða. Ákærði fullyrti hið gagnstæða, og héldu báðir aðiljar fast við framburði sína.

Lagt hefur verið fram í málinu svohljóðandi vottorð Guðsteins Þengilssonar læknis, sem dagsett er hinn 13. mars 1979:

„Skúli Steinsson, Engjaseli 35, Rvk., f. 7/12 '41. Varð fyrir árás fanga, sem missti stjórn á sjálfum sér. Það gerðist 12/3 kl. 10.26 að sögn.

Skúli hlaut högg á og aftan við vinstra eyra og ruglaðist mjög við það, svo að nær lá, að hann ryki útaf.

Í dag, 13/3, er hann mjög aumur á öllum vinstri helmingi andlitsins, og er enn suð eða hljómur fyrir eyranu. Hálsvöðvar eru allir aumir h. megin, líkt og eftir tognun, og eru allar höfuðhreyfingar passívar og afar aumar og sársaukafullar. Allskýrt mar og ca 7 sm löng rispa er aftan á v. upphandlegg.

Þá er hann marinn og verulega bólginn á báðum úlnliðum. Höfuðverkur og flökurleiki fram á kvöld þ. 12/3, og nú kvartar hann um sviða í augum og að hann þoli illa birtu. Hér mun hafa verið um vægan heilahristing að ræða."

Einnig hefur verið lagt fram vottorð sama læknis, dagsett hinn 28. júní 1979, svohljóðandi:

„Um Skúla Steinsson, Hraunbæ 24, Reykjavík, forstöðumann Hegningarhússins við Skólavörðustíg, skal þetta tekið fram varðandi áverka þá, er hann hlaut, þegar hann varð fyrir árás fanga á síðastliðnum vetri:

Nýleg eða endanleg skoðun á Skúla hefur enn ekki farið fram, þar eð hann er í fríi og ekki til hans náðst.

Nokkru eftir að Skúli varð fyrir árásinni, fór hann að kvarta um sjóndepru á vinstra auga og verk. Einnig að honum fyndist eitthvað vanta í sjónsviðið. Var hann því til skoðunar og eftirlits hjá Friðbert Jónassyni, augnlækni, Digranesvegi 10, Kópavogi. Mun hann hafa séð einhver missmíð á vinstra augnbotni, en ekki hefur reynst mögulegt að skera úr um það, hvort þau séu afleiðingar af áverka, sem Skúli hafi fengið í áðurnefndri viðureign við fangann, eða þau eru af eldri uppruna. Verður enn að líða nokkur tími, áður en hægt verður að skera úr um það."

III.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, er lögfull sönnun fram komin fyrir því, að hann hafi að morgni þriðjudagsins 5. september 1978 orðið A að bana með því að reyra snæri um háls hennar, þannig að hún kafnaði af völdum kyrkingar.

Að sögn ákærða höfðu þau verið í sambúð frá því í september 1975 og þar til í lok júnímánaðar 1978, þó ekki samfellt, samskipti þeirra verið rysjótt og þau haft í frammi hótanir og líkamsmeiðingar gagnvart hvort öðru. Hann hefði komið á fund hennar til að reyna sættir, hún dvalið næturlangt í herbergi hans af fúsum og frjálsum vilja, friður ríkt og þau haft mök saman. Um morguninn hefði stúlkan fallist á að taka upp samvistir við hann að nýju, en í því sambandi látið orð falla um fyrri kynmök sín við aðra menn og konur, sem ollu því, að hann missti gersamlega stjórn á skapi sínu. Átök hefðu orðið, hún tekið flökunarhníf, hann náð honum af henni og kastað á brott, en viðureign þeirra lokið með því, að hann, viti sínu fjær af bræði, hefði brugðið snæri um háls henni og hert að.

Við úrlausn málsins verður að byggja á þessum framburði ákærða, sem í ýmsu fær stoð í vættum vitna sem og læknisfræðilegum og tæknilegum gögnum málsins.

Verður þannig ekki talið sannað, að ákærði hafi fyrirfram tekið ákvörðun um að svipta A lífi. Hins vegar gat hann ekki gengið þess dulinn, að atlaga hans var þess eðlis, að hún gæti mjög sennilega leitt til líftjóns. Varðar háttsemi hans því við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði sagði af sjálfsdáðum til brots síns og hefur skýrt hreinskilningslega frá atvikum þess. Svo sem að framan er lýst, verður að telja, að hann hafi framið það í ákafri geðshræringu. Eru því skilyrði 9. tl. 74. gr. og 75. gr. hegningarlaga fyrir hendi. Við

brot á refsinæmi verknaðar ákærða þykir rétt að hafa hliðsjón af ákvæðum þessum, enda þótt refsing hans verði ekki færð niður úr lágmarki því, sem ákvarðað er í 211. gr. sömu laga.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi hinn 12. mars 1979 slegið og síðar hótað Skúla Ævari Steinssyni yfirfangaverði ofbeldi, þar sem hann var við skyldustörf í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg hér í borg. Varðar þetta brot ákærða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði orðið uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga, en ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6. apríl 1977 að telja. Í málinu hafa ekki komið fram kröfur vegna tilviks þessa.

Refsing ákærða verður með vísan til 77. gr. hegningarlaga ákveðin fangelsi 7 ár.

Samkvæmt 76. gr. sömu laga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingunni til frádráttar, en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald hinn 6. september sl. og hefur setið í því síðan.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 500.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 300.000, en málið flutti af hálfu ákæruvalds Jónatan Sveinsson saksóknari.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Einarsson, sæti fangelsi 7 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 6. september 1978 komi refsingu til frádráttar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talinn saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 300.000, og réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 500.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. maí 1981.

Nr. 216/1979. **Gestur Janus Ragnarsson**
gegn
bæjarfógetanum í Neskaupstað,
Þorsteini Skúlasyni, og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1979.

Þegar málið var tekið til munnlegs flutnings, óskuðu lögmenn aðilja þess, að það yrði fellt niður. Af hálfu áfrýjanda var krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en af hálfu stefndu var þess krafist, að málskostnaður fyrir Hæstarétti félli niður.

Samkvæmt þessu ber að fella málið niður að öðru leyti en því, að dæmt verður um málskostnaðarkröfu. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 21. maí 1981.

Nr. 218/1979. **Trésmiðjan Hvammur s/f**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
bæjarfógetanum í Neskaupstað,
Þorsteini Skúlasyni,
og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Uppboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1979 og krefst þess, að hið áfrýjaða uppboð verði úr gildi fellt og sér tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi ríkissjóðs.

Stefndu krefjast þess, að hið áfrýjaða uppboð verði staðfest og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn 5. október 1979 gerði Þorsteinn Skúlason bæjarfógeti lögtak í nánar tilgreindum lausafjármunum (trésmíðavélum) Trésmiðjunnar Hvamms s/f í Neskaupstað fyrir opinberum gjöldum ársins 1979 að fjárhæð 5.098.538 krónur. Nauðungaruppboð á hinum lögteknu munum var auglýst í blaðinu Austurlandi 29. nóvember 1979, og skyldi uppboðið haldið hinn 11. desember s. á. í húsakynnum áfrýjanda. Fór uppboðið fram þann dag.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á því, að uppboðshaldari hafi ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart fyrirsvarsmanni áfrýjanda, sem sé ólöglærður, og hann hafi ekki kveðið upp formlegan úrskurð um þá kröfu áfrýjanda að fresta uppboðinu. Enn fremur að bókanir í uppboðsbók hafi ekki

verið réttar og uppboðsandlag hafi verið „undir eldra uppboði".

Lögtaksgerð sú, sem hið áfrýjaða uppboð byggist á, fór fram til tryggingar opinberum gjöldum álögðum 1979. Ekki eru bornar brigður á, að lögtaksgerð þessi sé fullgild uppboðsheimild. Lögtaksgerðinni hefur ekki verið áfrýjað, og skiptir ekki máli, þótt öðru lögtaki í sömu munum til tryggingar eldri opinberum gjöldum hefði verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Samkvæmt verðmálaskrám kemur fram, að Sparisjóður Norðfjarðar hafi átt veðrétt í hinum seldu munum, en ekkert er upplýst um, hvort veðrétturinn hafi enn verið í gildi, er uppboðið fór fram. Ómótmælt er, að uppboðshaldari hafi tilkynnt sparisjóðnum um uppboðið, og sparisjóðsstjórinn var viðstaddur uppboðið, að því er skjöl máls bera með sér. Engum athugasemdum hefur verið hreyft við uppboðið af hálfu sparisjóðsins. Ekki er fram komið og ekki á því byggt af hálfu uppboðsþola, að neinir meinbugir hafi verið á undirbúningi hins áfrýjaða uppboðs að því er varðar tilkynningar um uppboðið eða auglýsingu þess.

Af hálfu áfrýjanda hefur ekki verið sýnt fram á, að uppboðshaldari hafi vanrækt leiðbeiningarskyldu sína gagnvart umboðsmanni áfrýjanda á uppboðinu.

Af hálfu áfrýjanda var þess krafist, að uppboðinu yrði frestað. Tilfærði hann þá ástæðu fyrir frestbeiðninni, að lögtaki vegna þinggjalda ársins 1978 hefði verið áfrýjað. Uppboðshaldari synjaði frestbeiðni þessari með bókun í þingbók. Honum bar að vísu að taka afstöðu til frestbeiðninnar í úrskurðarformi samkvæmt 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Úrskurði um synjun frests varð hins vegar ekki skotið til Hæstaréttar nema í sambandi við áfrýjun aðalmásins. Þar sem áfrýjandi hefur ekki fært fram neinar haldbærar ástæður fyrir frestbeiðni sinni, og ekki er sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir neinum réttarspjöllum vegna þessa, verður uppboðið ekki fellt úr gildi af þessum sökum. Þá eru ósannaðar staðhæfingar um, að bókanir í þingbók séu rangar, og ekki hefur verið sýna fram á, að upp-

boðinu sé að öðru leyti áfátt þannig, að fella beri það úr gildi.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, þykir mega staðfesta hið áfrýjaða uppboð.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða uppboð er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Á hinu áfrýjaða uppboði eru verulegir annmarkar.

Eins og greinir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda var hið áfrýjaða uppboð auglýst í blaðinu Austurlandi hinn 29. nóvember 1979. Voru þar nákvæmlega tilgreindir 6 af 7 hinna lögteknu muna, en ekki var getið um svokallað framdrif, sem var samt selt á uppboðinu 11. desember s. á.

Uppboðsskilmálar eru ódagsettir og óundirritaðir, og eigi er getið útgefanda.

Af endurriti því, sem lagt hefur verið fram í málinu af lausafjárveðsetningaskrá, sést, að Hvammur s/f hefur hinn 29. september 1975 veðsett Sparisjóði Norðfjarðar „vélar og tæki Hvamms", en veðsetningin er þinglesin 8. október s. á., og hinn 7. október 1976 hefur Hvammur s/f veðsett sama spónlagningarpressu, spónsög og vél Homback, en veðsetning þessi er þinglesin 13. sama mánaðar. Fyrri veðsetningin er til tryggingar skuld að fjárhæð 770.000 krónur, en hin síðari til tryggingar skuld að fjárhæð 2.000.000 krónur. Ekki verður séð, að veðum þessum hafi verið aflýst.

Af skjölum málsins verður ekki ráðið, hvort uppboðsþola hafi verið send tilkynning um, hvenær uppboð ætti fram að fara. Eigi verður heldur séð, að veðhafinn, Sparisjóður Norðfjarðar, hafi fengið tilkynningu frá uppboðshaldara samkvæmt 3. mgr. 38. gr. laga 57/1949, sbr. 22. gr. og 25. gr. sömu laga. Var honum því eigi, svo séð verði, gefinn kostur á að gerast aðili uppboðsmáls samkvæmt 3. tölul. 8. gr. laga

57/1949 og gæta réttar síns samkvæmt niðurlagsákvæði 41. gr. sömu laga. Skilja verður síðastgreint ákvæði í samhengi við fyrri málslið sömu málsgreinar, þannig að uppboðsbeiðandi geti ekki komið fram uppboði, nema hann innleysi veðið eða fái samþykki veðhafa til uppboðsins, ef réttur uppboðsbeiðanda skal víkja fyrir rétti veðhafa.

Því er haldið fram í málinu, að ólöglærður forstöðumaður Sparisjóðs Norðfjarðar hafi verið staddur á uppboðinu, þótt þess sé ekki getið í þingbók. Hafi svo verið, bar brýna nauðsyn til þess að leiðbeina honum, sérstaklega um kröfugerð og mótmæli varðandi ákvæði 3. málsgr. 41. gr. laga nr. 57/1949. Að öllum framangreindum atriðum ber að gæta án kröfu.

Svo sem fram kemur í dómsatkvæði meiri hluta dómenda, synjaði uppboðshaldari frestbeiðni áfrýjanda með bókun í þingbók.

Fallast verður á það með áfrýjanda, að þar sem fram kom krafa hans um frest í málinu á uppboðsþingi 11. desember 1979, hafi bæjarfógetanum í Neskaupstað borið að skrá kröfuna greinilega í þingbók og taka síðan afstöðu til hennar í úrskurðarformi samkvæmt 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949.

Meðferð málsins samkvæmt framansögðu er þeim annmörkum háð, að óhjákvæmilegt er að ómerkja hið áfrýjaða uppboð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefnda ríkissjóð til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða uppboð á að vera ómerkt, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Stefndi ríkissjóður Íslands greiði áfrýjanda, Trésmiðjunni Hvammi s/f, 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Neskaupstaðar 11. desember 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 11. desember, kl. 1310, var uppboðs-

réttur settur á trésmíðaverkstæði Hvamms s/f og haldinn af Þorsteini Skúlasyni bæjarfógeta ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Uppboð á trésmíðavélum Hvamms s/f.

1. Lagt er fram ljósrit úr fógetabók.
2. Uppboðsskilmálar.
3. Ljósrit úr veðbók.
4. Ljósrit af auglýs. Austurlandi (skjölin fylgja).

Lesnir voru uppboðsskilmálar, f. h. uppboðsþola er mættur Gestur Janus Ragnarsson.

1. Boðið upp framdrif.

Gestur Janus Ragnarsson krefst þess, að uppboði verði frestað vegna þess, að lögtak vegna þinggjalda 1978 er í áfrýjun. Fresti er synjað af bæjarfógeta.

1. Þá er boðið upp framdrif.
   Slegið á 50 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
2. Brýnsluvél.
   Slegin á 50 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
3. Bútsög.
   Slegin á 200 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
4. Spónsamsetningarvél.
   Slegin á kr. 200 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
5. Spónsög.
   Slegin á 100 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
6. Slípivél.
   Slegin á 200 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.
7. Límáburðarvél.
   Slegin á 200 þús. G. Á. f. h. ríkissjóðs.

Fleira ekki tekið fyrir
Upplesið rétt bókað.
Uppboðsrétti slitið.

Mánudaginn 25. maí 1981.

Nr. 50/1979. **Gunnar Gunnarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Björgvin Hermannssyni
(Grétar Haraldsson hrl.).

Húsaleiga. Skuldamál. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. mars 1979. Krefst hann staðfestingar dóms í aðalsök í héraði, en sýknu af öllum kröfum stefnda í gagnsök í héraði. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hann krefst aðeins vaxta frá 1. júlí 1978 í gagnsök í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Aðiljar krefjast báðir staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar aðalsök í héraði. Verður héraðsdómur í aðalsök staðfestur með þeim breytingum, sem stafa af nýjum gjaldmiðli, um annað en vexti. Ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 6.237.77 nýkrónur með 13% ársvöxtum af 1.449.92 krónum frá 20. nóvember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af 6.237.77 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 1.600.00 nýkrónur í málskostnað í héraði.

II.

Með leigusamningi 16. júlí 1971 tók áfrýjandi á leigu hjá

stefnda verslunarhúsnæði að Laugavegi 32 í Reykjavík ásamt ýmsum vélum, tækjum og áhöldum. Í leigusamningi þessum segir m. a. svo:

„Leigutíminn hefst 1. september 1971 og er til 31. desember 1976, en framlengist um 2 ár í senn, sé honum ekki sagt upp skriflega með 6 mánaða fyrirvara...

Leigutaki skal auk þess hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu við lok leigutímans, svo framarlega sem um semst um leigugjald...

Umsamin húsaleiga er kr. 40.000.00 á mánuði, og skal hún greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar fyrir þann mánuð...".

Í máli þessu er aðeins deilt um, hversu háa leigu áfrýjandi hafi átt að greiða á mánuði fyrir húsnæðið ásamt vélum, tækjum og áhöldum frá 1. janúar 1977 til 30. júní 1978 og hversu há fjárhæð sé ógreidd.

Eins og í héraðsdómi greinir, sagði stefndi áfrýjanda ekki upp leigusamningnum með 6 mánaða fyrirvara, áður en hann skyldi renna út í árslok 1976. Verður því að líta svo á, að hann hafi framlengst um 2 ár til ársloka 1978. Stefndi tók athugasemdalaust við leigugreiðslum frá áfrýjanda, 40.000 krónum á mánuði, fyrstu 10 mánuði ársins 1977, og það var ekki fyrr en með bréfi 13. október 1977, að hann óskaði viðræðna við áfrýjanda um leigugjald fyrir tímabilið eftir 1. janúar 1977 til þess tíma, er áfrýjandi rýmdi húsnæðið. Þegar af þessum ástæðum þykir verða að líta svo á, að stefndi sé bundinn af ákvæðum samningsins um leigufjárhæð fyrir tímabilið frá 1. janúar 1977 til 30. júní 1978.

Eins og áður er rakið, hefur stefndi tekið á móti 400.000 krónum til greiðslu á leigu fyrir 10 fyrstu mánuði ársins 1977. Leiga fyrir tímabilið frá 1. nóvember 1977 til 30. júní 1978, 320.000 krónur, var send stefnda með gíróseðlum, sem hann kveðst hafa fengið, en ekki innleyst. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda þessa fjárhæð, 3.200.00 nýkrónur, þó án vaxta, eins og hér stendur á.

Málskostnaður í gagnsök í héraði fellur niður svo og allur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Björgvin Hermannsson, greiði áfrýjanda, Gunnari Gunnarssyni, 6.237.77 nýkrónur með 13% ársvöxtum af 1.449.92 nýkrónum frá 20. nóvember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af 6.237.77 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 1.600.00 nýkrónur í málskostnað í aðalsök í héraði.

Áfrýjandi greiði stefnda fyrrgreindar 3.200.00 nýkrónur án vaxta í gagnsök í héraði.

Málskostnaður í gagnsök í héraði fellur niður svo og allur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. febrúar 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. janúar 1979, hefur Gunnar Gunnarsson kaupmaður, Laugavegi 32, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 22. júní 1978, gegn Björgvin Hermannssyni, Laugavegi 32, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 971.447 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 113.170 frá 1. febrúar 1974 til 20. nóvember 1976 og með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim tíma til 1. janúar 1977 og af kr. 258.162 frá þeim tíma til 1. ágúst 1977 og með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim tíma til 1. janúar 1978 og af kr. 971.447 frá 1. janúar 1978 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ. Við munnlegan flutning málsins lækkaði aðalstefnandi stefnukröfuna í kr. 623.777.

Af hálfu gagnstefnanda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og að aðalstefn-

anda verði gert að greiða honum málskostnað að mati réttarins.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi, Björgvin Hermannsson, þær dómkröfur á hendur aðalstefnanda, Gunnari Gunnarssyni, að hann verði dæmdur til að greiða sér kr. 2.816.511 auk 3% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. júlí 1978 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ. Við munnlegan flutning málsins hækkaði gagnstefnandi stefnukröfu sína í kr. 4.260.039.

Af hálfu aðalstefnanda eru þær dómkröfur gerðar í gagnsök, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati réttarins.

Í stefnu og greinargerð er málavöxtum þannig lýst í aðalsök, að aðalstefnandi hafi leigt hjá gagnstefnanda verslunarhúsnæði að Laugavegi 32, þar sem hann rekur heildverslun. Gagnstefnandi búi einnig í húsinu. Sá háttur hafi myndast í samskiptum aðalstefnanda og gagnstefnanda, að gagnstefnandi hafi iðulega fengið lánaðar matvörur úr verslun aðalstefnanda og sömuleiðis hafi aðalstefnandi lánað gagnstefnanda peninga, þegar hann hafi þurft á þeim að halda, og sé skuldin þannig sundurliðuð:

1. Þann 16. janúar 1978 hafi aðalstefnandi fengið framseldan reikning á gagnstefnanda frá Erni Bjartmars Péturssyni tannlækni að fjárhæð .... kr. 113.170
2. Reikningar að fjárhæð samtals ..... kr. 144.992 séu vegna úttektar gagnstefnanda á ýmiss konar matvörum úr verslun aðalstefnanda á árinu 1976.
3. Reikningar að fjárhæð ..... kr. 51.285 séu úttekt á matvörum gagnstefnanda úr verslun aðalstefnanda á árinu 1977.
4. Peningaúttektir gagnstefnanda hjá aðalstefnanda á árunum 1975—1977.
5. Krafa að fjárhæð ..... kr. 557.500 sem aðalstefnandi hafi fengið framselda frá Jóhanni Stefánssyni, en hann hafi átt inni þessa upphæð að viðbættum dráttarvöxtum hjá gagnstefnanda vegna sölumeðferðar á víxlum, upphaflega að fjárhæð kr. 1.515.500.

Samtals geri þetta allt kr. 971.447, sem sé stefnufjárhæðin.

Í gagnsök er málavöxtum þannig lýst, að skuld aðalstefnanda

sé vegna vangoldinnar húsaleigu hans, en hann hafi leigt verslunarhúsnæði að Laugavegi 32 í Reykjavík af gagnstefnanda og aðeins greitt kr. 400.000 upp í húsaleigu tímabilið 1. janúar 1977 til 30. júní 1978 og telji gagnstefnandi skuld aðalstefnanda vegna þessa tímabils vera kr. 2.315.923. Auk þess gerir gagnstefnandi kröfu til þess, að aðalstefnandi greiði honum aukavatnsskatt, lagðan á fasteignina Laugaveg 32, Reykjavík, vegna reksturs aðalstefnanda árin 1972—1978, samtals að upphæð kr. 500.588. Nemur stefnufjárhæðin því alls kr. 2.816.511.

Aðalstefnandi, Gunnar Gunnarsson, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og skýrt svo frá, að hinn 2. september 1971 hafi hann tekið á leigu verslunarhúsnæði að Laugavegi 32 hjá gagnstefnanda í máli þessu, Björgvin Hermannssyni, og Guðrúnu Backmann. Hann segir, að gagnstefnandi hafi búið í húsinu að Laugavegi 32. Þegar húsaleigusamningur var gerður við gagnstefnanda og Guðrúnu Backmann, segir aðalstefnandi, að leigan hafi verið ákveðin kr. 40.000 á mánuði, en síðan hafi hann verið píndur til að samþykkja víxla fyrir húsaleigunni um 5 ár fram í tímann og hafi þá leigan verið kr. 25.000 hærri en í leigusamningi greini og hafi leigusali kallað það lykilgjald. Aðalstefnandi segir, að þessi hærri greiðsla hafi verið ákveðin, eftir að leigusamningur hafi verið undirritaður. Auk þess kveðst aðalstefnandi hafa borgað kr. 300.000 í „goodwill" til fyrri leigutaka. Aðalstefnandi staðfesti fyrir dóminum, að þær greiðslur, sem tilgreindar eru undir tl. 1—5 í kröfugerð hans, hafi hann innt af hendi fyrir gagnstefnanda. Hann segir, að gagnstefnandi hafi beðið sig að borga fyrir sig reikninga án þess að tilgreina þá sérstaklega, og kveðst aðalstefnandi síðan hafa dregið þessa reikninga frá húsaleigunni. Hann kveðst hafa greitt reikning Arnar Bjartmars til stefnda Björgvins um áramót 1976—1977 þannig, að Örn Bjartmars hafi tekið út vörur fyrir andvirði reikningsins. Aðalstefnandi kveðst ekki hafa dregið reikninga samkvæmt tl. 1—4 frá húsaleigu, vegna þess að gagnstefnandi hafi neitað að borga honum þessa reikninga, þar sem hann hafi talið, að hann ætti inni hjá aðalstefnanda greiðslu fyrir aukavatnsskatt, sem gagnstefnandi taldi aðalstefnanda eiga að borga, en aðalstefnandi kveðst ekki viðurkenna, að hann eigi að borga þennan aukavatnsskatt. Þá kveðst aðalstefnandi hafa greitt hitakostnað í íbúð gagnstefnanda í fjögur ár, enda hafi íbúðin verið á sama mæli og verslunin. Kveðst hann telja, að gagnstefnandi skuldi sér þennan hitakostnað, enda kveðst hann ekki hafa gert reikning fyrir honum. Aðalstefnandi

kveðst í byrjun leigutímans hafa rukkað gagnstefnanda vegna vöruúttektar, en þá hafi gagnstefnandi komið með reikning fyrir aukavatnsskatti á móti, og segir aðalstefnandi, að það sé eina greiðslan, sem hann hafi innt af hendi upp í umræddan aukavatnsskatt. Aðalstefnandi staðhæfði fyrir dóminum, að reikningar fyrir peningaúttektir gagnstefnanda á dskj. nr. 6 væru réttir og í samræmi við það, sem gerst hefði hverju sinni, og kvað hann reikninga þessa vera ógreidda enn. Hann kveðst undanfarin þrjú ár að mestu leyti hafa greitt húsaleiguna til gagnstefnanda gegnum gíró, þar sem hann hafi oft ekki náð til gagnstefnanda. Hann kveðst yfirleitt hafa borgað mánaðarleigu fyrirfram í byrjun hvers mánaðar og í einu lagi, annað hvort í peningum eða með reikningum, sem hann hefði greitt fyrir gagnstefnanda. Um framsal kröfu samkvæmt dskj. nr. 7 segir aðalstefnandi, að það sé tilkomið vegna viðskipta hans við Jóhann Stefánsson og hafi Jóhann verið að greiða skuld með þessu framsali. Hann kveðst ekki hafa kannað það hjá gagnstefnanda sjálfum, hvort hann skuldaði þetta, en hins vegar fengið þær upplýsingar frá tveimur lögmönnum. Aðalstefnandi segir, að sér hafi ekki verið kunnugt um, er hann tók við framsali umræddrar kröfu, hvort einhver afföll hefðu átt að vera af víxlinum, sem þar greinir, eða ekki. Aðalstefnandi viðurkennir fyrir dóminum að hafa fengið bréf gagnstefnanda, dags. 13. október 1977, þar sem ítrekuð er uppsögn á leiguhúsnæðinu auk þess sem óskað er viðræðna um vissa þætti leigusamningsins. Lögmaður aðalstefnanda óskaði að taka fram í því sambandi, að aðalstefnandi hefði komið með bréfið til hans og hann hefði haft samband við lögmann gagnstefnanda og tjáð honum, að í þessum efnum yrði farið eftir leigusamningnum um húsnæðið og þyrfti því engar frekari umræður um það. Lögmaður gagnstefnanda tók þá fram, að frá þessum tíma hefði gagnstefnandi ekki tekið við neinni húsaleigu frá aðalstefnanda.

Gagnstefnandi, Björgvin Hermannsson, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og m. a. skýrt svo frá, að aðalstefnandi hafi samþykkt víxla fyrir húsaleigunni út leigutímabilið og hafi sú fjárhæð, sem aðalstefnandi hafi átt að greiða samkvæmt þeim, verið kr. 27.500 hærri á mánuði en í húsaleigusamningi greinir. Segir gagnstefnandi, að um það sama leyti sem leigusamningur hafi verið undirritaður hafi verið samþykkt af aðiljum að hafa það form á leigugreiðlum, að auk þess, sem í leigusamningnum greinir, væri kr. 27.500 fyrirfram mánaðarlega með víxlum (sic), eins og áður greinir. Gagnstefnandi segir sig minna, að næsti leigutaki á undan

aðalstefnanda í máli þessu, Hrafn Backmann, hafi greitt kr. 50.000 eða 60.000 í leigu auk vatnsskatts og tunnuleigu, sem alltaf hafi verið greidd. Gagnstefnandi kveðst aldrei hafa samið um það við aðalstefnanda, að hann greiddi fyrir sig reikninga, en það hafi þó komið fyrir, að hann hafi beðið hann um það. Gagnstefnandi kveðst aldrei hafa beðið aðalstefnanda að greiða fyrir sig reikning frá Erni Bjartmars tannlækni, enda kveðst hann ekki hafa verið í tannviðgerðum hjá honum í 15 til 16 ár. Gagnstefnandi kveðst álíta, að reikningur þessi sé tilkominn vegna sambýliskonu sinnar, Sigríðar Guðmundsdóttur, sem verið hafi í tannviðgerðum fyrir 8 árum hjá Erni Bjartmars. Kveðst gagnstefnandi telja sig hafa jafnað skuld þessa með fullum bíl af trönum, sem hann hafi látið Örn Bjartmars fá sem girðingarefni. Bornir eru undir gagnstefnanda reikningar á dskj. nr. 4—6, og gerir hann engar sérstakar athugasemdir við þá, enda kveðst hann telja þá vera úr sögunni, þar sem vöruúttektir hafi alltaf verið dregnar frá húsaleigunni. Þá var borið undir gagnstefnanda framsal ásamt kvittun á dskj. nr. 7, og kannast hann við þar umrædd víxilviðskipti við Jóhann Stefánsson, en segir þau vera að fullu upp gerð þeirra í milli. Hann segir, að Jóhann muni hafa misst þessa kvittun úr vasa sínum í versluninni hjá aðalstefnanda og hafi aðalstefnandi sagt sér, að hann hafi fundið kvittunina í búðinni, og spurt sig, hvort hann gæti eitthvað notfært sér hana. Gagnstefnandi kveðst hafa svarað aðalstefnanda því til, að allt væri á hreinu á milli sín og Jóhanns og skyldi aðalstefnandi annað hvort afhenda Jóhanni kvittunina eða þá rífa hana. Gagnstefnandi kveðst telja, að gert hafi verið upp við aðalstefnanda vegna hitakostnaðar, sem hann hafi greitt vegna íbúðarhússins, því að gagnstefnandi hafi greitt fyrir rafmagn í kjallara, sem aðalstefnandi hafi haft afnot af, auk þess sem aðalstefnandi hafi fengið afrennsli af íbúðarhúsinu gegnum ofnana í kjötversluninni. Gagnstefnandi kveðst ekki hafa kostað neinu til viðhalds á leiguhúsnæðinu, enda kveðst hann telja, að aðalstefnandi hafi átt að gera það. Gagnstefnandi segir, að fjárhæð kvittunarinnar á dskj. nr. 7 sé nafnverð víxlanna, en þá hafi átt eftir að draga frá mismuninn frá söluverði og nafnverði. Hann kveðst ekki muna nú, hver mismunurinn hafi verið, en kaupverð þeirra hafi verið talsvert hærra en þær kr. 957.000, sem færðar séu sem innborgun á kvittunina, og endurtekur gagnstefnandi, að öll viðskipti við Jóhann Stefánsson séu að fullu upp gerð og þá hafi verið gengið frá kvittuninni, sem sé fyrir hendi. Gagnstefnandi kveðst telja hugsanlegt, að hann hafi gefið aðal-

stefnanda kvittun fyrir húsaleigu án þess að hafa fengið afhentar úttektarnótur eða kvittun fyrir peningaláni, er um það var að ræða. Kveðst gagnstefnandi í slíkum tilfellum hafa tekið aðalstefnanda trúanlegan um, hvað hann skuldaði vegna vöruúttektar eða peningalána.

Jóhann Stefánsson hefur komið fyrir dóm í máli þessu, og kannast hann við framsal sitt á kröfu samkvæmt dskj. nr. 7 til aðalstefnanda. Segir hann, að samið hafi verið um, að söluverð víxlanna væri kr. 1.300.000, og sé því skuldin, sem eftir standi, kr. 343.000, nema gagnstefnandi hafi einhver gögn undir höndum, sem sýni, að svo sé ekki. Hann segir, að kr. 925.000, sem færðar séu sem innborgun á kvittunina, hafi gagnstefnandi greitt strax við móttöku víxlanna. Hann kveðst hafa átt viðskipti við gagnstefnanda, eftir að umrædd víxilviðskipti áttu sér stað, og hafi þau öll staðist fullkomlega af hálfu gagnstefnanda. Jóhann kveðst einu sinni hafa skilið kvittunina samkvæmt dskj. nr. 7 eftir á glámbekk í versluninni hjá aðalstefnanda og síðan hafi aðalstefnandi afhent sér hana. Hann kveðst ekkert hafa skuldað aðalstefnanda, þegar hann hafi framselt honum kröfuna, og ekki hafa gert það vegna nokkurra þvingunarráðstafana af hendi aðalstefnanda.

Örn Bjartmars Pétursson hefur komið fyrir dóminn og m. a. skýrt svo frá, að gagnstefnandi, Björgvin Hermannsson, hafi verið sjúklingur sinn í nokkur ár, og kveðst hann hafa gert talsvert fyrir hann og hafi gagnstefnandi ávallt staðið í skilum með greiðslur. En í byrjun árs 1971 hafi gagnstefnandi beðið sig að meðhöndla konu sína, Sigríði Guðmundsdóttur, og skyldi hann sjá um greiðslur fyrir hana. Örn kveður meðferð þessa hafa verið allumfangsmikla og hafi hún staðið frá 24. maí 1971 til 1. október sama ár. Að lokinni meðferð kveðst Örn hafa innt gagnstefnanda eftir greiðslum, en hann þá beðið um frest og sagt, að illa stæði á fyrir sér, en vegna þess hve hann hafi verið áreiðanlegur í viðskiptum, þá kveðst Örn hafa treyst því, að greiðslan mundi koma. Nokkrum sinnum eftir þetta með nokkuð löngu millibili kveðst Örn hafa innt eftir þessum greiðslum, en ávallt fengið sama svar. Hann segir, að einn af sínum tannsmiðum sé venslaður aðalstefnanda, Gunnari Gunnarssyni, og muni það einhvern veginn hafa borist til Gunnars, að gagnstefnandi skuldaði þetta, og hafi þá Gunnar boðist til að taka að sér þessa greiðslu, enda hafi hann sagst eiga fleiri kröfur á gagnstefnanda. Kveður Örn því aðalstefnanda vera eiganda að þessari kröfu. Í sambandi við framburð gagnstefnanda, þar sem hann telur sig hafa greitt umrædda skuld

með trönum, tekur Örn fram, að nokkru áður en skuldin varð til, á að giska einu ári áður, hafi gagnstefnandi boðið sér þessar trönur, ef hann gæti notað þær sem girðingarefni í kringum sumarbústað. Kveðst Örn hafa tekið þetta sem vinarbragð, þar sem þeir hafi verið vel kunnugir, og ekki skilið það svo, að greiðsla ætti að koma fyrir, enda hafi trönurnar reynst meira og minna fúnar, þegar til kom, og nokkuð af þeim ónothæft vegna fúa. Kveðst Örn því telja útilokað að líta á þetta sem greiðslu upp í áðurgreindar tannviðgerðir. Hann tekur fram, að slíkar viðgerðir, sem felast í fjárhæð reikningsins, mundu í dag kosta á aðra milljón króna. Aðspurður kveðst Örn ekki geta áttað sig til fulls á því, hvers vegna reikningurinn, sem fylgir dskj. nr. 3, sé dags. 31. janúar 1974, en kveðst telja líklegast, að reikningurinn hafi legið í sjúkraskránni og verið afhentur aðalstefnanda, þegar hann bauðst til að taka við honum, enda hafi oft verið erfitt að ná til gagnstefnanda vegna breytilegs heimilisfangs.

Komið hefur fyrir dóm í máli þessu Hrafn Backmann. Hann kveðst hafa leigt verslunarhúsnæðið að Laugavegi 32 af gagnstefnanda næst á undan aðalstefnanda. Hann segir, að enginn skriflegur leigusamningur hafi verið gerður, en síðasta árið, sem hann hafi haft húsnæðið á leigu, hafi verið miðað við kr. 35.000 sem leigugjald auk vöruúttektar leigusala Björgvins, sem hafi verið eitthvað mismunandi, en úttektin hafi yfirleitt verið kr. 12.000 til 18.000 á mánuði.

Örn Clausen hefur komið fyrir dóm í máli þessu og m. a. skýrt svo frá, að hann hafi ekki verið viðstaddur víxilviðskipti Jóhanns Stefánssonar og gagnstefnanda Björgvins, sem um getur á dskj. nr. 7, og segir sér ekki hafa verið kunnugt um, þegar þau fóru fram. Hann kveðst hafa átt kröfu á Jóhann Stefánsson og rætt um hana við hann og hafi Jóhann látið sig fá gamla og þvælda kvittun, undirritaða af gagnstefnanda Björgvin, vegna víxilviðskipta þeirra í milli og hafi Jóhann sagt, að hann ætti enn inni peninga hjá gagnstefnanda, sem vitnið gæti fengið, ef það næði þeim. Hafi Jóhann sagt, að afföll væru á víxlunum, en ekki kveðst vitnið muna neinar tölur í þessu sambandi. Vitnið kveðst hafa hringt til gagnstefnanda og skýrt honum frá því, sem því og Jóhanni hafi farið á milli, og hafi þá gagnstefnandi sagt, að vitnið skyldi koma til sín og þeir hlytu að geta samið um þetta. Öðru sinni kveðst vitnið hafa hringt til gagnstefnanda Björgvins og hafi samtalið farið á sömu lund og í fyrra skipti, en þá segir vitnið, að Jóhann hafi verið búinn að segja sér, að hann hefði

látið Gunnar Gunnarsson, þ. e. gagnstefnanda (sic), fá áðurgreinda kvittun upp í skuld, og segir vitnið, að þeir Jóhann og Gunnar hafi beðið sig að tala við Björgvin út af þessu. Vitnið kveðst aldrei hafa farið til gagnstefnanda og hafi símtöl við hann engan árangur borið. Vitnið tekur fram, að sig minni, að Jóhann Stefánsson hafi tekið fram, að afföll af víxlunum væru 5% á mánuði, og einnig segir vitnið sig minna, að vixlarnir hafi verið til þriggja mánaða eða um það bil, og minnir vitnið einnig, að það hafi sagt Björgvin þetta, að ekki væri ætlunin að rukka hann um allan mismun samkvæmt kvittuninni.

Aðalstefnandi og gagnstefnandi voru samprófaðir vegna misræmis í framburðum þeirra. Segir gagnstefnandi við samprófunina, að hann vilji leiðrétta frá fyrri yfirheyrslu upphæð húsaleigu aðalstefnanda, en hún hafi verið kr. 65.000, en ekki kr. 67.500. Samræmi náðist ekki með málsaðiljum í samprófuninni.

Í aðalsök reisir aðalstefnandi dómkröfur sínar á reikningum yfir vöruúttektir, skuldarviðurkenningum gagnstefnanda og framseldum reikningum, eins og nánar er sundurliðað áður.

Gagnstefnandi styður sýknukröfu í aðalsök þeim rökum, að hann eigi fjárhæð inni hjá aðalstefnanda, margfalda á við þá, sem stefnt sé út af, og einnig að peningaúttektin sé vegna greiðslna upp í húsaleigu. Hafi sá háttur verið hafður á, þegar aðalstefnandi hafi ekki getað greitt húsaleiguna á réttum tímum, að hann hafi greitt þannig upp í og síðan, þegar hann hafi gert upp og fengið reikning, hafi hann átt að rífa þessa snepla, en muni hafa svikist um það. Þá kveðst gagnstefnandi ekki skulda Jóhanni Stefánssyni eitt né annað og hafi aldrei gert. Um framseldan reikning frá Erni Bjartmars tannlækni segir hann, að hann hafi verið fljótlega gerður upp með trönum. Í fyrsta lagi sé umrædd tannviðgerð ekki fyrir gagnstefnanda og eigi tannlæknirinn því ekki kröfu á hann vegna þessa. Reikningurinn sé í öðru lagi greiddur, en vilji tannlæknirinn ekki viðurkenna það, sé bent á, að krafan sé fyrnd.

Í gagnsök reisir gagnstefnandi kröfur sínar alfarið á því, að þar sé um að ræða vangoldna húsaleigu aðalstefnanda, en hann hafi leigt versunarhúsnæðið að Laugavegi 32 í Reykjavík af gagnstefnanda og aðeins greitt kr. 400.000 upp í húsaleigu tímabilið 1. janúar 1977 til 30. júní 1978, og telur gagnstefnandi skuld aðalstefnanda vegna þessa tímabils vera kr. 2.315.923. Auk þess gerir gagnstefnandi kröfu til þess, að aðalstefnandi greið honum aukavatnsskatt, lagðan á fasteignina Laugaveg 32, Reykjavík, vegna

reksturs aðalstefnanda árin 1972—1978, samtals að upphæð kr. 500.588. Nemi gagnkrafan því alls kr. 2.816.511.

Hækkun dómkröfu gagnstefnanda við munnlegan málflutning er á því reist, að frá því að málinu var fyrst stefnt inn, sé gjaldfallin skuld fyrir sex mánuði, þ. e. frá 1. júlí 1978 til 31. desember s. á.

Aðalstefnandi styður sýknukröfu sína í gagnsök þeim rökum, að með leigusamningnum á dskj. nr. 14 hafi hann tekið á leigu húsnæði og lausafjármuni að Laugavegi 32 hér í borg. Upphaflega hafi verið gert ráð fyrir leigutíma frá 1. september 1971 til 31. desember 1976, sem síðan framlengdist um tvö ár í senn, ef ekki kæmi til uppsagnar. Umsamin leiga hafi verið kr. 40.000 á mánuði og óbreytanleg nema með samþykki leigutaka. Að leigutíma liðnum hafi hann átt forgangsrétt til leigu, svo framarlega sem semdist um leigugjald, annan skilning sé ekki hægt að leggja í leigusamninginn. Samkvæmt 6. gr. samningsins eigi hann, þ. e. leigutaki, að greiða rafmagn, hita og ræstingu húsnæðisins, önnur gjöld af hinu leigða eigi leigusali að greiða, þar á meðal aukavatnsskatt. Leigusali hafi ætíð móttekið leigugreiðslu án athugasemda eða nokkurs fyrirvara um vanefndir. Húsnæðið, sem leigt sé, sé í gömlu húsi og þurfi því mikið viðhald. Allt viðhald, úti sem inni, kveðst aðalstefnandi hafa greitt úr eigin vasa og nemi það miklum fjárhæðum.

Aðalsök.

Aðalstefnandi hefur lagt fram vöruúttektarnótur og önnur gögn fyrir kröfu sinni, kr. 971.447, sem síðan við munnlegan málflutning lækkaði niður í kr. 623.777, eftir að mótmæli höfðu komið fram af hálfu gagnstefnanda gegn vissum liðum hennar sem röngum. Að öðru leyti hefur gagnstefnandi ekki andmælt kröfunum tölulega, en staðhæfir hins vegar, að þær séu að fullu greiddar þannig, að þær hafi verið dregnar frá við greiðslu húsaleigu til sín, en hann hafi ekki skeytt um að krefja aðalstefnanda um reikninga og nótur, er gert var upp.

Gagnstefnandi hefur ekki fært fullgildar sannanir fyrir þessari staðhæfingu sinni, og þykir því með skírskotun til hinna framlögðu gagna verða að taka kröfuna, kr. 623.777, að fullu til greina ásamt dráttarvöxtum af dæmdri fjárhæð, eins og krafist er í stefnu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda kr. 160.000 í málskostnað í aðalsök.

Gagnsök.

Gagnstefnandi reisir kröfugerð sína á því, eins og áður er fram komið, að hann hafi sagt aðalstefnanda upp leiguhúsnæðinu með tilskildum fresti samkvæmt leigusamningnum frá 1. janúar 1977, en aðalstefnandi eigi að síður setið áfram í húsnæðinu án nokkurra samninga, hvorki um leigutíma né leigugjald. Telur gagnstefnandi sig því geta einhliða ákveðið leigugjald fyrir húsnæðið innan þeirra hámarksákvæða, sem sett hafi verið af verðlagsyfirvöldum fyrir þann tíma, sem aðalstefnandi hefur haft afnot húsnæðisins, eftir að honum var sagt upp húsnæðinu samkvæmt framanrituðu. Gagnstefnandi krafðist á öndverðu ári 1977 útburðar aðalstefnanda úr húsnæðinu, en með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur hinn 22. apríl 1977 var þeirri kröfu hrundið.

Ágreiningur er með málsaðiljum um það, hvort um lögmæta uppsögn á hinu leigða hafi verið að ræða samkvæmt leigusamningnum, en í 2. gr. hans segir svo: „Leigutíminn hefst 1. september 1971 og er til 31. desember 1976, en framlengist um 2 ár í senn, sé honum ekki sagt upp skriflega með 6 mánaða fyrirvara.“ Í úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, sem áður getur, kemur fram, að uppsagnarbréf gagnstefnanda til aðalstefnanda sé dagsett 30. júní 1976, en hafi borist aðalstefnanda í hendur kl. 1230 hinn 1. júlí sama ár frá Hermanni Ragnari Stefánssyni, sem búi á sömu hæð og aðalstefnandi, en Hermann hafi sagst hafa tekið bréfið úr póstkassa kl. 1220 sama dag. Umslagið utan af bréfinu hefur verið lagt fram í fógetaréttinum, sent frá lögmannsskrifstofu Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, áritað til Gunnars Gunnarssonar, Keldulandi 1, Reykjavík, og er ófrímerkt að því er segir í fógetaúrskurðinum. Þar segir enn fremur orðrétt: „Vottorð Hermanns er á þessa leið: „Tekið úr póstkassa 1. hæð til hægri 1. júlí 1976 kl. 12.20.“ Hermann R. Stefánsson. — Vottar: Gunnl. Sigurðsson.“

Samkvæmt 39. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 á það eigi að koma manni að sök, sem afhent hefur tilkynningu til flutnings með síma, pósti eða öðru því flutningstæki, sem gilt þykir að nota, þótt þeirri tilkynningu seinki eða hún komist eigi til skila. Eins og að framan er rakið, var uppsagnarbréf gagnstefnanda ófrímerkt og hefur því ekki verið falið póstinum til flutnings. Fæst því ekki úr því skorið með vissu, hvenær bréfið er sett í póstkassa aðalstefnanda, þ. e. hvort það hefur verið gert áður en uppsagnarfresturinn rann út eða ekki. Þykir þessi vafi um gildi uppsagnarinnar verða að koma leigu-

sala, þ. e. gagnstefnanda í óhag, þannig að uppsögnin verður ekki metin gild samkvæmt leigusamningnum, og framlengist því leigutíminn um tvö ár samkvæmt 2. gr. samningsins.

Í málinu liggur frammi bréf gagnstefnanda til aðalstefnanda, dags. 13. október 1977, þar sem m. a. er óskað eftir, að aðalstefnandi ákveði tíma til samningsumræðna um leigugjald fyrir hið leigða frá 1. janúar 1977 til þess tíma, er hann rými húsnæðið. Í þinghaldi 12. október 1978 skýrði aðalstefnandi svo frá, að eftir móttöku bréfs þessa hafi hann snúið sér til lögmanns síns og beðið hann að svara því. Lögmaður aðalstefnanda, Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður, tók fram í þessu sama þinghaldi, að aðalstefnandi hefði komið með bréfið til sín og hafi hann þá haft samband við lögmann gagnstefnanda og tjáð honum, að í þessum efnum yrði farið eftir leigusamningnum um húsnæðið og þyrfti því engar frekari umræður um það.

Þó að litið sé svo á, eins og að framan greinir, að leigutíminn hafi framlengst um tvö ár vegna ófullnægjandi uppsagnarfrests, gildir að sjálfsögðu ekki hið sama um efni hans allt og innihald, svo sem leigugjaldið. Gagnstefnandi reisir kröfugerð sína um hækkun leigugjaldsins á tilkynningum verðlagsstjóra í Lögbirtingablaðinu frá 6. ágúst 1976, 4. maí 1977 og 9. desember 1977, þar sem lýst er yfir, að verðlagsnefnd láti óátalið vissa hækkun húsaleigu, eins og nánar greinir í tilkynningunum, sem liggja frammi í málinu í ljósriti.

Af hálfu aðalstefnanda hefur þeirri málsástæðu verið hreyft, að samkvæmt dómskj. nr. 19 hafi gagnstefnandi móttekið húsaleigugreiðslur, kr. 40.000 á mánuði, fyrir mánuðina júlí, ágúst, september og október 1977 án nokkurs skilorðs og felist í því viðurkenning á fjárhæð mánaðarleigunnar.

Um þetta atriði er það að segja, að um er að ræða 4 nótur eða reikninga, sem stílaðar eru á gagnstefnanda sjálfan og undirritaðar ýmist Björgvin eða Búi. Á einni nótunni stendur mótt. ofan við nafnið Björgvin, á annarri, rétt ofan við undirritun, sem er Búi, en á tveimur nótum er aðeins nafnið Björgvin ritað undir. Nafn aðalstefnanda kemur hvergi fram á nótum þessum, og þar sem skjöl þessi bera ekki með sér, frá hverjum eða fyrir hvað húsaleigugreiðslur þessar eru, verða þau ekki talin hafa þýðingu fyrir úrslit máls þessa.

Aðalstefnandi hefur ekki hnekkt réttmæti kröfugerðar þessarar, og verður hann því að bera hallann af því. Verða því heimildir verðlagsnefndar um hækkun húsaleigunnar lagðar til grundvallar

dómi í máli þessu og krafa gagnstefnanda um leigugjaldið tekin til greina að fullu að öðru leyti en því, að gegn andmælum lögmanns stefnanda verður í máli þessu ekki dæmt um þá viðbót kröfunnar fyrir tímabilið 1. júlí 1978 til 31. desember 1978, sem fyrst kom fram af hálfu gagnstefnanda við munnlegan flutning málsins.

Auk framangreinds húsaleigugjalds krefur gagnstefnandi gagnstefnda um aukavatnsskatt, lagðan á fasteignina árin 1972—1978, samtals kr. 500.588. Í 6. gr. leigusamningsins milli málsaðilja segir svo: „Leigutaki greiðir fyrir rafmagn, hita og ræstingu húsnæðisins. Fasteignagjöld og brunatryggingu þess greiða hinsvegar leigusalar."

Dómarinn lítur svo á, að vatnsskattur, hverju nafni sem nefnist, heyri undir fasteignagjöld, og ber því að sýkna gagnstefnda af þessum lið.

Samkvæmt framanrituðu verður því niðurstaðan sú í gagnsök, að gagnstefndi verður dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 2.315.923 ásamt 16% ársvöxtum af hverri gjaldfallinni mánaðarleigu frá 1. janúar 1977 til 21. febrúar 1977, en 19% ársvöxtum af hverri gjaldfallinni mánaðarleigu frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.000.

Valgarður Kristjánsson borgadómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnandi, Björgvin Hermannsson, aðalstefnanda, Gunnari Gunnarssyni, kr. 623.777 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 144.992 frá 20. nóvember 1976 til 1. ágúst 1977 og með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim tíma til 1. janúar 1978 og af kr. 623.777 frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 160.000 í málskostnað.

Í gagnsök greiði aðalstefnandi, Gunnar Gunnarsson, gagnstefnanda, Björgvin Hermannssyni, kr. 2.315.923 með 16% ársvöxtum af hverri gjaldfallinni mánaðarleigu frá 1. janúar 1977 til 21. febrúar 1977, en 19% ársvöxtum af hverri gjaldfallinni mánaðarleigu frá þeim degi til greiðsludags og kr. 400.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. maí 1981.

Nr. 119/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. maí 1981, er barst Hæstarétti 22. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Egi hefur borist greinargerð frá ríkissaksóknara.

Með skírskotun til hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 20. maí 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 20. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 4. maí sl. kom hingað til lands Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, en hann var framseldur hingað til lands

skv. kröfu íslenskra dómsyfirvalda vegna ætlaðrar aðildar að stórfelldu fíkniefnamisferli.

Nefndur Kristján hefur ítrekað orðið uppvís að fíkniefnamisferli og var þann 30. apríl sl. dæmdur í 6 mánaða fangelsi í Kaupmannahöfn fyrir fíkniefnasmygl og þann 20. mars sl. hér í dómi dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir slíkt.

Nefndur Kristján er borinn sökum um fíkniefnasmygl og dreifingu í rannsókn, er hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík um miðjan janúar sl. Fjölmargir aðiljar voru við málið riðnir, og sættu 5 aðiljar auk nefnds Kristjáns gæsluvarðhaldi í lengri eða skemmri tíma vegna rannsóknar málsins.

Nefndur Kristján Aðalsteinsson var yfirheyrður hér í dómi 5. maí sl. og neitaði þá öllum sökum. Vegna rannsóknarhagsmuna var Kristján þann sama dag og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 15 dögum. Í nefndum úrskurði er lýst í meginatriðum sökum þeim, sem á nefndan Kristján eru bornar, og vísast hér til þess, sem þar er rakið, en hér mun þó í stórum dráttum vikið að þeim.

Bjarni Harðarson, er sætti gæsluvarðhaldi frá 17. jan. til 20. febr. sl., bar hér í dómi að hafa í byrjun júlí sl. ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni, Pétri Blöndal Gíslasyni og Runólfi Þór Jónssyni haldið í bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn til Amsterdam, þar sem þeir hafi í félagi keypt 3 kg af hassi og flutt til Kaupmannahafnar og nánar á heimili Péturs Blöndal og Kristjáns Aðalsteinssonar að Gangstedvej 14. Þar hafi efninu verið skipt og Bjarni fengið í sinn hlut 350 gr fyrir sitt framlag, en kvaðst ekki geta fullyrt um eignarhlutföll hinna, utan hvað allir hafi þeir átt í efninu. Hafi sambýlismaður þeirra Kristjáns og Péturs, danskur piltur, Sören Munk Hansen að nafni, tekið að sér að flytja 1 kg af nefndu hassi hingað til lands og þar af verið 350 gr í eigu nefnds Bjarna, en afgangur efnis eign Péturs Blöndal. Bjarni kvaðst ekki vita, hver hefði orðið ráðstöfun þeirra 2 kg af hassi, er eftir hafi verið að Gangstedvej 14 og verið hafi í eigu nefnds Péturs, Kristjáns og Runólfs Þórs. Lýsti Bjarni jafnframt pressun og pökkun ofangreinds hassefnis, er farið hefði fram í vistarverum þeirra Péturs og Kristjáns og þeir allir fjórir tekið þátt í.

Nefndur Bjarni lýsti jafnframt kaupum á 100 gr af hassi og móttöku á lítilræði af amfetamíni frá nefndum Kristjáni í desember sl., en efni þessi kvað hann Kristján hafa flutt hingað til lands rétt fyrir sl. jól.

Þann 13. maí sl. var Kristján Aðalsteinsson samprófaður við Bjarna Harðarson hér í dómi, og lýsti Bjarni þá á sama veg og áður ofangreindum fíkniefnaviðskiptum þeirra. Kvað Kristján nefndan Bjarna bera á sig rangar sakir.

Runólfur Þór Jónsson, sem sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 7. febr. til 5. mars sl. bar á sama veg og nefndur Bjarni um þátttöku Kristjáns Aðalsteinssonar í nefndri hasskaupaferð til Amsterdam og aðild þar að hasskaupum, en kvað keypt hassefni þar í borg a. m. k. 2½ kg. Lýsti hann ítarlega pökkun þeirra fjórmenninga og pressun, er fram hefði farið í margnefndu húsnæði að Gangstedvej 14. Kvaðst Runólfur ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni á næstu dögum eftir nefnda Amsterdamferð hafa selt um 500 gr af hassinu í svonefndu Christianiuhverfi í Kaupmannahöfn. Tveimur dögum síðar kveðst Runólfur hafa haldið hingað til lands og þá verið eftir um 1½ kg af nefndu hassi í vörslum Kristjáns Aðalsteinssonar og Péturs Blöndal Gíslasonar að Ganstedvej 14.

Ofangreindur Pétur Blöndal sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 16. jan. til 5. mars sl., en hann neitaði öllum sökum eða yfirleitt að tjá sig um sakarefni. Var hann árangurslaust samprófaður hér í dómi við Runólf Þór og Bjarna Harðarson.

Samkvæmt gögnum málsins er staðfest, að Sören Munk Hansen, fæddur 30. jan. 1954, kom hingað til lands 18. júlí sl. Hann var yfirheyrður hjá lögreglu í Kaupmannahöfn fyrir atbeina þessa embættis og viðurkenndi þá að hafa á ofangreindum tíma flutt hingað til lands 1 kg af hassi fyrir Pétur Blöndal Gíslason gegn greiðslu, en jafnframt að hafa aðstoðað nefndan Pétur við sölu á um 2 kg af hassi í Christianiu í júní—júlí sl. Þar sem ekki varð séð af gögnum frá Kaupmannahafnarlögreglu, að nefndur Sören hefði verið yfirheyrður um samskipti við Kristján Aðalsteinsson, Pétur Blöndal Gíslason og Runólf Þór eða hugsanlega aðild þeirra, var af hálfu dómsins óskað frekari yfirheyrslu yfir nefndum Sören, en gögn hana varðandi hafa enn ekki borist dóminum. Hins vegar fékk dómari staðfest í símtali við fíkniefnadeild Kaupmannahafnarlögreglu, að Sören Munk héldi fast við sinn fyrri framburð.

Reynt hefur verið að ná til Runólfs Þórs Jónssonar til þess að samprófa hann við Kristján Aðalsteinsson, en það hefur ekki tekist. Sl. fimmtudagskvöld hittu starfsmenn fíkniefnadeildar Runólf Þór Jónsson og lögðu fyrir hann að mæta hér í dómi daginn eftir

vegna máls þessa, og kvaðst Runólfur gera það. Gat hann þess jafnframt, að hann væri á förum úr landi um helgina, og honum af því tilefni bent á það, að brýnt væri, að hann mætti hér í dómi. Nefndur Runólfur mætti ekki, og náðist ekki til hans. Hins vegar fengust þær upplýsingar, að hann hefði farið til Bandaríkjanna og væri vart væntanlegur fyrr en eftir mánaðartíma.

Við yfirheyrslur hér í dómi hefur margnefndur Kristján Aðalsteinsson haldið fram sakleysi sínu. Hefur honum verið bent á, að Runólfur Þór Jónsson beri hann þeim sökum, er að ofan er rakið, en hann kveður hann bera sig röngum sökum sem og Bjarni Harðarson. Kristján hefur verið spurður um gjaldeyrisviðskipti í Amsterdam dagana 17.—18. mars sl., en hann á skv. upplýsingum lögreglu í Hollandi að hafa ásamt Árna Hrafnssyni að hafa skipt 65.000 sænskum kr. í hollensk gyllini þar 18. mars sl. Neitar Kristján alfarið vitneskju um nefnd viðskipti eða að vita um núverandi dvalarstað Árna Hrafnssonar, en ekki hefur tekist að hafa upp á nefndum Árna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í þá átt.

Við yfirheyrslur hér í dómi hefur Kristján haldið því fram, að hann hafi á þeim tíma, er margnefnd Amsterdamferð á að hafa verið farin, verið í 4 daga á svonefndri Roskildehátíð, en ekki getað bent á neinn aðilja, er geti staðfest dvöl hans þar eða getað fullyrt, á hvaða tíma nefnd hátíð hafi verið haldin, fyrr en við yfirheyrslur hér í dómi í gær, er hann kvaðst hafa verið á nefndri hátíð ásamt einhverjum Íslendingi, er hann kvaðst ekki geta nefnt nein deili á. Kvaðst Kristján aðspurður hafa hitt nefndan Halldór Lárus af og til þá daga, er hátíðin stóð yfir. Voru gerðar þegar ráðstafanir til þess að ná til nefnds Halldórs Lárusar, og var hann yfirheyrður hér í dómi í morgun.

Aðspurður um ferðir og gerðir í júlí sl. kvaðst Halldór Lárus hafa dvalið í Kaupmannahöfn og kvaðst aðspurður um það, hvort hann hefði þá komið til Roskilde, kvaðst hann hafa haldið þangað ásamt Karvel Gränz, Sigurði Stefáni Almarssyni og jafnvel fleiri aðiljum. Kvað hann í Roskilde hafa verið útiskemmtun í 4—5 daga og samsvarandi verslunarmannahelginni hér á landi. Aðspurður um það, hvort hann hefði hitt Íslendinga á nefndri hátíð, kvaðst hann eflaust hafa hitt einhverja, en ekki muna að sundurgreina. Þá var Halldór Lárus spurður, hvort hann gæti nefnt einhverja aðilja, sem um þessar mundir hafi dvalið að Gangstedvej í Kaupmannahöfn, og tilgreindi hann þá Kristján Aðalsteinsson. Ítarlega aðspurður kvaðst Halldór Lárus ekkert hafa hitt Kristján í Roskilde og ekkert samneyti átt við hann sl. sumar.

Nú fyrir stundu var nefndur Kristján Aðalsteinsson yfirheyrður hér í dómi og honum bent á, að ofangreindur Halldór Lárus hefði í dag verið yfirheyrður og sá harðneitað að hafa hitt Kristján á margnefndri Roskildehátíð og Halldór Lárus jafnframt nafngreint aðilja, er verið hafi í för með sér og líklegt mætti telja, að Kristján kannaðist við. Þá kvaðst Kristján vissulega kannast við þá aðilja, er með Halldóri Lárusi hefðu verið, þótt hann kunni ekki að nafngreina þá. Nafngreindi hann einn þeirra sem Stefán Almarsson, en nefndi einnig deili á tveim öðrum, en lýsing þeirra passar við aðilja, er fíkniefnalögreglu eru kunnir. Kvað hann Halldór Lárus hafa verið í ferðum ásamt 4—5 Íslendingum og þeir á nefndri hátíð búið í tveimur tjöldum nokkuð fyrir utan aðaltjaldbúðirnar. Hafi nefndir aðiljar ráðið öðru tjaldinu, en einhver íslensk stúlka hinu. Kvaðst Kristján a. m. k. eina nótt hafa gist í tjaldi þeirra félaga.

Þá nefndi Kristján og nafngreindi íslenska stúlku, búsetta í Kaupmannahöfn, er verið hefði sér samferða í lest á nefnda hátíð, og tilgreindi sérstakt atvik, er í þeirri ferð hafi hent og stúlka sú ætti að muna eftir og einnig áðurnefndir Íslendingar.

Ekki hefur nefndur Kristján getað tilgreint, á hvaða tíma nefnd Roskildehátíð fór fram. Í framburðum hans kemur þó fram, að þegar hann hafi komið heim á Gangstedvej að lokinni nefndri Roskildehátíð, þá hafi þar verið til staðar Bjarni Harðarson, Runólfur Þór Jónsson og Pétur Blöndal Gíslason og sá fyrstnefndi getið þess, að „gaman hafi verið í Amsterdam", án þess þó að gera nokkra grein þar fyrir, þó hann væri nánar að spurður. Kvaðst Kristján ítarlega aðspurður ekki beinlínis hafa orðið vitni að fíkniefnameðferð þeirra þremenninga á Gangstedvej utan neyslu, er þar hafi ekki þótt tiltökumál.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætlað fíkniefnamisferli Kristjáns Aðalsteinssonar og fleiri aðilja. Nefndur Kristján neitar alfarið sökum, en hann er borinn sökum um verulegt fíkniefnamisferli. Ekki hefur tekist að samprófa Kristján við alla þá aðilja, er hér skiptir máli, vegna fjarveru, og skiptir þar mestu, að Runólfur Þór Jónsson sinnti ekki að mæta hér í dómi og komst úr landi. Kristján hefur harðneitað að hafa tekið þátt í margnefndri hasskaupaferð til Amsterdam í byrjun júlí sl. og kveðst á þeim tíma hafa verið á nánar tilgreindri útiskemmtun í Roskilde. Hann færði ekki fram neitt, er stutt gæti dvöl hans þar, fyrr en hann hér í dómi í

gær vísaði á, að nafngreindur aðili íslenskur hefði verið þar og hann hafa hitt af og til alla þá daga, er útiskemmtunin stóð yfir. Kvað Kristján nefndan aðilja hafa verið í fylgd nokkurra Íslendinga, er hann gæti ekki tilgreint. Er Kristján var yfirheyrður hér í dómi fyrir stundu og honum bent á, að ofangreindur aðili hefði harðneitað að hafa hitt hann á nefndri hátíð, nafngreindi hann einn aðilja í viðbót, er verið hefði í förum með nefndum aðilja, og nefndi deili á tveimur öðrum. Þá tilgreindi hann einnig íslenska stúlku, búsetta í Kaupmannahöfn, er verið hefði samferða sér á nefnda hátíð.

Afmarkaður gæsluvarðhaldstími Kristjáns Aðalsteinssonar er nú að renna út, en hann er á síðustu klukkustund að tilnefna aðilja, er kunni að staðfesta dvöl sína í Roskilde, meðan margnefnd Amsterdamferð var farin. Lögreglumönnum hefur þegar verið falið að hafa upp á nefndum aðiljum og færa til yfirheyrslu. Þá þarf að hafa samband við lögregluna í Kaupmannahöfn og fá yfirheyrð þar í borg Karvel Gränz og stúlku þá, er Kristján kvaðst hafa orðið samferða á nefnda hátíð. Þá þarf að afla staðfestingar hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn á því, hvenær nefnd Roskildehátíð hafi farið fram. Vegna rannsóknarhagsmuna þykir nauðsynlegt, að Kristján sé áfram í gæsluvarðhaldi, meðan reynt er að ná til ofangreindra aðilja og yfirheyra, svo komist verði hjá því, að hann kunni að tefja eða torvelda rannsókn, svo sem með því að hafa samband við vitni eða samseka.

Eins og áður segir, er verið að rannsaka ætluð brot Kristjáns Aðalsteinssonar gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa nauðsyn til bera að gera nefndum Kristjáni Aðalsteinssyni að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmarkað sem allt að 7 dögum.

Úrskurðarorð:

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957 í Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum.

Föstudaginn 29. maí 1981.

Nr. 170/1978. **Íslenska umboðssalan h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Þórði Júlíussyni
og gagnsök
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Umsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1978. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju og gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. október 1978. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 49.470.00 danskar krónur í íslenskum krónum eftir kaupgengi á greiðsludegi, með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 26. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 1.599.82 íslenskum krónum auk 13% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 26. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979,

22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 14.247.40 krónur með 13% ársvöxtum frá 26. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags.

Í báðum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis gögn, þar á meðal skrifleg skýrla stjórnarformanns og framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda, Bjarna V. Magnússonar. Enn fremur ljósrit ýmissa útflutningsskjala, sem varða bæði þá frystu rækju frá gagnáfrýjanda, sem málið er risið af, svo og aðra frysta rækju, sem aðaláfrýjandi seldi samtímis fyrir hann.

Aðaláfrýjandi flytur út íslenskar sjávarafurðir sem umsýslusali. Hefur gagnáfrýjandi, sem er rækjuútgerðarmaður, átt við hann viðskipti síðan 1971. Í maí 1977 seldi aðaláfrýjandi töluvert magn af frystri rækju fyrir gagnáfrýjanda til fyrirtækisins Geyserfoods, Agnar Samúelsson, í Kaupmannahöfn. Er enginn ágreiningur um, að kaupandi hafi átt að greiða rækjuna við móttöku flutningsskjala (cash against documents), svo sem tíðkanlegt mun vera í viðskiptum af þessu tagi. Rækjuna sendi aðaláfrýjandi til kaupanda seint í maímánuði, meiri hlutann í tveimur sendingum með m/s Múlafossi, en 1500 kg með flugvél. Mun það hafa verið gert að beiðni kaupanda, sem lá á að fá rækju. Söluverð allrar rækjunnar var 34.00 danskar krónur hvert kg cif Kaupmannahöfn. Að því er varðaði þá rækju, sem var flutt flug-

leiðis, bar kaupanda enn fremur að greiða sérstaklega kostnaðarauka, er af þeim flutningshætti leiddi. Nam reikningsfjárhæðin til kaupanda fyrir umrædd 1500 kg komin til Kaupmannahafnar 52.529.10 dönskum krónum (51.000.00 + 1.529.10 dkr.).

Kaupandi greiddi við móttöku flutningsskjala þann hluta rækjunnar, sem sendur var með skipi. Hefur aðaláfrýjandi löngu lokið uppgjöri á viðskiptum þessum við gagnáfrýjanda að því leyti. Þau 1500 kg, sem flutt voru flugleiðis, fékk kaupandinn hins vegar afhent hjá umboðsmanni farmflytjanda í Kaupmannahöfn án þess að greiða kaupverð rækjunnar eða þann hluta af flutningskostnaði, sem honum bar að greiða sérstaklega samkvæmt því, er áður var greint. Var það enn ógreitt, er kaupandi stöðvaði greiðslur sínar á árinu 1978. Hinn 9. janúar 1979 var bú hans síðan tekið til gjaldþrotaskipta, og lauk skiptum, án þess að nokkuð fengist greitt upp í framangreinda kröfu. Eru aðiljar sammála um, að þess sé ekki að vænta, að það fé verði nokkru sinni greitt. Krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda í máli þessu um þá fjárhæð, sem eigi fékkst greidd hjá kaupanda rækjunnar, að frádregnum umboðslaunum til aðaláfrýjanda svo og útlögðum kostnaði hans vegna viðskiptanna. Telur gagnáfrýjandi, að annað hvort mistök aðaláfrýjanda við frágang skjala eða brot farmflytjandans á fyrirmælum aðaláfrýjanda um afhendingu vörusendingarinnar hafi valdið því, að kaupandinn fékk hana afhenta án greiðslu. Hvort heldur sem sé, beri aðaláfrýjandi ábyrgð gagnvart sér á því, að andvirðið hafi ekki fengist greitt.

Aðaláfrýjandi hafði í öndverðu uppi þau rök fyrir ómerkingarkröfu sinni fyrir Hæstarétti, að slíkir gallar hefðu verið á birtingu héraðsdómsstefnu, að leiða hefði átt til þess, að málinu væri sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi. En þar sem hann hefur fallið frá þessari ástæðu við flutning málsins, kemur hún ekki frekar til álita. Að öðru leyti styður hann ómerkingarkröfuna þeim rökum, að gagnáfrýjandi hafi vitað eða mátt vita, að stjórnarformaður aðaláfrýjanda væri erlendis, er stefnan var birt og málið átti að taka fyrir í sjó-

og verslunardómi. Hafi umboðsmaður gagnáfrýjanda raunar áður gefið fyrirheit um, að málinu skyldi ekki hreyft, fyrr en stjórnarformaðurinn væri kominn heim. Að svo vöxnu máli hafi gagnáfrýjanda borið að fresta málssókninni, en eigi leggja málið í dóm, svo sem hann gerði, eftir að í ljós kom, að ekki var sótt þing af hálfu aðaláfrýjanda. En þegar af þeim sökum, að staðhæfingar aðaláfrýjanda um framangreint eru ekki nægilega sannaðar, kemur þessi ástæða fyrir ómerkingarkröfunni ekki til álita. Og þar sem ekki verður heldur fallist á það með aðaláfrýjanda, að málið hafi verið svo vanreifað af hálfu gagnáfrýjanda, er hann lagði það undir dóm sjó- og verslunardómsins, að borið hafi að vísa því frá dómi þess vegna, verður aðalkrafa hans ekki tekin til greina.

Sýknukröfu sína reisir aðaláfrýjandi á því, að í útflutningsleyfi fyrir rækjunni hafi verið áskilið, að Útvegsbanki Íslands fengi útflutningsskjölin til innheimtu. Hafi farmflytjandinn eða umboðsmaður hans því ekki mátt krefja kaupandann um greiðslu á andvirði vörunnar, er hann fékk honum hana í hendur.

Viðurkennt er af hálfu aðaláfrýjanda, að tök hefðu verið á að varðveita rækjuna í kæligeymslu, uns hún var afhent. Þess átti að vera kostur að gera flugfarmbréf þannig úr garði, að tryggt væri, að farmflytjandinn mætti ekki afhenda kaupanda rækjuna, meðan andvirði hennar var enn ógreitt. Aðaláfrýjandi hefur ekki sannað, að hann hafi búið svo um hnútana, að tryggt væri, að varan yrði ekki afhent kaupanda, fyrr en hann hefði greitt andvirði hennar. Verður að meta honum þetta til mistaka í umsýslu sinni fyrir gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessu svo og því, sem áður var sagt um greiðsluskilmála, sem gilda áttu gagnvart kaupandanum, þykir aðaláfrýjandi bera ábyrgð á því, að rækjan var afhent honum, án þess að hún væri áður greidd, svo sem skylt var.

Ekkert er komið fram um, að aðaláfrýjandi hafi tekist á hendur ábyrgð á því, að kaupandi stæði við skuldbindingar sínar. Verður því að líta svo á, að í málinu krefji gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um skaðabætur vegna framangreindra

mistaka í umsýslustarfi. Þær skaðabætur þykja eiga að tiltaka í íslenskum krónum. Verður aðalkrafa gagnáfrýjanda því ekki tekin til greina. Kemur þá varakrafa hans um bætur í íslenskum krónum til álita.

Fallast ber á, að tjón gagnáfrýjanda, það er aðaláfrýjanda sé skylt að bæta, megi telja nema þeirri fjárhæð, sem aðaláfrýjanda hefði borið að greiða honum, ef kaupandi hefði greitt kaupverð við móttöku og aðaláfrýjandi síðan gert gagnáfrýjanda reikningsskil á réttum tíma. Þegar sú fjárhæð er ákveðin, verður ekki reiknað með öðru og hærra kaupgengi danskrar krónu en gagnáfrýjandi miðar sjálfur við í varakröfu sinni. Tjón gagnáfrýjanda þykir eftir málflutningi beggja aðilja mega reikna þannig:

Fjárhæð vörureiknings aðaláfrýjanda til Geyserfoods, sem ekki hefur fengist goldin, var 52.529.10 danskar krónur. Samkvæmt kaupgengi því, er gagnáfrýjandi reiknar með, 32.034 kr., nam þetta ..... 1.682.717 kr.

Til frádráttar kemur eftirtalinn kostnaður, er aðaláfrýjandi greiddi:

1. Flutningskostnaður	154.255 kr.	
2. Útflutningsgjald	96.656 —	
3. Vátryggingariðgjald	5.167 —	256.078 —
	Mismunur	1.426.639 kr.

Frá þeirri fjárhæð ber að draga umsýslulaun, sem gagnáfrýjandi viðurkenndi að eiga að greiða aðaláfrýjanda, þótt hærri séu en aðaláfrýjandi tekur að jafnaði ..... 49.012 kr.

Ógoldnar eru því 1.377.627 kr.

en sú fjárhæð nemur eftir gildistöku laga nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, sbr. og 1. gr. laga nr. 65/1979, 13.776.25 krónum. Verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum, sem rétt þykir að reikna frá 26. júlí 1977, en þá lauk aðaláfrýjandi reikningsskilum vegna þeirrar rækju, sem hann sendi með

m/s Múlafossi. Að öðru leyti verða vextirnir ákveðnir eins og greinir í varakröfu gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Íslenska umboðssalan h/f, greiði gagnáfrýjanda, Þórði Júlíussyni, 13.776.25 krónur með 13% ársvöxtum frá 26. júlí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 22. september 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. september sl., höfðaði Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, fyrir hönd Þórðar Júlíussonar, Seljalandsvegi 78, Ísafirði, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 17. ágúst sl., gegn Íslensku umboðssölunni h/f, Klapparstíg 29, Reykjavík, til greiðslu á dönskum krónum 49.970.00 í íslenskum krónum eftir kaupgengi á greiðsludegi, en að frádregnum íslenskum krónum 19.331 auk 2½% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð af mismuninum (danskar kr. 49.470.00 mínus íslenskar kr. 19.331) frá 1. júní 1977 til 1. ágúst s. á., en með 3% dráttarvöxtum fyrir

hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaði skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að stefndi, sem sé útflytjandi sjávarafurða, hafi í maí 1977 falast eftir því að fá að selja 1.5 tonn af frystri rækju, sem stefnandi átti, en hann sé rækjuútgerðarmaður. Síðar hafi stefnandi selt rækju þessa til Danmerkur og hafi söluverðið verið danskar kr. 34.00 pr. kg, eða alls danskar kr. 51.000.00. Föst venja sé í viðskiptum sem þessum, að varan sé ekki afhent hinum erlenda kaupanda án greiðslu við móttöku eða gegn bankatryggingu. Svo hafi þó farið í þessu tilfelli, að flutningsaðilinn, Flugfélag Íslands h/f, hafi afhent vöruna, án þess að slíkt væri gert, og hafi andvirði hins selda ekki fengist greitt. Stefnandi hafi ekki getað fengið upplýsingar um, hvort mistök þessi hafi orðið vegna mistaka stefnda við frágang skjala eða vegna þess, að flutningsaðilinn hafi ekki farið eftir þeim fyrirmælum, en stefnandi telji, að hvort heldur hafi verði, þá beri stefndi ábyrgð gagnvart sér á því, að andvirði hins selda hafi ekki fengist greitt.

Stefnukrafan er þannig fundin: Söluverð vörunnar alls danskar kr. 51.000.00 að frádregnum 3% umboðslaunum, danskar kr. 1.530.00, eða danskar kr. 49.470.00. Frá þessari fjárhæð er síðan dreginn hluti útflutningsgjalda, sem stefndi hafi greitt, íslenskar kr. 19.331.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, er honum þó löglega stefnt. Verður því skv. 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina, þó þannig, að vextir ákveðast 12% ársvextir. Ákvarðanir fjármálayfirvalda hér á landi um vexti eru byggðar á þeim sérstöku aðstæðum í peningamálum, sem hér eru ríkjandi. Þykir þeim því ekki verða beitt að fullu um kröfur máls þessa, sem eru í erlendum gjaldeyri.

Málskostnaður ákveðst kr. 280.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, Guðmundur Hjaltason og Ægir Ólafsson.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenska umboðssalan h/f, greiði stefnanda, Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd Þórðar Júlíussonar, jafnvirði danskra króna 49.470.00, að frádregnum íslenskum krónum 19.331, með 12% ársvöxtum frá 1. júní

1977 til greiðsludags og kr. 280.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júní 1981.

Nr. 181/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jakob Gísla Ágústssyni
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Brot gegn lögum um lax- og silungsveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdóminn kvað upp Lúðvík Emil Kaaber, fulltrúi sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Í ákæruskjali segir, að veiðieftirlitsmenn og lögreglumenn hafi dregið upp net ákærða, en eigi er greint, að ákærði og sonur hans tækju upp net. Ekki girðir þetta fyrir það, að dómur verði lagður á ákæruefni, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Tímasetningu í ákæruskjali skeikar eigi svo, að neinu nemi.

Ákærði gekkst við því fyrir dómi að hafa lagt þrjú net undan landi jarðar sinnar mánudaginn 17. júlí 1978. Er veiðiverðirnir Konráð Már Eggertsson og Örn Sævar Eyjólfsson tóku að draga upp netin um kl. 1840 þennan dag, voru ákærði og sonur hans komnir á vettvang og tóku upp eitt net. Veiðiverðir kváðu einn lax hafa verið í netum þeim, er þeir tóku upp, en hann slapp, er þeir drógu netin.

Atferli ákærða varðar hann refsingu samkvæmt 1. málsgr. 19. gr., sbr. 4. málsgr. 14. gr., og c lið 1. málsgr. 97. gr. laga nr. 76/1970. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.000.00

nýrra króna sekt, er renni í ríkissjóð. Rétt þykir eftir atvikum að fresta fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Rjúfi ákærði nefnt skilorð, sæti hann 7 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna frá því, að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd. Samkvæmt 100. gr. laga nr. 76/1970 ber að gera net ákærða, þau sem hann lagði og ákæruskjal víkur að, upptæk til ríkissjóðs.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jakob Gísli Ágústsson, greiði 1.000.00 nýrra króna sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Rjúfi ákærði nefnt skilorð, sæti hann 7 daga varðhaldi, ef hann geldur eigi sektina innan 4 vikna frá því, að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, 1.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 24. nóvember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. þessa mánaðar, er höfðað með ákæru, dagsettri 15. september 1978, gegn Jakob Gísla

Ágústssyni, bónda á Lindarbergi, Kirkjuhvammshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, fæddum að Kirkjuhvammi, Kirkjuhvammshreppi hinn 6. ágúst 1921, fyrir að hafa mánudagsmorguninn 17. júlí 1978 lagt þrjú silunganet í sjó fyrir Grafarmelum í landi ákærða og látið þau liggja í sjó, þar til veiðiverðir og lögreglumenn drógu þau í land um kl. 1840 þann dag.

Telst þetta varða við 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr., sbr. 1. mgr. 97. gr., og 98. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til þess að þola upptöku ofangreindra neta samkvæmt 100. gr. fyrrnefndra laga.

Ákærði hefur ekki áður sætt kæru eða refsingu, svo kunnugt sé.

Eftir því sem fram hefur komið í vitnaskýrslum eru málavextir þeir, að mánudag 17. júlí 1978, um kl. 1530, voru tveir veiðieftirlitsmenn á ferð um Vatnsnes í þeim tilgangi að huga að silunganetum í sjó. Á svonefndum Grafarmelum skammt norðan af bænum Lindarbergi veittu þeir athygli netum, er lögð höfðu verið í sjó út frá ströndinni. Um eða laust eftir kl. 1840 fóru þeir að netum þessum í fylgd lögreglu og hófust handa um að draga þau í land. Meðan á þeim starfa stóð, kom á fund þeirra bóndinn að Lindarbergi, ákærði í máli þessu. Kvaðst hann eiga þrjú neta þeirra, sem þarna voru, og hann hefði lagt þau þá um morguninn.

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 22. ágúst 1978, var ákærða gefinn kostur á dómssátt vegna meints brots gegn lögum um lax- og silungsveiði. Hafnaði hann því. Að ósk hans var honum síðan skipaður verjandi hinn 4. október 1978, og var skrifleg vörn lögð fram í réttarhaldi hinn 10. nóvember 1978. Var þess þar krafist af hálfu ákærða, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og að málsvarnarlaun skyldu greidd úr ríkissjóði.

Í vörn er því ekki mótmælt, enda afdráttarlaust viðurkennt af ákærða, að hann lagði silungsnet í sjó fyrir landi jarðar sinnar umræddan morgun og að netin lágu þar, uns veiðieftirlitsmenn komu á vettvang að kvöldi sama dags. Sé því ekki ágreiningur um staðreyndir málsins.

Um lagaatriði sé hins vegnar það að segja, að svo lengi sem lög hafi verið á landi hér hafi einkaréttur jarðareiganda til veiða í netlögnum verið viðurkenndur. Þrátt fyrir setningu laga nr. 76/1970 hafi ákærði ekki verið sviptur þeim rétti til óheftra veiða, sem frá fornu fari hafi fylgt landareign hans. Slík skerðing á eignarrétti að fasteign sé andstæð 67. gr. stjórnarskrár. Eru í

vörninni færð rök að því, að þótt takmörkun 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 á rétti fasteignareiganda til fiskjar í netalögum sé almenns eðlis og taki til allra eigna af tilteknu tagi og eins er ástatt um, sé ekki fyrir að fara almennum efnislegum ástæðum, sem réttlæti slíka skerðingu eignarréttarins, en tilvist slíkra ástæðna sé skilyrði umræddrar skerðingar. Ekki sé til að dreifa sönnun eða líkum fyrir því, að silungur í sjó sé ofveiddur, og önnur efnisleg rök séu ekki fyrir hendi. Til þess að skoðanir manna, sem ekki eru byggðar á vísindalegum rannsóknum eða studdar efnislegum rökum um smæð og ofveiðihættu fiskstofns, sem frá alda öðli hafi verið löglega nýttur af fasteignareiganda í netlögum, geti orðið grundvöllur löggjafar, sem takmarki þennan eignarrétt, verði þær að vera rökstuddar. Hugboð manna eða órökstuddar skoðanir um þessi atriði geti ekki orðið grundvöllur slíkrar löggjafar og brot á slíkum „lagaákvæðum" geti ekki varðað refsingu.

Í vörn er einnig talið vafasamt, að með setningu 4. mgr. 14. gr. fyrri laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957, sem er samhljóða 4. gr. núgildandi lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970, hafi það verið ætlun Alþingis að stytta veiðitíma silungs í sjó úr 168 klukkustundum á viku í 84. Ekki sé minnst á slíka veiðiskerðingu í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 53/1957 og tilurð og saga ákvæðis 4. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1957 bendi til þess, að hinu núgildandi ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 hafi ekki verið ætluð slík afleiðing. Vafi um, hvort ákvæði 4. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 76/1970 séu gildandi íslenskur réttur svo og vafi um, hvort skýra beri ákvæði þessi svo, að þau taki til verknaðar ákærða, eigi því að koma ákærða til góða og leiða til sýknunar af kröfum ákæruvaldsins.

Í vörn er þeirri athugasemd hreyft, að í ákæruskjali sé röng atvikalýsing, að veiðiverðir og lögreglumenn hafi dregið 3 net á land við Grafarmela í umrætt skipti, þar sem ákærða og veiðieftirlitsmönnum beri saman um, að þeir hafi aðeins dregið 2 netanna og ákærði sjálfur það þriðja. Enn fremur verður að ætla það ranga tímasetningu, að net þessi hafi verið dregin á land um kl. 1840 umræddan dag, því samkvæmt vitnaskýrslu hafi veiðiverðir þá verið staddir á Norðurbraut í ca 9 km fjarlægð frá Grafarmelum. Þess er einnig getið, að áður en atburðir þeir gerðust, sem orðið hafi tilefni ákæru í máli þessu, hafi ákærði ásamt öðrum eigendum sjávarveiði í Kirkjuhvammshreppi höfðað mál fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu gegn Veiðifélagi Miðfirðinga

og ríkissjóði til viðurkenningar á rétti sínum til að stunda veiðar aðrar en laxveiðar í netalögnum jarða sinna alla daga vikunnar.

Takmörkun 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 á veiði göngusilungs virðist gerð með friðunarsjónarmið í huga. Þótt svo kunni að vera, að rannsókn á sóknarþoli eða stofnstærð hafi ekki farið á undan setningu lagaákvæðanna, telur rétturinn sér ekki fært að endurskoða mat löggjafans á nauðsyn, þörf eða hallkvæmi þeirra. 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 verður því ekki talin orka á 1. mgr. 19. gr. og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 með þeim hætti, að til sýknu leiði af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 segir, að veiði göngusilungs í sjó skuli hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni eftir því sem unnt er. Samkvæmt þessum orðum ákvæðisins þykir verða á því að byggja, að ákvæði 1. mgr. 19. gr. sömu laga um 84 stunda friðun göngusilungs á viku hverri sé jafnt ætlað að gilda um silungsveiði í sjó sem í ósöltu vatni. Gallar þeir á atvikalýsingu ákæruskjals, sem réttilega er fundið að í vörn, þykja ekki þess eðlis, að sýknu valdi. Þrátt fyrir málshöfðun ákærða og annarra eigenda sjávarveiði í Kirkjuhvammshreppi gegn Veiðifélagi Miðfirðinga og ríkissjóði verður ekki talið, að litispendensáhrif standi því í vegi, að dómur verði lagður á kröfur ákæruvaldsins í þessu máli, enda er hér ekki um sömu kröfur að ræða milli sömu aðilja.

Með vitnaskýrslum svo og eigin skýrslu ákærða þykir í ljós leitt, að hann hafi mánudag 17. júlí 1978 látið net liggja í sjó í því skyni að veiða í þau silung. Þykir sannað, að um var að ræða net, sem til silungsveiða voru fallin. Hefur ákærði því gerst brotlegur við 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 og unnið til refsingar samkvæmt c lið 1. mgr. 97. gr. þeirra, sbr. 98. gr. sömu laga. Þykja lagaákvæði þessi nægilega tilgreind í ákæruskjali.

Ekki er kunnugt um, að ákærði hafi áður gerst brotlegur við landslög. Í vörn eru rök að því færð, að ákærði hafi ekki talið sig fremja lögbrot, er hann lagði net sín. Hann játaði verknað sinn fúslega og virðist hafa skýrt þar hreinskilningslega frá öllum atvikum. Enda þótt þetta þyki mega virða ákærða til málsbóta, verður það honum ekki til refsileysis, eins og á stendur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Dæma ber ákærð til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun

skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 110.000. Samkvæmt 100 gr. laga nr. 76/1970 skulu net þau, sem ákærði notaði til veiðanna, upptæk gerð til ríkissjóðs, eins og krafist er í ákæru.

Dómsorð:

Ákærði, Jakob Gísli Ágústsson, greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 110.000.

Þrjú net, er ákærði notaði til silungsveiða hinn 17. júlí 1978, eru upptæk til ríkissjóðs.

Mánudaginn 1. júní 1981.

Nr. 108/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnlaugi Eggertssyni
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Brot gegn lögum um lax- og silungsveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdóm kvað upp Arngrímur Ísberg, fulltrúi sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Ríkissaksóknari krefst þess, „að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, en dómsorð í héraði staðfest".

Verjandi krefst sýknu af kröfum ákæruvalds í málinu.

Atferli ákærða er lýst í héraðsdómi. Varðar það við 1.

málsgr. 14. gr. laga nr. 76/1970, og er það fullframið brot, og enn fremur við 2. málsgr. 15. gr. sömu laga, en fallist er á úrlausn héraðsdóms um, að 1. málsgr. 19. gr. laganna verði hér eigi beitt. Ber að ákveða refsingu samkvæmt 97. gr. laga nr. 76/1970 og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður refsing héraðsdóms staðfest, þó svo, að sekt verði 1.000.00 nýjar krónur, skilorðsbundin, eins og þar greinir, og vararefsing 7 daga varðhald. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektarrefsing verði 1.000.00 nýjar krónur og vararefsing 7 daga varðhald.

Ákærði, Gunnlaugur Eggertsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, 1.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 19. febrúar 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 5. febrúar sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu þann 16. október sl., á hendur Gunnlaugi Eggertssyni, bónda á Sauðá í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, fyrir að hafa mánudaginn 6. ágúst 1979 haft net í sjó fyrir landi Sauðár, 398 metra frá ósi Hamarsár, og veitt lax í netið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. (sic), sbr. 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að þola upptöku nets og lax, sem í það veiddist og hald var lagt á,

samkvæmt 100. gr. fyrrnefndra laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur að Sauðadalsá í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu þann 5. júní 1907 og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru sem hér skal greina: Mánudaginn 6. ágúst 1979 voru veiðieftirlitsmaðurinn í Húnavatnssýslu, Konráð Eggertsson, og veiðieftirlitsmaðurinn með veiði við vatnasvæði Miðfjarðarár og Víðidalsár, Örn Sævar Eyjólfsson, á eftirlitsferð um vestanvert Vatnsnes. Þeir komu að Sauðá og sáu bóndann þar, Gunnlaug Eggertsson, vera að koma frá skeri, sem er beint undan bænum, skammt frá landi og heitir Stórasker. Gunnlaugur er ákærði í máli þessu. Frá skerinu lá net, og viðurkenndi ákærði að hafa verið að leggja það. Hann féllst á að aðstoða veðiverði við að ná netinu, og fór Örn Sævar með honum út í skerið. Í netinu var einn lax, hrygna, er vó 3.1 kg. Veiðiverðir lögðu hald á net og lax og afhentu sýslumanni.

Samkvæmt mælingu veiðieftirlitsmanna var netið 45.5 metra langt, 3.5 metra djúpt, og möskvar voru 7 sentimetrar mældir á legg, en það mun samsvara 2¾".

Áðurgreindir veiðiverðir höfðu áður skrifað skýrslu um netalögn við Stórasker, en treystu sér þá ekki til frekari aðgerða, töldu netið þó ólöglegt. Netatökuna þann 6. ágúst 1979 virðast þeir byggja á því, að netið hafi legið á friðunartíma þeim, er greindur er í 19. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Að beiðni dómara málsins mældu 2 lögreglumenn fjarlægðina frá Hamarsósi að Stóraskeri. Ósinn mældist 30 metra breiður, og fjarlægðin úr honum miðjum í mitt skerið var 398 metrar, mælt eftir fjöruborðinu, en 289 metrar, ef mæld var bein lína á milli sömu punkta. Ákærði var viðstaddur mælingarnar og samþykkti niðurstöður þeirra.

Lögreglumennirnir hafa staðfest skýrslu sína hér fyrir dóminum.

Einnig hafa áðurgreindir veiðieftirlitsmenn komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar. Þeir kváðu lax þann, er í netinu var, ekki hafa verið lífvænlegan og því tilgangslaust að sleppa honum aftur í sjó. Þeir kváðust einnig hafa tekið hann sem sönnunargagn og til að sýna fram á, hversu hættuleg net sem þessi eru laxinum.

Þann 7. ágúst 1979 ritaði ákærði sýslumanni Húnavatnssýslu svohljóðandi bréf: „Ég undirritaður kæri hér með yfir töku ýsunets, af þeim Erni Eyjólfssyni og Konráði Eggertssyni, þann 6.

ágúst 1979. Óska hér með eftir, að þessu ýsuneti verði skilað tafarlaust".

Ákærði kom fyrst fyrir sakadóm þann 21. ágúst 1979. Hann viðurkenndi að eiga umrætt net og væri það ýsunet. Hann kvaðst hafa lagt netið fyrir sínu landi daginn, sem veiðiverðir lögðu hald á það. Í netið kvaðst hann veiða lax og stóran silung, einnig rauðmaga og fleiri fiska. Hann kvaðst nytja allan fisk, sem í netið kæmi, og kvaðst hafa talið þetta sér til tekna á skattframtali í mörg ár. Hafi veiðin verið ört vaxandi undanfarin ár, en þar væri bæði um veiði í sjó að ræða svo og í Hamarsá, sem ákærði á land að. Hamarsá er ekki leigð út, heldur nytjuð af eigendunum sjálfum. Ákærði tók fram, að hann legði net í átt að ánni, en ekki beint út.

Aftur kom ákærði fyrir sakadóm þann 2. október 1979. Honum var þá kynnt boð ríkissaksóknara um að ljúka málinu með dómssátt. Hann hafnaði því boði með þeim rökstuðningi, að hann ætti land það, er hann veiddi fyrir, og hafi gert lengi. Þar áður hefðu faðir hans og afi stundað veiðiskap á sama hátt og hann sem og gengnar kynslóðir á undan þeim. Sér væri ómögulegt að fallast á, að hér væri um lagabrot að ræða og fella þannig þessi hlunnindi undan jörðinni.

Niðurstöður.

Ákærði er í fyrsta lagi ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 14. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Undantekningarákvæði 3. mgr. 14. gr. sömu laga á ekki við um jörð hans. Hann hefur frá upphafi nefnt net það ýsunet, er veiðieftirlitsmenn lögðu hald á þann 6. ágúst 1979. En jafnframt hefur hann viðurkennt að hafa veitt í það lax. Raunar var lax þegar kominn í það, skammri stund eftir að ákærði hafði lagt það þann 6. ágúst sl. Hér skiptir ekki máli, hvaða nafn ákærði gefur neti sínu, heldur til hvers konar fiskveiða það dugir.

Verjandi ákærða hefur lagt fram vottorð frá Kristjáni Ó. Skagfjörð h/f, sem mun vera einn stærsti innflytjandi neta hérlendis. Þar kemur fram, að laxanet, lagnet, séu 2½"—2¾" mælt á legg. Net ákærða mældist 2¾" á legg. Því má einnig bæta við, að alkunna er, að óleyfileg laxveiði í sjó hér við land er helst stunduð með svonefndum „ýsunetum".

Það verður því að líta svo á, að ákærði hafi lagt umrætt net fyrir lax þann 6. ágúst 1979. Ekki reyndi á, hvort ákærði vildi sleppa laxinum aftur í sjó eða nýta sér hann. Raunar greinir

hann og veiðieftirlitsmenn á um ástand laxins. Ákærði kveður hann hafa verið sprelllifandi, en veiðieftirlitsmennirnir töldu hann ekki lífvænlegan. Það er því ekki hægt að líta svo á, að um fullframið brot á 1. mgr. 144. gr. laga nr. 76/1970 sé að ræða, heldur tilraun til þess, og ber að refsa ákærða fyrir það sem slíkt.

Í öðru lagi er ákærði ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970. Ákvæði þetta verður að skilja á þann veg, að það banni hvers konar netalagnir á þeim tíma og innan þeirra marka, er þar greinir. Hafi löggjafinn ætlað sér að einskorða bannið við silunganet, svo sem verjandi ákærða heldur fram, hefði slíkt orðið að koma skýrt fram. Auk þess má nefna, að slíkt bann hefði komið að litlu gagni við friðun á laxi, og er þetta mál góð sönnun þess. Net ákærða lá innan við 400 metra frá ósi Hamarsár, og hefur hann með því að leggja það þar brotið gegn nefndu ákvæði.

Í þriðja lagi er ákærði ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 19. gr. sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970. Ákvæði þetta gengur venjulegast undir nafninu helgarfriðun. Svo sem rakið var, lagði ákærði net sitt of nálægt ósi Hamarsár þann 6. ágúst 1979. Þar eru allar netalagnir bannaðar á tímabilinu frá 1. mars til 1. október. Honum verður því ekki refsað sérstaklega fyrir brot gegn 1. mgr. 19. gr. greindra laga, þar sem 2. mgr. 15. gr. þykir tæma sök hans að þessu leyti.

Með framangreindu athæfi þykir ákærði hafa unnið til refsingar, er þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs.

Ákærði er kominn yfir sjötugt. Hann hefur aldrei áður komist undir manna hendur, svo kunnugt sé. Hann er fæddur á Sauðadalsá, en Sauðá var skipt út úr þeirri jörð. Þarna hefur hann búið lengi og stundað sjávarveiði að mestu óáreittur. Að þessu athuguðu þykir mega skilorðsbinda refsinguna, og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi hann aftur á móti skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldi, greiðist hún ekki innan 4ra vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Samkvæmt framansögðu ber að gera upptækt til ríkissjóðs net ákærða, er veiðieftirlitsmenn lögðu hald á við Sauðá þann 6. ágúst 1979. Einnig ber að gera lax þann, er í því var, upptækan til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 350.000.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Eggertsson, greiði krónur 100.000 í sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi hann skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldi, greiðist hún ekki innan 4ra vikna, frá því er honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 350.000.

Upptækt til ríkissjóðs skal vera net ákærða, er veiðieftirlitsmenn lögðu hald á við Sauðá þann 6. ágúst 1979, sömuleiðis lax, er í því var.

Þriðjudaginn 2. júní 1981.

Nr. 185/1978. **Hafnarbíó h/f**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. Les Films Corona
og gagnsök
(sjálfur).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. október 1978, með stefnu 30. s. m. og birtri 28. nóvember s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda gegn

greiðslu á 4.806.62 bandaríkjadölum með gengi 117.40, en án vaxta. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1978. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér 13.700.00 bandaríkjadali með 12% ársvöxtum frá 1. desember 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms, að samkvæmt samningum aðilja hafi aðaláfrýjanda borið að greiða gagnáfrýjanda 13.700.00 bandaríkjadali auk verðs auglýsingaefnis og sendingarkostnaðar, sem aðiljar eru sammála um, að hafi numið samtals 4.680.00 frönskum frönkum. Samkvæmt gögnum málsins hefur aðaláfrýjandi þegar greitt gagnáfrýjanda 41.198.58 franka, og eru þar innifaldir fyrrgreindir 4.680.00 frankar. Hefur aðaláfrýjandi því greitt 36.518.58 franka upp í áðurnefnda 13.700.00 bandaríkjadali. Miðað við það gengi á dölum og frönkum gagnvart íslenskri krónu, sem aðiljar eru sammála um, að hér beri að reikna með, hefur aðaláfrýjandi því greitt jafnvirði 7.883.07 bandaríkjadala upp í samningsskuldina. Standa því eftir 5.816.93 (13.700.00 ÷ 7.883.07) bandaríkjadalir, sem aðaláfrýjanda verður því dæmt að greiða gagnáfrýjanda miðað við gengi í Reykjavík á greiðsludegi.

Í máli þessu er ekki deilt um upphafstíma vaxta, og vaxtahæð hefur ekki sætt sérstökum andmælum. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða fyrrgreinda upphæð með 12% ársvöxtum frá 1. desember 1974 til 1. júní 1980, er gildi tók auglýsing Seðlabanka Íslands um vexti af erlendum skuldum, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hafnarbíó h/f, greiði gagnáfrýjanda Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Les Films Corona, 5.816.93 bandaríkjadali með 12% ársvöxtum frá 1. desember 1974 til 1. júní 1980, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 12.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 19. maí 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 19. f. m., hefur Hörður Ólafsson, hæstaréttarlögmaður hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur f. h. firmans Les Films Corona, 45 Rue Pierre Charron í París, Frakklandi, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 9. mars 1976, á hendur Hafnarbíói h/f við Skúlagötu hér í borg og á hendur Landsbanka Íslands, Austurstræti 11 hér í borg, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð bandaríkjadollarar 13.700.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá 10. október 1974 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á vaxtakröfu, að frá 20. nóvember 1976 er krafist 2.5% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði til 1. ágúst 1977, en frá þeim degi er krafist 3% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði til greiðsludags.

Með dómi, uppkveðnum 20. janúar sl., var kröfum stefnanda á hendur Landsbanka Íslands vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar 10. mars sl. var sú niðurstaða staðfest.

Af hálfu stefnda Hafnarbíós h/f er krafist sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á $ 4.808.80 á gengi kr. 117.40, eins og það var í desember 1974, án vaxta og málskostnaðar. Þá er krafist málskostnaðar á hendur stefnanda að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að fyrri hluta árs 1973 hófust bréfaskipti milli franska firmans Les Films Corona og stefnda Hafnarbíós um, að hið franska firma, sem annast leigu á kvikmyndum til kvikmyndahúsa, leigði Hafnarbíói h/f kvikmyndir til sýningar.

Í bréfi Hafnarbíós frá 19. maí 1973 kemur fram, að verð það, sem stefnandi setji upp, sé of hátt samanborið við það, sem kvikmyndahúsið greiði amerískum dreifiaðiljum, er það skipti við. Verðið, sem hinir amerísku dreifiaðiljar setji upp, sé að meðaltali $ 1.500.00 til $ 1.700.00 og í kaupbæti fylgi endurgjaldslaust notað eintak til textagerðar. Er tekið fram í bréfinu, að ef hið franska firma geti boðið sambærilegt verð, megi það útbúa samning og geti þá hafist samvinna þessara aðilja. Í svarbréfi hins franska firma frá 7. júní 1973 er stungið upp á öðru verði fyrir myndir svo sem hér segir: Rauða sólin $ 2.500.00, Kaldur sviti $ 2.500.00, Umferð $ 2.500.00, Jólatré $ 1.500.00, Húsið undir trjánum $ 1.500.00, Salínabrautin $ 1.500.00, Lögga eða illa fengið fé $ 1.700.00. Er tekið fram, að án aukakostnaðar fylgi notað eintak til textagerðar. Jafnframt er tekið fram, að þetta sé lægsta verð, sem fyrirtækið geti boðið. Er óskað eftir því í bréfinu, að ef þetta verði samþykkt af hálfu Hafnarbíós h/f, þá verði fyrirsvarsmenn þess að segja til um, hvort þeir vilji fá myndirnar í enskri eða franskri útgáfu. Ef þeir vilji frönsku útgáfuna, sé hægt að senda myndirnar næstum því tafarlaust. Ef þeir hafi einungis áhuga á myndum í enskri útgáfu, verði firmað að biðja Columbia fyrirtækið að afgreiða þær til kvikmyndahússins. Ef það fyrirtæki geti ekki séð af eintaki af hverri mynd, geti ekki orðið af viðskiptunum, þar sem hið franska fyrirtæki hafi ekki fleiri notuð eintök í enskri útgáfu. Í svarbréfi Hafnarbíós h/f frá 18. júlí 1973 er skýrt frá því, að ákveðið hafi verið að taka boði hins franska firma, þó það sé í hærra lagi, en úrslitaþátturinn verði samt málútgáfa sú, sem kvikmyndahúsið fái. Sé fallist á að taka franska útgáfu af kvikmyndinni Umferð, en enskar útgáfur af hinum myndunum séu bráðnauðsynlegar, þar sem frönskukunnátta sé varla fyrir hendi hjá almenningi. Í bréfinu eru fyrirsvarsmenn hins franska fyrirtækis beðnir að gera allt, sem í þeirra valdi standi, til að útvega enskar útgáfur af öllum kvikmyndunum nema Umferð. Er jafnframt tekið fram, að þar sem svo virðist sem komist hafi á samkomulag, geti hið franska firma látið gera samningsuppkast og sent Hafnarbíói h/f til undirskriftar. Hinn 10. október 1973 ritaði hið franska fyrirtæki Hafnarbíói h/f svohljóðandi bréf:

„Í framhaldi af fyrri viðræðum okkar vildum við gjarna fá samþykki yðar á því, að þér fáið sýningarrétt á Íslandi fyrir eftirfarandi kvikmyndir á því verði, sem er tiltekið:
13.700.- Bandaríkjadalir: Rauð sól (RED SUN)

Kaldur sviti (COLD SWEAT)
Umferð (TRAFFIC)
Jólatré (CHRISTMAS TREE)
Dauðagildran (DEADLY TRAP)
Vegurinn til Salina (ROAD TO SALINA)
Illur fengur (DIRTY MONEY)

Þegar við höfum fengið formlegt samþykki yðar, munum við senda yður sérsamning fyrir hverja mynd. Gildistími samninganna verður fimm ár frá dagsetningu undirskriftar. Þér fáið enskar útgáfur af myndunum að undanskilinni UMFERÐ (Traffic), en þar getið þér valið um enska og franska útgáfu.

Við vonumst til að heyra frá yður sem fyrst."

Svarbréf fyrirsvarsmanns Hafnarbíós h/f, dags. 24. október 1973, er svohljóðandi:

„Við höfum fengið mikilsvert bréf yðar frá 10. þ. m., sem þér eigið þakkir skildar fyrir.

Eins og yður er ljóst af fyrri bréfaviðskiptum okkar, höfum við vissulega áhuga á eftirfarandi kvikmyndum:

Rauð sól (SED SUN), Kaldur sviti (COLD SWEAT), Jólatré (CHRISTMAS TREE), Dauðagildran (DEADLY TRAP), Vegurinn til Salina (ROAD TO SALINA) og Illur fengur (DIRTY MONEY).

Við samþykkjum skilmálana, þ. e. samningstímabilið skuli ná yfir fimm ár frá undirskrift samnings og að við fáum enskar útgáfur myndanna í öllum tilvikum að undanskilinni „Umferð" (TRAFFIC), þar sem við getum valið um enska og franska útgáfu. Við staðfestum einnig, að við höfum samþykkt að greiða 13.700.- bandaríkjadali fyrir allar umræddar kvikmyndir, (þ. e. fyrir allar myndirnar til samans).

Þar sem við höfum nú samþykkt þessi atriði, virðist okkur, að fyrirtæki yðar geti nú útbúið samning til undirskriftar.

Við viljum einnig nota þetta tækifæri til þess að minna yður á áhuga okkar á væntanlegri mynd, PAPILLON, sem við höfum rætt um áður. Við treystum því, að þér lofið okkur að fylgjast með gangi hennar og látið okkur vita, hvenær þér eruð tilbúinn til þess að gera samning um hana.

Við vonumst til að heyra frá yður hið fyrsta."

Svarbréf fyrirsvarsmanns hins franska firma, dags. 31. október 1973, er svohljóðandi:

„Með tilvísun til fyrri bréfaviðskipta sendum við yður samninga fyrir eftirtaldar kvikmyndir:

Rauð sól (RED SUN)	U.S. $	2.500.-
Kaldur sviti (COLD SWEAT)		2.500.-
Vegurinn til Salina (ROAD TO SALINA)		1.500.-
Umferð (TRAFFIC)		2.500.-
Illur fengur (DIRTY MONEY)		1.700.-
Jólatré (CHRISTMAS TREE)		1.500.-
Húsið undir trjánum (HOUSE UNDER TREES)		1.500.-
	Alls $	13.700.-

Vinsamlegast athugið, að hver þessara samninga er í tvennu lagi: Sá fyrri er með gulum ferhyrningi í efra horninu til vinstri, og hefur hann verið undirskrifaður af okkur. Skuluð þér halda honum eftir í skjalasafni yðar. Þann síðari, sem er með gulum þríhyrningi í efra horninu til vinstri, eigið þér að undirrita og senda aftur til okkar."

Svo sem fram kemur í síðastnefndu bréfi, fylgdu því samningseintök fyrir hverja kvikmynd, sem ætluð voru fyrirsvarsmanni Hafnarbíós h/f til undirritunar. Undirritaði hann samningseintökin og endursendi þau með bréfi, dags. 6. nóvember 1973, en efni þess er svohljóðandi:

„Eins og þér sjáið af meðfylgjandi skjölum, fengum við með skilum bréf yðar frá 31. október, og þökkum við yður fyrir það. Þér munið einnig sjá, að eintökin með gula þríhyrningnum hafa verið undirrituð eins og vera ber.

Miðað við fyrri bréfaviðskipti okkar er skilningur okkar sá, að grein 6—a, sérstakir skilmálar, merki, að þér látið okkur í té án aukagreiðslu gott notað eintak til textagerðar.

Þar sem við höfum ekki áður greint frá þörfum okkar að því er varðar fylgivarning, álítum við, að við ættum að gera það núna, þar sem við viljum gjarna fá hann eins fljótt og unnt er fyrir allar myndirnar, af því að við viljum hefja kynningu á þeim sem fyrst. Þarfir þessar eru sem hér segir:

Sex veggauglýsingar (ein örk hver).

Tvö sett af útstillingarlitmyndum.

Textahandrit eða innfærður texti með myndatilvísunum.

Útdráttur (á ensku) og

Kynningarbók fyrir fjölmiðla (einnig á ensku).

Við álítum, eins og þegar hefur verið tekið fram, að það væri ávinningur að fá þetta efni sem allra fyrst.

Við værum þakklátir fyrir athugun yðar á þessu máli og bíðum svars yðar hið fyrsta."

Almenn ákvæði samninga þessara eru eins, og sem dæmi er samningurinn um kvikmyndina Jólatré svohljóðandi:

„Herrar,

Við viðurkennum móttöku bréfs yðar, dags. 31. október 1973, og staðfestum hér með samning þann, sem við höfum gert með okkur.

1. Þér framseljið okkur, og við tökum því framsali á einkarétti til sýningar (eins og hann er skilgreindur í viðfestum almennum skilmálum hér á eftir) á kvikmynd, sem nefnd hefur verið

„CHRISTMAS TREE"

Leikstjóri Terence Young
Leikarar William Holden, Bourvil, Brook Fuller, Virna Lirsi
Í enskri útgáfu
Stærð 35—16 mm

2. Samningur þessi tekur til eftirtalinna landssvæða í samræmi við ákvæði þessa samnings

Íslands

3. Samningur þessi gildir til 5 ára frá deginum í dag að telja og fellur sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1978.

4. Framsalið er veitt fyrir borgun að fjárhæð bandaríkjadollarar 1.500.- (eitt þúsund og fimm hundruð bandaríska dollara). Skal sú fjárhæð greidd við afhendingu fyrstu eftirgerðar.

Sé ekki annað tekið fram, er sérstaklega um það samið, að verðið sé fyrir utan alla skatta og gjöld, sem nú eru í gildi eða í gildi kunna að verða í framtíðinni, jafnvel þótt lög á landssvæði því, sem réttur nær til, kynnu að gera framseljanda að greiða þessa skatta og gjöld. Skal framsalshafi greiða þessa skatta og gjöld vegna framseljanda til viðbótar við það verð, sem að ofan er tilgreint, og skal hann láta framseljanda í té skilríki um það, að fjárhæðir þessar hafi verið greiddar.

Sé ekki umsamið á gagnstæðan veg, skal greiðsla einungis talin hafa farið fram, þegar hún er komin í hendur framseljanda í Frakklandi.

5. Þegar samningur þessi gerir ráð fyrir, að framseljandi afhendi annars konar efni en eftirgerðir til sýningar, mun afhending þessi þá fyrst fara fram, þegar framseljandi hefur móttekið frá vinnustofu, þar sem efnið er geymt (sic), og skal bréfið fest við samninginn um eignarrétt að þessu efni.

6. Sérstakir skilmálar:
   a. Fjöldi eftirgerða skal fara eftir samkomulagi aðila.
   b. Sjónvarps- og kassetturéttindi verða ekki seld, meðan samningur þessi er í gildi.

7. Um réttindi til þessarar kvikmyndar (innan þeirra marka, sem til eru tekin í 1. gr. hinna almennu skilmála eins og þeir eru fyrir neðan) hefur enginn annar samningur verið gerður en sá, sem staðfestur er með þessu bréfi. Allar breytingar eða ákvæði í aðra átt skulu óskuldbindandi, nema um það hafi verið gert skriflegt samkomulag.

8. Sérstaklega er um það samið, að um efndir samkvæmt þessum samningi skuli fara eftir hinum almennu skilmálum, sem settir hafa verið af Chambre Syndicale des Producteurs et Exportateurs de Films Francais. Texti hinna almennu skilmála er festur við þetta bréf og nauðsynlegur hluti þess.

9. Heimilisföng aðilanna eru sem hér segir:
   eins og greint er frá að ofan.

Við samþykkjum hér með öll ákvæði og skilmála, sem greindir eru í bréfi yðar.

Yðar einlægur,
fyrir Hafnarbíó h.f.,
ólæsileg."

Samningum þessum fylgdu almennir skilmálar, sem í íslenskri þýðingu hljóða svo:

„ALMENNIR SKILMÁLAR
um framsal á sýningarrétti til kvikmynda erlendis.

Formáli:

Því er lýst yfir, að framseljandi sé eigandi alls réttar til hagnýtingar á kvikmynd þeirri, sem samningur þessi fjallar um, eða, að hann hafi heimild eiganda og þar af leiðandi umboð hans til að framselja réttindi til hennar og megi framsalshafi treysta því, að svo sé, án þess að hann þurfi að rannsaka það frekar.

1. grein. Eðli og umfang þess réttar, sem látinn er í té.

a) Réttindin, sem framseld eru samkvæmt ákvæðum þessa samnings, eru einungis ætluð til hagnýtingar á kvikmyndum af þeirri stærð eða af þeim stærðum, sem fram er tekið um í hinum einstöku samningum.

Réttindin, sem látin eru í té samkvæmt samningi þessum, ná eingöngu til þess að sýna kvikmyndir, og eru allar aðrar sýn-

ingaraðferðir undanskildar, þær, sem nú eru tíðkaðar eða síðar kunna að verða það, svo sem útvarp og sjónvarp.

Réttindin fela ekki í sér þann rétt til sýninga opinberlega, sem nefndur er „non commercial" eða „non theatrical", svo sem rétt til sýninga í húsakynnum, sem ekki eru opin almenningi, þegar áhorfandi greiðir ekki aðgangseyri. Ef ekki er tekið fram um það sérstaklega, hefur framsalshafi ekki rétt til að láta lesa erlend tungumál inn á kvikmyndina; hann hefur ekki rétt til að gefa hana út á prenti, og hann hefur ekki rétt til upptöku til framleiðslu á grammófónplötum.

b) Kvikmynd þá, sem samningurinn fjallar um, er framsalshafa óheimilt að sýna á kvikmyndahátíð eða við önnur þess konar tækifæri, þegar komið hefur verið á fót samkeppni við erlendar kvikmyndir, nema hann hafi áður fengið til þess samþykki framseljanda.

Framsalshafi skal hafa rétt til þess að sýna kvikmyndina, hvenær sem honum líst slík sýning koma að gagni, svo sem á opinberum hátíðum eins og „mostra", þjóðlegum vikum, sem eru ekki viðskiptalegs eðlis, sem annað hvort franskar eða ítalskar stjórnardeildir eða samtök atvinnumanna hafa gengist fyrir. Framsalshafi skal láta aðstoð sína í té við slík tækifæri, ef hann er um hana beðinn.

c) Framsalshafa er sérstaklega bannað að sýna kvikmyndina eða nokkurn hluta hennar eða að leyfa sýningu hennar utan þess landssvæðis, sem til er tekið, og skal brot á þessu ákvæði varða því, að kvikmynd sú, sem um er að ræða, verði tekin af honum og mál höfðað til skaðabóta. Framseljandi eða umboðsmaður hans fyrir hans hönd samþykkja, um leið og þeir áskilja sér rétt til töku og skaðabóta, að ráðstafa ekki sýningarrétti til umræddrar kvikmyndar til annarra aðila á því landssvæði, sem til er tekið, fyrr en leyfistíma lýkur.

Ef svo skyldi vilja til, að eitt eða fleiri eintök, eða hlutar þeirra af umræddri kvikmynd væru sýnd á hinu tiltekna landssvæði fyrir skaðabótaskylda háttsemi þriðja manns, skal framsalshafi hafa heimild framseljanda eða umboðsmanns hans til að gera þær ráðstafanir, sem hann telur fullnægjandi til að vernda réttindi sín.

Samkomulag er um, að kostnaður við þær ráðstafanir, sem gerðar kynnu að verða, skuli geiddur af framsalshafa einum og þær fara fram á persónulega ábyrgð hans, enda skulu skaðabætur þær, sem tekst að innheimta, verða eign framsalshafa.

Ekki skal framseljandi verða skaðabótaskyldur á nokkurn hátt vegna sýningar þriðja manns á kvikmyndinni með sviksamlegum hætti á hinu tiltekna landssvæði, og skal þess konar sýning með sviksamlegum hætti ekki veita framsalshafa heimild til að rifta samningnum.

d) Meðan samningur þessi er í gildi, skal framsalshafi hvorki sýna eða hlutast til um, að sýnd verði á hinum tilteknu landssvæðum útgáfa af kvikmynd þeirri, sem leyfi tekur til, á öðru tungumáli.

e) Þegar samningur tekur til 16 mm réttinda, er framseljanda ekki skylt að útvega eintök í þeirri breidd, ef hann hefur ekki búið hana undir sýningu. Á hinn bóginn skal hann veita framsalshafa leyfi til þess, og má hann búa eintökin undir sýningu á sinn eigin kostnað.

f) Þegar greiðslur ber að inna af hendi til samtaka tónskálda og höfunda fyrir opinberan flutning á tónlist kvikmyndar, þegar hún er sýnd á landssvæði, sem réttur tekur til, ber framsalshafa að inna þær greiðslur af hendi. Ekki skal honum undir neinum kringumstæðum heimilt að skulda framseljanda fyrir þeim.

2. grein. Afhending kvikmyndar. Eftirgerðir — Negatíf — Fölsk negatíf — Internegatíf — Pósitíf fyrir falskar frummyndir (svokölluð lavender eintök) — Auglýsingaefni — Auglýsingaræmur.

a) *Eintök.* Framseljandi eða umboðsmaður hans takast á hendur að afhenda eða að sjá til, að framsalshafa verði afhent, ef hann óskar þess, í samræmi við skilmála í undirmgr. (e) hér á eftir, nægilega mörg eintök til sýninga á hinu tiltekna landssvæði. Framsalshafa ber að greiða fyrir eintökin samkvæmt reikningi eftir taxta félagsins fyrir franskan markað á þeim tíma, sem pöntun er gerð.

Ef fumeintakið er ekki í Frakklandi, þegar pöntun er gerð, samþykkir framsalshafi nú og hér eftir, ef hann óskar afhendingar þegar í stað, að greiða fyrir eintökin það verð, með þeim skilmálum, sem í gildi eru á þeim tíma í því erlenda landi, þar sem frumeintakið er, og samþykkir hann afhendingu þaðan. Þann eintakafjölda, sem nauðsynlegur er til sýninga á hinu umsamda landssvæði, verður að ákveða með samkomulagi framseljanda og framsalshafa. Þetta ákvæði á einnig við um mgr. (b) og (c) hér fyrir neðan.

b) *Falskar frummyndir.* Framsalshafi lofar að búa ekki til eða láta búa til falskar frummyndir af eintaki því eða hluta þess, sem honum mun verða trúað fyrir, nema með skriflegu samþykki framseljanda. Ef slíkt leyfi verður veitt, skal falska frummyndin og eintakið, sem eftir henni er gert, svokallað lavender eintak, gert á kostnað framsalshafa, en vera og verða framvegis eign framseljanda svo og öll þau eintök, sem eftir fölsku frummyndinni eru gerð, og skal sú falska frummynd verða á nafni framseljanda í þeirri vinnustofu, sem verkið hefur annast.

c) *Skipt um tal. Textar.* Þegar framsalshafi hefur fengið leyfi til að búa myndina erlendu tali, skal framseljanda skylt að láta framsalshafa í té á vinnustofum, í samræmi við 5. gr. hinna sérstöku skilmála, falska frummynd eða lavender eintak og alþjóðlega hljóðræmu, en með því er átt við ræmu fyrir hljóð og hljómlist, án talræmu, saman eða aðskildar, optískar eða magnetískar, í samræmi við skilmálana í mgr. (f) fyrir neðan.

Fyrir þetta efni ber framsalshafa að greiða á kostnaðarverði.

Framsalshafi getur látið búa til á gildandi kostnaðarverði vinnustofunnar svo mörg eintök með umskiptu tali sem hann óskar eftir og þarfnast.

Framsalshafi samþykkir, að skipt skuli um tal í myndinni með þeim hætti, að eðliseinkenni myndarinnar breytist ekki við þýðingu á tali. Framsalshafi samþykkir einnig að nota eingöngu og að öllu leyti hljómlist þá, sem notuð er í frumútgáfu myndarinnar.

Framseljandi skal ekki bera ábyrgð á afleiðingum breytinga, sem gerðar kunna að hafa verið án leyfis áður. Sérstaklega er um samið, að listrænn höfundarréttur að útgáfunni með umskiptu tali verði einkaeign framseljanda.

Ef myndin er sýnd í frumútgáfu með textum, og þeir textar hafa ekki verið gerðir af framseljanda, skulu þeir gerðir á kostnað framsalshafa, sem samþykkir að gera þá með þeim hætti, að eðliseinkenni myndarinnar breytist ekki.

d) *Myndir í lit.* Ef frummynd hefur ekki verið tekin í lit og til er annað negatíf á annarri vinnustofu en þeirri, sem framseljandi hefur bent á, skal honum heimilt að afgreiða eftirgerðir af negatífinu til framsalshafa á þeirri vinnustofu, sem það er geymt.

Ef hinir sérstöku skilmálar gera ráð fyrir, að látið sé í té internegatíf, skal kostnaður við gerð þess og frummynda til aðgreiningar (separation masters) greiddur af framsalshafa.

e) *Ábyrgð.* Nauðsynlegur efniviður til framleiðslu á eftirmynd skal látin framsalshafa í té á vinnustofu þeirri, sem framseljandi hefur til tekið. Framseljandi skal þó ekki bera neina ábyrgð á afgreiðslutöfum þeirrar vinnustofu né á gæðum framleiðslu hennar.

Hvað öllu öðru efni viðvíkur, sem afgreitt er eða látið framsalshafa í té af framseljanda, skulu allar kvartanir framsalshafa varðandi gæði því aðeins teknar til athugunar, að þeim sé komið á framfæri við framseljanda áður en 40 dagar eru liðnir frá komu þess varnings í tollvörugeymslu, sem framsalshafi hefur afgreitt. Flutningur efnis er á ábyrgð framsalshafa.

Allur kostnaður, svo sem pökkun, flutningur, vátrygging, innflutningstollar, innflutningsgjöld og skattar, skal greiddur af framsalshafa, jafnvel þótt framseljandi eða umboðsmaður hans hafi sent C.O.D.

f) *Eignarréttur að efni.* Allar eftirmyndir með frönsku tali, með eða án texta, svo og þótt skipt hafi verið um tal, ennfremur falskar frummyndir, internegatíf og lavender eftirgerðir, skulu vera og halda áfram að vera eign framseljanda, og ber að skila þeim aftur til hans honum að kostnaðarlausu, þegar gildistími samningsins er liðinn, eða samkvæmt skilmálum 3. gr. hér fyrir neðan.

Hljóð- og myndnegatíf eintaks, sem búið hefur verið öðru tali, skal á sama hátt vera og halda áfram að vera eign framseljanda og skrásett á hans nafni á vinnustofu þeirri, sem framsalshafi hefur samþykkt.

Umrætt efni skal vera til reiðu framseljanda á landssvæði framsalshafa.

Ekki er heimil aðför í umræddu efni né framsal á því, hvert svo sem tilefni kynni að vera, þar með talið án nokkurra takmarkana, þegar atvinnurekstri er hætt, aðför, sala á vörubirgðum til að hætta atvinnurekstri, eða þegar uppgjör á sér stað með frjálsum nauðasamningum eða fyrir atbeina skiptaréttar. Ekki getur þriðji maður heldur haldið því til tyggingar.

Framsalshafi samþykkir því að láta framseljanda í té nákvæmar upplýsingar um það, hvenær sem framseljandi eða umboðsmaður hans óska, hvar efnið sé niður komið, sem honum var afhent, svo og eftirgerðir til sýninga.

Þegar gildistími samnings er liðinn og framseljandi óskar þess, að efnið sé sent honum, ber honum að greiða sendingarkostnað. Ef framseljandi óskar þess ekki að fá efnið sent sér, ber fram-

salshafa að eyðileggja það á sinn kostnað og láta framseljanda í té staðfest vottorð um eyðileggínguna.

g) *Auglýsingaefni.* Framseljandi samþykkir að láta framsalshafa í té, ef hann óskar, svo fremi að það sé fyrir hendi, auglýsingaefni, veggspjöld, ljósmyndir og prógrömm.

Allt þetta efni mun reiknað á gildandi verði og sent á ábyrgð framsalshafa og áhættu.

h) *Listi yfir samtöl.* Framseljandi samþykkir að láta ókeypis í té lista yfir samtöl í nákvæmu samræmi við samtölin í myndinni og kynningarkafla hennar svo og að láta í té leiðbeiningarnótur um hljómlistina.

i) *Afhending.* Ef ekki er um að ræða sérstaka skilmála, skal afhending myndarinnar, eftirgerða, negatífa, falskrar frummyndar, internegatífs, lavender eftirgerða, auglýsingaefnis og minningarræmu talin hafa farið fram, annað hvort þegar efnið hefur verið afhent fyrirgreiðslumanni sendingar í Frakklandi eða þegar framseljandi hefur afhent vinnustofu negatíf myndarinnar og sinkróniseraða hljóðræmu með frönsku tali eða þegar efnið er í raun og veru samkvæmt óafturkallanlegum fyrirmælum framseljanda til reiðu til eftirgerðar fyrir framsalshafa.

j) *Kvótakerfi.* Ef í gildi eru innflutningskvótar í landi framsalshafa, er taka til kvikmyndar þeirrar, sem samningur þessi fjallar um, skal dráttur af þeirra völdum talinn til guðsverka og samningurinn framlengjast sjálfkrafa með fyrirvara um takmarkanir samkvæmt höfundarrétti. Ef dráttúrinn er á hinn bóginn lengri en 12 mánuðir, skal framseljandi eiga rétt á að rifta þessum samningi.

3. grein. Vanefnd. Rifting.

A) Vanefnd af hálfu framsalshafa.

a) Ef um er að ræða brot framsalshafa á almennum eða sérstökum ákvæðum samningsins, og send hefur verið tilkynning með ábyrgðarbréfi eða símskeyti, og sönnun liggur fyrir um móttöku þess og ef lagfæring hefur ekki verið gerð innan 15 daga frá sendingu umræddrar tilkynningar, skal framseljanda rétt og heimilt að rifta áðurnefndum samningi og fá síðan sýningarrétt kvikmyndar sinnar á hinu tiltekna landssvæði samstundis í sínar hendur. Þegar svo stendur á, skulu allar greiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, verða tvímælalaust eign framseljanda eða umboðsmanns hans, en ógreiddar fjárhæðir skulu falla í gjalddaga til greiðslu til hans samstundis með fyrirvara af hans hálfu

um innheimtu skaðabóta og vaxta. Eftirgerðir og efni skal vera framseljanda eða umboðsmanni hans til reiðu eigi síðar en 48 klukkustundum þar á eftir. Þegar framsalshafi hefur endurheimt sýningarréttinn til kvikmyndarinnar, skulu allar fjárhæðir, sem framsalshafi á útistandandi hjá kvikmyndahúsum eða dreifiaðilum umræddrar kvikmyndar, sem samningur fjallar um, framseljast framsalshafa ipso facto, og skal hann hafa heimild til að gefa fyrir þeim góðar og gildar kvittanir.

b) Ef um er að ræða vanskil framsalshafa á greiðslum á þeim tilteknu dögum, sem greindir eru í 4. gr. hinna sérstöku skilmála, og send hefur verið tilkynning með ábyrgðarbréfi eða símskeyti, og sönnun liggur fyrir um móttöku þess, og ef lagfæring hefur ekki verið gerð innan 15 daga frá sendingu umrædds bréfs, skulu allar útistandandi fjárhæðir, sem framsalshafi skuldar, falla samstundis í gjalddaga, og er um það gagnkvæmt samkomulag, að á fjárhæðir þessar skuli falla vextir til refsingar, er nemi 0.50% fyrir hverja viku dráttarins.

Skilmálar undirmgr. hér á undan skulu eiga við án skerðingar á skilmálum í gr. 3A, mgr. (a). Skilmálum í mgr. (a) og (b) skal beitt í heild eða hverjum fyrir sig samkvæmt ákvörðun framseljanda.

B) Brot af hálfu framseljanda.

a) Ef um brot er að ræða af hálfu framseljanda eða umboðsmanns hans, einkum ef pantað efni hefur ekki verið afgreitt, skal framsalshafi eiga rétt á því eftir tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða símskeyti, er fyrir liggur sönnun um móttöku þess, og ef brot hefur ekki verið lagfært innan 30 daga frá móttöku tilkynningar, að krefjast riftingar samningsins og endurgreiðslu þegar í stað á þeim fjárhæðum, sem hann hefur greitt, með fyrirvara varðandi skaðabætur og vexti.

b) Þegar þannig stendur á, að ekki hefur verið lokið við gerð umræddrar kvikmyndar, eða ekki hefur verið byrjað á henni, þegar samningur er gerður, skal 30 daga fresturinn í gr. 2B, mgr. (a), lengjast í fjóra mánuði.

d) Á hinn bóginn skal ekki heimilt að krefjast skaðabóta eða vaxta vegna brota framseljanda eða umboðsmanns hans að því er varðar nafn á stjórnanda og listamönnum, sem greint er frá í hinum sérstöku skilmálum, svo fremi að framseljandi eða umboðsmaður hans hafi þegar í stað tilkynnt framsalshafa með ábyrgðarbréfi, með beiðni um sendingu á kvittun fyrir því, um

allar breytingar, sem átt hafi sér stað að þessu leyti. Þegar þannig stendur á, skal umboðsmaðurinn (sic) hafa heimild til að rifta samningi þessum innan mánaðar frá móttöku ábyrgðarbréfsins. Þegar sá frestur er liðinn, skal líta svo á, að framsalshafi hafi samþykkt breytingarnar á stjórnanda og listamönnum, sem um er getið hér að ofan, og fallið frá heimild sinni til riftingar, sem mgr. þessi gerir ráð fyrir.

d) Ef taka myndarinnar er ekki byrjuð, þegar samningur þessi er gerður, skal framseljanda eða umboðsmanni hans heimilt að rifta samningi þessum, ef afráðið verður, að myndin skuli ekki tekin. Heimild þessi skal þó bundin því skilyrði, að framseljandi eða umboðsmaður hans tilkynni framsalshafa um ákvörðun sína með ábyrgðarbréfi, er hann óski sendingar á kvittun fyrir, og endurgreiði honum að fullu þær fjárhæðir, sem hann hefur greitt fyrirfram, innan fjögurra mánaða fyrir afhendingardag kvikmyndarinnar. Sérstaklega er umsamið, að rifting samkvæmt skilmálum þessum skuli ekki veita rétt til skaðabóta og vaxta.

C) Force majeure og guðsverk.

Ef framsalshafa eða umboðsmanni hans er ekki unnt að afgreiða eftirgerðina eða eftirgerðir eða það efni almennt, sem til er tekið í hinum sérstöku skilmálum þessa samnings, vegna guðsverka eða force majeure, svo sem eldsvoða, þess, að hráefni er ekki til, styrjaldar, verkfalls, ráðstöfunar stjórnvalda eða vegna einhverrar annarrar ófyrirsjáanlegrar ástæðu, sem framseljandi ræður ekki við, skal samningur þessi talinn skapa rétt (entered as of right?) meðan ofangreindar hindranir eru við lýði, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af gildistíma höfundarréttar.

Ef framseljanda er ekki unnt að ljúka við myndina af sömu ástæðum eða hann getur ekki, þegar hann hefur lokið við hana, afgreitt eftirgerðir hennar, einkum vegna þess að negatífin hafa eyðilagzt að hluta eða að fullu, skal samningur þessi falla úr gildi án skaðabótaskyldu, en framseljandi eða umboðsmaður hans endurgreiða framsalshafa þegar í stað allt það fé, sem hann hefur greitt þeim.

D) Atvinnurekstri hætt.

Þegar atvinnurekstri hefur verið hætt, þegar skipt hefur verið með frjálsum nauðasamningum eða átt hefur sér stað framsal

framsalshafa til annarra án skriflegs leyfis framseljanda svo og þegar um er að ræða nauðasamninga fyrir atbeina skiptaréttar eða gjaldþrot, fellur hinn framseldi sýningarréttur niður og hverfur sjálfkrafa aftur til framseljanda eða umboðsmanns hans. Sama skal gilda um eftirgerðir og annað efni. Þegar svo stendur á, skulu allar greiðslur óafturkallanlega verða eign framseljanda eða umboðsmanns hans með fyrirvara þeirra um frekari skaðabætur og vexti.

Þegar riftað hefur verið áðurgreindu framsali á dreifingarrétti, sem getið er um að ofan, og framsalshafi á enn útistandandi fé, skal allt það fé, sem hann á inni hjá kvikmyndahúsum eða dreifiaðilum vegna umræddrar kvikmyndar, ipso facto framselt framseljanda að því marki, sem hann enn á inni fé, og skal honum rétt að gefa fyrir það góðar og gildar kvittanir.

4. gr. Kvikmyndaeftirlit.

a) Bann við sýningu kvikmyndarinnar af hálfu stjórnskipaðs skoðunarmanns á því landssvæði eða þeim landssvæðum, sem samningur þessi tekur til, skal valda niðurfalli hans, en um það er þó sérstaklega samið, að frumrit ákvörðunar skoðunarmanns skuli sent framseljanda eða umboðsmanni hans og vera komið í hendur honum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir komu fyrstu eftirgerðar í tollvörugeymslu, og skal vottorð fyrirgreiðslumanns sendingar vera til sönnunar um komudag.

Þegar þessum fresti lýkur, skal framsalshafi bera áhættu af sýningarbanni. Framsalshafa er skylt í samráði við framseljanda að áfrýja ákvörðun skoðunarmanns innan þriggja mánaða. Hann skal í þessu skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir gagnvart öllum löglegum og til þess kvöddum yfirvöldum í landi hans. Staðfesting á ákvörðun skoðunarmanns skal talin endanleg.

Framsalið er einnig riftanlegt, ef umræddur skoðunarmaður krefst þess, að myndin verði skorin niður um meira en 20% af heildarlengd hennar.

Ef áðurgreindur tveggja mánaða frestur dugir ekki til, skal framsalshafi sýni um það gögn, að hann hafi gert allt, sem í hans valdi stendur, til að afla ákvörðunar skoðunarmanns svo og tilgreina þann tíma, sem til þess þarf. Hvað sem öðru líður, skal ekki líða lengri tími en þrír mánuðir frá komu fyrstu eftirgerðar. Ef myndin er endanlega bönnuð af skoðunarmanni, skal framsalshafi bera allan kostnað við innsiglun.

b) Þegar samningur hefur endanlega fallið úr gildi, skulu

eftirgerð eða eftirgerðir hinnar bönnuðu myndar og efni endursent ókeypis til heimilisfangs framseljanda eða umboðsmanns hans.

Þegar hann hefur móttekið eftirgerð eða eftirgerðir, skal framseljandi samstundis endurgreiða framsalshafa þær fjárhæðir, sem hinn síðarnefndi hefur greitt fyrirfram fyrir framsal á umboðsréttindum.

Framsalshafi beri kostnað við eftirgerðir, efni og auglýsingaefni, sem þannig er endursent. Á hinn bóginn tekur framseljandi eða umboðsmaður hans að sér að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ná inn aftur, að fullu eða að hluta, andvirði eftirgerðar eða eftirgerða svo og efnis og auglýsingaefnis, sem endursent hefur verið, og skulu þær fjárhæðir, sem þannig verða endurheimtar, endurgreiddar framsalshafa að fullu.

c) Ef veitt er sýningarleyfi fyrir kvikmynd í upprunalegri gerð hennar, er það ekki á ábyrgð framseljanda, þótt hún síðar kunni að verða bönnuð með umskiptu tali.

Ef sýningarleyfi hefur verið veitt fyrir kvikmynd, en hún seinna bönnuð, skal það algjörlega á áhættu framsalshafa, og skulu allar greiðslur, sem hann hefur greitt, svo og þær, sem ekki eru fallnar í gjalddaga, vera eign framseljanda, en allur kostnaður greiðast af framsalshafa.

5. gr. Skilmálar um auglýsingar.

Framsalshafi lofar að skilja eftir vörumerki framseljanda og nöfn á framleiðendum, höfundum og leikurum, á kynningarköflum og öllu auglýsingaefni (veggspjöldum og ljósmyndum), sem framseljandi eða umboðsmaður hans hafa látið í té, og að sýna eftirgerðir, eins og þær hafa verið afhentar honum af framseljanda eða umboðsmanni hans, án þess að breyta þeim eða auka við þær, og án þess að gera á þeim aðrar styttingar en eftirlitsmaður heimtar, nema áður hafi verið fengið skriflegt leyfi framseljanda eða umboðsmanns hans. Lofar framsalshafi, almennt, að fara eftir öllum auglýsingaskilmálum framseljanda eða umboðsmanns hans.

Ef ekki er um að ræða sérstakar tilkynningar, lofar framsalshafi að fara eftir öllum auglýsingaskilmálum, eins og þeir koma fram á kynningarköflum og veggspjöldum. Ef skipt hefur verið um tal, skal framsalshafi greina framseljanda frá hinu nýja heiti. Hann skal einnig sjá til þess, að dreifiaðilar og viðskiptavinir fari eftir þessum skilmálum.

6. gr. Bann við framsali.

Ekki skal framsalshafi undir neinum kringumstæðum framselja þriðja manni réttindi sín samkvæmt þessum samningi, nema hann hafi fengið til þess skriflegt leyfi. Ef leyfið er veitt, skal framsalshafi vera sólidariskt ábyrgur með framsalshöfum sínum fyrir efndum á skuldbindingum sínum.

7. gr. Eðli samningsins.

Samningsaðilar eru sammála um, að ekki skuli túlka nokkur ákvæði hér að ofan á þann veg, að um sé að ræða sameiginlegt fyrirtæki þeirra eða sameignarfélag.

8. gr. Ágreiningur og málsmeðferð.

Samningur þessi og hinir almennu skilmálar skulu túlkaðir og fara eftir frönskum lögum.

Allur ágreiningur, sem rísa kann af veitingu þessa leyfis, skal til lykta leiddur af gerðardómi í Frakklandi eða með málskoti til Les Tribunaux de la Seine eftir vali sóknaraðila, er skal vera bindandi fyrir varnaraðila.

En þegar framseljandi er sóknaraðili, skal honum einnig heimilt að sækja mál sitt fyrir dómstólum í heimalandi framsalshafa. Ef sóknaraðili hefur valið gerðardómsmeðferð, skal málsmeðferð vera sem hér segir:

Hvor aðila um sig skal velja sér gerðardómsmann af þeim nöfnum, sem eru á lista hjá Chambre Syndicale des Producteurs et Exportateurs de Films Francais. Ef annar aðila lætur farast fyrir að gera það innan 15 daga frá því, að hann hefur fengið formlega tilkynningu í ábyrgðarbréfi, sem beðið hefur verið um endursendingu á móttökukvittun fyrir, skal gerðardómsmaður hans að því búnu skipaður af forseta Tribunal de Commerce de la Seine samkvæmt beiðni hins aðilans.

Málsaðilar skulu boðaðir fyrir gerðardóminn með ábyrgðarbréfi með a. m. k. átta daga fyrirvara. Skal gerðardómurinn kveða upp úrskurð eigi síðar en 10 vikum eftir þinghaldið. Málsaðilar skulu afhenda skjöl sín gerðardóminum a. m. k. 48 klukkustundum fyrir þann dag, sem til er tekinn fyrir þinghaldið, en ef á því verður misbrestur, skal úrskurður uppkveðinn án frekari rannsóknar.

Ef ekki næst samkomulag milli gerðardómsmanna málsaðila, skulu þeir tilnefna þriðja gerðardómsmanninn, er verður formaður dómsins. Ef ágreiningur er, skal hann útnefndur af for-

seta Tribunal de Commerce de la Seine að beiðni aðila. Þegar gerðardómurinn hefur þannig verið fullskipaður, skal úrskurður hans kveðinn upp eigi síðar en 8 vikum eftir tilkomu þriðja gerðardómsmannsins.

Gerðardómurinn skal óbundinn af málsmeðferð þeirri eða tímamörkum, sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð einkamála. Úrskurður hans er fullnaðarúrskurður, sem ekki verður áfrýjað í nokkurri annarri lögsögu."

Hinn 2. janúar 1974 ritaði fyrirsvarsmaður Hafnarbíós h/f hinu franska fyrirtæki bréf, þar sem hann lætur þess getið, að kvikmyndahúsið hafi þá nýlega fengið sendar útstillingamyndir í nægjulegu magni og veggauglýsingar fyrir þær kvikmyndir, sem um hafi verið samið. Þar sem veggauglýsingarnar væru óþægilega stórar, var óskað eftir að fá aðra stærð af þeim, og einnig var óskað eftir því, að sendir yrðu myndútdrættir og handritatextar fyrir umræddar kvikmyndir. Hinn 28. ágúst 1974 ritaði fyrirsvarsmaður Hafnarbíós hinu franska fyrirtæki bréf, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Fyrir nokkru fengum við bréf frá franska sendiráðinu í Reykjavík um, að það hefði haft samband við yður um viðleitni okkar til þess að eiga viðskipti við yður. Samkvæmt upplýsingum, sem sendiráðið fékk, höfðuð þér ekki getað afgreitt eintök af kvikmyndum þeim, sem við höfum samið um, en nú væri búið að yfirstíga þessa örðugleika, svo að eðlilegur framgangur málsins gæti brátt hafist. Þess vegna bjuggumst við við því að fá umræddar kvikmyndir innan skamms, en ekkert hefur skeð, svo að okkur er umhugað um að komast að því, hvenær þér munuð senda myndirnar..

Við höfum líka áhuga á myndinni PAPILLON, sem þér sögðuð okkur, að við fengjum kannske í febrúar síðastliðinn, þar sem hún hefði verið gefin út í desember 1973.

Við álítum ekki, að nauðsynlegt sé að fara nánar út í einstök atriði varðandi þetta mál, og vonumst við til þess að fá sem fyrst vísbendingu um, að þér farið að uppfylla samning okkar.

Við vonumst eftir staðfestingu yðar á þessu sem fyrst."

Í svarbréfi hins franska fyrirtækis frá 6. september 1974 segir svo:

„Kærar þakkir fyrir bréf yðar 28. ágúst.

Í fyrri bréfum yðar til okkar hafið þér ekki minnst á, hve margar eftirgerðir þér þurfið af hverri mynd, og höfum við þess vegna pantað eina eftirgerð og einn kynningarkafla af hverri

Vinsamlegast skrifið okkur strax, hvort þér þurfið fleiri eftirgerðir, og munum við þá endurskoða pöntun okkar í samræmi við það.

Hvað viðvíkur góðum, notuðum eftirgerðum til að koma fyrir texta á, verða þær reiknaðar til viðbótar þeim nýjum eftirgerðum, sem þér þurfið af hverri mynd. Erum við að spyrjast fyrir um, hvort til sé ein af hverri, og munum láta yður vita.

Við þökkum aftur fyrir þolinmæði yðar."

Hinn 10. september 1974 ritaði hið franska fyrirtæki Hafnarbíói svohljóðandi bréf:

„Hjálagt fylgir ljósrit af pöntun okkar viðvíkjandi kvikmyndum þeim, sem þér hafið samið um. Við munum skýra yður frá öllum upplýsingum varðandi afskipun, um leið og þær hafa borizt okkur.

Við viljum vekja athygli yðar á því, að myndir þessar verða sendar yður C.O.D. og að ein þeirra, DIRTY MONEY (Un Flic), verður send frá London, þar sem enska útgáfan er búin til. Á hinn bóginn mun vörusendari okkar hér, sem mun senda yður hinar myndirnar sex, einnig senda reikning fyrir réttinn yfir DIRTY MONEY sem og yfir hinar myndirnar, en fyrirtækið í London mun einungis senda reikning yfir efniskostnað."

Bréfi þessu fylgdi pöntun til fransks fyrirtækis á eftirgerð af sex af kvikmyndum þeim, sem fjallað er um í málinu, og beiðni um að senda þær í einni sendingu C.O.D. til stefnda Hafnarbíós h/f.

Hinn 20. september 1974 ritaði stefnandi Hafnarbíói h/f svohljóðandi bréf:

„Í sérböggli sendum við yður textahandrit fyrir myndirnar *Rauð sól* (RED SUN), *Hús undir trjánum* (HOUSE UNDER THE TREES), *Illur fengur* („Lögga — DIRTY MONEY), *Vegurinn til Salina* (ROAD TO SALINA), *Jólatré* (CHRISTMAS TREE), *Kaldur sviti* (COLD SWEAT).

Við höfum sent telex til New York með beiðni um að senda okkur eintak af kvikmyndahandriti fyrir myndina *Umferð* (TRAFFIC), og munum við senda það áfram til yðar, jafnskjótt og það berst okkur í hendur.

Við höfum einnig haft upp á góðum notuðum eintökum af *Veginum til Salina, Húsi undir trjánum* og *Rauðri sól*. Síðastnefnda myndin er með spönskum texta. Getið þér notað þetta eintak af *Rauðri sól?* Við höfum einnig beðið um eintök af hinum myndunum frá London og bíðum svars þaðan.

Yður var sent auglýsingaefni fyrir nokkrum dögum, líka."

Hinn 3. október sendi stefnandi Hafnarbíói h/f símskeyti þess efnis, að ný eintök af auglýsingamyndum og notuð eintök yrðu send með flugvél, en afgangur af efninu yrði sendur frá London.

Hinn 1. október 1974 sendi fyrirtækið Rapid Universal Transport Landsbanka Íslands beiðni um innheimtu kröfu vegna vörusendingar stefnanda til Hafnarbíós h/f. Er lýsing sendingarinnar og beiðni um kröfuna svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„R.U.T.

8 karton	MYND/ROUTE DE SALINA	5/600	F 4.918.18
1 pakki	1 eintak standard 35 mm í lit ensk útgáfa 2.762 m 1 auglýsingamynd standard 35 mm ensk útgáfa 106 m	(— 5 spólur á 600 metra hver spóla) 1 auglýsingamynd	
	MYND/LA MAISON SOUS LES ARBRES 209.600 1 eintak, 1 kynningarkafli, í byrjun og kíló í enda, 1 auglýsingamynd standard 35 mm í lit ensk útgáfa — 2.998 m	6/600 1 auglýsingamynd	F 5.141.04
	MYND/DE LA PART DES COPAINS 1 eintak, 1 kynningarkafli, í byrjun og í enda, 1 auglýsingamynd standard 35 mm í lit ensk útgáfa — 2.948 m	5/600 1 auglýsingamynd	F 5.260.25
	MYND/SOLEIL ROUGE 1 eintak, 1 kynningarkafli, í byrjun og enda, 1 auglýsingamynd standard 35 mm í lit — 3.563 m	6/600 1 auglýsingamynd	F 6.109.59
	MYND/TRAFIC 1 eintak standard 35 mm í lit ensk útgáfa 2.762 m	5/600	F 4.734.77
	MYND/L'ARBRE DE		

	NOEL 1 eintak og 1 auglýsinga-mynd standard 35 mm í lit 3.181 m	6/600 1 auglýsinga-mynd	F 5.454.75
R.U.T.	MYND/LA MAISON SOUS LES ABRES (House under the trees) 1 notað eintak, ensk útgáfa 35 mm í lit 2795 m	5/600	F 2.500.00
	MYND/ROUTE DE SALINA (Road to Salina) 1 notað eintak ensk útgáfa 35 mm lit 2762 m	5/600	F 2.400.00
	AUGLÝSINGAEFNI MEÐ ÖLLUM MYNDUNUM	Auglýsingar	
	SOLEIL ROUGE		
	DE LA PART DES COPAINS		F 786.00
	ROUTE DE SALINA		
	TRAFIC UN FLIC		F 2.292.64
	ARBRE DE NOEL		
	MAISON SOUS LES ARBRES		

Sendingarmáti: Flugvél, flugfarmskírteini S.A.S. 3067 4103, FLUG/SK 038 þann 3. um Khöfn. Sendingin er send þannig, að farmgjald: BER AÐ GREIÐA — hún er endanleg — hún er tímabundin

samkvæmt leyfi nr. ———————— (yfirkrossað) — leyst er undan áhættu ef innflutningur er tímabundinn (yfirkrossað).

FYRIRMÆLI:
Afhendingarfyrirmæli (á ensku):
SENDINGIN ER GEGN GREIÐSLU Á FARMGJALDI.
VINSAMLEGAST AFHENDIÐ VÖRURNAR MÓTTAKANDA GEGN:
- - FRÖNKUM 1601.36 (greiðsla á útgjöldum okkar samkvæmt viðfestum reikningi)

— FRÖNKUM 4918.18 (greiðsla fyrir myndina la route de salina)
— FRÖNKUM 5141.04 (greiðsla fyrir myndina la maison sous les arbres)
— FRÖNKUM 5260.25 (greiðsla fyrir myndina la part des copains)
— FRÖNKUM 6109.59 (greiðsla fyrir myndina soleil rouge)
— FRÖNKUM 4734.77 (greiðsla fyrir myndina trafic)
— FRÖNKUM 5454.75 (greiðsla fyrir myndina l'arbre de noel)
— FRÖNKUM 2500.00 (greiðsla fyrir myndina la maison sous les arbres)
— FRÖNKUM 2400.00 (greiðsla fyrir myndina route de salina)
— FRÖNKUM 786.00 (greiðsla fyrir auglýsingaefni)
— FRÖNKUM 2292.64 (greiðsla fyrir auglýsingaefni)
— US DOLLURUM 1700.00 + US DOLLURUM 1500.00 + US DOLLURUM 1500.00
— US DOLLURUM 2500.00 + US DOLLURUM 1500.00 + US DOLLURUM 2500.00 + US DOLLURUM 2500.00
(greiðslur fyrir sýningarrétt),

Þessir tékkar þurfa að berast heimilisfangi okkar eins fljótt og unnt er;

VIÐFEST 10 vörureikningar + 1 reikningur yfir kostnað okkar + 1 AISI (vátryggingarskírteini?) nr. 173167 og 173168 (innrammað með blýanti eða kúlupenna): Frá US DOLLURUM 1700.00 til 173168
Vörurnar vátryggðar
óvátryggðar (yfirstrikað)
(stimpill) C.O.D.
(stimpill) + KOSTN."

Af eintaki Landsbanka Íslands af beiðni þessari, sem lagt hefur verið fram í málinu, kemur fram, að hún hafi borist bankanum 4. október 1974. Fram er komið, að bankinn krafði Hafnarbíó h/f um greiðslu á frönskum frönkum 41.198.58 og afhenti um leið og greiðsla fór fram 4. desember 1974 heimildarskjöl til að fá vörusendinguna, sem krafan fylgdi, afhenta hjá farmflytjanda. Í bréfi, dags. 14. janúar 1975, staðfesti fyrirtækið Rapid Universal Transport að hafa móttekið frá Landsbanka Íslands franska franka 41.198.58, en jafnframt var bent á, að bankinn hefði ekki enn greitt 13.700.00 bandaríkjadollara af kröfunni. Ekki kemur fram, að svar hafi borist við bréfi þessu, og var efni þess ítrekað með bréfi, dags. 7. mars 1975.

Hinn 20. febrúar 1976 ritaði fyrirsvarsmaður Hafnarbíós h/f stefnanda bréf. Var vísað til skeytaskipta milli aðilja og annars, sem aðiljunum hafði þá nýlega farið í milli. Var gerð grein fyrir því sjónarmiði, að samið hefði verið um sjö kvikmyndir fyrir $ 13.700.00 og að stefnandi léti jafnframt í té gott notað eintak af hverri kvikmynd, Hafnarbíói að kostnaðarlausu. Kvikmyndirnar hefðu borist og hefðu í því sambandi verið greiddar 11 kröfur í banka hér, en samanlögð fjárhæð þeirra næði ekki $ 13.700.00. Hafnarbíó skuldaði því enn $ 3.700.00. Þá var og gerð grein fyrir því, að borist hefðu fjögur ný eintök af kvikmyndum, sem Hafnarbíó vildi endursenda. Var spurst fyrir um, hve mikið Hafnarbíó skuldaði stefnanda og hvert ætti að endursenda þau fjögur kvikmyndaeintök, sem send höfðu verið að óþörfu. Var óskað eftir, að sendur yrði „pro forma" reikningur fyrir upphæðinni, sem ógreidd væri, og yrði þá greiðsla send.

Í bréfi stefnanda, dags. 28. mars 1976, var sjónarmiðum fyrirsvarsmanns Hafnarbíós hafnað, enda væri fjárhæðin $ 13.700.00 leyfisgjald fyrir að dreifa kvikmyndunum á landsvæði viðskiptavinarins. Einnig hefði þurft að geta þess sérstaklega á hinum skriflega samningi aðilja, ef Hafnarbíó h/f hefði átt að fá notað eintak sér að kostnaðarlausu.

Bréf Landsbanka Íslands til stefnanda, dags. 23. apríl 1975, er svohljóðandi:

„Í sambandi við ofangreinda sendingu og bréf frá 1. október s.l. viljum við taka fram, að með bréfinu bárust 11 sett af vöru-reikningum, eins og tiltekið var í bréfinu, og var heildarupphæð þeirra Fr. fr. 41.198.58. Þessir reikningar voru allir greiddir þ. 4. desember, og var greiðslan send áfram til yðar þann sama dag.

Ekki voru nein frekari skjöl til grundvallar viðbótarkröfugerð á Hafnarbíó, og þar sem slík skjöl voru ekki fyrir hendi, gátum vér ekki innheimt neitt til viðbótar við upphæðir þeirra 11 reikninga, sem vísað er til hér að ofan.

Þannig snýr málið að oss, og skrifum vér bréf þetta sem svar við fyrirspurnum yðar, en sú síðasta var dagsett 7. mars. Þykir oss leitt, að þessi dráttur skuli hafa orðið á svari voru."

Í svarbréfi Rapid Universal Transport er enn staðfest móttaka á frönskum frönkum 41.198.58, en ítrekað, að fyrirtækið hafi ekki fengið greiðslu að fjárhæð 13.700.00 bandaríkjadollarar, en þar sé um að ræða „royalties", sem stefnanda beri. Komi fjárhæð þessi greinilega fram í fyrirmælum í beiðni þeirri um inn-

heimtu, sem send var bankanum, og hafi bankanum algerlega verið óheimilt að afhenda heimildarskjöl, sem beiðninni fylgdu, án þess að hafa móttekið allar C.O.D. fjárhæðir, sem tilgreindar hafi verið í fyrirmælunum í innheimtubeiðninni. Þar sem ekki hafi verið farið eftir fyrirmælum þessum, geri fyrirtækið bankann ábyrgan fyrir þeim 13.700.00 bandaríkjadollurum, sem á vanti. Svarbréf Landsbanka Íslands, dags. 12. maí 1975, er svohljóðandi:

„Með tilvísun til bréfs yðar frá 26. apríl varðandi ofangreinda innheimtu viljum vér leggja áherslu á, að með bréfi yðar frá 1.10.74 komu „10 factures commerciales — 1 facture de nos frais — I AISI no. 173167.173168", og hafa allir þessir reikningar verið gerðir upp við yður. Á þessum reikningum var ekkert minnst á eða vísað til nokkurra dollaraupphæða. Flugfarmbréf viðkomandi sendingar var sent beint til kröfugreiðanda. Engin frekari skjöl bárust til stuðnings frekari innheimtu, og samkvæmt viðteknum reglum, sem gefnar hafa verið út af viðkomandi yfirvöldum á Íslandi, höfum vér hvorki heimild til þess að innheimta neitt fé, sem ekki er hægt að gera grein fyrir með tilskildum skjölum, né yfirfæra slíkt fé til útlanda.

Þegar samband var haft við kröfugreiðanda í þessu sambandi, tjáði hann oss, að hann hefði þá nýverið fengið bréf frá Les Films Corona og reikning að upphæð $ 13.700.00, dagsettan og gefinn út 14. mars 1975. Tjáði hann oss einnig, að hann væri í beinu bréfasambandi við Les Films Corona til þess að jafna ágreining þeirra.

Með tilliti til þess, sem sagt hefur verið hér að ofan, getum vér ekki fallist á, að um neina vanrækslu hafi verið að ræða af vorri hálfu við afgreiðslu þessa máls, og lítum vér svo á, að því sé lokið."

Í svarbréfi Rapid Universal Transport, dags. 2. júní 1975, er látin í ljós furða á því, að bankinn hafi ekki heimild til að innheimta eða yfirfara fjárhæðir, án þess að fyrir hendi séu vörureikningar. Jafnframt er bent á, að það hafi verið skylda starfsmanna bankans að gera fyrirtækinu grein fyrir þessu, er bankinn fékk beiðni þess um innheimtuna með fyrirmælum þeim, sem í henni fólust. Var ítrekað, að fjárhæðin, sem á vantaði, $ 13.700.00, væri ekki verðmæti vöru, heldur „royalties" fyrir kvikmyndir þær, sem sendar hefðu verið Hafnarbíói fyrir milligöngu bankans. Eigi sendandinn kröfu á að fá fjárhæð þessa samkvæmt samningi stefnanda og Hafnarbíós. Var skýringum bank-

ans hafnað og þess krafist, að hann greiddi fjárhæðina. Í svarbréfi bankans, dags. 12. júní 1975, var vísað til fyrri bréfa hans og þess jafnframt getið, að fyrirsvarsmenn Hafnarbíós h/f mundu hafa haft samband við stefnanda og verslunarfulltrúa franska sendiráðsins hér í borg til að finna lausn á málinu. Stefnandi fól síðan lögmanni sínum meðferð málsins, og hinn 27. ágúst 1975 ritaði lögmaðurinn stefnda kröfubréf, en er það bar ekki árangur, höfðaði hann mál þetta.

Jón Ragnarsson, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri stefnda Hafnarbíós h/f, stóð að samningsgerðinni við stefnanda. Kveðst hann hafa talið, að samkvæmt samningunum ætti kvikmyndahúsið að fá rétt til að sýna hinar umsömdu kvikmyndir í ákveðinn fjölda ára sem fram kemur í samningunum og að innifalið í því ætti að vera eintak af kvikmyndinni, sem mætti vera notað sýnishorn úr myndinni (trailer), auglýsingaefni, auglýsingaspjöld og ljósmyndir til útstillingar. Jón kveður samninga um leigu á kvikmyndum í meginatriðum svipaða þeim, sem aðiljar málsins gerðu með sér. Orðalag þeirra sé þó misjafnt. Er hann hafi fengið samningana frá stefnanda, hafi sér ekki fundist nógu skýrt tekið fram, að innifalið væri eintak af kvikmyndinni (filmunni). Hann hafi því skrifað stefnanda um leið og hann endursendi samningana og tekið fram, að hann liti svo á, að samkvæmt ákvæði í sérstöku samningsskilmálunum og því, sem áður hefði komið fram í bréfum milli þeirra, ætti eitt eintak af hverri kvikmynd að vera innifalið. Hafi stefnandi ekki hreyft neinum athugasemdum við því. Jón kveður það hafa komið fyrir, að Hafnarbíó h/f hafi keypt sýningarrétt að kvikmynd og eintak kvikmyndarinnar sitt í hvoru lagi, en það sé mjög sjaldgæft, og sé þá tekið tillit til þess við ákvörðun leigugjalds. Jón kveðst hafa farið í Landsbanka Íslands, er tilkynning barst frá honum um kröfu stefnanda. Hann hafi séð, að þetta var í frönskum frönkum, og þótt það einkennilegt, því samið hafi verið um greiðslu í dollurum. Er hann greiddi í bankanum, hafi hann fengið skjöl. sem fylgi erlendum vörusendingum og afhent séu tollyfirvöldum. Það hafi svo verið töluvert seinna sem hann hafi séð, að fjárhæðin, sem hann greiddi, hafi verið lægri en sem nam 13.700 bandaríkjadollurum. Hann hafi svo í bréfi, sem hann ritaði stefnanda, boðist til að greiða það, sem á vantaði, að greiðslan næmi þeirri fjárhæð.

Samkvæmt málflutningi af hálfu stefnanda er því haldið fram, að með samningum þeim, sem fyrirsvarsmaður stefnda

Hafnarbíós h/f undirritaði og dagsettir eru 31. október 1973, og með bréfum þeim, sem fyrirsvarsmaður stefnanda ritaði 7. júní og 10. október s. á., hafi komist á samningar um, að Hafnarbíó h/f fengi sýningarrétt á 7 þar greindum kvikmyndum og skyldi vera innifalið eitt notað eintak af hverri kvikmynd til textagerðar. Ef óskað væri eftir kvikmyndaeintökunum með ensku tali, yrði að fá fyrirtækið Columbia í Englandi til að afgreiða þau. Með bréfi fyrirsvarsmanns Hafnarbíós h/f, dags. 6. nóvember 1973, hafi hann svo pantað auglýsingaefni, sem hann hafi fengið, svo sem fram komi í bréfi hans frá 2. janúar 1974. Frekari bréfaskipti milli þessara aðilja hafi svo legið niðri um skeið, en með bréfi, dags. 6. september 1974, hafi stefnandi tilkynnt Hafnarbíói h/f, að greiða þyrfti sérstaklega fyrir aukaeintök til textagerðar. Með bréfi stefnanda, dags. 10. september 1974, hafi Hafnarbíói h/f verið tilkynnt, að stefnandi hefði pantað eina eftirgerð af hverri kvikmynd og einn kynningarkafla með hverri þeirra, sem send yrðu Hafnarbíói h/f C.O.D., en ein þeirra, Illur fengur, yrði send frá London, þar sem enska útgáfan væri búin til. Af hálfu stefnda Hafnarbíós h/f hafi ekki verið hreyft neinum athugasemdum við efni bréfs þessa. Fram sé komið, að Hafnarbíó h/f hafi svo fengið sendingar þessar og greitt þær athugasemdalaust. Það hafi svo verið 1. október 1974 sem stefnandi hafi fyrir milligöngu flutningafyrirtækisins Rapid Universal Transport sent stefnda Hafnarbíói h/f eintak af öllum kvikmyndunum ásamt auglýsingaefni og sent Landsbanka Íslands beiðni um innheimtu á hendur Hafnarbíói h/f á frönskum frönkum 41.198.57 og 13.700.00 bandaríkjadollurum ásamt heimildarskjölum til að fá sendinguna afhenta hjá farmflytjanda. Bankinn hafi fengið beiðni þessa í hendur 4. október 1974. Bankinn hafi svo innheimt kröfuna með því að taka við þeim hluta hennar, sem var í frönskum frönkum, og afhent Hafnarbíói h/f heimildarskjöl þau, sem fylgdu innheimtubeiðninni til bankans. Hafi svo Hafnarbíó h/f fengið kvikmyndirnar afhentar úr vörugeymslu flutningsaðilja. Það muni svo hafa verið 10.—15. desember 1974 sem stefnandi hafi fengið tilkynningu frá Landsbanka Íslands um greiðslu Hafnarbíós h/f. Hafi stefnandi með bréfi, dags. 14. janúar 1975, vakið athygli bankans á því, að bankinn hefði aðeins innheimt hluta kröfunnar. Það hafi svo ekki verið fyrr en með bréfi, dags. 20. febrúar 1975, sem fyrirsvarsmaður Hafnarbíós h/f hafi ritað stefnanda. Er því haldið fram, að með samningum þeim, sem dagsettir voru 31. október 1973, og skilmálum

þeim, sem þeim fylgdu, svo og bréfaskiptum, áður en kvikmyndirnar voru sendar Hafnarbíói h/f, hafi komist á endanlegur samningur um, að Hafnarbíó h/f greiddi fyrir öll eintök kvikmyndanna, sem send voru, auglýsingaefni með þeim svo og 13.700.00 bandaríkjadollara fyrir sýningarréttinn. Hafnarbíó h/f hafi greitt fyrir kvikmyndaeintökin og auglýsingaefnið án athugasemda, en eigi enn eftir að greða umsamda fjárhæð fyrir sýningarréttinn, sem fram hafi komið í kröfu þeirri, sem falin var Landsbanka Íslands til innheimtu. Beri stefnda Hafnarbíói h/f því að greiða þá fjárhæð.

Sýknukrafa stefnda Hafnarbíós h/f er byggð á því, að svo hafi samist með aðiljum, að fyrir ákveðið verð, $ 13.700.00, skyldi Hafnarbíó h/f fá sýningarrétt fyrir kvikmyndirnar og auk þess eitt notað eintak af hverri kvikmynd til textagerðar, en síðastgreinda atriðið hafi verið skilyrði fyrir viðskiptunum af hálfu kvikmyndahússins. Af hálfu Hafnarbíós h/f hafi svo verið samþykkt að greiða aukalega fyrir „trailer" og auglýsingaefni fyrir hverja kvikmynd. Með samningum aðilja hafi Hafnarbíó h/f ekki tekið á sig frekari greiðsluskyldu gagnvart stefnanda og af þess hálfu hafi aldrei verið samþykkt að breyta þessum samningum. Hafnarbíó h/f hafi greitt kvikmyndaeintök þau, sem bárust að tilhlutan stefnanda, áður en krafa sú barst, sem fjallað er um í málinu. Hafnarbíó h/f hafi svo greitt kröfu þá að fjárhæð franskir frankar 41.198.58, sem Landsbanki Íslands hafi krafið það um. Fyrirsvarsmanni Hafnarbíós h/f hafi orðið ljóst, að á vantaði, að þar væri um að ræða fulla greiðslu á því, sem um hafði verið samið, þ. e. $ 13.700.00. Hafi hann því skrifað stefnanda og boðið fram viðbótargreiðslu og jafnframt óskað eftir að skila 4 kvikmyndaeintökum, sem kvikmyndahúsið hafi fengið umfram það, sem um var samið. Er því haldið fram, að Hafnarbíó h/f hafi gert það, sem því bar til að fullnægja samningsskyldu sinni gagnvart stefnanda. Er því og haldið fram, að ef allar kröfur stefnanda hefðu komið fram í einu, hefði Hafnarbíó h/f haft heimild til að rifta samningum aðiljanna og hefði þá beitt þeim rétti sínum. Af hálfu Hafnarbíós h/f er vaxtakröfu stefnanda mótmælt sérstaklega, þar sem ekki hafi verið kostur á að inna af hendi umsamda greiðslu á réttan hátt. Óheimilt sé að deponera hér á landi í frönskum frönkum, en deponering í íslenskum gjaldmiðli hafi ekki verið fullnægjandi. Þá er því haldið fram, að í skiptum aðilja eigi að miða við gengi þann dag, sem afhending fór fram.

Álit dómsins.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, verður að líta svo á, að stofnast hafi bindandi samningur með aðiljum um, að stefndi fengi sýningarrétt þeirra sjö kvikmynda, sem áður er getið, fyrir $ 13.700.00. Skyldi stefndi auk þess fá eitt notað eintak af hverri kvikmynd endurgjaldslaust, sem setja mátti á íslenskan texta. Hafði stefndi ekki óskað eftir öðrum eintökum af kvikmyndunum. Verður ekki séð, að samningar aðilja hafi veitt stefnanda rétt til að láta útbúa eftirgerðir af kvikmyndunum án samþykkis stefnda. Mátti fyrirsvarsmaður stefnda ekki ætla af orðalagi bréfa stefnanda frá 6., 10. og 20. september 1974, að frá hendi stefnanda væri nú ætlast til þeirrar mikilvægu breytingar á samningum aðilja, að stefndi ætti að greiða fyrir notuð eintök af kvikmyndunum, sem hann fengi, og að stefnandi hefði einnig látið gera eftirmyndir af kvikmyndunum á kostnað stefnda. Bar fyrirsvarsmanni stefnanda að gera með ótvíræðum orðum grein fyrir þeim breytingum, sem hann óskaði eftir að gera á samningum aðilja. Þetta var ekki gert. Var stefnanda því óheimilt að láta gera eftirgerðir af kvikmyndunum á kostnað stefnda. Getur hann því ekki krafið stefnda um þennan kostnað. Átti stefnandi því eingöngu kröfu á stefnda um greiðslu á $ 13.700.00 auk greiðslu fyrir auglýsingaefni og greiðslu kostnaðar, sem telja verður, að felist í samningum aðilja. Nema þær greiðslur í frönskum frönkum 4.679.36 (786.00 + 2.292.00 + 1.601.36). Fyrirsvarsmaður stefnda greiddi hinn 1. desember 1974 samkvæmt kröfu Landsbanka Íslands franska franka 41.198.58, en bankinn krafði hann ekki um greiðslu annarra fjárhæða. Nam sú fjárhæð $ 8.893.38 samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands þann dag. Mátti fyrirsvarsmanni stefnda fljótlega verða ljóst, að sú fjárhæð samsvaraði ekki $ 13.700.00. Bar honum þá að bjóða fram greiðslu í Landsbanka Íslands því til leiðréttingar. Ekki aðhafðist hann neitt í því efni. Var það ekki fyrr en í bréfi hinn 20. febrúar 1975 sem fyrirsvarsmaður stefnda gat þessa ósamræmis og tjáði sig reiðubúinn til að greiða.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda mismun á $ 13.700.00 og 8.893.38, eða $ 4.806.62, svo og franska franka 4.679.00. Með hliðsjón af mótmælum stefnda þykir verða að taka fram, að komi til gengisútreiknings á fjárhæðum þessum, ber að miða við gengi á greiðsludegi þeirra. Á grundvelli

þess, sem hér hefur verið rakið, ber stefnda að greiða stefnanda vexti af dæmdum fjárhæðum frá 1. desember 1974 til greiðsludags. Ákvarðanir fjármálayfirvalda hér á landi um vexti eru byggðar á þeim sérstöku aðstæðum í peningamálum, sem hér eru ríkjandi. Þykir þeim því ekki verða beitt að fullu um kröfur máls þessa, sem eru í erlendum gjaldeyri. Þykja vextir því hæfilega ákveðnir 12% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 425.000.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson borgardómari, Jóhann Ólafsson forstjóri og Stefán Hirst héraðsdómslögmaður.

Dómsorð:

Stefndi, Hafnarbíó h/f, greiði stefnanda, Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Les Films Corona, $ 4.806.62 og franska franka 4.679.00, hvort tveggja með 12% ársvöxtum frá 1. desember 1974 til greiðsludags, og kr. 425.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 2. júní 1981.

Nr. 131/1978. **Sigmar Björgvinsson**
Ingileif Arnlaugsdóttir
Birgir Eydal
Emil Guðmundsson
Júlíus Sólnes
Þórarinn R. Ólafsson
Geirlaug H. Magnúsdóttir
og Heimir Sindrason
(Jón Kr. Sólnes hdl.)
gegn
Verzlunarbanka Íslands h/f
og gagnsök
(Ólafur Gústafsson hdl.).

Veðréttur. Tryggingarbréf. Aðfararheimild. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní s. á. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að úrskurður fógetaréttar Seltjarnarneskaupstaðar 10. maí 1978 verði felldur úr gildi. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1978. Krefst hann þess aðallega, að „aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að þola viðurkenningu á veðrétti gagnáfrýjanda, sem er annar veðréttur í öllu húsinu nr. 8 við Tjarnarból, Seltjarnarneskaupstað, en veðréttur þessi er skv. tryggingarbréfi, útgefnu þann 23. ágúst 1972 af stjórn Tjarnarbóls h.f. og þinglesið þann 1. september 1972, að fjárhæð kr. 30.000.00 ... Ennfremur, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda kr. 30.000.00 ... með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. maí 1974 til 15.

júlí s. á., með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 20. nóvember 1976, með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1977, með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s. á., með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 72.00 í stimpilkostnað.

Til vara, að aðaláfrýjendur verði pro rata dæmdir til að þola viðurkenningu á veðrétti gagnáfrýjanda skv. aðalkröfunni svo og pro rata dæmdir til greiðslu kr. 30.000.00 auk dráttarvaxta, eins og fram kemur í aðalkröfunni, og kr. 72.00 í stimpilkostnað".

Þá krefst gagnáfrýjandi „staðfestingar á úrskurði fógetaréttar Seltjarnarneskaupstaðar, uppkveðnum 8. maí (svo) 1978, um, að fjárnám í húsinu nr. 8 við Tjarnarból ... skuli ná fram að ganga.".

Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í dómkröfum sínum fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi krafist viðurkenningar á veðrétti samkvæmt tryggingarbréfi „að fjárhæð kr. 30.000.00". Af gögnum máls, héraðsdómi og málflutningi fyrir Hæstarétti er ljóst, að átt er við, að hámarksfjárhæð sú, sem veðið tryggi, sé 30.000.00 krónur eftir gildistöku laga nr. 35/1979, en sjálft sé tryggingarbréfið að fjárhæð 3.000.000 gkr.

Að því er tekur til kröfu gagnáfrýjanda um viðurkenningu á veðrétti er enn fremur sýnt af málsreifun hans, að hann hyggst með málssókn sinni afla sér aðfararhæfs dóms til að leita fullnustu í húseigninni nr. 8 við Tjarnarból sem veði, er samkvæmt ákvæðum áðurgreinds tryggingarbréfs tryggi greiðslu víxils þess að fjárhæð 3.000.000 gkr., er um getur í málinu, og það án tillits til þess, hvort tekin verður til greina sú krafa hans, að aðaláfrýjendum verði dæmt skylt að greiða víxilskuldina. Þykir allt um þessa ónákvæmni í kröfugerðinni mega dæma málið í því horfi, sem málsreifun gefur tilefni til samkvæmt framansögðu.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta þá úrlausn hans, að gagnáfrýjandi eigi 2. veðrétt í fasteigninni nr. 8 við Tjarnarból í Seltjarnarneskaupstað samkvæmt tryggingarbréfi 23. ágúst 1972 til tryggingar víxilskuld þeirri, að fjárhæð 30.000.00 krónur (3.000.000.00 gkr.), sem um er fjallað í málinu, svo og vöxtum og kostnaði.

Samkvæmt þessu og þar sem engir gallar eru á hinum áfrýjaða fjárnámsúrskurði, ber einnig að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Engin efni eru til að dæma aðaláfrýjendur persónulega til að greiða fyrrgreinda víxilskuld.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Viðurkenndur er 2. veðréttur gagnáfrýjanda, Verzlunarbanka Íslands h/f, í fasteigninni nr. 8 við Tjarnarból til tryggingar greiðslu á 30.000.00 krónum með 1.5% vöxtum á mánuði frá 1. maí 1974 til 15. júlí s. á., 2% frá þeim degi til 20. nóvember 1976, 2.5% frá þeim degi til 1. ágúst 1977, 3% frá þeim degi til 1. júní 1979, 4% frá þeim degi til 1. september s. á., 4.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 4.75% frá þeim degi til 1. júní 1981, og 4.5% frá þeim degi til greiðsludags svo og til tryggingar greiðslu á 72.00 krónum í stimpilkostnað.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað er staðfest.

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 20. febrúar 1978.

Mál þetta, sem var dómtekið 10. þ. m., hefur Verzlunarbanki Íslands h/f, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 29. apríl 1977 og 2. maí 1977, á hendur Sigmar Björgvinssyni,

Ingileif Arnlaugsdóttur, Birgi Eydal, Emil Guðmundssyni, Júlíusi Sólnes og Þórarni R. Ólafssyni, öllum til heimilis að Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi, Geirlaugu H. Magnúsdóttur, Túngötu 3, Reykjavík, og Heimi Sindrasyni, nú til heimilis að Miðbraut 38, Seltjarnarnesi.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda eru þessar, aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að þola viðurkenningu á veðrétti Verzlunarbanka Íslands h/f, sem sé annar veðréttur í öllu húsinu nr. 8 við Tjarnarból, Seltjarnarneskaupstað, samkv. tryggingarbréfi, útgefnu þann 23. ágúst 1972 af stjórn Tjarnarbóls h/f og þinglesnu þann 1. september 1972, að fjárhæð 3.000.000 krónur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 3.000.000 krónur með 1.5% dráttarvöxtum frá 1. maí 1974 til 15. júlí s. á., með 2% dráttarvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember, en með 2.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 7.200 krónur í stimpilkostnað svo og málskostnað samkvæmt mati dómsins, til vara, að stefndu verði dæmdir pro rata til að þola viðurkenningu á veðrétti bankans samkv. aðalkröfunni svo og til greiðslu skuldarinnar, 3.000.000 krónur, pro rata auk dráttarvaxta, eins og fram kemur í aðalkröfunni, svo og stimpilkostnað, 7.200 krónur, og málskostnað að mati dómsins.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi breytingu á dráttarvaxtakröfum sínum og krefst þess nú í aðalsök, að dráttarvextir verði dæmdir 1.5% mánaðavextir frá 1. maí 1974 til 15. júlí s. á., 2.5% mánaðarvextir frá þeim degi til 20. nóv. 1976, 2.5% dráttarvextir frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og síðan 3% dráttarvextir fyrir hvern mánuð frá þeim degi til greiðsludags. Sams konar breyting var gerð á dráttarvaxtalið í varakröfu. Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. Af hálfu hinna stefndu var ekki samþykkt, að breyting stefnanda á dráttarvaxtakröfu kæmist að. Samkvæmt gögnum málsins voru stefnendur allir þinglesnir eigendur Tjarnarbóls 8, þegar stefna var birt í málinu, hvert að sinni íbúð og hluta í sameiginlegu. Samkvæmt vottorði Fasteignaþjónustunnar, Reykjavík, seldi Heimir Sindrason Guðmundi Sigurðssyni, þá til heimilis að Laugarholti 12, Húsavík, eignarhluta sinn 10. maí 1976. Núverandi þinglýstir eigendur þessa eignarhluta eru Aðalsteinn Karlsson og Steinunn Tómasdóttir.

Málavextir.

Þann 3. maí 1969 var stofnað hlutafélagið Tjarnarból h/f á

Seltjarnarnesi. Félagið eignaðist fjölbýlishúsalóðirnar nr. 2, 4, 6 og 8 við Tjarnarból á Seltjarnarnesi og hóf byggingarstarfsemi á lóðinni nr. 2 sumarið 1969. Viðskipti hófust milli Tjarnarbóls h/f og stefnanda sumarið 1969, að minnsta kosti eftir því sem segir í stefnu. Veitti bankinn byggingafyrirtækinu ýmsa fyrirgreiðslu í formi víxillána. Til tryggingar víxilskuldbindingum var síðan gefið út þann 23. ágúst 1972 tryggingarbréf, og eru helstu ákvæði þess, sem hér skipta máli, eins og hér segir: „Tjarnarból hf., Seltjarnarnesi, gerir kunnugt, að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim, sem ég nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, stend í við Verzlunarbanka Íslands hf., Reykjavík, hvort sem það eru víxilskuldir mínar, víxilábyrgðir, yfirdráttur á hlaupareikningi eða hvers konar aðrar skuldir við bankann, þar með taldar ábyrgðir, er bankinn hefur tekist eða kann að takast á hendur mín vegna, að samtaldri fjárhæð allt að kr. 3.000.000, þrjármiljónirkróna 00/100 auk vaxta og hverskonar kostnaðar, set ég hér með bankanum að veði sem hér skal talið: ... lóðina nr. 8 við Tjarnarból á Seltjarnarnesi með öðrum veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir skuldum við Salome Þ. Nagel skv. veðbréfi útg. 14/3 '67, upphaflega og nú að eftirstöðvum 700.000 krónur. Hið ofangreinda er veðsett í því ástandi sem það nú er í eða síðar kann að verða í, með hvers konar endurbótum og viðbótum, og eru tryggingarfjárhæðir hins veðsetta innifaldar í veðsetningunni. Tryggingarbréf þetta gildir jafnt, þótt greiðslufrestur verði veittur einu sinni eða oftar, víxlar framlengdir að meira eða minna leyti, með sömu eða öðrum víxilskuldurum, og þar til að allt, sem að framan getur, að sé með veði þessu tryggt, er bankanum að fullu greitt."

Þá segir meðal annars, að ef ekki sé staðið í skilum með greiðslur eða bú útgefanda verði tekið til gjaldþrotaskipta, séu allar skuldir, sem með bréfinu séu tryggðar, fallnar í gjalddaga án uppsagnar og megi þá selja veðið á opinberu uppboði eða gera fjárnám í veðinu án undangengins dóms eða sáttar. Loks segir: „Rísi mál út af skuldum þessum eða veðsetningu, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginnar sáttaumleitunar, fyrir sáttanefnd, samkv. heimild í lögum nr. 85/1936, 17. kafla."

Undir þetta rita „í stjórn Tjarnarbóls hf. Jón Baldvinsson, Haukur Guðmundsson".

Bréfið var innritað til þinglýsingar á manntalsþingi Seltjarnar-

neshrepps 1. september 1972, en þann dag fékk Tjarnarból h/f víxillán í bankanum að fjárhæð 3.000.000 króna.

Með andvirði þess víxils voru greiddir tveir víxlar að fjárhæð 1.400.000 krónur, sem Tjarnarból h/f skuldaði þá bankanum.

Víxillinn var síðan framlengdur nokkrum sinnum, þar til Jón Baldvinsson gaf út fyrir hönd Tjarnarbóls h/f eigin víxil 1. febrúar 1974 að fjárhæð 3.000.000 króna, með gjalddaga 1. maí 1974. Þessi víxill er enn ógreiddur.

Tjarnarból h/f reisti sjö íbúða sambýlishús á lóðinni nr. 8 við Tjarnarból, og voru íbúðirnar seldar á tímabilinu 16. október 1972 til 10. mars 1973. Kaupendur voru stefndu í máli þessu, aðrir en Geirlaug H. Magnúsdóttir, og auk þeirra Snæbjörn Kristjánsson, þá til heimilis að Huldulandi 1, Reykjavík.

Kaupsamningarnir eru allir undirritaðir af Jóni H. Baldvinssyni f. h. Tjarnarbóls h/f. Í þeim er kveðið á, að seljandi ábyrgist, að engin veðbönd af hans hálfu hvíli á hinu selda, er afsal fari fram. Ekki er getið um veðrétt bankans í kaupsamningunum, en þeir hafi allir verið innritaðir til þinglýsingar og á þá rituð athugasemd um veðrétt bankans, nema á kaupsamning við Júlíus Sólnes. Bankinn hefur veitt íbúðareigendum fjölmörg veðleyfi, eftir að tryggingarbréfið var gefið út.

Þann 17. október 1974 fóru þeir Jón Baldvinsson og Haukur Guðmundsson þess á leit við skiptaráðandann í Seltjarnarneskaupstað, að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Gjaldþrotaskiptaúrskurður var kveðinn upp samdægurs. Innköllun var birt í Lögbirtingablaði síðast 15. nóvember 1974. Skiptaráðandi ritaði stefnanda eins og öðrum lánastofnunum, sem talið var, að félagið hefði átt viðskipti við, bréf þann 31. október 1974 og spurðist meðal annars fyrir um stöðu félagsins gagnvart stefnanda. Í bréfi bankans, dags. 11. nóvember 1974, er meðal annars skýrt frá því, að búið skuldi bankanum 3.000.000 króna samkv. áðurnefndum víxli, sem sé í vanskilum. Þá er og getið um, að framangreint tryggingarbréf sé til tryggingar þeim víxli.

Á skiptafundi þann 2. október 1975 var skuldaskrá eða kröfulýsingarlisti yfirfarinn, en þar var krafa stefnanda talin meðal lýstra krafna. Ekki voru þá bókuð sérstök mótmæli við greindri kröfu.

Þann 18. júní 1975 höfðaði stefnandi mál á hendur þrotabúinu til greiðslu skuldar að fjárhæð 3.000.000 króna auk vaxta og kostnaðar.

Þann 22. mars 1976 gaf skiptaráðandi út afsal til Júlíusar

Sólnes og þann 23. apríl 1976 til Þórarins, Heimis, Birgis, Ingileifar og Sigmars, Snæbjarnar Kristjánssonar og Emils Guðmundssonar.

Þann 26. febrúar 1976 stefndi Verzlunarbanki Íslands h/f Jóni Baldvinssyni til greiðslu eigin víxils, útgefins af honum „þr.þr. Tjarnarból hf. Skúlagötu 63, Reykjavík“ 4. febrúar 1974, með gjalddaga 1. maí s. á., að fjárhæð 350.000 krónur ásamt kostnaði og vöxtum.

Þann 28. apríl 1976 var máli Verzlunarbanka Íslands h/f gegn þrotabúi Tjarnarbóls h/f vísað frá dómi með vísan til 33. gr. laga nr. 3/1878, samanber 90. gr. sömu laga. Dómur þessi var ekki kærður.

Með bréfi, dags. 9. júní 1976, sneri Verzlunarbanki Íslands h/f sér til skiptaráðandans á Seltjarnarnesi og fór þess á leit, að hann kvæði upp úrskurð um réttmæti og viðurkenningu á skuld þrotabúsins við bankann samkv. framangreindum víxli, sem tryggður væri með veði í Tjarnarbóli 8 samkv. áðurgreindu veðskuldabréfi.

Skiptaráðandi boðaði til skiptafundar af þessu tilefni.

Á þeim fundi var sótt þing af hálfu stefndu í máli þessu og kröfu bankans mótmælt og óskað eftir heimild til að halda uppi vörnum f. h. búsins því að kostnaðarlausu, ef til úrskurðar kæmi um kröfu bankans. Var lögmanni stefndu veitt umbeðin heimild og að fundi loknum tekið fyrir sérstakt skiptaréttarmál nr. 207/1976: Verzlunarbanki Íslands h/f gegn þrotabúi Tjarnarbóls h/f.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðilja, Verzlunarbanka Íslands h/f, voru þær, „að viðurkennd verði með dómi krafa bankans samkv. ofangreindum víxli, að fjárhæð kr. 3. milljónir, auk 1½% dráttarvaxta af víxilfjárhæðinni frá 1. 5. 1974 til 15. 7. s. á., 2% frá þeim degi til greiðsludags, kr. 7.200 í stimpilkostnað svo og málskostnað samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Auk þess er krafist staðfestingar á veðrétti bankans samkv. tryggingarbréfi, allsherjarveði, útgefnu af stjórn Tjarnarbóls h/f þann 22. 8. 1972, með öðrum veðrétti í Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi.“

Af hálfu varnaraðilja, þrotabúsins, var þess krafist aðallega, að málinu væri vísað frá dómi, en til vara, að því yrði vísað frá að svo stöddu, til þrautavara, að synjað yrði kröfum sóknaraðilja, til ýtrustu vara, að varnaraðilja yrði dæmd sýkna að svo stöddu.

Meðal málsástæðna sóknaraðilja var, að honum væri nauðsynlegt að fá staðfestingu veðréttar til að geta leitað fullnustu í veðinu. Meðal málsástæðna varnaraðilja var, að Jón H. Baldvinsson hefði aldrei haft prókúruumboð fyrir félagið, aldrei hefðu verið

haldnir fundir í félaginu eða stjórn þess, auk þess sem starfhæf stjórn hefði ekki verið í félaginu, þegar gengið var frá veðsetningunni og víxillinn gefinn út, auk þess sem undirskrift allra stjórnarmanna hefði þurft til veðsetningar samkv. 19. gr. samþykkta félagsins. Í úrskurði skiptaréttarins 27. september 1976 segir svo meðal annars: „Í bókhaldi Tjarnarbóls h/f var nefnd víxilskuld talin til skulda félagsins, enda ekki annað fram komið en andvirði víxilsins, sem er framlengingarvíxill, hafi á sínum tíma runnið inn í búið."

Var niðurstaða dómsins, að taka bæri umrædda kröfu bankans til greina við úthlutun úr búinu sem almenna kröfu. Hins vegar var krafa sóknaraðilja um staðfestingu veðréttar ekki tekin til greina með þeim rökum, að veðið væri ekki eign búsins. Þessum úrskurði var ekki skotið til Hæstaréttar.

Þann 20. janúar 1977 var kveðinn upp dómur í máli Verzlunarbankans á hendur Jóni Baldvinssyni, sem byggður var á 8. gr. víxillaganna. Í forsendum dómsins segir, að upplýst sé og óumdeilt, að stefnda Jóni Baldvinssyni hefði verið veitt prókúruumboð af hálfu stjórnar Tjarnarbóls h/f í ágúst 1971 og það hafi ekki verið afturkallað. Aðeins væri um deilt, hvort umboð þetta hefði átt að tilkynna til verslunarskrár eða hvort umboðið væri ógilt, þar sem það hefði ekki verið tilkynnt til hlutafélagaskrár. Niðurstaða dómsins var sú, að stefndi Jón hefði haft umboð til að gefa út víxilinn í nafni Tjarnarbóls h/f, og var hann af þeim sökum sýknaður af kröfu stefnanda.

Gjaldþrotaskiptameðferð á þrotabúi Tjarnarbóls h/f lauk hinn 24. mars 1977. Skiptin voru felld niður 4. apríl 1977 samkv. 33. gr. laga nr. 25/1929, þar sem eignir búsins hrukku ekki fyrir skiptakostnaði.

Af hálfu bankans var leitað samkomulags við stefndu í janúar 1977 án árangurs, og var síðan mál þetta höfðað.

2.2.

Af hálfu stefnanda er byggt á því, að bankinn hafi ekki getað neytt heimilda í lögum til þess að láta gera fjárnám án undangengins dóms eða sáttar eða til að láta selja veðið án undangengins dóms eða sáttar og aðfarar, ekki hafi verið hægt að fá dóm á hendur búinu, þar sem það hafi verið undir skiptum, skiptaréttarúrskurðurinn lúti aðeins að greiðsluskyldu þrotabúsins, en að nauðsynlegt sé að fá dóm um veðið til að fá aðfararheimild. Þá er því haldið fram, að kaupendum hafi verið kunnugt

um hið þinglesna veð bankans á þeim tíma, þegar máli skipti að lögum. Þá er því haldið fram, að skiptaréttarúrskurðurinn nægi sem viðurkenning á persónulegu kröfunni, sem veðrétturinn sé til tryggingar á. Loks er því haldið fram, að veðrétturinn sé ótvíræður, bankinn hafi verið í góðri trú um umboð Jóns Baldvinssonar og Hauks Guðmundssonar til að binda félagið, hann hafi mátt treysta því, sem skráð var í auglýsingu um stofnun félagsins í Lögbirtingablaði, forráðamönnum og starfsmönnum bankans hafi ekki verið kunnugt um ákvæði samþykkta hlutafélagsins um, að undirskrift allra stjórnarmanna þyrfti til að veðsetja eignir félagsins. Því er haldið fram, að fé það, sem víxlarnir og skuldabréfið áttu að tryggja, hafi runnið til Tjarnarbóls h/f.

Tvær meginástæður stefndu eru þær, að Jón Baldvinsson og Haukur Guðmundsson hafi ekki verið bærir til þess að binda Tjarnarból h/f við veðsetningu, þar sem til þess hafi þurft atbeina allra stjórnarmanna samkv. 19. gr. samþykkta félagsins, og að stefndu hafi aldrei tekið á sig persónulega skuldbindingu á skuld þeirri, sem tryggingarbréfið átti að tryggja, og að engin lagaákvæði leggi á þá þá skuldbindingu.

Þá er því haldið fram, að skiptaréttarúrskurðurinn sé res judicata um, að persónulega krafan hvíli á þrotabúi, en ekki öðrum. Til vara er á því byggt, að stefndu hafi verið grandalausir um veðrétt bankans við gerð kaupsamnings, aldrei hafi verið haldnir fundir í félaginu, svo sem skylt sé samkvæmt hlutafélagalögum, að engin starfhæf stjórn hafi verið í félaginu, eftir að þriðji stjórnarmaðurinn, Böðvar Guðmundsson, fór úr félaginu, og þannig hafi enginn haft heimild til að veðsetja eignir félagsins.

Þá er því haldið fram, að ákvæði tryggingarbréfsins um veðrétt í lóðinni nr. 8 við Tjarnarból „með hverskonar endurbótum og viðbótum“ geti ekki leitt til þess, að viðurkennt verði, að stefnandi eigi veðrétt í „allri húseigninni Tjarnarból 8 og eða einstökum íbúðum eignarinnar.“ Því hefur verið hreyft af hálfu stefndu, að þótt svo sé að sjá af bókum félagsins, að lánsfé, sem fékkst fyrir víxlanna, hafi runnið til félagsins, þá sé ekki hægt að sjá, hvað gert var raunverulega við þetta fé.

Samkvæmt auglýsingu um stofnun Tjarnarbóls h/f í 71. tbl. Lögbirtingablaðs 19. nóvember skipuðu stjórn félagsins Böðvar Guðmundsson, Haukur Guðmundsson og Jón H. Baldvinsson. Fram kemur, að tveir stjórnarmenn geti ritað firmað. Samkvæmt 19. gr. samþykkta félagsins, sem fylgdu tilkynningunni til hluta-

félagaskrárinnar, þurfti samþykki allra stjórnarmanna í veðsetningar, en ekki var þessa ákvæðis getið í auglýsingunni í Lögbirtingablaðinu.

Auk stjórnarmanna voru eiginkonur þeirra hluthafar.

Árni H. Bjarnason, skrifstofustjóri Verzlunarbankans, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa tekið við tryggingarbréfinu fullfrágengnu úr höndum bankastjóra. Hann kveður víxil munu hafa fylgt bréfinu. Hann segir, að það muni vera venja, að tveir stjórnarmenn skrifi undir, þegar um þriggja manna stjórn er að ræða. Hann segir, að bankinn hafi látið gera spjaldskrá um það, sem skráð var um hlutafélög í Lögbirtingablaði.

Hann sýndi spjald Tjarnarbóls h/f, þar sem fram kemur, hverjir voru hluthafar og að Haukur Guðmundsson hefði prókúruumboð. Honum var kynnt ákvæði 19. gr. samþykktar Tjarnarbóls h/f. Hann kvaðst ekki hafa kynnt sér það, en tók það fram, að hann hefði þekkt Ögmund Hauk og Jón Baldvin persónulega og að ekki hafi annað hvarflað að sér en að allt væri með felldu viðvíkjandi umboði þeirra. Samkvæmt framburði Jóns Baldvinssonar í skiptarétti 17. október 1974 voru hlutabréf aldrei gefin út.

Þann 20. ágúst 1970 var hlutafé Böðvars Guðmundssonar selt Jóni H. Baldvinssyni og Ögmundi Hauki Guðmundssyni á opinberu nauðungaruppboði. Jón Baldvinsson sagði, að varamaður hefði gengið upp, þegar Böðvar Guðmundsson fór úr félaginu, en mundi ekki að tilgreina, hver sá varamaður var. Ekki verður séð af þeim gögnum, sem fylgdu tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar, að varamenn hafi verið kosnir í stjórn, og engar tilkynningar hafa borist hlutafélagaskránni, eftir að tilkynnt var um stofnun félagsins. Helga Þóra Jakobsdóttir, eiginkona Böðvars, skýrði svo frá í skiptaréttinum, að hún hefði farið úr félaginu um leið og Böðvar, og sagði, að Ögmundur Haukur og Jón hefðu ekkert samband haft við sig eða hún við þá.

Hlutur hennar mun aldrei hafa verið framseldur.

Jón Baldvinsson sagði, að félagið hefði keypt hlutabréf Böðvars. Ögmundur Haukur sagði fyrir skiptaréttinum 17. október 1974, að hann og Jón Baldvinsson væru einu starfandi hluthafarnir í félaginu.

Samkvæmt vottorði Árna Birgis Birgissonar, löggilts endurskoðanda, sem kannaði bókhald þrotabúsins að beiðni skiptaráðanda, „hefur andvirði tveggja víxla við Verzlunarbanka Íslands hf. runnið inn í búið, enda er það fært í sjóð félagsins.

Nánar tiltekið er um að ræða víxil að fjárhæð 3.000.000 króna,

með gjaldd. 1.5.1974 og víxil að fjárhæð 350.000 krónur með gjaldd. 1.5.1974."

Helga Þóra Jakobsdóttir taldi, að hún hefði undirritað skjölin í sambandi við stofnun félagsins á heimili þeirra hjónanna og að ekki hafi verið aðrir viðstaddir. Hún kvaðst ekki minnast þess að hafa nokkru sinni verið boðuð eða mætt á fundi félagsins. Hún kvaðst ekki minnast þess að hafa veitt öðrum umboð, munnlegt eða skriflegt, til að fara með atkvæði sitt á fundum félagsins. Böðvar Guðmundsson kveðst ekki muna eftir neinni fundargerðabók og ekki muna til þess, að þeir hluthafar, sem ekki sátu í stjórn, hefðu nokkru sinni verið boðaðir eða mætt á fundi í félaginu. Hann sagðist ekki minnast þess, að þau hjónin hefðu talað sérstaklega um, að hann færi með atkvæði konu sinnar í félaginu og kæmi fram sem ráðandi 40% hlutafjár, það hafi frekar verið litið á það sem sjálfsagðan hlut.

Samkvæmt auglýsingu um stofnun hlutafélagsins hafði Ögmundur Haukur Guðmndsson prókúruumboð fyrir félagið.

Tilkynningin um hlutafélagið er ekki tekin upp í auglýsinguna, eins og lög gera ráð fyrir, en samkv. henni var Ögmundur H. Guðmundsson framkvæmdastjóri með prókúruumboði.

Þann 17. október 1974 var Jón Baldvinsson yfirheyrður sem framkvæmdastjóri Tjarnarbóls h/f. Við sama tækifæri skýrði Ögmundur Haukur Guðmundsson svo frá, að Jón hefði verið framkvæmdastjóri og prókúruhafi í félaginu. Hann sagði, að ekki hefðu verið haldnir hluthafa-, aðal- eða stjórnarfundir í félaginu nokkur undanfarin ár. Samkvæmt vottorði Ögmundar H. Guðmundssonar og Jóns Baldvinssonar, dags. 4. maí 1976, var Jóni H. Baldvinssyni veitt prókúruumboð fyrir Tjarnarból h/f frá seinni hluta ágústmánaðar 1971 auk prókúruumboðs Ögmundar H. Guðmundssonar.

Böðvar Guðmundsson sagði, að sig minnti, að Ögmundur Haukur hefði verið stjórnarformaður, en Jón framkvæmdastjóri.

Árni H. Bjarnason sagði fyrir dóminum, að hann myndi ekki til, að kannað hefði verið, hvort Jón Baldvinsson hefði prókúruumboð.

Jón skifaði einn undir alla kaupsamningana nema einn, sem Haukur skrifaði undir, og í einu tilviki hefur Haukur skrifað undir sem vottur. Samkvæmt yfirlýsingu Emils Guðmundssonar, Þórarins R. Ólafssonar, Birgis Eydal, Júlíusar Sólnes, Snæbjörns Kristjánssonar, Heimis Sindrasonar og Sigmars Björgvinssonar, dags. 24. janúar 1978, var þeim ekki sýnt veðbókarvottorð, þegar

þeir undirrituðu kaupsamninginn við Tjarnarból h/f. Í afsölum er ekki getið um veðskuldir, og þeim hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

Í veðbókarvottorðum, dags. 11. júlí 1974, að því er varðar íbúð á þriðju hæð B, og 29. ágúst 1975, að því er varðar fyrstu hæð A, er ekki getið um veð Verzlunarbankans. Verzlunarbankinn hefur veitt Emil Guðmundssyni, Birgi Eydal, Júlíusi Sólnes, Heimi Sindrasyni, Sigmar Björgvinssyni, Þórarni Ólafssyni og Geirlaugu Magnúsdóttur veðleyfi. Emil fékk fyrst veðleyfi 14. desember 1972, Birgir 7. nóvember 1973, Júlíus 13. október 1972, Heimir 7. nóvember 1973, Sigmar 7. nóvember 1973, Þórarinn 25. október 1972 og Geirlaug 25. október 1972.

Álit dómsins.

Með hliðsjón af 1. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936 þykir það ekki standa í vegi aðild Heimis Sindrasonar að þessu máli, að hann hafði gert kaupsamning um eignarhluta sinn, þegar málið var höfðað, og að þriðji aðili er nú þinglesinn eigandi hans, enda var Heimir þinglesinn eigandi, þegar málið var höfðað.

Af gögnum málsins verður ráðið, að Jón H. Baldvinsson hafi í reynd starfað sem framkvæmdastjóri félagsins, þegar hann gaf út víxilinn, sem um ræðir í málinu, a. m. k. með samþykki meðstjórnarmanns síns Ögmundar Hauks Guðmundssonar, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 77/1921, en öðrum var ekki til að dreifa í stjórn félagsins á þessum tíma. Ekki verður séð, að aðrir hlut-hafar hafi gert athugasemdir við þá skipan, þótt félagið hefði með höndum umfangsmikla byggingarstarfsemi á þessum tíma.

Engin ástæða er til að ætla annað en að lánsfé það, sem víxillinn átti að tryggja endurgreiðslu á, hafi runnið til Tjarnarbóls h/f. Ljóst er, að Jón hefur haft samþykki Ögmundar Hauks Guðmundssonar til útgáfu víxilsins, og ekki verður séð, að aðrir hluthafar hafi fyrr eða síðar gert athugasemdir við þá ráðstöfun eða aðrar, sem Jón gerði fyrir hönd félagsins, þar á meðal sölu á einstökum hlutum þeirra fasteigna, sem félagið átti.

Kveðinn hefur verið upp úrskurður í skiptarétti um réttmæti víxilkröfunnar sem skuldar búsins. Haldið var uppi vörnum gegn kröfu Verzlunarbankans h/f af hálfu búsins vegna stefndu í þessu máli á þeirra kostnað, en þeir hafa ekki hlutast til um áfrýjun úrskurðarins. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af málflutningi aðilja virðist óumdeilanlegt, að víxilskuldin hafi verið persónuleg skuld Tjarnarbóls h/f.

Ekkert kemur fram í gögnum málsins, sem styður þá kröfu stefnanda, að stefndu beri að dæma til greiðslu kröfunnar persónulega, og engin lagarök leiða til þess, að fallast beri á þá kröfu. Ber því að sýkna stefndu af kröfu stefnanda um greiðslu 3.000.000 króna auk vaxta og stimpilkostnaðar.

Ljóst er, að ekki hefur verið farið eftir ýmsum ákvæðum laga nr. 77/1921 við stofnun og í starfi Tjarnarbóls h/f, sbr. 14. gr., 17. gr., 18. gr. og 2. mgr. og 4. mgr. 30. gr.

Ekki virðast þessir annmarkar þó eiga að leiða til þess, að ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í nafni félagsins, verði af þeim sökum taldar óskuldbindandi fyrir það.

Eftir að Böðvar Guðmundsson fór úr félaginu, fóru Ögmundur Haukur og Jón einir með stjórn félagsins að því er virðist. Er svo að sjá, að það hafi verið með vitund og vilja meiri hluta hluthafa og látið afskiptalaust af Helgu Þóru Jakobsdóttur. Þótt þeim hafi gagnvart hlutafélaginu borið skylda til að boða til hluthafafunda og hlutast til um kosningu stjórnar, virðist bera að líta svo á að því er varðar viðskipti félagsins út á við, að þeir hafi farið með stjórn félagsins.

Af hálfu félagsins kom aldrei fram, að það vefengdi umboð og heimild þeirra til að binda félagið. Við meðferð þrotabúsins var alfarið byggt á því, að allar ráðstafanir þeirra væru skuldbindandi fyrir félagið.

Samkvæmt auglýsingu um stofnun félagsins, sem birtist í Lögbirtingablaði, gátu þeir Ögmundur Haukur og Jón Baldvinsson bundið félagið, og var engin takmörkun gerð um veðsetningar í auglýsingunni.

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1921 skal stjórn hlutafélags afhenda valdsmanni til skráningar í hlutafélagaskrá tilkynningu um félagið, þegar það hefur verið stofnað, þar sem meðal annars skal greina, hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið með samningum, þar á meðal ef aðeins tveir eða fleiri stjórnendur hafa þá heimild í sameiningu. Tilkynningu skulu, skv. 3. mgr. 12. gr., m. a. fylgja samþykktir félagsins.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. skal lögreglustjóri birta það, sem skrásett hefur verið í Lögbirtingablaðinu. Tilkynning skal öll sett í auglýsinguna, en fylgiskjöl ekki.

Samkvæmt 19. gr. skal það, sem skrásett hefur verið og birt samkvæmt 1. mgr. 17. gr. almennt teljast mönnum kunnugt.

Það, sem skrásett hefur verið, en ekki birt, hefur samkvæmt 2.

mgr. 19. gr. ekki þýðingu gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um það.

Ekkert hefur komið fram um, að forráðamenn Verzlunarbanka Íslands h/f eða þeir starfsmenn bankans, sem fjölluðu um veðsetninguna, hafi vitað um ákvæði 19. gr. samþykkta félagsins. Af því leiðir, að þeir máttu treysta því, að Ögmundur Haukur og Jón Baldvinsson hefðu umboð til að veðsetja eignir félagsins samkvæmt því, sem greinir þar um í auglýsingu um stofnun félagsins. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að löglega hafi verið stofnað til veðskuldbindingarinnar af hálfu Tjarnarbóls h/f, og samkvæmt framansögðu er skuld félagsins, sem veðið átti að tryggja greiðslu á, enn ógreidd.

Þegar kaupendur létu innrita kaupsamninga til þinglýsingar, hafði tryggingarbréf stefnanda áður verið innritað til þinglýsingar. Þeir geta því ekki samkvæmt reglum íslensks réttar um traustnám við þinglýsingu réttinda yfir fasteign borið fyrir sig, að þeim hafi verið ókunnugt um veðréttinn, og skiptir í því sambandi ekki máli, hvort veðbókarvottorð lá frammi við kaupin eða að ekki hefur verið rituð athugasemd um veðið á einn kaupsamninginn, að afsöl hafa verið innrituð til þinglýsingar án athugasemda, og að gefin hafa verið út veðbókarvottorð, þar sem veðsins er ekki getið.

Fallast verður á með stefnanda, að honum sé rétt að leita dóms um gildi veðréttarins, sbr. 15. gr. laga nr. 29/1885, 39. gr. laga nr. 95/1947, 3. gr. laga nr. 18/1887 og 1. gr. laga 57/1949, þar sem fjárhæð veðskuldarinnar var ekki nægilega ákveðin, til að réttarfarsúrræða, sem í ákvæðum þessum eru heimiluð, yrði neytt.

Þegar þess er gætt, að Tjarnarból h/f var eigandi hinnar veðsettu eignar, þegar stofnað var til veðskuldbindingarinnar, og að skuld félagsins, sem veðinu var ætlað að tryggja greiðslu á, er enn ógreidd, þykir verða að fallast á kröfu stefnanda um viðurkenningu veðréttarins.

Samkvæmt almennum reglum um veðsetningu fasteigna og ákvæðum tryggingarbréfsins um veðsetningu lóðarinnar „í því ástandi sem það nú er í, eða síðar kann að verða í, með hvers konar endurbótum og viðbótum“ verður að líta svo á, að veðsetningin nái til allrar fasteignarinnar, eins og hún er nú, eftir að byggt hefur verið á lóðinni. Hins vegar virðist ekki verða dæmt um rétthæð veðsins gagnvart öðrum óbeinum hlutbundnum réttindum í þessu máli.

Svo sem fram kemur í tryggingarbréfinu, er veðið til tryggingar greiðslu víxils að fjárhæð 3.000.000 króna auk vaxta og hvers konar kostnaðar, og virðist það fela í sér, að bankinn eigi veðrétt í eigninni til tryggingar nefndri fjárhæð ásamt dráttarvöxtum, eins og Seðlabankinn ákveður þá á hverjum tíma skv. 13. gr. laga nr. 10/1961, frá gjalddaga víxilsins á dskj. 54, 1. maí 1974, til greiðsludags, stimpilgjaldi af víxlinum, 7.200 krónum, málskostnaði, eins og hann er ákveðinn í þessum dómi, auk eftirfarandi kostnaðar við innheimtu, aðför og nauðungaruppboð, ef til kemur.

Dráttarvextir eru 1½% frá 1. maí 1974 til 15. júlí 1974, 2% frá þeim degi til 20. nóvember 1976, 2½% frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en 3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði síðan, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands 30. apríl 1973, 12. júlí 1974, 21. september 1976 og 18. júlí 1977.

Í úrskurði skiptaréttarins er kröfu sóknaraðilja, stefndu í máli þessu, lýst þannig, „að viðurkennd verði með dómi krafa bankans skv. ofangreindum víxli, að fjárhæð kr. 3 milljónir, auk 1½% dráttarvaxta af víxilfjárhæðinni frá 1. 5. 1974 til 15. 7. s. á., 2% frá þeim degi til greiðsludags, kr. 7.200 í stimpilkostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í.“.

Í ályktunarorðum úrskurðarins segir svo um þessa kröfu: „Framangreind fjárkrafa sóknaraðila, Verzlunarbanka Íslands hf., verður tekin til greina við úthlutun á eignum þrotabúsins upp í kröfur lánardrottna“.

Málskostnaður var felldur niður.

Kröfugerð stefnanda að því er varðar viðurkenningu veðréttar er ekki víðtækari en veðrétturinn nær samkvæmt framansögðu og viðist verða talin nægjanlega ljós, til að á hana verði fallist, svo sem greinir í dómsorði.

Eftir framangreindum málalokum þykir bera að dæma stefndu til að greiða stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Hafsteinn Sigurðsson hæstaréttarlögmaður flutti málið fyrir stefnanda, en Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður fyrir stefndu.

Dómsorð:

Stefndu, Sigmar Ægir Björgvinsson, Ingileif Arnlaugsdóttir, Geirlaug H. Magnúsdóttir, Birgir Eydal, Emil Guð-

mundsson, Júlíus Sólnes, Þórarinn R. Ólafsson og Heimir Sindrason, skulu vera sýknir af kröfu stefnanda, Verzlunarbanka Íslands h/f, um greiðslu 3.000.000 króna auk vaxta og stimpilkostnaðar.

Viðurkenndur er veðréttur stefnanda í öllu húsinu Tjarnarbóli 8, Seltjarnarneskaupstað, samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 23. ágúst 1972 af Tjarnarbóli h/f og innrituðu til þinglýsingar á manntalsþingi Seltjarnarneshrepps 1. september 1972, að fjáræð 3.000.000 króna.

Stefndu greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Seltjarnarness 10. maí 1978.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Verzlunarbanki Íslands h/f, krafist þess, að fjárnám verði látið fram fara hjá gerðarþola í máli þessu, eigendum Tjarnarbóls 8 á Seltjarnarnesi, þeim Sigmar Björgvinssyni, Ingileif Arnlaugsdóttur, Geirlaugu H. Magnúsdóttur, Birgi Eydal, Emil Guðmundssyni, Heimi Sindrasyni og/eða Aðalsteini Karlssyni og Steinunni Tómasdóttur, sem nú eru þinglesnir eigendur hluta Heimis Sindrasonar, Júlíusi Sólnes og Þórarni R. Ólafssyni, öllum til heimilis að Tjarnarbóli 8, nema Geirlaug að Túngötu 3, Reykjavík, og Heimir að Miðbraut 38, Seltjarnarnesi, í eignarhlutum ofangreindra dómþola í bæjarþingsmáli Seltjarnarness nr. 145/77 og/eða núverandi eigenda í fjölbýlishúsinu Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi, til tryggingar dómskuldinni, þ. m. t. greiðsla á skuld kr. 3.000.000, kr. 7.200 í stimpilkostnað auk 1.5% dráttarvaxta frá 1. mars 1974 af skuldarupphæðinni til 15. júlí 1974, 2% dráttarvaxta frá þeim degi til 20. nóvember 1976, 2.5% frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en 3% frá þeim degi til greiðsludags, og er gerð krafa um dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands þann 30. apríl 1973, 12. júlí 1974, 21. september 1976, 18. júlí 1977 og 18. nóvember 1977, svo og kr. 250.000 í málskostnað auk alls annars kostnaðar svo og kostnaðar við gerð þessa, eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð bankans.

Geðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafist málskostnaðar.

Málavextir eru í stórum dráttum þeir, að með dómi bæjarþings

Seltjarnarness, uppkveðnum 20. febrúar sl., í málinu nr. 145/1977 eru eigendur húseignarinnar nr. 8 við Tjarnarból á Seltjarnarnesi sýknaðir af kröfum stefnanda um greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 3.000.000 auk vaxta og stimpilkostnaðar. Hins vegar er viðurkenndur veðréttur stefnanda í öllu húsinu Tjarnarbóli 8, Seltjarnarneskaupstað, samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 23. ágúst 1972 af Tjarnarbóli h/f og innrituðu til þinglýsingar á manntalsþingi Seltjarnarneshrepps 1. september 1972, að fjárhæð kr. 3.000.000. Þá voru stefnanda tildæmdar kr. 250.000 í málskostnað.

Fyrir skiptarétti Seltjarnarness hafði sóknaraðili áður haft uppi sömu kröfu í skiptaréttarmálinu: Verzlunarbanki Íslands h/f gegn þrotabúi Tjarnarbóls h/f, sbr. dskj. nr. 3.

Með úrskurði, uppkveðnum 27. september 1976, tók skiptarétturinn fjárkröfu sóknaraðilja til greina við úthlutun í eignum þrotabús upp í kröfur lánardrottna.

Ekkert fékkst greitt upp í kröfuna við úthlutun.

Krafa sóknaraðilja á hendur varnaraðilja um staðfestingu veðréttar í fjölbýlishúsinu að Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi, var hins vegar ekki tekin til greina með þeim rökum, að veðið væri ekki eign hússins.

Málsástæður aðilja.

Varnaraðili styður mótmæli sín þeim rökum, að fyrrnefndur dómur bæjarþings Seltjarnarness á dskj. nr. 2 sé ekki aðfarargrundvöllur né heldur úrskurður skiptaréttar Seltjarnarness á dskj. nr. 3. Um sé að ræða dóm, sem staðfesti veðrétt, en kveði ekki á um aðfarar- eða uppboðsheimild, en til þess þurfi gagngeran dóm um ákveðna tiltekna peningagreiðslu, þ. e. dóm, sem sé aðfararheimild um ákveðna tiltekna peningagreiðslu gerðarþola. Þá segir og í greinargerð varnaraðilja, að þótt veðréttur skv. þessu svonefnda allherjarveði sé staðfestur með dómi, þá gildi það ekki gagnvart þriðja manni, sem nú sé eigandi veðsins.

Enn frekar vill varnaraðili styðja kröfu sína, að synjað verði aðfarar, þeim rökum, að þrátt fyrir að sóknarefnið sé reifað í áðurnefndum dómi bæjarþings Seltjarnarness á dskj. nr. 2, þá sé hann ekki aðfararheimild, þar sem það sé eingöngu dómsorðið, sem geti verið heimild til aðfarar, en ekki „óljósar vangaveltur í forsendum."

Um úrskurðinn segir varnaraðili, að hann geti fjarstætt verið aðfarargrundvöllur í almennu fógetamáli, þar sé einungis um að

ræða búsheild og ákvarðanir skiptaráðanda varðandi það eitt og ekkert út fyrir það. Þessar ákvarðanir skiptaráðanda bindi engan veginn hendur fógeta.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um aðför í stuttu máli aðallega þeim rökum, að dómurinn á dskj. nr. 2 sé ótvíræð aðfararheimild, en með honum sé veðréttur sinn í Tjarnarbóli 8, Seltjarnarneskaupstað, staðfestur og þar sem veðið hafi átt að tryggja skilvísa og skaðlausa greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 3.000.000, þá sé honum heimilt að ganga að því til efnda skuldbindingarinnar. Úrskurðurinn á dskj. nr. 3 sé sönnunaratriði um gildi víxilskuldarinnar, sem veðið átti að tryggja.

Álit réttarins.

Með dómi bæjarþings Seltjarnarness, uppkveðnum 20. febrúar 1978, sbr. dskj. nr. 2, er viðurkenndur veðréttur stefnanda, gerðarbeiðanda í máli þessu, í öllu húsinu nr. 8 við Tjarnarból, Seltjarnarneskaupstað, samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 23. ágúst 1972 af Tjarnarbóli h/f, sbr. dskj. nr. 6, að fjárhæð kr. 3.000.000. Hins vegar eru stefndu, gerðarþolar í máli þessu, sýknaðir af kröfu stefnanda, gerðarbeiðanda, um greiðslu á kr. 3.000.000 auk vaxta og kostnaðar. Loks er stefndu, gerðarþolum, gert að greiða stefnanda, gerðarbeiðanda, kr. 250.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Staðan í málinu er því sú hér fyrir fógetaréttinum, að gerðarþolar, eigendur Tjarnarbóls 8, Seltjarnarneskaupstað, verða að þola veðrétt í húsi sínu til tryggingar skuldbindingu, sem þeir bera ekki persónulega ábyrgð á.

Gerðarbeiðandi er ófullnægður kröfuhafi í þrotabúi Tjarnarbóls h/f, sem er persónulegur skuldari, en á viðurkenndan veðrétt í húseign gerðarþola, eigenda Tjarnarbóls 8, Seltjarnarneskaupstað, og óskar nú aðfarar í veðinu til að ná fram uppboði og fá fullnægju af peningaverðmæti þess. Til þess að fá þannig efndir af peningaverðmæti veðsins er gerðarbeiðanda líka nauðsyn þess að ná fram fjárnámi, til þess að réttarfarsskilyrðum um nauðungarsölu sé fullnægt, sbr. 1. gr. laga nr. 57 25. maí 1949.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að ekki geti til þess komið, að eignir hans standi til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda, þar sem hann sé ekki persónulega skuldbundinn til að greiða og að dómur bæjarþings Seltjarnarness á dskj. nr. 2 heimili honum ekki aðför, þar sem aðfararheimildar sé ekki getið í dómsorði og lagaheimild skorti.

Veðréttur miðar að því að greiðsla fari fram, en verði ekki sú raunin á, getur veðhafi fengið fullnustu greiðslu með því að taka hana af peningaverðmæti veðsins. Beri eigendur veðsins ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingu þeirri, sem veðið átti að tryggja, er fullnusturéttur veðhafans engu að síður bundinn við greiðslu, sem hefur ákveðið verðmæti og er tiltekins efnis. Réttur veðhafans er aðeins þrengdur, þannig að hann getur einungis leitað fullnustu í veðinu einu, en ekki öðrum eignum eiganda veðsins.

Fyrrgreindur dómur bæjarþings Seltjarnarness er viðurkenningardómur, og þeir eru almennt ekki aðfararhæfir. Dómurinn felur þó í sér efnisrétt til handa gerðarþola, og því hlýtur hann að eiga réttarfarsleið.

Samkvæmt 1. gr. laga um aðför nr. 19 4. nóvember 1887 eru dómar, uppkveðnir af löglegum dómstóli í ríkinu, ein af aðfararheimildum, og þeim má fullnægja samkvæmt efni þeirra með aðför, þótt þess sé ekki sérstaklega getið í dómsorði, sbr. 196. gr., 5. mgr., laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 23. júní 1936.

Samkvæmt framanrituðu kemst rétturinn því að þeirri niðurstöðu, að gerðarbeiðandi geti leitað fullnustu í veðinu, húseigninni Tjarnarbóli 8, Seltjarnarneskaupstað.

Málskostnaður ákveðst kr. 95.000.

Valgarður Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþolar greiði gerðarbeiðanda kr. 95.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 6. júní 1978.

Nr. 198/1978. **Bæjarsjóður Hafnarfjarðar**
(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)
gegn
Ingvari Björnssyni
og gagnsök
(sjálfur).

Opinberir starfsmenn. Frávikning úr starfi. Bótakrafa. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1978. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um ómerkingu tilgreindra ummæla gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. febrúar 1979. Dómkröfur gagnáfrýjanda eru aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að upphæð 150.031.50 krónur (15.003.150 gkr.) með vöxtum svo sem hér greinir: 13% ársvöxtum frá 15. nóvember 1975 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1978 til 31. maí 1978, 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 13. júní 1979, 35.5% ársvöxtum frá 14. júní 1979 til 31. ágúst 1979, 40% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 30. nóvember 1979, 42.5% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 30. maí 1980, 46% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 28. febrúar 1981 og síðan sömu vöxtum og af innstæðu af vaxtaaukareikningi, nú 46.4% ársvöxtum frá 1. mars 1981 til greiðsludags, allt að frádregnum 15.128.03 krónum (1.512.803 gkr.). Til vara krefst hann, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér

lægri fjárhæð með sömu vöxtum og vaxtatíma eins og í aðalkröfu, allt að frádregnum 15.128.03 krónum (1.512.803 gkr.). Þá krefst hann þess, að ákvæði héraðsdóms um ómerkingu tiltekinna ummæla hans verði hrundið. Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá atvikum að ráðningu gagnáfrýjanda hjá aðaláfrýjanda, skilyrði, er honum var sett af hálfu bæjarráðs um, að honum skyldi óheimilt að stunda almenn lögmannsstörf samhliða starfi sínu sem bæjarlögmaður, og svofelldu bréfi, sem hann ritaði bæjarstjóra hinn 14. október 1975 varðandi skilyrði þetta:

„Í samræmi við réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar tilkynnist yður hér með, herra bæjarstjóri, að ég hefi ákveðið að opna starfsstofu.

Virka daga verður stofan opin frá kl. 17.00 og mun að því leyti ekki rekast á við starf mitt hjá bænum, þar sem yfirvinnubann er í gildi, a. m. k. gagnvart mér. Jafnframt leyfi ég mér að lýsa þeirri skoðun, að ítrekaðar áréttingar bæjarráðs, „að bæjarlögmanni heimilist ekki að stunda almenn lögfræðistörf samhliða starfi sínu hjá bænum", gildi aðeins um störf unnin í vinnutíma mínum hjá bænum eða ég tæki að mér verkefni, sem beindust gegn hagsmunum bæjarins. Annar skilningur þyddi það, að ég hefði afsalað bænum aflahæfi mínu, en slíkt fær ekki staðist".

Skýring sú, sem í bréfi þessu kemur fram af hendi gagnáfrýjanda á umræddu skilyrði, fékk ekki staðist. Fólst því í raun réttri í bréfinu yfirlýsing hans um, að hann mundi virða skilyrðið að vettugi. En þar sem samþykkt bæjarstjórnar hinn 11. nóvember 1975 um tafarlausa frávikningu gagnáfrýjanda var ekki á þessu byggð, verður sýknukrafa aðaláfrýjanda ekki tekin til greina að því leyti sem hún er á þessu atriði reist.

Samkvæmt gögnum máls er ljóst, að verðmæti húseignarinnar Hraunbrúnar 18 hefur verið miklu meira en nam boði

gagnáfrýjanda á nauðungaruppboðinu 5. nóvember 1975. Gagnáfrýjandi hefur lýst yfir, að tilgangur hans með boði sínu hafi verið sá að afla sjálfum sér fjárhagslegs ávinnings, eða eins og hann orðaði það á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar næsta dag, að hann hefði „séð peningavon í því". Boð hans á söluþinginu var ótilhlýðilegt og ósamrýmanlegt starfi hans sem bæjarlögmanns. Voru kaup hans sjálfs í ávinningsskyni á eignum, sem hann í bæjarlögmannsstarfi sínu hafði knúið fram nauðungarsölu á til fullnustu á kröfum bæjarsjóðs, til þess fallin að vekja tortryggni bæjarbúa um, að hann léti eigin hagsmuni sitja í fyrirrúmi í störfum sínum. Jafnframt gátu slík boð gagnáfrýjanda fyrir sjálfan sig á naðungaruppboðum, sem fram fóru að kröfu bæjarsjóðs, leitt til beinna hagsmunaárekstra milli hans og bæjarins. Þykir áðurgreind framkoma gagnáfrýjanda eigi verða samrýmd ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 31. gr. reglna frá 2. febrúar 1971 um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi.

Gagnáfrýjandi var kvaddur á fund bæjarráðs þegar næsta dag vegna máls þessa. Honum gat eigi dulist, að bæjarráð vildi ekki una og átaldi, að hann byði sjálfs sín vegna í eignir, er seldar væru nauðungarsölu að kröfu bæjarsjóðs á uppboðsþingum, sem gagnáfrýjandi sótti sem bæjarlögmaður, eins og gerst hafði daginn áður. Á hinn bóginn verður ekki með vissu ráðið af því, sem skráð er eftir gagnáfrýjanda í fundargerðarbók bæjarráðs, að hann hafi endanlega synjað að hlíta aðfinnslum þess, og ekki hafði honum áður verið veitt áminning. Fyrirvaralaus frávikning hans var því óheimil. Verður því fallist á, að gagnáfrýjandi eigi rétt til fébóta vegna hennar, en ekki eru skilyrði til að sinna miskabótakröfu hans samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Samkvæmt þessu og með tilliti til hegðunar gagnáfrýjanda, tekna þeirra, er hann aflaði, það sem eftir var ráðningartímans, og annars, sem hafa ber til hliðsiónar eftir 3. mgr. 11. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, þykja fébætur til hans hæfilega ákveðnar 8.000.00 nýkrónur með vöxtum, er reiknaðir verða frá birt-

ingardegi sáttakæru, 26. mars 1977, og að öðru leyti verða ákveðnir eins og segir í dómsorði.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að dæmt verði, að útsvar og aðstöðugjald hans vegna áranna 1975—1979, að fjárhæð samtals 1.512.803 gkrónur, skuli teljast hafa verið greitt með fébótum þeim, sem hann sækir aðaláfrýjanda um, þannig að greind fjárhæð komi til frádráttar þeim fébótum, sem honum verði dæmdar. Dómkröfur gagnáfrýjanda um framangreindar útsvars- og aðstöðugjaldsskuldir komu ýmist fyrst fram undir rekstri málsins í héraði og án framhaldsstefnu eða sem nýjar kröfur fyrir Hæstarétti. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki efni til í þessu máli að leggja dóm á þennan þátt kröfugerðar gagnáfrýjanda gegn mótmælum aðaláfrýjanda.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um, að þar greind ummæli í greinargerð gagnáfrýjanda í héraði séu aðfinnsluverð og eigi að vera ómerk.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 4.500.00 nýkrónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ingvari Björnssyni, 8.000.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 26. mars 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 42.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um vítur og ómerkingu ummæla eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 4.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 22. september 1978.

1.0.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Ingvi Björnsson héraðsdómslögmaður, Sléttahrauni 28, Hafnarfirði, höfðað með sáttakæru, birtri 26. mars 1977, á hendur Kristni Ó. Guðmundssyni bæjarstjóra, Brekkugötu 24, Hafnarfirði, f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu bóta vegna meintrar ólögmætrar brottvikningar úr starfi bæjarlögmanns í Hafnarfirði.

2.0.

BÓTASKYLDA

2.1.

MÁLAVEXTIR

2.1.1. Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 22. febrúar 1973 var bókað, að ráðið væri sammála um, að nauðsyn bæri til að ráða sérstakan lögfræðing til starfa á bæjarskrifstofunum við innheimtu og fl. samkvæmt nánari starfslýsingu, er bæjarstjóri hefði samið og lægi fyrir. Var síðan samþykkt að leggja eftirfarandi til við bæjarstjórn: „Bæjarstjórn samþykkir að stofna embætti bæjarlögmanns og heimila bæjarstjóra að auglýsa starfið laust til umsóknar, þegar fyrir liggur samkomulag við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarkaupstaðar um launaflokk fyrir starfið."

Starfslýsing sú, sem bæjarstjóri samdi, er svohljóðandi: „Bæjarlögmaður hefur með höndum stjórn allrar innheimtu hjá Hafnarfjarðarbæ, bæði að því er tekur til álagðra gjalda og viðskiptaskulda. Til aðstoðar við þau störf hefur hann innheimtufulltrúa og fleira aðstoðarfólk, sem hann skal hafa yfirstjórn á að því er snertir innheimtustörf þeirra. Bæjarlögmaður skal framkvæma lögtaksgerðir og aðrar fógetagerðir fyrir bæjarsjóð, sem hann getur fengið löggildingu til. Ennfremur skal hann eftir því sem bæjarstjóri felur honum annast eða aðstoða við gerð samninga,

verja og sækja mál og aðstoða við úrlausn ýmissa lögfræðilegra verkefna."

Á fundi bæjarstjórnar 15. maí 1973 var stefnandi síðan kjörinn bæjarlögmaður.

Ekki var gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur.

Stefnandi hóf störf fljótlega eftir að hann hafði verið kjörinn, og telur hann, að það muni hafa verið 4. eða 5. júlí 1973. Stefnandi óskaði eftir að verða fastráðinn til starfsins þann 15. ágúst 1974. Var samþykkt í bæjarráði að ráða stefnada til fjögurra ára og jafnframt tekið fram, að honum heimilaðist ekki að stunda almenn lögmannsstörf samhliða starfi sínu hjá bænum.

Stefnandi ítrekaði ósk sína um fastráðningu.

Þann 21. mars 1975 var tekið fyrir erindi stefnanda um fastráðningu á fundi bæjarráðs og bókað: „Bæjarráð sér ekki ástæðu til að breyta afstöðu sinni til fastráðningar bæjarlögmanns samkvæmt samþykkt frá 15. ágúst 1974."

2.1.2. Með bréfi, dags. 13. september 1973, krafðist Landsbanki Íslands, veðdeild, opinbers nauðungaruppboðs á fasteigninni Hraunbrún 18 í Hafnarfirði, þinglesinni eign Arnfinnst Bergs Jörgensen, sem þar bjó, til fullnustu á eftirstöðvum skuldar að fjárhæð 385.516.67 krónur samkvæmt tveimur veðskuldabréfum, sem voru í vanskilum. Þann 25. september 1973 var uppboðsþola send tilkynning um uppboðsbeiðnina. Þann 23. nóv. 1973 var gefin út uppboðsauglýsing og birt fyrst 12. des. 1973 í 85. tbl. Lögbirtingablaðs 1973 og síðan í 89. tbl. 1973 og loks í 1. tbl. 1974. Í samræmi við uppboðsauglýsinguna hófst síðan uppboðið 25. janúar 1974 á skrifstofu bæjarfógeta. Voru þá meðal annars lagðir fram uppboðsskilmálar. Ekki var sótt þing af hálfu uppboðsþola. Uppboðinu var frestað til 22. febr. 1974. Sótti þá þing af hálfu uppboðsþola Guðni Guðnason héraðsdómslögmaður, fulltrúi Árna Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns. Var síðan uppboði þessu frestað nokkrum sinnum, og var ýmist að Guðni Guðnason héraðsdómslögmaður mætti fyrir uppboðsþola, að uppboðsþoli mætti sjálfur eða að ekki var sótt þing af hans hálfu.

Þann 12. mars 1974 gerði stefnandi sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði lögtak hjá uppboðsþolanum fyrir útsvari og viðlagasjóðsgjaldi fyrir árin 1973 og 1974, samtals að fjárhæð 114.240 krónur.

Þann 12. júlí 1974 krafðist stefnandi f. h. stefnda nauðungaruppboðs á fasteigninni Hraunbrún 18 á grundvelli lögtaksins. Þann 17. júlí 1974 var uppboðsþola tilkynnt um uppboðsbeiðnina.

Á uppboðsþingi 13. september 1974 var sótt þing af hálfu stefnda og lögð fram uppboðsbeiðni ásamt lögtaksendurriti og uppboðstilkynningu. Var þá ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara.

Þann 18. september 1974 krafðist stefnandi fyrir hönd stefnda uppboðs á fasteigninni Hraunbrún 18 til greiðslu eftirstöðva fasteignagjalds að upphæð 14.862 krónur. Þann 20. september 1974 var uppboðsþola tilkynnt um þá kröfu. Þann 1. okt. 1974 var uppboðinu fram haldið á skrifstofu bæjarfógeta og frestað til 6. des. 1974. Var þá ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara. Þann 17. janúar 1975 var málið enn tekið fyrir á skrifstofu bæjarfógeta og ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri 14. mars 1975. Þann dag var enn þingað í uppboðsréttinum á skrifstofu bæjarfógeta og frestur veittur til 23. maí 1975, en þann dag var á uppboðsþingi, sem háð var á skrifstofu bæjarfógeta, enn ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara. Þann 12. sept. 1975 var málið enn tekið fyrir á skrifstofu bæjarfógeta og ákveðið, að sala færi fram á eigninni sjálfri samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara.

Uppboðsþoli mætti sjálfur á uppboðsþingi 12. júlí 1974, en ekki var sótt þing af hans hálfu eftir það.

Uppboðsþola var tilkynnt, að uppboð færi fram á eigninni sjálfri þann 9. október 1975, kl. 0345 síðdegis.

Þann 6. október 1975 gerði stefnandi sem fulltrúi bæjarfógeta lögtak hjá uppboðsþola fyrir útsvarsskuldum hans fyrir árin 1974 og 1975, samtals að fjárhæð 228.100 krónur auk vaxta og kostnaðar.

Uppboðið var síðan auglýst tvisvar í dagblaði og fór fram þann 9. okt. 1975.

Lagði þá stefnandi fram fyrir hönd stefnda endurrit lögtaksgerðarinnar frá 6. október og lýsti jafnframt lögveðskröfu fyrir fasteignagjöldum.

Mætt var af hálfu Landsbanka Íslands.

Uppboðshaldari gætti hagsmuna ríkissjóðs.

Af hálfu uppboðsþola var ekki sótt þing.

Aðrir virðast ekki hafa verið aðiljar uppboðsins á þessum tíma.

Tvö boð komu í eignina, annað frá Landsbanka Íslands, 500.000 krónur, og hitt frá stefnanda, 1.500.000 krónur. Ákveðið var, að fram færi annað og síðasta uppboð á eigninni. Var síðan uppboðsþola tilkynnt, að það uppboð færi fram 5. nóv. 1975, kl. 1600, með

ábyrgðarbréfi, sem hann virðist hafa tekið við af pósthúsinu í Hafnarfirði þann 6. nóv. 1975.

Áður en til síðara uppboðsins kæmi, voru uppboðsbeiðnir Landsbanka Íslands afturkallaðar. Annað og síðasta uppboð fór síðan fram, eins og ráðgert hafði verið, 5. nóv. 1976, eftir að það hafði verið auglýst í dagblaði. Uppboðshaldari gætti hagsmuna innheimtu ríkissjóðs, en stefnandi mætti fyrir stefnda. Af hálfu uppboðsþola var ekki sótt þing.

Aðeins eitt boð kom fram á uppboðinu, boð stefnanda, 2.500.000 krónur.

2.1.3. Þann 6. nóvember 1975 var haldinn fundur í bæjarráði. Fund þennan sátu bæjarráðsmennirnir Árni Gunnlaugsson, Árni Grétar Finnsson og Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir auk bæjarstjóra og bæjarritara.

Stefnandi, sem boðaður hafði verið á fundinn, mætti þar, og var þá lagt fram endurrit úr uppboðsbók varðandi síðara uppboðið. Stefnandi skýrði svo frá, að á fyrra uppboði hefði hann „próforma boðið í eignina fyrir bæinn 1.500.000 krónur, en á öðru og síðara uppboði orðið hæstbjóðandi í eignina sjálfur með 2.500.000 krónur, en var bókaður þar mættur fyrir hönd bæjarsjóðs."

Bókað var í gerðabók bæjarráðs, að upplýst væri, að boð þetta hefði ekki verið gert í samráði við bæjarstjórn. Meiri hluti bæjarráðs, Árni Gunnlaugsson og Árni G. Finnsson, tóku fram, að enda þótt þeir teldu engan vafa á því, að uppboðskaup þessi hefðu verið á vegum bæjarsjóðs, þar sem bæjarlögmaður tvímælalaust hefði verið mættur við uppboðið fyrir hönd bæjarsjóðs, þá skoruðu þeir á bæjarlögmann að framselja tafarlaust boð sitt til bæjarsjóðs til að auðvelda lausn málsins.

Stefnandi var spurður, hvers vegna hann hefði „keypt húsið", og svaraði hann því til, að hann hefði séð peningavon í því. Bókað var eftir honum: „Á umræddu uppboði mætti ég til þess að gæta hagsmuna bæjarsjóðs, en hann átti lögtak í umræddri eign. Þá er ljóst varð, að innheimtumaður ríkissjóðs mundi bjóða að minnsta kosti kr. 2.400.000 í eignina og bæjarsjóður þar með fá fullnægt kröfu sinni, leit ég svo á, að hlutverki mínu sem umboðsmanns bæjarsjóðs væri lokið. Ákvað ég þá að bjóða persónulega í eignina og reyndist hæstbjóðandi fyrir kr. 2.500.000. Varðandi þá áskorun háttvirts bæjarráðsmanns Árna Gunnlaugssonar, að ég framselji bæjarsjóði boð mitt, ella segi starfi mínu lausu, leyfi ég mér að taka fram: Ég er á þessu stigi ekki

tilbúinn að taka afstöðu til fyrri hluta áskorunarinnar, en lýsi því yfir, að ég tel mig á engan hátt hafa vanrækt hagsmuni bæjarsjóðs og mun því ekki segja starfi mínu lausu.

Meirihluti bæjarráðs, Árni Gunnlaugsson og Árni G. Finnsson, fólu bæjarstjóra að krefjast þess við uppboðshaldara, að svo verði litið á, að bæjarsjóður Hafnarfjarðar væri hæstbjóðandi og að bæjarsjóði yrði afsöluð eignin. Þá yrði stuðlað að því, að uppboðsþoli og fjölskylda hans gætu aftur fengið eignina til umráða."

Þann 7. nóv. 1975 sendi stefnandi bæjarstjóra bréf, þar sem hann óskaði eftir, að sér yrði veitt launalaust leyfi, þar til lyktir deilu sinnar og bæjarráðs lægju fyrir.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 11. nóv. 1975 var eftirfarandi tillaga samþykkt með atkvæðum allra bæjarfulltrúa:

„Við annað og síðasta nauðungaruppboð á húseigninni nr. 18 við Hraunbrún í Hafnarfirði 5. nóv. s.l. var bæjarsjóður meðal uppboðsbeiðenda, og var bæjarlögmaður mættur þar fyrir hönd bæjarsjóðs á sama hátt og við fyrra uppboð á húseigninni 9. okt. s.l., sbr. útskrift úr uppboðsbók.

Bæjarlögmaður gerði hæsta boð í eignina, kr. 2.5 millj., og telur bæjarstjórn engan vafa á því, eins og fram kemur í bókun meirihluta bæjarráðs frá 6. nóv. sl., að uppboðskaup þessi hafi verið á vegum bæjarsjóðs.

Hinsvegar vill bæjarlögmaður ákveðið halda því fram, að hann eigi sjálfur boðið og hafi hann ætlað sér að hafa af þessu sjálfur fjárhagsvinning.

Um leið og bæjarstjórn áréttar þær aðgerðir og viðbrögð, sem meirihluti bæjarráðs, Árni Gunnlaugsson og Árni Grétar Finnsson, viðhafði í málinu á téðum fundi bæjarráðs, samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi:

„Bæjarstjórn lítur mjög alvarlegum augum á framkomið viðhorf bæjarlögmannsins gagnvart aðgerðum hans við umrætt uppboð og telur, að atferli hans sé misnotkun á aðstöðu í opinberu starfi. Þykir bæjarstjórn óhæfa, ef trúnaðarmanni bæjarins í vinnutíma hjá bæjarsjóði kynni að takast að hafa stórfelldan fjárhagnað af uppboðsþola, en umrætt hús er talið nema að verðmæti um 10—12 millj. Áhvílandi skuldir skv. veðbókarvottorði eru upphaflega taldar kr. 2.176.765, en þær eru allt frá árinu 1970 og munu því talsvert lægri í dag.

Bæjaryfirvöldum hefði aldrei komið til hugar að láta bæjar-

sjóð eignast húsið við nauðungaruppboð til þess að hafa af því fjárhagslegan ávinning.

Ber því að leita allra tiltækra ráða til að reyna að hindra, að uppboðsþoli kunni að verða sviptur fasteign sinni með þessum hætti. Uppboðsþoli var ekki mættur við uppboðið og enginn af hans hálfu. Hann hefur nú mótmælt uppboðinu og áskilið sér rétt til áfrýjunar þess. Með því að lög gera ráð fyrir, að fleiri en tvö uppboð geti farið fram (sbr. 29. gr. l. 57/1949), ef viðkomandi uppboðsbeiðendur krefjist þess, þá samþykkir bæjarstjórn að krefjast að nýju uppboðs á téðri eign og felur bæjarstjóra að beita sér fyrir því við aðra uppboðsbeiðendur, þ. e. í þessu tilviki ríkissjóð, að hann ljái samþykki sitt til nýs uppboðs.

Með skírskotun til alls þessa samþykkir bæjarstjórn jafnframt með tilvísun til 7. gr. laga nr. 38/1954, sbr. hliðstætt ákvæði í reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar, að veita Ingvari Björnssyni lausn þegar í stað úr stöðu bæjarlögmanns.““

Bæjarstjóri tilkynnti síðan stefnanda þessa ákvörðun þann 12. nóv. 1975.

Á fundi bæjarráðs 13. nóv. 1975 var lagt fram bréf stefnanda, dags. 7. nóv. 1975, með beiðni um launalaust leyfi.

Bókað var eftir Ragnheiði Sveinbjörnsdóttur, að hún væri efnislega sammála bókun meiri hluta bæjarráðs á fundi 6. nóv. 1975 og hún væri samþykk afstöðu varamanns síns, Markúsar Á. Einarssonar, á bæjarstjórnarfundi 11. nóv. 1975. Jafnframt var bæjarstjóra falið að rita ríkissaksóknara bréf og óska eftir því við hann, að hann framkvæmdi opinbera rannsókn á atferli stefnanda „samanber 8. gr. l. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

Dómsrannsókn fór síðan fram í sakadómi Hafnarfjarðar, og lauk henni þann 25. febrúar 1976.

Þann 22. júlí 1976 var gefin út ákæra á hendur stefnanda fyrir misnotkun á aðstöðu í starfi sínu sem bæjarlögmaður Hafnarfjarðar við nauðungaruppboð á fasteigninni Hraunbrún 18 í Hafnarfirði hinn 5. nóv. 1975. Var af hálfu ákæruvaldsins krafist refsingar fyrir brot gegn 249. gr., samanber 138. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara gegn nefndum ákvæðum, samanber 20. gr. sömu laga, svo og við 139. gr. hegningarlaganna.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 20. okt. 1976 var stefn-

andi sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu og ákveðið, að sakarkostnaður greiddist úr ríkissjóði.

Í forsendum dómsins segir meðal annars: „Við uppboðið 5. nóvember var ákærði mættur fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, og fram er komið af hálfu bæjarstjórans, að ákærði hafði ekki umboð til þess að bjóða bindandi í eignir fyrir bæjarins hönd nema samkvæmt sérstökum fyrirmælum. Slík fyrirmæli hafði ákærði ekki við þetta uppboð. Verður ekki séð, að neitt í starfslýsingu bæjarlögmanns eða starfsreglum hafi bannað honum að bjóða í eignir á nauðungaruppboðum fyrir sjálfan sig, eftir að hagsmunir bæjarins voru tryggðir svo sem í þessu tilviki, enda þótt hann hefði ekki aflað sér sérstaks leyfis til slíks. Þetta tilboð ákærða spillti í engu vinnutíma hans í þágu bæjarfélagsins, þar sem ákærði þurfti hvort eð var að vera viðstaddur uppboðið til þess að gæta hagsmuna bæjarfélagsins, og bæjarfélagið varð ekki fyrir neinum útgjöldum vegna boðs ákærða. Þá þykir ekki óeðlilegt, þótt ákærði krefðist þess, að boð hans yrði tekið til athugunar og samþykkt."

Dómi þessum var ekki áfrýjað.

2.1.4. Þann 7. nóv. 1975 mótmælti uppboðsþoli uppboðinu og áskildi sér rétt til áfrýjunar.

Þann sama dag var þess krafist af hálfu stefnda, að svo yrði litið á, að hann væri hæstbjóðandi í eignina (Hraunbrún 18) og að bæjarsjóði yrði veitt afsal fyrir henni. Þá var þess óskað af hálfu stefnda, að stuðlað yrði að því, að uppboðsþoli og fjölskylda hans gætu aftur fengið eignina til umráða.

Þann 17. nóv. 1975 óskaði uppboðsþoli eftir því við uppboðshaldara, að fram færi nýtt uppboð á eigninni.

Þann 18. nóv. 1975 samþykkti stefndi, að nýtt uppboð yrði haldið, en krafðist ella afsals sér til handa og greiddi fjórðung kaupverðs í samræmi við uppboðsskilmála.

Þann 21. nóv. 1975 samþykkti fjármálaráðuneytið, að nýtt uppboð færi fram.

Þann 25. nóvember 1975 tilkynnti uppboðshaldari aðiljum, að fram færi nýtt uppboð, ef ekki kæmu fram mótmæli.

Þann 2. desember 1975 var gefin út hæstaréttarstefna fyrir uppboðsþola, þar sem krafist var ómerkingar uppboðsins.

Þann 9. desember 1975 greiddi uppboðsþoli kröfu ríkissjóðs.

Þann 15. desember 1975 mótmælti stefnandi nýju uppboði og krafðist þess, að boð sitt yrði samþykkt. Þann sama dag aftur-

kallaði stefndi uppboðsbeiðni sína og uppboðsþoli féll frá beiðni um nýtt uppboð.

Þann 26. febrúar 1977 var úrskurðað í uppboðsdómi Hafnarfjarðar, að kröfu sækjanda, Ingvars Björnssonar, um, að samþykkt yrði boð hans á uppboðsþingi í húsinu nr. 18 við Hraunbrún væri hafnað. Í forsendum úrskurðarins segir svo meðal annars: „Samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 27. greinar uppboðslaga nr. 19 frá 1949 er hamarshögg á nauðungaruppboði á fasteign merki þess, að sölutilraun á því uppboðsþingi sé lokið og fram komin boð verði tekin til athugunar innan tiltekins tíma. Á uppboðsþinginu 5. nóvember 1975 var að vísu ekki bókaður ákveðinn frestur í þessu skyni, en ljóst er, að boð sækjanda var þó ekki samþykkt á uppboðsþinginu, enda var þá ekki fullnægt fyrsta tölul. 39. gr. uppboðsskilmála, um að greiddur skyldi 1/4 hluti kaupverðs, um leið og boð er samþykkt. Þetta er einnig staðfest með þeirri ákvörðun uppboðshaldara að verða við ósk uppboðsþola um nýtt uppboð á eigninni, sem var tilkynnt hæstbjóðanda, sækjanda máls þessa, með bréfi uppboðshaldara 25. nóvember 1975. Í því bréfi er nýr uppboðsdagur ákveðinn 16. desember s. á., og er af því ljóst, að boð sækjanda yrði ekki samþykkt fyrir þann dag. Hinn 15. desember 1975 höfðu allir uppboðsbeiðendur afturkallað sölubeiðnir sínar, og féllu því allar aðgerðir samkvæmt þeim niður samkvæmt 21. gr. uppboðslaganna, en enginn rétthafi samkvæmt sömu grein hafði gefið sig fram til að krefjast framhalds uppboðsins. Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að taka kröfu sækjanda, um að boð hans verði samþykkt, til greina gegn mótmælum uppboðsþola, enda er svo kveðið á í 1. mgr. 30. gr. uppboðslaganna, að hæstbjóðandi eigi ekki heimtingu á, að honum sé slegin eign, nema svo sé mælt í uppboðsskilmálum. Í skilmálum þessa uppboðs er ekki slíkt ákvæði."

Úrskurður þessi var ekki kærður.

2.2.

KRÖFUR OG MÁLSÁSTÆÐUR.

Af hálfu stefnanda er þess aðallega krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 15.003.150 krónur með 14% ársvöxtum frá 11. nóv. 1975 til 1. ágúst 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, hæstu lögleyfðu sparisjóðsvöxtum, nú 19% ársvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum 312.403

krónum, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum aðra lægri fjárhæð með sömu vöxtum og vaxtatíma auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum 312.403 krónum.

Meginmálsástæða stefnanda er, að með ályktun bæjarstjórnar 11. nóv. 1975, sem honum var tilkynnt þann 12. sama mánaðar, hafi honum verið veitt fullnaðarlausn úr stöðu bæjarlögmanns, lausnin hafi verið ólögmæt og beri honum bætur fyrir fjártjón vegna tekjumissis úr bæjarsjóði auk fégjalds fyrir miska.

Af stefnda hálfu er þess krafist aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

Af stefnda hálfu er mótmælt bókun stefnanda í réttarhaldi 30. nóvember 1977, þar sem stefnandi lækkar kröfur sínar um 312.403 krónur, „sem sé útsvarsskuld hans við stefnanda 30. nóvember 1977". Af stefnda hálfu er þess krafist, að eftirfarandi ummæli í greinargerð stefnanda, dags. 6. apríl 1977, verði dæmd dauð og ómerk og að stefnandi verði látinn sæta vítum fyrir þau: „Jafnframt hlutuðust bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar til þess, sbr. dskj. nr. 9, að frétt um uppsögn mína ásamt upplognum ávirðingum birtust í öllum dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi og það meira að segja áður en ég fékk sjálfur tilkynningu um uppsögnina. Jafnframt lét bæjarstjórinn í Hafnarfirði hafa eftir sér stórlega ærumeiðandi og villandi ummæli um starfssvið mitt hjá Hafnarfjarðarbæ sbr. dskj. nr. 10 . . . Þegar það er og virt, að ærumeiðingum þessum og rógburði er beint gegn 31 árs gömlum lögfræðingi, sem sömu aðilar og að ærumeiðingunum standa hrekja burt úr opinberu starfi á þann hátt, að jaðrar við valdníðslu, og reyna eftir mætti að eyðileggja framtíð mína sem lögfræðings, tel ég þennan lið síst of háan."

Af hálfu stefnanda er krafist sýknu af þessum kröfum stefnda.

Meginmálsástæða stefnda samkvæmt greinargerð hans virðist vera sú, að stefnandi hafi með því að fullyrða ranglega, að hann hefði öðlast endanlegan eignarrétt að fasteigninni Hraunbrún 18 þrátt fyrir áminningu meiri hluta bæjarráðs og tilboð um, að hann yrði tekinn í sátt, ef hann framseldi stefnda boð sitt, gert áframhaldandi samstarf við yfirboðara sína útilokað og með því fyrirgert hugsanlegum bótarétti sínum.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram auk þess, sem að framan

greinir, að ekki hafi verið farið eftir réttum reglum við lausnarveitinguna, lausn hans hafi farið í bága við fyrirmæli 7. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 2. febrúar 1971 og 7. gr. laga 38/1954, sbr. 8., 9. og 11. gr. þeirra laga, brottvikningin hafi í raun verið endanleg þrátt fyrir tilvísun bæjarstjórnar í 7. gr. nefndra reglna og laga. Sér hafi engin laun verið greidd fyrir tímabilið, eftir að frávikningin tók gildi, þrátt fyrir ákvæði nefndrar 7. gr. og sé því tilvitnun í það ákvæði marklaus. Þá hafi ekki verið tekin afstaða til þess, hvort hann skyldi halda stöðu sinni að niðurstöðu rannsóknar lokinni, sbr. 8. gr. nefndra reglna og laga.

Á því er byggt, að hann hafi mátt vænta þess að halda stöðu sinni til 1. september 1978, þegar fjögurra ára ráðningartímabili hans var lokið. Þá er því haldið fram, að ekki hafi verið gætt þess ákvæðis 3. mgr. 7. gr. að veita sér áminningu, áður en kæmi til lausnar úr starfi, óþarfi hafi verið að veita sér endanlega lausn, þar sem hægt hefði verið að veita launalaust leyfi eða lausn um stundarsakir. Því er haldið fram, að stefnandi hafi ekkert það til saka unnið, sem réttlæti lausn hans. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi átt rétt á sams konar öryggi í starfi sem starfsmaður sveitarfélags, eins og ríkisstarfsmönnum sé heitið í 4. gr. laga 38/1954 innan marka ráðningartíma síns, enda hefði verið óheimilt að víkja honum úr starfi með uppsagnarfresti án sakar.

Varðandi lækkun kröfugerðar sinnar heldur stefnandi því fram, að honum hafi verið heimilt að láta útsvarsskuld sína jafnast við bótakröfuna samkv. reglum um skuldajöfnuð.

Þegar mál þetta var flutt í fyrra sinnið, þann 9. maí 1978, kom fram sú málsástæða af hálfu stefnda, að háttsemi stefnanda við uppboðið hafi verið með þeim hætti, að hann eigi einn sök á því, að hann missti starf sitt. Var í því sambandi vísað til 4. gr., 1. tl., laga 38/1954 og 5. gr., 1. tl., reglna frá 2. febrúar 1971, þar sem segir, að sá, sem sé fastráðinn í stöðu, skuli gegna stöðunni, þar til eitthvert tilgreindra atriða komi til, þar á meðal, að hann brjóti af sér í starfi, svo að honum beri að víkja úr því.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið fastráðinn starfsmaður, en því þó játað, að ákvæði reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar varðandi fastráðna starfsmenn eigi við um réttarstöðu stefnanda með þeirri takmörkun, sem leiði af ráðningartíma hans.

Við munnlegan málflutning var því nánar haldið fram, að atferli stefnanda við uppboðið og óbilgjörn afstaða hans eftir á hafi gert áframhaldandi samstarf hans við yfirmenn hans útilokað og að það hafi ekki samrýmst stöðu hans, að hann hefði gagnstæða afstöðu við bæjarstjórn varðandi uppboðið.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að bæjaryfirvöld hafi aldrei haft þá stefnu að láta bæjarsjóð eignast fasteignir við nauðungaruppboð í Hafnarfirði til að hafa af því fjárhagnað, stefnanda hafi mátt vera ljóst, að honum sem einum af æðstu yfirmönnum í þjónustu bæjarins og trúnaðarmanni hans væri algerlega óheimilt að afla sér persónulega stórfellds fjárhagnaðar á sama tíma og hann fór með afar viðkvæmt og vandmeðfarið hlutverk f. h. bæjarfélagsins við nauðungaruppboð, stefnanda hafi verið óheimilt að bjóða í eignina án sérstakrar heimildar yfirboðara sinna, stefnanda hafi skv. eðli starfa síns ekki aðeins borið að gæta beinna hagsmuna bæjarsjóðs, heldur jafnframt þess, að þegn bæjarfélagsins yrði ekki fyrir óeðlilegu tjóni.

Þá virðist því haldið fram, að bæjarsjóður hafi verið hæstbjóðandi á fyrra uppboðinu og að stefnandi hafi með því að gera yfirboð á síðara uppboðinu stuðlað að því, að bæjarsjóður yrði fyrir tjóni, en að hann sjálfur auðgaðist að sama skapi, óeðlilegt hafi verið, að stefnandi gerði slíkt boð, og jafnframt óheimilt.

Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi brotið gegn ráðningarsamningi með því að stunda almenn lögfræðistörf samhliða bæjarlögmannsstarfinu.

Á það er bent af hálfu stefnda, að stefnandi hafi beðið um launalaust leyfi, þar til ágreiningur hans við bæjarráð væri til lyktar leiddur. Þegar af þeirri ástæðu hafi ekki verið skylt að greiða honum laun fyrr en í fyrsta lagi, þegar úrskurður uppboðsdómsins lá fyrir, en stefnda hafi ekki verið skylt að taka afstöðu til þess, hvort hann héldi stöðu sinni áfram fyrr en á þeim tíma, þá hafi stefnandi verið farinn að stunda sjálfstæðan rekstur sem málflutningsmaður, en það starf hefði ekki samrýmst því, að hann héldi áfram starfi sínu sem bæjarlögmaður, og eðlilegast hefði verið, að hann hefði sjálfur átt frumkvæði að því, að afstaða yrði tekin til þess, hvort hann tæki við starfi sínu aftur, en það hafi hann ekki gert.

Þá hefur því verið hreyft af hálfu stefnda, að dómurinn í sakamálinu hafi verið byggður á ófullnægjandi upplýsingum; ef þær

upplýsingar, sem nú liggja fyrir, hefðu verið fyrir hendi, hefði dómurinn ef til vill orðið á annan veg.

Af hálfu stefnanda hefur verið andmælt þeim skilningi á starfsskyldum hans, að honum hafi borið að gæta hagsmuna uppboðsþola. Því er og haldið fram af hálfu stefnanda, að krafa stefnda hefði greiðst að fullu af uppboðsandvirði miðað við boð stefnanda á síðara uppboðinu. Því hefur verið hreyft af hálfu stefnanda, að eftir að nýr bæjarstjórnarmeirihluti tók við stjórn bæjarins eftir sveitarstjórnarkosningarnar 1974, hafi sú afstaða komið fram af hálfu bæjaryfirvalda, að æskilegt væri, að hann léti af störfum, hafi þetta meðal annars komið fram í því, að hann hafi ekki getað fengið greiðslu fyrir aukavinnu, sem honum hafi verið nauðsynlegt að vinna, jafnframt því sem honum hafi verið bannað að stunda málflutning sjálfstætt.

Af stefnda hálfu er því andmælt, að stjórnmálaafstaða hafi haft nokkur áhrif á samskipti bæjaryfirvalda og stefnanda. Á það er bent, að ekkert liggi fyrir í málinu um, hve mikla eftirvinnu stefnandi telji sig hafa unnið án þess að fá greiðslu fyrir.

Varðandi varakröfu stefnda hefur af hans hálfu verið bent á, að stefnandi hafi verið ungur að árum, þegar starfi hans sem bæjarlögmanns lauk, og að hann hafi ekki verið í fastri stöðu.

Varðandi lækkun kröfugerðar stefnanda er því haldið fram af hálfu stefnda, að breyting á kröfugerð sé aðeins heimil, að hún sé gagnaðilja í hag, en í því tilviki, sem hér um ræðir, sé því ekki til að dreifa.

SÖNNUNARATRIÐI.

2.3.1. Þegar stefnandi kom fyrir sakadóminn, skýrði hann svo frá, að hann hefði haft munnleg fyrirmæli frá bæjarstjóra um, hvernig honum bæri að gæta hagsmuna bæjarins við uppboð. Í fyrsta lagi væri nauðungarsala örþrifaráð, sem ekki skyldi gripið til, nema útséð væri um, að skuldari greiddi ekki kröfuna. Í öðru lagi kvað hann sér hafa verið bannað að bjóða í eignir fyrir hönd bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, nema til kæmu sérstök fyrirmæli bæjarráðs, enda hefði slíkt útgjöld í för með sér fyrir bæjarsjóð, sem samþykkja þyrfti sérstaklega. Kvaðst hann aðeins einu sinni hafa boðið í fasteign fyrir bæinn á sínum starfsferli og þá með samþykki bæjarstjóra f. h. bæjarráðs. Stefnandi kvaðst hafa boðið í fasteignina Hraunbrún 18 persónulega, bæði á fyrra og síðara uppboðinu. Í bæði skiptin kveðst stefnandi hafa boðið í með það fyrir augum, að nægilega hátt boð

kæmi í eignina, til að hagsmunir bæjarsjóðs væru tryggðir. Hann kveðst hafa hækkað boð sitt, til þess að allir veðhafar fengju fullnustu við sölu. Hann kveðst ekki kannast við að hafa farið út fyrir umboð sitt. Hann hafi ekkert umboð haft til þess að bjóða í eignir fyrir bæinn.

Stefnandi tók fram fyrir sakadóminum, að bæjarstjóra hefði verið kunnugt um bæði uppboðin, þar sem hann opni öll ábyrgðarbréf, sem séu stíluð til innheimtu Hafnarfjarðar, og kanni innihald þeirra.

Stefndi Kristinn Ó. Guðmundsson bæjarstjóri gaf einnig skýrslu fyrir sakadóminum. Hann sagði, að stefnanda hefði ekki verið sett erindisbréf og ekki látin í té önnur skrifleg fyrirmæli um starf sitt en þau, sem komið hafi fram í starfslýsingu, hann hafi ekki fengið fyrirmæl um það sérstaklega, hvernig hann skyldi haga sér við uppboð á fasteignum, þar sem bærinn ætti hagsmuna að gæta. Hins vegar kvaðst bæjarstjórinn hafa sagt stefnanda, að hann skyldi snúa sér til sín, sérstaklega ef eitthvað kæmi upp, sem væri óvanalegt. Í því sambandi tók bæjarstjórinn fram, að það hefði ekki verið tíðkað, að Hafnarfjarðarbær knýði fram uppboð á fasteignum, enda þótt hugsanlega væru dæmi til þess. Hann sagði, að ekki hefði legið fyrir bann við því, að stefnandi byði í fasteignir fyrir bæinn, þar sem slíkt gæti verið nauðsynlegt. Hins vegar hefði ekki verið gert ráð fyrir því, að stefnandi byði bindandi í fasteignir fyrir bæinn sjálfan nema samkv. sérstökum fyrirmælum.

Af endurriti úr uppboðsbók kemur fram, að stefnandi var sjálfur hæstbjóðandi bæði á fyrra og síðara uppboði. Með framburði uppboðshaldara og þingvitnanna var talið sannað í sakamálinu, að stefnandi hefði boðið í eignina við uppboðið 5. nóv. fyrir sjálfan sig, en ekki fyrir stefnda.

Þá var byggt á því í dóminum, að ákærði hefði ekki haft umboð til að bjóða bindandi í eignir fyrir bæjarins hönd nema samkv. sérstökum fyrirmælum, en slík fyrirmæli hefði hann ekki fengið við uppboðið.

Hér fyrir dóminum hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi haft skýr fyrirmæli um, að ekki mætti bjóða í fyrir hönd bæjarins nema samkv. sérstökum fyrirmælum bæjarstjóra. Því kveðst hann hafa orðið að gera þetta persónulega, enda hefði það verið skilningur sinn eftir viðtal við bæjarstjóra um þetta efni, að hann yrði að bjóða í sem Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður, þegar þannig stæði á, hann yrði að beita almennri

skynsemi og ef sú staða kæmi upp, t. d. að hann sæti uppi með einhverja eign út af þessu, að þá yrði að leysa það vandamál í sameiningu.

Hann kveðst telja, að bæjarstjóra hafi verið kunnugt um þetta, enda hefði ekki verið hægt að standa að innheimtu lögtakskrafna bæjarsjóðs með öðrum hætti. Stefnandi var spurður, hvort það hefði ekki verið skilningur hans, að hann hefði átt að ræða við bæjarstjóra eftir fyrra uppboðið. Hann svaraði því til, að misjafnt væri, hversu gott væri að ná tali af bæjarstjóra, hér hafi verið um að ræða „rútínumál", sem búist hafi verið við, að mundi leysast fyrir síðara uppboðið. Hann kvaðst hafa verið mjög hissa á, að uppboðið skyldi fara fram, þar sem búið hafi verið að lofa greiðslu fyrir ákveðinn tíma áður, þegar sala stóð fyrir dyrum, hefði uppboðsþoli greitt og ævinlega bjargað sér í þessu uppboðsmáli. Hann sagði sig endilega minna, að hann hefði hitt uppboðsþola fyrir tilviljun á milli uppboða, og að hann hafi þá sagt sér, að allt væri klappað og klárt. Hann segir, að vel geti verið, að uppboðsþoli hafi verið búinn að semja við bæjarstjóra, en hann virðist ekki hafa fengið neina tilkynningu frá bæjarstjóra um, að uppboðið ætti að falla niður eða frestast. Hann var spurður, hvers vegna hann hefði ekki látið fresta uppboðinu. Hann svaraði því til, að með því að falla frá seinna uppboðinu hefðu aðgerðir bæjaryfirvalda verið nánast markleysa, þá hefði ekkert uppboð farið fram og engin greiðsla fengist, eftir að búið hefði verið að gefa uppboðsþola öll tækifæri. Hann kveðst hafa talið fráleitt að fresta uppboðinu, þar sem uppboðsþoli var ekki mættur og hafði ekki haft samband við stefnda.

Hér fyrir dómi var bæjarstjóri spurður, hvort stefnanda hefði verið gert ljóst, að hann mætti ekki bjóða í eignir fyrir sjálfan sig. Svaraði bæjarstjórinn því, að hann hefði reiknað með, að hann gerði slíkt ekki. Bæjarstjórinn var spurður, hvort stefnanda hefði verið sérstaklega bannað að bjóða í fyrir bæinn. Hann svaraði því til, að honum hefði verið sérstaklega bannað að vinna nokkuð að því í eigin vinnutíma. Þá var hann spurður, hvort stefnandi hefði haft almennt umboð til að bjóða í eignir fyrir bæinn, og svaraði bæjarstjórinn því, að hann hefði ekkert almennt umboð haft til að bjóða í eignir fyrir bæinn, „en það kann að sjálfsögðu að hátta svo, þar sem honum ber að ræða við mig og ég þá afli heimildar, ef ég tel mig þá ekki hafa hana, til að gefa honum heimild til að bjóða í eignir fyrir bæ-

inn, en hann hafði ekki heimild til þess að bjóða í eignir fyrir bæinn án þess að hafa samráð við mig, nema kannski slíkt yrði nauðsynlegt eða það tilvik kæmi upp, að það yrði nauðsynlegt, og þá yrði hann að meta sína stöðu sjálfur."

2.3.2. Samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, dags. 17. nóv. 1975, var fasteignamatsverð eignarinnar Hraunbrúnar 18 þá 2.332.000 krónur.

Samkvæmt vottorði Bruabótafélags Íslands, dags. 29. júlí 1976, var brunabótamat húseignarinnar þá 12.000.000 króna.

Samkvæmt vitnisburði Herluf Poulsen, tengdaföður uppboðsþola, var húsið á lóðinni nr. 18 við Hraunbrún fullbyggt þann 5. nóv. 1975 að öðru leyti en því, að í því var bráðabirgða eldhúsinnrétting og eftir að leggja dúka og teppi á gólf að einhverju leyti. Vitnið taldi, að húsið hefði verið í sama ástandi, þegar brunabótamat fór fram.

Samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 10. okt. 1975, hvíldu þá á eigninni kr. 2.116.764.49, þar af 114.275 krónur til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

2.3.3. Vorið 1974 keypti stefnandi vélbátinn Hafbjörgu, GK 7, á nauðungaruppboði fyrir 40.000 krónur. Skipið var þá í slipp og ekki sjóhæft.

Stefnandi hafði þá beðið um uppboð á skipinu til fullnustu kröfu að upphæð sirka 600.000 krónur.

Stefnandi telur, að bæjaryfirvöldum hafi verið fullkunnugt um þessi kaup, og bendir meðal annars á, að Stefán Jónsson bæjarfulltrúi hafi verið framkvæmdastjóri félagsins, sem átti skipið.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að áður en fyrra uppboð fór fram á skipinu, hafi hann skýrt bæjarstjóra frá því, að komið væri að sölu, og spurt, hvort hann ætti að bjóða í fyrir bæinn. Hann segist hafa skýrt bæjarstjóra frá því, að hann hefði boðið í skipið á eftir fyrra uppboði og jafnframt leitað eftir því, hvort hann ætti að bjóða upp fyrir kröfu bæjarsjóðs. Hann kveður bæjarstjóra hafa svarað neitandi, og boð stefnanda virðist síðan hafa verið samþykkt eftir annað og síðasta uppboð. Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að oft hafi komið fyrir, að hann byði í eignir í eigin nafni til að fá það há boð í eignir, að þær kröfur, sem bærinn átti, fengjust greiddar. Hann var spurður, hvort bæjarstjóra hefði verið kunnugt um þetta og hvort hann hefði samþykkt, að stefnandi hefði þennan hátt á. Hann svaraði því til, að bæjarstjóra hefði verið

kunnugt um, að hann yrði að gera þetta, því öðruvísi hefði ekki verið hægt að standa að innheimtu lögtakskrafna Hafnarfjarðarbæjar. Hann segir, að stundum hafi komið fyrir, að hann hafi verið mættur á uppboðum ásamt fulltrúa sínum, og segir, að stundum hafi fulltrúinn boðið og stundum hann sjálfur og að fulltrúi hans hafi þá mætt fyrir uppboðsþola, en hann sagði, að það hefði getað komið fyrir, að hann ætti hæsta boð og að fulltrúi hans hafi þá beðið um annað og síðasta uppboð eða jafnvel öfugt. „Nú það er rétt að taka það fram hérna, að mér sýndist, og bæjarstjóri var mér sammála um það, að það þyrfti ákveðna hörku gagnvart ákveðnum gjaldendum til þess að knýja fram greiðslu, og þetta með uppboðin má líkja við það, að ekkert er gagn í hundi, sem geltir, en ekki bítur. Það er að segja hótun um uppboð, hún er eingöngu markleysa, ef er ekki fylgt á eftir."

Bæjarstjórinn var spurður fyrir dóminum, hvort honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi hefði áður boðið þannig í eigin nafni og jafnvel verið slegnar eignir. Hann svaraði því til, að hann væri ekki viss um það, hvort hann vissi um það fyrr en um það leyti sem það mál kom upp, sem lyktaði með því, að stefnandi hætti störfum fyrir stefnda. Bæjarstjórinn var ítrekað spurður um, hvort honum hefði áður verið kunnugt um bátakaup stefnanda. Hann sagðist ekki muna það glöggt, hvort hann hefði frétt það einhvers staðar frá, að það mundi hafa átt sér stað. Bæjarstjórinn skýrði svo frá, aðspurður, að bærinn hefði á sínum tíma keypt fasteignina Strandgötu 37 á uppboði og að á eigninni hafi hvílt veð vegna útsvarsskulda, sem hafi verið gerð upp eða felld niður í sambandi við uppboðið. Hann kvað þessa eign síðan hafa verið selda.

Árni Grétar Finnsson bæjarfulltrúi hefur skýrt svo frá, að komið hafi fyrir, að boðið hafi verið í eignir af hálfu bæjarsjóðs, en að bærinn hafi hins vegar ekki knúið fram uppboð, svo honum væri kunnugt um. Þegar aðrir aðiljar hefðu knúið fram uppboð, hefði komið fyrir, að bærinn hefði boðið í til að tryggja hagsmuni sína og einnig til að tryggja öryrkjum og sjúku fólki, sem haft hefðu íbúð í eignum þessum, áframhaldandi húsnæði.

Bæjarstjórinn var spurður, hvort hann hefði samþykkt, að stefnandi hefði þann hátt á að bjóða í eignir í eigin nafni til þess að gæta hagsmuna bæjarins. Hann svaraði þeirri spurningu neitandi. Hann var spurður, hvort stefnandi hefði átt að hafa samband við hann, þegar nauðungarsala á eignum átti að fara fram. Bæjarstjórinn svaraði því til, að stefnandi hafi alls ekki

mátt knýja fram uppboð f. h. bæjarins, hann hafi vitað það og haft fulla vitund um, að það var ekki stefna bæjaryfirvalda að gera slíkt.

Stefnandi var nánar spurður um, hvort hann hefði skýrt bæjastjóra frá því, að hann væri orðinn eigandi að skipinu, sem hann keypti. Hann segist hafa gert það og tók fram, að oft hefði verið grínast með þetta Hafbjargarmál, ef svo mætti kalla, á kaffistofunni á bæjarskrifstofunum að bæjarstjóra viðstöddum.

Stefán Jónsson bæjarfulltrúi var spurður um vitneskju sína um bátakaup stefnanda. Hann kvað sér hafi verið kunnugt um þau kaup, áður en málið varðandi Hraunbrún 18 kom upp. Hann sagðist ekki muna betur en að engin athugasemd hefði verið gerð við þau kaup.

Árni Gunnlaugsson bæjarfulltrúi var spurður um, hvort honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi hefði áður boðið í eignir í eigin nafni. Var hans svar á þessa leið: „Jú, ég heyrði það nú einhvern tíma eftir á, að það var bátur hérna suður í Dröfn, minnir mig. Mér er kunnugt um það, jú, jú. Það voru mjög lítilfjörlegir hagsmunir, þannig að það var ekkert gert út af því máli, nema bæjarstjóri fann að því við hann."

Guðmundur Guðmundsson bæjarfulltrúi var spurður um þetta efni. Hann svaraði á þessa leið: „Ég man nú ekki nákvæmlega eftir því, en einhvern tíma var talað um bátsuppboð, sem ég kafaði aldrei ofan í, hvort hefði verið á vegum bæjarins, uppboðið, eða . . . en ég man ekki eftir neinu öðru."

Vilhjálmur Skúlason bæjarfulltrúi kvaðst hafa heyrt því fleygt, að stefnandi hefði boðið í einhvern bát. Nánar aðspurður kvaðst hann ekki muna betur en að hann hefði verið búinn að heyra um bátakaupin, áður en málið varðandi Hraunbrún 18 kom upp.

2.3.4. 14. október 1975 tilkynnti stefnandi bæjarstjóra með bréfi, að hann hefði ákveðið að opna starfstofu, sem yrði opin virka daga frá kl. 1700. Í bréfinu lýsti hann þeirri skoðun, að bann við að stunda almenn lögfræðistörf jafnhliða starfi hjá bænum gilti aðeins um störf unnin í vinnutíma hjá bænum eða að því er varðaði verkefni, sem beindust gegn hagsmunum bæjarins. Annar skilningur mundi þýða, að hann hefði afsalað bænum aflahæfi sínu og að slíkt fengi ekki staðist.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf bæjarstjóra, dags. 11. nóv. 1976, til sakadóms Hafnarfjarðar, og segir svo í bréfi þessu: „Þann 26. maí 1975 veitti Ingvar Björnsson, hdl., sem þá gegndi

starfi bæjarlögmanns í Hafnarfirði, móttöku greiðslu á kr. 51.200 frá Jóhanni Þorsteinssyni, skipstjóra, vegna útsvars að upphæð kr. 25.000, sem Jóhann hélt eftir af launum Theodórs R. Einarssonar 15. maí 1970 auk vaxta og kostnaðar. Ingvar Björnsson hafði ekki heimild til sérstakrar þóknunar fyrir innheimtu í starfi sínu sem bæjarlögmaður.

Sem svar við fyrirspurn minni til Ingvars, dags. 15. nóv. s.l., vegna umræddrs misræmis sendi hann ljósrit kvittunar undirritaða af Theodóri R. Einarssyni.

Theodór hefur upplýst, að hann hafi undirritað kvittunina 9. nóv. s.l. og þá jafnframt tekið við greiðslunni.

Vegna ofanritaðs er hér með óskað opinberrar rannsóknar á meðferð Ingvars Björnssonar á tilgreindri innheimtu og skilum og svo á öðrum uppgjörsmálum, sbr. kvittanabók, eftir því sem tilefni gefst til. Þá er og sú krafa gerð, að Ingvari verði gert að greiða bæjarsjóði Hafnarfjarðar kr. 20.742.00, sem hann heldur ólöglega eftir af greiðslu þeirri, sem hann tók á móti hjá Jóhanni Þorsteinssyni, og hefur ekki gert bæjarsjóði skil á, auk vaxta."

Samkvæmt framlögðum gögnum hefur farið fram rannsókn á þessu máli í sakadómi Hafnarfjarðar. Þá hefur verið lagt fram bréf ríkissaksóknara til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 12. janúar 1978, þar sem segir, „að eftir atvikum er af ákæruvaldsins hálfu eigi krafist að svo stöddu frekari aðgerða að því er hið sérgreinda kærutilvik varði, en komi fram frekari rökstuðningur af hálfu kæranda fyrir kæru sinni að því er varðar önnur uppgjörsmál ber að taka rannsókn málsins að því leyti upp að nýju."

Á fundi bæjarstjórnar 24. janúar 1978 var gerð svofelld ályktun: „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar beinir því til hæstvirts dómsmálaráðherra, að hann láti fara fram rannsókn á meðferð embættis ríkissaksóknara og embættis bæjarfógetans í Hafnarfirði á kæru bæjarstjórans í Hafnarfirði, dagsettri 11. nóv. 1976, á hendur fyrrverandi bæjarlögmanni Ingvari Björnssyni vegna innheimtu og skila til bæjarsjóðs á tilgreindri útsvarsskuld svo og öðrum uppgjörsmálum, samanber kvittanabók."

Ályktun þessi var send dómsmálaráðherra í bréfi, dags. 30. janúar 1978.

Bæjarstjóri skýrði svo frá fyrir sakadómi, að hann hefði í upphafi lagt áherslu á það munnlega við stefnanda, að hann stundaði ekki lögfræðistörf sem atvinnu samhliða starfi sínu

hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Hann sagði, að stefnandi hefði tvímælalaust ekki haft heimild til að annast störf í eigin þágu í vinnutíma hjá bænum.

Bæjarstjórinn var spurður um það á bæjarþingi, hvort stefnandi hefði verið áminntur vegna þess, að hann hefði sett á fót og auglýst lögfræðiskrifstofu og fasteignasölu. Bæjarstjórinn svaraði því til, að hann hefði greinilega verið búinn að láta stefnanda vita af því, að honum væri það óheimilt.

Stefán Jónsson, forseti bæjarstjórnar, skýrði svo frá á bæjarþinginu, að margsinnis hefði verið búið að gera stefnanda ljóst, að bærinn mundi ekki líða það, að hann væri að reka sjálfstæða starfsemi sem lögfræðingur í bænum, á meðan hann væri í þjónustu bæjarins. Stefán sagðist hafa litið svo á, að í rauninni með því að opna lögfræðiskrifstofu hefði stefnandi raunverulega verið að segja upp starfi sínu, þar sem honum hafi verið ljóst, að bæjarstjórn vildi ekki, að starfsmenn bæjarins hefðu þann hátt á starfi.

Vilhjálmur Skúlason bæjarfulltrúi skýrði svo frá, að honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi hefði opnað lögfræðiskrifstofu í eigin nafni, sem hann ætlaði að reka fyrir eigin reikning og á eigin ábyrgð. Hann sagði, að það hefði að sínu mati ekki samrýmst því samkomulagi, sem stefnandi hafði gert við bæjarstjórn, þar sem lögð hefði verið mikil áhersla á, að æðstu yfirmenn bæjarins, að minnsta kosti, og allir starfsmenn bæjarins sinntu ekki öðrum störfum en þeim, sem þeim var ætlað að sinna hjá bænum. Hann kvaðst ekki muna betur en að sér hefði verið kunnugt um þetta, áður en málið varðandi Hraunbrún 18 kom til.

Hann var spurður, hvort hefði komið til greina að finna að við stefnanda vegna opnunar skrifstofunnar. Hann sagði, að það hefði komið til greina meira en gefa honum áminningu vegna þess, að það hefði verið skoðun vissra bæjarfulltrúa, að hann hefði þegar fyrirgert rétti sínum með því að opna lögfræðiskrifstofuna. Um þetta hefðu þó allir bæjarfulltrúar ekki verið sammála og þar af leiðandi hefði ekki orðið úr framkvæmd.

Árni Grétar Finnsson bæjarfulltrúi sagði, að rétt áður en uppboðsmálið kom upp, hefði komið fram óánægja hjá bæjarfulltrúunum varðandi stefnanda, þar sem hann var ráðinn með þeim skilyrðum, að hann stundaði ekki lögfræðistörf sjálfur, en hann hafi þó gert það og auglýst meðal annars. Hann segir, að sér hafi verið tjáð, að bæjarstjóri hafi gefið honum áminningu

út af þessu og að oft hafi verið rætt um þetta milli bæjarfulltrúanna, að þeir væru mjög óánægðir með þetta.

2.3.5. Þann 22. apríl 1975 samþykkti bæjarstjórn að fella að svo stöddu niður alla yfirtíð hjá Hafnarfjarðarbæ og stofnunum hans, nema hjá verkamönnum, sem heimilt væri að vinna daglega eina kukkustund og fimmtán mín. í eftirvinnu, þó væri heimilt að vinna yfirtíð, ef brýn nauðsyn bæri til, enda væri ákvörðun um það í hverju einstöku tilfelli tekin af forstöðumanni viðkomandi stofnunar og jafnan haft samráð við bæjarstjóra.

Samkvæmt vottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, hafa þrettán starfsmenn á bæjarskrifstofunum fengið greidd laun fyrir yfirvinnu á tímabilinu maí til september 1975 og níu starfsmenn bæjarverkfræðings.

Á þessu tímabili fékk stefnandi enga yfirvinnu greidda. Hann bendir á, að á þessu tímabili hafi aðalgjaldkeri bæjarins, Valur Ásmundsson, fengið greiðslu fyrir rúmlega 191 klst., eða til jafnaðar tæplega 38 og 1/2 klst. á mánuði, bæjarritari tæplega 167 klst., eða til jafnaðar 133 og 1/2 klst. á mánuði, innheimtufulltrúi stefnanda 38 og 1/2 klst. alls og annar aðstoðarmaður hans 47 yfirvinnustundir. Hann staðhæfir, að hann sjálfur og Gunnar Bjarnason fulltrúi, aðstoðarmaður hans, hafi verið einu starfsmennirnir á bæjarskrifstofunum, sem engar greiðslur fengu fyrir yfirvinnu á nefndu tímabili.

Af þessum ástæðum kveðst hann hafa ritað bréfið, þar sem hann tilkynnir um opnun lögfræðiskrifstofu, enda er þess getið í bréfinu, að rekstur skrifstofunnar muni ekki rekast á við starf hans hjá bænum, þar sem yfirvinnubann væri í gildi, að minnsta kosti gagnvart honum. Stefnandi segir, að þetta bréf hafi verið ritað, vegna þess að hann hafi enga yfirvinnu fengið greidda og allir samningar um fastráðningu og launahækkun farið út um þúfur, hann hafi ekki séð sér fært að framfleyta sér af föstum tekjum og verið ítrekað búinn að skýra bæjarstjóra frá því, bæjarstjóri hafi alltaf ætlað að útbúa tillögur um ráðningu og breytt launakjör og annað, sem að því laut, en aldrei sést neinn árangur af því. Hann segir, að svo hafi farið að lokum um sumarið 1975, að hann afhenti bæjarstjóra öll þau mál, sem hann var með fyrir hönd bæjarins sem lögmaður, og tjáð honum, að hann hefði ekki tíma til að sinna þessum málum, þar sem þau væru mörg þess eðlis, að þau yrðu að vinnast í algeru næði og þá eftir vinnutíma, og þar sem hann ekki fengi greitt sérstaklega fyrir það, þá gæti hann ekki sinnt því.

Stefnandi hafði ásamt bæjarlögmannsstarfinu sem aukastarf forstöðu fyrir heilsuverndarstöð Hafnarfjarðar frá 15. september 1973 til 31. október 1974, er hann var leystur frá því starfi að eigin ósk. Hann segist hafa sagt þessu starfi lausu, vegna þess að hann hefði haft það mikið að gera sem bæjarlögmaður, að hann hefði ekki getað gegnt því starfi, þannig að viðunandi væri.

Hann segist hafa búist við því, að ef yfirmenn hans gætu ekki sætt sig við, að hann hæfi þannig sjálfstæðan atvinnurekstur, mundu þeir tilkynna honum það með formlegum hætti í samræmi við reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, en það hafi ekki verið gert.

Stefnandi var spurður, hvort hann hefði opnað lögfræðiskrifstofu á þeim tíma, sem hann var starfandi bæjarlögmaður. Hann svaraði því neitandi. Hann kannaðist við að hafa auglýst í blaði og gefið upp í auglýsingunni heimasímanúmer sitt og viðtalstíma kl. 1700 eða 1730. Hann sagði sig minna, að minnst hefði verið á skipa- og verðbréfasölu í auglýsingunni. Hann sagði, að einu lögmannsstörf sín, meðan hann var bæjarlögmaður, hefðu verið þau, að hann hefði tekið að sér að gera skattframtöl fyrir menn, og hann sagðist hyggja, að hann hefði auglýst þá starfsemi eftir að hafa rætt um það við bæjarstjóra, að hann hygðist gera það. Hann kvað bæjarstjóra engum athugasemdum hafa hreyft við því, en sagt, að lögfræðingarnir í bæjarstjórn væru ekki hrifnir af þessu. Hann segist einu sinni hafa farið út á land til að ganga frá samningum um sölu á landi og skýrt bæjarstjóra frá því og fengið tveggja daga frí til að ganga frá þessu. Hann sagðist hafa auglýst í því augnamiði að knýja fram viðbrögð af hálfu bæjaryfirvalda vegna deilu sinnar og bæjarráðs varðandi launakjör og greiðslu fyrir yfirvinnu. Hann segir, að bréfið um opnun lögfræðiskrifstofu hafi verið ritað í framhaldi af því.

Bæjarstjórinn segir, að stefnandi hafi ekki haft leyfi til að telja fram fyrir fólk.

Stefnandi kveðst aldrei hafa fengið áminningu vegna lögfræðiskrifstofu eða fasteignasölu.

Bæjarstjórinn segir, að bæjarráð hafi verið með bréf stefnanda um opnun lögfræðiskrifstofu til meðferðar, þegar uppboðsmálið kom upp, og verið að hugleiða aðgerðir gagnvart honum. Hann kveðst hafa litið á þetta sem brot af hálfu stefnanda og segist telja, að bæjarráðsmenn hafi talið það líka. Hann segir, að uppboðsmálið hafi komið upp, áður en ákvörðun var tekin

um aðgerðir vegna bréfsins. Hann segir, að það mál hafi ráðið úrslitum um, að stefnandi var látinn fara.

Stefnandi segir, að Árni Gunnlaugsson hafi nokkrum sinnum beðið um frest á uppboði vegna eiganda Hraunbrúnar 18, þar sem hann væri félítill, og segist stefnandi í öllum tilvikum hafa orðið við beiðni Árna.

Árni Gunnlaugsson var spurður, hvort uppboðsþoli hefði verið skjólstæðingur hans. Hann svaraði því til, að hann hefði ekki verið skjólstæðingur sinn sérstaklega, hann hafi þó einhvern tíma unnið fyrir hann, en ekki í sambandi við uppboðið. Hann kvaðst ekki muna, hvort fulltrúi sinn hefði mætt fyrir hann, það gæti vel verið, að hann hefði einhvern tíma tekið frest fyrir hann. Hann sagðist ekki þora að fullyrða, hvort hann hefði sjálfur beðið um frest. Hann segist hafa gefið uppboðsþola leiðbeiningar um útvegun lögmanns eftir uppboðið.

2.4.

ÁLIT DÓMSINS.

2.4.1. Aðiljar eru nú sammála um, að stefnanda hafi verið veitt endanleg lausn 17. nóvember 1975.

Um réttindi og skyldur stefnanda virðist auk ráðningarsamnings hans hafa farið eftir reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 2. febrúar 1977 og kjarasamningi frá sama tíma. Hins vegar virðast lög 38/1954 ekki gilda um skipti aðilja, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Samkvæmt málflutningi aðilja virðist mega leggja til grundvallar, að ákvæði nefndra reglna um fastráðna starfsmenn hafi gilt um stefnanda með þeim frávikum, sem leiða af því, að ráðningartími hans var bundinn við ákveðið tímabil.

Samkvæmt þessu virðist stefnandi hafa mátt vænta þess að halda stöðu sinni til loka ráðningartímans, nema eitthvert þeirra atvika, sem greind eru í 5. gr. reglnanna, kæmu til. Af þessum atvikum er samkvæmt því, sem fram er haldið af aðiljum, einungis um að ræða, hvort stefnandi hafi brotið af sér í starfi, þannig að honum hafi borið að víkja úr því, sbr. 1. tl. 5. gr.

Samkvæmt 31. gr. reglna frá 2. febrúar 1971 bar stefnanda að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna, gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem honum væri til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem varpað gæti rýrð á það starf eða starfsgrein, sem hann vann við.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. er rétt að veita starfsmanni lausn um stundar sakir, ef hann hefur brotið af sér í starfi, eins og nánar segir í málsgreininni, þ. á m. ef hann hefur sýnt af sér óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns eða framkoma hans eða athafnir þykja ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Þá skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir.

Ekki er gert ráð fyrir því í reglunum, að starfsmanni sé veitt lausn án undanfarandi lausnar um stundarsakir.

Samkvæmt því, sem fram er haldið af stefnda, virðist þurfa að taka afstöðu til eftirfarandi atvika í þessu sambandi.

1. Boðs stefnda í fasteignina Hraunbrún 18 á nauðungaruppboði;
2. Synjunar hans um að framselja stefnda boð sitt, þeirrar afstöðu hans að telja sig eiganda fasteignarinnar og kröfu hans um, að boð hans yrði samþykkt;
3. Ákvörðunar stefnanda um að stofna til sjálfstæðrar málflutningsstarfsemi og fasteignasölu, auglýsinga hans um þá starfsemi og starfa hans að málflutningi, fasteignasölu og aðstoð við skattframtöl á ráðningartímanum.

2.4.2. Samkvæmt því, sem fram hefur komið af hálfu aðilja, virðist ótvírætt mega byggja á því, að stefnandi hafi persónulega orðið hæstbjóðandi á öðru og síðara uppboði.

Þegar þess er gætt, sem fram kemur í dómi sakadóms og sem styðst við annað, sem fram er komið í málinu, að stefnandi hafði ekki umboð til að bjóða í fasteignir fyrir hönd bæjarsjóðs, sbr. og 2. mgr. 47. gr. sveitarstjórnarlaga og til hliðsjónar 35. gr. og 2. tl. f liðar 1. mgr. 11. gr. sömu laga, enn fremur að stefnandi, en ekki stefndi, var bókaður hæstbjóðandi á fyrra uppboði á sama hátt og á því síðara, þykir bera að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi einnig persónulega verið hæstbjóðandi á fyrra uppboði. Af því leiðir, að ekki verður fallist á ályktanir stefnda, sem byggjast á því, að stefnandi hafi bakað stefnda tjón með yfirboði.

Ekki verður fallist á það með stefnda, að nokkrar þær upplýsingar hafi komið fram í málinu, sem hefðu verið fallnar til að breyta þeirri ályktun sakadóms Hafnarfjarðar, að stefnandi hafi ekkert refsivert aðhafst með því að bjóða í fasteignina Hraunbrún 18 á öðru og síðara uppboði.

Með tilvísun til þeirra raka, sem fram koma í dóminum, þykir

bera að fallast á þessa niðurstöðu sakadóms, sbr. 238. gr. almennra hegningarlaga.

Verður þá til úrlausnar, hvort stefnandi hafi eigi að síður brotið þannig af sér með atferli sínu á uppboðinu, að hann verði að hlýta því að vera leystur frá störfum án bóta.

Ekki virðist vera fyrir að fara nokkru lagaákvæði eða annarri almennri réttarheimild, sem geri það almennt ólögmætt, að opinberir starfsmenn bjóði í eignir í eigin nafni á uppboðum, þar sem þeir eru mættir til að gæta hagsmuna hins opinbera.

Verður þá næst fyrir að taka afstöðu til þess, hvort einhverjum atvikum sé fyrir að fara í málinu, sem hljóti að leiða til þess, að talið verði, að atferli stefnanda verði eigi að síður talið ólögmætt.

Ekki hefur komið fram, að stefnanda hafi borist nokkur fyrirmæli fyrir uppboðið um að óska eftir, að því yrði frestað eða það fellt niður.

Þegar þess er gætt:

— að samkvæmt veðbókarvottorði hvíldu einungis kr. 2.116.764.49 á fasteigninni;

— að einungis kr. 385.516.67 af þessari fjárhæð virðast hafa verið vísitölubundnar;

— að auk þessa kemur ekki fram, að á eigninni hafi hvílt annað en óþinglýst veðskuld við Landsbanka Íslands, að fjárhæð 110.400 krónur, og fasteignagjöld 1974 og 1975 og útsvar 1975 til stefnda, samtals að fjárhæð 176.151 króna;

— að veðskuldir, sem þannig er kunnugt um í málinu, námu samtals kr. 2.403.315.49 og

— að þótt við þá fjárhæð hafi mátt bæta vöxtum og kostnaði, má ætla að búið hafi verið að greiða af þessum skuldum að meira eða minna leyti, en

— að endanlegt boð stefnanda nam 2.500.000 krónum,

verður ekki séð, að stefnandi hafi teflt fjárhagsmunum stefnda í hættu með boði sínu.

Þá þykir með tilvísun til raka sakadóms ekki verða talið, að stefnandi hafi brotið af sér gagnvart stefnda með boði sínu í þeim skilningi, að hann hafi eytt til þess af þeim vinnutíma, sem honum var skylt að nota í þágu stefnda.

Þegar þau gögn málsins eru virt, sem lúta að þeim fyrirmælum, sem stefnandi fékk varðandi uppboð, og að vitneskju bæjaryfirvalda um þann hátt, sem stefnandi hafði á við hagsmunagæslu fyrir stefnda á uppboðum, þykir mega leggja til grund-

vallar, að yfirboðurum stefnanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, að hann hafði áður haft þann hátt á að gera boð í eigin nafni á uppboði og að honum hafi hvorki verið bannað að hafa þann hátt á né gert ljóst, að til þess væri ekki ætlast.

Því hefur verið hreyft, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, að ekki væri ætlast til, að hann færi þannig að, þar sem það hafi ekki verið stefna bæjarsjóðs að knýja fram uppboð.

Þegar þess er gætt, að stefnanda var falið að óska uppboðs á eignum, sem stefndi átti uppboðsheimildir í, og fylgja uppboðsbeiðnum sínum eftir fyrir uppboðsdómi, virðist ekki fyllilega rökrétt, að þeirri stefnu væri jafnframt fylgt að stefna ekki að því, að þær gerðir færu fram, sem þannig voru gerðar kröfur um fyrir dómstóli, ef sú hvatning til greiðslu, sem uppboðsbeiðnunum var ætlað að hafa, bar ekki tilætlaðan árangur, enda hætt við, að slík stefna væri ekki vænleg til að knýja menn til skilvísi gagnvart bæjarfélaginu. Þótt ekki þyki ástæða til að efa, að þetta kunni eigi að síður að hafa verið meginstefna bæjaryfirvalda, verður þó ekki talið gegn andmælum stefnanda, að honum hafi mátt vera þessi stefna þannig ljós, að jafnað verði til banns við að bjóða í eignir í eigin nafni. Í þessu sambandi þykir einkum bera að líta til þess, að stefnandi virðist hafa gert kröfu um það í uppboðsdóminum, að sala yrði ákveðin og auglýst á eigninni sjálfri, og að ekki er annað að sjá en að þar hafi verið um að ræða venjubundinn þátt í starfi hans, sem ekki hafi sætt athugasemdum af hálfu bæjaryfirvalda.

Þegar borið er saman boð stefnanda í eignina og þau gögn, sem fram hafa komið um verðmæti eignarinnar, þykja vera fyrir hendi sterkar líkur á, að boð stefnanda hafi verið langt undir sannvirði eignarinnar.

Þegar þess er gætt, að opinbert uppboð er hin lögboðna aðferð við nauðungarsölu eigna og að það er þannig fyllilega löglegt að bjóða í eignir án tillits til þess, hvort boð er í samræmi við verðmæti uppboðsandlagsins, þá þykir þetta atriði ekki eiga að geta breytt þeirri niðurstöðu, að atferli stefnanda við uppboðið hafi verið lögmætt gagnvart stefnda í almennum skilningi og það án tillits til þeirrar aðstöðu, að ekki var öðrum til að dreifa, sem gætu boðið betur þrátt fyrir löglega auglýsingu uppboðsins. Hér virðist því einvörðungu vera um að ræða siðferðilegt álitaefni, sem ekki eru efni til að taka afstöðu til að öðru leyti en því sem réttaráhrif kunna að vera bundin við siðferðilega ámælisvert atferli opinberra starfsmanna.

Eins og að framan er rakið, kunna athafnir í starfi, sem þykja ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfi, að leiða til þess skv. 7. gr. reglna 2. febrúar 1971, að starfsmanni verði veitt lausn um stundarsakir og síðan til endanlegrar lausnar, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Því hefur verið haldið fram af stefnda hálfu, að stefnanda hafi borið að gæta hagsmuna uppboðsþola. Þar sem augljóst er, að umboðsmaður kröfuhafa á uppboði getur ekki með eðlilegu móti verið jafnframt umboðsmaður uppboðsþola í lagalegum skilningi, þykir bera að skýra þessa röksemd svo, að hér sé átt við siðferðilega skyldu stefnanda sem starfsmanns bæjarfélagsins til að gæta þess, að hagsmunir bæjarbúa verði ekki bornir fyrir borð.

Þegar þess er gætt, að uppboðsþoli virðist hafa sýnt af sér fáheyrt tómlæti varðandi gæslu hagsmuna sinna með ítrekaðri útivist í uppboðsréttinum, og þar sem ekkert er komið fram um, að högum hans væri þannig háttað, að hann væri miður fær um að gæta hagsmuna sinna sjálfur, eða að ástæða væri til, að hann nyti þeirrar félagslegu aðstoðar bæjarfélagsins, sem almennt er veitt lögum og venju samkvæmt, og þegar litið er til þeirrar vísbendingar, sem gögn málsins gefa um fjárreiður og fjárstjórn uppboðsþola og þess langlundargeðs, sem honum hafði verið sýnt af hálfu skuldheimtumanna, þ. á m. stefnda, verður ekki talið, að stefnandi hafi með því að bera hagsmuni uppboðsþola fyrir borð brotið svo af sér siðferðilega gagnvart stefnda, að hann teljist hafa fyrirgert starfi sínu með þeim hætti.

Um það, hvort það verði talið ósæmilegt eða óhæfilegt af stefnanda eða ósamrýmanlegt starfi hans að nota þá aðstöðu, sem honum bauðst, þar sem hann var mættur á uppboðinu á vegum stefnda, til að komast yfir íbúðarhús eins af þegnum bæjarfélagsins fyrir verð, sem hann gat ráðið sjálfur vegna skorts á samkeppni og sem hann virðist hafa reiknað út frá öðrum atriðum en verðmæti uppboðsandlagsins, kunna að vera skiptar skoðanir.

Einróma álit bæjarfulltrúa og bæjarstjóra um þetta efni liggur fyrir í málinu.

Í því sambandi, sem hér um ræðir, virðist ekki þurfa að taka afstöðu til þessa atriðis að öðru leyti en því, hvort þetta atferli heimilaði stefnda að víkja stefnanda úr starfi til fullnaðar án fyrirfarandi áminningar og án bóta.

Samkvæmt áðurtilvísuðu ákvæði og 7. gr. nefndra reglna er almennt aðeins gert ráð fyrir, að bæjarstjórn víki starfsmanni

úr starfi um stundarsakir og greiði honum helming fastra launa skv. 8. gr., ef hann gerist sekur um brot, sem þar um ræðir. Þegar um siðferðilegar ávirðingar eingöngu er að ræða, virðist ekki koma til álita, að bæjarstjórn geti bótalaust beitt starfsmenn harðari úrræðum.

Þá virðist ljóst, að bæjarstjórn getur ekki bótalaust veitt starfsmanni lausn, sem gerst hefur sekur um siðferðilega ámælisvert atferli að hennar dómi án þess að veita honum áminningu áður og gefa honum kost á að bæta ráð sitt.

Þykir þá verða að leysa úr því, hvort stefnanda hafi verið veitt áminning og honum gefinn kostur á að bæta ráð sitt.

Umrætt ákvæði 7. gr. þykir fyrst og fremst bera að skilja þannig, að almennt eigi ekki að víkja starfsmanni úr starfi við fyrsta brot, heldur að þá fyrst komi til greina að veita honum lausn um stundarsakir, þegar um ítrekun er að ræða. Þegar hefur verið skorið úr því, að ekki verður lagt til grundvallar, að stefnanda hafi verið veitt áminning fyrir boð, sem hann hafði áður gert í eignir á uppboðum. Síðar verður vikið að því, hvort hann hafi verið áminntur nægilega í skilningi 7. gr. nefndra reglna vegna annarra ávirðinga, sem talið er af hálfu stefnda, að hann hafi gerst sekur um.

Hér þykir þá verða að taka til úrlausnar, hvort nægileg áminning hafi falist í kröfu meiri hluta bæjarráðs um, að stefnandi framseldi stefnda boð sitt.

Í fyrsta lagi virðist þessi krafa hafa byggst á þeirri sameiginlegu skoðun aðilja, að einhver lögvarinn réttur til uppboðsandlagsins hefði stofnast til handa hæstbjóðanda á uppboðinu, en báðum aðiljum mátti þó vera ljóst, að stefnandi átti engan rétt á, að boð hans yrði samþykkt, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga 19 frá 1949 um nauðungaruppboð og úrskurð uppboðsréttarins frá 26. febrúar 1977.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laganna var þó hverjum þeim veðhafa, sem átti gjaldfallna kröfu og átti í vændum að fá hluta í uppboðsandvirðinu, rétt að krefjast þess, að boð stefnanda yrði samþykkt, en engin slík krafa hafði þó komið fram.

Þá er þess að gæta, að stefnandi hafði ekki gefið afsvar við kröfu bæjarráðs, þegar honum var vikið úr starfi. Þá er þess að gæta, að stefndi virðist engan lögvarinn rétt hafa átt á að fá framsal frá stefnanda, og að vandséð er, að með því hefði ráð stefnanda verið í nokkru bætt, þótt við það væri miðað, að atferli hans teldist siðferðilega ámælisvert. Krafa stefnda um

framsal boðs þykir þannig ekki uppfylla skilyrði til að vera talin áminning í skilningi 7. gr. reglna 2. febrúar 1971.

2.4.3.
Um 2.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar frá 20. október 1976 var leyst úr því, að stefnandi hefði ekki gerst sekur um refsiverða misnotkun á aðstöðu í starfi sínu sem bæjarlögmaður með því að krefjast „útlagningar á eigninni með útgáfu uppboðsafsals sjálfum sér til handa", eins og segir í ákæru.

Engin gögn eða upplýsingar hafa komið fram í málinu, sem vænta má, að hefðu breytt þessari niðurstöðu.

Í samræmi við dóm þennan þykir verða að byggja á því, að stefnandi hafi ekki gerst sekur um refsiverða háttsemi með því að krefjast þess, að boð hans yrði samþykkt.

Samkvæmt greinargerð stefnda var það upphaflega meginmálsástæða hans, að stefnandi hefði fyrirgert starfi sínu með því að halda ranglega til streitu meintum rétti sínum til uppboðsandlagsins í andstöðu við bæjaryfirvöld.

Samkvæmt framansögðu verður að byggja á því, að stefnandi hafi rangmetið réttarstöðu sína í þessu efni, en þegar þess er gætt, að ekki var samkvæmt framansögðu útséð um, hver yrði endanleg afstaða stefnanda í þessu efni, þegar honum var vikið úr starfi, og að stefnandi hafði ekki neytt heimildar 5. mgr. 29. gr. uppboðslaganna til að krefjast þess fyrir hönd stefnda, að boð sitt yrði samþykkt, og að öðru leyti með tilvísun til 7. gr. nefndra reglna verður ekki fallist á, að þessi afstaða stefnanda væri fullnægjandi ástæða til lausnar úr starfi án bóta.

2.4.4.
Um 3.

Samkvæmt 38. gr. reglna 2. febrúar 1971 var stefnanda óheimilt að stofna til atvinnurekstrar, nema skýra áður bæjarstjóra frá því.

Innan tveggja vikna frá því að tilkynning berst ber að tilkynna starfsmanni, ef starfsemi er talin ósamrýmanleg starfi og að hún verði bönnuð.

Það er alkunna, að það hefur verið mjög útbreiddur háttur hér á landi um alllangt skeið, að launamenn ynnu lengri vinnutíma en lögboðinn er eða tækju að sér aukastörf samhliða aðalstarfi til tekjuaukningar. Virðist það vera almennt viðhorf, að

einfaldar dagvinnutekjur nægi ekki til, að fjölskyldumenn geti séð sér og fjölskyldu sinni farborða á þann hátt sem talið er við hæfi. Virðist þetta viðhorf jafnvel vera eins ríkt meðal þeirra, sem njóta tiltölulegra góðra launa, sem annarra.

Það er og kunnara en frá þurfi að segja, að launþegar beita ýmiss konar þrýstingi til að ná fram vilja sínum gagnvart vinnuveitendum varðandi bætt kjör, og gegnir í þessu efni líku um opinbera starfsmenn sem aðra. Þykir almennt óhæfa nú orðið, að menn séu látnir gjalda þess með uppsögnum, þótt þeir gangi hart fram í baráttu fyrir bættum kjörum.

Stefnandi telur sig hafa verið vanhaldinn vegna framkvæmdar bæjaryfirvalda á yfirvinnubanni og hefur leitt nokkur rök að því, að hann hafi ekki setið við sama borð og aðrir í því efni. Mun hann og einkum hafa talið sig að því leyti illa haldinn, að honum var bannað að stunda almenn lögfræðistörf samhliða bæjarlögmannsstarfinu.

Í þessu ljósi þykir bera að meta það tiltæki stefnanda að tilkynna um stofnun lögfræðiskrifstofu og auglýsingar um rekstur slíkrar stofu á heimili sínu eftir vinnutíma. Ekki hefur komið fram, að stefnandi hafi í raun og veru sett á stofn eiginlega lögfræðiskrifstofu, og ekki hefur verið sýnt fram á, að þau störf, sem hann vann fyrir aðra án sérstaks leyfis, hafi skert hagsmuni stefnda á nokkurn hátt.

Ekki virðist stefnanda hafa verið tilkynnt sérstaklega, að honum væri bannað að opna starfsstofu, eftir að hann sendi stefnda tilkynningu um ætlun sína í því efni, og svo er að sjá sem ekki hafi verið samstaða um afstöðu til þess efnis í bæjarstjórn.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefnandi hafi brotið þannig af sér, að hann hafi fyrirgert bótarétti vegna lausnar með atvinnurekstri, ósamrýmanlegum starfi hans.

Engin rök hafa verið leidd að því, að stefnandi hafi nokkuð það til saka unnið varðandi viðskipti við Jóhann Þorsteinsson og útsvarsskuld Theódórs R. Einarssonar, sem geti haft þýðingu fyrir niðurstöðu þessa máls.

2.4.5.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að byggja á því, að stefnanda hafi ekki verið veitt áminning í skilningi 2. mgr. 7. gr. reglna 2. febrúar 1971. Þykja þegar af þeirri ástæðu ekki hafa verið skilyrði til að neyta heimildar ákvæðis-

ins til að veita honum lausn vegna meintra siðferðilegra ávirðinga.

Að þessu athuguðu þykja ekki efni til að taka frekar afstöðu til málsástæðna aðilja varðandi lausn um stundarsakir.

2.4.6. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að lausn stefnanda hafi verið óréttmæt í skilningi 11. gr. reglna frá 2. febrúar 1971, og leiðir þá af ákvæði 3. mgr. nefndrar greinar, að stefnda ber að greiða stefnanda bætur.

3.0.

TJÓN STEFNANDA OG BÓTAFJÁRHÆÐ.

3.1. Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Fjárhagslegt tjón.

Töpuð laun mánuðina desember 1975 til febrúar 1976,		
— 3 mánuðir á kr. 108.523	þ. e. kr.	325.569
Mánuðina mars til júní 1976,		
— 4 mánuðir á kr. 120.646	þ. e. kr.	482.584
Mánuðina júlí til september 1976,		
— 3 mánuðir á kr. 135.052	þ. e. kr.	405.156
Októbermánuður 1976	kr.	146.104
Mánuðina nóvember og desember 1976,		
— 2 mánuðir á kr. 150.661	þ. e. kr.	301.322
Mánuðina janúar og febrúar 1977,		
— 2 mánuðir á kr. 156.389	þ. e. kr.	312.778
Mánuðina mars 1977 til ágúst 1978,		
— 18 mánuðir á kr. 168.313	þ. e. kr.	3.029.534
en upphæðir þessar gera	kr.	5.003.150
2. Miski og röskun á stöðu og högum	—	10.000.000
Samtals	kr.	15.003.150

Bótakrafa stefnanda varðandi fjárhagslegt tjón hans er byggð á þeim launum, sem stefnandi telur, að bæjarlögmanni mundu hafa verið greidd samkvæmt kjarasamningum stefnda og starfsmannafélags Hafnarfjarðarbæjar frá desember 1975 til marsmánaðar 1977. Síðan er miðað við, að sömu mánaðarlaun greiðist frá þeim tíma til ágústloka 1978, þegar ráðningartími stefnanda hefði verið út runninn samkvæmt ráðningarsamningi hans.

Krafa um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón er byggð á 264. gr. almennra hegningarlaga.

Af stefnda hálfu er því haldið fram í greinargerð, að launakrafan sé mjög vanreifuð og órökstudd og að hún styðjist ekki við neina útreikninga.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að krafa um bætur fyrir miska og röskun á stöðu og högum byggist ekki á neinum lagagrundvelli.

Stefnandi hefur lagt fram launatöflur ríkisstarfsmanna í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem hann telur, að laun hafi verið greidd eftir hjá Hafnarfjarðarbæ. Töflur þessar eru fyrir tímabilið 1. desember 1975 til 1. mars 1977.

Þegar stefnandi lét af störfum, kveðst hann hafa fengið greidd laun samkvæmt efsta þrepi launaflokks B 1 og reiknar laun á þeim grundvelli til febrúar 1976, en frá þeim tíma heldur hann því fram, að bæjarlögmaður hafi átt að taka laun samkvæmt launaflokki B 2, efsta þrepi, til loka júnímánaðar 1976, en samkvæmt flokki B 22, efsta þrepi, frá þeim tíma til 1. janúar 1977, þegar bæjarlögmaður hefði átt að hækka upp í launaflokk B 23, efsta þrep. Þessari útreikningsaðferð á áætluðum launum bæjarlögmanns hefur ekki verið andmælt af hálfu stefnda öðruvísi en að framan greinir.

Lagður hefur verið fram svohljóðandi útreikningur bæjarritara á launum bæjarlögmanns á tímabilinu desember 1975 til ágúst 1978 miðað við starfsaldur stefnanda:

„Des.	'75 — febr.	'76	3 x 108.523	325.569
Mars	'76 — júní	'76	4 x 115.034	460.136
Júlí	'76 — sept.	'76	3 x 135.052	405.156
Október	'76 —		1 x 146.107	146.107
Nóv.	'76 — des.	'76	2 x 150.661	301.322
Janúar	'77		1 x 156.389	156.389
Febrúar	'77		1 x 164.208	164.208
Mars	'77 — maí	'77	3 x 168.313	504.939
Júní	'77		1 x 179.640	179.640
Júlí	'77 — ágúst	'77	2 x 213.281	426.562
Sept.	'77 — nóv.	'77	3 x 221.812	665.436
Des.	'77 — febr.	'78	3 x 252.910	758.730
Mars	'78 — maí	'78	3 x 266.365	799.095
Júní	'78 — ágúst	'78	3 x 291.909	875.727
				6.169.016“.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að ekki sé krafist bóta vegna þeirra 6% af launum, sem stefndi hefði þurft að greiða í lífeyris-

sjóð vegna glataðra lífeyrissjóðsréttinda, ekki sé tekið tillit til almennra launahækkana eftir 1. mars 1977, en á móti komi, að ekki sé gert ráð fyrir hagræði af eingreiðslu og ekki dregið frá vegna tekna, sem stefnandi hefur haft á tímabilinu frá því að launagreiðslur féllu niður og þar til ráðningartíma hans hefði átt að vera lokið.

Stefnandi hefur lagt fram afrit af skattframtölum sínum frá árunum 1974—1978. Launatekjur hans árið 1973 eru samkvæmt framtali frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar 403.938 krónur, frá fjármálaráðuneytinu 416 krónur, eða samtals 404.354 krónur. Launatekjur 1974 eru 1.391.295 krónur frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar og 2.000 krónur frá bæjarfógetanum í Hafnarfirði, samtals 1.393.295 krónur. Launatekjur 1976 eru 1.101.469 krónur frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar. Launatekjur 1977 eru engar, en hreinar tekjur af atvinnurekstri 418.007 krónur. Launatekjur 1977 eru frá fjármálaráðuneyti vegna tryggingaráðs 2.118 krónur, en hreinar tekjur af atvinnurekstri 3.333.984 krónur. Stefnandi kveðst hafa verið tekjulaus frá því að launagreiðslur féllu niður til hans frá stefnda á árinu 1975 til áramóta. Hann heldur því fram, að hann hafi aflað málflutningstekna sinna á árinu 1977 með að minnsta kosti tvöfalt lengri vinnutíma en hann hefði orðið að inna af hendi hjá stefnda. Hann telur, að taka verði tillit til þessa atriðis við ákvörðun bóta, ef svo fari, að dómurinn telji, að draga beri tekjur hans frá við útreikning bótanna. Hann kveðst hafa fengið lögmann til samstarfs við sig frá og með 1. febrúar sl. Hann segir laun hans til ágústloka komi til með að nema að minnsta kosti 2.800.000 krónum auk launaskatts, 3.5%, 98.000 króna, og lífeyrisgreiðslna, 168.000 króna, eða alls 3.066.000 krónum. Hann gerir ráð fyrir, að auknar tekjur af rekstri skrifstofunnar muni ekki nægja til að greiða þennan kostnaðarauka.

Stefnandi getur fallist á, að að hluta til sé tekið tillit til ákvæða 11. gr. reglna frá 2. febrúar 1971, en bendir þó á, að þau ákvæði eigi ekki allskostar við, þar sem ráðning hans hafi verið til ákveðins tíma, þótt fastráðning væri.

Kröfu um bætur fyrir miska og röskun á stöðu og högum rökstyður stefnandi með því, að í ályktun bæjarstjórnar hafi verið bornar á hann stórkostlega ærumeiðandi og refsiverðar sakir, ef sannar hefðu reynst. Hann telur þessar sakir frambornar af illfýsi í sinn garð. Hann heldur því fram, að fjölmiðlum hafi verið látnar í té upplýsingar um brottvikningu sína, áður en

honum var tilkynnt um hana, þannig að hann og fjölskylda hans hafi fyrst frétt um hana í útvarpi. Hann telur, að Morgunblaðinu og Dagblaðinu hafi verið gefnar villandi upplýsingar af hálfu stefnda um starfssvið sitt, meðal annars þannig, að því hafi verið haldið fram, að hann hefði átt að gæta hagsmuna uppboðsþola. Hann heldur því fram, að brottvikningin og ummæli í samþykkt bæjarstjórnar hafi valdið sér og fjölskyldu sinni miklum andlegum þjáningum. Í sambandi við kröfu um bætur fyrir röskun á högum og stöðu bendir hann á, að hann hafi að mestu leyti orðið að lifa á lánum í um það bil ár eftir brottvikninguna, og vísar í skattframtöl sín í því sambandi. Hann kveðst hafa orðið að hætta afskiptum af stjórnmálum af þessum sökum og segist áður hafa tekið mikinn þátt í stjórnmálastarfsemi. Hann heldur því loks fram, að brottvikningin og sakaráburðurinn hafi spillt fyrir sér í lögmannsstarfi.

Af stefnda hálfu er á það bent að því er varðar fjárkröfu stefnanda, að beiðni stefnanda um launalaust leyfi sé ekki tekin til greina við útreikninginn, ekki tekið tillit til þess, að greiðslna er krafist fyrir fram í eitt skipti fyrir allt tímabilið og ekki gerð grein fyrir öðrum tekjum stefnanda á tímabilinu.

Þá hefur verið á það bent af hálfu stefnda með tilvísun í 11. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, að stefnandi hafi verið ungur að árum, þegar honum var vikið úr starfi.

Stefnandi er fæddur 8. júní 1944. Þegar hann hóf störf hjá stefnda, hafði hann lokið tveggja vetra framhaldsnámi í hlutafélagarétti í Þýskalandi, Englandi og Danmörku. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 15. janúar 1974.

3.2.

ÁLIT DÓMSINS.

Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 2. febrúar 1971 skal, þegar bætur eru metnar, hafa til hliðsjónar ástæður starfsmanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og framkomnar málsbætur stöðuveitanda.

Við ákvörðun bóta til stefnanda fyrir fjártjón virðist að meginstefnu bera að miða við þau laun, sem stefnandi átti rétt til frá því að launagreiðslur féllu niður til hans 30. nóvember 1975 til 31. ágúst 1978, en að frádregnu því, sem ætla má, að launatekjur hans og tekjur af málflutningi á nefndu tímabili hafi

numið, en jafnframt þykir bera að hafa hliðsjón af þeim atriðum, sem greind eru í 11. gr. reglna frá 2. febrúar 1971.

Stefnandi hélt því fram við munnlegan málflutning 18. þ. m., að bæjarstjóri hefði veitt sér launalaust leyfi 7. nóvember 1975 og að hann hefði verið í launalausu leyfi frá 7. nóvember til 11. nóvember 1975. Af stefnda hálfu var þessari staðhæfingu og ályktun andmælt, en umboðsmenn aðilja kváðust hvorugur sjá ástæðu til að afla skýrslu bæjarstjóra um þetta atriði. Engin krafa hefur komið fram um endurgreiðslu launa fyrir tímabilið eftir 7. nóvember 1975. Virðist bera að byggja á því, að stefnanda hafi ekki verið veitt nefnt leyfi, en hvort sem svo hefur verið eða ekki, virðist ljóst, að stefnandi gat ekki verið í launalausu leyfi, eftir að honum hafði verið vikið úr starfi.

Þótt byggt væri á því, að stefnanda hefði verið veitt launalaust leyfi, virðist ekki koma til álita að láta hann sæta frádrætti bóta vegna þess, þegar af þeirri ástæðu, að beiðni hans byggðist á þeirri forsendu, að hann yrði ekki leystur frá störfum. Þeim mun síður kemur til álita að beita frádrætti vegna beiðni stefnanda einnar.

Þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar samkvæmt ofangreindum sjónarmiðum 1.000.000 króna með 13% ársvöxtum frá 26. mars 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Það hefur verið talið almenn regla íslensks réttar, að miskabætur yrðu ekki dæmdar án heimildar í settum lögum.

Í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga er kveðið svo á, að þann, sem að lögum eigi að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, megi dæma til að greiða þeim, sem misgert er við, fégjald fyrir þjáningar, hneisu, óþægindi, lýti og óprýði svo og fyrir röskun á stöðu og högum.

Ef maður hefur reynst sekur um meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns, er aðeins heimilað að dæma hinn seka sjálfan til greiðslu fégjalds fyrir miska og þá aðeins, ef um er að ræða refsiverða meingerð eða meingerð drýgða af illfýsi.

Af hálfu stefnanda hefur verið vitnað til dóma Hæstaréttar í 33. bindi dómasafns, bls. 900, og 40. bindi, bls. 305, til stuðnings þeirri skoðun, að heimilt sé að dæma hið opinbera til greiðslu miskabóta vegna ólögmætrar uppsagnar.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndi bera fébótaábyrgð á frávikningu stefnanda, en hins vegar er tjón hans ekki fólgið í tjóni á líkama eða frelsi.

Til álita kemur, að bæjarstjóri og bæjarfulltrúar kunni að hafa gerst sekir um refsiverða meingerð eða meingerð, drýgða af illfýsi, gegn æru stefnanda. Samkvæmt skýru ákvæði 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga kemur þá einungis til álita að dæma þá persónulega til að greiða stefnanda fégjald fyrir miska.

Nefndir hæstaréttardómar þykja ekki veita næga ástæðu til þeirrar ályktunar, að framangreind meginregla um, að miskabætur verði ekki dæmdar án heimildar í settum lögum, sé niður fallin eða að til sé að dreifa undantekningarreglu frá henni, sem hér megi beita, sbr. HRD. 1972, 923, sem þó er ekki afdráttarlaus um þetta efni.

Ekki virðist fyrir að fara öðru lagaákvæði en 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga, sem veiti heimild til að dæma stefnanda miskabætur úr hendi stefnda. Samkvæmt þessu verður að fallast á það með stefnda, að lagaheimild skorti til að fallast á kröfu stefnanda um fégjald fyrir miska, og bætur fyrir röskun á stöðu og högum koma þá ekki til álita, nema að því leyti sem slík röskun kann að hafa leitt til fjártjóns.

Það virðist vera á valdi stefnda, en ekki stefnanda, að ákveða, hvort gagnkröfur stefnda komi til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, og þar sem lækkun stefnanda á stefnukröfum virðist bundin því skilyrði, að útsvarsskuld hans falli niður, þykja ekki vera efni til að taka tillit til hennar.

4.0.

Gagnaöflun í málinu hefur að mjög litlu leyti beinst að því að upplýsa þann þátt málsins, sem lýtur að kröfu stefnda um ómerkingu og vítur. Þannig hefur ekki verið gerð grein fyrir, hvort rétt er, að bæjaryfirvöld hafi hlutast til um, að frétt um frávikningu stefnanda birtist í dagblöðum og útvarpi. Aðeins hefur verið lagt fram ljósrit af einni grein, sem sögð er hafa birst 12. nóvember 1978 í Morgunblaðinu, þar sem fram kemur, að bæjarritari hefur látið blaðinu í té ályktun bæjarstjórnar frá 11. nóvember, og er hún birt orðrétt í blaðinu. Verður ekki sagt, að þar sé um að ræða „upplognar ávirðingar".

Stefnandi virðist þannig ekki hafa haft réttmæta ástæðu til ummælanna: „Jafnframt hlutuðust bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar til þess, sbr. dskj. nr. 9, að frétt um uppsögn mína ásamt upplognum ávirðingum birtist í öllum dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi . . ." Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber að

ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Þá þykir einnig bera að ómerkja orðið rógburður.

Þá hefur verið lagt fram ljósrit af blaðagrein, sem sögð er hafa birst í Dagblaðinu 11. nóvember 1975, þar sem haft er eftir bæjarstjóra, að stefnanda hafi borið að gæta hagsmuna uppboðsþola á uppboðinu. Verður samkvæmt framansögðu að fallast á, að þessi ummæli séu villandi.

Ekki þykja efni til viðurlaga vegna ummæla stefnanda, sem lúta að þeirri skoðun hans, að þessi ummæli séu ærumeiðandi, og þegar þess er gætt, að ummæli stefnda eru viðhöfð sem liður í röksemdafærslu í málflutningsskjali og að hann hefur höfðað meiðyrðamál gegn bæjarstjóra og bæjarfulltrúum vegna ummæla í ályktun bæjarstjórnar, þykja ekki efni til viðurlaga vegna ummæla stefnanda að öðru leyti.

5.0.

Eftir framangreindum málalokum þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði, greiði fyrir hönd bæjarsjóðs Hafnarfjarðar stefnanda, Ingvari Björnssyni, 1.000.000 króna með 13% ársvöxtum frá 26. mars 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 200.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Framangreind ummæli í greinargerð stefnanda eru átalin og dæmd dauð og ómerk.

Þriðjudaginn 9. júní 1981.

Nr. 157/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Valgeir Mgnússyni
(Jón Ólafsson hrl.).

Skjalafals. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærða Valgeirs Magnússonar skotið til Hæstaréttar, en meðákærði vildi una héraðsdómi.

Af hálfu ákæruvalds hefur því verið lýst yfir, að felldir séu niður 3., 4., 6. og 7. tl. I. kafla ákæru að því er ákærða varðar. Koma þeir því eigi til álita, en héraðsdómari sýknaði ákærða af þessum ákæruatriðum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur 17. apríl 1980 dæmdur í eins mánaðar fangelsi, hegningarauka, fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 15. ágúst 1980 sakfelldur fyrir brot á 247. gr. sömu laga, en ekki gerð refsing, 9. janúar 1981 dæmdur í 4 mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga og 19. mars s. á. dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. sömu laga. Auk þess var honum með dómssátt í sama dómi 30. október 1980 gert að greiða 6.000 króna sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Eru brot ákærða heimfærð þar til réttra refsiákvæða og gætt viðeigandi ákvæða að því er varðar ákvörðun um refsingu ákærða, sbr. og 71.

gr. svo og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því leyti sem um brot gegn 248. gr. þeirra laga er að tefla.

Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um refsingu ákærða.

Ákærði hefur að öllu leyti samþykkt skaðabótakröfur þær, sem hann er í héraðsdómi dæmdur til að greiða. Verður hann því dæmdur til að greiða Pósti og síma 75.00 nýkrónur svo og aðrar þær bótakröfur, er í dómsorði héraðsdóms greinir, með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði. Einnig verður hann dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Valgeirs Magnússonar, á að vera óraskað.

Ákærði greiði Pósti og síma 75.00 krónur. Að öðru leyti eiga ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta af hálfu ákærða að vera óröskuð með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði svo og allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. febrúar 1980.

Ár 1980, föstudaginn 29. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 112—113/1980: Ákæruvaldið gegn Jóni Árnasyni og Valgeir Magnússyni, sem tekið var til dóms daginn áður.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 4. jan. sl., gegn:

1 *Jóni Árnasyni,* Írabakka 8, Reykjavík, fæddum 30. júní 1941 í Reykjavík,

2 *Valgeir Magnússyni,* nú Brautarholti 22, Reykjavík, fæddum 1. maí 1947 í Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot, framin í Reykjavík á árinu 1979, nema annars sé getið:

I. Gegn ákærðu báðum er málið höfðað fyrir að standa saman í febrúarbyrjun 1979 í Reykjavík að fölsun og notkun á sjö tékkum, sem stúlkan H. Ó. Ó. ritaði heimildarlaust með nafni Áka Karlssonar sem útgefanda og reikningsnúmeri 4217-5, en ákærði Jón ritaði einn tékkann sjálfur með sama nafni og númeri. Tékkheftinu hafði verið stolið af nefndum manni aðfaranótt miðvikudagsins 7. febrúar 1979 á Hótel Borg, en ákærði Jón náð því af stúlkunni, er hún hafði ritað tékkana sex. Tékkarnir eru allir til handhafa og dagsettir 6. febrúar nema einn 7 febrúar. Eyðublöðin eru frá Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi:

1. Nr. 957407, kr. 180.000. Framseldur af ákærða Jóni, en ákærði Valgeir reyndi með aðstoð félaga síns K. D. að selja tékkann í veitingastaðnum Halta hananum, Laugavegi 178.

2. Nr. 957412, kr. 7.500. Framseldur af ákærðu báðum og notaður til greiðslu á ökugjaldi.

3. Nr. 957413, kr. 70.000. Framseldur af ákærða Jóni og notaður í viðskiptum í skartgripaverslun Jóns og Óskars, Laugavegi 70.

4. Nr. 957414, kr. 47.000. Framseldur af ákærða Jóni, sem fékk félaga sinn M. K. til að selja hann í Sunnubúðinni, Mávahlíð 26.

5. Nr. 957415, kr. 10.000. Framseldur af ákærða Valgeir og notaður í viðskiptum í Goshúsinu, Vesturgötu 14.

6. Nr. 957417, kr. 15.000. Framseldur af ákærða Jóni og notaður í ónefndri verslun í Reykjavík.

7. Nr. 957419, kr. 46.000. Ritaður af ákærða Jóni og framseldur af honum. Notaður til greiðslu á skóm í Skóverslun Steinars Waage í Domus Medica.

Teljast verknaðir ákærðu allir varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II. Gegn ákærða Valgeir Magnússyni einum er málið höfðað fyrir að falsa eða gefa út í eigin nafni án innstæðu alls 15 tékka á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, en tékkhefti hafði ákærði að eigin sögn fundið í bifreið, sem hann vann við að hreinsa til í, en tékkhefti þessu hafði verið stolið

frá eigandanum í desember 1978. Tékkarnir eru gefnir út og notaðir í apríl 1979 í Reykjavík. Þeir eru allir til handhafa með ýmsum reikningsnúmerum:

1. Nr. 3520836, kr. 26.000, dags. 11. apríl. Nafn útgefanda og reikningsnúmer ólæsilegt. Framseldur af ákærða og notaður til greiðslu á matvörum í Kjörbúð SS í Austurveri.

2. Nr. 3520837, kr. 10.000, dags. 11. apríl. Gefinn út í eigin nafni á tilbúið reikningsnúmer 5550 og notaður í Háaleitis Apóteki, Háaleitisbraut 68.

3. Nr. 3520838, kr. 12.000, dags. 11. apríl. Nafn útgefanda Hannes Pétursson. Reikningsnúmer illa læsilegt. Notaður til kaupa á vörum á bensínstöð Shell, Hraunbæ 102.

4. Nr. 3520839, kr. 22.000, dags. 11. apríl. Sama nafn og sama að segja um reikningsnúmer og notkun.

5. Nr. 3520840, kr. 10.000, dags. 11. apríl. Gefinn út í eigin nafni og seldur í Borgar Apóteki, Álftamýri 1—5. Reikningsnúmer 14489.

6. Nr. 3520841, kr. 10.000, dags. 11. apríl. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í versluninni Faldi s/f, Háaleitisbraut 68. Reikningsnúmer 14486.

7. Nr. 3520842, kr. 10.000, dags. 11. apríl. Gefinn út í eigin nafni. Óvíst um notkun. Reikningsnúmer 14614.

8. Nr. 3520843, kr. 17.000, dags. 11. apríl. Nafn útgefanda Páll Sveinbjörnsson. Framseldur af ákærða og notaður til greiðslu á vörum í söluturninum Kaplaskjólsvegi 1. Reikningsnúmer 14014.

9. Nr. 3520844, kr. 15.000, dags. 12. apríl. Gefinn út í eigin nafni. Óvíst um notkun. Reikningsnúmer 14814.

10. Nr. 3520845, kr. 15.000, dags. 12. apríl. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í söluturninum Grensásvegi 50. Sama reikningsnúmer.

11. Nr. 3520846, kr. 10.000, dags. 12. apríl. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í biðskýlinu Sogavegi 1. Sama reikningsnúmer.

12. Nr. 3520847, kr. 28.000, dags. 11. apríl. Nafn útgefanda Páll Farestveit. Tékka þennan afhenti ákærði kunningja sínum H. S. K. í Reykjavík, en sá notaði hann til kaupa á bensíni í bensínstöðinni Torgi í Keflavík. Reikningsnúmer 16016.

13. Nr. 3520848, kr. 7.000, dags. 13. apríl. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut. Reikningsnúmer 14814.

14. Nr. 3520849, kr. 20.000, dags. 14. apríl. Gefinn út í eigin

nafni og notaður til greiðslu á vörum í versluninni Gosa, Skólavörðustíg 10. Sama reikningsnúmer.

15. Nr. 3520850, kr. 20.000, dags. 14. mars. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í Nesti h/f við Háaleitisbraut.

Teljast verknaðir ákærða í liðum 1, 3—4, 8 og 12 varða við 1. mgr. 155. gr. og liðum 2, 5—7, 9—11 og 13—15 við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Eftirtaldar fjárkröfur hafa komið fram á hendur ákærðu (vísað er í svigum til viðeigandi ákæruliðar):

Póstur og sími (I.2.): 7.500 kr.

Jón Sigurjónsson, Huldulandi 14 (I.3.): 70.000 kr.

Óskar Jóhannsson, Austurbrún 27 (I.4.): 47.000 kr. auk vaxta og kostnaðar.

Steinunn Hróbjartsdóttir, Kastalagerði 5, Kópavogi (I.5.): 10.000 kr. auk dráttarvaxta frá útgáfudegi til greiðsludags.

Sigurður Þormar, Sævargörðum 22, Seltjarnarnesi (I.6.): 15.000 kr.

Kjörbúðin Austurveri (II.1.): 26.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi til greiðsludags.

Háaleitis Apótek (II.2.): 10.000 kr.

Olíufélagið Skeljungur h/f (II.3.): 12.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags. Krafa þessi var síðar lækkuð um 7.000 kr.

Olíufélagið Skeljungur h/f (II.4.): 22.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá sýningardegi tékkans til greiðsludags.

Borgar Apótek (II.5.) 10.000 kr. ásamt kostnaði.

Verslunin Faldur s/f (II.6.): 10.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi tékka til greiðsludags.

Olíuverslun Íslands (II.7. og 9.): 10.000 kr. + 15.000 kr. ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 17. apríl 1979.

Sigurður Þ. Björnsson, Öldugötu 51 (II.8.): 17.000 kr.

Gunnar Þorbjarnarson (II.10.): 15.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi til greiðsludags.

Biðskýlið Sogavegi 1 (II.11.): 10.000 kr. auk dráttarvaxta frá útgáfudegi tékka til greiðsludags.

Bifreiðastöð Íslands h/f (II.13.): 7.000 kr. ásamt útlögðum kostnaði.

Verzlunin Gosi, Skólavörðustíg 10 (II.14.): 20.000 kr.

Nesti h/f við Háaleitisbraut (II.15.): 20.000 kr.

I. Í febrúarmánuði 1979 voru notaðir í viðskiptum hér í borg sjö tékkar, sem ritaðir eru á eyðublöð úr tékkhefti Áka Karlssonar, Efstasundi 11, og allir bera falsaða nafnritun Áka. Samkvæmt skýrslu Áka hafði hann glatað veski sínu að kvöldi þriðjudagsins 6. febr., er hann var á Hótel Borg. Hrefna Ólöf Ólafsdóttir, þá til heimilis á Selfossi, en nú á Akureyri, hefur kannast við, að hún hafi ritað sex af umræddum sjö tékkum. Hún heldur því fram, að hún hafi fundið fyrir utan Bifreiðastöð Reykjavíkur í Lækjargötu veski með ýmsum plöggum og tékkhefti. Hrefna kveðst hafa verið að koma úr skemmtistaðnum Óðali og verið mjög drukkin. Hún telur, að hún muni hafa stungið veskinu á sig, að minnsta kosti hafi hún verið með það, er hún kom heim til ákærða Valgeirs, en þangað hafi hún farið í leigubíl. Þar hafi hún svo skrifað tékkana. Hún telur sig hafa gert það af fikti, en ekki með það í huga að nota tékkana. Nafnið á tékkunum (Áki Karlsson) kveðst hún hljóta að hafa fundið á einhverjum plöggum í veskinu, því um Áka Karlsson hafi hún ekkert vitað. Hrefna kveðst svo hafa vaknað næsta dag þarna í íbúðinni og hafi hún þá munað eftir tékkunum og ætlað að eyðileggja þá, en þeir hafi þá verið horfnir. Telur hún sig ekki hafa afhent Jóni eða Valgeir þá og hún eigi engan þátt í notkun þeirra.

Ákærði Jón kveðst hafa tekið tékkheftið af Hrefnu og hann hafi svo notað tékka úr því, sem Hrefna hafði skrifað, og auk þess skrifað sjálfur einn tékka og notað.

Um notkun tékkanna þykir þetta leitt í ljós í málinu:

1. Tékka þennan reyndi Kristján Dýrfjörð, Skúlaskeiði 16 í Hafnarfirði, að selja eða að fá lán út á í veitingastaðnum Halta hananum hér í borg að kvöldi 7. febr. 1979. Hann skýrir svo frá, að hann hafi komið til ákærða Valgeirs til þess að krefja hann um greiðslu á skuld. Valgeir hafi látið hann hafa tékka þennan án þess að láta þess getið, að hann væri falsaður, en ekki synjar Kristján fyrir, að sig hafi grunað, að ekki mundi allt með felldu um tékkann. Ákærði Jón segist hafa afhent Kristjáni tékkann heima hjá Valgeir, en tékki þessi er framseldur af Jóni. Skiptum Kristjáns við afgreiðslustúlku í Halta hananum lauk þannig, að kallað var á lögreglu, og Kristján og ákærði Valgeir, sem var í fylgd með honum, komu sér þá á burt. Var tékkinn þannig ekki keyptur, og varð hann eftir í veitingahúsinu.

2. Þessi tékki er framseldur af ákærðu báðum. Um feril hans

er ekki ljóst, en hann kom fram sem greiðsla til Pósts og síma. Jón segir, að sig minni, að hann hafi látið Valgeir hafa tékka þennan, og kannast Valgeir við það og minnir sig hafa greitt leigubílstjóra með tékkanum.

3. Fyrir þennan tékka keypti ákærði Jón, sem hefur framselt tékkann, gullhálsmen í skartgripaverslun Jóns og Óskars við Laugaveg. Menið kostaði 33.000 kr., og mismuninn fékk Jón greiddan í peningum. Jón kveður Valgeir engan þátt hafa átt í notkun þessa tékka, og ekkert er heldur annað komið fram í málinu, sem bendir til þess.

4. Tékka þennan framseldi Jón og fékk félaga sinn Má Kjartansson, Gnoðarvogi 36, til þess að selja tékkann fyrir sig í Sunnubúðinni. Fram er komið, að það var heima hjá Valgeir, sem þeir Jón voru staddir, er Már tók við tékkanum, en Jón kveðst ekki telja, að Valgeir hafi átt neinn þátt í notkun tékkans, og Már kveðst ekki geta um það sagt, hvort svo hafi verið. Valgeir kannast ekki við þennan tékka.

5. Tékki þessi, sem framseldur er af Valgeir, var tekinn sem greiðsla í söluturninum Goshúsinu við Vesturgötu einhvern tíma kringum mánaðamót febrúar—mars 1979. Valgeir segir svo frá, að hann hafi fundið tékkann í dóti sínu, eftir að hann var fluttur af Grettisgötunni, og hafi hann notað tékkann til þess að kaupa fyrir hann.

6. Þessi tékki, sem framseldur er af Jóni, kom fram sem greiðsla í einhverri af verslunum, sem Sigurður Þormar, Sævargörðum 22, Seltjarnarnesi, rekur. Jón kannast við framsal sitt á tékkanum og kveðst efalaust hafa notað hann í einhverri verslun, er hann man nú ekki að greina. Ekki kemur fram í málinu, að Valgeir hafi átt þátt í notkun þessa tékka.

7. Þessi tékki ber allt aðra rithönd en þeir sex, sem lýst hefur verið. Er hann mjög illa skrifaður og nafnritun nær ólæsileg, en virðist þó helst eiga að vera Áki Karlsson. Jón kveðst sjálfur hafa skrifað þennan tékka. Hann hefur framselt tékkann með réttu nafni sínu. Fyrir tékka þennan keypti Jón skó í Skóverslun Steinars Waage. Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að Valgeir hafi átt þátt í notkun tékkans.

II. Í apríl 1979 komu fram hér í borg fimmtán tékkar, sem falsaðir höfðu verið á eyðublöð úr tékkhefti Arthúrs Karls Farestveit, Hvannalundi 19 í Garðakaupstað. Arthúr tilkynnti rannsóknarlögreglunni 20. apríl, að tékkhefti hans hefði horfið nokkru fyrir næstliðin jól úr jakkavasa hans, en jakkinn hefði hangið

í fatahengi í skrifstofu hans Bergstaðastræti 10. Heftið hefði verið í veski, sem tekið hefði verið, en í veskinu hefðu einnig verið skilríki og um 7.000 kr. í peningum.

Veskisþjófnaðurinn hefur ekki upplýst, en hins vegar er leitt í ljós, að áðurnefndir 15 tékkar eru allir ritaðir af ákærða Valgeir Magnússyni. Kveðst Valgeir vera þannig kominn að heftinu, að hann hafi verið að hjálpa kunningja sínum við að hreinsa til í bílgarmi, sem hann hafi átt og staðið hafi í Borgartúni. Þar kveðst Valgeir hafa rekist á heftið í rusli undir aftursætinu og stungið á sig án þess að láta félaga sinn vita. Félaginn, Sigurður Jóhann Skúlason, segist ekkert um þetta vita. Eins og ákæru er háttað, er ekki þörf að rekja nánar gögn um þetta atriði, en svo sem sagt hefur verið, kannast Valgeir við ritun og notkun tékkanna 15.

Tékkunum er öllum rétt lýst í ákæru. Eins og þar greinir, undirritaði Valgeir suma þeirra, þ. e. þá, sem númeraðir eru 2, 5—7, 9, 10, 11 og 13—15, með réttri nafnritun sinni, en tiltók reikningsnúmer af handahófi. Undir tékkana, sem númeraðir eru 1, 3, 4, 8 og 12, ritaði ákærði önnur nöfn. Um tékkann í 1. lið er það að segja, að nafnritun er næstum ólæsileg, skírnarnafn virðist þó helst vera Stefán.

Ákærði notaði tékkana í ákærul. 1—6, 8, 10, 11 og 13—15 í ýmiss konar staðgreiðsluviðskiptum, eins og í ákæru segir. Um notkun tékkanna í liðum 7 og 9 kveðst ákærði ekki muna, en kannast við, að hann hafi ritað þá, og efalaust hafi hann notað þá í einhvers konar viðskiptum, líklega til greiðslu á ökugjaldi. Tékkarnir hafa komið fram sem greiðsla til Olíuverslunar Íslands h/f. Tékkann í ákærulið 12 fékk Valgeir kunningja sínum Halldóri Sævari Kristjánssyni, sem síðar notaði tékkann í bensínsölunni Torgi, Keflavík. Þennan tékka greiddi Halldór síðan við rannsókn málsins.

Niðurstöður.

Telja verður sannað, að ákærðu hafi báðir staðið að notkun tékka þeirra, sem taldir eru í 1. og 2. lið I. kafla ákæru. Jón hefur notað í lögskiptum tékka þá, sem taldir eru í liðum 3, 4, 6 og 7, en ekkert er sannað um, að Valgeir hafi átt þátt í notkun þeirra tékka, og verður hann sýknaður að því leyti. Tékkann í 5. lið notaði ákærði Valgeir, en Jón verður sýknaður af ákæru um notkun þess tékka. Tékkar þessir báru allir falsaðar nafnritanir,

og varðar notkun ákærðu á þeim þá refsingu skv. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Valgeir ritaði tékka þá, sem taldir eru í II. kafla, og notaði þá í lögskiptum. Hefur hann þannig unnið til refsingar skv. 155. og 248. gr. alm. hegningarlaga, svo sem rétt er greint í ákærunni.

Ákærðu eiga báðir langan brotaferil að baki, og fer hér á eftir listi um fyrri refsidóma þeirra.

Ákærði Jón Árnason:

1958 8 mán. skilorðsb. fangelsi fyrir þjófnað
1959 1.500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot
1960 15 mán. fangelsi fyrir þjófnað
1965 7 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað
1965 1 mán. fangelsi (hegningarauki) fyrir þjófnað og hylmingu
1966 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað
1967 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað
1967 1 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað
1968 6 mán. fangelsi fyrir svik
1971 18 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað
1972 8 mán. fangelsi fyrir skjalafals
1975 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað
1975 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað
1975 Sakfelldur fyrir skjalafalsbrot, en refsing ekki dæmd. (Tveir dómar 19. des. með sams konar niðurstöðu).
1978 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað
1978 5 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik

Refsing ákærða Jóns verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga, þar sem um mörg brot er að ræða, svo og af 72. gr. sömu laga, þar sem ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður. Refsing ákveðst fangelsi 4 mánuðir.

Ákærði Valgeir Magnússon:

1967 7 mán. skilorðsb. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað
1969 1 árs fangelsi fyrir svik og skjalafals
1969 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals
1970 20 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot
1970 4 mán. fangelsi fyrir hylmingu
1971 4 mán. fangelsi fyrir hylmingu
1972 14 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals
1975 1 árs fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
1978 2 mán. fangelsi fyrir árás og brot gegn 231. gr. hegnl.

1979 45 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot
1979 (5. sept.) 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals

Refsing Valgeirs verður ákveðin sem hegningarauki skv. 78. gr. hegningarlaga, þar sem brot hans eru öll framin áður en síðasti refsidómur hans er kveðinn upp (5. sept. 1979). Höfð verður hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga, þar sem um mörg brot er að ræða, svo og 72. gr. sömu laga, þar sem ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður. Samkvæmt þessu verður refsing Valgeirs ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Fjárkröfur þær, sem lýst var í upphafi, verða teknar til greina samkvæmt því, sem nú skal rakið:

Ákærðu verða dæmdir in solidum til greiðslu á kröfu Pósts og síma. Ákærði Jón verður einn dæmdur til greiðslu á kröfum Jóns Sigurjónssonar, Óskars Jóhannssonar og Sigurðar Þormar. Ákærði Valgeir verður einn dæmdur til greiðslu á kröfu Steinunnar Hróbjartsdóttur. Þá verður Valgeir einn dæmdur til greiðslu á kröfum þeim, sem sprottnar eru af tékkum skv. II. kafla ákæru og raktar hafa verið. Við kröfur Bifreiðastöðvar Íslands og Borgar Apóteks er það að athuga, að ekki er gerð grein fyrir neinum kostnaði, og krafa verður einungis tekin til greina að því er varðar höfuðstólinn.

Þar sem vaxta hefur verið krafist án þess vaxtahæð (prósenta) sé tilgreind í kröfu, verður vaxtahæð ákveðin sama sem vextir af alm. sparisjóðsinnstæðum (31% ársvextir).

Vextir af kröfu Steinunnar Hróbjartsdóttur verða eigi taldir frá útgáfudegi, þar sem ljóst er, að tékkinn var notaður í viðskiptum alllöngu síðar. Verður miðað við sýningardag, 2. mars 1979.

Ákærðu verða dæmdir in solidum til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði Jón Árnason sæti fangelsi 4 mánuði og ákærði Valgeir Magnússon fangelsi 7 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum Pósti og síma 7.500 kr.

Ákærði Jón greiði:

1. Jóni Sigurjónssyni 70.000 kr.

2. Óskari Jóhannssyni 47.000 kr. ásamt 31% ársvöxtum frá 7. febr. 1979 til greiðsludags.

3. Sigurði Þormar 15.000 kr.

Ákærði Valgeir greiði:

1. Steinunni Hróbjartsdóttur 10.000 kr. ásamt 31% ársvöxtum frá 2. mars 1979 til greiðsludags.
2. Kjörbúðinni Austurveri 26.000 ásamt 31% ársvöxtum frá 11. apríl 1979 til greiðsludags.
3. Háaleitis Apóteki 10.000. kr.
4. Olíufélaginu Skeljungi 25.000 kr. ásamt 31% ársvöxtum frá 11. apríl 1979 til greiðsludags.
5. Borgar Apóteki 10.000 kr.
6. Versluninni Faldi s/f 10.000 kr. ásamt 31% ársvöxtum frá 11. apríl 1979 til greiðsludags.
7. Olíuverslun Íslands h/f 27.000 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 17. apríl 1979 til greiðsludags.
8. Sigurði Þ. Björnssyni 17.000 kr.
9. Gunnari Þorbjarnarsyni 15.000 kr. ásamt 31% ársvöxtum frá 12. apríl 1979 til greiðsludags.
10. Biðskýlinu Sogavegi 1 10.000 kr. ásamt 31% ársvöxtum frá 12. apríl 1979 til greiðsludags.
11. Bifreiðastöð Íslands 7.000 kr.
12. Versluninni Gosa 20.000 kr.
13. Nesti h/f við Háaleitisbraut 20.000 kr.

Ákærðu greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Þriðjudaginn 9. júní 1981.

Nr. 44/1979. **Kristján Guðmundsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
dánarbúi Guðmundar Þ. Magnússonar
(Jón Oddsson hrl.).

Búskipti. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. mars 1979. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 22.000.00 krónur (2.200.000 gkr.) auk 3% dráttarvaxta á mánuði frá 28. júlí 1978 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Guðmundur Þ. Magnússon dó hinn 25. apríl 1979. Tók þá dánarbú hans við málinu samkvæmt ákvæði 2. mgr. 54. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Eigi er ágreiningur um það, að Guðmundur Þ. Magnússon hafi í eigin nafni stofnað sparisjóðsreikning í Iðnaðarbanka Íslands h/f hinn 16. maí 1978 með innstæðu að fjárhæð 2.000.000 krónur. Eigi er heldur ágreiningur um, að til sparisjóðsinnstæðu þessarar hafi verið stofnað til þess að greiða fyrir lánveitingu bankans til áfrýjanda. Heimildarskjal fyrir sparisjóðsinnstæðu þessari afhenti Guðmundur Þ. Magnússon áfrýjanda síðar, en fyrir hinn 18. júlí 1978, er gengið var frá skiptagrundvelli í dánarbúi Ragnheiðar Magnúsdóttur. Áfrýjandi hefur ekki sannað, að Guðmundur Þ. Magnússon hafi með þessari afhendingu heimildarskjals þessa, sem áfram var skráð á nafn Guðmundar, yfirfært eignarrétt að sparisjóðsinnstæðunni til áfrýjanda.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 29. desember 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. þ. m., hefur Kristján Guðmundsson, Melási 2, Garðakaupstað, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 30. ágúst sl., á hendur Guðmundi Þ. Magnússyni, Kirkjuvegi 16, Hafnarfirði, til heimtu kröfu að fjárhæð

kr. 2.200.000 auk 3% dráttarvaxta á mánuði frá 28. júlí 1978 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Hinn 12. desember 1974 andaðist í Hafnarfirði Ragnheiður Magnúsdóttir, Hellisgötu 16, Hafnarfirði. Erfingjar hennar voru eftirlifandi eiginmaður, Guðmundur Þ. Magnússon, stefndi í máli þessu, og fimm börn þeirra hjóna, þar á meðal Kristján Guðmundsson, stefnandi í máli þessu. Ekki var sótt um búsetuleyfi, og ekki var gengið frá búskiptum fyrr en hinn 28. júlí 1978, en þá mætti hjá skiptaráðanda Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður, lagði fram skriflegt umboð frá öllum erfingjum, sótti um einkaskiptaleyfi, var veitt það þegar í stað, lagði hann þá fram skiptagerð, sem hlaut samþykki skiptaráðanda, afhenti erfðafjárskýrslu og greiddi erfðafjárskatt.

Skiptagerðin hljóðar svo:

„Ár 1978, þriðjudaginn 18. júlí, var undirbúinn skiptafundur í skrifstofu Páls S. Pálssonar, hrl., að Bergstaðastræti 14 hér í borg.

Skipta skyldi dánarbúi Ragnheiðar Magnúsdóttur, er andaðist hinn 12. 12. 1974 og félagsbúi hennar og eftirlifandi maka Guðmundar Magnússonar að Hellisgötu 16 í Hafnarfirði.

Börn hjónanna eru:

Guðbjörg Guðmundsdóttir, Hellisgötu 16, Hafnarfirði.

Sigurður Guðmundsson, Hraunbrún, Hafnarfirði.

Jón Guðmundsson, Grund í Garðabæ.

Ragnheiður Guðmundsdóttir, Hafnarfirði.

Kristján Guðmundsson, Selási 2 í Garðabæ.

Mættir eru á fundi þessum lögmennirnir Jón Oddsson og Páll S. Pálsson. Þeir hafa haldið marga fundi með erfingjum á s.l. misserum ásamt Birgi Ólafssyni, endurskoðanda, sem hefur á margvíslegan hátt aðstoðað við að finna út raunvirði eigna.

Samkomulag er orðið um það, að telja beri eignir að frádregnum skuldum dánar- og félagsbúsins alls kr. 22.000.000. Falla þá til arfs vegna Ragnheiðar heitinnar Magnúsdóttur kr. 11.000.000.

Guðmundur Magnússon hefur fallið frá að krefja til arfs eftir eiginkonu sína, þannig að arfurinn 11.000.000 skiptist á milli

barna fimm að jöfnu. Fellur þá í hlut hvers þeirra kr. 2.200.000, sem Guðmundur samþykkir að greiða í peningum nú þegar.

Ennfremur samþykkir Guðmundur að greiða þóknun samkvæmt reikningi frá lögmönnum og endurskoðanda fyrir vinnu þeirra í sambandi við skiptin.

Þá heitir Guðmundur einnig því að greiða tilskilinn erfðafjárskatt vegna barnanna allra, og skal sú fjárhæð greidd Jóni Oddssyni, hrl., sem framvísar erfðafjárskýrslu í samræmi við ofanritað til bæjarfógetans í Hafnarfirði, þannig að hægt sé að greiða erfðafjárskattinn samstundis.

Þá samþykkir Guðmundur einnig, að hvað sem líður fyrri aðstoð við börn sín, þá teljist þau nú skuldlaus við hann hvert um sig.

Lögmennirnir gengu nú frá erfðafjárskýrslu í samræmi við ofanritað. Páll hafði umboð frá Kristjáni Guðmundssyni til undirritunar fyrir hans hönd vegna brottfarar hans úr lögsagnarumdæminu, og vegna brottfarar Páls úr bænum framseldi hann umboð þetta til Jóns Oddssonar. Jón tók síðan að sér að fá umboð til undirritunar eða undirskriftar annarra erfingja undir erfðafjárskýrsluna og skiptagerð þessa, helst á morgun miðvikudaginn 19. júlí 1978.

Fleira gerðist ekki, og var fundi slitið kl. 22.00."

Sama dag og lögmaðurinn Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður afhenti skiptagerðina og skiptum lauk, þ. e. hinn 28. júlí 1978, ritaði hann stefnanda máls þessa bréf. Þar segir lögmaðurinn, að ekkillinn, Guðmundur Þ. Magnússon, hafi lagt kr. 2.000.000 inn á sparisjóðsbók í Iðnaðarbanka Íslands hinn 16. maí 1978 vegna erfingjans Kristjáns Guðmundssonar, „sbr. ávísun nr. 451406, nr. hlr. 20291, Búnaðarbanki Íslands, aðalbanki, 16. maí 1978", eins og segir í bréfinu. Jafnframt er í bréfinu vísað til þess, að erfinginn Kristján hafi umrædda bók í höndum, og sagt, að innstæða á henni sé kr. 2.000.000 auk vaxta frá 16. maí, kr. 123.968, eða samtals kr. 2.123.968. Mismuninum á þeirri fjárhæð og arfshlutanum, kr. 2.200.000, þ. e. kr. 76.032, kveðst lögmaðurinn hafa deponerað í Landsbankann þennan sama dag, hinn 28. júlí, og fylgdi deponeringarkvittunin bréfinu. Í lok bréfsins tekur lögmaðurinn fram, að erfingjanum Kristjáni sé heimil ráðstöfun á innstæðu bókarinnar, þ. á m. vöxtum, svo og hinni deponeruðu fjárhæð. Þar með telji hann uppgjöri lokið við hann vegna greinds dánarbús. Þessu vildi erfinginn Kristján ekki una, taldi, að fjárhæð sú, sem lögð var inn á umrædda sparisjóðs-

bók, væri arfsútborguninni óviðkomandi, enda hefði við skiptin orðið samkomulag um, að gefnar yrðu eftir allar skuldir barnanna við dánarbúið. Krafðist hann þess að fá þegar arfshluta sinn samkvæmt skiptagerðinni, kr. 2.200.000, greiddan í peningum, og til heimtu þeirrar kröfu er mál þetta höfðað.

III.

Stefnandi, Kristján Guðmundsson, kom fyrir dóminn hinn 2. október 1978. Í framburði hans kemur m. a. fram, að vorið 1978 þurfti hann að fá framlengingu á láni, er hann hafði í Iðnaðarbankanum. „Það var auðsótt mál, auðvitað, framlenging á láninu, ef til kæmi innlegg frá einhverjum aðila í sama banka, og þar sem talið var, að farið væri að styttast í endanlegt uppgjör (á dánarbúinu), þá fór ég þess á leit við hann (stefnda Guðmund), að hann legði inná sína eigin bók, hvað hann gerði. Það var ekki með neinum kvöðum, hvorki um tíma eða á annan hátt . . . Þessa bók geymdi hann sjálfur."

Stefndi Kristján bar enn fremur, að fáum dögum áður en gengið var frá skiptagerðinni, hefði stefndi Guðmundur svo hringt í sig og sagt: „Ég er búinn að hugsa þetta, þú færð bókina, sem ég lagði inná útaf þessu peningaláni, sem þú varst með þarna í Iðnaðarbankanum. Það eru 2 milljónir, og ég skal borga þér í peningum strax 2.2 milljónir. Með þessum úttektum og að öllu samanlögðu þá eru þetta 7 milljónir." (Óumdeilt er, að stefnandi skuldaði dánarbúinu 2.8 milljónir og að sú skuld fellur undir ákvæði skiptagerðarinnar um, að hvað sem líður fyrri aðstoð, þá teljist börnin skuldlaus við ekkilinn.

Stefnandi Kristján kveðst hafa beðið um umhugsunarfrest. „Það gekk ekki, hann vildi, að ég svaraði þessu endanlega, svo ég segi: Jæja, við skulum þá bara segja það, við hugsum okkur þetta uppgjör í þessari mynd . . . Þá kem ég á morgun, í hádeginu, ef mér snýst hugur, þá færð þú að heyra um það." Stefnandi kveðst svo hafa farið til stefnda í hádeginu daginn eftir.

„Þá er hann með bókina og lætur mig hafa hana. Hann lætur mig hafa bókina með þessum tveim milljónum í, það er þessi greiðsla, sem hann er að bjóða, síðan ætlaði hann að borga mér með ávísun, 2,2 milljónir, en segist þurfa að fara í gegnum heftið, áður en hann skrifar þessa ávísun . . . Svo ég haldi áfram þarna, þá biður hann um frest að skrifa út þessa ávísun, og ég er með kvittun til að gefa fyrir þessum greiðslum. En eins og ég segi, þá vildi hann fara ofan í sinn reikning, og það var út

af fyrir sig ekkert óeðlilegt, því að ég leit svo á, að það væri allt heiðarlegt við það, og ég hélt, að hér væri á ferðinni heilsteyptur leikur, og ég sagði honum, að þetta væri allt í lagi og ég kæmi í kvöld eða í hádeginu á morgun. Ég kom ekki um kvöldið heldur í hádeginu daginn eftir og það er líklega tveimur dögum fyrir þetta uppgjör . . . Ég kom þarna daginn eftir, og þá er Guðmundur Magnússon, að sagt er, óskaplega mikið veikur. Svo ég var ekki að fárast yfir því á nokkurn hátt. Ég sagði við stúlkuna að segja honum, að ég hefði komið og ég kæmi kannski við í kvöld eða þá á morgun, sem ég og gerði, en þá var hann ekki meira veikur en það, að hann gat kallað til hinna systkinanna þá um kvöldið og fer þá að ræða um þetta uppgjör við mig og þau. Nú, það hefur þá sjálfsagt ekki passað nógu vel, því að trúlega hefur hann þá hugsað sér þetta uppgjör í þessari mynd, að þarna mundi vera til einhver jöfnun við mig, sem að þau aftur á móti voru ekki tilbúin til að fallast á eða sættast á. Ég næ ekki til Páls, því að ég ætlaði endilega, að hann vissi þetta, hvað ég hafði fallist á, en við náðum ekki saman. Síðan næ ég til Páls, og þá er hann að tala um að ljúka þessu, og ég segi já, en ég vildi ekki tala frekar um það í símanum. Þá talar hann um, að hann þurfi að fá umboðið fyrir að taka við peningunum, og við tölum um það í símanum, að ég geri það. Síðan fer ég til hans með þetta umboð, sem hljóðar upp á tvær milljónir og tvöhundruðþúsund, þá er talað um þetta þannig, að ég er búinn að fá þessar tvær milljónir, ég tók við þessari bók þremur dögum áður, síðan á ég að fá í peningum þessar tvær milljónir og tvöhundruðþúsund."

Hið tilvitnaða umboðsskjal, sem fram hefur verið lagt í málinu, hljóðar svo:

„Ég undirritaður, Kristján Guðmundsson, gef Páli S. Pálssyni hrl. fullt umboð til þess að ljúka einkaskiptum á dánarbúi móður minnar, Ragnheiðar Magnúsdóttur, á þann hátt, að ég fái greiddar kr. 2.200.000 og teljist skuldlaus við dánarbúið.

pt. Reykjavík 19/7 '78.
Kristján Guðmundsson.

Umboð þetta framselst hérmeð Jóni Oddssyni, hrl.

Rvík, 19/7, '78.
Páll S. Pálsson."

Stefnandi var spurður:

„Þú gefur umboðið á dskj. 13 19. 7. 1978 og samdægurs framselur Páll það, en á dskj. nr. 5, skiptagerðinni, er helst að sjá

sem þetta umboð hafi legið fyrir, þegar hún er gerð, getur þú nokkuð skýrt þetta?"

Stefnandi svaraði: „Umboðið liggur ekki fyrir þann 18. Ég er búinn að hringja til Jóns, þar sem ég næ ekki í Pál, og segja honum, að það sé samkomulag um þetta og þá liggja alltaf fyrir þessar fimm milljónir, það sé samkomulag um þetta, ég tilgreini ekki meir, annað en að það megi gera þetta upp á þessum forsendum."

Spurning: „Minntist þú á sparisjóðsbókina við hann?"

Stefnandi svarar: „Nei, ég ætlaði ekkert að gera með þetta við Jón, ég segi honum, að það sé að verða samkomulag um þetta og ég hafi ekki náð í Pál, ég sé að reyna að ná til hans, því að Guðmundur Magnússon leggur áherslu á, að ég hafi samband þá við Jón."

Að lokinni aðalyfirheyrslu yfir stefnanda bað lögmaður stefnda, Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður, bókað:

„Í sambandi við það, sem mættur Kristján tók fram, þá óska ég eftir, að fram komi, að þegar gengið var frá þessu máli, þá hafði Kristján Guðmundsson ekki látið mig vita um þessar 2 milljónir, sem að hann hafði í vörslu í sambandi við þessa sparisjóðsbók, og tel ég, að öllum aðilum málsins hafi verið ókunnugt um þessa greiðslu, nema þá Guðmundi og Kristjáni. Hinsvegar tjáði Guðmundur mér eftir þetta, að Kristján hefði neitað að afhenda sér þessa greiðslu til baka, sem átti að vera tryggingafé inn á bók, og óskaði hann því eftir skuldajöfnuði í þessu sambandi, sbr. dskj. nr. 7."

Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður stefnanda, bað nú bókað:

„Þetta er rétt hjá Jóni Oddssyni, að það mun engum aðila, að því mér er kunnugt um, hafa verið kunnugt um þessa sérstöku sparisjóðsbók og sögu hennar, nema þeim feðgum, stefnanda og stefnda í þessu máli. Hitt er annað mál, að það er sannfæring mín, að það hefði ekki breytt neinu, frá minni hendi að minnsta kosti, því að það var algjört skilyrði til mín, og það kemur fram í bókuninni á skiptafundinum, að hver greiðsla, sem fram hefði farið, hvort sem það var heldur til Kristjáns eða annarra systkina, að við slæjum striki yfir það og gleymdum því, eingöngu að þessar greiðslur fari fram, það er að segja, að umbj. minn fengi þessar 2.2 millj."

Lögmennirnir óskuðu bókað, að þeir væru sammála um, að umboðið á dskj. nr. 13 hafi legið fyrir á skiptafundi 18. júlí, sbr.

dskj. nr. 5, og dagsetningin á umboðinu 19. 7. sé misritun, það eigi að vera dagsett þann 18. 7. 1978.

IV.

Fram hefur verið lagður í málinu efnahagsreikningur dánar- og félagsbúsins pr. 6. júlí 1978. Þar er svohljóðandi lið að finna um fyrri greiðslur til barnanna, og eru þær taldar meðal eigna búsins:

Kristján Guðmundsson	kr. 2.852.943
Ragnheiður Guðmundsdóttir	— 2.678.007
Jón Guðmundsson	— 1.993.402
Sigurður Guðmundsson	— 1.511.802
	Kr. 9.036.154

Það er óumdeilt, að margnefnd 2ja milljón króna sparisjóðsinnstæða er hér ekki með talin.

V.

Stefndi, Guðmundur Þ. Magnússon, kom fyrir dóminn. Hann er 78 ára gamall, fæddur 26. október 1900. Hann var svo lasburða, að ekki reyndist unnt að yfirheyra hann að neinu gagni. Þó er rétt að geta þess, að er hann var spurður: „Hvers vegna léstu Kristján hafa þessa bók?“, þá svaraði hann:

„Hversvegna? Ja, ég veit það ekki. Svo að hann gæti fengið þessa peninga út, væntanlega, arfinn. Því að hann átti að fá peninga upp í arfinn, fyrst honum lá svona mikið á þeim.“

Spurning: „Ætlaðir þú að láta hann hafa meira?“

Svar: „Nei, það er búið að fara nógu illa með mig.“

VI.

Lögmaður stefnanda reifar málið svo í stefnu:

„Jón Oddsson, hrl., og Páll S. Pálsson, hrl., gengu sameiginlega og í samráði við Birgi Ólafsson, löggiltan endurskoðanda, frá skiptum í dánar- og félagsbúi stefnds og eiginkonu hans, Ragnheiðar Magnúsdóttur, er andaðist 12. des. 1974.

Eftir mikið þras náðist fullt samkomulag, þess efnis að stefndi, sem hafði greitt börnum sínum sumum ýmsar og óvissar upphæðir, sem gjafir eða fyrirframgreiddan arf, skyldi ljúka uppgjöri í eitt skipti fyrir öll, með samkomulagsgreiðslu til hvers barns um sig.

Á skiptafundi hinn 18. júlí sl. var endanlega frá málinu gengið af lögmönnum málsaðilja, sbr. svofellda bókun:

„Fellur þá í hlut hvers þeirra kr. 2.200.000.-, sem Guðmundur samþykkir að greiða í peningum nú þegar“, eins og segir orðrétt í fundargerð.

Enn fremur síðar í sömu fundargerð:

„Þá samþykkir Guðmundur einnig, að hvað sem líður fyrri aðstoð við börn sín, þá teljist þau nú skuldlaus við hann hvert um sig.“

Þetta er gert og undirritað af lögmönnum aðilja hinn 18. júlí 1978. Í samræmi við þessa niðurstöðu er undirrituð erfðafjárskýrsla og erfðafjárskattur greiddur af stefnda vegna allra erfingjanna.

Páll S. Pálsson hrl. hafði svofellt umboð frá Kristjáni Guðmundssyni:

„Ég undirritaður, Kristján Guðmundsson, gef Páli S. Pálssyni, hrl., fullt umboð til þess að ljúka einkaskiptum á dánarbúi móður minnar, Ragnheiðar Magnúsdóttur, á þann hátt, að ég fái greiddar kr. 2.200.000.- og teljist skuldlaus við dánarbúið.“

Umboðið er dagsett 19. júlí 1978. Vegna brottfarar Páls sama dag norður í land til skammtímadvalar í sumarleyfi framseldi hann umboðið í fullu trausti til Jóns Oddssonar hrl., sem var umboðsmaður stefnds við skiptin.

Allt gekk samkvæmt áætlun. Útfyllt erfðafjárskýrsla og hver erfingi virtist fá sitt, en þó með einni undantekningu.

Stefnandi, Kristján Guðmundsson, hefur ekki enn fengið sinn skerf, kr. 2.200.000.-, en þess í stað mætt óskiljanlegum undanbrögðum af hálfu stefnds. Bréf um þau efni verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Fram hjá því verður aldrei gengið, að stefnandi máls þessa, Kristján Guðmundsson, ætlaði sér aldrei að ganga til samkomulags á þeim grundvelli, að móðurarfur hans væri lítilsvirtur og að engu gerður svo sem virtist í raun á liðnum árum, þar sem faðir hans (stefndi í máli þessu) hyglaði systkinum hans eftir hendinni, en greiddi honum ekkert fyrr en loks á þessu ári (1978), og allt féll nú í ljúfa löð. Var þá slegið striki yfir alla fortíð og látið gott heita, þótt verðgildi fyrirframgreiðslu til sumra barnanna hafi verið margfalt við það, sem nú er.

Það er *ómótmælanleg staðreynd*, að forsendur einkaskiptasamkomulagsins og umboðs stefnanda til lögmanns hans eru hreinlega þær, að hinn 19. júlí 1978 skoðist hverskonar fyrri greiðsl-

ur utan samkomulagsfjárhæðar, kr. 2.200.000.- og henni óháðar.

Það er ekki sársaukalaust, að stefnandi sér sig knúðan til þess að sækja föður sinn til efnda á gerðu samkomulagi.

En þar eð svo virðist vera, að hvorki hann né aðrir nánustu aðstandendur virðast skilja, að hér er um að ræða alvarlega *brigð* á gefnu loforði, þá verður að gera þetta ljóst með dómsorði."

VII.

Birgir Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, kom fyrir dóminn sem vitni.

Hann kvað stefnanda, Kristján Guðmundsson, hafa komið til sín á árinu 1976 með bókhaldsgögn dánar- og félagsbúsins og beðið sig að framkvæma uppgjör á því vegna fyrirhugaðra skipta. Endurskoðandinn kvaðst síðan hafa yfirfarið bókhaldið og m. a. aflað nánari upplýsinga varðandi bankainnstæður. Erfingjar hafi fengið Sigurgeir Guðmundsson iðnskólastjóra til þess að meta fasta fjármuni hússins. Niðurstaða þessa eigna- og skuldauppgjörs hafi orðið 39.451.000 krónur. Samkvæmt því hafði arfahlutur hvers barns orðið 2.630.000 krónur. Börnin hafi vefengt þetta uppgjör. Eftir marga viðræðufundi hafi ekkillinn boðist til að greiða hverju barni 3.500.000 krónur. Erfingjar hafi að lokum viljað samþykkja þetta boð aðrir en stefnandi Kristján. Mörg uppgjör hafi síðan verið gerð, en samkomulag hafi ekki náðst við Kristján og skiptin hafi því dregist. Loks hafi Kristján leitað til Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns um lögfræðilega aðstoð og ekkillinn hafi fengið Jón Oddsson hæstaréttarlögmann sér til aðstoðar. Nokkrir fundir hafi verið haldnir með lögmönnum, sá síðasti, sem endurskoðandinn mætti á, hinn 6. júlí 1978. Þá lagði endurskoðandinn fram uppgjör það, dagsett sama dag, sem lagt hefur verið fram í málinu. Þar er nettóeign búsins talin 59.881.086 krónur. Arfahlutur hvers því kr. 3.992.072. Ekki hafi náðst samkomulag á fundinum um þá fjárhæð og ekkillinn þá boðið kr. 5.000.000 til hvers erfingja. Allir erfingjar nema Kristján hafi verið viðstaddir á fundinum og viljað samþykkja þetta boð. Páll S. Pálsson, umboðsmaður Kristjáns, hafi þá á fundinum hringt í umbjóðanda sinn og sagt honum frá boðinu. Kristján hafi hafnað því. Einum eða tveim dögum eftir fundinn hafi Kristján hringt til vitnisins og sagt, að hann ætlaði að koma með gagntilboð, 7—8 milljónir. Eftir það kvaðst endurskoðandinn ekkert hafa fylgst með þessu gagntilboði eða samningum aðilja fyrr en eftir fundinn 18. júlí, en þá var endur-

skoðandinn ekki viðstaddur. Jón Oddsson hafi nokkru eftir fundinn hringt og sagt, að það hefði verið ákveðið að ganga frá þessu með 5 milljón króna greiðslu til hvers erfingja. Í öllum uppgjörum, sem endurskoðandinn gerði, hafi fyrri greiðslur til barnanna verið færðar sem skuldir, þ. e. taldar búinu til eignar, og gengið út frá því, að þær greiddust af arfshlutum, þ. e. kæmu til frádráttar þeim. Endurskoðandinn kvað Jón Oddsson síðan hafa komið til sín með skiptagerðina frá 18. júlí, og eftir henni kvaðst endurskoðandinn síðan hafa samið erfðafjárskýrslu þá, sem afhent var. Þar er arfsgreiðsla til hvers barns talin 2.2 milljónir króna.

Endurskoðandinn kvaðst hafa veitt því athygli, er hann gerði síðasta uppgjörið, að lífeyrir ekkilsins frá síðasta uppgjöri hefði virst óeðlilega hár, sér hefði sýnst, að þar vantaði handbært fé í búið, svo sem tvær milljónir. Hann kvaðst hafa bent á þetta á fundinum hinn 6. júlí, en engar skýringar komið fram af hálfu ekkilsins. Einnig kvaðst hann hafa sagt Kristjáni frá þessu í símtali því, sem hann átti við hann eftir 6. júlí, Kristján hafi þá sagt eitthvað á þessa leið: „Ja, þarna sérðu, það er ekkert að marka þessi uppgjör.“ Endurskoðandinn kvaðst ekki hafa fengið vitneskju um sparisjóðsbókina í Iðnaðarbankanum og að hún væri í höndum Kristjáns, fyrr en Jón Oddsson hafi sagt sér frá henni, eftir að gengið hafði verið frá erfðafjárskýrslunni.

VIII.

Við úrlausn máls þessa skipta eftirtalin atriði einkum máli:

1. Það kemur skýrt fram í framburði stefnanda, Kristjáns, hér fyrir dómi, að hann veitti margnefndri sparisjóðsbók viðtöku sem greiðslu upp í arfahlut (sem hann raunar ætlaðist til, að yrði að eftirgefnum skuldum meðtöldum, um kr. 7 milljónir). Hann hefur ekki haldið því fram, að hann hafi fengið innstæðuféð á bókinni að láni eða sem neins konar „fyrri aðstoð“, heldur þvert á móti lagt til grundvallar, að afhending innstæðufjárins hafi verið liður í hinu endanlega arfsuppgjöri.
2. Það kemur beinlínis fram í framburði stefnanda, að hann telur, að ástæðan fyrir því, að faðir hans dró tilboð sitt (sem raunar er ósannað, að nokkurn tíma hafi verið sett fram) til baka, hafi verið sú, að meðerfingjar hans og systkin hafi verið mótfallin þeirri tveggja milljón króna aukagreiðslu, sem stefnandi virðist telja, að í tilboðinu hafi falist. Þau hafi ekki

viljað samþykkja hana. Þau voru jafnt sem stefnandi aðiljar að skiptunum, og einkaskiptameðferð verður ekki lokið nema með fullu samkomulagi og samþykki allra erfingja.

3. Efnahagsreikningur dánar- og félagsbúsins pr. 6. júlí 1978 virðist hafa verið notaður sem helsta heimildargagnið til hliðsjónar við samninga erfingja um skiptin. Þar er umrædd 2ja millj. króna sparisjóðsinnstæða ekki talin með í þeirri fjárhæð, kr. 2.852.943, sem stefnanda er þar talin til skuldar eða hann talinn hafa fengið.
4. Það kemur fram í bókaðri yfirlýsingu lögmanna þeirra, sem um skiptauppgjörið fjölluðu fyrir hönd erfingja, að þeim var með öllu ókunnugt um, að afhending á nefndu innstæðufé hefði átt sér stað, þegar þeir gengu frá umræddri skiptagerð. Eftir því voru umboðsmennirnir ekki að semja um, að eftirgjöf á umræddu innstæðufé væri liður í skiptauppgjöri, og því síður að semja um, að innstæðuféð skyldi vera viðbótargreiðsla til erfingjans Kristjáns.
5. Í erfðafjárskýrslu er arfshlutur stefnanda, Kristjáns, talinn kr. 2.200.000, en ekki 4.200.000. Þetta tekur af allan vafa um skilning á skiptagerðinni, enda hefur því ekki verið haldið fram, að aðiljar hafi ætlað sér og beinlínis samið um að svíkja tvær milljónir króna undan erfðafjárskatti, svo sem væri, ef skiptagerðin væri skilin þannig, að samanlögð greiðsla til erfingjans Kristjáns ætti að vera kr. 4.2 milljónir.

Þegar þannig framangreind atriði svo og öll málsatvik eru virt, þá verður ekki á það fallist með stefnanda, að unnt sé að telja umrædda greiðslu til þeirrar fyrri aðstoðar stefnda við börn sín, sem ekki átti að koma til frádráttar arfshlutum. Þvert á móti er fram komið, að umrætt innstæðufé var afhent sem hluti af arfsuppgjöri við skiptalokin og verður því að teljast hluti af peningagreiðslu þeirri, kr. 2.200.000, er ekkillinn skuldbatt sig til að greiða.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Þ. Magnússon, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristjáns Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. júní 1981.

Nr. 124/1981. **Ingvar Elíasson**
gegn
Friðrik Gestssyni.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 14. gr. laga nr. 97/1978, skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1981, sem barst Hæstarétti 29. s. m. Krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta var höfðað af sóknaraðilja á bæjarþingi Hafnarfjarðar sem áskorunarmál með stefnu, útgefinni 15. apríl 1981, birtri 22. s. m., til heimtu skuldar samkvæmt 5 víxlum að fjárhæð samtals 5.000.00 krónur (500.000 gkr.) auk vaxta og kostnaðar, sem er nánar tilgreint. Í vottorði stefnuvotta, sem ritað er á stefnuna, segir, að hún sé birt fyrir móður stefnda á heimili hans Barmahlíð 6 á Akureyri.

Er málið var þingfest á bæjarþingi Hafnarfjarðar 5. maí sl., var ekki sótt þing af hálfu stefnda.

Hinn 18. maí sl. var málinu vísað frá bæjarþinginu með svofelldri áritun Finnboga Alexanderssonar, fulltrúa bæjarfógeta, á stefnuna:

„Stefndi í máli þessu, Friðrik Gestsson, er til heimilis að Barmahlíð 6 á Akureyri, þar sem stefnubirting fór fram.

Framlagðir víxlar bera með sér, að vistunarstaður þeirra er í Reykjavík.

Mál þetta er því höfðað á röngu varnarþingi, sbr. 73. gr. laga nr. 85, 1936 og 82. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 61, 1942.

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio . . .“

Víxlar þeir, sem eru grundvöllur málssóknar þessarar, eru ritaðir á eyðublöð, sem á er prentað: „Víxillinn greiðist í Sparisjóði Hafnarfjarðar, Hafnarfirði“. Á einum víxlinum hafa verið strikuð út orðin: Sparisjóði Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, og ritað í staðinn: Iðnaðarb. Rvk. Rvk. Á hinum víxlunum hefur verið strikað yfir orðin Hafnarfjarðar og Hafnarfirði og ritað Rvk. á báðum stöðum.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð vottfest yfirlýsing Ragnhildar Haraldsdóttur, Garðavegi 7 í Hafnarfirði, dags. 25. maí 1981, þess efnis, að í sambandi við tilraunir sínar til að selja hina umstefndu víxla í lánastofnunum fyrir nafngreindan mann hafi hún breytt „vistun víxlanna án nokkurs samráðs og án vitundar samþykkjanda og útgefanda . . .“.

Samkvæmt síðastgreindri yfirlýsingu verður við það að miða, að ákvæðum víxlanna um greiðslustað hafi verið breytt án heimildar, eftir að þeir voru gefnir út og samþykktir. Sóknaraðilja var samkvæmt því rétt að sækja varnaraðilja í víxilmáli á hinum rétta greiðslustað víxlanna, Hafnarfirði, sbr. 3. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 25. gr. laga 61/1942.

Af hálfu sóknaraðilja hefur verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð Hagstofu Íslands, dags. 25. maí 1981, þess efnis, að skráð aðsetur varnaraðilja samkvæmt þjóðskrá sé að Nönnustíg 6 í Hafnarfirði. Vottorði þessu virðist ætlað að sýna, að varnaraðili eigi heimili á framangreindum stað, en ekki í Barmahlíð 6 á Akureyri, eins og segir í stefnunni og fram kemur í birtingarvottorði stefnuvotta.

Vegna framlagningar hins nýja vottorðs af hendi sóknaraðilja er nú orðin sú óvissa um heimili varnaraðilja, að ekki verður fullvíst talið, að stefnuna hafi mátt birta í Barmahlíð 6 á Akureyri, svo sem gert var, fyrir öðrum en honum sjálfum. Eru því eigi efni til að fella hina kærðu frávísunarákvörðun úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.

Fimmtudaginn 18. júní 1981.

Nr. 144/1978. **Guðbjörn Guðjónsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni
f. h. Metro Shipping & Finance Limited
(Hákon Árnason hrl.).

Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1978. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað, en stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að áfrýjandi verði sýknaður, en stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

2. varakrafa: Að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að vextir af dæmdum fjárhæðum verði einungis ákveðnir 8.5% frá 12. maí 1975 til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

1. Um formhlið málsins:

Ómerkingar- og heimvísunarkröfuna rökstyður áfrýjandi á svofelldan hátt í greinargerð sinni til Hæstaréttar:

„Stefndi í máli þessu er sagður vera Metro Shipping and Finance Ltd., skrásett félag í Panama. En enginn forstjóri, stjórnarformaður né aðrir stjórnarmenn eða aðrir starfs-

menn félagsins hafa komið fram fyrir hönd félagsins, hvorki fyrir gerðardóminum í Skotlandi né sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Málið er í reynd rekið af lögfræðingafirmanu Sinclair, Roche & Temperley, án þess að það hafi lagt fram nokkur gögn því til stuðnings, að það sé rétthafi þeirra hagsmuna, sem málið fjallar um, eða að það komi fram í umboði félagsins."

Kröfugerð áfrýjanda í þessum þætti málsins er að vísu sú, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Af málflutningi þykir þó mega ráða, að hann telji þá annmarka vera á málatilbúnaði stefnda, að í raun réttri eigi þeir að valda frávísun málsins frá héraðsdómi.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, var mál þetta höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum af Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Metro Shipping & Finance Limited. Áfrýjandi hafði ekki uppi fyrir héraðsdómi frávísunarkröfu á því reista, að í stefnu málsins væru stjórnarmenn félagsins ónafngreindir eða þess ekki getið, að þeir hefðu vegna félagsins falið hæstaréttarlögmanninum málssóknina. Ekki krafðist hann heldur frávísunar málsins af öðrum ástæðum, og ekki eru neinir þeir gallar á málatilbúnaði áfrýjanda, sem sjálfkrafa eiga að valda ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun eða frávísun málsins. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 45. gr. laga nr. 75/1973, sbr. og 108. gr. laga nr. 85/1936, verður ómerkingarkrafan ekki tekin til greina.

2. Um efnishlið málsins:

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fallið frá ýmsum þeim mótbárum, sem hann hafði uppi fyrir héraðsdómi gegn kröfum stefnda í málinu. Sýknukröfu sína fyrir Hæstarétti reisir hann á eftirtöldum ástæðum:

Í fyrsta lagi, að gerðardómsmálið fyrir gerðardóminum í Glasgow svo og dómsmál þetta hafi í raun réttri verið rekin af ensku lögfræðiskrifstofunni Sinclair, Roche & Temperley sem málsaðilja. Ósannað sé, að lögfræðiskrifstofa þessi eigi þá hagsmuni, sem um er deilt í málinu. Beri því að

sýkna áfrýjanda samkvæmt 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Ekkert í málinu styður framangreinda fullyrðingu áfrýjanda. Hér er og um að ræða sýknuástæðu, sem ekki var höfð uppi fyrir héraðsdómi. Samkvæmt því er áfrýjanda ekki hald í þessari mótbáru sinni.

Í öðru lagi reisir áfrýjandi sýknukröfuna á því, svo sem hann gerði í héraði, að gerðarmenn hafi ekki báðir verið búsettir í Glasgow, eins og vera hafi átt samkvæmt gerðardómsákvæði farmsamningsins, þeir hafi farið rangt að, er þeir við meðferð gerðardómsmálsins beittu skoskum lögum, og loks, að úrskurður þeirra sé eigi rökstuddur, svo sem skylt sé að íslenskum lögum. Er hér um að ræða þær mótbárur, sem í héraðsdómi eru greindar sem 3., 4. og 10. málsástæða áfrýjanda.

Þar sem fallast má á það, sem í héraðsdómi segir um nefndar mótbárur áfrýjanda, verður sýknukrafa hans ekki heldur til greina tekin á framangreindum grundvelli.

Áfrýjandi hefur engin andmæli uppi gegn fjárhæð dómkröfu stefnda. Hann mótmælir ekki heldur sérstaklega skyldu sinni til að greiða dráttarvexti af allri fjárhæðinni frá þeim degi, sem stefndi krefst, ef sýknukröfunni verði hrundið. Einungis krefst hann þess í 2. varakröfu sinni, að þeir dráttarvextir verði tilteknir 8.5% á ári, en eigi 13% ársvextir, svo sem héraðsdómur dæmdi.

Fjárkrafa sú, er stefndi sækir í málinu úr hendi áfrýjanda, er í sterlingspundum. Fjárhæð kröfunnar er alfarið ákveðin og úrskurðuð af gerðardómi í Glasgow, sem starfað hefur eftir skoskum lögum. Að því leyti sem gerðardómurinn hefur úrskurðað áfrýjanda skylt að greiða dráttarvexti, ákvað hann þá 8.5% á ári. Ekki hafa verið færðar fram nægar ástæður fyrir því, að stefnda beri hærri dráttarvextir eftir 12. maí 1974 en fyrir þann tíma. Samkvæmt þessu verður fallist á þá varakröfu áfrýjanda, að dráttarvextir af hinni dæmdu fjárhæð eigi að vera 8.5% á ári.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur að öðru leyti en því, að vextir

af dæmdri fjárhæð verði 8.5% á ári frá 12. maí 1975 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann 12.000.00

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af hinni dæmdu fjárhæð verði 8.5% ársvextir frá 12. maí 1975 til greiðsludags.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Metro Shipping & Finance Limited, 12.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 14. júní 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. f. m., hefur Ágúst Fjeldster hæstaréttarlögmaður, Ingólfsstræti 5, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum f. h. Metro Shipping & Finance Ltd., F.s. Tapia, C. Avda Justo, Arosemana No. 3—80, Panama City, Panama, með stefnu, birtri 8. september 1977, á hendur Guðbirni Guðjónssyni, Digranesvegi 89, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum £ 8.342.60 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 12. maí 1975 til 20. nóvember 1976, með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að gerðardómurinn, sem upp var kveðinn í Glasgow þann 12. maí 1975 í gerðardómsmálinu milli málsaðilja þessa máls, verði metinn ógildur og stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda í þessu máli. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir gerðardóminum og fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur samkvæmt mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Með farmsamningi, dagsettum 14. mars 1972, tókst stefnandi á hendur þá skyldu að flytja saltfarm með m/s Marianne frá Sousse til þriggja eða fjögurra hafna á svæðinu frá Vestmannaeyjum til Breiðafjarðar samkvæmt þeim skilmálum, er í farmsamningi greinir.

Í 16. gr. farmsamningsins voru ákvæði þess efnis, að hvers konar deilum út af farmsamningnum, er upp kynnu að koma milli samningsaðilja, skyldi vísað til gerðardóms tveggja manna, þó ekki lögfræðinga. (Two persons at Glasgow not lawyers). Enn fremur var ákvæði þess efnis í téðri 16. gr., að ef gerðardómsmenn gætu eigi komið sér saman um niðurstöðu, þá skyldi ákvörðun oddamanns ráða. Slíkur oddamaður skyldi valinn af gerðardómsmönnunum, en ef þeir kæmu sér eigi saman um oddamann, þá átti að tilnefna hann af verslunarráði Glasgow eða öðru viðurkenndu verslunarráði, og skyldi ákvörðun gerðardómenda eða oddamanns vera endanleg og bindandi fyrir báða aðilja.

Olía komst í saltfarminn. Af þessu reis deila milli málsaðilja út af greiðslu farmgjalds, aukabiðdaga, skoðunarkostnaðar og skaðabóta vegna skemmda á farmi og fleira. Þessari deilu var vísað til gerðardóms, sem skipaður var tveimur mönnum, þeim Mr. Cedric Barclay, tilnefndum af hálfu stefnanda, og Mr. Cecil Alexander Carles Booth, sem tilnefndur var af „The Court of Session in Edinburgh" í samræmi við gerðardómslög Skotlands frá 1894 að beiðni stefnanda, þar sem stefndi hafði látið undir höfuð leggjast að tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu. Tilnefning gerðardómsmanns stefnanda, Mr. Cedric Barclay, fór fram í bréfi 8. desember 1972, en skipun gerðardómsmanns stefnda, Mr. Cecil Alexander Carles Booth, var gerð af fyrrgreindum dómstóli með úrskurði þar um, dagsettum 24. mars 1973.

Í bréfi lögmanns stefnda, dagsettu 16. apríl 1973, til gerðardómsmannsins Mr. C. A. C. Booth dregur lögmaðurinn í efa, að Mr. C. Barclay, sem útnefndur hafði verið sem gerðardómsmaður af hálfu stefnanda, sé hæfur til starfans, þar sem hann sé ekki búsettur í Glasgow.

Með bréfi til dómstólsins „Court of Session, Edinburgh", dagsettu 27. apríl 1973, leita gerðardómsmennirnir álits dómstólsins á þessu atriði.

Hinn 15. maí 1973 er dagsett álit nefnds dómstóls á þessari

fyrirspurn gerðardómsins. Í þessu áliti kemur fram, að útnefning gerðardómsmannsins Mr. Barclay eigi að standa óhögguð.

Hinn 11. maí 1974 úrskurðaði gerðardómurinn, að hann væri hæfur til þess að fara með mál þetta og að gerðardómurinn væri réttilega skipaður með skírskotan til framangreinds álits dómstólsins, „Court of Session í Edinburgh", er fram kom í bréfi hans, dagsettu 15. maí 1973.

Skriflegur málflutningur fór síðan fram í málinu. Lögmaður stefnda, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, sendi gerðardóminum tvær skriflegar varnargreinargerðir, hin fyrri var send í ábyrgðarpósti 4. maí 1973, en sú síðari er dagsett 18. júní 1974.

Gerðardómurinn tilkynnti lögmönnum málsaðilja, að gerðardómurinn hefði hug á, að munnlegur málflutningur færi fram í Glasgow laugardaginn 5. apríl 1975.

Með símskeyti 28. mars 1975 var Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður stefnda, beðinn um að svara því, hvort mætt yrði af hálfu stefnda við málflutninginn 5. apríl 1975. Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður svaraði með símskeyti, dagsettu 2. apríl 1975, þar sem hann kveðst ekki geta mætt 5. apríl.

Þegar í ljós kom, að Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður gat ekki mætt fyrir gerðardóminum 5. apríl 1975, var þess óskað af hálfu stefnanda, að málflutningnum yrði frestað til 3. maí 1975. Gerðardómsmenn samþykktu þessa frestbeiðni og tilkynntu aðiljum þetta formlega 7. apríl 1975, þar sem fram kemur, að málflutningur eigi að fara fram laugardaginn 3. maí 1975 í Glasgow.

Málflutningur fór síðan fram fyrir gerðardóminum á hinum tilsetta degi. Af hálfu stefnda var þá ekki mætt, og frestaði gerðardómurinn því réttarhaldi um eina klukkustund. Ekki var heldur mætt af hálfu stefnda eftir þann frest og eigi boðuð forföll af hans hálfu. Af hálfu sækjanda fór fram munnlegur málflutningur, og síðan var málið tekið til gerðardóms, án þess að sótt væri þing af hálfu stefnda.

Hinn 12. maí kváðu gerðardómendur upp dóm í málinu. Í þeim dómi er stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda í fyrsta lagi £ 5.399.49. Í öðru lagi 8½% ársvexti af gerðardómsfjárhæðinni frá 1. júní 1972 til 12. maí 1975. Stefnandi hefur reiknað út þá vexti á £ 1.353.00. Í þriðja lagi er stefnda gert að greiða kostnað gerðardómsmanna, £ 625.00. Í fjórða lagi er stefnda gert að greiða málskostnað lögmanna stefnanda. Málskostnaðarreikningur

lögmanna stefnanda er dagsettur 16. maí 1975 og er að fjárhæð £ 965.11, samtals £ 8.342.60.

Þessi fjárhæð kemur heim við dómkröfu stefnanda í þessu máli. Hún er byggð á framangreindum gerðardómi, sem stefnandi kveður hafa dæmt samkvæmt gerðardómslögum Skotlands frá 1894 (Arbitration Act, Skotland 1894). Þetta sé í samræmi við 16. gr. farmsamnings aðiljanna, þar sem öllum deilumálum, er upp kunni að koma milli aðiljanna varðandi farmsamninginn, skuli vísað til gerðardóms „two persons at Glasgow (not Lawyers)". Ágreiningur hafi komið upp milli aðiljanna, sem vísað hafi verið til gerðardóms, enda þótt stefndi hafi látið undir höfuð leggjast að tilnefna gerðardómsmann. Stefndi hafi heldur ekki látið mæta við flutning gerðardómsmálsins. Gerðardómendur hafi kveðið upp sinn dóm í samræmi við gerðardómslög Skotlands frá 1894. Sé því dómsorð þeirra allt „statt og stöðugt" með vísan til norskra laga Kristjáns V. frá 15. apríl 1687 (N. L. 1—6—1).

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram ítarleg greinargerð í máli þessu. Þar eru færð fram margvísleg rök fyrir sýknukröfu stefnda og þeirri kröfu hans, að gerðardómurinn verði metinn ógildur. Verður nú vikið að hverri málsástæðu stefnda fyrir sig.

Í fyrsta lagi byggir stefndi mótmæli sín gegn gerðardóminum á því, að það liggi fyrir í málinu, að til þess hafi verið stofnað af firmanu Frösig og Jörgensen A/S í Kaupmannahöfn, sbr. dskj. nr. 3 — c og 3 — d. Firma þetta var umboðsmaður eiganda m/s Marianne, þegar farmsamningurinn var gerður. Mótmælir stefndi því, að þetta firma hafi umboð kröfuhafa til að stofna til gerðardómsmálsins. Umboð þetta hafi að sjálfsögðu mátt sanna með því að leggja það fram í dóminum, en það hafi ekki verið gert.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að til gerðardómsmálsins hafi verið stofnað af lögfræðingunum Cedric, Roche og Temperley, í London, af hálfu eiganda skipsins, sbr. dskj. 3 — a. Það hafi hins vegar verið á misskilningi byggt, að firmað Frösig og Jörgensen A/S hafi í upphafi gerðardómsmálsins verið nefnt umboðsmaður eiganda skipsins m/s Marianne, sbr. dskj. 3 — c og 3 — d.

Dómurinn getur ekki fallist á þessi mótmæli stefnda, þar sem hann lítur svo á, að gerðardómsmálið hafi í raun verið höfðað fyrir hönd skipseiganda af lögfræðifirmanu Sinclair Roche og Temperley, Stonehouse 128—140, Bishopsgate, London, sbr. dóm-

skjal 3 — a og dskj. 23, sem er bréf nefnds lögfræðifirma til lögmanns stefnanda, dagsett 9. mars 1978.

Í annan stað heldur stefndi því fram, að það sé skilyrði fyrir höfðun gerðardómsmálsins, að sækjandi hafi ráðstöfunarrétt yfir þeim kröfum, sem hann vilji fá dóm fyrir, þ. e. að hann hafi forræði á búi sínu. Af hálfu stefnda er mótmælt, að svo sé. Byggir hann þau mótmæli sín á upplýsingum, er fram koma í bréfi á dskj. nr. 12 til Frösig og Jörgensen A/S skipamiðlara í Kaupmannahöfn frá Gruno Groningen skipamiðlara, dagsettu 12. október 1972. Þar komi fram, að stefnandi eigi ekki lengur neinar eignir, en kröfur Gruno Groningen skipti hundruðum þúsunda gyllina auk krafna Frösig og Jörgensen A/S á hendur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er viðurkennt, að hann hafi átt í fjárhagslegum örðugleikum, en hins vegar sé bú hans ekki undir gjaldþrotaskiptum. Vitnar stefnandi í því sambandi til dómskjals nr. 21, sbr. dómskjal nr. 25, sem er þýðing á skjali nr. 21. Það er vottorð, dagsett 24. ágúst 1977, frá skrifstofu opinberrar skráningar, lýðveldinu Panama. Í þessu vottorði kemur fram, að hinn 4. desember 1969 hafi fyrirtæki stefnanda verið skrásett í fimmta skjalaritaraembætti í Panamaumdæmi og að félag þetta sé enn í gildi. Þá heldur stefnandi því enn fremur fram, að stefndi hafi sönnunarbyrði fyrir því, að fyrirtæki stefnanda sé gjaldþrota.

Fallast má á það með stefnanda, að stefndi hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að stefnandi hafi ekki haft ráðstöfunarrétt á kröfu þessari, þar sem hann hafi verið eða sé gjaldþrota. Með vísan til vottorðsins á dskj. nr. 21 frá skrifstofu opinberrar skráningar í lýðveldinu Panama, sbr. þýðingu á því skjali á dskj. nr. 25, telst ósannað gegn andmælum stefnanda, að svo sé. Þessi málsástæða stefnda er því eigi tekin til greina.

Í þriðja lagi mótmælir stefndi gerðardóminum á þeirri forsendu, að hann hafi verið ranglega skipaður. Í gerðardómssamningnum sé gert ráð fyrir, að gerðardómurinn verði skipaður „two persons at Glasgow", en oddamaður skyldi skipaður af gerðardómsmönnunum sjálfum eða „Glasgow or other recognized Chamber of Commerce".

Stefndi kveðst hafa skilið þetta samningsákvæði svo, að gerðardómsmennirnir skyldu báðir vera frá Glasgow eða vera þar starfandi. Fyrir þessum skilningi séu ýmsar skynsamlegar og sjálfsagðar ástæður, sem stefndi rekur í greinargerð sinni. Því hafi það verið rangt að tilnefna Mr. Cedric Barclay, sem hafi verið búsettur í Lundúnum, sem gerðardómsmann vegna sækjanda.

Á sama hátt hefði stefndi getað tilnefnt gerðardómsmann búsettan í Reykjavík. Þennan skilning telur stefndi augljóslega rangan.

Stefnandi mótmælir þessum skilningi stefnda á gerðardómssamningnum. Í gerðardómssamningnum segi einungis, að gerðardómurinn skuli starfa í Glasgow. Hins vegar segi ekki, að gerðardómsmenn skuli vera búsettir í þeirri borg. Því hafi gerðardómurinn verið réttilega skipaður og „The Court of Session" í Edinborg hafi þegar lýst því yfir, að útnefning Mr. Barclay hafi verið gild.

Með vísan til röksemda stefnanda verður þessi málsástæða stefnda heldur ekki talin hafa við rök að styðjast.

Í fjórða lagi bendir stefndi á það, að í gerðardómsákvæði farmsamningsins sé hvergi minnst á gerðardómslögin í Skotlandi (The Arbitration Act, Scotland 1894). Stefndi kveðst ekki hafa þekkt þau lög. Þá sé heldur ekki á það minnst, að aðrir en gerðardómsmennirnir skuli ráða málsúrslitum eða að þeim hafi verið heimilt að leita álits einhvers Thomson dómara í Edinborg (hér er átt við The Court of Session í Edinborg) og fara eftir því, sbr. dskj. nr. 3 — e. Gerðardómurinn hafi því ekki unnið sjálfstætt að málinu og því beri að ógilda hann.

Stefndi samdi sig undir gerðardómsmeðferð á máli þessu í Glasgow. Það leiðir til þess, að í málinu á að beita skoskum lögum (lex fori). Þess vegna verður að ganga út frá því sem gefnu, að stefndi hafi haft vitneskju um skosk lög á þessu sviði. Hafi stefndi eigi gert það, er óhjákvæmilegt, að hann beri af því hallann. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að skv. skosku gerðardómslögunum (The Arbitration Act, Scotland 1894) sé nokkuð, sem bannar, að gerðardómsmennirnir leiti álits dómara, eins og gert var í þessu tilviki. Þegar þetta er haft í huga, verður þessari málsástæðu stefnda einnig hrundið.

Í fimmta lagi byggir stefndi mótmæli sín gegn gerðardóminum á því, að „The Court of Session" í Edinborg hafi verið beðinn um að tilnefna gerðardómsmann af hálfu stefnda, er hann lét undir höfuð leggjast að gera það sjálfur. Dómstóllinn í Edinborg hafi tilnefnt Mr. C. A. C. Booth, sem starfi í Glasgow. Hér hafi verið á ferðinni heimildarlaus aðferð við útnefningu gerðardómsmanns, sem ekki hafi einu sinni stoð í „The Arbitration (Scotland Act, 1894)", sbr. 3. tl. á dskj. nr. 4, þar sem gert sé ráð fyrir því, að dómurinn megi tilnefna annan af tveimur gerðardómsmönnum, ef málsaðili láti fyrirfarast að tilnefna mann af

sinni hálfu. Þegar rætt sé um dóm í 3. tl. ofangreindra gerðardómslaga, sé að sjálfsögðu átt við dóm í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðardómur eigi að starfa. Mótmælir stefndi því, að „The Court of Session" í Edinborg sé dómur, er hafi lögsögu í Glasgow.

Stefnandi mótmælir þessari málsástæðu stefnda. Af hans hálfu er því haldið fram, að „The Court of Session", sem hefur aðsetur í Edinborg, höfuðborg Skotlands, hafi lögsögu um gervallt landið. Nauðsynlegt hafi verið að snúa sér til þessa dómstóls til þess að fá gerðardómsmann útnefndan, er stefndi lét undir höfuð leggjast að útnefna gerðardómsmann af sinni hálfu.

Með vísan til röksemda stefnanda hér að framan svo og bréfanna á dskj. nr. 22 og 23 telur dómurinn nægilega sannað, að „The Court of Session" í Edinborg hafi verið fær um að útnefna Mr. C. A. C. Booth sem gerðardómsmann í máli þessu, þar sem dómstóll þessi hafi lögsögu í gervöllu Skotlandi. Þessari málsástæðu stefnda er því einnig hrundið.

Í sjötta lagi heldur stefndi því fram, að dráttur á málsmeðferðinni hafi verið óhæfilegur. Mr. C. A. C. Booth hafi verið útnefndur gerðardómsmaður hinn 24. mars 1973, en gerðardómurinn hafi ekki verið kveðinn upp fyrr en 12. maí 1975. Af þessari ástæðu beri að ógilda dóminn.

Af hálfu stefnanda er þessari málsástæðu stefnda mótmælt. Það hafi liðið um það bil tvö ár frá því að Mr. C. A. C. Booth hafi verið tilnefndur í gerðardóminn og þar til munnlegur málflutningur hafi farið fram í málinu. Þetta sé alls ekki óvenjulega langur dráttur. Einnig beri á það að líta, að verulegur þáttur í þessum drætti hafi stafað af því, hversu lögmaður stefnda hafi verið ósamvinnuþýður í málinu.

Dráttur í gerðardómsmálinu telst ekki hafa verið svo verulegur, að hann réttlæti ógildingu gerðardómsins.

Í sjöunda lagi byggir stefndi mótmæli sín gegn gerðardóminum á því, að samstarfi gerðardómsmanna hafi verið stórlega áfátt. Þannig sé ekki vitað til þess, að gerðardómsmennirnir hafi hist eða rætst við, fyrr en Mr. Cedric Barclay hafi gert sér ferð á hendur til Glasgow laugardaginn 3. maí 1975. Þetta hljóti að varða ógildingu gerðardómsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að gerðardómsmeðferðin í Glasgow hafi verið í samræmi við lög Skotlands, sbr. vottorðið á dskj. nr. 22, sem gefið er út af Mr. John Dunlop Urie, skoskum lögfræðingi. Vottorð þetta er staðfest notarialiter.

Dómurinn telur, að þessi málsástæða stefnda hafi ekki við nokkur rök að styðjast. Auk þess koma fram hjá lögmanni stefnda í sambandi við þessa málsástæðu og þá áttundu gersamlega ósannaðar aðdróttanir í garð gerðardómsmannsins Mr. Cedric Barclay, sem ósæmandi er fyrir íslenskan hæstaréttarlögmann að bera á borð fyrir íslenskum dómstóli.

Í 8. lagi mótmælir stefndi gerðardóminum á þeim grundvelli, að gerðardómsmaðurinn Mr. Cedric Barclay hafi ekki verið hæfur og óvilhallur gerðardómsmaður. Þar að auki komi það fram, að hann sé „experienced arbitrator" og meðlimur í „London Maritime Arbitrators Association" á líkan hátt og lögmaður stefnanda sé meðlimur í Lögmannafélagi Íslands. Hér hafi því verið á ferðinni maður, sem hafi atvinnu og afkomu af því að starfa að gerðardómsmálum. Fyrir slíka menn skipti það meira máli að vinna mál fyrir umbjóðendur sína en að kveða upp í því óvilhallan dóm.

Stefnandi hefur andmælt þessari málsástæðu með ýmsum rökum, sem ástæðulaust er að lengja dóminn með að tína til, enda telur dómurinn þessa málsástæðu stefnda fjarstæðu eina og því að engu hafandi.

Í 9. lagi krefst stefndi ógildingar gerðardómsins vegna þess, að Mr. Cedric Barclay, sem tilnefndur var gerðardómsmaður af stefnanda, hafi verið æfður og félagsbundinn gerðardómsmaður frá London. Í gerðardómssamningnum hafi verið tekið fram, að ekki skyldu lögfræðingar gera um málið. Telur stefndi, að þetta ákvæði hafi verið brotið (analogice) með tilnefningu gerðardómsmanns stefnanda.

Stefnandi mótmælir þessari málsástæðu stefnda á þeim grundvelli, að Mr. Cedric Barclay hafi ekki verið lögfræðingur svo sem bannað er í gerðardómssamningnum. Dómstóllinn er sammála stefnanda í þessu efni, og er því einnig 9. málsástæðu stefnda hrundið.

Í 10. lagi heldur stefndi því fram, að ógilda beri gerðardóminn af þeirri ástæðu, að niðurstöður hans séu óskýrar og óstuddar nokkrum rökum eða forsendum, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá árinu 1966, bls. 561.

Stefnandi mótmælir þessari málsástæðu stefnda og bendir á, að samkvæmt skoskum lögum sé eigi skylt að rökstyðja gerðardóm.

Dómurinn getur ekki fallist á, að niðurstöður gerðardómsins séu óskýrar, og þar sem það er ekki skilyrði samkvæmt skosku

gerðardómslögunum (Arbitration Scotland Act 1894), að gerðardómar séu rökstuddir, sbr. dskj. nr. 4 og 22, er þessari málsástæðu stefnda hrundið, enda á hér að dæma eftir skoskum lögum, en ekki íslenskum.

Stefndi hefur enn fremur haldið því fram, að ógilda beri gerðardóminn vegna þess, að stjórnarformaður stefnanda hafi ekki mætt fyrir rétti á Íslandi, svo sem stefndi hefur skorað á hann að gera.

Af hálfu stefnanda er þessari málsástæðu mótmælt sem þýðingarlausri.

Hér er verið að krefja um greiðslu samkvæmt gerðardómi.

Stefndi hefur ekki vefengt gildi gerðardómssamningsins. Það, sem hér skiptir því máli, er, hvort gerðardómsmenn hafa starfað í samræmi við gildandi gerðardómsreglur í Skotlandi eða hvort þeim hafa orðið á mistök í starfi sínu. Þess vegna verður ekki séð, að það hafi neina þýðingu fyrir úrslit máls þessa, að stjórnarformaður stefnanda mæti fyrir dóminum. Þessari málsástæðu stefnda er því hrundið.

Þá hefur stefndi mótmælt kröfuliðum að fjárhæð £ 1.350.00 og £ 1.215.00 sem heimildarlausum og með öllu vanreifuðum. Krefst stefndi frávísunar á þessum kröfuliðum.

Stefnandi hefur mótmælt því, að kröfuliðum þessum verði frá vísað. Kröfuliðurinn 1.350.00 £ eru vextir af hinum tildæmda höfuðstóli samkvæmt dómi gerðardómsins, þ. e. 8.5% ársvextir frá 1. júní 1972 til 12. maí 1975. Þessi kröfuliður er í samræmi við niðurstöðu gerðardómsins. Verður hann því tekinn til greina.

Varðandi kröfuliðinn £ 1.215.00 þá hefur stefnandi lækkað hann niður í £ 965.11. Sú fjárhæð er málskostnaður vegna gerðardómsmálsins frá firmanu Sinclair, Roche & Temperley. Málskostnaðarreikningur yfir þessa fjárhæð var lagður fram við munnlegan flutning málsins hinn 30. f. m. Lögmaður stefnda mótmælti þeim reikningi sem röngum og of seint fram komnum. Þau mótmæli eru ekki tekin til greina, og verður því þessi kröfuliður tekinn til greina með £ 965.11.

Að endingu hefur stefndi mótmælt vaxtakröfum stefnanda sem röngum og heimildarlausum.

Stefnandi á kröfu á vöxtum eftir 12. maí 1975 til greiðsludags, enda er gerðardómsfjárhæðin í vanskilum. Vextir þessir ákveðast 13% ársvextir.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 686.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Stefáni M. Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnanda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Metro Shipping & Finance Ltd., £ 8.342.60 með 13% ársvöxtum frá 12. maí 1975 til greiðsludags og kr. 686.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1981.

Nr. 131/1979. **M. Bernharðsson skipasmíðastöð h/f**
(Ólafur Axelsson hdl.)
gegn
bæjarsjóði Ísafjarðar
(Guðmundur Markússon hdl.).

Lóðarleigusamningur. Endurgjald fyrir mannvirki. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. júlí 1979. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 96.000.00 krónur (9.600.000 gkr.) með 19% ársvöxtum frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 46.4% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir

verða á hverjum tíma. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Mannvirki þau, sem um er fjallað í málinu, stóðu á lóðum, er Ísafjarðarkaupstaður seldi nafngreindum mönnum á leigu með skriflegum leigulóðarsamningum 23. desember 1922 og 30. júní 1925, og lóðum, sem Marzellíus Bernharðsson fékk til afnota í samræmi við samþykktir hafnarnefndar Ísafjarðar 3. ágúst 1945 og 26. ágúst 1946. Er ágreiningslaust, að áfrýjandi hafi síðar löglega eignast þann leigurétt, sem upphaflegir leigutakar áttu.

Fyrir Hæstarétti heldur áfrýjandi því ekki fram, að samþykkt nr. 171/1919 um leigu fjörulóða á Ísafirði hafi fallið úr gildi við gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Við það þykir mega miða, að áfrýjanda hafi verið heimilt, óátalið af stefnda, að nema öll mannvirki sín brott af leigulóðinni, þegar leiguafnotum hans lauk, sbr. 2. mgr. 6. gr. samþykktar nr. 171/1919.

Líta verður svo á, að í máli þessu deili aðiljar um það, hvort ákvæði 8. gr. samþykktar nr. 171/1919 um leigu fjörulóða á Ísafirði hafi orðið gildur hluti af lóðarleigusamningunum frá 23. desember 1922 og 30. júní 1925 vegna skírskotunar samninganna til hennar varðandi leiguskilmála. Telur áfrýjandi svo ekki vera. Ákvæði þetta sé það andstætt 67. gr. stjórnarskrár eða hafi að minnsta kosti ónóga stoð í lögum. Af þessu leiði, að það hafi ekki öðlast gildi sem samningsákvæði, þó að í lóðarsamningunum væri skírskotað til reglugerðarinnar. Beri stefnda eftir almennum réttarreglum að greiða sér verð mannvirkja á lóðinni að fullu.

Á þetta verður ekki fallist. Áðurgreind samþykkt hafði fullnægjandi stoð í 15. gr. laga nr. 67/1917 um bæjarstjórn á Ísafirði. Ákvæði 8. gr. samþykktarinnar fór ekki í bága við 50. gr. stjórnarskrár 5. janúar 1874, nú 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, eða ákvæði almennra laga. Skiptir ekki máli, að stefndi fékk leyfi félagsmálaráðuneytisins 12. nóv-

ember 1976 til að taka eignarnámi mannvirki áfrýjanda samkvæmt 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 og að fram fór mat eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Lauk matinu 8. mars 1978, og hefur það verið lagt til grundvallar í málinu um fjárhæðir. Er ekki sannað, að stefndi hafi með þessu móti, svo að bindandi sé að lögum, samþykkt að greiða áfrýjanda óskertar bætur án tillits til ákvæða leigulóðarsamninganna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda um greiðslu á þriðjungi verðmætis mannvirkja á lóðum, sem leigusamningar voru gerðir um 1922 og 1925.

Bogaskemma að verðmæti 40.000 nýkrónur var reist á lóð, sem áfrýjandi fékk til umráða samkvæmt samþykkt hafnarnefndar Ísafjarðar 3. ágúst 1945. Ekki var gerður sérstakur skriflegur samningur um leigu lóðarinnar. Samkvæmt framlögðum uppdrætti er hluti hennar fjörulóð í skilningi 2. mgr. 1. gr. samþykktar nr. 171/1919, og gilda þá ákvæði samþykktarinnar um lóðina alla skv. 3. mgr. 1. gr. hennar. Ber því að byggja á því, að lóðin hafi verið seld á leigu til 50 ára samkvæmt 5. gr. samþykktarinnar. Ber þá stefnda eftir 7. gr. hennar að greiða áfrýjanda fullt verð fyrir skemmuna. Þriðjungur verðmætis hennar, 13.333.35 nýkrónur, er ógreiddur, og ber stefnda að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, sem ákveðast 19% ársvextir frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 3.000 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Ísafjarðar, greiði áfrýjanda, M.

Bernharðssyni skipasmíðastöð h/f, 13.333.35 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá greiði stefndi áfrýjanda 3.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur því, er segir í atkvæði meiri hluta dómenda aftur að orðunum: „Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til . . .," en tek annars fram:

Í 8. gr. reglugerðar nr. 171/1919, sem skírskotað er til í lóðarleigusamningunum 23. desember 1922 og 30. júní 1925, segir svo:

„Leigutaki hefur forgangsrétt til leigu að leigutíma liðnum. Nú vill leigusali ekki framlengja leiguna, og er honum þá skylt að kaupa umbætur á lóðinni og öll mannvirki fyrir 2/3 sannvirðis, án tillits til legu og afrásar, eftir eignarnámsmati nema öðru vísi semjist".

Í málinu er ekki sérstaklega á því byggt, að stefndi hafi virt að vettugi rétt áfrýjanda samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar. Með hliðsjón af niðurlagi 2. mgr. greinarinnar um, að verðmæti eignanna skuli fundið með eignarnámsmati, tel ég, að ekki beri að líta svo á, að stefndi hafi fallið frá því að leggja greint ákvæði til grundvallar uppgjöri sínu við

stefnda, þó að hann hlutaðist til um, að eignarnámsmat færi fram með þeim hætti sem hann gerði.

Áfrýjandi hefur hreyft því í málflutningi, að stefnda beri, hvað sem öðru líður, að greiða sér fullt verð fyrir mannvirki á lóðarspildum þeim, sem hafnarnefnd samþykkti 1945 og 1946 að leigja Marzellíusi Bernharðssyni. Um þetta hefur hann þó enga beina dómkröfu gert, þar sem tiltekin sé sú fjárhæð, sem hann telur stefnda eiga ógoldna fyrir mannvirki þessi. Það er enn fremur óljóst eftir gögnum máls og málflutningi, hver mannvirki þessi eru, ef undan er skilin birgðaskemma, sem matsnefnd eignarnámsbóta hefur virt á 4.000.000 gkrónur. Um lóðir þessar var enginn skriflegur lóðarleigusamningur gerður, og með gögnum máls og málsreifun hefur að litlu leyti verið leitast við að leiða í ljós, með hvaða skilmálum eða til hve langs tíma lóðirnar voru leigðar. Tel ég, þegar framangreint er virt, að stefndi verði eigi dæmdur í máli þessu til að greiða áfrýjanda fyrir mannvirki á umræddum lóðum umfram það, sem hann hefur þegar gert.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en eftir atvikum sé rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Önnur aðalmálsástæða áfrýjanda fyrir héraðsdómi, sem einnig er byggt á í málflutningi fyrir Hæstarétti, er sú, að með beiðni sinni til matsnefndar, er bæjarstjórn lét fylgja ljósrit bréfs félagsmálaráðuneytisins frá 12. nóvember 1976, komi fram af bæjarins hálfu, að heimild til eignarnáms sé byggð á 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Það hafi því ekki farið á milli mála, að það hafi verið skilningur stefnda, að hann þyrfti að taka eignir áfrýjanda eignarnámi af skipulagsástæðum. Af þessu leiði, að beita beri ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem m. a. sé kveðið á um, að fullt verð skuli koma fyrir eignir, sem menn verði að láta af

hendi vegna almenningsþarfa, sbr. 1. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Ekki er ágreiningur um, hvert sé samnvirði mannvirkja þeirra, sem á hinum teknu lóðum voru, heldur aðeins um það, hvort bæta skuli þau að fullu samkvæmt mati eða aðeins að 2/3 hlutum samkvæmt 2. mgr. 8. gr. fjörulóðasamþykktar frá 5. desember 1919, sbr. ákvæði þar um í lóðarleigusamningunum frá 23. desember 1922 og 30. júní 1925.

Meðal skjala þeirra, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, eru ljósrit af bréfi menntamálaráðuneytis til bæjarstjóra Ísafjarðar, dags. 1. nóvember 1976, og ljósrit af samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar frá 2. desember 1970 um afhendingu lóðar undir byggingu Menntaskólans á Ísafirði o. fl. Í bréfi menntamálaráðuneytisins segir m. a. svo:

„Að fengnu áliti byggingarnefndar skólans og arkitekta hefur ráðuneytið ákveðið að fallast á hin breyttu lóðamörk eins og þau eru sýnd á skipulagsuppdrætti, deiliskipulag 01, 02, 03, dags. 27.8. '76 með breytingu frá 18.10. '76, enda verði hið fyrsta gerður lóðaleigusamningur milli ráðuneytisins og Ísafjarðarkaupstaðar um lóð skólans með framangreindri breytingu frá því sem áður var og ákveðið, sbr. og bréf ráðuneytisins 21.12.1970 og samþykkt bæjarráðs send ráðuneytinu í bréfi dags. 21.1.1971."

Í samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar um afhendingu lóðar undir byggingu Menntaskólans á Ísafirði o. fl. segir m. a. svo:

„A. Lóð undir Menntaskólann á Ísafirði.

Bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkti á fundi sínum 2. des. '70 eftirfarandi: „Bæjarstjórn samþykkir að afhenda nú þegar 17 þúsund fermetra lóð á Torfnesi til byggingar Menntaskólans. Lega lóðarinnar er milli Seljalandsvegar og Torfnesvegar, og frá íþróttasvæði bæjarins að lystigarði. Jafnframt skuldbindur bæjarstjórn sig til þess að fjarlægja hús þau, sem standa sjávarmegin við Torfnesveginn, og hafi lokið því innan 10 ára frá því er byggingarnefnd hefur samþykkt fyrstu byggingar Menntaskólans, og fellur þá lóðin sjávarmegin Torfnesvegar jafnóðum til Menntaskólans.

Fari svo, að eitthvert eða einhver hús neðan Torfnesvegar verði í vegi fyrir einhverjum hluta Menntaskólabyggingarinnar á nefndu tímabili, skuldbindur bæjarstjórn sig til að fjarlægja það eða þau svo fljótt sem verða má samkvæmt gildandi samningum og lögum, þannig að byggingaframkvæmdir við Menntaskólann tefjist ekki af þeim sökum, enda láti byggingarnefnd Menntaskólans bæjarstjórn vita strax og staðsetning hinna ýmsu áfanga Menntaskólans hefur verið ákveðin“.“

Sjöunda grein samþykktar um leigu fjörulóða á Ísafirði nr. 171/1919 hljóðar svo:

„Þarfnist leigusali hinnar leigðu lóðar til eigin nota, getur hann sagt leigunni upp, hvenær sem er með eins árs fyrirvara frá næstu áramótum. Skal hann þá kaupa af leigutaka mannvirki öll og umbætur á lóðinni fyrir sannvirði, samkvæmt mati“.

Framangreind bæjarstjórnarsamþykkt leiðir í ljós, að fullum 2 árum áður en hinn fyrsti af lóðarsamningum áfrýjanda á Torfnesi skyldi falla úr gildi samkvæmt ákvæðum í samningunum sjálfum er stefndi búinn að ráðstafa hinum umdeildu lóðum til Menntaskóla á Ísafirði og jafnframt að skuldbinda sig til þess að fjarlægja hús þau, sem áfrýjandi átti á lóðunum, „þannig að byggingaframkvæmdir við Menntaskólann tefjist ekki af þeim sökum . . .“.

Með þeirri ráðstöfun er áfrýjandi af skipulagsástæðum og á meðan allir lóðarsamningar hans á Torfnesi voru í gildi að nokkru leyti, sviptur notum lóðasamninga þeirra, er hann hafði, þar á meðal forgangsrétti til leigu að leigutíma liðnum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. fjörulóðasamþykktarinnar.

Er því öllum lóðarleigusamningum áfrýjanda á Torfnesi í raun sagt upp með lóðarúthlutuninni til Menntaskóla á Ísafirði hinn 2. desember 1970.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, svo og því, að stefndi fékk heimild félagsmálaráðuneytisins til þess samkvæmt ákvæðum 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 11/1972 um framkvæmd eignarnáms, að taka eignarnámi fasteignir og mannvirki í eigu M. Bernharðssonar skipa-

smíðastöðvar h/f á Torfnesi, Ísafirði, tel ég, að ákvæði 2. mgr. 8. gr. marggreindrar fjörulóðasamþykktar eigi ekki við í þessu máli, heldur ákvæði 29. gr. framangreindra skipulagslaga og 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 7. gr. fjörulóðasamþykktarinnar, þannig að fullar bætur eigi að koma fyrir hin eignarnumdu mannvirki. Kemur því eigi til álita í þessu máli, hvort skerðingarákvæði 2. mgr. 8. gr. samþykktar nr. 171/1919 um leigu fjörulóða á Ísafirði sé gilt að lögum.

Ég tel því, að taka beri til greina dómkröfur áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þó þannig, að vextir reiknist eins og segir í dómsorði.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Ísafjarðar, greiði áfrýjanda, M. Bernharðssyni skipasmíðastöð h/f, 96.000.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags og 25.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 19. apríl 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. apríl 1979, hefur M. Bernharðsson skipasmíðastöð h/f, Ísafirði, höfðað fyrir dóminum hinn 1. febrúar 1979 á hendur bæjarsjóði Ísafjarðar til greiðslu

á eftirstöðvum eignarnámsbóta kr. 9.600.000 með 19% ársvöxtum frá 1. apríl 1978 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans skv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo, að hann hafi um fjölda ára rekið skipasmíðastöð og dráttarbraut á lóð, sem hann hafi haft á leigu frá stefnda á svokölluðu Torfnesi í Ísafjarðarkaupstað samkvæmt lóðarleigusamningi frá 23. desember 1922 og lóðarleigusamningi frá 30. júní 1925 svo og samkvæmt samþykkt hafnarnefndar Ísafjarðar frá 3. ágúst 1945 og 26. ágúst 1946. Leigutíminn samkvæmt lóðarleigusamningunum hafi verið 50 ár og sá fyrri hafi runnið út 1. janúar 1973, en sá síðari 1. janúar 1975. Um viðbótarland það, sem stefnandi fékk með samþykkt hafnarnefndar 1945 og 1946 hafi ekki verið gerður lóðarsamningur. Í lóðarleigusamningunum tveimur hafi verið tekið fram, að leigusali og leigutaki skyldu báðir í öllu hlíta samþykkt um leigu fjörulóða á Ísafirði nr. 171/1919. Í samþykkt þessari segi, að fáist ekki framlengdur leigusamningurinn að leigutíma liðnum, skuli leigusali kaupa af leigutaka umbætur á lóðinni og öll mannvirki fyrir 2/3 sannvirðis eftir eignarnámsmati, nema öðruvísi semjist. Stefndi hafi ekki fengist til að framlengja lóðarleigusamningana, enda hafi hann talið sig þurfa á landinu að halda vegna byggingar menntaskóla á þessu svæði og fleiri byggingarframkvæmda. Bæjarstjórn Ísafjarðar hafi fengið heimild félagsmálaráðuneytisins til að láta taka fasteignir og önnur mannvirki stefnanda á Torfnesi eignarnámi samkvæmt 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms hafi síðan framkvæmt mat. Úrskurður matsnefndarinnar hafi verið kveðinn upp 8. mars 1978. Matsnefndin hafi metið eignirnar án tillits til skerðingarákvæðis samþykktarinnar frá 1919. Niðurstaða matsnefndar hafi orðið sú, að hún hafi metið hús á lóðinni svo og önnur mannvirki, þar með talda dráttarbraut, varnargarð og jarðvegsfyllingar, samtals á kr. 28.800.000. Stefndi hafi goldið 2/3 hluta þessarar fjárhæðar, eða kr. 19.200.000, en neitað að greiða eftirstöðvarnar, 1/3 hluta, eða kr. 9.600.000, og sé sú fjárhæð stefnukrafan í máli þessu. Stefnandi kveðst telja skerðingarákvæði fjörusamþykktarinnar ólöglegt og telur því, að

stefndi eigi að greiða fullar matsbætur. Breyti þar engu um, þótt í lóðarleigusamningunum tveim sé vitnað til skerðingarákvæðis fjörusamþykktarinnar.

III.

Málsástæður stefnanda eru einkum þessar:

1. Skerðingarákvæði 8. gr. samþykktar nr. 171/1919 gangi lengra en heimildarlög samþykktarinnar kveði á um, þ. e. lög nr. 67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar. Þess vegna sé ákvæðið ógilt.
2. Lög nr. 67/1917, sem hafi verið heimild fyrir setningu samþykktar nr. 171/1919, séu ekki lengur við líði, þar eð þeim hafi verið varpað fyrir róða með gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, nema 1. gr. laganna, sem lýtur að stærð umdæmis Ísafjarðarkaupstaðar og hafi þar af leiðandi ekki þýðingu hér. Þar með hafi grunnurinn fallið undan samþykktinni.
3. Jafnvel þótt litið yrði svo á, að samþykktin hefði næga stoð í heimildarlögum sínum, þá sé það ósamþýðanlegt 67. gr. stjórnarskrárinnar, að stefnandi fái ekki fullar bætur, og því sé skerðingarákvæðið ógilt gagnvart stefnanda.
4. Loks bendir stefnandi á, að þótt segja megi, að hann hafi goldið jáyrði við skerðingarákvæðinu með yfirtöku lóðarleigusamningsins, þá hafi það allt að einu ekki gildi gagnvart stefnanda, þar eð fyrirmæli stjórnvalds, sem sett er án nægrar stoðar í lögum, beri að meta sem óskráð samkvæmt kenningu stjórnarfarsréttarins.
5. Viðbótarlandið, sem stefnandi fékk með ákvörðun hafnarnefndar Ísafjarðar frá 1945 og 1946, sé ekki háð skilyrðum samþykktar nr. 171/1919, enda sé ekki minnst á slíkt í ákvörðun hafnarnefndarinnar. Það þýði, að stefnandi sé a. m. k. ekki háður skerðingarákvæðinu að því er varðar þetta viðbótarland og þau mannvirki, sem á því standa.

IV.

Fyrstu málsástæðu sína hefur stefnandi nánar útlistað svo í greinargerð:

„Því er haldið fram, að skerðingarákvæði samþykktarinnar sé ógilt, þar eð það gengur lengra en lögin, sem samþykktin sækir líf sitt í, réttlætingu og tilveru. Samþykktin tjáist vera gefin út með heimild í 15. gr. l. nr. 67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Í 4. mgr. 15. gr. segir, að með samþykkt, er bæjarstjórn setur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir, megi setja reglur um leiguskilmála á leigulóðum, túnaleigu og erfðafestulöndum. Jafnframt er tekið fram, að leiga af löndum þessum hafi lögtaksrétt. Í nefndum lögum er hvergi vikið að því, að heimilt sé að setja í samþykkt eða reglugerð ákvæði, er heimili bæjarstjórn að greiða aðeins hluta af sannvirði eigna, sem bæjarstjórn þarf að leysa til sín. Heimildarákvæðið í 15. gr. l. nr. 67/1917 hlýtur að taka mið af því venjulega, svo sem gert er við lagasetningu, en þegar ætlunin sé að hliðra sér hjá að greiða fullar bætur fyrir eignir, er menn þurfa að láta af hendi, þá sé það sú minnsta krafa, sem hægt sé að gera til löggjafans, að hann taki það skýrt og afdráttarlaust fram. Þessu sé ekki til að heilsa, og því hefir bæjarstjórnin lesið annað og meira út úr 15. gr. l. nr. 67/1917 en löggjafinn hafði látið sér til hugar koma. Slíkir afarkostir fyrir leigutaka í lóðarleigusamningi, sem felast í skerðingarákvæðinu, ganga gróflega í berhögg við allt réttlæti, enda fullyrt, að slíkt ákvæði eigi sér ekki hliðstæðu í lóðarleigusamningum annarra sveitarstjórna. Í greinargerðinni að frumvarpinu að l. nr. 67/1917 er ekki sérstaklega vikið að þessu skerðingarákvæði. Frumvarpsgreinin er samhljóða lagagreininni um, að heimilt sé að setja nánari skilyrði fyrir leigunni. Í umræðum um frumvarpið er og ekki einu orði vikið að þessum leigukjörum. Þegar lög heimila framkvæmdarvaldshafanum að setja nánari reglur um eitthvert málefni, sem löggjafinn fjallar um í lögum, verður að skilja það svo, ef ekki er þeim mun ljósar orðað, að löggjafinn hafi ætlast til þess, að reglurnar tækju mið af því venjulega, í þessu tilfelli leigufjárhæð, lengd leigutíma o. s. frv., en slíkt skerðingarákvæði er svo óvenjulegt, utan alfararleiðar, að það getur ekki verið gilt, auk þess sem benda má á, að orðalag 4. mgr. 15. gr. l. nr. 67/1917 um leiguskilmála á leigulóðum, túnaleigu og erfðafestulöndum, svo og lögtaksréttur fylgi leigugjaldi, gefur glögglega til kynna, hvernig löggjafinn hefir markað samþykktinni bás, og getur skerðingarákvæðið í 8. gr. samþykktarinnar engan veginn fallið innan þessara marka. Ég tel það þannig hafið yfir allan vafa, að samþykktin hefir gengið lengra en lögin að þessu leyti og því sé skerðingarákvæðið ólöglegt. Ég bendi á Stjórnarfarsrétt eftir Ólaf Jóhannesson, Almennur hluti I, Reykjavík 1974, bls. 11, þar sem tekið er fram, að fyrirmæli framkvæmdarvaldshafa verði að eiga sér stoð í lögum, a. m. k. ef þau snerta réttindi borgar-

anna, og þau mega ekki á nokkurn hátt brjóta í bág við lög og verða eigi metin gild, ef þau eru andstæð lögum eða hafa ekki næga lagastoð. Þessari reglu er almennt játað bæði af fræðimönnum og í framkvæmd. Ef handhöfum stjórnsýslu er játað of mikið frjálsræði, er réttarörygginu stefnt í hættu. Þess vegna setja lögin handhöfum stjórnsýslunnar skorður. Í sambandi við lóðarleigusamninginn og skerðingarákvæðið sem skilyrði fyrir leigusamningnum má benda á dóm hæstaréttar 1940, bls. 225: Sigurjón Fjeldsted gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Í máli þessu stóð þannig á, að borgaryfirvöld bundu byggingarleyfi því skilyrði, að viðkomandi léti lóðarspildu endurgjaldslaust af hendi undir götu. Taldi hæstiréttur, að borgaryfirvöld brysti að lögum heimild til að binda byggingarleyfið slíku skilyrði (valdníðsla). Einnig má benda á dóm hæstaréttar 1933, bls. 363: Bæjarstjórn Ísafjarðar gegn Jóni S. Edvald, þar sem fram kemur sú megin regla, að þegnarnir verði ekki krafðir um greiðslu verðmæta fyrir afnot af eignum hins opinbera, nema heimild sé til þess í lögum. Sjá og Stjórnarfarsrétt eftir Ólaf Jóhannesson, Almennur hluti II, Reykjavík 1974, bls. 89—90. Vert er að vekja athygli á l. nr. 75/1917 um útmælingu lóða í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o. fl. Samkvæmt þessum lögum eiga menn rétt á að fá útmældar lóðir til atvinnurekstrar, m. a. útvegs, sbr. 1. gr. laganna. Ef lóðin er tekin á leigu, gerir 2. gr. laganna ráð fyrir, að dómkvaddir menn meti leiguna, enda ákveði lögreglustjóri ásamt dómkvöddum mönnum leigutímann. Þessi lög, sem eru frá sama ári og l. nr. 67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar, víkja ekki einu orði að slíku skilyrði fyrir leigusamningi og getur í 8. gr. samþykktar nr. 171/1919.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið rakið, er ljóst, að lagaheimild þarf til, ef ætlunin er að setja það sem skilyrði fyrir ívilnandi stjórnarathöfn, að þegninn greiði gjald eða láti af hendi einhver verðmæti. Slíkri lagaheimild var ekki til að dreifa, þegar það var sett sem skilyrði fyrir leigu fjörulóðarinnar, sem um er að ræða í þessu máli, að leigutakinn yrði að sætta sig við 2/3 hluta af sannvirði eigna sinna. Þess vegna er skerðingarákvæðið ógilt gagnvart stefnanda."

Þessari röksemdafærslu stefnanda hefur stefnandi (svo) veitt svofelld andsvör í greinargerð:

„Stefnandi hefur í löngu máli í greinargerð sinni reynt að sýna fram á, að samþykktin nr. 171/1919 gangi lengra en heimilt var skv. þágildandi lögum um bæjarstjórn Ísafjarðar nr. 67/

1917. Þessu er alfarið mótmælt, en þó svo væri, skiptir það ekki nokkru máli, þ. e. lóðarsamningurinn er tvíhliða samningur milli aðilanna og því „frjáls" samningur. Hér er ekki um einhliða fyrirskipanir eða reglur bæjarstjórnarinnar að ræða . . . Vitað er, að hinir upprunalegu samningsaðilar, sem fengu fjörulóðina á leigu, hafa verið hæstánægðir með ákvæði samningsins. Þessi vissa byggist á því, að þeir hafa á þessum tíma fengið úthlutaða lóð undir skipabraut, þ. e. slipp, á stað, sem forsjálir menn hlutu að sjá, að mundi innan nokkurra áratuga verða í hjarta bæjarins, eins og nú er raunin orðin á. Það hagræði að hafa slippinn þarna svo nálægt byggð kaupstaðarins sparaði eigendum að sjálfsögðu gífurlegt fé með tilliti til þess, hve stutt var fyrir þá, er unnu við fyrirtæki þetta, að sækja vinnu, og hafa eigendur slippsins áreiðanlega aldrei þurft að kosta neinu til um flutninga vinnufólks að þessu leyti. Ýmislegt fleira hagræði var af því að fá skipabrautina lagða þarna, m. a. stór sparnaður við byggingu brautarteinanna í sjó fram . . .

Bæjarstjórn Ísafjarðar var fullheimilt að gera samþykkt um leigu fjörulóða sem og annarra lóða á Ísafirði árið 1919, og þar að auki var samþykktin nr. 171/1919 staðfest af atvinnusamgöngumáladeild Stjórnarráðsins hinn 5. des. 1919.

Vita gagnlaust er fyrir stefnanda að halda því fram, að „hinu opinbera", þ. e. bæjarfélagi með fulltingi Stjórnarráðsins, hafi verið óheimilt að setja ákveðið skilyrði eða takmarkanir í lóðarleigusamninga. Um þetta atriði hefur verið dæmt í Hæstarétti og dómurinn birtur í dómasafni 1972, bls. 657. . . .

Ekki er vitað til, að stefnandi hafi gert neinn fyrirvara um það við stefnda, þegar hann öðlaðist réttinn yfir umræddum lóðum og mannvirkjum, að hann áskildi sér annan eða meiri rétt en forveri hans átti skv. framlögðum samningum eða að stefnandi hafi mótmælt þeim ákvæðum, sem í þeim lóðarleigusamningum voru.

Eigi verður því séð, hvaðan stefnanda kemur heimild til þess nú, meira en 50 árum liðnum frá því að Bárður G. Tómasson, skipaverkfræðingur o. fl. undirrituðu margnefnda fjörulóðarleigusamninga í votta viðurvist, að gera nú um það kröfu, að hluti af ákvæðum þessara samninga sé dæmdur ógildur."

Aðra málsástæðu sína hefur stefnandi nánar reifað svo:

„Bent er á, að 1. nr. 67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar, sem er heimild samþykktar nr. 171/1919, voru felld úr gildi með sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961, 110. gr., nema 1. gr. laganna,

er varðar stærð umdæmis Ísafjarðarkaupstaðar og hefir því ekki þýðingu í þessu sambandi. Samkvæmt heimild í sveitarstjórnarlögunum var sett samþykkt nr. 200/1971 um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar, sem var úr gildi numin með samþykkt nr. 359/1975 um sama efni. Hvorki í sveitarstjórnarlögunum né þessum samþykktum er vikið einu orði að því, að heimilt sé að setja í leigusamninga ákvæði á borð við það, sem er í 8. gr. samþykktar nr. 171/1919. Spurning er, hvernig fari um gildi reglugerðar eða samþykktar, sem sett er með stoð í lögum A, sem felld hafa verið úr gildi með yngri lögum, B, um sama efni, án þess að tekin sé afstaða í lögum B til þess, hvernig með skuli fara eldri reglugerðir eða samþykktir. Kennt er í lögfræðinni, að eldri reglugerðir haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í berhögg við reglur yngri laga. Ég tel, að þar eð hvorki sé að því vikið í sveitarstjórnarlögunum, að sveitarstjórn hafi heimild til að setja slík skilyrði fyrir lóðarleigusamning og hér er til umfjöllunar, og né heldur í samþykktunum um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðar og að ofan getur hafi þá samþykkt nr. 171/1919 fallið úr gildi um leið og l. nr. 67/1917 voru felld úr gildi. Sjá bók Ármanns Snævarr, Almenn lögfræði, fyrra bindi, Reykjavík 1972, bls. 185."

Andsvör stefnda eru á þessa leið:

„Öllum bollaleggingum stefnanda um, að fjörulóðarsamþykktin nr. 171/1919 hafi fallið úr gildi, er lögin nr. 67/1917 voru felld úr gildi með lögum nr. 58/1961, er mótmælt, þar sem tilgangur þeirra laga var eingöngu að setja almennan lagabálk, er koma skyldi í stað hinna mörgu sérlaga, er giltu um hvert sveitarfélag á landinu. Ætlunin með þessum nýja lagabálki var ekki að breyta réttarskipuninni í sveitarfélögunum.

Í sveitarstjórnarlögunum nr. 58/1961 er sveitarstjórnum enn veitt heimild til að setja samþykktir um ýmis atriði, án þess að vikið sé einu orði að skilmálum, sem slíkar samþykktir skulu lúta. Þess vegna stenst eigi sú lögskýring, að l. 67/1917 og samþykktinni nr. 171/1919 hafi verið „varpað fyrir róða", þ. e. að um stefnubreytingu hafi verið að ræða með setningu hinna nýju sveitarstjórnarlaga.

Lagabreytingin skiptir þar að auki engu máli, þar sem tilvikið, sem um er fjallað í þessu máli, gerðist í tíð eldri laga, og ber því að skera úr samkvæmt þeim lögum, sbr. dæmi það, sem nefnt er í Alm. lögfræði I, bls. 194.

Sjálfur tilnefnir stefnandi þá megin reglu, að reglugerðir haldi

gildi sínu, þótt lögum, sem þær byggjast á, sé breytt, nema þær gangi í berhögg við hin yngri lög, en svo er ekki í því tilviki, sem hér um ræðir.“

Um hina þriðju málsástæðu sína segir stefnandi svo í greinargerð:

„Eins og fram kemur í úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta á dskj. nr. 4, bls. 1, fór stefndi þess á leit við matsnefndina, að hún framkvæmdi eignarnámsmat á eignum stefnanda á lóðinni á Torfnesi. Með beiðni sinni til matsnefndar lét stefndi fylgja ljósrit bréfs félagsmálaráðuneytisins frá 12. nóvember 1976, sbr. dskj. nr. 11, en í því kemur fram, að heimildin til eignarnámsins er byggð á ákvæðum 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, en í þessari lagagrein segir svo:

„Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki ráðherra, að taka eignarnámi landsvæði (fasteignir) innan sveitarfélagsins, ef skipulagsstjórn telur það nauðsynlegt vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins.“ Það fer þannig ekki milli mála, að það var skilningur stefnda, að hann þyrfti að taka eignir stefnanda eignarnámi af skipulagsástæðum. Í stefnunni á dskj. nr. 1 er greint frá því, að eignarnámið þyrfti að gera vegna byggingar menntaskóla á landinu. Af þessu leiðir, að hér koma til athugunar ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem m. a. er kveðið svo á, að fullt verð skuli koma fyrir eignir, sem menn verða að láta af hendi vegna almenningsþarfa. Fullt verð samkvæmt eignarnámsmati fyrir eignir stefnanda á Torfnesi var kr. 28.800.000. Það er því ekki samþýðanlegt 67. gr. stjórnarskrárinnar, þegar stefndi vill aðeins greiða 2/3 hluta matsverðs. Skerðingarákvæði er þannig bersýnilega ógilt einnig af þessari ástæðu.“

Í greinargerð stefnda segir:

„Um þá aðferð að biðja matsnefnd eignarnámsbóta að meta eignirnar, sbr. rskj. nr. 4, er það að segja, að hvorttveggja var, að hinir upprunalegu fjörulóðarsamningar frá 1922 og 1925 voru báðir útrunnir og urðu ekki endurnýjaðir, og af skipulagsástæðum leið óðum að því, að mannvirki yrðu í vegi fyrir byggingu menntaskólans á Ísafirði.

Ekkert var því eðlilegra en að biðja áminnsta matsnefnd að meta sannvirði eigna stefnanda, *enda er það í fullu samræmi við ákvæði hinnar margumræddu samþykktar um leigu fjörulóða á Ísafirði frá 1919.*

Þessi aðferð sætti ekki andmælum matsþola þá, og hefur hann

raunar enga athugasemd gert við þá aðferð, sem við var höfð að komast að sannvirði eignanna, sbr. rskj. nr. 4, og tók hann fullan þátt í þeirri málsmeðferð.

Loks skal minnst á nokkur tilvik eða nokkrar tegundir tilvika, þar sem aðilar semja með sér: t. d. að maður fái að reisa hús á lóð eða flytja hús á tiltekna lóð gegn því, að hann fjarlægi það bænum (bæjarfélaginu) að kostnaðarlausu, þegar krafist verður. Eða: maður tekur á leigu húsnæði og innréttar það annað hvort til íbúðar eða atvinnureksturs, en að leigutíma loknum (sem oftast nær er tiltekinn lágmarkstími) fellur innréttingin án endurgjalds til húseiganda.

Þessi dæmi eru um tvíhliða samninga.

Löggjafinn hefur meira að segja sett lög, þar sem menn fá ekki fullar bætur eigna sinna, án þess að það hafi verið talið brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Má þar nefna 4. gr. l. 25/1923: „Þegar fyrirskipaður er niðurskurður á nautgripum eftir lögum þessum, skal ríkissjóður greiða sem svarar 1/3 andvirðis kjötkroppa.“ Í lögum 23/1956 er sauðfjárveikivarnarnefnd sjálfri heimilað að ákveða bætur fyrir eignarskerðingu, sbr. 13. gr., 3. mgr., 14. gr. og 23. gr. s. l.“

Fjórðu málsástæðu sína reifar stefnandi þannig:

„Það má gera því skóna, að helsta málsvörn stefnda verði sú, að skerðingarákvæði sé hluti af lóðarleigusamningum milli aðila, sem sé þá samningsákvæði einkamálaréttarlegs eðlis og því sé það gilt sem samningsákvæði. Þetta fær ekki staðist, þar eð skerðingarákvæðið felur í sér fyrirmæli stjórnvalds, fyrirmæli, sem varða réttindi þegnanna, og þess vegna verða fyrirmælin að eiga næga stoð í lögum. Þessu er ekki að heilsa í þessu máli, svo sem sýnt hefir verið fram á, og því ber að meta þetta skilyrði í 8. gr. samþykktarinnar sem óskráð, sem markleysu. Sjá bók Ólafs Jóhannessonar: Stjórnarfarsréttur, Almennur hluti I, Reykjavík 1974, bls. 11, og sama bók, Alm. hluti II, bls. 91. Þannig ber allt að sama brunni um lögleysi þess, að stefndi haldi eftirstöðvum eignarnámsbótanna fyrir stefnanda.“

Andsvör stefnda við þessari málsástæðu eru á sömu leið og svör hans við fyrstu málsástæðu, sem rakin eru hér að framan.

Um fimmtu málsástæðu sína segir stefnandi:

„Lóðarleigusamningarnir á dskj. nr. 5 og 6 bera það með sér, að leigutaki varð að hlíta samþykkt nr. 171/1919 um leigu fjörulóða. Hins vegar var aldrei gerður lóðarleigusamningur við stefnda um viðbótarlandið, sem hann fékk samkvæmt ákvörðun

hafnarnefndar Ísafjarðar, og í ákvörðun hafnarnefndarinnar, sbr. dskj. nr. 8 og 9, eru engar hugleiðingar uppi um það, að vísa eigi í væntanlegum lóðarleigusamningum til samþykktar nr. 171/1919. Af þessu leiðir, að stefnandi er alls ekki háður skerðingarákvæðinu að því er varðar mannvirki hans á þessum hluta landsins. Þetta viðbótarland, sem fékkst 1945, var 1564 m^2, og viðbótarlandið, sem fékkst 1946, var 385 m^2. Viðbótarlandið var að hluta til notað undir birgðaskemmu, sem stefndi reisti á landinu, og ennfremur var viðbótarlandið frá 1946 notað fyrir garða til hliðarsetningar báta. Sjá í þessu sambandi bls. 7 í úrskurði matsnefndar á dskj. nr. 4. Bogaskemman, sem reist var á viðbótarlandinu, var metin á kr. 4.000.000, sbr. dskj. nr. 4, bls. 27. Ekki verður ráðið af matinu, sbr. bls. 27—28, hvað hliðargarðarnir, sem byggðir voru á viðbótarlandinu, er fékkst 1946, gera stóran hluta í matsupphæð. Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið, er ljóst, að stefnandi hefir aldrei samið sig undir ákvæði samþykktar nr. 171/1919, að því er varðar hluta af þeim mannvirkjum, sem tekin voru eignarnámi, og því ekkert hald í því fyrir stefnda að vitna til samþykktarinnar."

Hér um segir stefndi:

„Varðandi hina tvo viðbótarlóðarskika, sem stefnandi fékk til afnota samkvæmt samþykktum hafnarnefndar Ísafjarðar á sínum tíma, sbr. rskj. nr. 7, 8 og 9 í þessu máli, er það að segja, að þeir lóðarskikar falla undir síðustu málsgrein 1. greinar hinnar umræddu samþykktar um leigu fjörulóða á Ísafirði frá 5. desember 1919, nr. 171, en þar segir: „Öll ákvæði samþykktar þessarar um fjörulóðir gilda einnig um land, sem látið er af hendi með fjörulóð til afnota í sambandi við hana." Mun það óumdeilt, að lóðarskikar þeir, sem látnir voru af hendi síðar, þ. e. 1945 og 1946, voru til afnota í sambandi við hinar upphaflegu fjörulóðir. Með því að enginn sérstakur samningur var gerður um þessar síðari lóðarspildur, fer ekki milli mála, að réttindi stefnanda yfir þeim voru hin sömu og yfir hinum upphaflegu fjörulóðum.

Á það, skal sérstaklega bent, að við matsgjörð þá, sem matsnefnd eignarnámsbóta framkvæmdi og lögð hefur verið fram hér á rskj. nr. 4, virðist stefnandi eða fyrirsvarsmenn hans engum tilmælum hafa beint í þá átt, að þessir síðari viðbótarskikar og þau mannvirki, sem á þeim voru, yrðu metin sérstaklega. Er því sérstöðu þessara mannvirkja í þessu máli alfarið vísað á bug."

V.

Þriðja málsgrein (sic) 15. gr. laga nr. 67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar hljóðar svo:

„Með samþykkt, er bæjarstjórn setur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir, má setja reglur um leiguskilmála á leigulóðum, túnaleigu og erfðafestulöndum. Leiga af löndum þessum hefur lögtaksrétt."

Áttunda grein samþykktar um leigu fjörulóða á Ísafirði, nr. 171/1919, hljóðar svo:

„Leigutaki hefur forgangsrétt til leigu að leigutíma liðnum. Nú vill leigusali ekki framlengja leiguna og er honum þá skylt að kaupa umbætur á lóðinni og öll mannvirki fyrir 2/3 sannvirðis, án tillits til legu og afrásar,[1]) eftir eignarnámsmati nema öðru vísi semjist."

Hinn 23. desember 1922 og hinn 30. júní 1925 gerði þáverandi bæjarfógeti á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar tvo leigusamninga við Bárð G. Tómasson og fleiri um leigu á fjörulóðum liggjandi á Torfnesi á Ísafirði. Lóðarleigusamningar þessir hafa verið lagðir fram í málinu á rskj. nr. 5 og rskj. nr. 6. Í báðum þessum samningum er auk lóðarstærðar o. fl. sagt: „Leigusali og leigutaki skulu báðir í öllu hlýta samþykkt um leigu fjörulóða á Ísafirði frá 5. des. 1919 . . ." Leigutíminn er í báðum þessum samningum ákveðinn 50 ár, í þeim fyrri frá 1. janúar 1923, en í þeim síðari frá 1. janúar 1925.

Þótt stefnandi þessa máls hafi ekki lagt fram afsöl eða framsöl þessara leigulóðarsamninga til sín er því ekki mótmælt af hálfu stefnda, að stefnandi hafi á sínum tíma fengið framseldan til sín leiguréttinn yfir fjörulóðunum skv. áminnstum samningum.

VI.

Álit réttarins.

Svo sem að framan er rakið, er í hinum umdeildu lóðarleigusamningum beinlínis vísað í hina margnefndu fjörulóðarsamþykkt, sem þá var aðens fárra ára gömul, og óvefengjanlegt, að

---

1) Stefndi telur, að afrás þýði hér arður eða hagnaður eða eitthvað því um líkt og merking orðasambandsins sé: Án þess að tillit sé tekið til hagræðis af legu lóðarinnar svona nálægt sjó.

Blöndal: Afrás: 1. afrennsli, udløb, 2. flot, madfedt, 3. afkoma, udbytte.

leigutaki vissi um það efnisatriði hennar, sem hér reynir á. Það verður því að líta svo á, að umrætt ákvæði 8. gr. samþykktarinnar sé hluti af samningum þeim, einkaréttarlegs eðlis, er aðiljar gerðu með sér um leigu á umræddri lóð. Ekki hefur verið sýnt fram á, að umræddir samningar séu, að því leyti er hér skiptir máli, haldnir neinum þeim annmörkum, að ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936 eða aðrar reglur samningaréttarins um ógilda löggerninga leiði til þess, að þeir séu ekki bindandi fyrir leigutakann.

Þegar af framangreindri ástæðu, og með því að eigi verður talið, að stefnda hafi að lögum verið óheimilt að samningsbinda með þeim hætti sem hér var gert það atriði, að hann skyldi aðeins greiða 2/3 hluta sannvirðis mannvirkja á lóðinni við yfirtöku þeirra að 50 ára leigutímanum liðnum, þá verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Ísafjarðar, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. júní 1981.

Nr. 151/1979. **Niðursuðuverksmiðjan h/f**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
bæjarsjóði Ísafjarðar
(Árni Guðjónsson hrl.).

Lóðarleigusamningur. Endurgjald fyrir mannvirki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1979. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 219.924.13 krónur (21.992.413 gkr.) með 19% ársvöxtum frá 1. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 46.4% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, stóðu mannvirki þau, sem um er fjallað í málinu, á lóð, er Ísafjarðarkaupstaður seldi nafngreindum mönnum á leigu með skriflegum lóðarleigusamningi 27. júlí 1923. Er ágreiningslaust, að áfrýjandi hafi síðar löglega eignast þann leigurétt, sem upphaflegir leigutakar áttu.

Fyrir Hæstarétti heldur áfrýjandi því ekki fram, að samþykkt nr. 171/1919 um leigu fjörulóða á Ísafirði hafi fallið úr gildi við gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Við það þykir mega miða, að áfrýjandi hafi mátt óátalið af stefnda nema mannvirki sín brott af leigulóðinni, þegar leiguafnotum hans lauk, sbr. 2. mgr. 6. gr. samþykktar nr. 171/1919.

Með samningi 23. september 1977 sömdu málsaðiljar um að fela matsnefnd eignarnámsbóta að meta til peningaverðs fasteignir áfrýjanda á Torfnesi á Ísafirði svo og um það, hvenær eignirnar skyldu afhentar stefnda og hvenær fyrir þær greitt. Jafnframt áskildi áfrýjandi sér rétt til þess í 11. gr. samningsins „að leita úrskurðar dómstóla um réttmæti á ákvæði 2. mgr. 8. gr. samþykktar nr. 171 frá 5. des. 1919". Verður samkvæmt því að líta svo á, að í máli þessu deili aðiljar eingöngu um það, hvort síðastgreint ákvæði samþykkt-

arinnar hafi orðið gildur hluti af lóðarleigusamningnum frá 27. júlí 1923 fyrir skírskotun hans til samþykktarinnar varðandi leiguskilmála. Telur áfrýjandi svo ekki vera. Ákvæði þetta sé andstætt 67. gr. stjórnarskrár eða hafi að minnsta kosti ónóga stoð í lögum. Af þessu leiði, að það hafi ekki heldur öðlast gildi sem samningsákvæði, þó að í lóðarleigusamningnum væri skírskotað til reglugerðarinnar. Beri stefndu því eftir almennum réttarreglum að greiða sér verð mannvirkja á lóðinni að fullu.

Á þetta verður ekki fallist. Áðurgreind samþykkt hafði fullnægjandi stoð í 15. gr. laga nr. 67/1917 um bæjarstjórn á Ísafirði. Ákvæði 8. gr. samþykktarinnar fór ekki í bága við 50. gr. stjórnarskrár 5. janúar 1874, nú 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, eða ákvæði almennra laga. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 21. maí 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. apríl 1979, hefur Niðursuðuverksmiðjan h/f, Torfnesi, Ísafirði, höfðað fyrir dóminum hinn 1. febrúar 1979 á hendur bæjarsjóði Ísafjarðar til greiðslu á eftirstöðvum eignarnámsbóta, kr. 21.992.413 með 19% ársvöxtum frá 1. júní 1978 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans skv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo, að hann hafi um langa hríð rekið rækjuverksmiðju á lóð, sem hann hafi haft á leigu frá stefnda á svokölluðu Torfnesi í Ísafjarðarkaupstað samkvæmt lóðarleigusamningi, sem upphaflega hafi verið gerður 27. júlí

1912 við þáverandi leigutaka. Leigutíminn samkvæmt lóðarleigusamningnum hafi verið 50 ár. Lóðin ásamt þeim mannvirkjum, sem á henni voru, hafi gengið kaupum og sölum nokkrum sinnum, uns stefnandi hafi eignast mannvirki lóðarinnar og yfirtekið afnotaréttinn samkvæmt lóðarleigusamningnum með afsölum, dags. 10. desember 1955 og 20. ágúst 1962. Þessi lóð sé svokölluð fjörulóð, enda sé tekið fram í lóðarleigusamningnum, að aðiljar skuli hlíta samþykkt um leigu fjörulóða á Ísafirði nr. 171/1919. Í samþykkt þessari segi, að fáist ekki framlengdur leigusamningurinn að leigutíma liðnum, skuli leigusali kaupa af leigutaka umbætur á lóðinni og öll mannvirki fyrir 2/3 sannvirðis eftir eignarnámsmati, nema öðruvísi semjist. Stefndi hafi ekki fengist til að framlengja lóðarleigusamninginn, vegna þess að skipulag Ísafjarðarkaupstaðar geri ráð fyrir, að á lóð stefnanda rísi byggingar nýs sjúkrahúss og enn fremur bygging með íbúðum fyrir aldraða. Stefnandi og stefndi hafi gert með sér samkomulag 23. september 1977, þar sem matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms skyldi falið að meta til peningaverðs eignir stefnanda á lóðinni. Stefndi hafi borið fyrir sig það ákvæði fyrrnefndrar samþykktar frá 1919 um leigu fjörulóða á Ísafirði, að honum bæri aðeins að greiða 2/3 hluta bóta. Stefnandi hafi áskilið sér rétt til að krefja um eftirstöðvarnar, 1/3, í sérstöku dómsmáli. Matið hafi síðan farið fram og sé úrskurður matsnefndar kveðinn upp 30. maí 1978. Matsnefndin hafi metið eignirnar án tillits til skerðingarákvæðis samþykktarinnar frá 1919. Niðurstaða matsnefndar hafi orðið sú, að hús á lóðinni teldust hæfilega metin á kr. 47.677.240, en uppfylling, stéttar, niðurföll, grjóthleðsla og vatnsleiðslur á kr. 18.300.000, eða samtals kr. 65.977.240. Stefndi hafi greitt 2/3 hluta þessarar fjárhæðar, eða kr. 43.984.827, en neitað að greiða eftirstöðvarnar, 1/3, eða kr. 21.992.413, og sé þar komin stefnufjárhæðin í máli þessu. Stefnandi kveðst telja, að skerðingarákvæði fjörusamþykktarinnar sé ólöglegt, og telur því, að stefndi eigi að greiða fullar matsbætur. Breyti þar engu um, þótt í lóðarleigusamningnum sé vitnað til skerðingarákvæðis fjörusamþykktarinnar.

III.

Málsástæður stefnanda eru einkum þessar:

1. Skerðingarákvæði 8. gr. samþykktar nr. 171/1919 gangi lengra en heimildarlög samþykktarinnar kveði á um, þ. e. lög nr.

67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar. Þess vegna sé ákvæðið ógilt.

2. Lög nr. 67/1917, sem hafi verið heimild fyrir setningu samþykktar nr. 171/1919, séu ekki lengur við líði, þar eð þeim hafi verið varpað fyrir róða með gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, nema 1. gr. laganna, sem lýtur að stærð umdæmis Ísafjarðarkaupstaðar og hafi þar af leiðandi ekki þýðingu hér. Þar með hafi grunnurinn fallið undan samþykktinni.
3. Jafnvel þótt litið yrði svo á, að samþykktin hafi nægа stoð í heimildarlögum sínum, þá sé það ósamþýðanlegt 67. gr. stjórnarskrárinnar, að stefnandi fái ekki fullar bætur, og því sé skerðingarákvæðið ógilt gagnvart stefnanda.
4. Loks bendir stefnandi á, að þótt segja megi, að hann hafi goldið jáyrði við skerðingarákvæðinu með yfirtöku lóðarleigusamningsins, þá hafi það allt að einu ekki gildi gagnvart stefnanda, þar eð fyrirmæli stjórnvalda, sem sett er án nægrar stoðar í lögum, beri að meta sem óskráð samkvæmt kenningu stjórnarfarsréttarins.

IV.

Fyrstu málsástæðu sína hefur stefnandi nánar útlistað svo í greinargerð:

„Því er haldið fram, að skerðingarákvæði samþykktarinnar sé ógilt, þar eð það gengur lengra en lögin, sem samþykktin sækir líf sitt í, réttlætingu og tilveru. Samþykktin tjáist vera gefin út með heimild í 15. gr. l. nr. 67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar. Í 4. mgr. 15. gr. segir, að með samþykkt, er bæjarstjórn setur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir, megi setja reglur um leiguskilmála á leigulóðum, túnaleigu og erfðafestulöndum. Jafnframt er tekið fram, að leiga af löndum þessum hafi lögtaksrétt. Í nefndum lögum er hvergi vikið að því, að heimilt sé að setja í samþykkt eða reglugerð ákvæði, er heimili bæjarstjórn að greiða aðeins hluta af sannvirði eigna, sem bæjarstjórn þarf að leysa til sín. Heimildarákvæðið í 15. gr. l. nr. 67/1917 hlýtur að taka mið af því venjulega, svo sem gert er við lagasetningu, en þegar ætlunin sé að hliðra sér hjá að greiða fullar bætur fyrir eignir, er menn þurfa að láta af hendi, þá sé það sú minnsta krafa, sem hægt sé að gera til löggjafans, að hann taki það skýrt og afdráttarlaust fram. Þessu sé ekki til að heilsa og því hefir bæjarstjórnin lesið annað og meira út

úr 15. gr. l. nr. 67/1917 en löggjafinn hafði látið sér til hugar koma. Slíkir afarkostir fyrir leigutaka í lóðarleigusamningi, sem felst í skerðingarákvæðinu, ganga gróflega í berhögg við allt réttlæti, enda fullyrt, að slíkt ákvæði eigi sér ekki hliðstæðu í lóðarleigusamningum annarra sveitarstjórna. Í greinargerðinni að frumvarpinu að l. nr. 67/1917 er ekki sérstaklega vikið að þessu skerðingarákvæði. Frumvarpsgreinin er samhljóða lagagreininni um, að heimilt sé að setja nánari skilyrði fyrir leigunni. Í umræðum um frumvarpið er og ekki einu orði vikið að þessum leigukjörum. Þegar lög heimila framkvæmdarvaldshafanum að setja nánari reglur um eitthvert málefni, sem löggjafinn fjallar um í lögum, verður að skilja það svo, ef ekki er þeim mun ljósar orðað, að löggjafinn hafi ætlast til þess, að reglurnar tækju mið af því venjulega, í þessu tilfelli leigufjárhæð, lengd leigutíma o. s. frv., en slíkt skerðingarákvæði er svo óvenjulegt, utan alfaraleiðar, að það getur ekki verið gilt, auk þess sem benda má á, að orðalag 4. mgr. 15. gr. l. nr. 67/1917 um leiguskilmála á leigulóðum, túnaleigu og erfðafestulöndum, svo og lögtaksréttur fylgi leigugjaldi, gefur glögglega til kynna, hvernig löggjafinn hefir markað samþykktinni bás, og getur skerðingarákvæðið í 8. gr. samþykktarinnar engan veginn fallið innan þessara marka. Ég tel það þannig hafið yfir allan vafa, að samþykktin hefir gengið lengra en lögin að þessu leyti og því sé skerðingarákvæðið ólöglegt. Ég bendi á Stjórnarfarsrétt eftir Ólaf Jóhannesson, Almennur hluti I, Reykjavík 1974, bls. 11, þar sem tekið er fram, að fyrirmæli framkvæmdarvaldshafa verði að eiga sér stoð í lögum, a. m. k. ef þau snerta réttindi borgaranna, og þau mega ekki á nokkurn hátt brjóta í bág við lög og verða eigi metin gild, ef þau eru andstæð lögum eða hafa ekki næga lagastoð. Þessari reglu er almennt játað bæði af fræðimönnum og í framkvæmd. Ef handhöfum stjórnsýslu er játað of mikið frjálsræði, er réttaröryggin stefnt í hættu. Þess vegna setja lögin handhöfum stjórnsýslunnar skorður. Í sambandi við lóðarleigusamninginn og skerðingarákvæðið sem skilyrði fyrir leigusamningnum má benda á dóm hæstaréttar 1940, bls. 225: Sigurjón Fjeldsted gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Í máli þessu stóð þannig á, að borgaryfirvöld bundu byggingarleyfi því skilyrði, að viðkomandi léti lóðarspildu endurgjaldslaust af hendi undir götu. Taldi hæstiréttur, að borgaryfirvöld brysti að lögum heimild til að binda byggingarleyfið slíku skilyrði (valdníðsla). Einnig má benda á dóm hæstaréttar 1933, bls. 363:

Bæjarstjórn Ísafjarðar gegn Jóni S. Edvald, þar sem fram kemur sú megin regla, að þegnarnir verði ekki krafðir um greiðslu verðmæta fyrir afnot af eignum hins opinbera, nema heimild sé til þess í lögum. Sjá og Stjórnarfarsrétt eftir Ólaf Jóhannesson, Almennur hluti II, Reykjavík, 1974, bls. 89—90. Vert er að vekja athygli á 1. nr. 75/1917 um útmælingu lóða í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o. fl. Samkvæmt þessum lögum eiga menn rétt á að fá útmældar lóðir til atvinnurekstrar, m. a. útvegs, sbr. 1. gr. laganna. Ef lóðin er tekin á leigu, gerir 2. gr. laganna ráð fyrir, að dómkvaddir menn meti leiguna, enda ákveði lögreglustjóri ásamt dómkvöddum mönnum leigutímann. Þessi lög, sem eru frá sama ári og 1. nr. 67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar, víkja ekki einu orði að slíku skilyrði fyrir leigusamningi og getur í 8. gr. samþykktar nr. 171/1919.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið rakið, er ljóst, að lagaheimild þarf til, ef ætlunin er að setja það sem skilyrði fyrir ívilnandi stjórnarathöfn, að þegninn greiði gjald eða láti af hendi einhver verðmæti. Slíkri lagaheimild var ekki til að dreifa, þegar það var sett sem skilyrði fyrir leigu fjörulóðarinnar, sem um er að ræða í þessu máli, að leigutakinn yrði að sætta sig við 2/3 hluta af sannvirði eigna sinna. Þess vegna er skerðingarákvæðið ógilt gagnvart stefnanda."

Þessari röksemdafærslu stefnanda hefur stefndi veitt svofelld andsvör í greinargerð:

„Stefnandi hefur í löngu máli í greinargerð sinni reynt að sýna fram á, að samþykktin nr. 171/1919 gangi lengra en heimilt var skv. þágildandi lögum um bæjarstjórn Ísafjarðar nr. 67/1917. Þessu er alfarið mótmælt, en þó svo væri, skiptir það ekki nokkru máli, þar eð lóðarsamningurinn er tvíhliða samningur milli aðilanna og því „frjáls" samningur, en hér er ekki um einhliða fyrirskipanir eða reglur bæjarstjórnarinnar að ræða . . . Vitað er, að hinir upprunalegu samningsaðilar, sem fengu fjörulóðina á leigu, hafa verið hæstánægðir með ákvæði samningsins. Þessi vissa byggist á því, að þeir hafa stórhagnast á því að fá leigða þessa fjörulóð, þar sem bátar og skip gátu lagst beint upp að bryggju, sem byggð var út frá lóðinni, og hefur þetta sparað þeim og öðrum, sem á eftir komu, ómældar fjárhæðir í flutningskostnað til og frá fiskverkunar- eða pakkhúsum miðað við að þurfa að flytja allan varning um langan veg á börum, vögnum og síðar bílum. . .

Bæjarstjórn Ísafjarðar var fullheimilt að gera samþykkt um

leigu fjörulóða sem annarra lóða á Ísafirði árið 1919, og þar að auki var samþykktin nr. 171/1919 staðfest af Stjórnarráði Íslands.

Vita gagnslaust er fyrir stefnanda að halda því fram, að „hinu opinbera", þ. e. bæjarfélagi með fulltingi Stjórnarráðsins, hafi verið óheimilt að setja ákveðin skilyrði eða takmarkanir í lóðarleigusamninga. Um þetta atriði hefur verið dæmt í Hæstarétti og dómurinn birtur í dómasafni 1972, bls. 657. . .

Engar athugasemdir eða fyrirvara gerði stefnandi um það við stefnda, þegar kaup þessi fóru fram, að hann áskildi sér annan eða meiri rétt en forveri hans átti skv. framannefndum samningi eða mótmælti þeim ákvæðum, sem í lóðarleigusamningnum voru.

Eigi verður því séð, hvaðan stefnanda kemur heimild til þess, nú að 55 árum liðnum frá því þeir Magnús Thorberg, Jón Auðunn Jónsson og Karl Olgeirsson gerðu í votta viðurvist samning við Odd Sveinsson f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar um leigu á fjörulóð með ákveðnum skilmálum, að krefjast þess, að samningur þessi verði dæmdur ógildur í einhverjum atriðum."

Aðra málsástæðu sína hefur stefnandi nánar reifað svo:

„Bent er á, að l. nr. 67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar, sem er heimild samþykktar nr. 171/1919, voru felld úr gildi með sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961, 110. gr., nema 1. gr. laganna, er varðar stærð umdæmis Ísafjarðarkaupstaðar og hefir því ekki þýðingu í þessu sambandi. Samkvæmt heimild í sveitarstjórnarlögunum var sett samþykkt nr. 200/1971 um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar, sem var úr gildi numin með samþykkt nr. 359/1975 um sama efni. Hvorki í sveitarstjórnarlögunum né þessum samþykktum er vikið einu orði að því, að heimilt sé að setja í leigusamninga ákvæði á borð við það, sem er í 8. gr. samþykktar nr. 171/1919. Spurningin er, hvernig fari um gildi reglugerðar eða samþykktar, sem sett er með stoð í lögum A, sem felld hafa verið úr gildi með yngri lögum, B, um sama efni, án þess að tekin sé afstaða í lögum B til þess, hvernig með skuli fara eldri reglugerðir eða samþykktir. Kennt er í lögfræðinni, að eldri reglugerðir haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í berhögg við reglur yngri laga. Ég tel, að þar eð hvorki sé að því vikið í sveitarstjórnarlögunum, að sveitarstjórn hafi heimild til að setja slík skilyrði fyrir lóðarleigusamning og hér er til umfjöllunar, og né heldur í samþykktunum um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðar og að ofan getur, þá

hafi samþykkt nr. 171/1919 fallið úr gildi um leið og l. nr. 67/1917 voru felld úr gildi. Sjá bók Ármanns Snævarr, Almenn lögfræði, fyrra bindi, Reykjavík 1972, bls. 185."

Andsvör stefnda eru á þessa leið:

„Öllum bollaleggingum stefnanda um, að fjörulóðasamþykktin nr. 171/1919 hafi fallið úr gildi, er lögin nr. 67/1917 voru felld úr gildi með lögum nr. 58/1961, er mótmælt, þar sem tilgangur þeirra laga var eingöngu að setja almennan lagabálk, er koma skyldi í stað sérlaga, er giltu um hvert sveitarfélag á landinu. Ætlunin með þessum nýja lagabálki var ekki að breyta réttarskipuninni í sveitarfélaginu.

Í sveitarstjórnarlögunum nr. 58/1961 er sveitarstjórnum enn veitt heimild til að setja samþykktir um ýmis atriði, án þess að vikið sé einu orði að skilmálum, sem slíkar samþykktir skuli lúta. Þess vegna stenst eigi sú lögskýring, að l. 67/1917 og samþykktinni nr. 171/1919 hafi verið „varpað fyrir róða", þ. e. að um stefnubreytingu hafi verið að ræða.

Lagabreytingin skiptir þar að auki engu máli, þar sem tilvikið, sem um er fjallað, gerðist í tíð eldri laga, og ber því að skera úr skv. þeim lögum, sbr. dæmi það, sem nefnt er í Alm. lögfr. I, bls. 194.

Sjálfur tilnefnir stefnandi þá megin reglu, að reglugerðir haldi gildi sínu, þótt lögum, sem þær byggjast á, sé breytt, nema þær gangi í berhögg við hin yngri lög, en svo er ekki í því tilviki, sem hér er fjallað um."

Um hina þriðju málsástæðu sína segir stefnandi svo í greinargerð:

„Eins og fram kemur í úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta á dskj. nr. 4, bls. 1, fór stefndi þess á leit við matsnefndina, að hún framkvæmdi eignarnámsmat á eignum stefnanda á lóðinni á Torfnesi, og kvaðst stefndi í bréfi sínu til matsnefndarinnar byggja beiðni um eignarnámsmat á heimild í 28. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, en í 28. gr. laganna segir svo: „Heimilt er sveitarstjórn að taka einstakar fasteignir eða hluta fasteignar eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á staðfestu skipulagi." Það fer þannig ekki milli mála, að það var skilningur stefnda, að hann þurfti að taka eignir stefnanda eignarnámi af skipulagsástæðum, en í stefnunni á dskj. nr. 1 greinir, að það var gert vegna byggingar nýs sjúkrahúss og húss fyrir aldraða. Af þessu leiðir, að hér koma til athugunar ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem m. a. er kveðið svo

á, að fullt verð skuli koma fyrir eignir, sem menn verða að láta af hendi vegna almannaþarfa. Fullt verð samkvæmt eignarnámsmati fyrir eignir stefnanda á Torfnesi var kr. 65.977.240. Það er því ekki samþýðanlegt 67. gr. stjórnarskrárinnar, þegar stefndi vill aðeins greiða 2/3 hluta matsverðs. Skerðingarákvæðið er þannig bersýnilega ógilt einnig af þessari ástæðu."

Í greinargerð stefnda segir:

„Um þá aðferð að biðja matsnefnd eignarnámsbóta að meta eignirnar, sbr. rskj. nr. 4, er það að segja, að hvorttveggja var, að hinn upprunalegi samningur frá 27. júlí 1923 var útrunninn og varð ekki endurnýjaður og að af skipulagsástæðum leið óðum að því, að mannvirki yrðu fyrir byggingu sjúkrahúss svo og menntaskólasvæðinu.

Ekkert var því eðlilegra en biðja áminnsta matsnefnd meta sannvirði eigna stefnanda. Hefur þessi aðferð ekki sætt andmælum hingað til, og raunar samþykkt af stefnanda. . .

Loks skal minnst á nokkur tilvik eða nokkrar tegundir tilvika, þar sem aðilar semja með sér: t. d. að maður fái að reisa hús á lóð eða flytja hús á tiltekna lóð gegn því að fjarlægja það bænum (bæjarfélaginu) að kostnaðarlausu, þegar krafist verður. Eða: maður tekur á leigu húsnæði og innréttar það, en að leigutíma loknum (sem oftast nær er tiltekinn lágmarkstími) fellur innréttingin án endurgjalds til húseiganda. Þessi dæmi eru um tvíhliða samninga.

Það er grátspaugilegt við þessa málshöfðun stefnanda, að hann á stærðar hús, fiskimjölsverksmiðju, við hliðina á þeim mannvirkjum, sem þetta mál fjallar um. Þessa fiskimjölsverksmiðju verður stefnandi (eða fyrirsvarsmaður hans, Böðvar Sveinbjörnsson) að rífa eða fjarlægja bæjarsjóði Ísafjarðar að kostnaðarlausu, þótt hann sé búinn að eiga og nýta þetta hús í fjölda ára. Við þessari kvöð hefur stefnandi ekki hreyft andmælum og sættir sig við, að því er virðist með glöðu geði.

Löggjafinn hefur meira að segja sett lög, þar sem menn fá ekki fullar bætur eigna sinna, án þess að það hafi verið talið brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Má þar nefna 4. gr. l. 25/1923, „þegar fyrirskipaður er niðurskurður á nautgripum eftir lögum þessum, skal ríkissjóður greiða sem svarar 1/3 andvirðis kjötkropps." Í l. 23/1956 er sauðfjárveikinefnd sjálfri heimilað að ákveða bætur fyrir eignaskerðingu, sbr. 13. gr., 3. mgr., 14. gr. og 23. gr. s. l.

Niðurstaða: Það var hagkvæmt fyrir hina upprunalegu lóðar-

hafa að fá fjörulóð á leigu með þeim takmörkunum á endurkaupsrétti, sem þar er getið. Þessi 1/3 af sannvirði eignanna eftir 50 ára notkun lóðarinnar hafði að sjálfsögðu margborgað sig. Skerðingarákvæðið var fyllilega lögmætt og gagnaðila umbj. míns í hag."

Fjórðu málsástæðu sína reifar stefnandi þannig:

„Það má gera því skóna, að helsta málsvörn stefnda verði sú, að skerðingarákvæðið sé hluti af lóðarleigusamningnum milli aðila, sem sé þá samningsákvæði einkamálaréttarlegs eðlis og því sé það gilt sem samningsákvæði. Þetta fær ekki staðist, þar eð skerðingarákvæðið felur í sér fyrirmæli stjórnvalds, fyrirmæli, sem varða réttindi þegnanna, og þess vegna verða fyrirmælin að eiga næga stoð í lögum. Þessu er ekki að heilsa í þessu máli, svo sem sýnt hefir verið fram á, og því ber að meta þetta skilyrði í 8. gr. samþykktarinnar sem óskráð, sem markleysu. Sjá bók Ólafs Jóhannessonar: Stjórnarfarsréttur, Almennur hluti I, Reykjavík 1974, bls. 11, og sama bók, Almennur hluti II, bls. 91. Þannig ber allt að sama brunni um lögleysi þess, að stefndi haldi eftirstöðvum eignarnámsbótanna fyrir stefnanda."

Andsvör stefnda við þessari málsástæðu eru á sömu leið og svör hans við fyrstu málsástæðu, sem rakin eru hér að framan.

Það er óumdeilt að stefnandi sé réttilega að lóðinni kominn og að réttur hans sé ekki lakari en samkvæmt hinum upphaflaga lóðarleigusamningi. Stefnandi hefur orðað það, að hann kunni að eiga betri rétt en hinir upphaflegu leigutakar. Hinum upphaflega lóðarleigusamningi hafi ekki verið þinglýst. Í afsölum til stefnanda sé ekki vísað til hinnar gömlu, ógildu, úr gildi föllnu og gleymdu fjörulóðasamþykktar. Stefnanda hafi því verið með öllu ókunnugt um, að í hinum upphaflega lóðarleigusamningi var vísað til skerðingarákvæðis samþykktarinnar.

Þessari málsástæðu hefur stefnandi (svo) alfarið mótmælt. Í fyrsta lagi sem þýðingarlausri vegna þess, að stefnandi hafi ekki getað öðlast annan og meiri rétt yfir hinu leigða landi og mannvirkjum, sem hann keypti, en hinn upphaflegi rétthafi átti, nema þá með nýjum samningum við stefnda. Í öðru lagi sem rangri, þar sem þeim forsvarsmanni stefnanda, sem samningana gerði, hafi sem staðkunnugum og reyndum athafnamanni á Ísafirði og vönum viðskiptum hlotið að vera kunnugt um hina samhljóða eða stöðluðu tilvísun til samþykktarinnar í fjörulóðasamningum á Ísafirði frá þessum tíma, og í þriðja lagi hafi forsvarsmaður stefnanda kynnt sér eða átt að kynna sér heimildarskjöl við-

semjenda sinna að hinum seldu réttindum, enda auðveldur aðgangur að lóðarleigusamningum í skjölum bæjarins, engu torveldari en í veðmálabókum.

V.

Fjórða málsgrein 15. gr. laga nr. 67/1917 um bæjarstjórn Ísafjarðar hljóðar svo:

„Með samþykt, er bæjarstjórn setur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir, má setja reglur um leiguskilmála á leigulóðum, túnaleigu og erfðafestulöndum. Leiga af löndum þessum hefur lögtaksrjett."

Áttunda grein samþykktar um leigu fjörulóða á Ísafirði, nr. 171/1919 hljóðar svo:

„Leigutaki hefur forgangsrjett til leigu að leigutíma liðnum. Nú vill leigusali ekki framlengja leiguna og er honum þá skylt að kaupa umbætur á lóðinni og öll mannvirki fyrir 2/3 sannvirðis, án tillits til legu og afrásar, eftir eignarnámsmati nema öðru vísi semjist."

Hinn 27. júlí 1923 gerðu þeir Magnús Thorberg, Jón A. Jónsson og Karl Olgeirsson samning við bæjarstjórnina á Ísafirði um að taka, eins og segir í samningnum, „á leigu fjörulóð liggjandi á Torfnesi og utanvert við það, svonefnt Torfnesplan á Ísafirði samkvæmt útmælingu og teikningu . . . Leigutíminn er 50 ár frá síðustu áramótum að telja . . . Leigusali og leigutaki skulu báðir í öllu hlíta samþykt um leigu fjörulóða á Ísafirði frá 5. desember 1919 . . ."

VI.

Álit réttarins.

Svo sem að framan er rakið, er í lóðarleigusamningnum frá 27. júlí 1923 beinlínis vísað í hina margnefndu fjörulóðasamþykkt. Það verður að líta svo á, að umrætt ákvæði 8. greinar fjörulóðasamþykktarinnar sé hluti af samningi þessum, einkaréttarlegs eðlis, um leigu á nefndri lóð. Ekki verður á það fallist, að stefnandi hafi fyrir einhvers konar traustfang öðlast betri rétt en í samningnum greinir.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að umræddur samningur sé, að því leyti er hér skiptir máli, haldinn neinum þeim annmörkum, að ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936 eða aðrar reglur samningaréttarins um ógilda löggerninga leiði til þess, að hann sé ekki bindandi fyrir leigutakann.

Þegar af framangreindri ástæðu og með því að eigi verður talið, að stefnda hafi að lögum verið óheimilt að samningsbinda með þeim hætti sem hér var gert það atriði, að hann skyldi aðeins greiða 2/3 hluta sannvirðis mannvirkja á lóðinni við yfirtöku þeirra að 50 ára leigutímanum liðnum, þá verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Ísafjarðar, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Niðursuðuverksmiðjunnar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. júní 1981.

Nr. 111/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Kristni Pálmasyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Að ósk ákærða var héraðsdómi í máli þessu skotið til Hæstaréttar. Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ákærði hefur greiðlega viðurkennt sakargiftir, svo sem í hinum áfrýjaða dómi getur, og samþykkt framkomnar bótakröfur. Eru brot hans réttilega heimfærð til 248. gr. al-

mennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, og viðeigandi hegningarlagaákvæða gætt við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. og 60. gr. almennra hegningarlaga og 7. gr. laga nr. 22/1955.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli, þó svo, að vextir af bótakröfu Halldórs Gíslasonar reiknist frá 9. febrúar 1979, svo sem hann hefur krafist, og verða 3% á mánuði af 26.00 nýkrónum og svo 19% ársvextir af 14.28 nýkrónum frá 9. febrúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvextir frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á. og svo 36% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli, þó svo, að vextir af bótakröfu Halldórs Gíslasonar, 26.00 nýkrónum, reiknast frá 9. febrúar 1979 3% á mánuði, en ársvextir af 14.28 nýkrónum verða 19% frá þeim degi til 1. júní s. á., 22% frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% frá þeim degi til 1. september s. á. og 36% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði, Ólafur Kristinn Pálmason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. desember 1979.

Ár 1979, föstudaginn 21. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 568/1979: Ákæruvaldið gegn Ólafi Kristni Pálmasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 12. þ. m., gegn Ólafi Kristni Pálmasyni bifreiðarstjóra, Miðtúni 62, Reykjavík, fæddum 19. apríl 1957 í Vestmannaeyjum, „fyrir tékkasvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að gefa út eftirtalda 3 tékka á reikning sinn nr. 66028 í Alþýðubankanum hf. í Reykjavík í febrúar og mars 1978 og eftirtalda 8 tékka á reikning sinn nr. 3236 í Sparisjóði vélstjóra í Reykjavík í janúar og febrúar 1979, án þess að innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, og síðan að nota tékkana í viðskiptum í Reykjavík og Hafnarfirði. Tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa, nema annars sé getið.

I. Alþýðubankinn hf.

1. Nr. 390059, kr. 9.300, dags. 27. febrúar 1978.

2. Nr. 390063, kr. 10.000, dags. 28. febrúar 1978.

Báðir þessir tékkar notaðir til greiðslu á vörum í Bílanaust hf., Síðumúla 7—9, Reykjavík.

3. Nr. 390070, kr. 26.050, dags. 4. mars 1978.

Greiðsla á leigugjaldi fyrir bílaleigubifreið.

II. Sparisjóður vélstjóra.

1. Nr. 671125, kr. 1.200, dags. 29. janúar 1979.

Greidd matvæli í Fjarðarnesti, Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði.

2. Nr. 682751, kr. 7.000, dags. 29. janúar 1979.

Greiddur akstur í leigubifreið.

3. Nr. 682752, kr. 1.500, dags. 29. janúar 1979.

Greidd matvæli í Fjarðarnesti.

4. Nr. 682755, kr. 1.500, dags. 31. janúar 1979.

Sama notkun.

5. Nr. 682758, kr. 2.000, dags. 31. janúar 1979.

Greiddar veitingar í Bifreiðastöð Hafnarfjarðar, Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði.

6. Nr. 682759, kr. 2.500, dags. 1. febrúar 1979.

Sama notkun.

7. Nr. 682768, kr. 2.600, dags. 6. febrúar 1979.
Greiddur akstur í leigubifreið.
8. Nr. 682773, kr. 25.000, dags. 12. febrúar 1979.
Gefinn út til Rafmagnsveitu Reykjavíkur til greiðslu á rafmagnsreikningi, kr. 16.017, fyrir rafmagn í leiguhúsnæði. Varð leigusalinn síðan að leysa til sín tékkann.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Eftirtaldir aðiljar hafa krafist bóta úr hendi ákærða í máli þessu (vitnað er til viðeigandi ákæruliða):

Bílanaust h/f 10.448 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 6. mars 1978 til greiðsludags. (Sjá I., 1—2).

Ferðabílar h/f 26.050 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 7. mars 1978 til greiðsludags. (Sjá I. 3.).

Fjarðarnesti h/f, Hafnarfirði, 4.200 kr. auk 5.000 kr. vegna fyrirhafnar. (Sjá II., 1, 3, og 4).

Halldór Gíslason, Álftröð 7, Kópavogi, 4.028 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 7. febr. 1979 til greiðsludags. (Sjá II., 7).

Ragnar Jónsson, Sólvallagötu 32 A, 25.000 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags. (Sjá II., 8).

Málavextir.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum, að í febrúar og mars 1978 gaf ákærði út og notaði í viðskiptum þrjá tékka á ávísanareikning, sem hann og kona hans höfðu í Alþýðubankanum. Er tékkum þessum rétt lýst í ákæru, I. kafla, og notaði ákærði tékkana í staðgreiðsluviðskiptum, eins og þar er lýst. Þess er að geta, að við framvísun tékkans að fjárhæð 9.300 kr. (ákæruliður I., 1) greiddist upp í hann 8.852 kr., þ. e. innstæða sú, sem eftir var á reikningnum, en honum var síðan lokað 8. mars.

Þá er sannað, að um mánaðamót janúar og febrúar þessa árs gaf ákærði út og notaði í viðskiptum átta tékka á ávísanareikning, sem hann hafði í Sparisjóði vélstjóra. Er tékkum þessum rétt lýst að öllu leyti í II. kafla ákæru. Tékkana nr. 1—7 notaði ákærði í staðgreiðsluviðskiptum, eins og ákæra segir. Með tékkanum nr. 8 greiddi ákærði hita- og rafmagnsreikning, en hann bjó þá á Sólvallagötu 32 A og leigði þar hluta af íbúð. Þegar tékkinn reyndist innstæðulaus, varð húseigandinn, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, að leysa tékkann til sín.

Ákærði hefur játað brot sín greiðlega og ekki borið annað fyrir sig en það, að hann hafi haft í huga að leggja inn á reikninga sína, þannig að tékkarnir yrðu innleystir við sýningu, en úr því hafi ekki orðið, m. a. vegna vanskila vinnuveitanda hans á kaupgreiðslum.

Þrátt fyrir mörg loforð við rannsókn málsins hefur ákærði ekki sýnt neinn lit á því til þessa að greiða bætur fyrir brot sín.

Með notkun tékkanna, sem ákærði er saksóttur fyrir í ákæruliðum I, 1—3 og II, 1—7 hefur ákærði unnið til refsingar skv. 248. gr. alm. hegningarlaga. Tékkinn í ákærulið II, 8 var notaður til greiðslu skuldar. Þykir 248. gr. ekki eiga við í því tilviki, en þar sem handhafi tékkans, Ragnar Jónsson, hefur krafist refsingar, þykir með hliðsjón af 118. gr. laga 74/1974 eiga að dæma ákærða að þessu leyti í refsingu skv. 73. gr. tékkalaga.

Ákærði var með dómi Hæstaréttar 23. nóv. 1977 dæmdur í 8 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og svik, og skyldi refsingin skilorðsbundin til 3 ára. Þykir verða að telja, að ákærði hafi nú rofið skilorð dóms þessa, og verður refsing ákveðin í einu lagi fyrir brot þau, sem hæstaréttardómurinn varðar, og brot þau, sem ákærði er nú saksóttur fyrir. Með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga verður refsingin ákveðin 9 mánaða fangelsi.

Fjárkröfur þær, sem hafðar eru uppi í málinu, hefur ákærði samþykkt, og verða þær teknar til greina, þó svo, að Fjarðarnesti h/f verður ekki dæmdur kostnaður, þar sem krafa er höfð uppi og dæmd í opinberu máli. Um kröfu Halldórs Gíslasonar er það að segja, að hann hefur þurft að greiða greiðslubankanum vexti og málskostnað, er hann leysti tékkann til sín, og er krafan við það miðuð.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Kristinn Pálmason, sæti fangelsi 9 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Bílanaust h/f 10.448 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 6. mars 1978 til greiðsludags.

2. Ferðabílum h/f 26.050 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 7. mars 1978 til greiðsludags.

3. Fjarðarnesti h/f 4.200 kr.

4. Halldóri Gíslasyni 4.028 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 7. febrúar 1979 til greiðsludags.

5. Ragnari Jónssyni 25.000 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags.
Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Mánudaginn 22. júní 1981.

Nr. 177/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Birni Jónatan Emilssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ákærði óskaði eftir, að héraðsdómi yrði skotið til Hæstaréttar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Samkvæmt endurriti af ávísanareikningi ákærða nr. 16245 við Landsbanka Íslands, Múlaútibú, var engin innstæða til fyrir fjárhæðum tékka þeirra, er greinir í 1.—6. tölulið ákæru, hvorki er þeir voru gefnir út né er þeim var framvísað. Bera þeir allir áritun banka um greiðslufall.

Útgáfa ákærða á tékkum þeim, sem getur í töluliðum 1 og 3 til 6 í ákæru, varða ákærða refsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Útgáfa tékka þess, er greinir í 2. tl. ákæru, varðaði ákærða refsingu eftir 261. gr. sömu laga, er hann gaf hann út. Nú ber að refsa ákærða fyrir útgáfu þessa tékka samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1977, enda er saksóknarreglum samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þeirra laga fullnægt, sbr. dóm Hæstaréttar 21. júní 1979 (Hrd. 1979, bls. 757).

Ákærði er í 7. tölulið ákæru sóttur til saka fyrir útgáfu tékka, að fjárhæð 260.000 krónur, hinn 3. maí 1975. Samkvæmt sakargögnum galt hann með tékkanum skuld við Eyrasparisjóð á Patreksfirði. Tékkann gaf hann út á ávísanareikning sinn nr. 3313—3 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú. Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi talið, að innstæða væri til fyrir tékkanum á útgáfudegi, þar eð hann hafi, áður en hann hélt frá Reykjavík vestur á land, gengið frá láni úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, er greiða skyldi inn á ofangreindan ávísanareikning sinn á útgáfudegi tékkans. Framburður ákærða fær stoð í yfirlýsingu Búnaðarbanka Íslands 23. júní 1976, þar sem segir svo m. a.: „Búist var við, að andvirði lánsins yrði lagt inn á viðskiptareikning hans 3313—3 dagana 3.—5. maí [1975], og í trausti þess gaf Björn út ávísun að fjárhæð 260.000 krónur til Eyrasparisjóðs, er hann var staddur á Patreksfirði. Nú tókst svo illa til, að afgreiðsla lánsins tafðist nokkra daga, og var Birni ekki kunnugt um það, og var það ekki lagt inn fyrr en 9. maí . . .“. Samkvæmt reikningsyfirliti Búnaðarbankans, sem er meðal rannsóknargagna, var lánsfjárhæðin eigi færð ákærða til tekna á ávísanareikningi hans fyrr en 12. maí 1975, en framangreindur tékki var bókfærður hjá bankanum föstudaginn 9. maí.

Að svo vöxnu er hugrænum skilyrðum eigi fullnægt til að refsa ákærða samkvæmt 261. gr. almennra hegningarlaga, og verður honum þá eigi heldur refsað samkvæmt lögum nr. 35/1977. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds eftir þessum lið ákæru.

Þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, eins og atvikum er háttað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða,

Björns Jónatans Emilssonar, og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 18. október 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 9. febrúar 1976, „á hendur Birni Jónatan Emilssyni, tæknifræðingi, Kársnesbraut 59 í Kópavogi, fæddum 28. maí 1934 á Eskifirði, fyrir tékkasvik og annað tékkamisferli, framið í Reykjavík, nema annars sé getið, á tímabilinu mars — maí 1975, með því að gefa út til handhafa, nema þar sem annars er getið, eftirtalda sjö tékka á sparisjóðsávísanareikning sinn nr. 16245 við Landsbanka Íslands, Múlaútibú, Reykjavík, og á ávísanareikning sinn nr. 3313—3 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú, og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim.

Á sparisjóðsávísanareikning nr. 16245:

1. B Nr. 229379, kr. 1.000.00, dagsettur 15. mars. Greiðsla fyrir veitingar í Klúbbnum.
2. B Nr. 229384, kr. 8.420.00, dagsettur 18. mars. Greiðsla á skuld til framseljanda tékkans, Karlakórsins Fóstbræðra.
3. B Nr. 229387, kr. 1.000.00, dagsettur 19. mars. Tékkann, sem framseldur er af Karli S. Karlssyni, notaði ákærði í staðgreiðsluviðskiptum.
4. B Nr. 229389, kr. 1.500.00, dagsettur 20. mars. Tékkann, sem framseldur er af Sigurþór Ísleikssyni og Matstofu Austurbæjar, notaði ákærði í staðgreiðsluviðskiptum.
5. B Nr. 229390, kr. 3.000.00, dagsettur 20. mars. Greiðsla fyrir veitingar á Hótel Sögu.
6. B Nr. 229393, kr. 83.161.00, til Landsbanka Íslands, dagsettur 21. mars. Staðgreiðsla fyrir gjaldeyri.

Á ávísanareikning nr. 3313—3:

7. L Nr. 223764, kr. 260.000.00, til Eyrasparisjóðs, Patreksfirði, dagsettur 3. maí. Greiðsla á víxilskuld.

Atferli ákærða, sem greinir í 1. lið og 3.—6. lið, telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en atferli ákærða, sem í 2. og 7. lið greinir, telst varða við 261. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.“

Málavextir eru samkvæmt framburði ákærða svo og öðrum gögnum málsins þeir, að ákærði hafði ávísanareikninga, annan við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú, nr. 3313—3, og hinn við Landsbanka Íslands, Múlaútibú, nr. 16245.

Með bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 27. maí 1975, var ákærði kærður fyrir útgáfu og notkun tékka þeirra, er í ákæruskjali frá greinir, en við framvísun í greiðslubönkum reyndust innstæður ekki nægar til greiðslu þeirra.

Tékkum þessum er nánar lýst í ákæruskjali, réttilega er varðar eyðublaðanúmer, dagsetningar og útgáfudag. Þá er þar einnig lýst nánar notkun hvers tékka, og er sú lýsing í samræmi við það, sem fram hefur komið við rannsókn málsins.

Ákærði gaf skýrslu um kæruatriði máls þessa hjá rannsóknarlögreglunni í Kópavogi hinn 12. nóvember 1975. Viðurkenndi hann þá að hafa gefið út og komið í umferð fyrrgreindum tékkum. Hann kvaðst hins vegar hafa ætlað, að innstæða mundi næg til greiðslu tékkanna, annars vegar vegna þess, að hann hefði ekki fylgst nægilega vel með innstæðu á reikningunum, og hins vegar vegna þess, að hann hefði búist við, að lán yrði lagt inn á annan reikninginn.

Ákærði kom fyrir sakadóm þann 1. og 24. júní 1976, en í síðara réttarhaldinu lagði hann fram bréf Búnaðarbanka Íslands, dagsett 23. júní 1976, svohljóðandi:

„Hinn 9. maí 1975 var Birni Emilssyni, Fífustöðum, Ketildalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, veitt lán að fjárhæð kr. 600.000 vegna kaupa á jörðinni Fífustöðum.

Nokkrum dögum áður var Björn á förum vestur og hafði þá gengið frá öllu varðandi lántökuna og undirritað lánsskjöl.

Búist var við, að andvirði lánsins yrði lagt inn á viðskiptareikning hans, 3313—3, dagana 3.—5. maí, og í trausti þess gaf Björn út ávísun að fjárhæð 260.000 krónur til Eyrasparisjóðs, er hann var staddur á Patreksfirði.

Nú tókst svo illa til, að afgreiðsla lánsins tafðist nokkra daga, og var Birni ekki kunnugt um það, og var það ekki lagt inn fyrr en 9. maí, eins og áður segir.“

Þar sem ákærði taldi sig ekki eiga sök á innstæðuleysinu, óskaði hann eftir því, að málið yrði sent ríikssaksóknara til fyrirsagnar að nýju, og var það gert með bréfi, dagsettu 1. júlí 1976. Svarbréf ríkissaksóknara er dagsett 10. ágúst 1976, og eru með því ítrekaðar fyrri kröfur.

Eftir ítrekaðar boðanir mætti ákærði í sakadóm Kópavogs þann 30. desember 1977.

Kvaðst hann þá hafa verið erlendis í u. þ. b. 6 mánuði og því hafi hann ekki getað mætt fyrr. Viðurkenndi ákærði þá fyrir dómi að hafa útfyllt og undirritað tékka þá, sem hér um ræðir, og einnig að hafa komið þeim í umferð án þess að taka vara fyrir innstæðuleysi þeirra.

Hins vegar taldi ákærði sig ekki hafa vitað annað en innstæða hafi verið næg á reikningunum til greiðslu tékkanna.

Kvaðst hann hafa beðið Sigmund Helgason, starfsmann Breiðholts h/f, að leggja inn á ávísanareikning nr. 16245 við Múlaútibú Landsbanka Íslands, og í trausti þess, að svo yrði gert, gaf ákærði út tékka nr. 229393, sbr. 6. tl. ákæruskjals. Vitnið Sigmundur Helgason kom fyrir dóm þann 5. apríl sl. Staðfesti vitnið, að það hefði oft lagt inn á reikning ákærða, en vitnið taldi sig ekki muna eftir því tilviki, sem hér skiptir máli, að það hafi einmitt þá verið talað um, að vitnið legði inn á nefndan reikning.

Varðandi tékka nr. 223764 á ávísanareikning nr. 3313—3, sbr. 7. tl. ákæruskjals, telur ákærði, að hann hafi mátt treysta því, að lagt yrði inn á ávísanareikninginn, eins og bréf Búnaðarbankans beri með sér, sbr. dskj. nr. 5. Þá hefur ákærði fullyrt, að hann hafi þegar greitt allar ávísanir, sem ákæruskjal varðar.

Ákærði óskaði eftir því, að Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður yrði skipaður verjandi sinn, og var það gert með bréfi, dagsettu 30. desember 1977, sbr. dskj. nr. 10.

Skilaði verjandinn skriflegri vörn í réttarhaldi þann 21. júní sl., sbr. dskj. nr. 11. Krefst hann þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og að kostnaður sakarinnar verði lagður á ríkissjóð, þar með talin eigin málsvarnarlaun.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða svo og öðrum gögnum málsins þykir nægjanlega sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og er þar að öllu leyti réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Ákærði hefur byggt varnir sínar á því, að honum hafi ekki

verið kunnugt um innstæðuleysið á ávísuðum reikningum. Hafi grandleysi hans stafað af því, að annars vegar hafi hann staðið í þeirri trú, að starfsmaður Breiðholts h/f mundi leggja inn á reikning ákærða nr. 16425, sbr. 1.—6. töluliði ákæruskjals, og hins vegar yrði lán frá Búnaðarbanka Íslands lagt inn á reikning ákærða nr. 3313—3, sbr. 7. tölulið ákæruskjals. Loforð um fyrrgreind innlegg taldi ákærði sig hafa fengið hjá starfsmanni Breiðholts h/f annars vegar og hjá starfsmanni Búnaðarbankans hins vegar, sbr. dskj. nr. 5 og framburð ákærða í réttarhaldi 13. janúar sl. Með útgáfu tékka þeirra, sem hér um ræðir, verður þó að líta svo á, að ákærði hafi sjálfur tekist á hendur þá ábyrgð gagnvart viðtakendum tékkanna, að innstæða mundi næg til greiðslu þeirra, enda gerði ákærði engan fyrirvara við viðtakendur varðandi hugsanlegt innstæðuleysi á ávísuðum reikningum.

Grandleysi ákærða varðandi innstæðuleysið nægir honum því ekki til sýknu, enda bar ákærða að ganga sérstaklega úr skugga um það, eins og á stóð, að innstæða væri fyrir hendi á ávísuðum reikningum, en slíkt hefði ákærði getað gert með einfaldri athugun, svo sem símtali við viðkomandi banka, og hefði hann með því firrt viðtakendur hættu á tjóni.

Ákærði er fæddur 28. maí 1934 á Eskifirði og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1964 6/2 Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.

1964 21/7 Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 1/8 1957.

1964 8/10 Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 1/8 1957.

1965 24/5 Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 1/8 1957.

1965 2/12 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 51. gr. umferðarlaga og 15. gr. lögreglusamþykktar.

1966 2/11 Kópavogi: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá og með 2/11 1966.

1966 15/9 Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.

1969 31/3 Kópavogi: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. og 50. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt þeim refsi-

lagaákvæðum, sem ákært er eftir, og með vísan til 8. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 30 daga. Rétt þykir, þar sem ákærði hefur eigi áður verið sekur fundinn um auðgunarbrot svo og með hliðsjón af atvikum þeim, sem hér að framan er lýst, að fullnustu refsingar verði frestað og að niður skuli hún falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar skv. 1. mgr. 141. gr. laga 74/1974, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 40.000.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Jónatan Emilsson, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal fresta, og niður skal hún falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. júní 1981.

Nr. 173/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur
(Sigurður Ólason hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari krefst þess aðallega, að ákærða verði sakfelld samkvæmt ákæru og að niðurstaða héraðsdóms verði staðfest. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms.

Verjandi ákæru krefst sýknu af kröfum ákæruvalds í málinu.

1. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans að dæma ákærðu sýkna saka af ákæru fyrir brot á 2. málsgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

2. Í skipunarbréfi verjanda ákærðu í héraði segir svo: „Með vísan til 118. gr. laga nr. 74/1974 er þess óskað, að þér í vörn yðar hafið einnig hliðsjón af 24. gr. umferðarlaga nr. 40/1968“. Héraðsdómari dæmir ákærðu seka um brot á greindu ákvæði umferðarlaga, en hvorki í bréfi þessu né héraðsdómi er þess getið, við hvaða málsgrein 24. gr. umferðarlaga atferli ákærðu varði. Í ákæruskjali er ákærða borin þeim sökum „að aka, miðvikudaginn 1. desember 1976, undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 6004 heiman frá sér áleiðis að Kambsvegi 4 . . .“ Ákæran er því einskorðuð við akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis, og sýnist rannsókn máls hafa verið hagað í samræmi við það. Eins og mál þetta er í pottinn búið og svo sem ákæruskjali er farið um verkn-

aðarlýsingu, var eigi rétt samkvæmt 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 að telja 24. gr. umferðarlaga koma til álita í máli þessu. Verður ákærðu eigi dæmd refsing samkvæmt því ákvæði.

3. Samkvæmt sakargögnum hefur ákærða gengist við því að hafa ekið bifreið sinni aftur á bak á Kambsvegi í Reykjavík, svo að hún lenti á grindverki rétt við gatnamót Kambsvegar og Kleppsvegar að kvöldi 1. desember 1976. Á þessum tíma var hálka á Kambsvegi, og hallar veginum, þar sem hún ók. Sakargögn eru óglögg um aksturslag ákærðu og atvik að því, að hún ók á grindverkið. Telst ekki sannað, að hún hafi gerst sek um varúðarskort í umrætt sinn, svo að varði hana refsingu samkvæmt 1. málsgr. 26. gr. og 1. málsgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru fyrir brot á þessum refsiákvæðum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ákærða dæmd sýkn af sakargiftum þeim, sem hún er borin í ákæruskjali, og af kröfum ákæruvalds í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 3.500.00 krónur.

Í lögregluskýrslum, sem fram hafa verið lagðar í málinu, er frá því greint, að lögreglumenn hafi farið með nafngreint barn ákærðu á unglingsaldri í lögreglubifreið að kvöldi 1. desember 1976 um bæinn til að reyna með liðsinni barnsins að hafa upp á ákærðu, þar eð þeir grunuðu hana um akstur bifreiðar undir áfengisáhrifum. Slíkum aðferðum er lögreglumönnum óheimilt að beita.

Dómsorð:

Ákærða, Berta Guðbjörg Hannesdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæsta-

rétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, alls 3.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. júlí 1978.

Ár 1978, mánudaginn 3. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 317/1978: Ákæruvaldið gegn Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur, sem tekið var til dóms 15. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. nóvember 1977, gegn ákærðu, Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur húsverði, Rauðalæk 47, Reykjavík, fæddri 6. júní 1919 í Snæfellsnessýslu, fyrir að aka miðvikudaginn 1. desember 1976 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 6004 heiman að frá sér áleiðis að Kambsvegi 4 og aka svo óvarlega á Kambsvegi, að bifreiðin lenti þar á grindverki og braut það og síðan upp á gangstétt, þannig að bifreiðin hafnaði næstum á umferðarmerki.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún hvorki sætt kærum né refsingum.

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 1. desember 1976, klukkan 2045, barst lögreglu tilkynning um, að umferðarslys hefði orðið við húsið Sólvelli á mótum Kambsvegar og Kleppsvegar hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, og samkvæmt skýrslu hennar hafði bifreiðinni R 6004 verið ekið á trégrindverk við fyrrnefnt hús, sem brotið hefði verið á um 5 metra kafla, ökumaður horfið af vettvangi, en bifreiðin verið skilin eftir uppi á gangstétt við gatnamótin og sýnilegar skemmdir á henni verið þær, að hægra frambretti var lítils háttar dældað og rispað og karmur við vinstra afturljós rispaður. Lögreglan tók bifreiðina í sínar vörslur. Yfirborð vegar var malbikað, fast, slétt og þurrt. Myrkur var og skýjað, en góð lýsing á staðnum.

Lögreglan hafði tal af Hauki Guðjónssyni, húseiganda Sól-

valla, og er eftirfarandi m. a. skráð í lögregluskýrsluna um samtalið:

„Haukur kvaðst hafa setið inni, er hann heyrði högg úti fyrir, og er hann leit út, kvaðst hann hafa séð, að bifreiðinni R-6004 hafði verið ekið á grindverkið við hús hans. Hann kvaðst þegar hafa hlaupið út og hafi þá ökumaður R-6004 verið búin að snúa bifreiðinni þversum á götunni, en síðan ekið upp á gangstéttina að austanverðu við Kambsveginn, þar hafði bifreiðin tekið niðri á gangstéttinni og hún stöðvað. Haukur kvaðst hafa náð kveikjuláslyklum R-6004 úr bifreiðinni. Hann kvað ökumann R-6004 þá hafa komið út úr bifreiðinni og gengið á brott. Ökumanni R-6004 lýsti Haukur sem konu á miðjum aldri, klædda í stutterma peysu rauð-röndótta, með handtösku og í síðbuxum. Hann kvað konuna hafa verið mjög reikula í spori, eins og hún væri mjög ölvuð, en aðspurður kvaðst hann ekki hafa fundið áfengislykt af henni. Haukur kvað konuna hafa horfið milli húsa þarna í nágrenninu."

Samkvæmt skýrslu Gísla Björnssonar lögregluvarðstjóra kom ákærða á lögreglustöðina síðdegis næsta dag, og hefur varðstjórinn í því sambandi skráð eftirfarandi:

„Fimmtudaginn 2. des. 1976 kl. 15.15 kom á lögreglustöðina Guðbjörg Berta Hannesdóttir, eigandi bifreiðarinnar R-6004.

Hún kvaðst hafa frétt, að bifreiðin væri í vörslu lögreglunnar, og kvað sér ókunnugt um tilefni þess.

Við yfirheyrslu kvaðst hún hafa skilið bifreiðina eftir í gær, þ. e. miðvikudag, við Laugalækjaskóla, og vissi hún ekkert um, að hún hefði verið á ferð á Kambsvegi þann dag. Hún kvaðst enga skýringu geta gefið á því, hver hefði verið ökumaður bifreiðarinnar kl. 20.46 þ. 1.12.

Síðan breytti Guðbjörg *Marta* (sic) þessum framburði sínum, og vísast í því sambandi til meðfylgjandi framburðarskýrslu."

Ákærða skýrði lögreglu þannig frá atvikum máls þessa:

„Það mun hafa verið um kl. 19.30, að ég fór að heiman frá mér að Rauðalæk 47, og var ferð minni heitið að Kambsvegi 4 í heimsókn til vinafólks. Ég ók Kambsveginn til norðurs og fór óvart framhjá húsi nr. 4 og áttaði mig á því, þegar ég kom að Kleppsvegi.

Ég ætlaði þá að aka bifreiðinni aftur á bak og leggja henni þar, en þá tókst svo til, að ég ók upp á gangstéttina austan Kambsvegar. Ég stöðvaði þá og ók aftur áfram og lenti þá aftur uppi á gangstéttinni rétt við biðskyldumerkið við Kleppsveg. Þegar ég

var stödd þar, kom maður að bifreiðinni og reif upp hurð hennar vinstra megin. Ég minnist þess ekki, að hann hafi sagt neitt við mig, en hann drap á vél bifreiðarinnar og tók kveikjuláslyklana. Hann fór síðan á brott, en ég sat smástund í bifreiðinni og fór síðan út og gekk að Kambsvegi 4. Ég sá engan mann annan þarna á staðnum. Ég er viss um, að bifreið mín rakst ekki á grindverk eða annað í umrætt sinn."

„Mætta er sérstaklega spurð um, hvort hún hafi neytt áfengis, áður en hún hóf aksturinn, eða verið í óvenjulegu ástandi að öðru leyti:

Hún svarar áminnt um sannsögli:"

„Ég vil ekki svara þessari spurningu, en bendi á, að fólkið, sem ég var að heimsækja að Kambsvegi 4, geti borið um ástand mitt, þegar ég kom þangað. Um ástæðu fyrir því, að ég fór frá bifreiðinni og kærði ekki mann þann, sem tók af mér lyklana, vil ég segja það, mér fannst, að búið væri að dæma mig með því að taka af mér lyklana, og var ég full gremju. Mér fannst ekki heldur, að það skipti megin máli, þótt bifreiðin stæði þarna til morguns, þar sem ég hafði fyrirhugað að dveljast hjá kunningjum mínum að Kambsvegi 4 til morguns.

Ég hef athugað bifreiðina og sé, að það er nýleg skemmd á vinstra afturhorni hennar. Um þessa skemmd get ég ekkert sagt, en vil taka fram, börn mín hafa haft bifreiðina til afnota að undanförnu ásamt mér og gæti því þessi skemmd hafa komið á bifreiðina án minnar vitundar."

Fyrir dómi kvað ákærða rétt vera, að hún hefði greint sinn ekið bifreiðinni R 6004 um götur Reykjavíkur, svo sem nánar er rakið í ákæru, og m. a. á grindverk rétt við gatnamót Kambsvegar og Kleppsvegar.

Ákærða neitaði því alfarið, að hún hefði verið undir áhrifum áfengis eða lyfja, þegar hún ók umrætt sinn.

Ákærða skýrði frá því, að hún hefði verið mjög þreytt þennan dag. Hún hafi á þessum tíma verið með of háan blóðþrýsting og einnig hafi komið fyrir, að jafnvægistaugin hefði eins og farið úr sambandi og hafi hún á sínum tíma leitað lækninga við því.

Að öðru leyti vísaði ákærða til skýrslu sinnar hjá lögreglu, sem hún kvaðst engu hafa við að bæta og staðfesti rétta með þeim breytingum, sem hún hefði gert fyrir dómi.

Vitnið Einar Halldórsson lögreglumaður, Kambsvegi 4 hér í borg, skýrði frá því, að umrætt kvöld hefði það og kona þess

átt hjúskaparafmæli og í því tilefni haft vín um hönd. Kunningjakona þeirra, ákærða í máli þessu, hefði komið í heimsókn til þeirra klukkan um 2100. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið annarleg og eitthvað miður sín, en það gat ekki borið um, af hvaða ástæðum það hafi verið.

Vitnið Ingunn Helgadóttir húsmóðir, Kambsvegi 4 hér í borg, kvaðst minnast þess, að ákærða, sem er kunningjakona þeirra hjóna, hafi komið í heimsókn til þeirra hinn 1. desember 1976. Vitnið kvaðst hafa verið búið að neyta áfengis. Það minntist þess ekki, að ákærða hefði verið eitthvað annarleg eða öðruvísi en hún á vanda til.

Vitnið Haukur Guðjónsson bifreiðarstjóri, Sólvöllum við Kleppsveg hér í borg, greindi lögreglu þannig frá atvikum málsins:

„Ég hafði setið að kaffidrykkju í eldhúsi heimilis míns, sem er í norð-austur horni þess, og snýr glugginn að Kambsvegi. Við vorum þarna þrjú, konan mín og Hjalti Berg. Við heyrðum einhvern hávaða fyrir utan gluggann, og leit ég þá út í gegn um sóltjöld og sá þá, hvar fólksbifreið stóð á miðjum Kleppsveginum þversum. Ég hljóp strax út, og stóð bifreiðin þá ennþá á sama stað, og sá ég, að kona sat undir stýri hennar, og virtist mér hún vera að búa sig undir að aka af stað, þegar mig bar að. Þegar ég sá konuna í bifreiðinni, gat ég ekki betur séð en að hún væri mjög ölvuð, eða að minnsta kosti í mjög annarlegu ástandi. Ég bað konuna að aka bifreiðinni aftur á bak inn á Kambsveginn, og gerði hún það á þann hátt, að hún ók bifreiðinni til baka og upp á gangstéttina, eins og sýnt er á uppdrættinum, og munaði minnstu, að hún æki á umferðarskiltið þar. Þar sem mér sýndist ástand konunnar svo mjög varhugavert, ákvað ég að stöðva akstur hennar þarna, seildist inn um framrúðu bifreiðarinnar og náði lyklunum úr kveikjulásnum. Ég fór af stað inn til mín til þess að tilkynna um þetta, en hafði séð, að ekið hafði verið á grindverkið við garð minn Kambsvegar megin. Þegar ég kom inn til mín, sagði konan mín, að konan (ökumaðurinn) væri farin úr bifreiðinni og væri ranglandi þarna á götunni, og þegar ég leit út fyrst, sá ég hana ekki, en svo komum við auga á hana aftur, þar sem hún var á leið suður Kambsveginn, og slangraði hún á götunni sitt á hvað."

Vitnið Haukur Guðjónsson staðfesti skýrslu þessa fyrir dómi. Vitnið staðhæfði, að ákærða hefði verið í mjög annarlegu ástandi og ekki með sjálfri sér. Hún hefði verið mjög reikul í spori. Vitnið gat ekki fullyrt, hvort ákærða hefði verið undir áhrifum

áfengis eða eiturlyfja, en ástand hennar hefði verið slíkt, að hún hefði verið allsófær til þess að aka bifreið og „miklu meira en það".

Vitnið Hjalti Berg Hannesson sjómaður, Kleppsvegi 68 hér í borg, kvaðst hafa orðið vart við, þegar ákærða ók á grindverkið og síðan upp á gangstéttina hinum megin við Kambsveginn. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið mjög annarleg útlits, en gat ekki borið um, hvort það hefði verið vegna áfengisneyslu, eiturlyfja eða annars. Hún hefði verið mjög reikul í spori og að áliti vitnisins algerlega óhæf að aka bifreið.

Vitnið Sigríður Guðjónsdóttir húsmóðir, Sólvöllum, Kleppsvegi 90 hér í borg, kvaðst ekki hafa séð, þegar ákærða ók á grindverkið, en heyrt mikinn skruðning og litið út um gluggann litlu síðar og þá séð ökumann bifreiðarinnar, sem var kona, ganga frá bifreiðinni og eftir Kambsveginum. Vitnið staðhæfði, að konan hefði verið mjög reikul í spori, en gat ekki fullyrt, hvort það hafi verið vegna ölvunar, eiturlyfja eða annarra orsaka, en ástand hennar hefði verið slíkt, að hún hefði að áliti vitnisins verið allsófær til þess að aka bifreið.

Vitnið Bertram Henry Möller lögreglumaður, Tunguvegi 24 hér í borg, kvað bersýnilegt, að bifreiðinni hefði verið ekið á grindverk og síðan upp á gangstétt, en ökumaður hennar verið horfinn af staðnum og ekki fundist þá um kvöldið þrátt fyrir talsverða leit.

Að öðru leyti vísaði vitnið til lögregluskýrslu sinnar í málinu, sem það staðfesti rétta, og kvaðst það hafa gert hana eftir bestu vitund.

Vitnið Gunnar Theódór Gunnarsson lögreglumaður, Eskihlíð 18 A hér í borg, sagði, að bifreiðinni R 6004 hefði bersýnilega verið ekið á grindverk við gatnamót Kambsvegar og Kleppsvegar. Ökumaður bifreiðarinnar var horfinn af staðnum, þegar þeir lögreglumennirnir komu þangað, og hafði fólk í næstu húsum á orði, að kona hefði ekið bifreiðinni og verið mjög ölvuð eða miður sín.

Vitnið Gísli Björnsson lögregluvarðstjóri, Guðrúnargötu 10, Reykjavík, fullyrti, að ákærða hefði fyrst í stað alfarið neitað því, að hún hefði ekið bifreiðinni R 6004 greint sinn, en síðar hefði hún játað að hafa ekið, svo sem í ákæru greinir, en færst undan að svara því, hvort hún hefði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Vitnið staðfesti lögregluskýrslu sína í málinu sem rétta.

Gegn eindreginni neitun ákærðu verður ekki talið sannað, að hún hafi ekið bifreið undir áhrifum áfengis greint sinn. Ber því að sýkna hana af ákvæðum áfengislaga og 25. gr. umferðarlaga.

Með vættum vitna og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, þykir hins vegar í ljós leitt, að ástand ákærðu á umræddum tíma hafi verið slíkt, að hún hafi eigi getað stjórnað ökutæki á tryggilegan hátt. Varðar sú háttsemi hennar við 24. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, enda var skipuðum verjanda hennar veittur kostur á að reifa málið að því er lagaákvæði þetta varðar, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Loks varðar akstur ákærðu við 26. og 37. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærðu telst hæfilega ákveðin 80.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 8 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga þykir rétt að svipta ákærðu ökuréttindum í 4 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 60.000.

Dómsorð:

Ákærða, Berta Guðbjörg Hannesdóttir, greiði 80.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 8 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. júní 1981.

Nr. 173/A/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur
(Sigurður Ólason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu, en ákærða vildi una héraðsdómi. Ríkissaksóknari krefst þess, að ákærða verði sakfelld samkvæmt ákæruskjali og henni dæmd refsing.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði sýknuð af kröfum ákæruvalds og allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun sér til handa.

Ákæruefni og rannsóknargögnum er lýst í héraðsdómi.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 3. júlí 1978 var ákærðu dæmd 80.000 gamalla króna sekt og hún svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá birtingu dómsins fyrir brot á 24., 26. og 37. gr. laga nr. 40/1968. Dómsorðið var lesið í dóminum að viðstöddum verjanda ákærðu, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, er óskaði þess þegar í stað, að dóminum yrði áfrýjað.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, stöðvuðu lögreglumenn ákærðu hinn 21. september 1978, þar sem hún ók bifreið sinni um Njarðargötu í Reykjavík. Ákærða hafði þá meðferðis ökuskírteini sitt. Er hún sótt til saka í máli þessu fyrir brot á 1. málsgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, fyrir að aka bifreið sinni í umrætt sinn svipt ökuréttindum.

Ákærða gengst við því, að verjandi sinn hafi verið búinn

að skýra sér frá efni dómsins frá 3. júlí 1978, áður en hún ók bifreið sinni í þetta skipti. Jafnframt hafi hann greint sér frá því, að hann hafi hennar vegna óskað áfrýjunar málsins. Hafi það verið í samræmi við viðhorf sitt og fyrri viðræður þeirra í milli. Eru ákærða og verjandi samsaga um þessi atriði. Ákærða kveðst hafa verið þeirrar skoðunar, að áfrýjun málsins hlyti að fresta framkvæmd þess ákvæðis dómsins, er kvæði á um sviptingu ökuréttinda. Hafi það að vísu ekki borið á góma í viðræðum við verjanda, og rekur verjanda eigi minni til þess, að á það hafi verið minnst þeirra í milli. Ákærða kveðst hafa ekið bifreið sinni eftir sem áður gersamlega grandalaus um, að nokkuð segðist á slíku. Hafi hún hvorki afhent lögregluyfirvöldum ökuskírteini sitt né þau kallað eftir því.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum í dag, var ákærða sýknuð af kröfum ákæruvalds í máli því á hendur henni, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 3. júlí 1978 og að framan greinir, þ. á m. af kröfu ákæruvalds um sviptingu ökuréttinda.

Ákærðu var skylt að virða ákvæði dómsins frá 3. júlí 1978, uns honum yrði hnekkt. Ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að ákærða sé sek við 1. málsgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, með akstri sínum. Í 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er dómstólum heimilað að kveða svo á m. a., að refsing falli niður, ef verknaður verður ekki „talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um sams konar brot". Þykir rétt með stoð í þessu ákvæði og þeim meginreglum, sem í því felast, að staðfesta þau málalok í hinum áfrýjaða dómi, að refsing ákærðu falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en rétt þykir, eins og hér stendur á, að leggja á ríkissjóð allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, 1.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að niðurstöðu til.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Bertu Guðbjargar Hannesdóttur, fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 108/1979: Ákæruvaldið gegn Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. þ. m., gegn Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur húsverði, Fellsmúla 4, fæddri 6. júní 1919 að Vaðstakksheiði í Neshreppi, „fyrir að aka fimmtudaginn 21. september 1978, svipt ökuréttindum, bifreiðinni R 6004 eftir Sóleyjargötu í Reykjavík og síðan beygt norður Njarðargötu, uns lögreglan stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærða var með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 3. júlí 1978, dæmd í 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 24. gr. umferðarlaga og jafnframt svipt ökuleyfi sínu 4 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Fimmtudaginn 21. september 1978 stöðvuðu lögregluþjónar ákærðu, er hún var að aka bifreið um Njarðargötu. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar hefur ákærða þá sýnt ökuskírteini sitt, og er skýrsla var tekin af henni af varðstjóra í lögreglustöðinni, hefur hún skýrt svo frá, að hún teldi sig ekki svipta ökuleyfi, þar sem dóminum hefði verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Ákærða ber það einnig fyrir sig í máli þessu, að hún hafi ekki vitað sig svipta ökuleyfi, þar sem dómi hafði verið áfrýjað.

Samkvæmt gögnum, sem dómarinn aflaði af sjálfsdáðum í máli þessu, hefur verjandi ákærðu, Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður, verið viðstaddur uppkvaðningu dómsins 3. júlí og tekið við birtingu dómsins og lýst strax yfir ósk um áfrýjun. Dómurinn hefur ekki verið birtur ákærðu sjálfri, og ökuskír-

teini hefur ekki verið tekið af henni, enda hafði hún það meðferðis 21. september, svo sem áður segir.

Ákærðu og Sigurði Ólasyni, sem borið hefur vitni í málinu, ber saman um, að hann hafi skýrt henni frá niðurstöðu dómsins. Ákærða kveðst statt og stöðugt hafa álitið, að hún hefði ökuleyfið, meðan á áfrýjun stæði. Hún efar þó ekki, að verjandinn hafi sagt henni réttilega frá áhrifum dómsins, og því verið um misskilning sinn að ræða. Ákærða segir, að aldrei hafi verið kallað eftir ökuskírteini hennar. Ákærða kveðst gera ráð fyrir, að hún hafi séð endurrit af dóminum hjá verjandanum, en hún muni það þó ekki fyrir víst.

Sigurður Ólason kveðst hafa skýrt ákærðu frá niðurstöðu dómsins. Hann kveðst ekki muna, hvernig orð féllu milli þeirra, en fullyrðir, að hann hafi ekki gefið ákærðu til kynna, að hún mætti aka bifreið, meðan á áfrýjun stæði. Sigurður man ekki sérstaklega eftir því, að þau ræddu þetta atriði.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki verkun dóms að því er varðar sviptingu ökuleyfis. Hefur ákærða því verið án ökuleyfis við akstur bifreiðarinnar 21. sept.

Reglan í 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga er undantekning frá þeirri aðalreglu, að áfrýjun fresti áhrifum dóms í opinberu máli. Er nauðsynlegt, að slík ákvæði séu kynnt dómþola skýrt og ótvírætt. Samkvæmt 178. gr. laga 74/1974 ber að taka það fram í dómi, ef áfrýjun frestar ekki áhrifum réttindamissis. Er að áliti dómsins jafn nauðsynlegt að gæta þessa ákvæðis, þótt lög bjóði, að tiltekin áhrif dóms frestist ekki, enda er ákvæðið til þess sett, að dómfelldur maður velkist ekki í vafa um stöðu sína að þessu leyti. Í dóminum frá 3. júlí er ekkert tekið fram um það, að áfrýjun fresti ekki áhrifum réttindasviptingar ákærðu. Þá er þess að gæta, að ákærða tók ekki sjálf við birtingu dóms, og ósannað er, að gengið hafi verið eftir því, að hún skilaði ökuskírteini sínu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að vísu talið, að akstur ákærðu 21. sept. 1978 hafi varðað við 27. gr., sbr. 81. gr. (sic) umferðarlaga, en með hliðsjón af þeim rökum, sem að ofan greinir, og 3. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að fella refsingu hennar niður.

Ákærða verður dæmd til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 kr.

Dómsorð:

Ákærðu, Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur, verður ekki dæmd refsing í máli þessu.

Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Miðvikudaginn 24. júní 1981.

Nr. 92/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Tryggva Bjarna Kristjánssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Mál fellt niður. Þóknun sækjanda og verjanda.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða 10. mars 1981 og einnig til þyngingar af hálfu ákæruvalds. Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður var skipaður verjandi ákærða 15. apríl 1981.

Við fyrirtöku máls þessa hér fyrir dómi í dag var lýst yfir, að þess hefði verið farið á leit af hálfu ákærða, að fallið yrði frá áfrýjun málsins. Var það samþykkt af hálfu ákæruvalds. Verjandi ákærða krafðist þóknunar sér til handa og ríkissaksóknari krafðist þóknunar úr hendi ákærða fyrir störf sækjanda.

Samkvæmt framansögðu fellur mál þetta niður.

Með vísan til 2. mgr. 87. gr. og 1. mgr. 143. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, ber að úrskurða ákærða til að greiða til ríkissjóðs þóknun fyrir störf sækjanda og þóknun skipaðs verjanda síns, sem þykir hæfilega ákveðin 200.00 krónur til hvors.

Ályktarorð:

Mál þetta er fellt niður.

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, greiði til ríkissjóðs þóknun fyrir störf sækjanda, 200.00 krónur, og þóknun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 200.00 krónur.

Miðvikudaginn 24. júní 1981.

Nr. 191/1978. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Bjarni Ásgeirsson hdl.)
gegn
Gunnari H. Baldurssyni
og gagnsök
(Othar Örn Petersen hdl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 25. október 1978. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu og dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

2. varakrafa: Að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. desember 1978. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 641.16 krónur (64.116.11 gkr.) með 4% ársvöxtum frá 15. nóvember 1976 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með gjafsóknarleyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 12. október 1979.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Mál þetta hefur gagnáfrýjandi höfðað til heimtu vangoldinna vaxta og verðbóta af innstæðu sinni á sparimerkjareikningi nr. 31403 hjá innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins. Er hér um að ræða fé, sem greitt var vegna gagnáfrýjanda inn á reikning þennan á tímabilinu 9. júní 1964 til 6. september 1972 sem svonefnt skyldusparnaðarfé, fyrst samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 18/1964, en síðar samkvæmt 10. gr. laga nr. 19/1965, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1968, og samkvæmt 11. gr. laga nr. 30/1970. Innstæðu sína tók gagnáfrýjandi út af reikningnum 18. september 1972. Var hún þá talin nema samtals 75.139.80 krónum, þar af voru 1.233.20 krónur vextir, en 5.504.70 krónur bætur á hið innlagða fé vegna hækkunar vísitölu, en um greiðslur hvors tveggja eru sérstök fyrirmæli í þeim lagaákvæðum, sem að framan eru greind. Vexti þessa og verðbætur telur gagnáfrýjandi hafa verið vanreiknaða og innstæðuna samkvæmt því vangoldna sér. Hefur hann höfðað mál þetta til að fá það leiðrétt.

Málssókn sinni til heimtu þess fjár, sem gagnáfrýjandi samkvæmt framansögðu telur sig eiga inni hjá innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins, beinir hann að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Hefur hann því til skýringar skírskotað til þess, að Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem fari með stjórn byggingarsjóðs, sé ríkisstofnun, svo og til þess, að í 3. mgr. 13. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins segi m. a., „að allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði“.

Aðaláfrýjandi hefur ekki andmælt því, að gagnáfrýjandi beini kröfum sínum að honum. Gagnstætt því hefur hann með sérstakri bókun í þingbók á bæjarþingi Reykjavíkur 18. október 1977 tekið undir framangreinda lögskýringu gagnáfrýjanda á 3. mgr. 13. gr. laga nr. 30/1970 svo og lýst því viðhorfi sínu, að eigi hefði verið rétt að beina málssókninni að byggingarsjóði ríkisins, þar sem „einungis þær B-hluta ríkisstofnanir, sem standa sjálfar undir kostnaði af starfsemi sinni með sölu á vöru eða þjónustu af einhverju tagi og eru þannig ekki háðar framlögum á fjárlögum . . . geti verið sjálfstæðir aðilar dómsmála". Þá segir enn í bókun þessari, að af hálfu varnaraðilja hafi því verið lýst yfir, að falli dómur í máli þessu gagnáfrýjanda í vil, muni ríkissjóður greiða þá kröfu.

Með 1. gr. laga nr. 42/1957 var stofnuð Húsnæðismálastofnun ríkisins, er heyra skyldi undir félagsmálaráðuneyti. Forstaða hennar var samkvæmt 3. mgr. sömu greinar falin svonefndri húsnæðismálastjórn, sem skipuð var 4 mönnum kosnum af sameinuðu Alþingi og einum skipuðum af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands. Þá var og með 1. mgr. 3. gr. laga þessara stofnaður byggingarsjóður ríkisins og mælt svo fyrir, að stjórn hans skyldi vera í höndum húsnæðismálastjórnar. Í 4. gr. laganna var kveðið á um, hvert skyldi vera stofnfé sjóðsins svo og lagðir til hans tilteknir árlegir tekjustofnar. Í 1. mgr. 9. gr. var lögmælt stofnun sérstakrar innlánsdeildar við sjóðinn. Var henni ætlað það hlutverk að taka við innlánum til varðveislu og ávöxtunar. Annars vegar var þar um að ræða frjáls innlán, sbr. 2. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 10. gr., og hins vegar lögskipuð innlán samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna eða svonefndan skyldusparnað. Var öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára, með þeim undantekningum, sem greinir í 11. gr., gert að skyldu að leggja til hliðar hluta af launum sínum eða sambærilegum atvinnutekjum í því skyni að mynda sér sjóð í innlánsdeildinni til íbúðabyggingar eða bústofnunar í sveit. Þó var sú undantekning gerð, að skyldusparnað þeirra, sem búsettir voru í sveit, bar að ávaxta

í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, en ekki í innlánsdeild byggingarsjóðs.

Lög nr. 42/1957 giltu með nokkrum síðari breytingum, uns lög nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins leystu þau af hólmi. Í hinum nýju lögum héldust óbreytt ákvæði eldri laga um, að húsnæðismálastjórn veitti Húsnæðismálastofnun ríkisins forstöðu og færi með stjórn byggingarsjóðs ríkisins svo og um, að skyldusparnað þeirra, er byggju í kaupstöðum og kauptúnum, bæri að ávaxta í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins, sbr. 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1965. Nokkrar breytingar voru gerðar á lögum nr. 19/1965 með lögum nr. 21/1968, en engar þeirra vörðuðu þau ákvæði laganna, sem nú voru greind.

Enn voru sett ný lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem lög nr. 30/1970. Voru þau í gildi, er mál þetta var höfðað. Einnig samkvæmt þeim hélst óbreytt sú skipan, að húsnæðismálastjórn færi með forstöðu Húsnæðismálastofnunar ríkisins og heyrði undir félagsmálaráðuneyti. Samkvæmt þeim lögum voru stjórnarmenn alls 8, þar af 7 þingkjörnir. Eigi var sérstaklega tekið fram í 1. mgr. 4. gr. laganna, svo sem verið hafði í lögum nr. 19/1965 og eldri lögum, að húsnæðismálastjórn fari með stjórn byggingarsjóðs ríkisins, þar með talinnar innlánsdeildar. Af öðrum ákvæðum laganna er þó ljóst, að á þeirri skipan var engin efnisbreyting gerð með hinum nýju lögum.

Með lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins voru þeirri stofnun falin þau verkefni, sem Húsnæðismálastofnun ríkisins hafði áður haft. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 4. gr. laga þessara, er Húsnæðisstofnun ríkisins sjálfstæð ríkisstofnun, sem lýtur sérstakri stjórn, húsnæðismálastjórn, og heyrir undir félagsmálaráðuneyti. Er stjórnin skipuð 9 mönnum, 7 þingkjörnum, en 2 skipuðum af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Fer stofnun þessi nú með málefni byggingarsjóðs ríkisins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Svo sem nú hefur verið rakið, hefur stjórn byggingar-

sjóðs ríkisins frá öndverðu verið falin sérstakri stjórn, að mestu leyti þingkjörinni, sem stjórnarfarslega heyrir undir félagsmálaráðherra. Sú stjórn, húsnæðismálastjórn, er sá aðili, sem til þess er bær að lögum að vera í fyrirsvari fyrir byggingarsjóð í hvers konar lögskiptum og í dómsmáli sem þessu, er gagnáfrýjandi krefur um vangoldna innstæðu sína í sjóðnum. Verður ekki á það fallist, að það eigi einhverju að breyta í því efni, að byggingarsjóður ríkisins sé stofnun á B-hluta fjárlaga, sem ekki standi „undir kostnaði af starfsemi sinni með sölu á vöru eða þjónustu". Með því virðist aðaláfrýjandi eiga við, að fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs skuli standa að sérhverju dómsmáli, ef í hlut á ríkisstofnun, sem framlags nýtur úr ríkissjóði. Á þetta verður þó ekki fallist. Eigi verður heldur talið, að reikningsleg sundurliðun á fjárlögum geti leitt til þess, að raskað verði þeirri verkaskiptingu á sviði stjórnsýslu, sem lög mæla gagngert fyrir um.

Ekki er í lögum ákvæði um, að þeir, sem fjárkröfur eiga á byggingarsjóð ríkisins, geti krafist þess að fá þær greiddar beint úr ríkissjóði. Ákvæði 3. mgr. 13. gr. laga nr. 30/1970, sbr. nú 2. mgr. 76. gr. laga nr. 51/1980, um, að kostnað við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðar beri að greiða úr ríkissjóði, skipta engu máli í því tilliti.

Ekki hefur verið bent á sérstaka lagaheimild fyrir fjármálaráðherra til að greiða beint úr ríkissjóði vexti og verðbætur af fé, sem ávaxtað er í innlánsdeild byggingarsjóðs sem skyldusparnaðarfé. Af málsreifun aðilja kemur fram, að mál þetta er lagt fyrir dómstóla ekki aðeins til þess að afla gagnáfrýjanda dóms fyrir kröfu sinni, heldur eigi síður til þess, að skýrt fordæmi fáist til eftirbreytni fyrir innlánsdeild byggingarsjóðs í lögskiptum sínum við aðra eigendur skyldusparnaðarfjár.

Þegar framangreint er virt, þykir málflutningsyfirlýsing umboðsmanns aðaláfrýjanda fyrir héraðsdómi, sú er áður var greind, ekki ein sér leiða til þess, að dæma skuli að efni til um fjárkröfu gagnáfrýjanda á hendur innlánsdeild

byggingarsjóðs í máli þessu, sem hann hefur búið á hendur fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs. Samkvæmt þessu og með skírskotun til þess, sem áður var rakið um hina lögmæltu skipan á stjórn málefna byggingarsjóðs ríkisins, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, en eftir atvikum öllum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 5.000.00 krónur.

Rétt er, að ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun séu óröskuð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun skulu vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Othars Arnar Petersen héraðsdómslögmanns, 5.000.00 krónur.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Í 1. gr. laga nr. 42/1957 um húsnæðismálastofnun, byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl. segir, að setja skuli á stofn Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem heyra skuli undir félagsmálaráðuneytið. Verkefni Húsnæðismálastofnunar ríkisins átti eftir lagagrein þessari meðal annars að vera að hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn

skyldi veita húsnæðismálastofnuninni forstöðu. Í stjórninni skyldu vera 5 menn, þar af 4 kosnir af Alþingi. Í 9. gr. laganna sagði, að sérstök innlánsdeild skyldi starfa á vegum byggingarsjóðs ríkisins, og í 10. gr., að í þeirri deild skyldi ávaxta skyldusparnaðarfé ungmenna, sem búsett væru í kaupstöðum og kauptúnum.

Með 1. gr. laga nr. 18/1964 var gerð breyting á 10. gr. laga nr. 42/1957, en skyldusparnaðarfé skyldi þó ávaxta með sama hætti og áður.

Lög nr. 42/1957 voru úr gildi numin með lögum nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Efnisbreytingar, sem hér skipta máli, voru þó eigi gerðar með lögum þessum.

Lög nr. 19/1965 voru felld úr gildi með lögum nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Eftir þeim skyldi húsnæðismálastjórn skipuð 8 mönnum og Alþingi kjósa 7 þeirra. Að öðru leyti voru eigi gerðar efnisbreytingar á eldri reglum, þeim er hér skipta máli.

Þau ákvæði laga nr. 30/1970, sem hér geta skipt máli, voru felld úr gildi með lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í 2. gr. laganna segir, að Húsnæðisstofnun ríkisins sé sjálfstæð ríkisstofnun, sem lúti sérstakri stjórn, heyri undir félagsmálaráðuneytið og fari með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála. Í 3. gr. laganna segir m. a., að „deild fyrir almenn íbúðaveðlán" fari með málefni byggingarsjóðs ríkisins. Í 4. gr. segir m. a., að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipi 9 menn og skuli 7 þeirra kosnir af Alþingi. Í VII. kafla laganna eru ákvæði um skyldusparnað ungs fólks.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs um vangreiddar verðbætur og vexti vegna skyldusparnaðar. Í héraðsdómsstefnu kemur fram, að hér er um dæmimál að ræða, valið í samráði við félagsmálaráðuneytið. Hefur málið verið rekið í samráði við það ráðuneyti og húsnæðismálastjórn. Að gefnu tilefni frá lögmanni gagnáfrýjanda var gerð bókun á bæjarþingi Reykjavíkur 18. október 1977 um aðild málsins. Var þetta bókað eftir lögmanni fjármálaráðherra:

„1. Í 13. gr. laga nr. 30/1970 kemur fram, að allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðar greiðist úr ríkissjóði. Af hálfu varnaraðila hefur því verið lýst yfir, að falli dómur í máli þessu stefnanda í vil, muni ríkissjóður greiða þá kröfu.

2. Þær dómvenjur hafa myndast í samræmi við almennar skoðanir, að einungis þær B-hluta ríkisstofnanir, sem standa sjálfar undir kostnaði af starfsemi sinni með sölu á vöru eða þjónustu af einhverju tagi og eru þannig ekki háðar framlögum á fjárlögum, njóti slíks sjálfstæðis innan ríkiskerfisins, að þær geti verið sjálfstæðir aðilar dómsmála. Því fer fjarri, að þessu skilyrði sé fullnægt um byggingarsjóð ríkisins, og af þeim sökum er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs réttur aðili þessa dómsmáls“.

Samkvæmt þessu hefur fjármálaráðherra skuldbundið ríkissjóð til að greiða skuld samkvæmt dómi í máli þessu, ef til kæmi, og skiptir ekki máli eftir réttarfarsreglum, þótt skuldbindingin sé tengd ákveðnum skýringum. Skuldbindingu þessa verður að telja gilda gagnvart gagnáfrýjanda, og verða úrslit málsins eigi látin á því velta, hvort fjármálaráðherra hafi haft beina fjárlagaheimild til skuldbindingarinnar.

Við teljum því, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sé réttur aðili máls þessa og dæma beri það að efni til. Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að vísa beri málinu frá héraðsdómi, munum við ekki fjalla um efnisþætti þess.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. febrúar 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Gunnar H. Baldursson, Miðvangi 4, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 30. nóvember 1976, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 64.116.11 með 4% ársvöxtum frá 15. nóvember 1976 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Með leyfisbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 2. desember 1976, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og verði stefnandi þá dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 42/1957 um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl. var mælt fyrir um stofnun Húsnæðismálastofnunar ríkisins, er húsnæðismálastjórn veitti forstöðu, og skyldi hún heyra undir félagsmálaráðuneytið. Var stofnuninni ætlað að hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins, yfirumsjón með lánsfjáröflun og lánveitingum til íbúðabygginga. Í lögunum var einnig mælt fyrir um stofnun byggingarsjóðs ríkisins og veðlán til íbúðabygginga. Til að stofna veðlánakerfi, sem starfaði undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, var veðdeildinni veitt heimild til að gefa út bankavaxtabréf að fjárhæð allt að kr. 100.000.000.00 árlega næstu 10 árin. Skyldu bréfin vera í tveimur flokkum, A-flokki, með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, allt að kr. 50.000.000.00 á ári, skyldi vera með vísitölukjörum þannig, að greiðslur afborgana og vaxta væru bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Samkvæmt 6. gr. laganna skyldu lán til íbúðabygginga vera í tvennu lagi, A-lán, sem skyldu vera jafngreiðslulán með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, og B-lán, með 5.5% ársvöxtum og jöfnum afborgunum til allt að 15 ára, en að öðru leyti með hliðstæðum kjörum og vísitölubundnu veðbréfin. Með ákvæðum 10. gr. laganna var sú skylda lögð á alla einstaklinga á aldrinum 16—25 ára, sbr. þó undanþáguákvæði 11. gr., að leggja til hliðar 6% af launum sínum, greiddum í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Skyldi fé, sem þannig safnaðist, ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir þá, sem búsettir voru í kaupstöðum eða kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir voru í sveitum. Skyldi fé það, sem skylt var að spara á þennan hátt, undanþegið tekjuskatti og tekjuútsvari og fé, sem þannig var lagt til hliðar, skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Einnig voru vextir af slíku fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir. Þegar sá, sem safnað hafði fé í sjóðinn næði 26 ára aldri eða gengi í hjónaband og stofnaði heimili, skyldi hann eiga þess kost að

fá sparifé sitt endurgreitt „að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum.“ Þeir, sem safnað höfðu fé í sjóðinn, skyldu að öðru jöfnu sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, er máttu vera allt að 25% hærri en almennt gerðist, þó ekki hærri en 2/3 hlutar af matsverði íbúðar. Var forgangsréttur þessi bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem stóðu að íbúðarbyggingunni, næmi samanlagt að minnsta kosti kr. 25.000.00. Í reglugerð nr. 184/1957, sem sett var á grundvelli laga nr. 42/1957 og 36/1952, var nánar mælt fyrir um framkvæmd skyldusparnaðarins, en ekki eru þar ákvæði um útreikning vaxta eða verðbóta við endurgreiðslu skyldusparifjár. Með lögum nr. 45/1958 var sú breyting gerð á kjörum bankavaxtabréfa í B-flokki, að þau skyldu vera með vísitölukjörum þannig, að eingöngu greiðslur afborgana væru bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Samkvæmt greinargerð með lögunum stafaði þessi breyting af því, að talið var ómögulegt að framkvæma vísitölubundnar vaxtagreiðslur af slíkum bréfum. Jafnframt var í þessum lögum kveðið á um það, að skyldusparnaður skyldi hefjast við næstu mánaðamót, eftir að hlutaðeigandi yrði 16 ára, og ljúka við næstu mánaðamót, eftir að hann yrði 26 ára.

Í bréfi, sem bankastjórar Landsbanka Íslands rituðu félagsmálaráðuneytinu 10. apríl 1958, lögðu þeir til, að við framkvæmd III. kafla laga nr. 42/1957, 10. gr. og 13. gr. reglugerðar frá 27. nóvember 1957, yrði vísitöluuppbót og vextir af sparifé reiknuð og greidd þannig: „Framfærsluvísitala októbermánaðar reiknist sem grunnvísitala af innstæðum reikningseigenda pr. 1. okt. ár hvert. Sú vísitöluhækkun, sem verður á hverju ári, reiknist eftir á af þeirri innstæðu, sem reikningseigandi á, 1. okt. árið áður.

Dæmi:

Innstæða 1. okt. 1958 kr. 5.000.00 vísitala 191 stig
Innstæða 1. okt. 1959 — 10.000.00 vísitala 200 stig

Fær þá reikningseigandi 9 vísitölustig, eða 4.71% af kr. 5.000.00 1. okt. 1959, sem er vísitöluhækkkun frá 1. okt. 1958 til 1. okt. 1959. Næsta ár, þ. e. 1. október 1960, fær reikningseigandi síðan vísitöluhækkun af 10.000.00 kr. o. s. frv. Vísitalan leggist ekki við höfuðstól fyrr en innstæðan greiðist reikningseiganda. Af innstæðum, sem greiddar eru út á milli gjalddaga, reiknast ekki vísitöluuppbætur fyrir þann tíma, sem er liðinn frá 1. október

þar á undan. Vextir reiknast ekki af vísitöluuppbótinni. 5½% vextir leggjast við höfuðstól án vísitöluuppbótar við hver áramót."

Með bréfi húsnæðismálastjórnar til félagsmálaráðuneytisins, dags. 12. maí 1958, var tilkynnt, að stjórn stofnunarinnar hefði samþykkt tillögurnar. Með bréfi, dags. 13. maí 1958, tilkynnti félagsmálaráðuneytið Landsbanka Íslands, að það hefði fallist á tillögurnar. Með lögum nr. 18/1964 var ákvæðum laga nr. 42/1957 breytt á þann veg, að skyldusparnaður skyldi nú nema 15% af launum greiddum í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, og forgangsréttur skyldusparenda til hærri lána var nú bundinn við, að sparifjársöfnun næmi kr. 50.000.00. — Með lögum nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru lög nr. 42/1957 með áorðnum breytingum felld úr gildi. Samkvæmt ákvæðum laga þessara skyldi verkefni stofnunarinnar vera að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón með lánsfjáröflun og lánveitingum til íbúðabygginga í landinu. Samkvæmt 5. gr. skyldi sem fyrr starfrækja veðlánakerfi undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skyldu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar. Í þessu skyni var veðdeild Landsbanka Íslands veitt heimild til að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf), sem máttu nema allt að kr. 400.000.000.00 árlega. Skyldu vaxtabréf þessi vera með föstum vöxtum og afborgunum, en með vísitölukjörum þannig, að greiðslur afborgana og vaxta væru bundnar kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964. Samkvæmt C-lið 7. gr. skyldu lán, sem húsnæðismálastjórn veitti, vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 25 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Hver ársgreiðsla, afborgun og vextir og kostnaður, skyldi hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við ætti, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964. Í 10. gr. laganna er kveðið á um skyldusparnað, og eru ákvæði hennar óbreytt frá ákvæðum 10. gr. laga nr. 42/1957, sbr. lög nr. 18/1964, að öðru leyti en því, að skyldusparendum var nú áskilinn fortakslaus réttur til 25% hærri lána umfram aðra, þó eigi yfir 3/4 hluta af matsverði viðkomandi íbúðar og að því tilskyldu, að sparifjársöfnun þeirra, sem stóðu að byggingu hlutaðeigandi íbúðar, næmi samanlagt að minnsta kosti kr. 100.000.00. — Með lögum nr. 21/1968 var gerð breyting á ákvæðum 5. gr. laga

nr. 19/1965 að því er varðaði verðbætur skuldabréfa (banka-vaxtabréfa) þeirra, sem heimilað var að gefa út til öflunar fjár til byggingarsjóðs ríkisins. Skuldabréfin skyldu sem fyrr vera með föstum vaxtafæti og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Samkvæmt 6. mgr. hinna nýju ákvæða skyldu á ársgreiðslur lána, er byggingarsjóður tók samkvæmt 2. mgr. greinarinnar, greiða hlutfallslega viðbót, sem svaraði helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefði orðið á kaupvísitölu, sbr. 5. mgr. greinarinnar, frá útgáfudegi skuldabréfs til 1. febrúar næsta fyrir hverja ársgreiðslu. Um vísitölu þá, sem beitt skyldi, var svofellt ákvæði í 5. mgr. hinna nýju ákvæða:

„Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu, er sýnir breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Grunntími þessarar vísitölu skal vera 1. febrúar 1968, og skal hún framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við fyrsta dag mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember. Gildistími hverrar vísitölu í sambandi við útgáfu skuldabréfa samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr. og C liðs 7. gr. er 3 mánuðir og reiknast frá 1. degi þess mánaðar, er vísitalan er við miðuð.“ Með 4. gr. laga nr. 61/1968 var gerð hliðstæð breyting á ákvæði C liðar 7. gr. laga nr. 19/1965 um kjör lána, sem húsnæðismálastjórn veitti, þannig, að á vexti af þeim fyrsta árið og af ársgreiðslum af þeim síðar skyldi skuldari greiða hlutfallslega viðbót, er svaraði helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefði orðið á kaupvísitölu, sbr. 5. mgr. 5. gr., frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Með 5. gr. laga nr. 21/1968 var og breytt ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1965 um endurgreiðslu skyldusparifjár, og var hið nýja ákvæði svohljóðandi:

„Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsgr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var inn lagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu (sbr. 5. málsgr. 5. gr.)“.

Í stað laga nr. 19/1965 voru sett lög nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og eru þau enn í gildi með áorðnum breytingum. Sem fyrr lýtur byggingarsjóður ríkisins stjórn húsnæðismálastjórnar. Eru ákvæði 5. gr. og C liðar 8. gr. hinna nýju laga óbreytt frá ákvæðum 5. gr. og C liðar 7. gr. hinna eldri laga.

Með lögum nr. 72/1972 var svohljóðandi ákvæði bætt við C lið 8. gr.: „Meðaltalsársvextir allt lánstímabilið skulu þó, að meðtalinni þóknun veðdeildar, aldrei vera hærri en 7¾%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessum staflið, telst vextir.“ Í 11. gr. laga nr. 30/1970 er kveðið á um skyldusparnað, og er ákvæði 1. mgr. óbreytt frá ákvæði 10. gr. laga nr. 19/1965, en ákvæði 3. mgr. er svohljóðandi:

„Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsgr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, sbr. e-lið 12. gr. — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var innlagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu, sbr. 5. málsgr. 5. gr. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir 3/4 hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 150.000.00 kr.“

Samkvæmt ákvæðum 2. og 4. mgr. 11. gr. er fé það, sem skylt er að spara samkvæmt þessu, undanþegið tekjuskatti og tekjuútsvari sem fyrr og fé það, sem er lagt til hliðar, skatt- og útsvarsfrjálst og ekki framtalsskylt svo og vextir af því fé. Stefnandi, sem er fæddur 4. október 1947, lagði í fyrsta skipti inn á sparimerkjareikning sinn nr. 31403 hjá innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins hinn 12. júní 1964 til að fullnægja ákvæðum laga um skyldusparnað. Samkvæmt ljósriti af spjaldi stefnanda hjá sjóðnum hefur hann lagt inn, tekið út og vextir verið reiknaðir honum sem hér segir:

Dags.		Úttekið	Innlagt	Innstæða
12. júní	1964		1.850.00	1.850.00
8. ágúst	—		1.845.00	3.695.00
19. okt.	—		915.00	4.610.00
31. des.	—		108.30	4.718.30
31. des.	1965		188.72	4.907.02
31. des.	1966		196.28	5.103.30
4. jan.	1967		1.500.00	6.603.30
31. des.	—		264.29	6.867.59
6. sept.	1968		4.261.00	11.128.59

13. nóv.	1968		2.785.00	13.913.59
31. des.	—		346.64	14.260.23
3. ágúst	1969		4.950.00	19.210.23
17. sept.	—		2.165.00	21.375.23
13. okt.	—		2.202.00	23.577.23
31. des.	—		697.57	24.274.80
17. des.	—	9.317.00		14.957.80
17. júlí	1970		1.993.00	16.950.80
20. ágúst	—		1.894.00	18.884.80
1. sept.	—		2.178.00	21.022.80
18. sept.	—		1.233.20	
18. sept.	—		5.504.70	
18. sept.	—	75.139.80		

Þá liggur fyrir svofellt yfirlit veðdeildar Landsbanka Íslands yfir sparimerkjareikning stefnanda eftir 1. september 1970:

1. september 1970.		
Fært af korti	kr.	21.022.80
23. nóv. 1970, innl.	—	2.564.00
Vextir 1970	—	686.20
28. des. 1971, innl.	—	15.804.00
Vextir 1971	—	970.90
18. ágúst 1972, innl.	—	12.012.00
6. sept. 1972, innl.	—	15.342.00
Innstæða þá	kr.	68.401.90

Útborgað 18. sept. 1972:		
Innstæða	kr.	68.401.90
Dagvextir	—	1.233.20
Vísitölubætur	—	5.504.70
Alls útborgað	kr.	75.139.80

Einnig liggur fyrir yfirlit veðdeildar Landsbanka Íslands yfir vísitölubætur reiknaðar af reikningi stefnanda, svohljóðandi:

1. október	1965	kr.	317.40
1. október	1966	—	192.97
1. febrúar	1967	—	275.77
1. febrúar	1968	—	210.64
1. febrúar	1969	—	343.40

1. febrúar	1970	kr. 1.036.70
1. febrúar	1971	— 1.899.60
1. febrúar	1972	— 1.228.20
	Samtals	kr. 5.504.70

Hinn 18. september 1972 fékk stefnandi endurgreitt það, sem lagt hafði verið inn á sparimerkjareikning hans nr. 31403, ásamt vöxtum og verðbótum samkvæmt framangreindum útreikningum, samtals kr. 75.139.80. Stefnandi telur grundvöll útreiknings verðbóta rangan og hefur höfðað mál þetta til heimtu á mismun fjárhæðar þeirrar, sem hann fékk greidda, og fjárhæðar þeirrar, sem hann telur rétta samkvæmt útreikningi sínum.

Krafa stefnanda er byggð á því, að ákvæði um skyldusparnað hafi ekki verið framkvæmd á löglegan hátt. Hafi það valdið því, að hann hafi ekki fengið greidda rétta fjárhæð af skyldusparnaðarreikningi sínum. Jafnframt er krafa stefnanda byggð á því, að skyldusparnaðarreikningi hans nr. 31403 verði ekki lokað, fyrr en hann hafi að fullu fengið greidda rétta fjárhæð skyldusparnaðar síns með vöxtum og verðbótum. — Því er í fyrsta lagi haldið fram, að vextir hafi verið ranglega reiknaðir 4% frá 1. janúar 1965, en þeir hafi átt að vera 5.5% fram til gildistöku laga nr. 19/1965, 10. maí 1965. Þá er því haldið fram, að verðbætur hafi aðeins verið reiknaðar einu sinni á ári og þá af lægstu innstæðu á reikningnum á árinu. Hafi þetta verið gert, þótt vísitölur þær, sem notaðar voru, hafi verið reiknaðar mánaðarlega og síðar ársfjórðungslega. Veiti lög um skyldusparnað enga vísbendingu um, að reikna hafi átt verðbætur með þessum hætti. Þvert á móti sé tekið fram í lögunum frá 1968, að kaupvísitala skuli reiknuð fjórum sinnum á ári, en ekki hafi verið nein ástæða til slíks, ef ekki hefði átt að fara eftir því við útreikning verðbóta. Þá hafi verðbætur verið lagðar á sérstakan reikning, þar sem þær hafi verið geymdar án vaxta og verðtryggingar til útborgunardags. Þessi framkvæmd eigi sér enga stoð í lögum og sé algerlega andstæð viðurkenndum og rökréttum vísitöluútreikningum. Sé þetta aðalatriðið, sem aflaga hafi farið í framkvæmd lagaákvæðanna um skyldusparnað. Er því haldið fram, að í stað þeirrar aðferðar, sem veðdeild Landsbanka Íslands beitti, hafi borið að varðveita fé stefnanda í byggingarsjóði ríkisins þannig, að við innborganir hafi átt að leggja lögmælta vexti og hækka síðan þá fjárhæð, þ. e. höfuðstól að

viðbættum vöxtum, í hlutfalli við hækkanir á vísitölum þeim, sem miða bar við. Síðan hafi átt að bæta þeim verðbótum við höfuðstól og vexti og mynda þannig nýjan höfuðstól, sem síðan bæri vexti og verðbætur á næsta ári. — Þá er því haldið fram, að ekki hafi verið um að ræða lokauppgjör, er stefnandi fékk endurgreitt sparifé sitt 18. september 1972. Vegna grandleysis hans verði að líta á þá endurgreiðslu sem úttekt af reikningnum, en málssókn þessi stefni hins vegar að réttu uppgjöri. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að skattfrelsi skyldusparifjár hafi þýðingu við úrlausn máls þessa, því það fé, sem menn almennt spari, sé skattfrjálst. Stefnandi hefði sjálfur sparað það fé, sem honum var gert skylt að leggja inn á reikning sem skyldusparifé, og hefði ávaxtað það betur en ákvæði um skyldusparifé bjóða upp á. Kröfugerð stefnanda er studd þeim rökum, að lagaákvæði þau, sem framkvæmd skyldusparnaðar hafi verið byggð á frá upphafi, hafi ekki verið eins glögg og æskilegt sé. Í stað þess að gera ákvæðin ótvíræð, þegar þetta kom í ljós, hafi verið farin sú leið, að bankastjórum Landsbanka Íslands hafi verið falið að semja reglur, sem framkvæmd skyldusparnaðar hafi síðan hvílt á. Óviðunandi sé, að stjórnvöldum sé fengið sjálfdæmi um túlkun og framkvæmd óljósra lagaákvæða á þann hátt, sem hér hafi orðið, til stórkostlegs fjárhagslegs ávinnings fyrir opinbera stofnun, en hinum almenna borgara til tjóns að sama skapi. Slík einhliða hentistefna á lagaframkvæmd sé enn fráleitari í þessu tilviki fyrir þá sök, að þeir, sem skaðist, séu bundnir þeirri skyldu að sæta sviptingu forræðis hluta vinnulauna sinna um árabil. Slíkri kvöð, þótt teljast megi góðra gjalda verð út af fyrir sig, hljóti að fylgja sá réttur, að í engu sé hallað á þá, sem kvöðinni eru bundnir. Úr því lögin hafi kveðið á um verðtryggingu skyldusparnaðar, án þess að fyrirvari væri gerður um takmörkun þeirrar verðtryggingar, hafi borið að reikna fullar verðbætur á hverjum tíma eftir gildandi vísitölum og í samræmi við viðteknar reglur og venjur um útreikning slíkra verðbóta. Þá sé þess sérstaklega að gæta, að framkvæmd skyldusparnaðar með innborgunum mismunandi fjárhæða á löngu tímabili, breytilegum vöxtum og vísitölum sé flóknari en svo, að gera megi ráð fyrir, að unglingar og aðrir, sem skyldusparnaður nær til, geti áttað sig til hlítar á því, hvort rétt hafi verið að máli staðið af hálfu þeirra, sem um framkvæmdina hafa séð. Engum eigi þó fremur að mega treysta í því efni en opinberri peningastofnun með sérhæfðu starfsfólki. Með framangreind

atriði í huga verði hvorki með gildum rökum að því fundið, að lengst af hafi lítt borið á gagnrýni af hálfu sparifjáreigenda á framkvæmd skyldusparnaðar, né heldur, að nærri tveir áratugir hafi liðið án aðgerða til að knýja fram leiðréttingu í þessu efni. Það unga fólk, sem hér hafi átt hlut að máli, hafi allan tímann verið í góðri trú. Venjur um lagaframkvæmd, sem byggist á hlutdrægri og rangri lagatúlkun, geti ekki orðið að réttarvenju í réttarríki. Það, sem kunni að hafa verið ólögmætt í upphafi við framkvæmd laganna um skyldusparnað, verði áfram ólögmætt, uns bætt hafi verið úr því. Verði framkvæmd laga um skyldusparnað ekki leiðrétt í samræmi við kröfur stefnanda, verði að líta á skyldusparnað þennan sem skattlagningu á lítinn hóp einstaklinga, en slík skattlagning brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Af hálfu stefnanda kemur fram, að þótt fé það, sem safnist með hinum lögboðna skyldusparnaði, sé lagt í byggingarsjóð ríkisins, fari Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem sé ríkisstofnun, með stjórn sjóðsins. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 30/1970 skuli greiða kostnað við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðar úr ríkissjóði. Til varnaraðildar í málinu hafi því verið stefnt fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem hafi viðurkennt að vera réttur varnaraðili í málinu. Mál það, sem hér er til úrlausnar, hafi verið valið sem prófmál í samráði við fjármálaráðuneytið til að fá skorið úr atriðum þeim, sem kröfugerð stefnanda beinist að. Því megi ætla, að allir skyldusparendur frá upphafi skyldusparnaðar fái leiðréttingu sinna mála, ef fallist verður á kröfugerð stefnanda. Beri að taka tillit til þessa við ákvörðun málflutningsþóknunar lögmanns stefnanda, en stefnandi hafi fengið gjafsóknarleyfi við rekstur málsins.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að vaxta- og vísitöluútreikningur á skyldusparifé stefnanda hafi verið framkvæmdur á réttan hátt af húsnæðismálastjórn og veðdeild Landsbanka Íslands, enda hafi verið fylgt ríkjandi og viðurkenndum venjum á þessu sviði. Ákvæði laga um verðtryggingu skyldusparnaðar hafi frá upphafi verið mjög stuttorð um það, hvernig nánari tilhögun vísitöluútreiknings skyldi háttað. Engum samræmdum almennum aðferðum við vísitöluútreikninga hafi heldur verið til að dreifa sem fyrirmynd. Af þessum sökum hafi þótt sjálfsagt og eðlilegt í upphafi að leita álits höfuðbanka landsins um það, hvernig útreikningurinn skyldi framkvæmdur í einstökum atriðum. Sá grundvöllur, sem þarna hafi verið lagður í upphafi, hafi haldist óbreyttur um rúmlega 18 ára skeið að öðru leyti en því,

að á árinu 1965 hafi verið horfið frá því að miða verðtryggingu við framfærsluvísitölu, en kaupgjaldsvísitala og síðar kaupvísitala tekin upp sem viðmiðun þess í stað. Það hafi fyrst verið hin síðari ár, að vaxandi verðbólga hafi leitt til þess, að ákvæði varðandi vísitölu hafi verið tekin inn í samninga manna og ýmis lög. Öll ákvæði gildandi laga um vísitöluviðmiðun séu ófullkomin, og við framkvæmd þeirra þurfi skýring og fylling að koma til að meira eða minna leyti. Þessi ákvæði yfirleitt séu svo ný, að mjög skorti á það, að almennar samræmdar venjur hafi myndast um túlkun þeirra. Það sé miklu frekar, að venjur hafi náð að myndast á einstökum afmörkuðum sviðum, og sé vísitöluútreikningur af skyldusparifé eitt gleggsta dæmið um það. Þannig hafi þær útreikningsaðferðir, sem notaðar voru við endurgreiðslu á skyldusparnaði stefnanda, verið notaðar gagnvart tugþúsundum annarra sparenda á síðustu tveimur áratugum og hafi sú framkvæmd ekki sætt andmælum fyrr en nú. Því verði að telja hafið yfir allan vafa, að föst réttarvenja hafi myndast um framkvæmd þessa ákvæðis, og sé þá bæði á það að líta, hve löng og samfelld og jafnframt gífurlega umfangsmikil þessi framkvæmd hafi verið. Þetta atriði hafi meginþýðingu fyrir niðurstöðu úrlausnarefnis máls þessa. Þá sé á það að líta, að frá árinu 1957 hafi margoft verið gerðar breytingar á ákvæðum laga um skyldusparnað. Er öll þessi síðari lög hafi verið sett, hafi verið fullkunnugt um þær reglur, sem gilt höfðu í framkvæmd um útreikning vísitölubóta á skyldusparifé. Engu að síður sé hvergi í lögum þessum kveðið nánar á um, hversu útreikningi verðbóta skuli hagað, og hvergi sjáist, hvorki af lögum né lögskýringargögnum, að breyta hafi átt ríkjandi útreikningsaðferðum í það horf, sem stefnandi krefst með málssókn þessari. Hefði þó verið fyllsta ástæða til þess, ef löggjafinn vildi breyta alkunnri ríkjandi framkvæmd á þessu sviði. Því verði ekki önnur ályktun dregin af þessu en sú, að tilgangur löggjafans hafi verið að halda óbreyttum meginreglum þeim, sem um vísitöluútreikninginn giltu í framkvæmd. Sú ályktun sé þeim mun eðlilegri, þar sem löggjafinn hafi í öll þessi skipti haft fyrir augum og metið þau heildarkjör, sem eigendur þessara peninga njóta. Auk sjálfrar verðtryggingarinnar njóta þeir afar hagkvæmra kjara, svo sem víðtæks skattfrelsis sparifjárins og forgangsréttar til hagkvæmra lána, sem einungis eru verðtryggð að hluta, þótt sparifé viðkomandi njóti fullrar verðtryggingar hjá sama aðilja. Er því haldið fram, að af því, sem að framan hefur verið rakið, sé fullljóst, að

bæði löng og órofin venja og óbein staðfesting löggjafans á framkvæmd þessa útreiknings leiði eindregið til þeirrar niðurstöðu, að sjónarmið stefnanda eigi ekki við rök að styðjast. Þar við bætist, að ríkjandi framkvæmd við útreikning verðbótanna brjóti á engan hátt í bága við orðalag þeirra laga, er um þetta atriði hafa gilt. Heldur sé hún þvert á móti langeðlilegasta túlkunin á þessum ákvæðum. Framangreindar ástæður, hvort heldur ein sér eða allar í senn, geti því ekki leitt til annarrar niðurstöðu en þeirrar, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda. — Af hálfu stefnda er því mótmælt, að við útreikning vísitöluuppbóta af skyldusparifé eigi að miða við hæstu fjárhæð, sem inni stendur á vísitölutímabilinu. Augljóst sé, að slík aðferð leiði til afar ósanngjarnrar niðurstöðu. Sú aðferð hafi í för með sér, að fjárhæð, sem einungis stendur inni lítinn hluta tiltekins vísitölutímabils, hækki í hlutfalli við vísitöluhækkun alls tímabilsins, en slík niðurstaða sé fráleit. Sama gildi að sjálfsögðu jafnframt, þótt útreikningstímabil yrðu talin skemmri en eitt ár. Í þessu sambandi sé rétt að hafa í huga, að sparanda sé kleift að leysa út sparifé sitt, jafnvel daginn eftir að útreikningur vísitölubóta hefur farið fram. Einsýnt sé, að það sé einungis sú fjárhæð, sem inni hafi staðið á reikningnum við upphaf vísitölutímabilsins, sem rýrnað hafi að raungildi í hlutfalli við vísitöluhækkunina. Það sé því einungis rýrnun þeirrar fjárhæðar, sem bæta beri með vísitöluhækkun tímabilsins. Megi benda á margar hliðstæður í sambandi við útreikning vaxta, svo sem vexti af ýmsum bankareikningum. Sé af þessu augljóst, að aðferð stefnanda eigi ekki við rök að styðjast. Varðandi það atriði, að vísitölubætur skuli reiknaðar út oftar en gert er, er því haldið fram af hálfu stefnda, að skv. ákvæðum 3. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1957 hafi verið gert ráð fyrir, að vísitöluhækkun skyldusparnaðar skyldi miðast við þá vísitöluhækkun, sem greidd var af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Þau verðbréf, sem hér hafi verið átt við, hafi verið svonefnd bankavaxtabréf, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 42/1957. Á þessum bréfum hafi verið reiknuð vísitala einu sinni á ári miðað við 1. október ár hvert, en gjalddagi hafi verið 1. nóvember. Hafi réttmæti þessarar framkvæmdar ekki verið vefengt. Í samræmi við þetta hafi vísitala af skyldusparifé verið reiknuð einu sinni á ári miðað við 1. október ár hvert. Vísitala sú, sem útreikningur bankavaxtabréfa og skyldusparifjár var miðuð við, hafi verið framfærsluvísitala, en sjálf vísitalan hafi á þeim tíma verið reiknuð út 12 sinnum á ári. Með

lögum nr. 19/1965 hafi breyting orðið á vísitöluákvæðum, sem hér skipta máli. Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. þeirra laga skyldi vísitöluútreikningur á skyldusparifé enn sem fyrr miðaður við útreikning verðhækkana af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Þessi verðbréf, bankavaxtabréf, hafi skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1965 nú verið verðbætt skv. kaupgreiðsluvísitölu í stað framfærsluvísitölu. Um þá vísitölu hafi á þessum tíma gilt lög nr. 63/1964, en samkvæmt þeim skyldi reikna vísitöluna fjórum sinnum á ári. Engu að síður hafi vísitöluútreikningur á bankavaxtabréfunum eftir sem áður verið framkvæmdur einu sinni á ári miðað við gjalddaga þeirrar afborgunar, er gjaldféll á árinu. Sú aðferð sé óumdeilanlega rétt, enda þótt til viðmiðunar hafi alltaf verið notuð vísitala, sem oftar var reiknuð. Í samræmi við þetta hafi vísitöluuppbót á skyldusparnaðarfé einnig verið reiknuð einu sinni á ári. Með lögum nr. 21/1968 hafi ákvæði um kaupvísitölu að vísu verið tekin inn í 5. mgr. 5. gr. laganna um húsnæðismálastofnun, þar á meðal um fjóra útreikningsdaga vísitölunnar á ári. Í þriðju málsgrein 10. gr. laganna, sem fjalli um endurgreiðslu skyldusparifjárins, sé vitnað til áðurnefndrar 5. mgr. 5. gr. um vísitöluverðbæturnar. Í fljótu bragði gæti virst, að með þessu hafi tilgangur löggjafans verið að gera grundvallarbreytingu á þeirri útreikningsaðferð, sem til þessa hafi gilt. Við nánari athugun megi þó fullljóst vera, að svo hafi alls ekki verið. Við útreikning sjálfrar vísitölunnar séu hér ekki gerðar neinar breytingar frá eldri lögum að því er varðar fjölda útreikningsdaga. Í 6. mgr. 5. gr. sé beinlínis tekið fram, að vísitölubætur komi á ársgreiðslur bankavaxtabréfanna, þ. e. að óbreytt skyldi vera sú aðferð, sem beitt hafði verið frá upphafi við útreikning vísitölubóta á afborganir þeirra einu sinni á ári. Við túlkun laganna hafi þetta meginþýðingu. Af lögskýringargögnum verði sú ályktun alls ekki dregin, að með þessum lögum hafi verið ætlunin að rjúfa þau tengsl, sem frá upphafi hafi verið milli verðbótareiknings á bankavaxtabréfunum og skyldusparnaðinum. Þvert á móti sé augljóst, að breytingin sé ekki efnisleg, heldur einungis formleg eða nánast lagatæknileg. Í stað þess að vísa til annarra laga um útreikning kaupvísitölu séu ákvæðin um hana tekin upp í lögin um húsnæðismálastofnun, án þess að séð verði, að það feli í sér hina minnstu efnisbreytingu. Ákvæði núgildandi laga nr. 30/1970 séu hliðstæð tilvitnuðum ákvæðum laga nr. 21/1968 að þessu leyti. Af framansögðu sé ljóst, að staðhæfingar stefnanda þess efnis, að útreikningur vísitöluhækkunar

skyldusparifjár skuli gerður fjórum sinnum á ári, eigi ekki við rök að styðjast. Þá er af hálfu stefnda mótmælt þeim skilningi stefnanda, að reikna beri vísitöluuppbót ofan í höfuðstól að viðbættum vöxtum og þegar fenginni vísitöluuppbót, þannig að vísitöluuppbót reiknist af vísitöluuppbót. Verði ekki ráðið af lögum eða lögskýringargögnum, að þessi skilningur eigi við nokkur rök að styðjast. Því er haldið fram, að fullyrðingar stefnanda um, að útreikningar þeir, sem beitt hefur verið varðandi verðtryggingu skyldusparifjár, stríði gegn rökréttum og venjuhelguðum útreikningsaðferðum, fái ekki staðist. Til muni vera fjöldinn allur af útreikningsaðferðum til að finna út verðbreytingar miðað við ýmsar vísitölur. Í þessu sambandi sé á það að líta, að er skyldusparnaður var fyrst leiddur í lög og útreikningsreglur ákveðnar, hafi engum fyrirmyndum verið til að dreifa öðrum en frjálsum sparnaði skólabarna. Um þau lán hafi nokkru áður verið settar sams konar reglur varðandi þennan þátt verðtryggingarinnar og þær, sem síðar voru ákveðnar um skyldusparnað og hafa tíðkast óslitið síðan. Þótt settar hafi verið reglur mörgum árum síðar um verðtryggingu á allt öðru sviði, það er spariskírteini ríkissjóðs, þar sem útreikningsreglur voru að ýmsu leyti ákveðnar á annan veg, hafi það ekki nein áhrif á útreikningsreglur á neinum öðrum sviðum, þar sem aðrar reglur hafi verið settar. Varðandi þann þátt kröfugerðar stefnanda, að reikna hefði átt 5½% vexti í stað 4% vaxta á tímabilinu frá 1. janúar 1965 til 10. maí 1965, er því haldið fram af hálfu stefnda, að með lögum nr. 19/1965 hafi vextir af útlánum byggingarsjóðs verið lækkaðir frá 1. janúar 1965 úr 5½% í 4%. Hafi lögunum verið beitt afturvirkt í nokkra mánuði húsbyggjendum til hagsbóta. Í samræmi við það hafi aðeins verið greiddir 4% vextir af bankavaxtabréfum, sbr. 5. gr. laganna. Sökum tengsla vaxtakjara af skyldusparifé og vaxtakjara bankavaxtabréfanna hafi vaxtalækkun af skyldusparifé verið miðuð við sama tímamark. Hafi húsnæðismálastjórn verið heimilt að breyta vaxtakjörunum skv. ákvæði F liðar 6. gr. laga nr. 42/1957. Af hálfu stefnda er á það bent í þessu sambandi, að hvorki stefnandi né nokkur annar, sem í hlut átti, hafi hreyft athugasemdum út af því, að þeir hafi fengið greidda of lága vexti á þessu tímabili. — Þá er því mótmælt af hálfu stefnda, að stefnandii eigi rétt á verðbótum af vangreiddum verðbótum frá þeim degi, er reikningi hans var lokað 18. september 1972. Málssókn stefnanda sé á því byggð, að um vanskil hafi verið að ræða, er reikningi hans var lokað

þann dag, og ef eitthvað vanti á full skil, eigi venjulegar reglur um vanskil að gilda. Umræddan dag hafi reikningi stefnanda verið lokað í eitt skipti fyrir öll. Það skjóti því skökku við, þegar stefnandi haldi því fram, að vangreiddir vextir og verðbætur hafi eftir þennan dag lagst inn á einhvern ímyndaðan reikning með þeirri ávöxtun, sem stefnandi heldur fram. Auk þess sé á það að líta, að heimild til skyldusparnaðar eftir 26 ára aldur hafi verið felld úr lögum. Því sé ljóst, að þessar hugmyndir stefnanda fái ekki staðist. Ákvæði laga nr. 30/1970 um greiðslu vísitöluuppbótar og 4% ársvexti af sparifé, sbr. samsvarandi ákvæði eldri laga, eigi aðeins við, meðan höfuðstóll sparifjár stendur inni lögum samkvæmt. Ekki sé nein heimild til að láta ákvæði þessi ná til vaxta og vísitölugreiðslna, sem vanskil kunni að vera talin á. Eftir að höfuðstóll hafi verið tekinn úr reikningnum, eigi almennar reglur um greiðslu vaxta við. Með hliðsjón af dómvenju virðist nærtækast að líta svo á, að almennir sparisjóðsinnlánsvextir komi þar til, en augljóslega ekki dráttarvextir skv. auglýsingum Seðlabankans. — Verði sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina og dómurinn fallist á með stefnanda, að eitthvert framangreindra atriða kröfugerðar hans hafi við rök að styðjast, beri engu að síður að taka röksemdir stefnda um önnur atriði til greina og lækka fjárkröfu stefnanda samkvæmt því. Er því einnig haldið fram, að frá þeirri fjárhæð, sem vanreiknuð kunni að hafa verið, beri að draga fjárhæð samsvarandi þeim vísitölubótum, sem reiknaðar voru ofan á vexti af höfuðstól stefnanda. Er því haldið fram í þessu sambandi, að verði ekki á það fallist, að núverandi útreikningsaðferðir séu venjuhelgaðar, þá sé skylda til að reikna vísitölu ofan á vexti heldur ekki fyrir hendi. Í lögum sé ekkert, sem gefi til kynna, að skylt sé að reikna vísitölubætur ofan á vexti, en þrátt fyrir það hafi framkvæmd verið hagað þannig til augljóss og stórkostlegs hagræðis fyrir skyldusparendur.

Að lokum er því haldið fram af hálfu stefnda, að sanngirni og eðli máls mæli gegn því, að skyldusparnaður ungmenna njóti verðbótakjara til jafns við þau innlán, sem hagstæðust eru lánveitanda, en þar sé einkum um að ræða spariskírteini ríkissjóðs, sem stefnandi hafi í huga til samanburðar í málatilbúnaði sínum. Spariskírteini ríkissjóðs feli í sér fastan lánssamning, þar sem lánsfjárhæð liggi fyrir strax í upphafi og gjalddagi sé ákveðinn langt fram í tímann. Þar sé því um raunverulegt ráðstöfunarfé lántakanda að ræða allan lánstímann. Í hinu tilvikinu sé nán-

ast um hlaupandi viðskipti að ræða, þar sem lánsfjárhæðir falli til smám saman allan tímann og gjalddagi sé algerlega óviss. Lánstími sé í raun mjög stuttur í mörgum tilvikum, svo sem er skólafólk innleysir sparifé sitt. Skyldusparifé sé því ekki nema að hluta raunverulegt ráðstöfunarfé lántakanda. Á þessu tvennu sé því augljóslega reginmunur. Þrátt fyrir þetta sé skyldusparifé vísitölutryggt miðað við kaupvísitölu, sem sé hagstæðasta vísitöluviðmiðun fyrir lánveitanda, sem völ sé á. Spariskírteini ríkissjóðs séu hins vegar verðtryggð miðað við byggingarvísitölu. Þá er bent á af hálfu stefnda, að langflestir þeirra, sem fá útborgað skyldusparifé sitt, séu milli tvítugs og þrítugs aldurs. Tala þeirra, sem þannig hafi fengið sparifé sitt endurgreitt, skipti nú tugum þúsunda, en nú muni vera opnir um 27000 sparimerkjareikningar. Það fái ekki staðist, að öllu þessu fólki hafi fyrir æsku sakir verið ókleift að kynna sér lánskjör.

Í málinu er fram komin svohljóðandi umsögn veðdeildar Landsbanka Íslands:

„Leitað hefur verið til veðdeildar Landsbanka Íslands um eftirfarandi upplýsingar varðandi ákveðna þætti í framkvæmd skyldusparnaðar vegna bæjarþingsmálsins Gunnar H. Baldursson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

1. Hvernig vextir og vísitölubætur hafi verið reiknaðar af innstæðufé.

2. Hvernig vextir og vísitölubætur hafi verið reiknaðar af verðbréfum á vegum byggingarsjóðs ríkisins.

3. Hvort eigendum innstæðufjár hafi verið kynntar reglur við útreikning vaxta og vísitöluuppbótar og hver heimildargögn innstæðueigendur hafi um innstæðu sína á hverjum tíma.

I.

Skyldusparnaður ungmenna var fyrst leiddur í lög með lögum nr. 42 frá 1957. Samkv. 10. gr. laganna skyldi við endurgreiðslu skyldusparifjár greiða sömu vexti og sömu vísitöluuppbót og greidd væri af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum.

Þar sem ekki var nánar tilgreint í lögunum, hvernig háttað skyldi framkvæmd vísitölutryggingar skyldusparifjár, var talið eðlilegt og í samræmi við ákvæði 5. gr. laganna að leita til Seðlabanka Íslands og ráðuneytis varðandi framkvæmdina.

Með bréfi, dags. 10. apríl 1958, lagði Seðlabankinn fram við

félagsmálaráðuneytið ákveðnar tillögur um útreikning vísitöluuppbótar og vaxta. Þessar tillögur voru síðan samþykktar í ráðuneytinu, eftir að húsnæðismálastjórn hafði samþykkt þær fyrir sitt leyti.

Í tillögum Seðlabankans var lagt til, að framfærsluvísitala októbermánaðar yrði reiknuð sem grunnvísitala af innstæðum reikningseigenda pr. 1. okt. ár hvert. Sú vísitöluhækkun, sem yrði á hverju ári, skyldi reiknast eftir á, af þeirri innstæðu, sem reikningseigandi átti 1. okt. árið áður. Vísitalan lagðist ekki við höfuðstól, fyrr en innstæðan væri greidd reikningseiganda. Af innstæðum, sem greiddar væru út á milli gjalddaga, reiknuðust ekki vísitölubætur fyrir þann tíma, sem liðinn væri frá 1. okt. þar á undan. Vextir skyldu ekki reiknast af vísitöluuppbótinni, en 5½% ársvextir leggjast við höfuðstólinn við hver áramót.

Hefur ofangreindum reglum um útreikning vísitöluuppbótar og vaxta verið fylgt frá upphafi með þeim breytingum, að 1965 var farið að miða við svonefnda kaupgreiðsluvísitölu og 1968 kaupvísitölu og viðmiðunardagur 1. febrúar.

Jafnframt lækkuðu vextir í 4% 1964 í samræmi við breytt lánakjör á útlánum Byggingarsjóðs á grundvelli samkomulags ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar um launa- og kjaramál.

Við gildistöku laga nr. 21/1968 var sú breyting gerð á framkvæmd ofangreinds útreiknings, að farið var að greiða sparifjáreigendum hálft vísitöluálag í samræmi við vísitöluálag á verðtryggð útlán Byggingarsjóðs. Síðar var talið, að skýra bæri ákvæði laga nr. 21/1968 svo, að sparifjáreigendum bæri vísitöluálag að fullu, og lagði félagsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 12. ágúst 1974, fyrir húsnæðismálastjórn að sjá til þess, að leiðrétting yrði gerð, og voru greiðslur vegna þessa mismunar sendar út í lok árs 1974.

Það skal einnig tekið fram, að með bréfi, dags. 9. jan. 1973, fór Húsnæðismálastofnunin þess á leit við félagsmálaráðuneytið, að það úrskurðaði, hvernig túlka bæri ákvæði 3. mgr. 11. gr. l. nr. 30/1970 og hvaða áhrif 2. og 4. gr. l. 72/1972 hefði á útreikning vísitölubóta. Svar ráðuneytisins barst með bréfi, dags. 29. janúar 1973, og segir þar, að ráðuneytið telji, að lög nr. 72/1972 raski ekki ákvæðum 3. mgr. 11. gr. l. nr. 30/1970 og bæri því framvegis að reikna og greiða vísitölubætur af skyldusparnaðarfé með sama hætti og tíðkast hefur til þessa.

II.

Samkv. lögum nr. 42/1957 var Veðdeild Landsbankans heimilað að gefa út bankavaxtabréf með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta væru bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Sams konar ákvæði voru áður í lögum nr. 55/1955 um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Engin nánari fyrirmæli voru í lögunum um útreikning vísitöluálagsins.

Í reynd hefur vaxtahæð bankavaxtabréfanna fylgt útlánsvöxtum Byggingarsjóðs á vísitölutryggðum útlánum, þ. e. vextir voru 5½% þar til 1964, að þeir lækkuðu í 4%, sbr. áður nefnt samkomulag ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar.

Á sama hátt hefur við útreikning vaxta og vísitöluálags verið farið eftir sömu reglum og lagðar hafa verið til grundvallar útreikningi vaxta og vísitöluuppbótar á vísitölutryggð útlán húsnæðismálastjórnar.

Hafa vísitölutryggð bankavaxtabréf, sem útgefin eru á árunum 1955—1964, verið dregin út með jöfnum afborgunum á 15 árum. Við útborgun hefur grunnupphæð bréfanna verið greidd eigendum að viðbættri fullri vísitöluhækkun, skv. grunnvísitölu bréfsins, frá þeim tíma, sem viðkomandi flokkur var opnaður til 1. okt. næstan á undan gjalddaga bréfanna, sem er 1. marz ár hvert.

Þau bankavaxtabréf, sem síðan hafa verið útgefin, endurgreiðast á 25 árum, og er vísitöluálag reiknað á afborgun og vexti (annuitetsgreiðslur).

Er þá miðað við grunnvísitölu bréfsins og vísitölu 1. febr. eða 1. apríl næstan á undan gjalddaga, sem er 1. sept. ár hvert.

Þetta gildir þó ekki um þá flokka bankavaxtabréfa, sem falla undir ákvæði laga nr. 72 frá 1972 um meðaltalsársvexti, þ. e. a. s. öll vísitölluppbót ásamt vöxtum skuli ekki hærri en 7.5% allan lánstímann. Þetta á við um bréf útg. frá 23. júlí 1964 til 4. júlí 1974.

Á það skal sérstaklega bent, að bankavaxtabréf, sem útg. eru eftir 5. júlí 1974, hafa á sama hátt verið bætt með vísitöluálagi, þó að hluta. Frá 5. 7. 1974 til 27. júní 1975 var reiknað sem svarar 3/10 þeirrar hækkunar, sem hefur á orðið á gildandi vísitölu byggingarkostnaðar frá útgáfudegi og til gjalddaga, og er þessi hækkun reiknuð á vexti og afborgun (annuitetsgreiðslu), en frá 28. júní 1975 var þetta hlutfall hækkað í 4/10 af hækkun byggingarvísitölu, og hefur það verið allt til þessa dags.

Þá hefur Byggingarsjóður ríkisins gefið út og selt verðbréf til hinna ýmsu lífeyrissjóða, og hafa lánakjör verið þessi:

Vextir 5 og 4%.

Lánstími 10 og 15 ár.

Jafnar greiðslur (annuitetsgreiðslur).

Greitt með fullri hækkun byggingarvísitölu.

(Sjá nánar um þetta í ljósriti af bréfi Veðdeildar 1. ágúst 1975).

Greiðslur vaxta af bankavaxtabréfunum voru í upphafi bundnar vísitölu á sama hátt og afborganir, en vísitölubindingin var afnumin með l. nr. 45/1958, og hélst það til gildistöku laga nr. 19/1965, er aftur var farið að greiða vísitöluuppbót af vaxtagreiðslunni. Voru þá teknar upp annuitetsgreiðslur og vísitöluálagið reiknað á það.

Við gildistöku laga nr. 21/1968 var samkv. lögunum farið að greiða vísitöluuppbót, sem svaraði einungis helming þeirrar hækkunar, er hverju sinni hafði orðið á viðmiðunarvísitölunni.

Rétt er einnig að benda á ákvæði laga nr. 72 frá 1972 um, að meðaltalsársvextir, þ. m. t. öll vísitöluuppbót, skuli ekki vera hærri en 7½%.

III.

Samkv. 2. gr. reglugerðar um sparimerki nr. 2/1971 skal sparifé samkv. ákvæðum laga um skyldusparnað lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega, sem ekki er undanþeginn skyldusparnaði, sérstök sparimerki hvert skipti sem útborgun vinnulauna fer fram. Þeir aðilar, sem nota skýrsluvélar við launaafgreiðslu, hafa getað síðan 1975 sótt um leyfi til félagsmálaráðuneytisins um undanþágu frá sparimerkjakaupum, enda fái launþeginn við hverja launaafgreiðslu ritaðar upplýsingar frá launagreiðanda um, hve há skyldusparnaðarupphæðin var, sem lögð var til hliðar af launanum, og hvað upphæðin sé samtals orðin það, sem af er árinu.

Framkvæmd skyldusparnaðarins er falin póststjórninni samkv. 3. gr. reglugerðarinnar um skyldusparnað.

Gefur póststjórnin út sparimerki og sparimerkjabækur, þar sem m. a. er prentaður úrdráttur úr reglugerð um skyldusparnað. Póststofur og póstafgreiðslur afhenda sparimerkjabækur og selja sparimerki. Sömu aðilar taka við sparimerkjablöðum og koma áleiðis til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Þeir launagreiðendur, sem hafa undanþágu frá afhendingu sparimerkja, greiða andvirði sparifjár beint til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Samkvæmt ofangreindu eru þessir þættir ekki í höndum veðdeildar Landsbanka Íslands, en aftur á móti eru fjármunir þeir, sem þannig sparast, í vörslu veðdeildarinnar.

Hefur veðdeildin frá því að byrjað var að tölvuvinna færslur á reikningum skyldusparnaðar, árið 1971, sent út um hver áramót til innstæðueigenda yfirlit yfir allar hreyfingar á reikningnum, innstæðu án vísitölu um áramót og vísitöluinnstæðu í árslok.

Við uppgjör á skyldusparnaði hefur einnig jafnan komið skýrt fram, hver sé inneign aðila með vöxtum s.l. áramót, dagvextir og vísitöluálag."

Af hálfu stefnda hefur ekki verið vefengt, að hann sé réttur varnaraðili málsins, og hefur því verið lýst yfir af hans hálfu, að falli dómur í málinu stefnanda í vil, muni stefndi taka að sér að greiða þær fjárhæðir, sem þar verði um að ræða. Í málinu er fram komin skýrsla veðdeildar Landsbanka Íslands. Þá er fram komin í málinu álitsgerð, sem samin var að tilhlutan húsnæðismálastjórnar og meiri hluti hennar hefur samþykkt sem umsögn um framkvæmd lagaákvæða um skyldusparnað, en ekki þykir þó ástæða til að rekja efni hennar, enda efnislega í samræmi við málflutning stefnda. Samkvæmt þessu þykir varnaraðild málsins og hagsmunagæsla þeirra, er haft hafa með höndum framkvæmd laga um skyldusparnað þann, sem hér er fjallað um, með þeim hætti, að leggja megi efnisdóm á málsefnið.

Líta verður svo á, að tilgangur ákvæðanna um skyldusparnað í lögum nr. 42/1957 um húsnæðismálastofnun o. fl. og síðari ákvæða laga um það efni hafi verið sá að afla aukins fjár til veðlánakerfis til stuðnings smíði íbúðarhúsa almennt, en jafnframt að stuðla að sparnaði ungmenna og ungs fólks og gefa þeim, sem þannig næðu að spara ákveðna lágmarksfjárhæð, kost á hærri lánum úr veðlánakerfinu en öðrum að öðru jöfnu, en síðar umfram aðra, sbr. lög nr. 18/1964. Því er ekki haldið fram af hálfu stefnanda, að ákvæði laga um skyldusparnað brjóti sem slík í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Hins vegar er því haldið fram, að sú framkvæmd þeirra, sem beitt hefur verið, leiði raunverulega til skattlagningar lítils hóps landsmanna innan ákveðinna aldursmarka, en slík álagning brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Verður tekin afstaða til þessarar málsástæðu, er tekin hefur verið afstaða til þeirra atriða, sem stefnandi telur, að misbrestur hafi orðið á við framkvæmd lagaákvæða um skyldusparnað. Fyrstu ákvæði laga um skyldusparnað gefa ekki ná-

kvæm fyrirmæli um útreikning uppbótar af skyldusparnaði í sambandi við endurgreiðslu innlagðra fjárhæða. Ekki er í reglugerð með lögunum kveðið nánar á um þetta. Tillaga bankastjóra Landsbanka Íslands um framkvæmd þessa þáttar skyldusparnaðarins var samþykkt af húsnæðismálastjórn og félagsmálaráðuneytinu, en ekki er þar um að ræða reglugerð. Því er haldið fram af hálfu stefnda, að vegna langvarandi framkvæmdar, sem ekki hafi sætt andmælum, hafi reglur þessar orðið að venjuhelguðum réttarreglum. Við mat á þessu þykir verða að líta til þess, að verulegur hluti þess aldursskeiðs, þegar mönnum er skylt að sæta skyldusparnaði, er utan fjárræðisaldurs. Var stefnandi þannig 16 ára, er hann hóf skyldusparnað sinn. Er og á það að líta, að ekki hefur komið fram, að reglur þær, sem farið var eftir, hafi verið birtar almenningi. Framkvæmd á reglum þessum við þessar aðstæður þykir ekki skapa venjuhelgaða réttarreglu. Verður á grundvelli almennra lögskýringarsjónarmiða tekin afstaða til gildis reglna þessara. Við skýringu á upphaflegum ákvæðum laga um skyldusparnað þykir verða að hafa í huga aðstæður, sem voru fyrir hendi, er lögin voru sett. Verðbólga var þá ekki eins mikil og nú. Reiknitækni hefur breyst mikið á þessum tíma, og var þá meiri ástæða til að einfalda útreikninga. Fordæmi um vísitölutryggingu fjárskuldbindinga voru af skornum skammti. Virðist löggjafinn ekki hafa gert sér glögga grein fyrir því, hvernig ákvörðun uppbótarinnar yrði hagað í smærri atriðum. Í upphaflegu ákvæðunum um skyldusparnað og síðari ákvæðum er gert ráð fyrir tengslum milli vaxtakjara og verðuppbótar skyldusparnaðar annars vegar og vaxtakjara og verðbótakjara af bankavaxtabréfum á vegum veðlánakerfisins hins vegar. Var aðeins notuð ein vísitala á ári við bankavaxtabréfin. Má ætla, að með verðtryggingarákvæðunum um skyldusparnað hafi verið hugsað til þeirra, sem ættu innstæðu í lengri tíma. Er það í samræmi við þann höfuðtilgang laganna að afla fjár til langs tíma og svo þann tilgang að stuðla að því, að ungmenni myndi sér sjóð til að geta síðar eignast íbúðarhúsnæði. Með lögum nr. 42/1957 voru ákvæðin um verðbætur við endurgreiðslu skyldusparifjár miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar skv. 3. mgr. 10. gr., sbr. 2. mgr. 4. gr., en sú vísitala var raunverulega reiknuð til annarra nota. Gefa lögin ekki fyrirmæli um, hvernig vísitölunni skyldi beitt, og leiðir ekki af sjálfu sér, að grundvöllur verðbóta breyttist jafnoft á ári og vísitalan. Með lögum nr. 19/1965 var nú kveðið á um, að af bankavaxta-

bréfunum skyldu greiðast 4% ársvextir og að vísitölukjör skyldu byggð á kaupgreiðsluvísitölu samkvæmt lögum nr. 63/1964. Tóku lög þessi gildi frá 10. maí 1965. Verður að telja, að frá þeim tíma hafi borið að reikna 4% ársvexti af skyldusparifé, en ekki verður talið fram komið, að ætlunin hafi verið að breyta því ákvæði, að grundvöllur verðbótaútreiknings breyttist einu sinni á ári. Verður ekki fallist á það, að húsnæðismálastjórn hafi getað lækkað vexti af skyldusparifé á grundvelli ákvæðis F liðar 6. gr. laga nr. 42/1957. Þótt í lögum nr. 21/1968 sé í fyrsta skipti mælt fyrir um útreikning sérstakrar vísitölu til notkunar við verðbótaútreikning samkvæmt lögunum og vísitala þessi reiknuð fjórum sinnum á ári, verður ekki talið fram komið, að tilgangurinn hafi verið sá að breyta kjörum um skyldusparnað. Verður því ekki á það fallist, að borið hafi að reikna verðbætur á skyldusparifé fjórum sinnum á ári frá gildistöku nefndra laga.

Líta verður svo á, að er stefnandi tók út allt það fé, sem talið var, að hann ætti á reikningi sínum hjá veðdeild Landsbanka Íslands, 18. september 1972, hafi hann ætlað að ljúka skyldusparnaði sínum, en ágreiningslaust er, að hann hafi átt rétt til þess. Þykir hann ekki eiga kröfu til þess, að reglur um skyldusparnað gildi eftir það um fjárhæð þá, sem kann að vera vangreidd af skyldusparifé hans samkvæmt niðurstöðu dóms í málinu, en í stað þess eigi hann kröfu um vexti af fjárhæðinni frá þeim tíma.

Í áðurnefndum ákvæðum laga um skyldusparnað er gert ráð fyrir, að við útborgun fjárins sé greidd viðbót samkvæmt vísitölu. Ekki verður ráðið af lagaákvæðum þessum, að reikna skuli slíka viðbót fyrr en til útborgunar kemur, og verður því ekki á það fallist, að verklagsregla um árlegan útreikning verðbóta geti haft áhrif á fjárhæð hennar, svo sem verið hefur í framkvæmd. Samkvæmt orðanna hljóðan þykir verða að skýra verðbótaákvæðin þannig, að á fjárhæð, sem staðið hefur inni tiltekinn árafjölda, skuli reiknuð verðbót í hlutfalli við vísitöluhækkun frá upphafsvísitölu til lokavísitölu tímabilsins. Við gildistöku nýrrar vísitölu einu sinni á ári hafi því hverju sinni borið að taka innstæðuaukningu undanfarandi árs, þ. e. innborganir og vexti, og reikna verðbót á þá fjárhæð til reikningsloka.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið um vexti og verðbætur af skyldusparifé, tekið tillit til þess, að fé það, sem skylt er að spara, er undanþegið álagningu tekjuskatts og útsvars,

auk skatt- og útsvarsfrelsis þess fjár, sem lagt er til hliðar, og vaxta af því, og tekið tillit til ívilnunar, sem skyldusparendum hefur verið áskilin til lánsfjár úr byggingarsjóði ríkisins, þá verður ekki talinn nægur grundvöllur til að líta svo á, að framkvæmd lagaákvæða um skyldusparnað með þeim hætti, sem hér hefur verið ákveðinn, sé skattheimta, er brjóti í bága við stjórnarskrána.

Í málinu er fram komið svofellt yfirlit veðdeildar Landsbanka Íslands yfir vísitölur, sem beitt hefur verið við verðbótaútreikning skyldusparifjár:

„Framfærsluvísitala

1. okt.

1958 217 stig Eldri grundvöllur.
1959 100 — Nýr grundvöllur. Umreiknað í eldri grundvöll hefði vísitalan orðið 203. Er því engin vísitöluhækkun reiknuð þetta árið.
1960 102 stig eða 2% hækkun frá fyrra ári.
1961 114 — eða 11,76% hækkun frá fyrra ári.
1962 125 — eða 9,65% hækkun frá fyrra ári.
1963 144 — eða 15,20% hækkun frá fyrra ári.
1964 163 — eða 13,19% hækkun frá fyrra ári.
1965 177 — eða 8,59% hækkun frá fyrra ári.

Kaupgreiðsluvísitala

Kaupgreiðsluvísitala, sem reiknuð er í febrúar, en tekur gildi gagnvart launum 1. marz, er notuð til útreiknings vísitölu á sparifé pr. *1. febr.*

1966 178 stig eða 4,09% hækkun frá gildandi vísitölu 1. okt. 1965, sem var 171 stig.
1967 188 stig eða 5,62%
1968 194 stig eða 3,19%

Skv. 5. málsgr. 1. gr. laga nr. 21/1968 skal reikna vísitölu að hálfu miðað við breytingar á dagvinnutímakaupi almennrar verkamannavinnu í Reykjavík.

Grunntala 1. febr. 1968 var 100. (Kaupvísitala).

1969 110 stig gerir hækkun að hálfu 5% frá fyrra ári
1970 126 stig gerir hækkun að hálfu 7.27% frá fyrra ári
1971 158 stig gerir hækkun að hálfu 12.7% frá fyrra ári
1972 174 stig gerir hækkun að hálfu 5.06% frá fyrra ári
1973 195 stig gerir hækkun að hálfu 6.03% frá fyrra ári

1974 264 stig gerir hækkun að hálfu 17.69% frá fyrra ári
1975 376 stig gerir hækkun *að fullu* 42.42% frá fyrra ári
1976 491 stig gerir hækkun að fullu 30.59% frá fyrra ári
1977 662 stig gerir hækkun að fullu 34.84% frá fyrra ári".

Ef ofangreindar þrenns konar vísitölur eru tengdar saman í eina vísitölu með grunntölu 100 í febrúar 1968, verður vísitala 81.17 í október 1954, 88.14 í október 1965, 91.75 í febrúar 1966 og 96.91 í febrúar 1967.

Samkvæmt framanrituðu verður verðbót reiknuð á innstæðu stefnanda til 1. febrúar 1972 sem hér segir:

Á kr.	3.695.00	miðað	við	hækkun	vísitölu	frá	okt. 1964
Á —	1.023.30	—	—	—	—	—	okt. 1965
Á —	214.08	—	—	—	—	—	febr. 1966
Á —	1.697.29	—	—	—	—	—	febr. 1967
Á —	265.34	—	—	—	—	—	febr. 1968
Á —	7.393.74	—	—	—	—	—	febr. 1969
Á —	698.71	—	—	—	—	—	febr. 1970
Á —	9.316.39	—	—	—	—	—	febr. 1971

Verður þá útreikningur á innlögðu skyldusparifé stefnanda með vöxtum og verðbótum sem hér segir:

		Innstæða				
			Leiðr. vegna		Aukning	Verðmæti
	Vísi-	Óleiðr.	vaxta	Samtals	á tímab.	18/9'72
Dags.	tala	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1/10'64	81.17	3.695.00		3.695.00	3.695.00	7.920.78
1/10'65	88.14	4.718.30		4.718.30	1.023.30	2.020.13
1/2 '66	91.75	4.907.02	25.36	4.932.38	214.08	405.99
1/2 '67	96.91	6.603.30	26.37	6.629.67	1.697.29	3.047.45
1/2 '68	100	6.867.59	27.42	6.895.01	265.34	461.69
1/2 '69	110	14.260.23	28.52	14.288.75	7.393.74	11.695.55
1/2 '70	126	14.957.80	29.66	14.987.46	698.71	964.89
1/2 '71	158	24.273.00	30.85	24.303.85	9.316.39	10.259.82
1/2 '72	174	41.047.90	32.08	41.079.98	16.776.13	16.776.13
18/9 '72	(174)	69.635.10	33.00	69.668.10	*28.588.12*	*28.588.12*
					69.668.10	82.140.55

Samkvæmt útreikningi þessum nam inneign stefnanda hjá veðdeild Landsbanka Íslands hinn 18. september 1972 kr. 82.140.55, en samkvæmt því, sem áður er rakið, verður litið svo

á, að þann dag hafi lokið skyldusparnaði hans og eigi hann ekki kröfu til verðbóta af þeim hluta þessarar fjárhæðar, sem hann hefur ekki enn fengið greiddan. Hinn 18. september 1972 fékk stefnandi greiddar kr. 75.139.80, og hinn 20. nóvember 1974 fékk hann greiddar kr. 5.726.00, en sú greiðsla var leiðrétting á því, að við verðbótaútreikninginn hafi verið notuð hálf vísitala hluta tímabilsins. Standa þá eftir kr. 1.274.75, sem stefnda verður samkvæmt framansögðu gert að greiða stefnanda. Í dómkröfu stefnanda er krafist 4% ársvaxta frá 15. nóvember 1976, en þá er byggt á því, að viðurkennd verði sjónarmið hans og útreikningar þeir, sem hann byggir á. Með hliðsjón af eðli málsins þykir mega dæma vexti frá 18. september 1972 í samræmi við dómvenju.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.274.75 með 7% ársvöxtum af kr. 7.000.75 frá 18. september 1972 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 20. nóvember s. á., með 13% ársvöxtum af kr. 1.274.75 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi í málinu. Ber því að greiða kostnað stefnanda við rekstur málsins úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns. Mál þetta er viðamikið, og verða málflutningslaun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa ákveðin kr. 500.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Atla Haukssyni, löggiltum endurskoðanda, og Guðjóni Hansen tryggingafræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Gunnari H. Baldurssyni, kr. 1.274.75 með 7% ársvöxtum af kr. 7.000.75 frá 18. september 1972 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 20. nóvember s. á., með 13% ársvöxtum af kr. 1.274.75 frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnanda við rekstur málsins greiðist úr ríkis-

sjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júlí 1981.

Nr. 224/1978. **Jón Valgeirsson og**
Elísabet Matthíasdóttir
(Þórður Gunnarsson hdl.)
gegn
Hólmari Víði Gunnarssyni og
Guðjóni Ingvarssyni
(Guðmundur Markússon hdl.).

Vanskilaheimild. Riftun. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1977, og stefndu gagnáfrýjuðu því með stefnu 21. október s. á. Útivistardómur gekk í aðalsök og gagnsök málsins 1. desember 1978. Áfrýjendur áfrýjuðu málinu af nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 29. desember 1978. Hafa þau haft uppi þessar dómkröfur:

1. Að þau verði sýknuð af kröfum stefndu, Hólmars Víðis Gunnarssonar og Guðjóns Ingvarssonar.

2. Að stefndu, Hólmar Víðir og Guðjón, verði óskipt dæmdir til að greiða þeim 1.087.11 nýkrónur með 9% ársvöxtum frá 25. janúar 1974 til 15. júlí s. á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% árs-

vöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum, þ. e. 34.5% ársvöxtum, frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma.

3. Að stefndu, Hólmar Viðir og Guðjón, verði dæmdir til að greiða þeim óskipt 1.500.00 nýkrónur með 9% ársvöxtum frá 28. júní 1974 til 15. júlí s. á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., en með dómvöxtum, þ. e. 34.5% ársvöxtum, frá þeim degi til 1. september s. á., með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma.

4. Að stefndu, Hólmar Viðir og Guðjón, verði dæmdir til að greiða þeim óskipt 2.300.00 nýkrónur með 9% ársvöxtum af 200.00 krónum frá 15. febrúar 1974 til 15. mars s. á., af 400.00 krónum frá þeim degi til 15. apríl s. á., af 600.00 krónum frá þeim degi til 15. maí s. á., af 800.00 krónum frá þeim degi til 15. júní s. á., af 1.000.00 krónum frá þeim degi til 15. júlí s. á., með 13% ársvöxtum af 1.200.00 krónum frá þeim degi til 15. ágúst s. á., af 1.400.00 krónum frá þeim degi til 15. september s. á., af 1.600.00 krónum frá þeim degi til 15. október s. á., af 1.800.00 krónum frá þeim degi til 15. nóvember s. á., af 2.050.00 krónum frá þeim degi til 15. desember s. á., en af 2.300.00 krónum frá þeim degi

til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., en með dómvöxtum, þ. e. 34.5% ársvöxtum, frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma.

5. Að stefndi Hólmar Víðir verði dæmdur til að greiða þeim 3.500.00 nýkrónur með 13% ársvöxtum af 2.000.00 krónum frá 28. nóvember 1974 til 28. desember s. á., en af 3.500.00 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1978, 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., en með dómvöxtum, þ. e. 34.5% ársvöxtum, frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma.

6. Þá krefjast áfrýjendur þess, að stefndu, Hólmar Víðir og Guðjón, verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu, Hólmar Víðir og Guðjón, hafa aðallega krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu einni, sem leiðir af breyttum gjaldmiðli, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara hafa þeir krafist þess, að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim óskipt 11.500.00 nýkrónur með 13% ársvöxtum frá 28. desember 1974 til greiðsludags og 2.300.00 nýkrónur með 13% ársvöxtum frá 15. desember 1974 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa enn fremur stefnt Konráð Ó. Sævaldssyni fyrir Hæstarétt, en engar kröfur gert á hendur honum. Hafa þeir lýst yfir, að eingöngu beri að líta á stefnuna á hendur þessum málsaðilja í héraði sem tilkynningu um áfrýjun málsins, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936 og 58. gr. laga nr. 75/1973. Af hálfu Konráðs Ó. Sævaldssonar hefur enginn komið fyrir Hæstarétt og engar kröfur verið gerðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Fallast má á það með héraðsdómi, að misbrestir á því, að stefndu væri gerð grein fyrir því, hvernig háttað var eignarheimild að m/b Skálafelli, SH 240, samkvæmt skráningu í skipaskrá og afsals- og veðmálabækur svo og fyrir veigamiklum atriðum varðandi áhvílandi veðskuldir, hafi verið slíkir, að veitt hafi stefndu rétt til að rifta kaupsamningi sínum við áfrýjendur. Einnig verður á það fallist, að þeim riftunarrétti hafi stefndu ekki glatað fyrir þá sök eina, að báturinn fórst í fiskiróðri og verður því ekki lengur skilað áfrýjendum, sbr. 58. gr. laga nr. 39/1922. Því er ekki haldið fram, að bátstapinn eða útborgun veðskuldanna af vátryggingarfé hafi að öðrum ástæðum haft áhrif á riftunarrétt stefndu, ef hann teldist hafa verið fyrir hendi, og kemur það atriði því ekki til sérstakrar athugunar. Samkvæmt þessu verður staðfest sú úrlausn héraðsdóms, að stefndu hafi verið heimil riftun á kaupsamningi sínum við áfrýjendur.

II.

Vátryggingarfé m/b Skálafells var varið til þess að greiða ógreidd vátryggingariðgjöld vegna bátsins og veðskuldir, sem á honum hvíldu. Að öðru leyti rann það til greiðslu á ógreiddri kaupverðsskuld áfrýjenda við hina skráðu eigendur bátsins, að því er ætla verður. Kröfur, sem í þessu máli eru hafðar uppi um skil á verðmætum vegna framangreindrar riftunar, varða því einvörðungu verðmæti, sem stefndu afhentu áfrýjendum eða bar að afhenda þeim. Kröfur stefndu, sem að þessu lúta, eru að meginstofni þríþættar:

1. Krafa um endurgreiðslu fjár, sem stefndu hafa goldið áfrýjendum upp í kaupverð.

2. Krafa um skil á víxlum, sem stefndu afhentu áfrýjendum upp í kaupverðið, en hafa ekki greitt.

3. Krafa um, að stefndu verði dæmt óskylt að gefa út skuldabréf fyrir þeim hluta kaupverðs, sem kaupsamningur kvað á um.

Um 1. lið: Hér er um að ræða fjárhæð, sem nemur samtals 145.000 gkrónum. Fé þetta guldu stefndu áfrýjendum þannig, að 75.000 krónur voru greiddar í peningum sem útborgun af kaupverði m/b Skálafells, en 70.000 krónur eru vegna tveggja víxla, sem stefndu afhentu upp í kaupverðið, en greiddu síðar. Var annar víxillinn að fjárhæð 50.000 krónur, með gjalddaga 28. desember 1973, en hinn að fjárhæð 20.000 krónur, með gjalddaga 15. janúar 1974. Þar sem fallist hefur verið á riftunarkröfuna, ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um, að fé þetta skuli áfrýjendur endurgreiða stefndu, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af lögum nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, sbr. og lög nr. 65/1979, og enn fremur þeirri, að vextir verða 9% ársvextir frá 4. febrúar 1974 til 15. júlí s. á., 13% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 18% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Um 2. lið: Hér er um að ræða samtals 18 víxla, sem stefndu afhentu áfrýjendum upp í kaupverð m/b Skálafells. Eru það annars vegar 7 víxlar, sem út gefnir voru af stefnda Hólmari Víði, en samþykktir af stefnda Guðjóni, og hins vegar 11 víxlar, sem út gefnir voru af stefnda Hólmari Víði, framseldir af stefnda Guðjóni, en samþykktir af Þorsteini La Voque. Nánar tiltekið eru víxlarnir þeir sem nú skal greint:

A. Víxlar samþykktir af stefnda Guðjóni:

1. Víxill að fjárhæð 50.000 gkr., með gjalddaga 28. janúar 1974.
2. Víxill að fjárhæð 200.000 gkr., með gjalddaga 28. febrúar 1974.

3. Víxill að fjárhæð 200.000 gkr., með gjalddaga 28. apríl 1974.
4. Víxill að fjárhæð 150.000 gkr., með gjalddaga 28. júní 1974.
5. Víxill að fjárhæð 200.000 gkr., með gjalddaga 28. sept. 1974.
6. Víxill að fjárhæð 200.000 gkr., með gjalddaga 28. nóv. 1974.
7. Víxill að fjárhæð 150.000 gkr., með gjalddaga 28. des. 1974.

B. Víxlar samþykktir af Þorsteini La Voque:

1. Víxill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. febrúar 1974.
2. Víxill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. mars 1974.
3. Víxill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. apríl 1974.
4. Víxill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. maí 1974.
5. Víxill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. júní 1974.
6. Víxill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. júlí 1974.
7. Víxill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. ágúst 1974.
8. Víxill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. september 1974.
9. Víxill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. október 1974.
10. Víxill að fjárhæð 25.000 gkr., með gjalddaga 15. nóv. 1974.
11. Víxill að fjárhæð 25.000 gkr., með gjalddaga 15. des. 1974.

Áfrýjendur hafa staðhæft, að víxlarnir, sem greindir eru í A 1 og A 3 séu nú glataðir. Þeir hafa ekki fengið víxlana ógilta með dómi. Þykir framangreind staðhæfing þeirra, sem

er engum sérstökum gögnum studd, að svo vöxnu ekki standa því í vegi, að krafa stefndu um skil á víxlum þessum verði tekin til greina.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1975 í víxilmáli, sem nafngreindur héraðsdómslögmaður höfðaði á hendur stefndu, voru þeir báðir dæmdir til að greiða víxil þann, sem greindur er undir A 2 að framan. Með dómi sama dómstóls 9. júlí 1975 í víxilmáli, sem annar nafngreindur héraðsdómslögmaður höfðaði á hendur þeim, voru þeir báðir einnig dæmdir til að greiða víxil þann, sem greindur er undir A 5. Með sama dómi var stefndi Guðjón enn fremur dæmdur til að greiða þá víxla, sem greinir undir A 6 og A 7, en af kröfu um greiðslu þeirra víxla var stefnda Hólmari Viði dæmd sýkna. Áfrýjendur hafa lýst yfir, að framangreind víxilmál hafi verið höfðuð sín vegna. Verður við það að miða, að þeir hafi verið og séu enn eigendur víxlanna og séu eigendur krafnanna samkvæmt dómunum. Stefndu hafa engar kröfur haft uppi eftir ákvæðum 2. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 vegna dóma þessara. Þeir hafa að vísu eigi bent á ástæður, sem leiði til, að þeir þurfi á víxlunum að halda, eða haldið fram, að víxlarnir séu fémætir fyrir þá. Þar sem áfrýjendur hafa hins vegar ekki andmælt kröfum um skil á víxlunum, ef fallist verði á riftunarkröfuna, verða þær teknar til greina.

Víxla þá, er greinir undir A 4 og B 9—11, hafa áfrýjendur lagt fram í þessu máli. Verður fallist á kröfur stefndu varðandi víxla þessa.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1975 í víxilmáli, sem Gunnar Gunnarsson í Ólafsvík höfðaði á hendur stefndu og Þorsteini La Voque til greiðslu víxlanna, er greinir undir B 1—8 að framan, voru stefndu sýknaðir af kröfu um greiðslu víxla þessara, en Þorsteinn dæmdur til að greiða þá stefnanda þess máls. Við það verður að miða, að áfrýjendur hafi ekki eignarráð yfir víxlum þessum og að það sé ekki á þeirra valdi að skila þeim. Ber að vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi kröfum áfrýjenda varðandi víxla þessa.

Um 3. lið: Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um, að stefndu

sé óskylt að gefa út skuldabréf þeirrar fjárhæðar, sem kaupsamningur aðilja mælir fyrir um.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verður staðfest, en eftir atvikum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu stefndu, Hólmars Víðis Gunnarssonar og Guðjóns Ingvarssonar, er vísað frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur á að öðru leyti að vera óraskaður að því er varðar áfrýjendur, Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttur, þó svo, að vextir af dæmdri fjárhæð reiknist 9% ársvextir frá 4. febrúar 1974 til 15. júlí s. á., 13% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 18% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefndu 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. apríl 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, höfðuðu Hólmar Víðir Gunnarsson, Hverfisgötu 100, og Guðjón Ingvarsson, Bergstaðastræti 27, báðir hér í bæ, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. mars 1974, á hendur Jóni Valgeirssyni sjómanni, Siglufirði, og Konráði Ó. Sævaldssyni, Hamarshúsinu við Tryggvagötu hér í borg.

Í stefnu eru dómkröfur stefnenda þær, að gegn afhendingu kaupsamnings stefnenda og stefnda Jóns, sem gerður var 15. nóvember 1973 um v/b Skálafell, SH 240, verði stefndu dæmdir til greiðslu fjárkrafna þeirra, sem hér eru raktar:

1. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða samtals að fjárhæð kr. 1.200.000 ásamt 1.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá gjalddögum þeirra til greiðsludags,

andvirði átta víxla, sem út gefnir voru af stefnandanum Hólmari Víði 15. nóvember 1973 og samþykktir voru af stefnandanum Guðjóni til greiðslu þannig:

Víxill að fjárhæð kr. 50.000 hinn 28. desember 1973.
Víxill að fjárhæð kr. 50.000 hinn 28. janúar 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 200.000 hinn 28. febrúar 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 200.000 hinn 28. apríl 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 150.000 hinn 28. júní 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 200.000 hinn 28. september 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 200.000 hinn 28. nóvember 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 150.000 hinn 28. desember 1974.

2. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða andvirði tólf víxla, samtals að fjárhæð kr. 250.000, sem út gefnir voru af stefnandanum Hólmari Víði 15. nóvember 1973 og samþykktir af Þorsteini La Voque til greiðslu þannig:

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. janúar 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. febrúar 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. mars 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. apríl 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. maí 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. júní 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. júlí 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. ágúst 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. september 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. október 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 25.000 15. nóvember 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 25.000 15. desember 1974.

3. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum kr. 75.000 ásamt 1.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 15. nóvember 1973 til greiðsludags.

4. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum kr. 200.000 í bætur fyrir vinnutap, kostnað o. fl., sem þeir hafa haft í sambandi við kaup á v/b Skálafelli, SH 240.

5. Á hendur stefnda Jóni Valgeirssyni, að kaupsamningur þeirra um kaup á v/b Skálafelli, SH 240, sem gerður var 15. nóvember 1973, verði dæmdur ógildur og gangi kaupin til baka, þar með að stefnendum verði talið óskylt að gefa út veðskuldabréf það, sem getið er í kaupsamningnum, að fjárhæð kr. 1.850.000, svo og setja fasteignaveð það, sem getið er neðst á bls. 2 í kaupsamningnum.

6. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að skaðlausu.

Með nýrri kröfugerð urðu kröfur stefnenda þessar:

„1) Að stefndur Jón Valgeirsson, sjómaður, Siglufirði, verði dæmdur til að skila eftirtöldum 7 víxlum, samtals að fjárhæð kr. 1.150.000.00, útg. 15. nóv. 1973.

a)	með	gjalddaga	28/1	1974	að fjárhæð	kr.	50.000.00
b)	—	—	28/2	1974	—	—	200.000.00
c)	—	—	28/4	1974	—	—	200.000.00
d)	—	—	28/6	1974	—	—	150.000.00
e)	—	—	28/9	1974	—	—	200.000.00
f)	—	—	28/11	1974	—	—	200.000.00
g)	—	—	28/12	1974	—	—	150.000.00

Víxlar þessir eru útg. og samþykktir til greiðslu af okkur Hólmari Víði og Guðjóni.

2) Að stefndur Jón Valgeirsson verði dæmdur til að skila eftirtöldum 11 víxlum að fjárhæð kr. 230.000.00, útg. 15. nóv. 1973 og ábektir af okkur Hólmari Víði og Guðjóni. Samþykkjandi víxla þessara var Þorsteinn La Wogue.

Gjalddagi þeirra og fjárhæð var þessi:

a)	15/2	1974	að fjárhæð	kr.	20.000.00
b)	15/3	1974	—	—	20.000.00
c)	15/4	1974	—	—	20.000.00
d)	15/5	1974	—	—	20.000.00
e)	15/6	1974	—	—	20.000.00
f)	15/7	1974	—	—	20.000.00
g)	15/8	1974	—	—	20.000.00
h)	15/9	1974	—	—	20.000.00
i)	15/10	1974	—	—	20.000.00
j)	15/11	1974	—	—	25.000.00
k)	15/12	1974	—	—	25.000.00

3) Að framangreindur kaupsamningur verði dæmdur ógildur og kaupin á v/b Skálafelli SH 240 gangi til baka, þar með talið, að okkur Hólmari Víði og Guðjóni verði talið óskilt að gefa út veðskuldabréf það, sem rætt er um í kaupsamningi, að fjárhæð kr. 1.850.000.00, svo og að láta í té fasteignaveð það, er rætt er um neðst á bls. 2 í kaupsamningi.

4) Að Jón Valgeirsson og Konráð Sævaldsson verði in solidum dæmdir til að greiða okkur kr. 145.000.00 ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 75.000.00 frá 15.

nóv. 1973 til 28. des. 1973, af kr. 125.000.00 frá þeim degi til 15. jan. 1974 og af kr. 145.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Fjárhæð þessi er kr. 75.000.00, sem við greiddum við samningsgerð, kr. 50.000.00 andvirði víxils útg. 15. nóv. 1973 með gjalddaga 28. des. 1973. Víxill þessi var útg. og samþykktur af okkur og greiddur af okkur. Kr. 20.000.00 er andvirði víxils, er útg. var 15. nóv. 1973, en samþykktur til greiðslu af Þorsteini La Wogue þ. 15. jan. 1974. Við vorum útgefendur og ábekingar víxils þessa og greiddum hann.

Þá krefjustum við þess, að þeir verði dæmdir til að greiða okkur in solidum kr. 200.000.00 í bætur fyrir vinnutap, kostnað o. s. frv.

5) *Til vara* krefjustum við þess, að Jón Valgeirsson og Konráð Sævaldsson verði in solidum dæmdir til að greiða okkur kr. 1.150.000.00, sem er andvirði víxla þeirra 7 að tölu ógreidda af okkur, er við gáfum út þ. 15. nóv. 1973 og samþykktum til greiðslu á gjalddögum þeim, er gert er grein fyrir hér að framan. Þá krefjustum við 1½% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá gjalddaga þeirra.

b) Við krefjustum, að Jón Valgeirsson og Konráð Sævaldsson verði dæmdir til að greiða okkur kr. 230.000.00, sem er andvirði 11 víxla ógreidda af okkur, útg. 15. nóv. 1973 og ábekta af okkur og samþykkta til greiðslu af Þorsteini La Wogue á gjalddögum þeim, er greint er hér að framan. Þá krefjustum við 1½% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá gjalddögum þeirra."

Stefndi Jón hefur krafist sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að mati dómsins.

Stefndi Konráð hefur krafist sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 3. nóvember 1975, höfðaði Jón Valgeirsson gagnsök í málinu á hendur Hólmari Víði Gunnarssyni og Guðjóni Ingvarssyni.

Kröfur gagnstefnanda, sem hafðar eru uppi til sjálfstæðs dóms, eru þessar:

„1. Að gagnstefndu verði dæmdir in solidum til að greiða mér kr. 108.711.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 25. janúar 1974 til greiðsludags.

2. Að gagnstefndu verði ennfremur in solidum dæmdir til að greiða mér kr. 150.000.00 með 1½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 28/6 '74 til 15/7 '74, en með 2% dráttar-

vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðslu dags.

3. Að gagnstefndu verði dæmdir in solidum til að greiða mér kr. 230.000.00 með 1.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af kr. 20.000.00 frá 15. febrúar 1974 til 15. marz s. á., en af kr. 40.000.00 frá þeim degi til 15. apríl s. á., af kr. 60.000.00 frá þeim degi til 15. maí 1974, af kr. 80.000.00 frá þeim degi til 15. júní s. á., af kr. 100.000.00 frá þeim degi til 15. júlí s. á., en með 2% dráttarvöxtum af kr. 120.000.00 frá þeim degi til 15. ágúst s. á., af kr. 140.000.00 frá þeim degi til 15. september s. á., af kr. 160.000.00 frá þeim degi til 15. okt. s. á., af kr. 180.000.00 frá þeim degi til 15. nóv. s. á., af kr. 205.000.00 frá þeim degi til 15. des. s. á., en af kr. 230.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

4. Að gagnstefndi Hólmar Víðir verði einn dæmdur til að greiða mér kr. 350.000.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 200.000.00 frá 28/11 '74 til 28/12 1974, en af kr. 350.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

5. Þá krefst ég þess ennfremur, að gagnstefndu verði in solidum dæmdir til að greiða mér málskostnað í gagnsökinni skv. gjaldskrá L.M.F.Í."

Í gagnsök hafa gagnstefndu gert þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnstefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur eiginkona aðalstefnda Jóns Valgeirssonar, Elísabet Matthíasdóttir, gerst aðili málsins í aðalsök og gagnsök við hlið eiginmanns síns.

Málavextir eru þessir:

Hinn 16. júní 1973 gerðu hjónin Elísabet K. Matthíasdóttir og Jón Valgeirsson, aðalstefndu og gagnstefnendur í máli þessu, skriflegt tilboð í m/b Skálafell, SH 240, ásamt nánar tilgreindum veiðarfærum og búnaði. Skyldi kaupverð vera kr. 6.550.000 og greiðast þannig: kr. 100.000 við samþykkt tilboðs, kr. 200.000 við afhendingu bátsins, kr. 650.000 með þremur víxlum með gjalddögum síðar á árinu, sá síðasti 22. desember 1973, og með því að taka að sér „áhvílandi skuldir samkv. framlögðum kvittunum: Fiskveiðasjóður m/skilm. sem því fylgir ca. kr. 2.900.000.00, Byggðasjóður m/skilm. s. þ. f. kr. 600.000.00, víxill við Útvegsbanka Íslands, Siglufirði, kr. 50.000.00". Eftirstöðvar kaupverðsins, sem þá voru taldar nema kr. 2.050.000, skyldu greiðast með jöfnum afborgunum á næstu fimm árum með gjald-

dögum 15. september ár hvert, í fyrsta sinn 15. september 1974, og skyldu tryggðar með veðskuldabréfi, útgefnu af kaupendum, er hvíldi á bátnum með 3. veðrétti. Nokkur ákvæði voru í tilboðinu um frekari tryggingu kaupverðs og meðferð aflaverðmætis. Skyldi báturinn laus til fullra afnota fyrir kaupendur 26. júní 1973. Sama dag og tilboðið var gert var það samþykkt af þinglýstum eigendum bátsins, Gunnari Gunnarssyni og Kristjáni Helgasyni, en þeir höfðu eignast bátinn með heimildarbréfi, dags. 27. mars 1972. Fasteigna- og skipasala Konráðs Ó. Sævaldssonar hafði milligöngu um sölu bátsins. Jón Valgeirsson og eiginkona hans tóku síðan við bátnum, og var honum haldið til veiða um sinn, en sökum erfiðleika við útgerð bátsins varð að ráði hjá þeim, að Fasteigna- og skipasala Konráðs Ó. Sævaldssonar reyndi að selja bátinn. Hinn 15. nóvember 1973 gerðu þeir Hólmar Víðir Gunnarsson og Guðjón Ingvarsson, aðalstefnendur og gagnstefndu í málinu, skriflegt tilboð í bátinn fyrir milligöngu Fasteigna- og skipasölu Konráðs Ó. Sævaldssonar, svo sem síðar verður rakið. Skyldi fylgja bátnum allur sami búnaður og veiðarfæri, sem fylgt höfðu bátnum við fyrri kaup. Skyldi kaupverðið vera kr. 6.750.000 og greiðast þannig: 1. Kr. 75.000 við samþykkt kauptilboðs með því að samþykkja við samþykkt tilboðs 12 víxla að fjárhæð samtals kr. 250.000, en kr. 250.000 skyldu greiðast á árinu 1974 og kr. 1.200.000, sem skyldu greiðast með átta greiðslum, síðast 28. desember 1974. 2. Þá skyldu kaupendur taka að sér „áhvílandi skuldir skv. framlögðum kvittunum: Fiskveiðasjóður og Byggingasjóður (sic) kr. 3.400.000.00." 3. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 1.850.000, skyldu kaupendur greiða með jöfnum afborgunum á næstu sjö árum með gjalddögum 28. febrúar og 28. ágúst ár hvert, í fyrsta sinni 28. febrúar 1975. Skyldu þær greiðslur tryggðar með veðskuldabréfi, útgefnu af kaupendum, er hvíla skyldi á bátnum með 3. veðrétti. Þá er neðst á 2. bls. á því eintaki tilboðsins, sem stefnendur hafa lagt fram, ólæsilegt ákvæði, en á öðru eintaki tilboðsins, sem aðalstefnendur hafa einnig undirritað, er á sama stað svohljóðandi ákvæði: „Liður 3 færist til lækkunar/hækkunar eftir áhvílandi skuldum á Lið 2, 1. og 2. grein. Liður 1. 2. gr. víxlarnir verða baktryggðir í búð nr. 100 við Hverfisgötu, Reykjavík." Þá kemur fram í tilboðinu, að báturinn skyldi vera laus til fullra afnota fyrir kaupendur 30. nóvember 1973. Þá hefur komið fram, að tilboðið hafi verið háð þeim fyrirvara, að kaupendur skoðuðu og reyndu skipið. Fóru Hólmar Víðir og Guðjón til Sigluu

fjarðar, þar sem báturinn var, svo sem síðar kemur fram. Með símskeyti til Fasteigna- og skipasölu stefnda Konráðs, dags. 16. nóvember, samþykkti Jón Valgeirsson kauptilboð aðalstefnenda. Aðalstefnendur sóttu síðar bátinn til Siglufjarðar. Fóru þeir síðan í fyrsta róður á bátnum frá Reykjavík í janúar 1974. Fórst báturinn í þeirri sjóferð hinn 25. janúar, en mannbjörg varð. Með bréfi, sem lögmaður aðalstefnenda ritaði stefnda Jóni Valgeirssyni 4. febrúar 1974, var vakin athygli á því, að í ljós hefði komið, að hann væri ekki skráður eigandi m/b Skálafells, heldur þeir Gunnar Gunnarsson og Kristján Helgason og væri Jón í vanskilum við þá. Þá væru áhvílandi veðskuldir hærri en fram kæmi í kaupsamningi aðalstefnenda og auk þess væru þær í vanskilum. Einnig hefði Jón látið hjá líða að gera aðalstefnendum grein fyrir vátryggingarverði bátsins. Hefðu aðalstefnendur keypt viðbótartryggingu, ef þeir hefðu vitað, hver vátryggingarfjárhæðin var, svo að báturinn væri fulltryggður. Teldu aðalstefnendur, að seljandi bæri ábyrgð á þessu og ætti að bæta aðalstefnendum það tjón, sem þeir hefðu orðið fyrir af þessum sökum. Var þess krafist, að aðalstefnendum yrði skilað víxlum þeim að fjárhæð kr. 1.425.000, sem þeir höfðu afhent, endurgreiddar yrðu þær kr. 75.000, sem þeir höfðu greitt við samningsgerðina, og fallið yrði frá, að þeir gæfu út skuldabréf það að fjárhæð kr. 1.850.000, sem gert var ráð fyrir í kaupsamningi. Gegn þessu skyldi seljandi fá vátryggingarverð bátsins að frádregnum veðskuldum. Afrit framangreinds bréfs var sent Konráði Ó. Sævaldssyni og því jafnframt lýst yfir, að aðalstefnendur litu svo á, að sem milligöngumaður við sölu bátsins bæri hann ábyrgð á tjóni þeirra, sem stafaði af því, að báturinn hefði verið of lágt vátryggður, svo og öðru tjóni, sem þeir kynnu að bíða af því, hve illa hefði verið gengið frá samningsgerðinni. Fyrir liggur uppgjör Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum á tjóni því, sem varð, er v/b Skálafell fórst. Kemur þar fram, að vátryggingarfjárhæð bátsins hafi numið kr. 5.372.400, og eftir að iðgjaldaskuldir og áhvílandi veðskuldir hafa verið dregnar frá, hafi staðið eftir kr. 1.260.130, sem ráðstafað hafi verið í þágu þinglýstra eigenda bátsins, Gunnars Gunnarssonar og Kristjáns Helgasonar. Af þesum atvikum er svo risið mál það, sem hér er til úrlausnar, með kröfum þeim, sem áður eru raktar.

Aðalstefnendur kærðu viðskipti þessi til sakadóms Siglufjarðar. Í tilefni af því hafa verið teknar skýrslur af þeim, sem

þarna komu við sögu. Einnig hafa aðiljar og vitni komið fyrir dóm í máli þessu. Verða nú framburðir þessir raktir.

Hólmar Víðir Gunnarsson hefur skýrt svo frá, að þeir aðalstefnendurnir hafi verið skipverjar á sama báti og hafi þeir ákveðið að leita sameiginlega eftir kaupum á báti. Guðjón hafi þekkt Jóhann Marel Jónasson og muni hann hafa talað við hann. Hafi Guðjóni þá verið boðið v/b Skálafell til kaups. Þeir hafi síðan báðir talað við Jóhann Marel Jónasson, sem hafi lýst kjörum varðandi kaupin. Eftir athugun hafi þeir talið sig geta keypt bátinn með þeim kjörum, sem Jóhann Marel Jónasson lýsti fyrir þeim. Hólmar Víðir kveður Guðjón hafa verið búinn að sjá bátinn áður og hafi honum litist vel á hann. Hólmar Víðir kveðst hafa vitað, að aðalstefndi Jón væri eigandi bátsins og báturinn var norður á Siglufirði. Þeim aðalstefnendum hafi verið ljóst, að báturinn var skráður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, en þeir hafi talið, að Jón Valgeirsson væri búinn að fá afsal fyrir bátnum. Hann kveður þá aðalstefnendurna ekki hafa farið fram á, að þeim væri sýnt afsal til Jóns fyrir bátnum, það hafi ekkert verið minnst á það. Þá kveður hann ekki heldur hafa verið minnst á veðbókarvottorð, þegar kaupin fóru fram, en þeir félagarnir hafi talið, að þeim, sem söluna annaðist, þ. e. stefnda Konráði, bæri skylda til að hafa allt slíkt í lagi. Hann kveðst aldrei hafa rætt við Konráð Ó. Sævaldsson, áður en hann skrifaði undir kaupsamninginn. Hann kveður Konráð ekki hafa verið viðstaddan gerð samningsins eða undirskrift, heldur hafi það verið sölumaður hans, Jóhann Marel Jónasson, sem annaðist þetta. Hafi hann talið, að Jóhann Marel gerði þetta í umboði Konráðs. Hólmar Víðir kveðst ekki hafa vitað, að hluti af láni Byggðasjóðs væri í þýskum mörkum, og hann hafi ekki vitað, að lán Fiskveiðasjóðs væri gengistryggt. Við samningsgerðina kveður hann ekki hafa verið rætt sérstaklega um lán þessi annað en það, að sér hafi skilist, hver heildarfjárhæð lánanna hjá sjóðunum væri, en ekki væri vitað nákvæmlega, hvernig lánin skiptust milli sjóðanna. Hólmar Víðir kveður þá aðalstefnendurna hafa lesið yfir eintak af samningnum og hafi þeir síðan undirritað hann. Kveður hann sér hafa skilist, að með samningsákvæði því, sem segir, að fjárhæð undir lið 3 færist til hækkunar eða lækkunar eftir áhvílandi skuldum á lið 2, væri átt við það, að þetta væri heildarfjárhæð lánanna hjá viðkomandi sjóðum og gert væri ráð fyrir því, að þessi fjárhæð mundi ekki breytast,

en Jóhann Marel Jónasson hafi ekki vitað, hversu há lánsfjárhæð væri hjá hvorum sjóði. Hann kveðst hafa vitað, að lán Fiskveiðasjóðs greiddist með hundraðshluta af aflaverðmæti, og hafi hann talið, að það lán væri mikið hærra en hjá Byggðasjóði, en hann hafi ekkert kynnt sér frekar um lán þessi. Hólmar Víðir kveður það hafa komið í ljós, skömmu eftir að þeir keyptu bátinn, að skuldirnar við Fiskveiðasjóð og Byggðasjóð voru í vanskilum. Þeir hafi þá farið til stefnda Konráðs, sem þá hafi tekið það ráð að láta einn af víxlunum, sem þeir félagar höfðu samþykkt við kaupin, sem tryggingu fyrir þessari greiðslu. Hann kveðst ekkert hafa rætt um það við þá stefnda Konráð eða Jón, hver tryggingarfjárhæð bátsins var. Hann kveður alla aðilja hafa vitað, að þeir Guðjón gætu ekki sótt bátinn fyrr en eftir áramót, og hafi verið búið að segja Jóhanni Marel Jónassyni eða stefnda Jóni það. Eftir að búið var að flytja bátinn hingað til Reykjavíkur, kveður hann Guðjón hafa verið að athuga, hver tryggingarfjárhæð bátsins væri. Hafi verið leitað upplýsinga hjá Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu, en áður en til þess kæmi, að þær upplýsingar lægju fyrir, hafi þeir farið í róður á bátnum. Í þeirri ferð hafi báturinn farist.

Guðjón Ingvarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi áður átt m/b Kára og hafi Jóhann Marel Jónasson séð um söluna á þeim báti sem starfsmaður Konráðs Ó. Sævaldssonar. Er þeir Hólmar Víðir fóru svo að leita fyrir sér um kaup á báti, hafi þeir rætt nokkrum sinnum við Jóhann Marel Jónasson og hafi hann bent þeim á m/b Skálafell. Hafi orðið að samkomulagi, að Jóhann semdi tilboð, sem þeir Hólmar Víðir hafi svo undirritað. Guðjón kveður þá Hólmar Víði aldrei hafa talað við Konráð Ó. Sævaldsson í sambandi við kaupin á m/b Skálafelli. Þeir hafi heldur ekki rætt við stefnda Jón um kaupin, fyrr en þeir hafi sótt bátinn norður til Siglufjarðar, en þá hafi verið búið að samþykkja tilboð þeirra. Guðjón kveður þeim Hólmari Víði hafa verið ljóst, er þeir keyptu bátinn, að hann var skráður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Þeim hafi einnig verið kunnugt um það, hverjir hefðu verið eigendur bátsins á undan stefnda Jóni. Þeir hafi ekki spurt um það, hvort Jón hefði í höndum afsal fyrir bátnum, því þeir hafi talið það sjálfsagt. Þeim hafi alls ekki dottið í hug, að Jón væri þarna að selja bát, sem hann hafði aðeins eignast með kaupsamningi, sem svo hafi komið í ljós, að hann hafði vanefnt. Hann kveður þeim Hólmari Víði ekki hafa verið sýnt veðbókarvottorð um bátinn og athygli

þeirra hafi ekki verið vakin á því, að það væri fyrir hendi. Þeir félagarnir hafi ekki spurt um veðbókarvottorðið, því þeir hafi talið víst, að sá, sem hafði milligöngu um söluna, sæi um, að þetta væri í lagi. Guðjón kveður það ekki hafa komið fram í viðræðunum við Jóhann Marel Jónasson, hvernig tryggingu bátsins væri háttað og hversu há tryggingarfjárhæðin væri. Hann kveður sér ekki hafa verið kunnugt um, að hluti af láni Byggðasjóðs, sem á bátnum hvíldi, væri í þýskum mörkum. Sér hafi heldur ekki verið kunnugt um, að lán Fiskveiðasjóðs á bátnum væri gengistryggt. Kveður hann ekkert hafa verið rætt um lán þessi í einstökum atriðum í viðræðunum, sem fram fóru um kaupin. Guðjón kveður þá Hólmar Víði ekki hafa fengið eintak af sjálfum kaupsamningnum, er þeir undirrituðu hann. Hann kveðst nokkru síðar hafa farið í skrifstofu stefnda Konráðs og beðið um afrit af samningnum, en verið synjað um það og sagt, að hann fengi það um leið og afsalið fyrir bátnum. Eftir að þeir Hólmar Víðir höfðu sótt bátinn til Siglufjarðar, kveðst Guðjón hafa farið að leita upplýsinga um vátryggingu bátsins. Hafi hann í því sambandi talað við starfsmann Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu. Einnig hafi hann farið í skrifstofu Samábyrgðar Íslands til að athuga um tryggingu skipverja og ganga frá henni, en hann hafi ekki talið ástæðu til að athuga þar um tryggingu bátsins sjálfs. Fyrsti róðurinn á bátnum hafi svo verið farinn á föstudegi og hafi upplýsingar um tryggingu bátsins átt að liggja fyrir eftir helgina. Í þessum róðri hefði báturinn svo farist. Kveðst hann þá hafa farið í skrifstofu stefnda Konráðs og krafist að fá afrit af kaupsamningnum. Hafi Konráð þá viljað, að gerður yrði nýr samningur. Þetta hafi þeir Hólmar Víðir ekki viljað fallast á og hafi þeir svo loks fengið afrit af kaupsamningnum, sem þeir höfðu skrifað undir. Guðjón kveðst hafa skilið ákvæðið neðst á 2. bls. kaupsamningsins þannig, að þetta varði lánin hjá Byggðasjóði og Fiskveiðasjóði. Það væri vitað um samanlagða fjárhæð lánanna hjá báðum, en ekki lægi alveg ljóst fyrir, hversu hátt lán væri á hvorum stað, og því geti fjárhæð lánsins á hvorum stað breyst til hækkunar eða lækkunar, en heildarfjárhæðin verði óbreytt.

Stefndi Konráð Ó. Sævaldsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi annast um sölu m/b Skálafells til stefnenda máls þessa. Hann hafi áður annast kaup Jóns Valgeirssonar og eiginkonu hans á bátnum. Vegna vanskila þeirra á andvirði bátsins til fyrri eigenda hafi ekki verið hægt að skrá bátinn á nafn stefnda

Jóns eða gefa út afsal. Stefndi Jón hafi svo beðið sig að reyna að selja bátinn. Konráð kveður Jóhann Marel Jónasson hafa starfað á skrifstofu sinni og hafi hann annast tilboðasöfnun. Kveðst Konráð hafa undirbúið gerð tilboða með Jóhanni, en Jóhann hafi síðan fengið undirskriftir kaupenda. Er þeir aðalstefnendurnir hafi verið búnir að undirrita kauptilboð, hafi hann svo haft samband við stefnda Jón og hafi hann samþykkt tilboðið með símskeyti. Kveðst Konráð síðan hafa gengið frá því, sem eftir var. Hafi ekki verið kominn á bindandi samningur, fyrr en kaupendur væru búnir að skoða bátinn. Konráð kveðst telja, að hann hafi ekki rætt við stefnendurna um væntanleg kaup, áður en þeir undirrituðu tilboðið. Þó sé þetta ekki alveg öruggt, því Guðjón hafi oft komið í skrifstofuna til sín í sambandi við önnur störf, sem hann vann fyrir Guðjón. Hann kveður þá aðalstefnendurna þó hafa komið í skrifstofuna til sín, eftir að þeir voru búnir að undirrita tilboðið. Hafi þá verið rætt um, að þeir þyrftu að fara norður og skoða bátinn. Einnig hafi hann talað um það við þá, að þeir þyrftu að tryggja sjálfa sig og einnig þyrftu þeir að hækka trygginguna á bátnum. Konráð kveðst hafa verið með veðbókarvottorð um bátinn frá því í júnímánuði. Hann hafi beðið um nýtt veðbókarvottorð frá viðkomandi yfirvaldi, en þess hafi ekki verið talin þörf, þar sem engar breytingar hefðu orðið frá því fyrra vottorðið var gefið út. Konráð kveður aðalstefnendum vel hafa verið kunnugt um, hver var þinglýstur eigandi bátsins, og hafi þetta komið fram á veðbókarvottorðinu, sem Jóhann Marel Jónasson hafi haft. Einnig hafi stefnandinn Guðjón þekkt Gunnar Gunnarsson vel, en hann hafi verið annar þinglesinn eigandi bátsins. Konráð kveðst hafa vitað, að öll lán Fiskveiðasjóðs væru gengistryggð að 3/5 hluta a. m. k., en það sé meginreglan. Hann kveður þetta hafa komið fram, er hann ræddi við aðalstefnendurna, og hafi þeir alveg vitað um þetta. Hann kveðst einnig hafa vakið athygli þeirra á því, að lán Byggðasjóðs væri að hluta í þýskum mörkum. Sé aðalreglan sú, að lán sjóðsins sé að 1/3 hluta í þýskum mörkum. Konráð kveður ekki hafa verið unnt að fá nákvæmar upplýsingar um, hversu skuldir þessar væru miklar, slíkt sé ekki hægt, þegar um sé að ræða skuldir við sjóði þessa. Því hafi sá varnagli verið settur í kaupsamninginn neðst á bls. 2, að 3. liður, sem sé eftirstöðvar kaupverðsins, færðist til hækkunar og lækkunar eftir áhvílandi skuld á lið 2.

Vitnið Jóhann Marel Jónasson hefur skýrt svo frá, að hann

hafi áður unnið fyrir stefnda Konráð, en þó þannig, að allir samningar, sem hann hafi séð um að gera, hafi verið gerðir með vitund og samþykki Konráðs. Kveðst Jóhann hafa verið fyrsti maðurinn, sem aðalstefnendurnir ræddu við um kaupin á v/b Skálafelli. Hann kveðst hafa haft í höndum öll gögn til að undirbúa kauptilboð, þar á meða veðbókarvottorð, sem legið hafi fyrir í formi símskeytis, en ekki kveðst hann muna, hvort hann hafi vakið athygli stefnenda á veðbókarvottorðinu. Jóhann kveður ekki hafa verið minnst á það, hvort Jón Valgeirsson væri búinn að fá afsal fyrir bátnum frá fyrri eigendum hans. Hann kveðst ekki hafa haft undir höndum gögn um vátryggingarfjárhæð bátsins, en aðalstefnendur hafi vitað, að báturinn var of lágt vátryggður, og hafi hann vakið athygli þeirra á þessu. Hann kveður það jafnframt hafa verið tekið fram, að hægt væri að kaupa aukatryggingu til að vega á móti verðhækkunum. Jóhann kveðst hafa vitað, að lán Fiskveiðasjóðs séu gengistryggð að hluta, og einnig hafi hann vitað, að lán Byggðasjóðs til skipakaupa séu að hluta í erlendum gjaldeyri. Hann kveðst ekki geta fullyrt, að hann hafi rætt um þetta við aðalstefnendur. Hann kveður aldrei hægt að fullyrða, hversu háar fjárhæðir hvíli á skipum vegna lána frá þessum stofnunum, og verði því að gera ráð fyrir lækkun og hækkun. Morguninn eftir að kauptilboðið var gert, kveðst hann hafa afhent skjölin til skrifstofu Konráðs Ó. Sævaldssonar og hafi hann eftir það ekki haft meira af málinu að segja. Hann kveður mestan hluta viðræðnanna við aðalstefnendur í sambandi við kauptilboðið hafa farið í að ræða um greiðslugetu þeirra og hvort hún væri nægileg til að koma í veg fyrir, að báturinn yrði seldur vegna vanskilaskulda seljandans, Jóns. Vegna þessa hafi verið minni tími til að ræða önnur atriði varðandi kauptilboðið. Hann kveður aðalstefnendur hafa skrifað undir tilboðið með þeim fyrirvara, að báturinn væri í umsömdu ástandi. Þeir hafi síðan farið norður á Siglufjörð til að skoða bátinn. Jóhann kveður samninginn hafa verið ritaðan í einu lagi, þ. e. eitt frumrit með tveimur eða þremur afritum. Hafi öll eintökin verið undirrituð. Kveðst hann ekki geta gefið skýringu á mismun texta skjalanna, sem fram komi neðst á bls. 2 í einu eintakinu.

Jón Valgeirsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi keypt m/b Skálafell af Kristjáni Helgasyni og Gunnari Gunnarssyni í júnímánuði 1973. Hafi báturinn þá verið auglýstur af skrifstofu Konráðs Ó. Sævaldssonar og hafi sölumaður hans, Jóhann Marel

Jónasson, séð um sölu bátsins. Hafi söluverð bátsins verið 6 milljónir 550 þúsund krónur. Jón kveðst nú hafa stundað færaveiðar fram í september 1973, en þær hafi gengið mjög illa og hann hafi ekki séð sér fært að halda bátnum. Hann kveður útborgun kaupverðs hafa átt að vera lokið samkvæmt samningi um áramótin 1973/1974 og hafi hann þá átt að fá afsal fyrir bátnum. Hann kveðst nú hafa leitað til Konráðs Ó. Sævaldssonar síðari hluta ágústmánaðar og spurt hann um, hvort seljendurnir kynnu að vilja taka bátinn aftur. Hann hafi svo sjálfur talað við annan seljandann, Gunnar, og spurt, hvort seljendurnir vildu taka bátinn aftur. Hafi Gunnar sagt, að þeir félagarnir væru búnir að kaupa annan bát og hann, þ. e. Jón, skyldi selja bátinn, enda hefðu þeir seljendurnir þegar gefið Konráði Ó. Sævaldssyni leyfi til að selja bátinn. Jón kveðst svo hafa veitt Konráði Ó. Sævaldssyni umboð í símskeyti til að selja bátinn fyrir sína hönd. Konráð muni svo hafa selt bátinn í nóvembermánuði. Kaupendurnir hafi tekið við bátnum á Siglufirði 3. janúar 1974. Jón kveður söluverð bátsins hafa verið 6.750.000 kr. Hann kveðst ekki hafa fengið nein skjöl frá Konráði Ó. Sævaldssyni varðandi sölu bátsins. Jón kveður bátinn hafa verið í skyldutryggingu hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og sé um að ræða fasta fjárhæð, sem breytist með breyttri vísitölu. Hann kveðst auk þess hafa keypt viðbótartryggingu hjá Almennum tryggingum, sem numið hafi kr. 1.100.000. Þeirri tryggingu hafi hann sagt upp 10. september 1973. Þá hafi Konráð verið búinn að fá kaupendur að bátnum, en þeir hafi síðan dregið sig til baka. Jón kveður aðalstefnendur hafa vitað, að hann var ekki orðinn skráður eigandi bátsins, og hafði hann sagt þeim það sjálfur, er þeir komu að skoða bátinn í nóvembermánuði. Jón kveður það svo hafa verið milli jóla og nýárs, að Konráð hafi hringt í sig og sagt sér, að nú væri allt frá gengið og hann væri laus allra mála. Hefðu kaupendurnir yfirtekið allar skuldbindingar hans gagnvart fyrri eigendum bátsins. Mundu kaupendurnir svo koma öðrum hvorum megin við áramótin til að sækja bátinn. Jón kveðst ekki hafa vitað annað en að örugglega hafi verið gengið frá þessum viðskiptum, þar sem reyndur og vanur maður hefði séð um þau fyrir sína hönd. Jón kveðst ekki hafa vitað, að lánið við Byggðasjóð væri í vanskilum, fyrr en Konráð hafi sagt sér það, eftir að búið var að ganga frá sölu bátsins. Hann kveðst ekki hafa vitað, að hluti þessa láns væri í þýskum mörkum, þar sem þess hafi ekki ver-

ið getið í kaupsamningi. Jón kveðst hafa sagt aðalstefnendum það, bæði er þeir komu að skoða bátinn og eins er þeir komu að sækja hann, að þeir yrðu að kaupa sér aukatryggingu fyrir um eina til eina og hálfa milljón krónur, og hafi þeir sagst ætla að gera það. Jón kveðst hafa samþykkt söluverð bátsins, en að öðru leyti hafi Konráð haft óbundnar hendur. Hafi Konráð sagst ætla að haga málum þannig, að hann, Jón, yrði laus allra mála. Jón kveðst ekki hafa beitt aðalstefnendur neinum rangindum eða brögðum í sambandi við þessi viðskipti, enda hafi hann fengið sérfróðan mann til að sjá um söluna.

Vitnið Kristján Helgason kveðst hafa eignast v/b Skálafell ásamt Gunnari Gunnarssyni, er báturinn var nýsmíðaður, og hafi þeir átt bátinn, þar til þeir seldu hann Jóni Valgeirssyni. Jón hafi svo komist í vanskil við þá Gunnar og hafi þeir þá rætt um það við Gunnar, að annað hvort greiddi hann skuldina eða hann reyndi að selja bátinn. Sér hafi svo verið kunnugt um, að Jón hafi sett bátinn á söluskrá hjá Konráði Ó. Sævaldssyni. Kristján kveðst svo fyrst hafa rætt við menn þá, sem keyptu bátinn af Jóni, er hann og Gunnar hafi hitt þá niðri á bryggju, er þeir voru að koma með bátinn frá Siglufirði. Hafi erindi þeirra verið að athuga ástand bátsins eftir siglinguna frá Siglufirði. Hann hafi þarna komist að raun um, að vátryggingarfjárhæð bátsins hafði ekki verið hækkuð frá því hann átti bátinn. Kveður hann sér hafa fundist það óvarkárni og hafi hann bent mönnunum á þetta.

Vitnið Gunnar Gunnarsson, sem átti v/b Skálafell ásamt Kristjáni Helgasyni, kveður að því hafa komið, að stefndi Jón hafi ekki staðið í skilum með verð bátsins. Þeir hafi þá sagt honum að reyna að selja bátinn. Kveður hann sér kunnugt um, að báturinn hafi verið seldur fyrir milligöngu Konráðs Ó. Sævaldssonar og hafi kaupendur verið Hólmar Víðir Gunnarsson og annar maður. Muni Konráð hafa hringt í sig og sagt sér frá þessu. Gunnar kveðst svo ásamt Kristjáni hafa verið staddur niðri á bryggju hér í Reykjavík, er báturinn kom frá Siglufirði. Í viðræðum við hina nýju eigendur hafi komið fram, að þeir höfðu siglt bátnum frá Siglufirði án þess að kaupa líftryggingu fyrir sig. Þeir Kristján hafi svo bent mönnunum á að hækka tryggingarfjárhæð bátsins, ef ekki væri búið að því.

Kröfur sóknaraðilja í aðalsök eru byggðar á því, að stefndi Jón Valgeirsson, sem komið hafi fram af hálfu seljanda v/b Skálafells, Konráð Ó. Sævaldsson, sem haft hafi milligöngu um

kaupin af hálfu seljenda, og starfsmaður hans, Jóhann Marel Jónasson, sem gengið hafi frá kaupunum, hafi með röngum upplýsingum og með því að leyna sóknaraðilja með sviksamlegum hætti veigamiklum atriðum í sambandi við kaupin og vanrækja að afla upplýsinga um atriði, sem þýðingu höfðu við kaupin, stuðlað að því að koma á kaupunum, sem ekki hefðu orðið, ef sóknaraðiljar hefðu vitað hið rétta. Er því haldið fram, að Jón Valgeirsson og eiginkona hans, Elísabet Matthíasdóttir, hafi ekki verið skráðir eigendur v/b Skálafells, er sóknaraðiljar festu kaup á bátnum. Hafi sóknaraðiljum ekki verið skýrt frá þessu og hafi þeir ekki vitað annað en að þau Jón og Elísabet væru eigendur bátsins. Hafi Jón einnig komið fram með þeim hætti, að sóknaraðiljar hafi mátt ætla, að svo væri. Í því sambandi sé á það að líta, að sóknaraðiljar hafi ekki fengið að sjá veðbókarvottorð við kaupin. Þá er því haldið fram, að áhvílandi veðskuldum hafi verið vísvitandi ranglega lýst í kaupsamningi og hafi sóknaraðiljum ekki verið bent á, að veðskuldir væru að hluta gengistryggðar. Þá hafi þeim ekki verið bent á, að þau Jón og Elísabet höfðu stórlega vanefnt kaupsamning sinn við fyrri eigendur bátsins. Þá hafi ekki verið skýrt frá því, að afborgun af skuld við Byggðasjóð hafi verið gjaldfallin og að búið hafi verið að biðja um nauðungarsölu á bátnum af þeim sökum. Þá hafi sóknaraðiljar einnig verið leyndir því, að afborgun af skuld við Fiskveiðasjóð hafi einnig verið gjaldfallin. Þá hafi hvílt á bátnum skuld vegna vangreiddra tryggingariðgjalda. Þá hafi þau Jón og Elísabet ekki haldið við viðbótartryggingu fyrir bátinn, sem þau höfðu keypt. Því hafi báturinn verið vantryggður við kaup sóknaraðilja og hafi þeim ekki verið skýrt frá því. Auk framangreindra atriða er krafa á hendur stefnda Konráði byggð á því, að hann og starfsmaður hans hafi vanrækt að sýna sóknaraðiljum kaupsamninginn milli fyrri eigenda bátsins, Gunnars Gunnarssonar og Kristjáns Helgasonar, og Jóns og Elísabetar, en Konráð hafi einnig gengið frá þeim kaupum. Þá hafi einnig verið vanrækt að afla gilds og nothæfs veðbókarvottorðs til undirbúnings kaupum sóknaraðilja. Þá hafi ekki legið fyrir kvittanir þær, sem ráð sé gert fyrir í 2. tl. kaupsamningsins, og ekki hafi verið gert yfirlit, sem ráð sé fyrir gert í 4. gr. laga um fasteignasölu. Þessi vanræksla hafi valdið því, að sóknaraðiljar hafi ekki fengið nægar og réttar upplýsingar um atriði, sem hafi verið ákvörðunarástæður við

kaupin, en sóknaraðiljar hefðu ekki gengið til kaupanna, ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir.

Sýknukrafa varnaraðiljanna Jóns og Elísabetar í aðalsök er í fyrsta lagi byggð á því, að þau hafi haft fulla heimild til að selja v/b Skálafell, þótt þau hafi ekki verið búin að fá afsal frá fyrri eigendum. Ef sóknaraðiljar hefðu staðið við skuldbindingar sínar og gefið út umsamið skuldabréf með veði í fasteign, þá hefðu þeir getað krafist afsals úr hendi Jóns og Elísabetar. Er því haldið fram, að sóknaraðiljar hafi ekki verið leyndir því, að þau Jón og Elísabet voru ekki þinglesnir eigendur bátsins, enda hafi veðbókarvottorð legið frammi við samningsgerðina. Einnig hafi sóknaraðiljum mátt vera ljóst af skráningareinkennum bátsins, að hann var skrásettur í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, en seljendurnir búsettir á Siglufirði. Þá hafi sóknaraðiljar hitt fyrri eigendur bátsins, er þeir, sóknaraðiljar, komu með bátinn til Reykjavíkur frá Siglufirði. Af þessum ástæðum sé ekki grundvöllur til riftunar vegna vanheimildar, enda séu fyrri viðskipti um bátinn sóknaraðiljum óviðkomandi. Því er haldið fram, að stefnendur hefðu fengið bátinn skráðan á sitt nafn, ef þau hefðu óskað eftir því, en jafnvel þótt svo hefði verið, hefðu þau ekki átt rétt til tryggingarfjárins eftir bátinn, því allar skuldir, sem á bátnum hvíldu, hafi fallið í gjalddaga, er hann fórst, og sóknaraðiljar ekki boðið annað veð í staðinn. Þá er því mótmælt, að þeim Jóni og Elísabet hafi verið skylt að sjá um, að viðbótartrygging væri keypt fyrir bátinn, svo að heildarvátrygging hans næmi kaupverðinu. Er því haldið fram, að báturinn hafi verið úr allri ábyrgð þeirra, er sóknaraðiljar tóku við honum. Hins vegar hafi þeir Jón, Konráð og Jóhann Marel Jónasson upplýst sóknaraðilja um þetta atriði og hvatt þá til að kaupa viðbótartryggingu fyrir bátinn. Hafi sóknaraðiljar þóst ætla að gera það. Af þessum ástæðum verði sóknaraðiljum einum gefin sök á því, að tryggingarfjárhæð bátsins var ekki hærri, og verði ábyrgð á því ekki felld á Jón og Elísabet með neinum hætti. — Það kemur fram af hálfu þessara varnaraðilja, að veðskuldir við Byggingasjóð (sic) og Fiskveiðasjóð hafi verið tilgreindar í einu lagi í samningi þeirra og sóknaraðilja og að eftirstöðvar skulda þessara hafi raunverulega verið nokkru hærri en fram komi í kaupsamningi. Hafi þetta stafað af því, að vextir höfðu bæst við höfuðstól hvors láns, og hafi verið erfitt að fá upplýsingar hjá stofnununum um, hverjar eftirstöðvarnar væru.

Af þessum sökum hafi verið sett það ákvæði í samninginn, að fjárhæð veðskuldabréfs þess, sem sóknaraðiljar áttu að gefa út við kaupin, ætti að hækka eða lækka eftir því, hver raunveruleg staða veðskuldanna væri. Þótt texti kaupsamningsins um þetta atriði sá ógreinilegur, megi þó vel lesa það. Hafi sóknaraðiljar ekki verið leyndir neinu varðandi þetta atriði. Það sé og venja að ganga frá kaupum á fasteignum og skipum með þessum hætti. Er því einnig haldið fram, að sama sé að segja um það, að hluti af láni Byggðasjóðs hafi verið í þýskum mörkum og hluti af láni Fiskveiðasjóðs gengistryggður. Þetta hafi Jón, Konráð og Jóhann Marel Jónasson rætt við sóknaraðilja. Einnig hafi þeir getað séð af veðbókarvottorði, að hluti af öðru láninu var í þýskum mörkum. Þá hafi annar sóknaraðili átt bát áður og hafi honum því mátt vera kunnugt um þetta. Er því mótmælt, að þetta hafi verið ákvörðunarástæða um kaupin af hálfu sóknaraðilja.

Þá er því haldið fram, að það hafi verið hagstæðast fyrir sóknaraðilja, að áhvílandi veðskuldir væru sem hæstar, þar sem lánstími þeirra hafi verið lengri en greiðslutími veðskuldabréfs þess, sem sóknaraðiljar áttu að gefa út fyrir eftirstöðvum kaupverðsins. Af þessu sé augljóst, að sóknaraðiljar hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þótt veðskuldir hafi raunverulega verið nokkru hærri en í kaupsamningi segir. Að minnsta kosti geti það ekki orðið grundvöllur riftunarkröfu, þar sem í lófa lagið hafi verið að draga fjárhæð þá, sem umfram var, frá fjárhæð veðskuldabréfs þess, sem sóknaraðiljar áttu að gefa út. Er í þessu sambandi mótmælt, að skuldaskil Jóns og Elísabetar við fyrri eigendur bátsins skipti máli, enda hefðu engin vandkvæði orðið, ef sóknaraðiljar hefðu staðið við samninginn af sinni hálfu. — Svo sem hér hefur verið rakið er því haldið fram, að ekki sé grundvöllur fyrir riftunarkröfu sóknaraðilja, þar sem kaupendur hafi ekki verið leyndir neinu, sem þýðingu hafði við kaupin, og ekki beittir svikum, en auk þess er því haldið fram, að sóknaraðiljar geti ekki fullnægt því skilyrði riftunarkröfu að skila v/b Skálafelli. Því geti ekki komið til riftunar kaupsamningsins. Sýknukrafa varnaraðiljanna Jóns og Elísabetar í aðalsök er einnig byggð á því, að þau hafi falið Konráði Ó. Sævaldssyni að sjá um sölu bátsins og beri hann einn ábyrgð á öllum atriðum í því sambandi, sbr. 4. gr. laga nr. 47/1938, enda sé hann löggiltur fasteignasali, sem eigi að hafa þekkingu á slíkum málum. Af hálfu þessara varnaraðilja er skaðabótakröfu sóknar-

aðilja sérstaklega mótmælt, þar sem engin gögn hafi verið lögð fram henni til stuðnings, hún sé ekki nægilega rökstudd og hvíli ekki á lagagrundvelli.

Sýknukrafa stefnda Konráðs Ó. Sævaldssonar í aðalsök er byggð á því, að hann hafi gengið réttilega frá samningi sóknaraðilja og varnaraðilja og fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögum um fasteignasölu. Honum hafi ekki borið að kaupa vátryggingu fyrir bátinn, enda sé slík skylda ekki lögð á seljendur fasteigna og báta. Hún hvíli á kaupendum sjálfum. Hafi einnig verið búið að gera sóknaraðiljum grein fyrir, hvernig þessu atriði væri háttað. Þá hafi veðbókarvottorð legið frammi við gerð kaupsamnings og því hafi sóknaraðiljum verið kunnugt um, hver var skráður eigandi bátsins. Hins vegar skipti það ekki máli í þessu sambandi, þótt seljendur, varnaraðiljar í aðalsök, væru ekki skráðir eigendur, og hafi sóknaraðiljar ekki glatað neinum rétti á hendur þeim af þeim sökum. Breyti það ekki neinu, þótt varnaraðiljar hefðu verið skráðir eigendur bátsins, því fyrri eigendur hans, Gunnar og Kristján, hafi átt háar kröfur tryggðar með veði í bátnum, sem stöfuðu frá fyrri sölu bátsins. Því hefði ekkert komið í hlut sóknaraðilja af vátryggingarfé bátsins, þótt báturinn hefði verið skráður á nafn varnaraðilja. Er því og haldið fram, að fyrri eigendur hafi verið hafðir með í ráðum við sölu bátsins til sóknaraðilja og því hefðu þeir, sóknaraðiljar, fengið afsal, ef þeir hefðu staðið í skilum með kaupverðið. Þá er því mótmælt, að það hafi verið forsenda fyrir kaupunum af hálfu sóknaraðilja, að lán við Byggðasjóð væri ekki að hluta í þýskum mörkum og lán Fiskveiðasjóðs að hluta gengistryggt. Ekki skipti heldur máli, þótt lán þessi væru greind í samningi aðiljanna eingöngu í íslenskum krónum, því fjárhæð veðskuldabréfs þess, sem sóknaraðiljar áttu að gefa út fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, hafi átt að hækka eða lækka í samræmi við upplýsingar um stöðu þessara tveggja lána. Er því mótmælt, að stefndi Konráð verði á nokkurn hátt gerður ábyrgur vegna hugsanlegrar riftunar kaupsamningsins um v/b Skálafell, því hann hafi gengið frá sölunni á fullkomlega löglegan hátt samkvæmt 4. gr. laga um fasteignasölu. Er því og mótmælt, að Konráð verði á nokkurn hátt gerður ábyrgur fyrir afleiðingum þess, að v/b Skálafell fórst. Er því sérstaklega mótmælt, að hann verði gerður ábyrgur fyrir skaðabótakröfu sóknaraðilja í aðalsök, en sú krafa sé einnig algerlega órökstudd.

Krafa sóknaraðilja í gagnsök, Jóns og Elísabetar, er byggð

á því, að af þeirra hálfu hafi réttilega verið staðið að samningsgerðinni við varnaraðilja í gagnsök, Hólmar Víði og Guðjón, svo sem fram komi í rökstuðningi fyrir sýknukröfu þeirra í aðalsök, og hafi þau efnt ákvæði samningsins af sinni hálfu.

Krafa varnaraðilja í gagnsök, Hólmars Víðis og Guðjóns, er byggð á því, að rifta beri samningi aðiljanna, svo sem fram komi í rökstuðningi fyrir kröfum þeirra í aðalsök, því geti ekki orðið um það að ræða, að þeim verði gert að efna samninginn.

Samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 26. júlí 1973, voru þeir Gunnar Gunnarsson og Kristján Helgason skráðir eigendur v/b Skálafells, SH 240. Er ágreiningslaust, að svo hafi einnig verið, er báturinn fórst 25. janúar 1974. Samkvæmt veðbókarvottorði þessu hvíldu á bátnum skuld við Fiskveiðasjóð Íslands að fjárhæð kr. 2.800.000, tryggð með 1. veðrétti, skuld við Byggðasjóð að fjárhæð kr. 215.000, tryggð með 2. veðrétti, og skuld við Byggðasjóð að fjárhæð D. M. 15.656.86, einnig tryggð með 2. veðrétti. Í veðskuldabréfinu fyrir láninu í Fiskveiðasjóði Íslands kemur fram, að sjóðnum hafi verið heimilt að innheimta 3/5 hluta af láninu eða eftirstöðvum þess á hverjum tíma með breytilegri fjárhæð, sem næmi gengisbreytingu íslenskrar krónu á lánstímanum. Í veðskuldabréfinu fyrir láninu við Byggðasjóð, sem er í þýskum mörkum, kemur fram, að þar er raunverulega um að ræða jafnvirði hinnar þýsku fjárhæðar í íslenskum krónum á grundvelli gengisins D. M. 100.00 = ísl. kr. 2.746.40 á útborgunardegi og sölugengi íslenskra banka á vesturþýskum mörkum á greiðsludögum afborgana og vaxta. Fram er komið í gögnum málsins, að Byggðasjóður hafi hinn 25. júlí 1973 beðið um nauðungaruppboð á v/b Skálafelli vegna vanefnda á veðskuldinni að fjárhæð D. M. 15.656.86. Var beiðni þessi síðan afturkölluð 3. maí 1974, er vátryggingarfjárhæð bátsins hafði verið greidd.

Gegn neitun þeirra Hólmars Víðis Gunnarssonar og Guðjóns Ingvarssonar er ósannað, að þeim hafi verið kynnt veðbókarvottorð um v/b Skálafell, þar sem fram kom, hverjir voru skráðir eigendur bátsins. Einnig er ósannað, að þeim hafi verið gerð grein fyrir því með öðrum hætti, hverjir voru skráðir eigendur bátsins. Verður að telja ósannað, að þeir hafi mátt gera sér grein fyrir því, að það var ekki á valdi viðsemjenda þeirra, Jóns og Elísabetar, að gefa þeim afsal fyrir bátnum. Þykir það ekki eiga að hafa áhrif á þetta atriði, þótt skráningareinkenni bátsins hafi verið fyrir annað lögsagnarumdæmi en það, sem heimili

seljenda var í. Þá er og ósannað, að Hólmari Víði og Guðjóni hafi verið skýrt frá vanefndum þeirra Jóns og Elísabetar við fyrri eigendur bátsins og vanefndunum við Byggðasjóð og Fiskveiðasjóð. Bar þeim, sem um söluna sáu fyrir þau Jón og Elísabet, að sjá um, að þeim Hólmari Víði og Guðjóni væri gert ljóst, hvernig þessum málum var háttað. Þá þykir á það hafa skort, að nægilega glögg grein væri gerð fyrir áhvílandi veðskuldum, sem að hluta voru í þýskum mörkum og að hluta gengistryggð með öðrum hætti, en ósannað er, að ekki hafi verið unnt að afla upplýsinga um þessi atriði. Þegar atriði þessi eru virt, verður að telja, að á það hafi skort, að sóknaraðiljum í aðalsök, Hólmari Víði og Guðjóni, hafi verið veittar réttar upplýsingar um atriði, sem hafi verið þess eðlis, að telja verði forsendur fyrir kaupunum brostnar af þeirra hálfu og sé þetta næg ástæða til að krafa um riftun kaupsamningsins, sem felist í kröfugerð þeirra í aðalsök, verði tekin til greina, þótt eigi verði talið, að seljendur, Jón og Elísabet, hafi beitt svikum. Verða aðrar kröfur sóknaraðilja í aðalsök einnig teknar til greina að öðru leyti en því, að ósannað er, að tjón hafi orðið fyrir „vinnutap, kostnað o. s. frv.“, og verður krafa um bætur af þeim sökum ekki tekin til greina. Þykir það ekki hnekkja þessari niðurstöðu gagnvart varnaraðiljum í aðalsök Jóni og Elísabet, þótt mistök hafi orðið í starfi Konráðs Ó. Sævaldssonar, sem hafði verið falið að sjá um sölu v/b Skálafells. Með hliðsjón af ákvæði 58. gr. laga nr. 39/1922 þykir það ekki hagga heimild til riftunar, þótt v/b Skálafell hafi farist 25. janúar 1974. — Vextir af fjárhæð, sem sóknaraðiljar í aðalsök hafa greitt og krefjast endurgreiðslu á, kr. 145.000, ákveðast 13% ársvextir af kr. 75.000 frá 15. nóvember 1973 til greiðsludags, en 18% ársvextir af kr. 50.000 frá 28. desember 1973 til 15. janúar 1974 og af kr. 70.000 frá þeim degi til greiðsludags. — Eftir þessum úrslitum í aðalsök verður varnaraðiljunum Jóni og Elísabet gert að greiða sóknaraðiljum málskostnað í aðalsök, sem ákveðst kr. 250.000.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, verða kröfur sóknaraðilja í gagnsök, Jóns og Elísabetar, ekki teknar til greina, og verða varnaraðiljar í gagnsök, Hólmar Víðir og Guðjón, sýknaðir af þeim. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Krafa sóknaraðilja í aðalsök á hendur Konráði Ó. Sævaldssyni varðar annars vegar endurgreiðslu þess hluta kaupverðsins, sem þeir Hólmar Víðir og Guðjón höfðu innt af hendi. Konráð

kom fram sem milligöngumaður við kaupin, og sem löggiltum fasteignasala bar honum að sjá um, að frá þeim væri gengið á fullnægjandi hátt, en á því varð misbrestur. Ekki þykir þó nægur grundvöllur til að dæma hann til greiðslu fjárhæðar þessarar í þessu máli. Hinn hluti kröfugerðarinnar á hendur Konráði varðar greiðslu bóta fyrir „vinnutap, kostnað o. s. frv.“, en þar sem ekki hafa verið færðar sönnur að slíku tjóni, verður hann einnig sýknaður af þeirri kröfu. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður milli sóknaraðilja í aðalsök og stefnda Konráðs falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum dr. Jakob Sigurðssyni forstjóra og Ragnari Bjarnasyni vélstjóra.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðilja í aðalsök, Hólmars Víðis Gunnarssonar og Guðjóns Ingvarssonar, um riftun samnings þeirra við varnaraðiljana Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttur um kaup sóknaraðilja á v/b Skálafelli, SH 240, er tekin til greina. Er sóknaraðiljum í aðalsök óskylt að gefa út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 1.850.000, tryggt með veði í fasteign. Varnaraðiljarnir Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttir skili sóknaraðiljum í aðalsök síðartöldum sjö víxlum, sem út gefnir voru af sóknaraðiljanum Hólmari Víði Gunnarssyni 15. nóvember 1973 og samþykktir af sóknaraðiljanum Guðjóni Ingvarssyni:

Víxill að fjárhæð kr. 50.000 með gjalddaga 28. janúar 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 200.000 með gjalddaga 28. febrúar 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 200.000 með gjalddaga 28. apríl 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 150.000 með gjalddaga 28. júní 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 200.000 með gjalddaga 28. sept. 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 200.000 með gjalddaga 28. nóv. 1974.
Víxill að fjárhæð kr. 150.000 með gjalddaga 28. des. 1974.

Varnaraðiljarnir Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttir skili einnig sóknaraðiljum í aðalsök níu víxlum, sem út gefnir voru 15. nóvember 1973 af sóknaraðiljanum Hólmari Víði Gunnarssyni, ábaktir af sóknaraðiljanum Guðjóni Ingvarssyni og samþykktir af Þorsteini La Voque, hverjum að fjárhæð kr. 20.000, með gjalddögum 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október 1974, og tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð

kr. 25.000, útgefnum sama dag af sama aðilja, samþykktum og áböktum af sömu aðiljum og hinir níu víxlar með gjalddögum 15. nóvember og 15. desember 1974. Þá greiði varnaraðiljarnir Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttir sóknaraðiljum í aðalsök kr. 145.000 með 13% ársvöxtum af kr. 75.000 frá 15. nóvember 1973 til greiðsludags, með 18% ársvöxtum af kr. 50.000 frá 28. desember 1973 til 15. janúar 1974, af kr. 70.000 frá þeim degi til greiðsludags. Í aðalsök greiði varnaraðiljar sóknaraðiljum kr. 250.000 í málskostnað.

Varnaraðilinn Konráð Ó. Sævaldsson skal vera sýkn af kröfum sóknaraðilja í aðalsök, en málskostnaður milli þeirra fellur niður.

Í gagnsök skulu þeir Hólmar Víðir Gunnarsson og Guðjón Ingvarsson vera sýknir af kröfum Jóns Valgeirssonar og Elísabetar Matthíasdóttur, en málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júlí 1981.

Nr. 135/1981. **Ólafur Jónsson**
gegn
Sigurbirni Eiríkssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 10. júní 1981, er barst Hæstarétti 18. s. m., kært synjun þinglýsingardómarans í Rangárvallasýslu 4. s. m. um að afmá úr þinglýsingarbók sýslunnar yfirlýsingu, sem þinglýst var á eign hans, Oddhól í Rangárvallahreppi, hinn 3. mars 1981. Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun þinglýsingardómarans verði felld úr

gildi og að lagt verði fyrir þinglýsingardómara að afmá nefnt skjal, merkt nr. 81/77, úr veðmálabók sýslunnar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á úrlausn þinglýsingardómara „að svo stöddu". Kærumálskostnaðar er ekki krafist af hans hálfu.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. laga nr. 39/1978.

Þinglýsingardómarinn, Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, hefur samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. laga nr. 39/1978 sent Hæstarétti greinargerð sína um hina kærðu dómsathöfn. Segir þar m. a. svo:

„Með bréfi, dags. 19. maí s. l., hefur Jón E. Ragnarsson hrl. f. h. Ólafs Jónssonar, Oddhóli, Rangárvallahreppi, mótmælt þinglýsingu á skjali undirrituðu af Sigurbirni Eiríkssyni varðandi eignina Oddhól í Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, og krafist þess, að skjalið verði afmáð úr veðmálabókum Rangárvallasýslu.

Skjal þetta, sem dagsett er 24. febrúar 1981, er merkt í þinglýsingarbók embættisins og áritað sem skjal nr. 77/81, móttekið 2. mars s.l. og innfært í þinglýsingardagbók 3. mars s.l.:

„Sýslumaður Rangárvallasýslu,

Hvolsvelli.

Ég undirritaður, Sigurbjörn Eiríksson, Stóra Hofi, Rangárvallasýslu, vil hér með tilkynna yður, herra sýslumaður, að ég hefi með kaupsamningi og afsali, dags. í ágúst 1975, eignast jörðina Oddhól í Rangárvallahreppi.

Dregist hefur að þinglýsa þessum rétti mínum, en vegna yfirlýsinga og ólöglegra veðsetninga seljandans, Ólafs Jónssonar, er ég knúinn til að mótmæla öllum yfirlýsingum, veðsetningum og hvers konar gerningum af hálfu Ólafs Jónssonar eða nokkurs annars, sem fara í bága við þennan rétt minn og kynnu að berast embætti yðar. — Óskast mér eða lögmanni mínum, Inga Ingimundarsyni hrl., Reykjavík, gert viðvart, svo mér gefist kostur á að koma fram andmælum, ef á þetta reynir.

Bréf þetta óskast þinglesið á jörðina Oddhól.

Virðingarfyllst,
P.t. Reykjavík, 24. febr. 1981,
Sigurbjörn Eiríksson."

Þinglýsingu skjals þessa er mótmælt á þeim grundvelli, að hún sé brýnt brot á 7. gr. laga nr. 39/1978 um þinglýsingar svo og 1. mgr. 24. gr. sömu laga. Nefndur Sigurbjörn sé ekki heimildarmaður að téðri fasteign og geti því ekki látið þinglýsa neins konar yfirlýsingum á fasteignina. Eina undantekning þess, að annar maður geti látið þinglýsa skjali á annars manns eign, sé að finna í 28. gr. laganna. Öðrum kosti verði einungis þinglýst skjölum, sem stafa frá þinglýstum eiganda, og aðfararveðum og skjölum varðandi lögveð.

Sigurbirni Eirikssyni hafa verið kynntar framangreindar kröfur Ólafs Jónssonar um útstrikun hins þinglýsta skjals. Í bréfi lögmanns hans, Inga Ingimundarsonar hrl., dags. 1. júní s.l., segir svo varðandi mál þetta:

„Af hálfu Sigurbjörns Eirikssonar, sem nú hefur afhent þinglýsingardómara lögformlegt afsal fyrir jörðinni Oddhól til þinglesturs, er kröfum Ólafs Jónssonar í bréfi, dags. 19. f. m., eindregið mótmælt. Ólafur Jónsson hafði gengið svo freklega á rétt umbj. míns í skjóli þess, að hann var óþinglesinn, að ekki varð við unað. Þótti rétt að stöðva frekari veðsetningar og aðrar hugsanlegar ráðstafanir af hálfu Ólafs, meðan afsalið var borið undir hreppsnefnd og jarðanefnd."

Skjal það, sem hér um ræðir og þinglýst hefur verið og fært í fasteignabók Rangárvallasýslu á eignina Oddhól í Rangárvallahreppi, er ekki heimildarskjal varðandi greinda eign, heldur yfirlýsing aðila, sem telur til réttar yfir eigninni á grundvelli afsals, sem til staðar er, en hefur ekki verið þinglýst. Yfirlýsing þessi felur ekki í sér neina ráðstöfun eignar, heldur er um að ræða almenn mótmæli gegn veðsetningum og öðrum þeim gerningum þinglýsts eiganda, sem brjóta í bága við yfirlýstan rétt útgefanda hins þinglýsta skjals. Að þessu virtu þykir þinglýsing skjals þessa ekki brjóta gegn ákvæðum 7. gr. laga um þinglýsingar nr.

39/1978 né 1. mgr. 24. gr. sömu laga, sbr. og í þessu sambandi ákvæði 29. gr. laganna.

Kröfu Ólafs Jónssonar um útstrikun nefnds skjals úr fasteignabók Rangárvallasýslu er synjað."

Telja verður, að sóknaraðili hafi hafist nægilega snemma handa með kröfur sínar og málabúnað.

Sóknaraðili var þinglýstur eigandi jarðarinnar Oddhóls, þegar varnaraðili óskaði þinglýsingar á framangreindu skjali. Stemmt er stigu við því með lögum nr. 39/1978, að slíkri yfirlýsingu sem þessari verði þinglýst, sbr. 2. málsgr. 7. gr., 24. gr. og 25. gr. laganna, enda eiga reglur laganna um frávik frá meginreglu 1. málsgr. 24. gr. hér eigi við. Átti þinglýsingardómari því að synja um þinglýsinguna. Samkvæmt þessu á sóknaraðili kröfu á, að ofangreind yfirlýsing, merkt 81/77, um jörðina Oddhól í Rangárvallahreppi verði afmáð úr þinglýsingabók Rangárvallasýslu.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, 1.500.00 krónur.

Dómsorð:

Sóknaraðili, Ólafur Jónsson, á kröfu á, að ofangreind yfirlýsing, merkt 81/77, verði afmáð úr þinglýsingabók Rangárvallasýslu.

Varnaraðili, Sigurbjörn Eiríksson, greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júlí 1981.

Nr. 136/1981. **Sigurbjörn Eiríksson**
gegn
Ólafi Jónssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 10. júní 1981, sem barst Hæstarétti 18. s. m., kært synjun þinglýsingardómarans í Rangárvallasýslu 5. s. m. um að þinglýsa afsali varnaraðilja til sóknaraðilja um jörðina Oddhól í Rangárvallahreppi, dagsettu í „ágúst 1975". Krefst sóknaraðili þess, að hrundið verði ákvörðun þinglýsingardómarans og að krafa sóknaraðilja um þinglýsingu skjalsins verði tekin til greina. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hin kærða dómsathöfn verði staðfest. Enn fremur er krafist kærumálskostnaðar.

Kæra þessi er heimil samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. laga nr. 39/1978.

I.

Þinglýsingardómarinn, Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, hefur samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. laga nr. 39/1978 sent Hæstarétti úrlausn sína um hina kærðu dómsathöfn. Segir þar m. a. svo:

„Með bréfi, dags. 20. maí s.l., hefur Ingi Ingimundarson hrl. f. h. Sigurbjörns Eiríkssonar, Stóra-Hofi, Rangárvallahreppi, sent þessu embætti til þinglýsingar afsal, útgefið í ágúst 1975 af Ólafi Jónssyni til Sigurbjörns Eiríkssonar fyrir jörðinni Oddhóli í Rangárvallahreppi.

Í bréfi þessu segir svo:

„Af hálfu Sigurbjörns Eiríkssonar, sem nú hefur afhent þinglýsingardómara lögformlegt afsal fyrir jörðinni Oddhól til þinglesturs, er kröfum Ólafs Jónssonar í bréfi, dags. 19. f. m., eindregið mótmælt.

Ólafur Jónsson hafði gengið svo freklega á rétt umbj. m. í skjóli þess, að hann var óþinglesinn, að ekki varð við unað. Þótti rétt að stöðva frekari veðsetningar og aðrar hugsanlegar ráðstafanir af hálfu Ólafs, meðan afsalið var borið undir hreppsnefnd og jarðanefnd."

Þinglýstum eiganda jarðarinnar, Ólafi Jónssyni, hefur verið tilkynnt um þinglýsingarbeiðni þessa. Hefur hann með símskeyti, dags. 3. júní s.l., mótmælt þinglýsingu afsalsins harðlega.

Svo sem fram er komið, hafa lögaðilar, hreppsnefnd Rangárvallahrepps og jarðanefnd Rangárvallasýslu, fengið afsal þetta til umfjöllunar í samræmi við ákvæði jarðalaga nr. 65/1976.

Í bókun hreppsnefndar Rangárvallahrepps frá 23. mars s.l. segir svo: „Þar sem fyrir liggur, að ágreiningur er milli samningsaðila um gildi samningsins og að því máli hafi verið vísað til dómstóla, vísar hreppsnefndin forkaupsréttarmálinu frá."

Í bókun jarðanefndar Rangárvallasýslu frá 18. apríl s.l. segir svo: „Vegna ágreinings, sem upp hefur komið um afsalið og er til meðferðar hjá dómstólum, telur jarðanefnd Rangárvallasýsu ekki tímabært að taka endanlega afstöðu til samningsins."

Með yfirlýsingu, dags. 16. maí 1979 og þinglýstri 18. maí s. á., hefur Ólafur Jónsson lýst því yfir, að kaupsamningur og afsal, dags. í ágúst 1975, til Sigurbjörns Eiríkssonar fyrir jörðinni Oddhóli í Rangárvallahreppi hafi verið pro forma gerningur og aldrei ætlað að hafa gildi samkvæmt efni sínu. Hinn 10. apríl 1981 var þingfest fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu mál, sem Ólafur Jónsson hefur höfðað á hendur Sigurbirni Eiríkssyni til ógildingar eða riftunar á greindu afsali.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu:

„Sumarið 1975 hafði stefndi fengið stefnanda og maka hans til þess að undirrita téða gerninga varðandi Oddhól, eignarjörð stefnanda. Þetta hafði verið málamyndagerningur (pro forma), sem aldrei hafi verið ætlað að hafa gildi

eftir efni sínu. Þessi skjalagerð hafði verið til að frumkvæði stefnda og til þess að tryggja ótilteknar skuldir stefnanda við stefnda á meðan stefnandi væri á ferðalagi erlendis. Síðan var ætlunin að ganga frá skuldaskilum aðilanna og eftir atvikum veðtryggja skuldina í jörðinni. Í maí 1979 lét stefnandi þinglýsa yfirlýsingu á jörðina í veðmálabók Rangárvallasýslu, þar sem kaupsamningurinn og afsalið er lýst marklaust og að engu hafandi. Þetta var vegna grunsemda um það, að stefndi ætlaði að gera eignarrétt sinn gildandi. Stefndi hafði sjálfur ekki undirritað téð skjöl í okt.—nóv. 1978, þegar lögmaður hans sendi lögmanni stefnanda ljósrit skjalanna.

Stefndi hefur nú leitað til hreppsnefndar um fráfall á forkaupsrétti vegna kaupsamningsins og afsalsins og sýnt aðra frekari tilburði til þess að ná eignarhaldi sínu á jörðinni. Af þessum sökum er nú nauðsynlegt að höfða mál þetta."

Með því að skuldbindingargildi afsals þessa hefur ótvírætt verið véfengt af hálfu útgefanda þess, fyrst með þinglýstri yfirlýsingu, dags. 16. maí 1979, og nú með málshöfðun á hendur rétthafa þess, Sigurbirni Eiríkssyni, verður því ekki þinglýst að svo stöddu sem eignarheimild honum til handa, meðan ágreiningsefnið er til meðferðar fyrir dómstólum, enda verður að telja, að yfirlýsing Sigurbjörns Eiríkssonar, dags. 24. feb. 1981, veiti honum næga réttarvernd skv. 29. gr. þinglýs.laga.

Beiðni Sigurbjörns Eiríkssonar um þinglýsingu afsals þessa er synjað."

II.

Svo sem greinir í úrlausn þinglýsingardómarans, hefur varnaraðili vefengt skuldbindingargildi afsals þess, sem sóknaraðili leitar þinglýsingar á, og hefur hann höfðað mál, þingfest 10. apríl þ. á., til ógildingar eða riftunar á afsalinu.

Afsal það, sem um er fjallað í máli þessu, fullnægir formskilyrðum 22. gr. laga nr. 39/1978. Varnaraðili hefur þinglýsta heimild til að ráðstafa greindri fasteign með löggern-

ingi þessum, sbr. 1. málsgr. 24. gr. og 1. málsgr. 25. gr. sömu laga. Úrlausn um ógildi afsalsins ber ekki undir þinglýsingardómara, eins og mál þetta horfir við. Verður því eigi fallist á röksemdir þinglýsingardómara fyrir synjun hans á þinglýsingu, en bent skal á, að yfirlýsing sóknaraðilja frá 24. febrúar 1981, er greinir í úrlausn dómarans, var eigi talin þinglýsingartæk með dómi Hæstaréttar, er gekk í dag.

III.

Sóknaraðili hefur með bréfi, dags. 24. febrúar 1981, boðið hreppsnefnd Rangárvallahrepps forkaupsrétt að jörðinni Oddhóli, sbr. III. kafla jarðalaga nr. 65/1976. Vísar hreppsnefndin „forkaupsréttarmálinu frá“ með þeim rökstuðningi, að ágreiningur sé milli samningsaðilja um gildi samningsins og að því máli hafi verið skotið til dómstóla. Þá óskaði sóknaraðili einnig með bréfi 1. apríl 1981 samþykkis jarðanefndar á afsalinu, sbr. II. kafla jarðalaga. Afgreiddi jarðanefnd málið á fundi sínum 15. apríl sl. á þeim grundvelli, að ekki væri „tímabært að taka endanlega afstöðu til samningsins“ vegna ágreinings þess, sem upp hefði komið um afsalið og væri til meðferðar hjá dómstólum.

Samkvæmt gögnum málsins lágu fyrir hreppsnefnd Rangárvallahrepps fullnægjandi upplýsingar um sölu jarðarinnar Oddhóls til þess, að hún gæti tekið afstöðu til þess, hvort hún neytti forkaupsréttar. Bar hreppsnefndinni að taka eindregna afstöðu til þessa innan lögmælts frests án tillits til ágreinings málsaðiljanna um gildi afsalsins, en mál af því efni hafði raunar ekki verið höfðað, þegar hreppsnefndin afgreiddi erindið. Að svo vöxnu máli þykir afstaða hreppsnefndarinnar ekki standa því í vegi, að afsalinu sé þinglýst.

Jarðanefnd Rangárvallasýslu fékk einnig í hendur viðhlítandi gögn um sölu jarðarinnar Oddhóls. Átti nefndin á grundvelli þeirra gagna að taka af skarið um, hvort salan yrði samþykkt eða ekki innan þess frests, er lög mæla. Af þessum sökum er afgreiðsla nefndarinnar ekki því til fyrirstöðu, að afsalið sé þinglýsingartækt.

IV.

Í framangreindu afsali áskilur varnaraðili sér ábúðarrétt á jörðinni Oddhóli ævilangt „og að hafa á henni þann bústofn, sem ég þarf á hverjum tíma fyrir mig og fjölskyldu mína". Ákvæði þetta í afsalinu er eigi þess efnis, að það girði fyrir þinglýsingu samkvæmt 21. gr. laga nr. 39/1978. Rétt þykir að taka fram, að varnaraðilja er fært að fara þá leið, sem í 28. gr. sömu laga greinir í sambandi við dómsmál það, sem hann hefur höfðað og greint er hér að framan.

Samkvæmt framanrituðu á sóknaraðili kröfu á, að afsal það, sem mál þetta varðar, verði fært í þinglýsingabók Rangárvallasýslu.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Sóknaraðili, Sigurbjörn Eiríksson, á kröfu á, að framangreint afsal verði fært í þinglýsingabók Rangárvallasýslu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 2. júlí 1981.

Nr. 138/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Edvard Lövdahl
og
Sigurði Erni Ingólfssyni.

Kærumál. Úrskurður dómara um að víkja sæti felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Má þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 1. tölulið 171.

gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. júní sl., sem barst Hæstarétti samdægurs. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Héraðsdómarinn hefur samkvæmt heimild í 2. málsgr. 174. gr. laga nr. 74/1974 sent Hæstarétti greinargerð. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með hinum kærða úrskurði, er gekk 26. júní sl., ákvað héraðsdómarinn að víkja sæti í ofangreindu máli með vísan til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974 og 138. gr. sömu laga, en miða verður við, að yfirsakadómari hafi falið honum mál þetta til dómsmeðferðar, sbr. 9. gr. laga nr. 74/1972. Telur héraðsdómari sér ofviða að fjalla um málið vegna anna við úrlausn annarra sakamála, sem hann hefur nú með höndum og grein er gerð fyrir í úrskurðinum og sumpart í yfirliti, sem fylgir greinargerð dómarans. Verður ráðið af gögnum máls, að dómsmál þessi eru mörg og sum hver viðamikil.

Í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, sem hér á við, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, getur dómari færst undan að sinna dómsmáli, „ef mál er sérstaklega umfangsmikið eða vandasamt að öðru leyti, svo að ætla má, að hinn reglulega dómara skorti tíma frá öðrum embættisstörfum eða sé af öðrum ástæðum ofvaxið að fara með það . . .“ Getur dómsmálaráðherra þá skipað sérstakan dómara til að gegna málinu. Þetta ákvæði hefur hvorki beint né óbeint verið numið úr lögum. Verður þó að telja með hliðsjón af ákvæði 9. gr. laga nr. 74/1972, að dómara, sem færist undan að fjalla um dómsmál, beri fyrst að leita til forstöðumanns dómstóls, í þessu tilviki yfirsakadómara, með ósk um að verða leystur undan meðferð dómsmálsins. Eigi er í lögum gert ráð fyrir þeim úrkosti, að dómari geti úrskurðað, að hann víki sæti í máli, með því að vinnuálag hans verði of mikið að öðrum kosti, heldur eru lögmælt önnur úrræði, svo sem greint var. Af þessum sökum verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. júní 1981.

Ár 1981, föstudaginn 26. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi í máli ákæruvaldsins gegn Edvard Lövdahl og Sigurði Erni Ingólfssyni.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 19. þ. m., á hendur Edvard Lövdahl, Hörpugötu 12 hér í borg, og Sigurði Erni Ingólfssyni, Mosfelli í Grímsnesi, fyrir fjársvik og skjalafals, og fékk dómarinn það til meðferðar 24. s. m.

Í bréfi ríkissaksóknara, dags. 19. þ. m., er fylgdi málsskjölum, segir m. a. á þessa leið:

„Samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 31. mars, svo og ákvörðun dómara að því er ákærða Edvard varðar var kveðið svo á, að ákærðu væri óheimil brottför af landinu allt til 1. júlí n.k. Þess er því vænst, að mál þetta verði þingfest fyrir þann tíma, svo eigi þurfi að koma til framlengingar á farbanni því, er ákærðu sæta, enda veiti ákærðu við þingfestingu málsins skipuðum verjendum sínum umboð til þess að taka við birtingu dóms, segja til um áfrýjun og taka við birtingu áfrýjunarstefnu, ef dómi verður áfrýjað."

Málsskjöl gefa til kynna, að hér sé um viðamikið mál að ræða, og er ákæran í því 18 blaðsíður. Af hálfu ríkissaksóknara er þess óskað, að fyrirtekt þess verði hraðað, svo sem áður greinir. Dómarinn hefur engin tök haft á að kynna sér málsskjöl, og er ekki svigrúm til þess fram að 1. júlí nk. vegna mála, sem bíða úrlausnar, en farbanni af ákærðu verður trautt aflétt, nema dómsyfirheyrslum sé lokið.

Dómarinn hefur nú til meðferðar auk ýmissa annarra mála eftirtalin mál, sem höfðuð hafa verið sem hér segir:

Mál höfðað með ákæru, dags. 7. nóvember 1979, á hendur Stefáni Stephensen Tyrfingssyni, Maríu Erlu Friðsteinsdóttur og Þorfinni Kristjánssyni fyrir fjársvik í bifreiðaviðskiptum á árinu 1978, alls 14 ákæruliðir. Rannsókn málsins í dómi er ekki lokið vegna fjarveru vitna, sem eru alls nálægt 40 að tölu.

Mál höfðað með ákæru, dags. 11. desember 1980, á hendur Hirti Gunnari Sigurðssyni fyrir fjárdrátt hjá Rafmagnsveitum ríkisins á tímabilinu frá 6. febrúar 1976 til 27. mars 1979, alls 20 ákæruliðir.

Mál höfðað með ákæru, dags. 11. febrúar 1981, á hendur Þorfinni Egilssyni fyrir skattsvik árin 1973—1976.

Mál höfðað með ákæru, dags. 28. apríl 1981, á hendur Ingvari Nikulási Pálssyni fyrir fjárdrátt úr sjóðum lífeyrissjóðs verslunarmanna á tímabilinu frá janúar 1974 til júlí 1977, alls rúmar 12 milljónir gkr.

Dómsmeðferð þriggja síðasttaldra mála er skammt á veg komin, og brot þau, sem ákært er fyrir, eru komin til ára sinna.

Telur því dómarinn, að eigi hann að fara með mál þetta, sem beiðni er gerð um skjóta fyrirtekt á, hljóti að verða bæði á því og framangreindum málum svo og öðrum málum, sem hann hefur til meðferðar, slíkur dráttur, að eigi verði réttlættur. Því álítur dómarinn rétt með tilvísun til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974 svo og 138. gr. sömu laga, að hann víki sæti í máli þessu ex officio.

Úrskurðarorð:

Dómarinn víkur sæti í máli þessu ex officio.

Miðvikudaginn 8. júlí 1981.

Nr. 147/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Herði Júlíussyni.

Kærumál. Úrskurður um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1981, sem barst Hæstarétti sama dag. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist aðallega, að varnaraðili verði látinn sæta gæsluvarðhaldi til 19. ágúst 1981, kl. 1700, og gangast á þeim tíma undir rannsókn á geðheilbrigði sinni. Til vara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Eins og rannsókn þessa máls er háttað og rannsóknargögnum er farið, þykja hvorki rannsóknarnauðsynjar né aðrar lagaástæður leiða til þess, að varnaraðili sé á þessu stigi rannsóknar málsins hnepptur í gæsluvarðhald. Það athugast, að varnaraðili hefur í sakadómi Kópavogs 5. júlí sl. samþykkt að gangast undir geðrannsókn.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eigi þykja efni til að dæma kærumálskostnað, eins og mál þetta liggur fyrir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 6. júlí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 5. júlí sl., bar að með þeim hætti, að vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Þórir Oddsson, fór þess á leit við sakadóm Kópavogs sama dag, að Herði Júlíussyni, fæddum 12. janúar 1950 í Reykjavík, til heimilis að Þinghólsbraut 10 hér í bæ, yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 19. ágúst nk., kl. 1700, svo og að honum yrði gert á gæsluvarðhaldstímanum að sæta geðrannsókn. Kröfur vararannsóknarlögreglustjóra eru studdar þeim rökum, að kærði hafi skrifað A, fæddum . . . 1967, bréf þangað er hann nú dvelst í Dalasýslu. Þá væri einnig talið, að kærði hefði hringt í nefndan A og að sögn þeirra, er hleruðu símtöl þessi, gæti tal þess fyrrnefnda við þann síðarnefnda engan veginn talist eðlilegt. Kærði hefði orðið uppvís að kynferðislegu athæfi gagnvart fjölda drengja í desember sl. og hefði opinbert mál verið höfðað á hendur kærða, og er mál þetta nú til meðferðar í sakadómi Kópavogs.

Hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kom fram krafa frá foreldrum A þess efnis, að rannsókn færi fram á því, hvað kærði hefði í hyggju gagnvart drengnum.

Kærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu í gær, og skýrði

hann þá svo frá, að hann óttaðist hegðun sína gagnvart A. Hann hefði reynt að halda aftur af sér gagnvart drengjum, frá því að hann varð uppvís að kynferðislegu athæfi gagnvart fjölda drengja í desember sl., en eftir að hann kynntist A í apríl sl. hafi hann ekki getað setið á sér lengur. Hafi hann ekki leitað á drenginn kynferðislega, þar sem hann hefði ákveðið að láta það bíða betri tíma, en betra væri að ná sterkum tilfinningatengslum við hann fyrst. Kærði kveðst hafa boðið A í bíó og í mat á Hótel Loftleiðum, boðið honum heim og gefið honum kex og kaffi og sent honum töluvert mikið af sælgæti og 2 pakka af sígarettum. Þá kveðst kærði hafa skrifað A bréf, og kveðst hann skrifa innilega til hans af væntumþykju og með fyrirhuguð náin kynni. Er hann fékk eigi svarbréf, hafi hann tvívegis hringt til A til þess að kanna, hvort hann væri ekki ennþá vinur hans, og hafi kærði þá spurt A, hvort samband þeirra stæði ekki ennþá.

Er kærði kom fyrir dóm sama dag og hann var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu, neitaði hann að hafa leitað á drenginn A kynferðislega svo og að hafa ætlað sér slíkt. Þá staðfesti kærði fyrir dómi framangreinda skýrslu, er hann gaf rannsóknarlögreglu. Tók kærði það sérstaklega fram, að hann hefði mikið reynt að ná sér upp úr þeirri vitleysu, sem hann var áður kominn í, og átti kærði þá við kynferðislegt athæfi sitt gagnvart drengjum á undanförnum árum, en upphaflega hefði hann ekki ætlað sér slíkt gagnvart A.

Skipaður réttargæslumaður kærða, Guðmundur Þórðarson héraðsdómslögmaður, hefur gert þá kröfu fyrir dómi, að synjað verði um framkomna gæsluvarðhaldskröfu, en til vara, að gæsluvarðhaldstíma verði í hóf stillt. Kærði hefur fallist á fyrir dómi, að honum væri sjálfum fyrir bestu að sæta geðrannsókn, en varðandi gæsluvarðhald er á það bent, að samkvæmt áliti læknis, sbr. skjal nr. 14, bls. 2, í máli rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 3495/80 fylgdi því stór ábyrgð að hafa kærða innilokaðan í fangelsi, þar eð slíkt hefði að öllum líkindum langvarandi eða varanleg áhrif á heilsufar hans.

Kærði hefur viðurkennt fyrir lögreglu að hafa ætlað sér að ná sterkum tilfinningatengslum við drenginn A, áður en hann leitaði á drenginn kynferðislega, en skýrslu þá hefur kærði staðfest fyrir dómi.

Framkoma kærða gagnvart drengnum styður þessar játningar kærða, en kærði hefur m. a. boðið drengnum í bíó og í mat, boð-

ið honum heim, sent honum sætindi, vindlinga og bréf, sem m. a. inniheldur ruddalegar vísur. Þá hefur kærði játað að hafa tvívegis hringt í A til þess að viðhalda sambandi þeirra. Kærði hefur að vísu jafnframt haldið því fram, að hann bæri einungis hlýjar tilfinningar til drengsins, en ekki kynferðislegar, en þegar litið er til þess, að til meðferðar í sakadómi er nú mál á hendur kærða fyrir kynferðisleg afbrot á undanförnum árum gagnvart unglingsdrengjum, svo og til framkomu kærða gagnvart drengnum A, þykir þessi fullyrðing kærða eigi marktæk. Kærði telur sjálfur, að honum væri fyrir bestu að sæta geðrannsókn, en eigi þykja efni til að vista kærða á spítala sem sjúkling.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, svo og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir skylt að verða við kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, að kærði sæti gæsluvarðhaldi svo og að hann gangist undir geðrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum, en eigi þykir ástæða til að gæsluvarðhald vari lengur en 2 vikur, þar sem geðrannsókn ætti að vera lokið innan þess tíma. Skal því kærði látinn laus að lokinni geðrannsókn eða í síðasta lagi mánudaginn 20. júlí nk.

Ætluð brot kærða varða við 45. gr., 46. gr. laga nr. 53/1966 og 2. mgr. 203. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940 og geta varðað fangelsi. Standa því ákvæði tjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir gæsluvarðhaldi kærða.

Úrskurðarorð:

Hörður Júlíusson sæti gæsluvarðhaldi í 2 vikur frá uppkvaðningu úrskurðar þessa eða skemur, hafi geðrannsókn lokið fyrir þann tíma, en að henni lokinni skal hann látinn laus eða í síðasta lagi mánudaginn 20. júlí nk. Skal hann sæta geðrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Miðvikudaginn 5. ágúst 1981.

Nr. 158/1981. **Glerísetningar s/f**
gegn
Vendor h/f.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. júlí 1981, sem barst Hæstarétti 27. s. m. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja synjað um frest í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Varnaraðili er ekki skuldari samkvæmt veðskuldabréfi því, sem um er fjallað í málinu. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til atvika máls þessa verður krafa sóknaraðilja ekki tekin til greina. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að undangengnum munnlegum flutningi 24. júní sl., höfðaði stefnandi, Glerísetningar s/f, Hafnarfirði, gegn Vendor h/f, Ægisíðu 123, Reykjavík, með stefnu, birtri 14. maí sl.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 17.418.16 með 38% ársvöxtum frá 18. ágúst 1980 til 18. september s. á. og með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Enn fremur, að 1. veðréttur í bifreiðinni

G 7375 verði viðurkenndur til tryggingar greiðslu á öllum dæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður og stefnandi dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndi gerði upphaflega kröfu um frávísun málsins, en féll frá henni í þinghaldi 24. júní sl.

Í þessu þinghaldi óskaði lögmaður stefnda eftir fresti til gagnaöflunar. Lögmaður stefnanda synjaði um frest, og óskaði þá lögmaður stefnda eftir því, að málið yrði tekið til úrskurðar um frestssynjun lögmanns stefnanda. Málið var síðan tekið til úrskurðar um frestssynjunina að undangengnum munnlegum flutningi málsins um hana, eins og að framan segir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu málsins:

„Tildrög málsins eru þau, að með afsali, dags. 16/9 1980, seldi stefnandi stefnda bifreiðina G-7375, sem er Moskwich sendibifreið, árgerð 1980. Umsamið kaupverð var gkr. 2.500.000.- og átti að greiðast þannig:

1. Við afsal ..... gkr. 758.000.-
2. Kaupandi tekur að sér að greiða skuld við Bifreiðar og landbúnaðarvélar skv. veðskuldabréfi, dags. 18/7 1980 ..... — 1.742.000.-

Alls gkr. 2.500.000.-

Kaupandi greiddi ekkert af framangreindu bréfi, og hefur seljandi neyðst til að leysa bréfið til sín. Þá hefur kaupandi vanrækt að kaskotryggja bifreiðina, og opinber gjöld og ábyrgðartryggingu hefur hann heldur ekki greitt. Ennfremur hefur hann vanrækt að skrá bifreiðina á sitt nafn. Stefndi hefur brennt úr vél bifreiðarinnar og skilið hana eftir í reiðileysi á götu í Reykjavík, en þar hafði hún staðið í nokkra mánuði, þar til stefnandi tók hana til sín í geymslu.

Umrætt skuldabréf var að eftirstöðvum gkr. 1.741.816.-, þegar stefndi tók skuldina að sér. Bréfið ber hæstu löglegu vexti frá 18. júlí 1980.

Bréfið skyldi greiðast þannig:

1. 18. ágúst 1980 gkr. 800.000.-
2. 18. sept. 1980 gkr. 470.908.-
3. 18. okt. 1980 gkr. 470.908.-
4. 18. nóv. 1980 gkr. 470.908.-

Bifreiðin er tryggð með 1. veðrétti fyrir höfuðstól, vöxtum, dráttarvöxtum, vátryggingargjöldum auk alls kostnaðar.

Í bréfinu er tekið fram, að rísi mál út af skuldinni, megi reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. XVII. kafla laga nr. 85, 1936.

Þess er krafist, að reglur þessa tilvitnaða ákvæðis verði látnar gilda um málssókn þessa.

Bréfið er gefið út 18. júlí 1980 með undirskrift Halldórs Guðjónssonar f. h. Glerísetningar s/f.

Bréfið var með sjálfskuldarábyrgð Bifreiða- og landbúnaðarvéla h/f, en sú ábyrgð er niðurfallin.

Bréfið hefur verið framselt stefnanda með áritun, dags. 4. þ. m. Innheimtutilraunir hafa reynst árangurslausar, og er málssókn því nauðsynleg."

Stefndi lýsir málavöxtum svo í greinargerð:

„Málavextir eru þeir að með afsali, dags. 16. sept. 1980, keypti stefndi bifreiðina G-7375, sem er Moskvich-sendiferðabifreið árgerð 1980. Bifreiðinni hafði verið ekið 3500 km, er umbj. m. keypti hana.

Kaupverðið var samtals gkr. 2.500.000.-. Við afsal greiddi umbj. m. gkr. 758.000 og tók við áhvílandi veðskuld við innflytjanda bifreiðarinnar, Bifreiðar- og Landbúnaðarvélar, skv. bréfi, útg. 18. júlí 1980 af stefnanda.

Fljótt kom í ljós, að bifreiðin væri gölluð, og kvartaði umbj. m. nokkrum sinnum yfir því við stefnanda.

Um áramótin 1980—1981 bræddi bifreiðin úr sér, er hún var staðsett í Hafnarfirði. — Umbj. m. sneri sér til Vals Arnars Magnússonar, bílaviðgerðarmanns, að Laugavegi 168, Reykjavík, sem lét draga bifreiðina á verkstæði sitt. Þar kom í ljós við athugun, að bifreiðin var úrbrædd, þótt nóg olía væri á henni og henni hefði samtals aðeins verið ekið 7000 km. — Umbj. m. ræddi síðan við forsvarsmenn stefnanda og tjáði þeim, hvernig komið var.

Bauð hann þeim að semja um mál þetta og krafðist þess, að þeir bættu galla þennan og þar til það hefði verið gert og frágengið mundi hann ekki greiða af veðskuldabréfinu, sem, eins og áður greinir, stefnendur höfðu gefið út til innflytjanda bifreiðarinnar, er þeir höfðu keypt hana af.

Stefnendur voru ekki til viðtals um að bæta gallann, en umbj. m. taldi sig ekki eiga beinan aðgang að innflytjandanum, þar sem hann var ekki viðsemjandi hans.

Bifreiðin stóð, meðan allt þetta gerðist, fyrir utan verkstæði Vals A. Magnússonar, sem áður er getið.

Hinn 10. apríl 1981 barst umbj. m. síðan kröfubréf frá lögmanni stefnanda, þar sem umbj. m. er krafinn greiðslu á nýkr. 23.883.08 auk vaxta og kostnaðar.

Umbj. m. ræddi þá við lögmann stefnanda og tjáði honum að hann teldi það þeirra mál, hvort þeir hefðu leyst til sín skuldabréfið, sem þeir hefðu sjálfir gefið út í upphafi sem skuldarar, enda hlytu þeir þá jafnframt að eiga vissan endurkröfurétt á hendur innflytjandanum vegna hins augljósa verksmiðjugalla á bifreiðinni.

Skömmu áður en umbj. m. ræddi við lögmanninn, höfðu númer bifreiðarinnar verið klippt af henni af lögreglu að beiðni stefnanda, þar sem bifreiðin hafði ekki verið umskráð.

Stefnanda var mætavel kunnugt um, að umbj. m. hafði ekki gert upp skuldina vegna hins framkomna galla, er hann hafði kvartað yfir, og þar sem heimili stefnda er í Reykjavík, var útilokað að færa bifreiðina milli umdæma, án þess að veðinu væri aflétt.

Um það bil 10 dögum eftir að númerin voru klippt af bifreiðinni, hvarf hún af geymslustaðnum við verkstæði Vals A. Magnússonar. Síðan barst umbj. m. skeyti, þar sem honum var tilkynnt, að bifreiðin væri í geymslu í Laxeldisstöðinni í Kollafirði, þar sem annar fyrirsvarsmanna stefnanda býr.

Í ljós kom við athugun, að bifreiðin hafði verið tekin af staðnum án atbeina fógeta. . .

Frávísunarkröfu sína byggir umbj. m. á því, að hér sé eingöngu um deilu varðandi skuld hans við stefnendur vegna viðskipta hans við þá að ræða, en ekki um eiginlega innheimtu skuldabréfs að ræða. Mál þetta hefði því átt að fara fyrir sáttanefnd, hvað ekki var gert. Að sjálfsögðu hefði upphaflegi eigandi veðskuldabréfsins getað gengið að veðinu sem slíku, án þess að umbj. m. gæti komið í veg fyrir það. Sú leið var hinsvegar ekki farin, en í þess stað völdu stefnendur þann kostinn að leysa til sín veðskuldabréfið, sem þeir höfðu sjálfir gefið út í nafni Glerísetninga (stefnandi) sem skuldara.

Síðan reyna þeir nú í skjóli skuldabréfaréttar að innheimta skuldina hjá umbj. m., án þess að hann geti komið vörnum að út af viðskiptum sínum við stefnanda vegna galla á bifreiðinni.

Hafi stefnendur leyst til sín veðskuldabréfið hjá upphaflegum eiganda þess án þess að bera fyrir sig galla á bifreiðinni, geta þeir ekki gert það, svo að umbj. m. verði bundinn við það. Hér er eingöngu um að ræða venjulegt skuldamál milli aðila; mál,

sem átti að leggja til sátta fyrir sáttanefnd, og því ber nú að frávísa því.

Sýknukrafa umbj. m. er byggð á því, að hann hafi þegar greitt stefnendum gkr. 758.000, sem er langt umfram eðlilega leigu fyrir bifreiðina þann stutta tíma, sem hann hafði afnot af henni.

Stefnendur hafi síðan, eftir að deila aðila kom upp vegna galla á bifreiðinni, tekið hana aftur í sína vörslu án samráðs við umbj. m.

Með þessu hafi þeir í raun og veru rift kaupunum og fengið til baka það verðmæti, er þeir upphaflega létu af hendi. Af þessari ástæðu geti þeir ekki átt frekari kröfur á hendur umbj. m. og því beri að sýkna.

Umbj. m. áskilur sér jafnframt rétt til að endurkrefja stefnendur í sérstöku máli um þá fjárhæð, er hann hefur þegar greitt þeim, þar sem þeir hafi nánast með valdi tekið bifeiðina af honum.

Auk þess sem umbj. m. varð fyrir miklum óþægindum og útgjöldum í þessu sambandi vegna missis bifreiðarinnar, er hún bilaði.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta að sinni, en áskil allan rétt til frekari gagnaöflunar og málsútlistunar á síðara stigi málsins."

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi með því að lofa sér að greiða skuld hans við Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f samkvæmt veðskuldabréfinu gengist undir þær skyldur skuldara, sem í bréfinu greini, þ. á m. að sæta því, að mál út af skuldinni skuli rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, sem hann geri nú sem handhafi bréfsins. Þar af leiði, að varnir þær, sem stefndi hafi uppi í málinu, komist ekki að og því eigi hann ekki rétt á að fá frest til þess að afla gagna vörnum sínum til stuðnings.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að loforð stefnda, sem gefið sé í afsalinu, nái ekki til annars en að greiða ákveðna fjárhæð til Bifreiða og Landbúnaðarvéla h/f sem hluta af kaupverði bifreiðarinnar. Stefndi hafi engar aðrar skyldur tekið á sig með þessu loforði, enda hafi skipti á skuldara bréfsins ekki farið fram þrátt fyrir loforðið. Mál þetta eigi að reka sem almennt skuldamál, en ekki samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Stefndi eigi rétt á því að fá frest til þess að afla gagna í því skyni að koma fram gagnkröfu á hendur stefnanda vegna galla, sem bifreiðin hafi verið haldin.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og fram kemur í gögnum málsins, lofaði stefndi stefnanda því með undirritun afsals 16. september 1980 að greiða hluta kaupverðs bifreiðarinnar G 7375 með því að greiða Bifreiðum og Landbúnaðarvélum h/f veðskuld að fjárhæð gkr. 1.742.000, en það hefur stefndi eigi gert.

Með þessum hætti stofnaðist réttarsamband á milli aðilja málsins. Stefnandi hefur eigi kosið að reka mál þetta á grundvelli þessa réttarsambands, heldur sem handhafi veðskuldabréfsins, sem að framan getur, en það varð þann 4. maí 1981 samkvæmt áritun á bréfið. Þar af leiðir, að réttur hans, eins og málið er lagt fyrir dóminn, byggist á þeim rétti, sem framseljandi veðskuldabréfsins, Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f, átti gagnvart stefnda.

Líta verður svo á, þar sem skuldaraskipti fóru ekki fram með samþykki handhafa þess og skuldareiganda né heldur lofaði stefndi handhafanum sérstaklega að gerast skuldari þess, að stefnandi geti ekki krafið stefnda um greiðslu samkvæmt veðskuldabréfinu. Þar af leiðir, að mál þetta verður ekki rekið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Því er ekki mótmælt af hálfu stefnanda, að komið hafi fram gallar á bifreiðinni, enda þótt hann viðurkenni ekki, að þeir stafi af atvikum, er hann varða.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt, að stefndi fái frest í því skyni að afla gagna um, hverjir séu gallar á bifreiðinni, af hverju þeir stafi og hvað kosti að bæta úr þeim. Fresturinn er veittur til 3. september nk., kl. 0930.

Úrskurð þennan kvað upp Friðgeir Björnsson borgardómari.

Úrskurðarorð:

Stefnda, Vendor h/f, er veittur frestur til þess að afla gagna í máli þessu til fimmtudagsins 3. september nk., kl. 0930.

Miðvikudaginn 5. ágúst 1981.

Nr. 162/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Edvard Lövdahl.

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. f. m., sem barst Hæstarétti 4. þ. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins með kröfu hennar um, að varnaraðili skuli sæta gæsluvarðhaldi, er orðrétt tekin upp í hinn kærða úrskurð. Að öðru leyti er engin grein gerð fyrir málavöxtum og ekki sérstaklega að einstökum kæruatriðum vikið af hálfu héraðsdómara. Þá hefur héraðsdómari ekki heldur greint að neinu leyti frá framburði varnaraðilja.

Hinn kærði úrskurður brýtur svo mjög í bága við fyrirmæli 164. gr. laga nr. 74/1974, að óhjákvæmilegt þykir að ómerkja hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. júlí 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 30. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Edvard Lövdahl, Hörpugötu 12, Reykjavík, fæddur 12. desember 1937, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 12. ágúst nk., kl. 1700, vegna rannsóknar á ætluðum fjársvikum hans.

Málavöxtum er lýst í greinargerð með kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, og segir þar svo orðrétt:

„Við rannsókn á RLR máli nr. 1797/81, sem fjallar um kæru Sigurðar Benediktssonar vegna ætlaðra fjársvika, sem hann taldi sig hafa verið beittan, vöknuðu grunsemdir um, að Bjarni Þór Magnússon, Klapparstíg 40 og Guðmundur Daníel Jónsson, Langholtsvegi 35, báðir í Reykjavík, hefðu í stórum stíl gefið út víxla til notkunar í viðskiptum, sem afsagðir hefðu verið sökum greiðslufalls.

Jafnframt vöknuðu grunsemdir um, að Agnar Daðason, til heimilis að Maríubakka í Reykjavík, og Edvard Lövdahl, Hörpugötu 12, Reykjavík, hefðu með sviksamlegum hætti fengið þá Bjarna og Guðmund til að undirrita víxla.

Fjölmargar skýrslur hafa verið teknar af þeim Bjarna Þór Magnússyni og Guðmundi D. Jónssyni um viðskipti þau, sem þeir hafa átt með víxla við Agnar Daðason og Edvard Lövdahl, og kannast þeir báðir við, að þau hafi verið umtalsverð, og telji þeir sig báðir hafa verið hlunnfarna í viðskiptunum við þá, enda sitji þeir nú uppi með ógreiddar skuldir, en hinir hagnaðinn.

Skýrslur þeirra félaga Bjarna og Guðmundar hafa að nokkru verið kynntar Edvard Lövdahl, en mjög mikið misræmi er í framburði þeirra og hans um þau viðskipti, sem Edvard telur sig hafa átt við þá. Vísast til meðfylgjandi gagna RLR.

Athygli er sérstaklega vakin á viðskiptum Edvards Lövdahl og Guðmundar D. Jónssonar varðandi bifreiðina K-1074 og vörslusviptingu hennar, sem síðar varð, en grunur leikur á, að í því sambandi hafi Edvard Lövdahl haft talsvert fé af Guðmundi með blekkingum, svo sem nánar greinir í gögnum málsins, og þannig gerst brotlegur við 248. og/eða 253. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem í kæru Vals Bragasonar greinir, sem RLR barst í dag, vegna sölu á pylsuskúr í Hafnarfirði þykja sterkar líkur vera á því, að einnig þar hafi Edvard Lövdahl beitt blekkingum til að koma kaupum á. Vísast til rannsóknargagna þar að lútandi, en rétt þykir að benda á, að Edvard Lövdahl er nú undir ákæru, útg. 19/6 1981, fyrir ætluð fjársvik vegna kaupa hans og Arnar

Ingólfssonar á skúrnum í maí 1980 af Eyþóri Eðvarðssyni, sbr. lið V, 4 og VI, 2, en mál þetta er höfðað fyrir sakadómi Reykjavíkur.

Rannsókn máls þessa er á algjöru frumstigi, og þykir því nauðsynlegt í þágu hennar og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74, 1974, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, svo sem að framan er krafist, enda þykir hafa verið sýnt fram á, að kærði er undir rökstuddum grun um alvarleg hegningarlagabrot, og rækileg rannsókn verður að fara fram á þætti hans í framvindu þeirra atburða, sem lýst hefur verið í rannsóknargögnum máls þessa.

Eftir er að yfirheyra fjölda aðila, sem borið geta um viðskipti kærða við þá Bjarna og Guðmund, og benda má á, að Agnar Daðason hefur farið af landi brott vegna máls þessa að því talið er, þannig að eigi hefur verið hægt að yfirheyra hann."

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og þar sem ætla má, að kærði geti spillt sakargögnum, ef hann hefur óskert frelsi, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. ágúst 1981, klukkan 1700.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu skv. ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Edvard Lövdahl, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. ágúst 1981, klukkan 1700.

Mánudaginn 24. ágúst 1981.

Nr. 13/1979. **Valdstjórnin**
gegn
Ásgeiri Einarssyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Arngrímur Ísberg, fulltrúi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 20. þ. m., hefur varnaraðili með heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur svo og ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðaökuleyfissviptingu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ekki hefur borist greinargerð frá ríkissaksóknara.

Fyrir dómi hafa verið yfirheyrð sjö vitni, sem hittu varnaraðilja kvöldið 30. júlí sl., áður en hann var stöðvaður við akstur sinn, auk Láru Jensdóttur, sem var farþegi í bifreiðinni. Ekkert þessara vitna kveðst hafa séð, að varnaraðili hafi verið með áfengisáhrifum.

Í lögregluskýrslu segir, að sterka áfengislykt hafi lagt frá vitum varnaraðilja og augu hans verið vot og rauð, en þess ekki getið, að hann hafi borið þess merki að vera undir áhrifum áfengis.

Lögreglumaðurinn Pétur Sveinsson hefur borið fyrir dómi, að sterka áfengislykt hafi lagt frá vitum varnaraðilja. Ekki er að sjá, að lögreglumaðurinn hafi verið spurður um, hvort hann hafi séð áfengisáhrif á honum.

Fyrir dómi var bifreiðaeftirlitsmaðurinn Guðjón Guðmundsson inntur eftir því, hvort hann hefði séð áfengisáhrif á varnaraðilja, og svaraði hann því til, að megna áfengislykt hefði lagt frá vitum hans og augu verið rauð og eilítið vot.

Þegar virtir eru framangreindir vitnaframburðir og málsatvik, þykja eigi hafa verið efni til að svipta varnaraðilja ökuleyfi til bráðabirgða. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og bráðabirgðaökuleyfissviptingu lögreglustjórans í Barðastrandarsýslu 1. ágúst 1981.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og framangreind bráðabirgðaökuleyfissvipting.

Úrskurður sakadóms Barðastrandarsýslu 11. ágúst 1981.

Sýslumaður Barðastrandarsýslu ákvað þann 1. ágúst sl., að Ásgeir Einarsson, Sigtúni 6, Patreksfirði, skyldi frá og með þeim degi vera sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, þar sem ætla mætti, að hann hefði þann 30. júlí sl. unnið til ökuleyfissviptingar með því að aka bifreiðinni B 677 eftir að hafa neytt áfengis. Að kvöldi þessa sama dags höfðu lögreglumenn haft afskipti af honum skammt frá Litlu-Hlíð á Barðaströnd. Var sviptingin ákveðin með heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Með símskeyti, dags. 6. ágúst sl., mótmælti kærði þessari ákvörðun og krafðist úrskurðar dómara um hana.

Málavextir eru þeir, að fimmtudagskvöldið 30. júlí sl. voru Pétur Sveinsson lögreglumaður og Guðjón Guðmundsson bifreiðaeftirlitsmaður á ferð á Barðaströnd. Skammt fyrir innan Litlu-Hlíð stöðvuðu þeir bifreiðina B 677, sem er gul vöruflutningabifreið af MAN gerð, og höfðu tal af ökumanni hennar, Ásgeiri Einarssyni, Sigtúni 6, Patreksfirði, kærða í málinu. Samkvæmt skýrslu löggæslumannanna, sem þeir hafa staðfest fyrir sakadómi, bar kærði merki ölvunar. Áfengislykt lagði frá vitum hans, og augun voru rauð og vot. Öndunarsýni, sem tekið var af kærða, sýndi 4. stig. Þá er einnig fram komið af hálfu löggæslumanna, að kærði viðurkenndi áfengisneyslu fyrir þeim, en kvaðst hafa drukkið mjög lítið. Þegar niðurstaða öndunarprufunnar lá fyrir, bað kærði lögreglumennina um að sleppa sér, en þeir tóku það ekki í mál. Hugðust þeir flytja hann í blóðtöku til Patreksfjarðar, og fór Guðjón Guðmundsson og ætlaði að ganga frá og læsa B 677. Honum tókst það ekki, og bauðst kærði þá til að læsa bifreiðinni. Er hann hafði gert það, gekk hann um meðfram bifreiðinni og tengivagni, sem við hana var

festur, en tók svo allt í einu undir sig stökk, sveif yfir girðingu, er liggur meðfram veginum, hélt á harðahlaupum til fjalls og það öggæslumennina vel að lifa. Þeir sáu svo síðast til ferða hans upp undir klettum í fjallinu þarna fyrir ofan.

Með kærða var einn farþegi í bifreiðinni, Lára Jensdóttir, og hafa verið teknar af henni skýrslur, sem hún hefur staðfest fyrir sakadómi. Hún kom í bifreið kærða í Flókalundi og hefur borið, að kærði hafi á leiðinni verið að súpa á kókflösku, en ekki vissi hún um innihaldið. Hún kveðst ekki hafa séð önnur ölvunarmerki á kærða, nema hvað augu hans hafi verið rauð og sokkin eins og hjá fólki, sem verið hefur á kenndiríi. Þá hefur hún staðfest að hafa heyrt kærða biðja Pétur Sveinsson lögreglumann um að sleppa sér.

Kærði kom fyrir sakadóm þann 1. ágúst sl., og var þá tekin af honum skýrsla. Hann neitaði að hafa neytt áfengis við akstur B 677 að kvöldi þann 30. júlí sl. eða að hafa verið undir áhrifum áfengis í greint sinn. Kvaðst hins vegar hafa drukkið maltöl, áður en lögreglan stöðvaði hann. Hann kvaðst hafa ekið frá Reykjavík að kvöldi miðvikudagsins 29. júlí sl. og haldið í Búðardal, þar sem hann svaf í nokkra tíma. Að morgni fimmtudagsins hélt hann áfram för sinni og stansaði fyrst í Djúpadal, þar sem hann losaði vörur. Þar næst stansaði hann og losaði í Flókalundi, þá á Brjánslæk og við hvalstöð Flóka h/f, þá hjá útibúi KVB á Krossholti og að lokum í Innri-Múla. Kærði kvað lögreglu hafa stöðvað sig hjá Litlu-Hlíð og hafi hann blásið í öndunarsýni. Síðan hafi sér verið tilkynnt, að hann ætti að koma með til Patreksfjarðar og skilja bifreið sína eftir. Ekki kvaðst hann hafa fengið nánari skýringu á þessu, og ekki var hann þarna á staðnum sakaður um ölvunarakstur. Þá neitaði hann alfarið að hafa beðið lögreglu um að sleppa sér. Aðspurður um flótta sinn frá lögreglu þá kvað kærði lögregluna ofsækja sig, og kvaðst hann hafa óttast að fá ekki réttilega meðferð, ef hann hefði komið með henni til Patreksfjarðar, og því kosið heldur að flýja til fjalls. Þá kvaðst kærði vera haldinn innilokunarkennd og hafi hann óttast að verða settur inn, enda hefði Pétur Sveinsson lögreglumaður gefið slíkt í skyn.

Kærði gaf upp nöfn þeirra, er hann hafði hitt á för sinni um Barðaströnd umrætt kvöld, og hafa verið teknar skýrslur af þeim flestum. Ber öllum þessum vitnum, nema tveimur, saman um að hafa engin ölvunareinkenni séð á kærða né heldur séð hann neyta áfengis eða meðhöndla flöskur.

Vitnið Snæbjörn Kristjánsson gaf skýrslu hjá lögreglu þann 31. júlí sl. og kvaðst kvöldið áður hafa hitt kærða við hvalstöðina á Brjánslæk og rætt þar við hann. Kvaðst það hafa fundið nokkuð sterkan áfengisþef leggja frá vitum kærða, en ekki veitt útliti hana eftirtekt að öðru leyti.

Vitnið Sigurlaug Sigurðardóttir kvaðst hafa hitt kærða, þegar hann losaði vörur hjá útibúi KVB á Krossholti að kvöldi þann 30. júlí sl. Vitnið kvaðst einu sinni hafa fundið áfengislykt leggja frá kærða, en kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hvort hún stafaði frá vitum hans eða öðru. Önnur ölvunarmerki sá vitnið ekki, og kærði kom því ekki fyrir sjónir sem ölvaður.

Svo sem nú hefur verið rakið, þá verður að telja allnokkrar líkur fram komnar fyrir því, að kærði hafi að kvöldi þann 30. júlí sl. gerst sekur um áfengis- og umferðarlagabrot við akstur bifreiðarinnar B 677. Þykja því ekki vera efni til að fella niður bráðabirgðaökuleyfissviptinguna frá 1. ágúst sl.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumanns Barðastrandarsýslu um, að Ásgeir Einarsson skuli sviptur ökuleyfi til bráðabirgða frá og með 1. ágúst 1981 að telja.

Miðvikudaginn 16. september 1981.

Nr. 188/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Birgi Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. september 1981, sem barst Hæstarétti 14. s. m.

Krefst hann þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. september 1981.

Ár 1981, föstudaginn 11. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Birgi Kristjánssyni húsaviðgerðamanni, til heimilis að Teigaseli 7 hér í borg, fæddum 22. október 1944, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 18. nóvember nk., kl. 1700, með skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974.

Í fyrradag kom á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins Þorvaldur Guðmundsson, Laugarbökkum, Ölfusi, og kærði Birgi Kristjánsson fyrir ætluð fjársvik. Kvað kærandi kærða hafa boðið sér 70.000 krónur í víxlum í bifreiðina X 1678, sem er Fiat 132. Að sögn kæranda hafi kærði tjáð honum, að allir aðiljar á víxlunum væru eignamenn, hann sjálfur væri að byggja stórhýsi og væri með marga menn í vinnu, og loks hefði kærði boðist til að aka um og sýna kæranda eignir sínar og þeirra manna, sem á víxlunum voru. Kæranda fannst kærði vera trúverðugur og taldi því ekki þörf á að skoða þessar eignir.

Skýrslur hafa verið teknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins af öllum þeim aðiljum, sem ritað hafa sem útgefendur og ábekingar á víxlana, sem eru níu talsins, og hafa þeir allir sem einn kannast við að hafa ritað nöfn sín sem ábyrgðarmenn á víxlana, þrátt fyrir að þeim hafi verið ljóst, að þeir mundu ekki geta greitt þá, ef þeir greiddust ekki. Hafi þeir ýmist gert þetta í greiðaskyni við kærða eða fyrir áeggjan útgefenda á nokkrum víxlanna, Sighvats Andréssonar auk kærða sjálfs, sem fullyrtu, að víxlarnir yrðu greiddir. Að sögn tveggja ábyrgðarmanna reyndu

þeir að fá kærða til að skila víxlunum, en hann hafi ýmist sagt, að hann væri búinn að láta víxlana í bílaviðskipti eða væri búinn að rífa þá.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og hér fyrir dómi neitað því að hafa haft í frammi svik vegna ofangreindra bifreiðakaupa. Kvaðst kærði ætla að greiða víxlana og kvaðst vera reiðubúinn að útbúa tryggingarbréf vegna þeirra. Jafnframt hefur kærði lýst því yfir, að hann sé reiðubúinn að láta kaupin ganga til baka. Skýrsla kærða er í veigamiklum atriðum í ósamræmi við framburði annarra aðilja. Kærði taldi sig eiga möguleika á að greiða víxlana, hann ætti eftir að fá greiðslur fyrir ýmsar húsaviðgerðir, sem hann hefur nú með höndum. Taldi kærði sig eiga eftir að fá kr. 36.000 fyrir verk að Baldursgötu 22 og um kr. 10.000 fyrir verk að Drápuhlíð 19. Eftir þinghaldið í gær kannaði rannsóknarlögregla ríkisins ofangreinda verksamninga. Kom þá í ljós, að kærði hefur fengið greiddar kr. 7.000 vegna vinnu við Drápuhlíð 19, en ekki lá ljóst fyrir, hverjar eftirstöðvarnar væru. Einnig hefur kærði tekið að sér viðgerðir að Fljótaseli 35 og fengið greiddar kr. 7.000 upp í verkið, en að sögn húseiganda hafi kærði innt af hendi vinnu fyrir 2—3.000 krónur. Haft hefur verið samband við fyrirsvarsmann húseignarinnar að Baldursgötu 22, Sigfús E. Arnþórsson. Taldi Sigfús verkið að mestu klárað, en greiðsla sú, sem samið hafði verið um við kærða, kr. 36.000, hafi átt að vera fyrir fagmannsvinnu, en að sögn Sigfúsar væri verkið þannig unnið, að miklar skemmdir hafi verið unnar á dýru efni, sem húseigendur höfðu lagt til. Þyrfti að vinna verkið upp að hluta og kaupa til þess nýtt efni. Kvaðst Sigfús hafa látið fagmenn skoða verkið og þeir ráðlagt honum að bjóða kærða kr. 5.000 fyrir vinnuna, en aldrei kæmi til greina að greiða kærða kr. 36.000 fyrir verkið.

Til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins eru nú samtals 13 mál, þar af 3 mál frá árunum 1979 og 1980, en ákæru í þeim málum var vísað frá dómi þann 3. júní 1980. Hjá rannsóknarlögreglu ríkisins eru því til meðferðar 10 kærur á hendur kærða, sem upp hafa komið á þessu ári, fyrir ætluð fjársvik og skjalafals, aðallega vegna verksamninga og bifreiðaviðskipta. Er rannsókn lokið í 5 málum, en rannsókn í hinum 5 er ólokið, og er stefnt að því að senda í einu lagi til ríkissaksóknara öll mál, sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur til meðferðar á hendur kærða.

Síðastliðin 5 ár hefur kærði verið dæmdur í samtals 22 mánaða fangelsi, og á árunum 1966—1975 hefur kærði verið dæmdur í samtals 58 mánaða fangelsi. Hefur kærði því á ferli sínum 9 sinnum verið dæmdur í óskilorðsbundna refsivist (fangelsi) í samtals 80 mánuði fyrir skjalafals og auðgunarbrot auk nokkurra annarra brota. Þá hefur kærði verið dæmdur í varðhald, hlotið skilorðsbundna fangelsisdóma og gengist undir sektargreiðslur.

Engum málum er ólokið á hendur kærða hjá sakadómi Reykjavíkur.

Kærði hefur áfrýjað til Hæstaréttar Íslands dómum sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 22. desember 1980 og 26. júní 1981, 4 mánaða og 12 mánaða fangelsi, óskilorðsbundið.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aflað upplýsinga um víxildóma, sem gengið hafa á hendur kærða, og eru þeir samtals 12 talsins, sá fyrsti frá 30. ágúst 1978 og hinn síðasti þann 18. febrúar 1981.

Þá hefur tvívegis verið gert árangurslaust fjárnám hjá kærða, eða þann 4. september 1980 og 19. febrúar 1981.

Þann 10. ágúst sl. gerði rannsóknarlögregla ríkisins kröfu fyrir dóminum um, að kærða yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna ætlaðra brota hans á 155. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga með skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974. Með úrskurði, uppkveðnum þann 11. ágúst sl., var þeirri kröfu synjað, þar sem ekki þótti alveg næg ástæða til að taka kröfuna til greina.

Með hliðsjón af sakarferli kærða og framangreindum gögnum þykja leiddar að því verulegar líkur, að kærði hafi ekki ætlað né getað fremur en margsinnis áður efnt fjárskuldbindingar þær, sem hann tókst á hendur með samþykki víxla vegna kaupa hans á bifreiðinni X 1678. Jafnframt má ætla, að kærði hafi stefnt í hættu fjárhag fólks, er hann fékk til að rita á víxlana sem ábyrgðarmenn. Er kærði því undir rökstuddum grun um brot gegn 248. gr. eða 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Er því augljóst, að veruleg hætta er á því, að kærði haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan málum hans er ekki lokið, enda hefur kærði þegar sýnt það þrátt fyrir sífelldar kærur og lögregluransókn af þeim ástæðum.

Verður því með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ekki hjá því komist að taka

til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 18. nóvember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Birgir Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, allt til miðvikudagsins 18. nóvember 1981, kl. 1700.

Miðvikudaginn 16. september 1981.

Nr. 183/1981. **Guðni Þórðarson**
gegn
Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík, vegna sjálfs sín og þrotabús Staðals h/f.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skiptalok.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 20. júlí 1981, sem barst Hæstarétti 26. ágúst. Krefst hann þess, að skipti í þrotabúi Staðals h/f verði endurupptekin.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Með bréfi Gjaldheimtunnar í Reykjavík 20. janúar 1978 var þess krafist, að bú Staðals h/f yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en félagið var sagt skulda opinber gjöld að fjárhæð 10.819 krónur. Beiðninni fylgdi endurrit lögtaksgerðar, en að ósk gjaldheimtunnar hafði verið freistað lögtaks í eign-

um hlutafélagsins 26. október 1977. Mætti þá af þess hálfu Ásmundur Jóhannsson stjórnarmaður, og kvað hann fyrirtækið eignalaust. Var því bókað, að gerðin væri árangurslaus. Fram hefur verið lagt ljósrit af tilkynningu skiptaráðanda til félagsins 16. júní 1978, sem stíluð var til Ásmundar. Segir í tilkynningunni, að honum sé stefnt fyrir skiptarétt vegna félagsins 23. júní 1978. Ekki verður séð, hvort málið var þá tekið fyrir í skiptarétti, en 9. ágúst 1978 var kveðinn upp úrskurður, þar sem sagði, að taka yrði kröfuna um gjaldþrotaskipti til greina, enda hefði varnaraðili ekki sótt þing, en fyrir lægi ljósrit af árangurslausri lögtaksgerð. Innköllun til kröfuhafa var birt í Lögbirtingablaði 20. september, 27. september og 5. október 1978. Af hálfu sóknaraðilja var hinn 15. desember 1978 lýst í búið kröfu að fjárhæð 517.515 krónur auk vaxta og málskostnaðar.

Hinn 3. október 1978 hafði skiptaréttur verið haldinn til að skrifa upp eignir varnaraðilja. Mættur var Jón Robert Karlsson, sem sagður var stjórnarmaður í félaginu. Kvað hann sér ókunnugt um, að félagið skuldaði, og sagði kröfu gjaldheimtunnar greidda. Hann kvað félagið „alveg eignalaust". Hefði það rekið teiknistofu, en starfseminni verið hætt, er einn af fimm hluthöfum hætti samstarfi um rekturinn.

Hinn 31. júlí 1980 var tekið fyrir í skiptarétti að ljúka skiptameðferð þrotabús Staðals h/f. Fram voru lögð ljósrit skattframtala 1977 og 1978. Á þeim báðum segir, að eignir félagsins séu varasjóður, 101.471 króna. Bókað var, að lýstar kröfur næmu 860.284 krónum. Síðan var bókað: „Þar sem engar eignir fundust í búinu, verður að ljúka skiptum skv. 33. gr. l. 25/1929, án þess að nokkuð fáist upp í lýstar kröfur. Skiptabeiðandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði skiptakostnað. — Skiptameðferð bús þessa er lokið."

Í hinum kærða úrskurði er greint frá tilkynningu um skiptalokin og kröfu af hálfu sóknaraðilja um endurupptöku svo og þeim rökum, sem hann færði fram henni til stuðnings.

Sóknaraðili neytti ekki réttar síns til að kæra ákvörðun

skiptaráðanda frá 31. júlí 1980. Settra lagareglna nýtur ekki um heimild til endurupptöku skipta almennt, en telja verður, að reglur um þetta atriði, byggðar á fordæmum og almennum viðhorfum, heimili endurupptöku, ef nánari skilyrði eru uppfyllt.

Eins og fyrr greinir, hafði nafngreindur stjórnarmaður í Staðli h/f sagt félagið eignalaust við fógetagerð 26. október 1977. Hið sama hafði annar maður, sem einnig var sagður stjórnarmaður, borið fyrir skiptarétti 3. október 1978. Hins vegar höfðu komið fyrir skiptaráðanda skattframtöl, og eftir þeim átti félagið varasjóð, 101.471 krónu. Rétt var því samkvæmt 23. gr., sbr. 90. gr. skiptalaga nr. 3/1978 að boða skiptafund í búinu, áður en skiptum væri lokið eftir 33. gr. laga nr. 25/1929, en þeim lögum átti að beita um þessi skipti. Þá er þess að gæta, að hér var um hlutafélag að ræða og að nokkrar líkur eru fram komnar fyrir því, að eignir hafi verið meiri en áður var vitað. Eru fram komnar upplýsingar um löghald 2. maí 1973 í tilteknum eignum félagsins. Það féll að vísu niður við upphaf gjaldþrotaskiptanna samkvæmt 19. gr. laga nr. 18/1949, en hafði verið staðfest með bæjarþingsdómi 12. júlí 1977 til tryggingar kröfu að fjárhæð 172.665 krónur með vöxtum frá 1973 og málskostnaði. Ekki liggja fyrir aðrar upplýsingar um hinar kyrrsettu eignir.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir skiptaráðanda að endurupptaka gjaldþrotaskipti í búi Staðals h/f.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber skiptaráðanda að taka upp að nýju gjaldþrotaskipti í búi Staðals h/f.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 13. júlí 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag.

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður hefur fyrir hönd Guðna Þórðarsonar með bréfum frá 21. ágúst 1980 og 14. maí 1981 krafist þess, að búskipti á þrotabúi Staðals h/f, Reykjavík,

sem hófust 9. ágúst 1978 og lauk 25. júlí 1980, verði tekin upp að nýju.

Beiðnin er byggð á því, að þær forsendur, sem voru fyrir skiptalokum, að búið sé eignalaust, eigi ekki við rök að styðjast. Því til stuðnings fylgdi með fyrra bréfi beiðanda endurrit dóms bæjarþings Reykjavíkur í bæjarþingsmálinu nr. 1077/1973, „þar sem kom fram", eins og í bréfi beiðanda segir, „að staðfest var löghald í nánar tilgreindum eignum Staðals h.f.". Samkvæmt bréfi beiðanda frá 14. maí sl. stendur löghald þetta enn.

Ákvörðun um skiptalok í nefndu þrotabúi hefur ekki verið kærð til Hæstaréttar, en skiptalokin voru birt í 66. tbl. Lögbirtingablaðsins 1980.

Löghaldsgerð sú, sem lögð er fram, er frá árinu 1973, og staðfestingardómur bæjarþings Reykjavíkur er frá 12. júlí 1977, þ. e. ári eldri en gjaldþrotaúrskurður. Hvorki virðist hafa verið farið í fjárnám vegna þessa dóms né hann nefndur við skiptameðferð á búinu. Ekki virðist heimilt að breyta fyrri ákvörðun skiptaráðanda um skiptalok í nefndu þrotabúi, þar sem gögn þau, sem nú eru lögð fram, hefði mátt koma fram með við skiptameðferð búsins, sem stóð í tæp tvö ár, og ekki er í ljós leitt, að framhald skiptameðferðar hafi í för með sér fjárhagslegan ávinning fyrir kröfuhafa.

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er beiðni Guðna Þórðarsonar um endurupptöku skiptameðferðar á búi Staðals h/f.

Mánudaginn 21. september 1981.

Nr. 126/1978. **Ólafur Þórarinsson,**
eigandi jarðarinnar Háfs,
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Sigurjóni Sigurðssyni og
Kristrúnu Sigurðardóttur,
eigendum jarðarinnar Háfshóls,
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
og
Halldóru Kristjánsdóttur,
eiganda jarðarinnar Háfshjáleigu,
(enginn)
og
Sigurjón Sigurðsson og
Kristrún Sigurðardóttir
gegn
Ólafi Þórarinssyni og
Halldóru Kristjánsdóttur.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Þórarinsson, áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. júní 1978. Krefst hann þess, að landamerki milli jarðanna Háfs og Háfshóls að norðan verði landamerkjaskurður sá, sem grafinn var árið 1972 úr Kringlutjörn í Gömlutóft og merktur er B á orthokort, héraðsdómsskjal nr. 31. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi gagnáfrýjendanna, Sigurjóns Sigurðssonar og Kristrúnar Sigurðardóttur.

Gagnáfrýjendur, Sigurjón Sigurðsson og Kristrún Sigurðardóttir, áfrýjuðu málinu með stefnu 24. júlí 1978. Kefjast þau staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því,

að þau krefjast málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda, Ólafs Þórarinssonar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sigurbjörn Halldórsson, eigandi Háfshjáleigu, áfrýjaði málinu með stefnu 21. febrúar 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann andaðist árið 1980, og tók þá Halldóra Kristjánsdóttir við aðild málsins, en hún hafði fengið jörðina í arf eftir hann. Af hennar hálfu var því lýst yfir fyrir Hæstarétti, að hún félli frá áfrýjun málsins og hefði ekki uppi neinar kröfur. Engar kröfur eru gerðar á hendur henni í máli þessu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Eins og nú er sagt, hefur verið fallið frá áfrýjun af hálfu eiganda Háfshjáleigu varðandi merki milli þeirrar jarðar og Háfshóls, en eigendur Háfshóls krefjast staðfestingar dómsins. Þar sem engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, er ómerkingu varði, ber að staðfesta hann um merki milli þessara jarða.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann um merki milli jarðanna Háfshóls og Háfs.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjanda, Ólaf Þórarinsson, til að greiða gagnáfrýjendum, Sigurjóni Sigurðssyni og Kristrúnu Sigurðardóttur, 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er rakinn framburður vitnisins Jóns Vilbergs Karlssonar. Þar hefur fallið niður orðið „aldrei“ úr einni setningu. Í framburði vitnisins fyrir héraðsdómi er setningin þannig: „Vitnið telur tvímælalaust, að Sigurður Sigurðsson hafi vitað um þessa landspildu, en vitnið kveðst aldrei hafa talað um þessa sérstöku spildu við hann“.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Þórarinsson, greiði gagnáfrýjendum, Sigurjóni Sigurðssyni og Kristrúnu Sigurðardóttur, 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Rangárvallasýslu 29. maí 1978.

I.

Mál þetta er risið af ágreiningi, sem orðið hefur um landamerki tiltekinna jarða í svonefndu Háfshverfi í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu. Er sá ágreiningur nánar tiltekið milli eigenda jarðanna Háfs og Háfshjáleigu annars vegar og eigenda jarðarinnar Háfshóls hins vegar. Málið var þingfest með fyrirtöku þess í landamerkjadómi Rangárvallasýslu hinn 31. október 1975. Málsaðiljar voru þá varnaraðiljar, Sigurjón Óskar Sigurðsson og Kristrún Gréta Sigurðardóttir, eigendur Háfshóls, og sóknaraðili Ólafur Sigurður Þórarinsson, eigandi Háfs. Sóknaraðili Sigurbjörn Halldórsson, eigandi Háfshjáleigu, höfðaði meðalgöngusök í málinu, sem var þingfest hinn 27. maí 1977. Sóknaraðiljar Ólafur og Sigurbjörn eignuðust jörðina Háf með afsali, dags. 3. júlí 1951, úr hendi þáverandi eiganda Háfs, Jóns Sigurðssonar. Eignaðist Ólafur 3/4 hluta jarðarinnar, en Sigurbjörn 1/4 hluta. Með landskiptum, sem fóru fram með samkomulagi þeirra beggja hinn 22. júlí 1951, var nefndur eignarhluti Sigurbjörns lagður undir jörðina Háfshjáleigu, en þá jörð hafði Sigurbjörn tekið í arf eftir föður sinn, Halldór Bjarnason, við lát hans á árinu 1930. Varnaraðiljar erfðu Háfshólinn eftir föður sinn, Sigurð Sigurðsson, sem þar bjó um skeið og síðar í Borgartúni.

II.

Sóknaraðili, eigandi Háfs, gerir þær dómkröfur, að mörk milli Háfs og Háfshóls fari eftir landamerkjalínu, merktri B á dskj. nr. 31, frá punkti merktum 1 að Halamörkum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum og sýknu af málskostnaðarkröfu meðalgönguaðilja, eiganda Háfshjáleigu, en jafnframt er lýst yfir því af hálfu sóknaraðilja Ólafs, að hann taki undir kröfugerð meðalgönguaðilja að öðru leyti.

Varnaraðiljar, eigendur Háfshóls, gera þær dómkröfur, að mörk Háfshóls annars vegar og Háfs og Háfshjáleigu hins vegar á svæðinu frá Halalandi að Kringlutjörn og þaðan til Kálfalækjar verði ákveðin lína, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 31, orthokort, og merkt A II, og síðan frá enda hennar í punkt, merktan 2, eftir skurði, sem þaðan liggur í Kálfalæk. Þá krefjast varnaraðiljar málskostnaðar úr hendi sóknar- og meðalgönguaðilja in solidum að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Meðalgönguaðili, eigandi Háfshjáleigu, gerir þær dómkröfur,

að mörk milli Háfshjáleigu annars vegar og Háfshóls hins vegar verði ákveðin lína, sem merkt er D á uppdrættinum á dskj. 31. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi eigenda Háfs og Háfshóls. Því er lýst af hálfu meðalgönguaðilja, að hann taki undir kröfur sóknaraðilja Ólafs um merki.

III.

Í máli þessu er deila með aðiljum um það í fyrsta lagi, hvar merki séu milli Háfshóls og Háfs í beitilandi vestan og suðvestan við svonefnda Kringlutjörn, en þar liggja lönd þessara jarða saman frá austri til vesturs, land Háfshóls að norðan og Háfs að sunnan, uns landi Háfs sleppir við mörk Háfs og jarðarinnar Hala, sem einnig er í Háfshverfi. Í öðru lagi deila aðiljar um, hvernig merki liggi til suðurs frá Kringlutjörn og í Kálfalæk, sem fellur suður og síðan vestur með löndum deiluaðilja.

Eigendur Háfs og Háfshjáleigu reisa kröfur sínar fyrst og fremst á landskiptagerð frá 25. júní 1929. Er ekki ágreiningur með aðiljum, að lína sú, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 31 og merkt B, sé í samræmi við ákvæði nefndrar skiptagerðar um merki milli Háfs og Háfshóls. Fellur lína þessi saman við skurð, sem þarna var grafinn 1972, eins og síðar verður rakið.

Eigendur Háfshóls byggja kröfur sínar fyrst og fremst á sáttargerð frá 20. janúar 1932. Er heldur ekki ágreiningur um, að lína sú, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 31 og merkt A II, sé í samræmi við ákvæði þessarar sáttargerðar.

Hinn 25. júní 1929 fóru fram skipti á beitilandi og engjum jarða í Háfshverfi. Undir þessa landskiptagerð rituðu meðal annarra þáverandi eigendur þeirra jarða, sem í máli þessu greinir, þeir Sigfús Guðnason í Háfi, Sigurður Sigurðsson í Háfshóli og Halldór Bjarnason í Háfshjáleigu. Í landskiptagerðinni segir meðal annars svo:

„Voru þá ákveðin þessi landamerki af úttektarmönnum með samþykki allra hlutaðeigandi: . . . . .

Engjamörk við Kálfalæk og í Vatnsskákum eru ákveðin þannig: Háfshóll hefir spildu með Sandhólaferjulandi frá Kringlutjörn að Kálfalæk, 950 m. beina línu suður með honum og þaðan í Keldu, sem rennur úr Kringlutjörn að sunnan. Þá taka við engjar frá Háfi og Háfshjáleigu 810 m. bein lína með Kálfalæk. Vestast eru Halaengjar, sem liggja frá síðast nefnda marki 1100 m. vestur og 200 m. á breidd frá vikum í Vatnsbakkanum.

Hagamörk eru ákveðin þannig: Háfshóll fær land fyrir norðan

línu úr vörðu 535 m. norður frá bug á Háfshólsskurði í vörðu vestan við Kringlutjörn 70 m. frá Sandhólaferjulandi og út með því að Þjórsá. Háfur með Háfshjáleigu fær land vestur af áðurnefndum engjum að línu frá vörðu, sem er 40 m. vestur af Vatnsbugshorni í miðjar Gömlu-tættur, séð frá vörðunni. Þá tekur við beitiland Hala, sem afmarkast af Háfs og Háfshjáleigu beitilandi að austan, Háfshóls að norðan og áður skiptum engjum að vestan.

Rétt hefir Háfshólsbóndi að fara yfir Háfs og Háfshjáleigu beitiland við Kringlutjörn til heyfanga, og einnig Halabóndi yfir land sömu jarða við svonefndan bug til sömu nytja, og ennfremur Háfs og Háfshjáleigu bændur yfir Halaland í áðurnefndu Nesi til notkunar á engjum og beitilandi, allt án endurgjalds á meðan eigi er gerður óþarfa usli að mati óvilhallra manna."

Hinn 18. desember 1931 gaf Sigurður Sigurðsson á Háfshóli út sáttakæru, þar sem hann bað sáttanefndarmenn Ásahrepps að kalla á fund með sér Ingimund Jónsson í Hala, Sigfús Guðnason í Háfi og Vigdísi Sigurðardóttur í Háfshjáleigu til að reyna samkomulag með þeim um, að landskiptin frá 25. júní 1929 yrðu úr gildi felld og ný skipti látin fara fram, þar sem lögð yrðu til grundvallar þau eignarhlutföll, sem matið frá 1845 byggðist á, í stað eignarhlutfalla samkvæmt matinu frá 1861, þannig að Háfshóllinn fengi 1/3 af engjum og beitilandi hverfisins. Hinn 20. janúar 1932 hélt sáttanefndin fund með aðiljum, og komst þar sátt á, sem undirrituð var af Sigurði Sigurðssyni sem kæranda og þeim Sigfúsi Guðnasyni, Ingimundi Jónssyni og Sigurbirni Halldórssyni, meðalgöngustefnanda í máli þessu, sem kærðu. Í sáttinni segir meðal annars:

„Mættir voru af kærenda hendi Sigurður bóndi Sigurðsson, Háfshól, en af hendi hinna kærðu: Ingimundur Jónsson bóndi, Hala, Sigfús Guðnason, bóndi Háfi, og hr. Sigurbjörn Halldórsson í Háfshjáleigu fyrir hönd móður sinnar Vigdísar Sigurðardóttur húsfrú í Háfshjáleigu.

Var þá lesin upp kæran og lögð fram dags. 18. des. 1931, merkt A, með árituðu fyrirkalli sáttanefndar og vottorðum löglegrar birtingu hennar.

Sætt komst á með þessum skilyrðum:

Til Háfshóls skal heyra, auk lands þess, sem landaskiptin frá 25. júní 1929 ákveða, allt það land, sem nú er innan við engjagirðingar Háfshóls, er liggja úr Kringlutjörn til Kálfalækjar, bæði sunnan og norðan við engjarnar og þar að auki landspilda

sú, úr beitilandi Háfs, sem verður norðan við þá línu, sem dregin er eða miðuð beint úr hliðarstólpa á syðri armi engjagirðingar Háfshóls við Kringlutjörn (er hliðstólpi þessi ekki yfir 8 metra frá tjarnarbakkanum) og sjónhendingu í hornmarkið í milli landa Hala og Háfshóls við skurðinn, sem er skammt austan við Lanmbhúshólinn í Háfshól. Skal þessi lína vera markalína milli beitilands Háfs og Háfshóls allt vestur að mörkum beitilands Hala og Háfs.

En gegn því að land þetta leggjist undir Háfshól skal stefnandinn Sigurður Sigurðsson bóndi í Háfshól greiða eiganda Háfs Sigfúsi Guðnasyni kr. 200,00 tvö hundruð krónur og skal þeirri greiðslu vera lokið fyrir 20. marz n.k.

Láta allir hinir mættu aðilar sérstaklega getið, að með þessari sáttagerð sé öllum ágreiningi lokið viðvíkjandi landamerkjum nefndra jarða, og full og óhagganleg sátt komin milli þeirra um allt hvað landamerkjum þessum viðkemur og frjáls umferð. Lofaði stefnandinn Sigurður Sigurðsson að láta þinglýsa þessari sáttargjörð á sinn kostnað sem fyrst."

Lögð hefur verið fram kvittun, sem sýnir, að Sigurður Sigurðsson greiddi Sigfúsi Guðnasyni ofangreitt endurgjald hinn 20. mars 1932.

Hinn 27. júní 1933 var ofangreind sáttargerð fyrirfram innrituð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu til þinglýsingar á næsta manntalsþingi. Hafa komið fram gögn um, að þinglýsing fór fram á manntalsþingi í Ásahreppi 14. júní 1934, en hins vegar láðist að geta sáttargerðarinnar í fasteignaregistri.

Ekki varð nein breyting á nýtingu beitilands við þau skipti, sem að framan greinir, og var landið notað áfram sameiginlega til beitar frá jörðum í Háfshverfi. Jarðeigendur réðu hins vegar nýtingu sinna engja. Snemma voru hlaðnir garðar til varnar engjunum við Kálfalæk fyrir ágangi búfjár. Ekki liggur fyrir, hvenær elstu garðarnir voru hlaðnir. Á árunum 1938—1940 var hins vegar hlaðinn garður norðan engja Hala, Háfs og Háfshjáleigu, fyrst aðallega í stefnu frá vestri til austurs, en síðan var garðurinn látinn beygja til norðurs og hlaðinn alla leið að Kringlutjörn. Er garður þessi merktur 1b og 2 á dskj. nr. 15, loftmynd. Deila er með aðiljum, hvort nefndur garður hafi verið hlaðinn á mörkum Háfs og Háfshjáleigu annars vegar og Háfshóls hins vegar, eftir að hann samkvæmt framansögðu tók stefnu til norðurs að Kringlutjörn.

Hinn 11. desember 1952 fóru fram landskipti milli Háfs og

Háfshjáleigu með samkomulagi jarðeigenda. Í skiptagerðinni segir m. a. svo:

„Það, sem nú er tekið til meðferðar, er beitiland jarðanna, því öðru landi er áður skipt. Landinu skal skipt í tvo jafna parta.

Mörk í Háfsbót ákveðast þannig: Merki er sett við nýjan skurð 200 metrum fyrir austan mörk milli Háfsbótar og Hala-bótar. Frá þessu marki bein lína í hornmark sunnan við Kringlutjörn. Hefur Háfur landið norðan við þessa línu. Aðilar eru ásáttir um, að heimilt sé að endurskoða þessi mörk síðar, ef hagkvæmara þætti að grafa skurði á annan veg en eftir þessum mörkum."

Á árunum 1955—1956 lét sóknaraðili Ólafur grafa skurð frá Kálfalæk að þeim stað, þar sem fyrrgreindur garður, sem hlaðinn var á árunum 1938 til 1940, beygði til norðurs. Telur sóknaraðili sig hafa grafið þennan skurð til varnar engjum, en ekki sem markaskurð. Hafi hann einn borið kostnað af þessu verki. Varnaraðiljar, eigendur Háfshóls, telja þennan skurð hafa verið grafinn í mörkum og hafi þeir greitt helming kostnaðar af grefti hans. Skurður þessi var grafinn upp á ný á árinu 1974, þegar grafinn var skurður til suðurs frá Kringlutjörn, þar sem fyrrgreindur garður lá áður.

Á árinu 1972 lét sóknaraðili Ólafur grafa skurð þann, sem liggur til vesturs frá Kringlutjörn og fellur saman við línu þá, sem merkt hefur verið B á dskj. nr. 31, eins og áður greinir. Ekki er vefengt, að varnaraðiljar, eigendur Háfshóls, hafi um það bil viku áður óskað eftir því við sóknaraðilja Ólaf, að hann gengi með þeim á merki, en hann ekki sinnt því. Telur hann sig ekki hafa getað komið því við sakir anna.

Varnaraðiljar skýra svo frá, að þeir hafi fundið sáttargerðina frá 1932 í skjölum föður síns snemma á árinu 1973. Á árinu 1974 hugðust varnaraðiljar grafa markaskurð til vesturs frá Kringlutjörn í samræmi við ákvæði sáttargerðarinnar. Lagði sóknaraðili Ólafur þá fram beiðni um, að lögbann yrði lagt við grefti skurðarins. Þeirri beiðni var hafnað af fógetadómi Rangárvallasýslu með úrskurði, uppkveðnum hinn 12. júlí 1974. Þeim úrskurði áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar, sem felldi úrskurðinn úr gildi með dómi, uppkveðnum 22. maí 1975, og lagði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn tryggingu. Fór sú gerð fram í fógetarétti Rangárvallasýslu hinn 4. júní 1975. Höfðaði sóknaraðili síðan mál á hendur varnaraðiljum, eigendum Háfshóls, til staðfestingar lögbanninu, en með sam-

komulagi aðilja hvílir það mál, á meðan beðið er úrslita landamerkjamáls þess.

IV.

Undir rekstri máls þessa hafa aðiljar og ýmis vitni gefið skýrslur fyrir dóminum. Verður hér á eftir rakið það úr framburði þeirra, sem helst getur skipt máli, til viðbótar því, sem áður er fram komið.

Sóknaraðili, Ólafur Sigurður Þórarinsson, skýrir meðal annars svo frá, að hann hafi ekki kynnt sér landamerki, áður en hann keypti Háf, og ekki heldur gert sér far um að kynna sér þau eftir kaupin. Hafi hann ekki komist á snoðir um landskiptagerðina frá 1929 fyrr en á árinu 1972, þegar farið var að grafa skurð þann, sem fellur saman við línu merkta B á dskj. 31. Hafi hann þá fengið skiptagerðina og uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar, sem geymdur hafi verið í Hala, og hafi Valur Þorvaldsson ráðunautur síðan mælt fyrir skurðinum. Jón Karlsson hafi staðið að skurðgreftinum í fyrstu og fyrst látið grafa milli Hala og Háfshóls og síðan frá Háfshólsmörkum í Gömlutóftir. Hafi Jón látið sig vita og talað um, að þarna væri um markaskurð að ræða. Ólafur kveðst síðan hafa látið grafa skurð frá Gömlu tóftum í Kringlutjörn. Kona sín hafi látið varnaraðilja Sigurð Sigurjónsson vita og viti hann ekki til, að Sigurjón hafi gert neinar athugasemdir við skurðgröftinn. Um haustið 1972 hafi Sigurjón gert athugasemd um þennan skurð sem markaskurð. Þá segir Ólafur, að hann hafi fyrst fengið vitneskju um sáttina frá 1932 á árinu 1974, þegar eigendur Háfshóls hugðust láta grafa skurð samkvæmt þeirri sátt. Kostnað af framangreindum skurðgrefti hafi hann sjálfur greitt að hálfu, en Jón Karlsson í Hala hinn helminginn, og þá trúlega vegna eigenda Háfshóls.

Varnaraðili Sigurjón Óskar Sigurðsson kveðst hafa átt heima frá fæðingu í Háfshóli og síðar í Borgartúni, en hann hafi flutt úr héraðinu um 1950. Hann hafi alla tíð þekkt mörkin frá Kálfalæk að Kringlutjörn. Þau hafi verið greinilega afmörkuð, fyrst með girðingu og síðan með görðum, sem Ólafur Sigurðsson hafi hlaðið, trúlega um 1940, en hann hafi þá verið eigandi Háfsjarðarinnar. Byggist þessi mörk á sáttargerðinni frá 1932. Hann segist hafa verið barn að aldri, þegar hann fyrst hafi heyrt getið um það, að Háfshóll hefði fengið af landi Háfs suðvestan við Kringlutjörn. Ekki hafi hann sett sig inn í mörk sem unglingur. Hann

hafi ekki farið að huga að mörkum fyrr en eftir lát móður sinnar 1972. Það ár hafi Jón Karlsson í Hala óskað eftir að grafa skurð á mörkum jarðanna, en hann hafi enga skurði viljað grafa. Hann hafi þó aðstoðað Jón við að fá upplýsingar um merki og leitað til Landnáms ríkisins af því tilefni. Þar hafi hann fengið skiptagerðina frá 1929, en ekki verið ánægður með mörk samkvæmt henni, þar sem hann hafi talið Háfshól eiga meira land. Hann hafi farið á vettvang ásamt Guðmundi Vilhjálmssyni og Jóni Karlssyni. Hafi þeir stuðst við kort Ásgeirs L. Jónssonar, en inn á það hafi verið dregnar skiptalínur. Þeir hafi ákveðið að grafa skurð milli Hala og Háfshóls, en ekki lengra, þar sem vita þyrfti, hversu mikið land Háfshóll ætti sunnan við Kringlutjörn. Inn á þetta kort hafi verið dregin lína samkvæmt sáttargerðinni frá 1932, en þá hafi honum verið ókunnugt um þá sáttargerð. Þá segir varnaraðili Sigurjón, að sóknaraðili Ólafur hafi ekki látið sig vita, þegar hann hóf skurðgröftinn sumarið 1972. Hafi það komið flatt upp á sig, þar sem Ólafur hefði lýst yfir því um það bil viku áður, að hann vildi enga skurði hafa. Hafi hann hringt til Ólafs og mótmælt skurðgreftinum. Hafi hann átt tal við Kristínu, konu Ólafs, og sagt, að hann teldi Háfshólinn eiga þarna land. Hafi Kristín svarað því til, að gott væri fyrir jarðir, að skurðir væru grafnir. Jón Karlsson hafi greitt að hálfu kostnað við gröft þessa skurðar og hafi hann endurgreitt honum það, enda staðið í þeirri trú, að um væri að ræða kostnað við skurðinn milli Hala og Háfshóls og Jón verið sömu skoðunar. Hann segist hafa fundið sáttargerðina frá 1932 snemma árs 1973 í skjölum föður síns. Hafi verið gerðar ráðstafanir til að koma fram sáttargerðinni þegar árið 1973 og hafi sóknaraðilja Ólafi verið tilkynnt um tilvist hennar, en varnaraðili Sigurjón telur, að sóknaraðili Ólafur hafi í langan tíma vitað, að Háfshóll ætti land úr Háfi, og verið kunnugt um, hvernig það hefði gengið til, enda hefði móðir sín iðulega rætt þessi mál við Ólaf. (Þessu er andmælt af sóknaraðilja Ólafi). Einnig skýrir Sigurjón svo frá, að við byrjun einhverra fyrstu réttarhaldanna í lögbannsmálinu hafi Ólafur Sigurðsson kallað sig afsíðis og sagt sér, að faðir varnaraðilja, Sigurður Sigurðsson, hefði sagt honum, að hann hefði keypt land úr Háfnum, en Ólafur hafi ekki sagst hafa vitað, að það væri svona stórt.

Varnaraðili Kristrún Gréta Sigurðardóttir kveðst hafa þekkt mörkin frá Kálfalæk í Kringlutjörn og hafa vitað um engjagirðingu þar. Muni hún vel eftir hliðinu, sem verið hafi á engja-

girðingunni skammt frá tjörninni. Þá hafi foreldrar sínir rætt um það, að Háfshóll ætti land úr Háfi suðvestan við Kringlutjörn. Sé fullvíst, að sóknaraðili Ólafur og kona hans hafi vitað um þá breytingu, sem gerð hafi verið með sáttinni frá 1932, þar sem hún hafi oftar en einu sinni orðið vitni að því, að til umræðu hafi komið milli þeirra hjóna og móður sinnar sú breyting, sem gerð hafi verið á mörkum Háfs og Háfshóls, þannig að Háfshóll hefði fengið að landi Háfs og greiðsla komið fyrir. Enn fremur skýrir varnaraðili Kristrún svo frá, að laugardag nokkurn sumarið 1972 hafi sóknaraðili Ólafur hringt í hana og sagst ætla þann dag að grafa skurð í mörkum. Hafi hún mótmælt því og talað um, að kanna þyrfti merki betur, áður en skurður yrði grafinn. Hafi þetta komið sér algerlega á óvart, þar sem Ólafur hefði komið á heimili sitt kvöldið áður og þá ekki minnst á fyrirhugaðan skurðgröft. Í framhaldi af því hafi varnaraðili Sigurjón talað við Kristínu.

Meðalgönguaðili, Sigurbjörn Halldórsson, staðfestir, að hann hafi verið viðstaddur umrædda sáttargerð frá 1932, minnist þeirrar sáttargerðar og kannast við undirskrift sína undir sáttinni. Honum hafi verið ljóst, að breyting ætti sér stað, en telur, að ekki hafi átt að skerða land sitt. Enginn af síðari eigendum Háfs hafi minnst á það, að tekið væri af landi Háfs. Ekki hafi landamerki jarðarinnar verið rædd við kaup þeirra Ólafs. Hann segir enn fremur, að engin engjagirðing hafi verið í landi Háfshóls á þeim tíma, er sáttin var gerð, enda þýðingarlaust að setja þá upp stauragirðingu, þar sem hún hefði sópast burt í vatnagangi að vetri til. Varnargarður hafi verið hlaðinn löngu seinna af hálfu Sigurðar Sigurðssonar, eða upp úr 1940. Þá telur Sigurbjörn, að skurðurinn frá Kringlutjörn í Kálfalæk sé ekki á mörkum. Hafi verið gengið á sitt land við garðhleðsluna 1940, en hann hafi ekki komist að því fyrr en löngu seinna við athugun á korti.

Kristín Karlsdóttir, eiginkona sóknaraðilja Ólafs, er alin upp í Hala í Háfshverfi, en hún flutti að Háfi 1952. Hún segir, að sér hafi verið kunnugt um, að merki væru þau, sem greinir í skiptagerðinni frá 1929. Hafi sú þekking byggst á umtali um kennileiti, svo sem Gömlu tóftir. Miðað hafi verið við mark vestan í Kringlutjörn upp undir Ferjumörkum í beina línu um Gömlu tóftir, en þar hafi þúfa áður verið sérstakt merki. Hún hafi ávallt vitað um landskiptin frá 1929, en á hinn bóginn ekki vitað um sáttargerðina frá 1932, fyrr en skurðgröfturinn 1972 átti sér

stað. Skurðurinn, sem grafinn hafi verið á árunum 1955 til 1956, hafi líklega verið grafinn til þess að varna því, að fé gengi í engjarnar.

Guðmundur Vilhjálmsson er eiginmaður varnaraðilja Kristrúnar. Hann skýrir meðal annars svo frá, að oft hafi komið til tals á heimili sínu milli Ólafs sóknaraðilja og tengdamóður sinnar breyting, sem gerð hefði verið á mörkum Háfs og Háfshóls. Iðulega hafi verið rætt um þessi mál í eldhúsinu og þá stundum verið notuð undirskál til að tákna Kringlutjörn. Hafi verið talað um, að Háfshóll hefði fengið af landi Háfs og greiðsla komið fyrir. Um það bil viku áður en sóknaraðili Ólafur lét grafa skurðinn frá 1972, hafi þessi mál verið rædd við Ólaf á heimili sínu í Reykjavík. Engin niðurstaða hefði þó fengist og ekkert verið ákveðið með skurðgröft. Á föstudegi í sömu viku hafi Ólafur enn verið staddur á heimili sínu, en þá hafi þessi mál ekkert verið rædd. Daginn eftir hafi Ólafur svo hringt og skýrt frá fyrirhuguðum skurðgrefti. Hafi hann þá rætt við Ólaf í símann, eftir að kona sín hafi verið búin að tala við Ólaf, og hafi Ólafur þá gefið þá skýringu, að sterk öfl hefðu valdið því, að hann hæfi skurðgröftinn þann dag. Aðra skýringu hafi hann ekki fengið, en hann hafi mótmælt fyrirhuguðum skurðgrefti við Ólaf.

Vitnið Ólafur Guðjónsson, Vesturholtum, Djúpárhreppi, skýrir meðal annars svo frá, að á árunum 1939 til 1940 hafi verið unnið að því að hlaða varnargarða á engjum þeim, sem í málinu greinir. Hafi hann unnið við garðhleðslu seinna árið fyrir Ólaf Sigurðsson, sem þá átti Háf. Garðarnir hafi verið hlaðnir eftir fyrirsögn Ólafs, enda hafi hann greitt fyrir verkið. Hafi sér vitanlega enginn ágreiningur verið um staðsetningu þessara varnargarða. Þegar hann hóf störf við hleðsluna, hafi þar verið fyrir hlaðinn garður (merktur 1a á loftmyndinni á dskj. nr. 15), sem hafi legið úr engjamörkum Hala upp í engjamörk Háfshóls og Háfs. Skammt frá þessum garði, austan við línuna, sem gamla girðingin hafi legið í, hafi verið stólpi í ekki minna en 20 m fjarlægð. Hafi Sigurður Sigurðsson sagt sér, að gömlu slægjumörkin næðu út að þessum stólpa. Hafi þessi stólpi verið þarna enn á árunum 1953 og 1954, þegar hann var við heyskap á engjunum, og minnist hann þess, að gaddavírshönk hafi verið bundin við stólpann. Þá segir vitnið Ólafur, að þegar hann hóf hleðslu árið 1939, hafi árið áður verið búið að hlaða að mestu garð (merktur 1b á loftmyndinni á dskj. nr. 15) frá Halaengjamörkum og út í engjamörk Háfshóls og Háfs. Hafi hann byrjað hleðsluna út frá þessum

garði, þ. e. við enda hans við engjamörk Háfhóls og Háfs, og hafi hann hlaðið línu, þar sem áður hafi verið girðing, að Kringlutjörn (staður merktur 2 á loftmyndinni á dskj. nr. 15). Þá hafi verið búið að taka upp gömlu girðinguna. Frá tjörninni hafi verið hlaðinn örlítill stubbur, en þar hafi verið sett hlið, til að unnt væri að hafa samgang milli landanna varðandi nýtingu engjanna til beitar og vegna heyskapar. Ári síðar hafi girðing verið sett ofan á garðinn. Varðandi hliðið við tjarnarbakkann kveðst Ólafur hafa rætt það við Sigurð Sigurðsson, hvort ekki ætti að hafa tengingu þarna á milli, en Sigurður hefði sagt, að beitilöndin lægju saman og að hann ætti samgang fram hjá tjörninni milli stykkja. Þegar garðurinn var hlaðinn, hafi verið búið að taka upp girðinguna, en sjáanleg ummerki verið eftir hana. Við tjörnina hafi verið staurараftar, sem hafi getað verið ummerki eftir hlið. Hann hafi ekki unnið að uppsetningu hliðsins, þegar garðurinn var hlaðinn. Reknir hafi verið niður tveir staurar. Annar niður með bakkanum í vatninu, en hinn uppi á bakkanum og negldar fjalir á milli. Hliðstaurar hafi verið rekastaurar eða kurfar. Frá hliðinu hafi legið samfelldur garður í suðaustur. Til nánari skýringar tekur vitnið Ólafur fram, að við tjörnina hafi verið tveir staurar, síðan garðbúturinn, en svo hliðið. Varðandi mörk við Kálfalæk segir vitnið Ólafur, að austan megin við lækinn séu svokölluð Hábæjarstykki og Dísukotsstykki. Fremst í Hábæjarstykki sé kelda, sem hafi verið markakelda milli Hábæjarstykkis og Dísukotsstykkis. Nálægt þessari keldu beygi Kálfalækur til austurs, en þar hjá sé blágufutoppur (blástör), staður merktur 3 á loftmyndinni á dskj. nr. 15, er sé mark á móti Háfshólsmarki. Vitnið Ólafur kveðst hafa heyjað engjastykkið frá Háfshóli í allmörg ár, eða fram til 1954. Hann segir enn fremur, að þeir garðar, sem hlaðnir voru, hafi ýmist verið varnargarðar eingöngu (garðar merktir 1a og 1b á fyrrgreindri loftmynd) eða markagarðar og varnargarðar í senn (garður merktur 2 á nefndri loftmynd).

Vitnið Yngvi Markússon, Oddsparti í Djúpárhreppi, kveðst hafa unnið við garðhleðslu á engjunum við Kringlutjörn árið 1940. Hafi það verk verið unnið á vegum Ólafs Sigurðssonar, sem þá hafi verið eigandi að Háfi, en vitnið telur, að það hafi verið samkomulagsatriði þeirra Ólafs Sigurðssonar og Sigurðar Sigurðssonar, hvar garðurinn væri hlaðinn, en ekki þó vita til, að Sigurður hafi skipt sér af garðhleðslunni á nokkurn hátt. Hann hafi aldrei heyrt minnst á mörk í þessu sambandi. Tilgangurinn

með garðhleðslunni hafi að sínu mati verið tvíþættur. Í fyrsta lagi hafi verið miðað að því að friða engjarnar og öðru lagi að því að ná áveitu á engjastykki, sem Ólafur Sigurðsson hafi haft og verið hafi milli gamla og nýja garðsins. Þá segir vitnið Yngvi, að hann hafi unnið við að hlaða garð þann, sem legið hafi frá Kringlutjörn og út í beygjuna, þar sem annar garður taki við. Hafi verið byrjað á hleðslunni við tjörnina og hafi verið hlið á garðinum niður undir horni rétt við beygjuna. Hafi garðurinn verið um 1 m á hæð. Í upphafi hafi þannig verið gengið frá garðinum við Kringlutjörn, að hann hafi verið hlaðinn samfelldur frá tjörninni, og þar hafi ekkert hlið verið. Viti hann ekki, hvenær þar hafi verið sett hlið, enda hafi hann ekki verið í Þykkvabæ í um það bil áratug eftir 1940. Ekki hafi verið sett girðing ofan á garðinn, á meðan hann vann að hleðslu hans, heldur hafi það verið gert síðar. Garðhleðslunni hafi verið lokið 1940. Enn fremur skýrir vitnið Ingvi svo frá, að sig minni, að girðing hafi verið fyrir, þar sem garðurinn var hlaðinn, en eigi vita til, hvenær hún hafi verið sett upp eða af hverjum. Ofan á elsta garðinum hafi verið tveggja strengja girðing og hafi sú girðing alveg náð suður í Kálfalæk, en sig minni, að frá enda gamla garðsins að Kringlutjörn hafi verið slitrur af fimm strengja girðingu.

Vitnið Ólafur Sigurðsson, hreppstjóri í Hábæ, Djúpárhreppi, var eigandi Háfs á sínum tíma, eins og áður er fram komið. Hann kveðst hafa keypt jörðina án þess að hafa haft hugmynd um, að land hefði verið selt undan henni. Ekki hafi þá verið rætt um landamerki jarðarinnar og hann hafi ekki kynnt sér þau sérstaklega. Hann hafi haft hugmynd um þau landskipti, sem áttu sér stað á árinu 1929, á þeim tíma, er hann keypti jörðina, en eigi hafa vitað, hvar mörkin væru. Hann hafi ekki þekkt eða kynnt sér sáttina frá 1932 og reyndar ekki heyrt hennar getið, fyrr en eftir að málarekstur hófst. Ekki kveðst vitnið Ólafur Sigurðsson minnast þess að hafa heyrt, að Háfshóll hefði fengið land frá Háfi, eða að hann hafi talað um það við Sigurð Sigurðsson í Háfshóli eða Sigurjón Sigurðsson, en kveðst ekki geta fortekið, að það hafi komið til tals, fyrst Sigurjón haldi því fram. Við samprófun við Sigurjón kvaðst Ólafur telja vafalaust, að Sigurjón hefði skýrt satt frá samtali þeirra, þótt hann myndi ekki eftir því. Enn fremur skýrir vitnið Ólafur Sigurðsson svo frá, að garðarnir á engjunum hafi verið hlaðnir til að vera vörn fyrir engjarnar, en ekki sem mörk. Hafi Sigurður Sigurðsson sagt fyrir um það, hvar garðurinn frá Kringlutjörn og að Kálfalæk ætti

að vera, eftir að Háfsengjum sleppti. Hann muni ekki, við hvað hafi verið miðað, en telur, að garðurinn hafi verið hlaðinn eitthvað nálægt mörkum engjalands og beitilands. Hann muni ekki, hvort girðing hafi verið á engjunum. Ekki hafi verið stuðst við uppdrætti og engar mælingar gerðar. Þarna hafi ekki verið um markagarð að ræða. Hlið hafi verið á garðinum nokkrum metrum vestan við beygjuna. Sigurður Sigurðsson hafi tekið á sig og kostað garðhleðsluna frá beygjunni, þar sem Háfsengjar þraut, og að Kringlutjörn.

Vitnið Jón Vilberg Karlsson, Hala í Djúpárhreppi, er bróðir Kristínar Karlsdóttur, eiginkonu sóknaraðilja Ólafs. Hann hefur í röska tvo áratugi haft nytjar Háfshóls. Hann skýrir meðal annars svo frá, að hann hafi heyrt það sem barn, að Háfshóll hafi fengið spildu undan Háfi. Hafi hann heyrt Sigurbjörn Halldórsson í Háfshjáleigu segja þetta. Hafi þessi spilda verið suður af Kringlutjörn, en ekki hafi hann vitað stærð hennar. Hann telji tvímælalaust, að Sigurður Sigurðsson hafi vitað um þessa spildu, en hann hafi talað um þessa sérstöku spildu við hann. Jón kveðst hafa heyrt, að landið hafi verið keypt og að fyrir því væru pappírar. Vitnið Jón Karlsson skýrir enn fremur svo frá, að hann hafi vitað um tilvist landskiptagerðarinnar frá 1929, áður en hann fór að huga að grefti skurðarins 1972, en hann hafi séð hana þá. Hann hafi látið grafa milli Hala og Háfshóls og milli Háfs og Hala. Hann hafi greitt Sigurði á Skammbeinsstöðum tvo reikninga fyrir skurðgröftinn, en fengið síðan endurgreiðslu frá eigendum Háfshóls. Hafi hann talið sig einungis greiða það, sem sér bæri vegna skurðanna milli Háfs og Hala og milli Háfshóls og Hala. Ekkert hafi komið fram um það hjá nefndum Sigurði, að um væri að ræða markaskurð milli Háfshóls og Háfs. Þá skýrir vitnið Jón Karlsson svo frá varðandi mörk við Kálfalæk og Kringlutjörn, að sér vitanlega hafi aldrei verið nein deila um engjamörk þar. Mörkin hafi farið eftir garðinum, en eftir þeim garði hafi skurðurinn verið grafinn. Hann hafi oft heyjað þarna og þekki þessi mörk. Girðing hafi verið ofan á garðinum, sem lá frá Kringlutjörn. Hlið hafi verið við tjörnina og í hliðinu verið sívalningsstaurar með neti á milli. Skurðurinn frá 1974 hafi verið grafinn þannig, að garðurinn hafi verið í miðjum skurði.

V.

Sóknaraðili, eigandi Háfs, reisir kröfur sínar í meginatriðum á því, að sáttargerðin frá 1932 hafi ekkert gildi, þar sem hún

hafi verið miklum annmörkum háð. Þannig hafi hvorki sáttamenn né aðiljar gert sér neina grein fyrir því, hvert land hafi verið um að ræða. Þá hafi honum gersamlega verið ókunnugt um tilvist nefndrar sáttar og hennar hvergi verið getið í opinberum heimildum, t. d. ekki í fasteignaregistri eða landamerkjaskrám. Engin breyting hafi verið gerð á fasteignamati í tilefni sáttarinnar. Í afsölum fyrir Háfi hafi hennar aldrei verið getið. Þannig hafi hennar í engu verið getið í afsali Einars Ásgeirssonar fyrir Háfi frá 15. febrúar 1938 til Ólafs Sigurðssonar. Auk skiptagerðarinnar frá 1929 hafi þetta afsal veið opinber heimild fyrir Háfi og hafi Sigurður Sigurðsson, eigandi Háfshóls, engum athugasemdum hreyft. Hafi hann þannig fyrirgert öllum rétti, sem nú sé haldið fram af varnaraðiljum. Í afsalinu til sóknaraðilja sé síðan þess sérstaklega getið, hver lönd séu undanskilin, en þar sé umrætt land í engu nefnt. Þá hafi varnaraðiljar sjálfir greitt sinn hluta kostnaðar af skurðinum, sem grafinn var 1972, án nokkurra athugasemda. Samkvæmt framansögðu sé þannig ljóst, að öll skilyrði hafi verið fyrir hendi til þess, að sóknaraðili eignist jörðina Háf óskerta fyrir traustfang. Þá sé skilyrðum hefðar einnig fullnægt. Af þessum sökum sé ljóst, að um mörk eigi að fara eftir landskiptagerðinni frá 1929, enda hafi hún jafnan verið notuð í skiptum eigenda jarða í Háfshverfi.

Varnaraðiljar, eigendur Háfshóls, reisa kröfur sínar í meginatriðum á því, að til grundvallar ákvörðun merkja beri að leggja sáttargerðina frá 1932. Ekkert hafi komið fram, sem hnekki gildi þessarar sáttar. Hún hafi réttilega verið gerð af öllum þáverandi eigendum jarðanna. Hún hafi verið fyrirfram innrituð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu hinn 27. júní 1933 til þinglesturs á næsta manntalsþingi í Ásahreppi. Þar hafi sáttin og verið lesin á manntalsþingi hinn 14. júní 1934 athugasemdalaust. Sáttargerð þessi sé skilmerkilega undirrituð af Sigurbirni Halldórssyni, sem síðar hafi keypt Háf með sóknaraðilja Ólafi. Megi því telja sannað á ótvíræðan hátt, að báðir sóknaraðiljar hafi þekkt þau mörk, sem ákveðin hafi verið með sáttargerðinni. Hinn 11. desember 1952 hafi þeir síðan skipt beitilandi jarða sinna í Háfsbót og sé þar tilgreindur endapunktur skiptilínunnar einmitt það hornmark, sem tilgreint sé í sáttargerðinni. Þar sem þeir hafi og ætlað að skipta beitilandinu í tvo jafna hluta, komi og fram, að gengið hafi verið út frá mörkum samkvæmt sáttargerðinni. Varnaraðiljar telja, að hvergi hafi verið vitnað til skiptagerðarinnar, hvorki í afsölum, veðmálabókum né fasteigna-

registri. Jafnan hafi verið ljóst, hvað verið var að selja, þegar jörðin Háfur hafi verið seld. Er því jafnframt haldið fram af hálfu varnaraðilja, að sérstök skylda hafi hvílt á kaupendum Háfs til að rannsaka merki jarðarinnar, og þá skyldu hafi þeir vanrækt. Því er sérstaklega mótmælt af hálfu varnaraðilja, að á þeim hvíli sérstök skylda til að sanna þau merki, sem þeir gera kröfu til. Að því er sérstaklega varðar mörkin frá Kringlutjörn í Kálfalæk taka varnaraðiljar fram, að í málinu hafi komið fram ótvíræð sönnun fyrir því, hvar sú girðing hafi legið, sem miðað sé við í sáttargerðinni frá 1932. Sóknaraðili Ólafur hafi og grafið markaskurð í beina línu þvert á Kálfalæk og sagt varnaraðiljum, að þar væru rétt mörk engjalanda Háfs og Háfshóls, og krafið varnaraðilja um greiðslu helmings kostnaðar við skurðgröftinn. Þá hafi Sigurbjörn Halldórsson greitt athugasemdalaust sinn hluta af kostnaði við gröft skurðarins frá Kringlutjörn í Kálfalæk árið 1974. Mörk þeirrar spildu, sem þarna sé um að ræða, hafi þannig verið glögg og óumdeild og varnaraðiljar einir haft afnot hennar. Ef um hefð geti verið að ræða í máli þessu, geti hefðendur aðeins verið varnaraðiljar að því er þessa spildu varðar. Mótmæla varnaraðiljar því, að sóknaraðili geti borið fyrir sig hefðarreglur, bæði vegna þess, að hann hafi ekki útilokað umráð annarra að neinu leyti og vegna grandsemi. Skilyrði traustfangs séu heldur ekki fyrir hendi. Loks telja varnaraðiljar, að sóknaraðili hafi vanrækt að leggja fram tiltekinn uppdrátt, og beri því að beita 145. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Meðalgönguaðili, eigandi Háfshjáleigu, byggir kröfur sínar í aðalatriðum á því, að sáttin frá 1932 hafi enga þýðingu fyrir eiganda Háfshjáleigu. Stefnt hafi verið röngum aðilja, móður Sigurbjörns, í stað hans sjálfs, sem verið hafi eigandi Háfshjáleigu. Sé og ljóst, að ekki hafi staðið til að taka land af Háfshjáleigu. Þá verði að miða við, hvað ráða hafi mátt um réttarstöðuna við athugun á þinglýstum heimildum. Hvergi hafi verið neitt að finna um sáttargerðina frá 1932 nema í sáttabók. Skiptagerðin frá 1929 hafi hins vegar verið skráð í landamerkjabók og því verið heimild merkja. Þannig hafi ekki verið neinar viðhlítandi heimildir um sáttargerðina. Enn fremur heldur eigandi Háfshjáleigu því fram, að varnaraðiljar verði undir öllum kringumstæðum að sanna, svo ótvírætt sé, hvernig merkjalínum hafi verið breytt, ef þeir ætli að halda því fram, að engjar eða annað land Háfshjáleigu hafi verið skert með sáttargerðinni frá

1932. Þessi sönnun hafi varnaraðiljum ekki tekist. Þannig sé orðalag sáttargerðarinnar óljóst, þar sem t. d. sé engin viðhlítandi skýring komin fram á umtali í sáttargerðinni um allt land bæði sunnan og norðan við engjarnar. Ekki sé heldur komin fram nægileg greinargerð fyrir þeirri engjagirðingu, sem rætt sé um í sáttargerðinni. Skiptagerðin frá 1929 bendi alls ekki til þess, að nein girðing hafi verð frá Kringlutjörn að Kálfalæk. Garðhleðslur hafi og verið alveg óviðkomandi merkjum. Séu engar líkur komnar fram fyrir neinum girðingum á þessum slóðum á árunum 1929—1932. Þá er því mótmælt, að nokkuð verði ráðið um stærðir landa, sem hafi komið í hlut hvors aðilja við skiptin 1952. Samkvæmt þessu séu engin rök til að byggja ákvörðun merkja á öðru en skiptagerðinni frá 1929.

VI.

Ekki hafa verið færð fram nægileg rök fyrir því, að sáttargerðin frá 20. janúar 1932 hafi eigi falið í sér fullgilda skuldbindingu um þau atriði, sem þar greinir, og þar á meðal mörk milli þeirra jarða, er einkum áttu hlut að máli, Háfs, Háfshjáleigu og Háfshóls. Þáverandi og núverandi eigandi Háfshjáleigu, Sigurbjörn Halldórsson, var viðstaddur sáttargerðina og undirritaði hana fyrirvaralaust. Mátti honum þó vera ljóst, að þar var verið að ráðstafa landi og ákvarða merki með þeim hætti, að eignarjörð hans varðaði. Verður því að telja hann af sáttargerðinni bundinn, enda þykir ekki skipta máli, þótt móður hans hafi verið stefnt á sáttafund, en ekki honum sjálfum, og þótt ekki sé upplýst, að umsamið endurgjald hafi að neinu leyti til hans runnið. Eigandi Háfshóls lét innrita sáttargerðina fyrirfram í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu til þinglýsingar á næsta manntalsþingi. Er nægilega upplýst, að hún var þinglesin á manntalsþingi í Ásahreppi hinn 14. júní 1934. Verður að líta svo á, að eigandi Háfshóls hafi þannig tryggt rétt sinn á fullnægjandi hátt samkvæmt réttarreglum um þinglýsingar og að hann beri því ekki áhættu af þeim mistökum, sem fólgin voru í því, að það láðist að geta sáttarinnar í fasteignaregistri. Af þessum sökum voru ekki fyrir hendi skilyrði til þess, að eigendur Háfs og Háfshjáleigu, annar hvor eða þeir báðir, gætu öðlast eignarrétt að hinu umdeilda landi fyrir traustfang.

Þá verður ekki fallist á, að eigendur Háfshóls hafi á annan hátt látið undir höfuð leggjast að halda umræddri sáttargerð til laga, svo að varði brottfalli réttar samkvæmt henni. Ekki hef-

ur verið sýnt fram á, að aðdragandi skurðgraftar í vestur frá Kringlutjörn á árinu 1972 eða greiðslu af hálfu varnaraðilja vegna skurðgraftar á þessum tíma hafi verið með þeim hætti, að varnaraðiljar hafi glatað einhverjum rétti. Þá verður heldur ekki fallist á, að skilyrði hefðar hafi verið fyrir hendi, þar sem aðiljar hafa verið sammála um að nýta land á þessum slóðum sameiginlega til beitar, óháð merkjum.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, ber að leggja ákvæði sáttargerðarinnar frá 20. janúar 1932 til grundvallar ákvörðunar merkjum milli Háfs og Háfshóls. Ágreiningslaust er, eins og fyrr segir, að lína sú, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 32, orthokort, og merkt A II, sé rétt dregið merki eftir umræddri sátt. Ákveðst hún samkvæmt því landamerki milli jarðanna Háfs og Háfshóls.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, leiðir sömuleiðis, að um merki milli Háfshjáleigu og Háfshóls skuli einnig fara eftir sáttargerðinni frá 20. janúar 1932. Verður ekki fallist á, að skírskotun sáttargerðarinnar til lands norður og suður af engjunum valdi því, að sáttina verði að telja óljósa, þar sem orðalag þetta getur eftir staðháttum hæglega átt við land á svæði því, sem merkt hefur verið III á dskj. nr. 31 (orthokortinu), þegar þess er gætt, að engjar voru bæði meðfram Kringlutjörn og Kálfalæk. Í sáttinni er að þessu leyti miðað við engjagirðingar, er liggi úr Kringlutjörn til Kálfalækjar. Samkvæmt því og framburðum vitna, sem áður hafa verið raktir, einkum framburði Ólafs Guðjónssonar og Ingva Markússonar, sem einnig er studdur óstaðfestum vottorðum Guðna Gestssonar og Óskars Hallgrímssonar, verður að telja nægilega sannað, að árið 1932, þegar sáttin var gerð, hafi legið girðing frá Kringlutjörn að Kálfalæk og að sá garður, sem síðar var hlaðinn og liggur til suðurs eða suðausturs frá Kringlutjörn, hafi verið lagður á sama stað. Nægilega þykir fram komið, og er reyndar ekki mótmælt, að skurðurinn frá 1974 hafi verið grafinn eftir garðinum niður að þeim stað, er skurðurinn beygir nú lítið eitt til austurs, áður en hann kemur í Kálfalæk. Samkvæmt þessu ber að telja, að umræddur skurður ráði merkjum milli Háfshóls og Háfshjáleigu frá Kringlutjörn að nefndri beygju. Öllu óljósara er um merki þaðan og í Kálfalæk. Skurður var grafinn þarna á árunum kringum 1955—'56 og sá skurður síðan endurgrafinn 1974, eins og áður er fram komið. Framburðir vitnanna Ólafs Guðjónssonar og Ólafs Sigurðssonar benda eindregið til þess, að norðanverð engjamörk

milli Háfs og Háfshóls hafi a. m. k. verið mjög nærri nefndum stað, er skurðurinn beygir nú til austurs. Samkvæmt því verður að telja réttast að miða við skurðinn, eins og hann nú liggur, alla leið í Kálfalæk, enda önnur merki eigi gerð líklegri á þessu síðastgreinda svæði. Niðurstaðan er því sú, að núverandi skurður skuli ráða merkjum milli Háfshóls og Háfshjáleigu á svæðinu milli Kringlutjarnar og Kálfalækjar.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að landamerki milli Háfs og Háfshóls frá landamerkjum Háfs og Hala austur að Kringlutjörn séu lína sú, sem merkt er A II á dskj. nr. 31 (orthokortinu) og endar við Kringlutjörn á stað, sem auðkenndur er tölunni 2 á sama dskj., og frá síðastgreindum stað ráði skurðurinn frá Kringlutjörn í Kálfalæk merkjum milli Háfshóls og Háfshjáleigu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, og samdómendurnir Kristinn Jónsson tilraunastjóri og Gaukur Jörundsson prófessor.

Dómsorð:

Landamerki milli Háfs og Háfshóls frá landamerkjum Hala og Háfs að Kringlutjörn ákveðast lína, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 31 (orthokort) og merkt A II og endar í stað, merktum tölunni 2 á sama dskj., og landamerki milli Háfshóls og Háfshjáleigu frá síðastgreindum stað og í Kálfalæk skulu teljast liggja eftir miðjum skurði þeim, sem liggur úr Kringlutjörn í Kálfalæk.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 23. september 1981.

Nr. 213/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Eiríki Stefánssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdóm kvað upp Árni Pálsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Við ákvörðun refsingar ber að leggja til grundvallar viðurlög þau, er greinir í 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi voru, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

Í ákæruskjali 20. nóvember 1979 er ákærði sakaður um að hafa ekið bifreiðinni A 6229 undir áhrifum áfengis hinn 6. maí 1978. Er skrásetningarnúmer bifreiðarinnar ranghermt og á að vera A 6529, svo sem greinir í lögregluskýrslu. Allt um það er unnt að leggja dóm á ákæruefnið, sbr. 118. gr., 3. málsgr., laga nr. 74/1974.

Það athugast, að nokkurt hlé varð á prófum máls þessa, sem eigi er gerð grein fyrir.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Stefánsson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 10 daga varðhald, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 29. janúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. janúar 1980, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. nóvember 1979, „á hendur Eiríki Stefánssyni, Lækjarbakka í Glerárhverfi, Akureyri, fæddum 10. ágúst 1951 á Akureyri, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 6. maí 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 6229 frá Gránufélagsgötu 19 á Akureyri að Hafnarstræti þar í bænum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt kærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laust fyrir kl. 0300 aðfaranótt laugardagsins 6. maí 1978 voru lögreglumennirnir Gunnar Randversson, Ófeigur Baldursson, Daníel Snorrason og Felix Jósafatsson á eftirlitsferð á lögreglubifreiðinni A 5194. Óku þeir norður Skipagötu. Á móts við verslunina Gránu mættu þeir sendiferðabifreiðinni A 6529, báru þeir kennsl á ökumann bifreiðarinnar, sem var Eiríkur Stefánsson, ákærði í máli þessu. Sneru lögreglumennirnir þegar á eftir bif-

reiðinni, þar sem þeir höfðu haft afskipti af ákærða vegna ölvunar á Ráðhústorgi skömmu áður. Óku lögreglumennirnir suður Skipagötu og síðan suður Hafnarstræti, og á gatnamótum Skipagötu og Hafnarstrætis sáu þeir til ferða bifreiðarinnar A 6529. Komu lögreglumennirnir að bifreiðinni A 6529, þar sem henni hafði verið lagt við hús nr. 39 við Hafnarstræti, og var ákærði að ganga frá bifreiðinni. Ákærði neitaði þá að hafa verið að aka bifreiðinni, en lyklar hennar fundust í öskubakka hennar. Vél bifreiðarinnar reyndist volg, og var ákærði færður á lögreglustöðina til frekari rannsóknar. Ákærði viðurkenndi að vera undir áhrifum áfengis, en neitaði að svara spurningum varðandi akstur bifreiðarinnar A 6529.

Við yfirheyrslu á lögreglustöðinni laugardaginn 6. maí, kl. 1615, kvaðst ákærði hafa drukkið vínblöndu úr þremur glösum, er hann hefði keypt sjálfur, og eitthvað hefði hann drukkið meira hjá fólki, er hann hitti á dansleik í Sjálfstæðishúsinu. Ákærði segist nú hafa ekið bifreiðinni A 6529 frá húsi nr. 17 við Gránufélagsgötu til heimilis síns að Hafnarstræti 39. Ákærði kvaðst hafa fundið nokkuð til áfengisáhrifa við aksturinn. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða með gasgreiningu á súlu sýnir magn alkóhóls í blóði 1.97‰.

Niðurstaða.

Þegar virt eru sakargögn, þykir sannað, að ákærði hafi við aksturinn frá Gránufélagsgötu 17 að Hafnarstræti 39 laugardaginn 6. maí 1978 verið undir áhrifum áfengis í þeim mæli, að við lagaboð varði. Háttsemi ákærða er í ákæruskjali færð til réttra refsiákvæða. Ber því að taka til greina kröfur ákæruvaldsins.

Ákærði gerir þær kröfur, að honum verði einungis gert að sæta ökuleyfissviptingu í 4 mánuði. Byggir hann þetta að því er virðist á því, að dráttur hafi orðið á afgreiðslu þessa máls, og því, að hann hafi dvalið í Grímsey um 9 mánaða skeið, eða frá því í október 1978 þar til í júní 1979. Segist ákærði ekki hafa getað ekið bifreið í eynni, þar sem einungis ein bifreið var þar. Samkv. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 skal svipta mann ökuleyfi, sem gerist brotlegur við 1. eða 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. sömu laga. Ef sérstakar málsbætur eru, er heimilt að sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga in fine. Varði brotið 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, skal svipting hið skemmsta vera 1 ár, sbr. 3. mgr. 81. gr. sömu laga. Eigi verða því kröfur ákærða teknar til greina, og þykir refsing hon-

um til handa hæfilega ákveðin kr. 200.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Með vísan til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er ákærði sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Stefánsson, greiði kr. 200.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði sæti 15 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. september 1981.

Nr. 22/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ragnari Ingimundi Ágústssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. september 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 10. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 417/1980: Ákæruvaldið gegn Ragnari Ingimundi Ágústssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. júní sl., á hendur ákærða, „Ragnari Ingimundi Ágústssyni bifreiðarstjóra, Þykkvabæ 21 í Reykjavík, fæddum 25. desember 1952 að Hvoli í Dalasýslu, fyrir að hafa um kl. 1:00 aðfaranótt sunnudagsins 23. mars 1980 ekið bifreiðinni R 9743 með 130 kílómetra hraða vestur Reykjanesbraut um Vogastapa í náttmyrkri.

Telst þetta varða við 1., 2. og b lið 3. mgr. 49. gr., 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. auglýsingu nr. 108/1966 um hámarkshraða á Reykjanesbraut.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu.

Sunnudaginn 23. mars sl. voru lögreglumennirnir Þorgrímur Guðmundsson og Lúðvík Eiðsson staddir á Vogaafleggjara, Vogum, er þeir veittu athygli bifreiðinni R 9743, er ákærði ók áleiðis til Keflavíkur. Í frumskýrslu lögreglumannanna segir, að þeir hafi veitt bifreiðinni eftirför og mælt ökuhraða hennar með jöfnu bili milli hennar og lögreglubifreiðarinnar um Vogastapa og hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá sýnt 130 km hraða miðað við klst. Í lögregluskýrslu segir enn fremur, að lítil umferð hafi verið, akbraut þurr, náttmyrkur.

Þann 30. apríl sl. gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, og kvaðst ákærði þá mótmæla hraða þeim, er lögreglumennirnir teldu sig hafa ekið á. Kvaðst ákærði hafa ekið á um 100 km hraða miðað við klst.

Þann 9. maí sl. gáfu lögreglumennirnir Þorgrímur Guðmundsson og Lúðvík Eiðsson skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, og staðfestu báðir hraða þann, er þeir kváðust hafa mælt, eða 130 km miðað við klst.

Þann 25. apríl sl. ákvað lögreglustjórinn í Reykjavík að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt ákærða þann 9. maí sl. Þann 4. júní sl. kom ákærði fyrir dóm og var boðið að ljúka málinu með dómssátt, sektargreiðslu og 2 mánaða ökuleyfissviptingu. Ákærði hafnaði því, og ákvað dómarinn þá að fella úr gildi bráðabirgðasviptingu lögreglustjórans í Reykjavík.

Þann 29. júlí sl. kom fyrir dóminn sem vitni Þorgrímur Guðmundsson lögreglumaður. Vitnið skýrði svo frá, að tekist hefði að halda jöfnu bili milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðar ákærða nokkurn spöl, og sýndi þá hraðamæir lögreglubifreiðarinnar 130 km hraða miðað við klst. Kvað vitnið mælinguna hafa hafist, er þeir höfðu náð bifreiðinni í brekkunni norðan á Vogastapanum, og kvað vitnið bilið milli bifreiðanna hafa verið 6—7 bíllengdir, þegar mæling fór fram.

Vitnið kvaðst ekki muna, hversu langan tíma mælingin tók, og kvaðst hafa þurft að aka lögreglubifreiðinni með allt að 140—150 km hraða til þess að ná bifreið ákærða.

Vitnið kvaðst hafa sett rauð aðvörunarljós á lögreglubifreiðina við Grindavíkurafleggjara, en bifreið ákærða hafi verið stöðvuð miðja vegu milli Grindavíkurafleggjara og afleggjarans að Keflavíkurflugvelli.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Lúðvík Jóhannes Eiðsson lögreglumaður. Vitnið kvaðst ekki minnast málsatvika nákvæmlega og ekki muna í smáatriðum, hvernig að mælingunni var staðið. Vitnið kvaðst minna, að yfirheyrslan hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 9. maí sl. hafi farið þannig fram, að það hafi fengið í hendur frumrit lögregluskýrslunnar og staðfest efni hennar eftir lestur.

Sama dag kom ákærði fyrir dóminn. Kvaðst ákærði ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðar sinnar, en taldi sig ekki hafa ekið hraðar en á 80—100 km hraða miðað við klst. Kvaðst ákærði

hafa verið stöðvaður ca 500 metra sunnan við Grindavíkurafleggjarann.

Fimmtudaginn 21. ágúst sl. fór dómarinn á vettvang ásamt verjanda ákærða.

Með hliðsjón af framburðum lögreglumannanna og játningu ákærða telst sannað, að ákærði ók talsvert hraðar en leyft er á umræddum vegarkafla. Hins vegar þykir varhugavert að slá því föstu, hversu hratt ákærði ók, þar sem ólíklegt er, að lögreglumennirnir hafi náð bifreið ákærða í brekkunni í Vogastapanum, hafi hann ekið á 130 km hraða miðað við klst.

Brot ákærða þykir rétt fært til refsiákvæða í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1971 14/10 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.

1978 1/3 í Reykjavík: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 49. gr. umferðarlaga.

1978 15/11 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 27. gr. laga nr. 39/1941. (Sæti upptöku á talstöð, Aircommand CB 140, 40 rása).

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60.000 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 3 daga.

Með hliðsjón af málavöxtum öllum og aðstæðum á vettvangi þykir ekki alveg næg ástæða til þess að svipta ákærða ökurétttindum, eins og krafist er í ákæruskjali.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 120.000.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Ingimundur Ágústsson, greiði kr. 60.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 120.000.

Fimmtudaginn 24. september 1981.

Nr. 219/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðfinni Birki Antonssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Þjófnaður. Náðun. Réttaráhrif ítrekunar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarmat og færslu hátternis til refsiákvæða.

Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 21. september 1981, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, lauk ákærði hinn 8. maí 1974 við að afplána refsingu samkvæmt dómi Hæstaréttar 16. maí 1973. Hinn 27. september 1974 var ákærði náðaður af þeim hluta refsivistar, 98 dögum, er hann þá átti óafplánaðan samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 4. apríl 1973. Sama dag var ákærði náðaður af fangelsisrefsingu samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 6. júní 1973. Í báðum tilvikum var ákærði náðaður skilorðsbundið. Var skilorðstími 3 ár, og stóðst hann skilorð náðunar.

Um skilorðsbundna náðun eru nú ákvæði í 5. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Þykir eðlilegast samkvæmt almennum sakfræðiviðhorfum og meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga, að um réttaráhrif þeirrar skilorðsbundnu náðunar, er ákærði hlaut hinn 27. september 1974, fari eftir fyrrgreindri 42. gr., sbr. 3. mgr. hennar, svo sem hún er orðuð með 3. mgr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Með því að ákærði stóðst skilorð náðunar, ber að telja refsingu fullnægt á því tímamarki, er hann hlaut náðun. Voru réttaráhrif ítrekunar vegna refsidóma þeirra, er náðunin laut að, því fallin brott, þegar ákærði

framdi brot það, sem hann er nú sakfelldur fyrir, sbr. 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Að þessu aðgættu þykir mega staðfesta refsiákvörðun héraðsdómara.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um bótagreiðslu og sakarkostnað að aðgættum lagaákvæðum um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, sbr. lög nr. 35/1979.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. júní 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 18. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 310/1980: Ákæruvaldið gegn Guðfinni Birki Antonssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 30. f. m., gegn Guðfinni Birki Antonssyni, Sörlaskjóli 58, fæddum 10. febrúar 1949 á Ísafirði, „fyrir þjófnað með því að hafa miðvikudaginn 23. apríl 1980 farið inn í herbergi Páls Tómassonar í Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði og stolið 300.000 krónum úr skúffu.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Í máli þessu hefur Páll Tómasson, Nesvegi 25, Neskaupstað, krafist þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð 61.200 kr.

Sannað þykir með framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn, að hann hafi að morgni miðvikudagsins 23. apríl sl., er hann dvaldist í Heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði, tekið 300.000 kr. í peningum úr ólæstri skúffu í herbergi Páls Tómassonar úr Neskaupstað, sem einnig dvaldist í hælinu. Með peningana fór ákærði til Reykjavíkur. Lögreglan hafði upp á honum sama dag, og átti hann þá eftir 238.800 kr., en mismuninum var hann búinn að eyða.

Brot ákærða varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru segir.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

12. júní 1970 7 mán. fangelsi fyrir brot gegn 248. og 261. gr. alm. hegningarlaga.

3. sept. 1970 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað og fjárdrátt.

15. jan. 1971 sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

8. júlí 1971 4 mán. fangelsi fyrir fjársvik.

8. ágúst 1972 1 árs fangelsi fyrir skjalafals og fjársvik.

16. okt. 1972 60 daga fangelsi (hegningarauki) fyrir fjársvik.

(Tveim síðasttöldu málunum var skotið til Hæstaréttar, og voru þau dæmd þar í einu lagi. Niðurstaða 12 mánaða fangelsi).

4. apríl 1973 8 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.

6. júní 1973 10 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.

26. sept. 1973 sakfelldur fyrir ölvun við bifreiðarstjórn, en refsing ekki dæmd.

Ákærði á þannig langan brotaferil að baki, en hann hefur þó ekki sætt refsingu fyrir auðgunarbrot sl. 7 ár.

Refsing ákærða verður ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Krafa Páls Tómassonar verður tekin til greina.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Guðfinnur Birkir Antonsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Páli Tómassyni 61.200 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Fimmdudaginn 24. september 1981.

Nr. 64/1979. **Óli Anton Bieltvedt**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Uusi Kivipaino Oy
og gagnsök
(Guðmundur Ingi Sigurðsson hrl.).

Víxilábyrgð (aval). Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. mars 1979. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. apríl 1979. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 202.572.00 norskar krónur með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 8. október 1978 til greiðsludags og 40.00 norskar krónur í afsagnarkostnað. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf hins konunglega dóms- og lögregluráðuneytis í Noregi, dags. 6. júlí 1981. Er það svar við beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 13. maí 1981 um upplýsingar um það, hvernig norskir dómstólar hafi skýrt 4. mgr. 31. greinar hinnar norsku víxillaga nr. 2 frá 27. maí 1932 í dómsúrlausnum sínum, svo og um dráttarvexti af víxilskuldum í Noregi. Var beiðni þessari komið á framfæri samkvæmt ósk lögmanna málsaðilja að ábendingu Hæstaréttar. Segir svo í bréfi hins norska ráðuneytis í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.

„1. Eftir því sem við best vitum er engin norsk dómhefð, sem segir til um skilgreiningu á víxlalögum frá árinu

1932, 31. grein, 4. atriði. Við höfum farið yfir norskt dómasafn og þó nokkuð af rituðu máli, sem fjallar um slík efni, án þess að finna nokkra túlkun á 4. atriði 31. greinar að frátöldum þeim dómi, sem nefndur er í bréfum lögmannanna (BRD III nr. 676). Sá dómur var reyndar kveðinn upp árið 1905 og byggður á víxlalögum frá 1880, grein 87, og þar er engin regla um, fyrir hvern ábyrgð sé tekin.

2. Vanskilavextir víxilskulda samkvæmt víxlalögum, 48. grein, nr. 2, samanber 49. grein, nr. 2, eru sem stendur 6% á ári í Noregi. Dómsmálaráðuneytið mun þó innan tíðar taka fyrir spurninguna um hækkun vaxtanna."

Að athuguðu því, sem nú hefur verið greint, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að dráttarvextir verða eigi dæmdir hærri en 6% á ári frá gjalddaga víxilsins 8. október 1978 til greiðsludags, sbr. 2. mgr. 81. gr. víxillaga nr. 93/1933 svo og 1. mgr. 32. gr. og 2. tl. 48. gr., sbr. 2. tl. 49. gr. hinna norsku víxillaga.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn samtals 35.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Óli Anton Bieltvedt, greiði gagnáfrýjanda, Uusi Kivipaino Oy, 202.572.00 norskar krónur með 6% ársvöxtum frá 8. október 1978 til greiðsludags, 40.00 norskar krónur í afsagnarkostnað og samtals 35.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, lýtur úrlausn máls þessa ákvæðum norskra laga. Um víxla og víxilskuldbind-

ingar giltu og gilda nú í Noregi lög nr. 2 frá 27. maí 1932. Um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar, gildir 4. málsgrein 31. gr. hinna norsku víxillaga, svo sem rakið er í héraðsdómi. Ég tel, að skýlausum fyrirmælum þess lagaákvæðis verði ekki vikið til hliðar í víxilmáli.

Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 35.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Óli Anton Bieltvedt, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Uusi Kivipaino Oy, í málinu.

Gagnáfrýjandi, Uusi Kivipaino Oy, greiði aðaláfrýjanda, Óla Anton Bieltvedt, samtals 35.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 26. febrúar sl., hefur Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Laufásvegi 12, Reykjavík, f. h. Uusi Kivipaino Oy, Pispalanvaltatie 145, 33270, Tampere, Finnlandi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri fimmtudaginn 25. janúar 1979, gegn Óla Anton Bieltvedt, Fellsmúla 9, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð norskar kr. 202.572.00 með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 8. október 1978 til greiðsludags, norskar kr. 40.00 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu, þó eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar í máli þessu, en eigi bar sú viðleitni árangur.

II.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt víxli, útgefnum 10. apríl 1978 af Uusi Kivipaino Oy, framseldum af sama til Kansallis-Osake-Pankki, Finnlandi, sem framseldi víxilinn til innheimtu í bankastofnun, og hafi víxillinn verið til innheimtu í Andresens Bank A/S, Osló, Noregi. Víxillinn hafi verið samþykktur til greiðslu á gjalddaga 8. október 1978 af Internesco Norge A/S, Gustav Vigelands vei 1, Oslo, Noregi. Stefndi hafi tekið ábyrgð á greiðslu víxilskuldarinnar með áritun á víxilinn, gerðri í Osló 7. apríl 1978 (avalábyrgð). Víxillinn hafi verið afsagður sökum greiðslufalls og hafi útgefandi þurft að leysa hann til sín, eins og handhöfn hans beri með sér. Samþykkjandi víxilsins, Internesco Noregi, sé nú ógjaldfær og því verði að krefja stefnda um víxilskuldina á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingarinnar.

III.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933 skuli í víxilábyrgð greina, fyrir hvern hún sé tekin. Sé það ekki gert, teljist hún tekin fyrir útgefanda. Ákvæði norskra víxillaga séu sama efnis og íslensku víxillögin, hvað þetta atriði varði, sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 93/1933. Af ábyrgðaryfirlýsingu stefnda á dskj. nr. 2 verði ekki séð, fyrir hvern ábyrgðin sé tekin, og af því leiði með hliðsjón af framan rituðu, að stefnandi eigi ekki víxilrétt á hendur stefnda og því verði að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu. Nánari grein verður gerð fyrir lagarökum stefnda í IV hér á eftir.

IV.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að með árituninni: „Undertegnede gir herved alvalgaranti. Oslo 07.04.1978 Oli Anton Bieldtvedt". Á framhlið áðurnefnds víxils hafi stefndi, Óli Anton Bieltvedt, ábyrgst gagnvart útgefanda víxilsins greiðsluskuldbindingu samþykkjandans, Internesco Norge A/S.

Samþykkjandinn, Internesco Norge A/S, sé nú ógjaldfær og því beini útgefandi víxilsins kröfum sínum að stefnda á grundvelli 1. mgr. 32. gr. laga nr. 93/1933, þar sem stefndi hafi með framangreindri ábyrgðaryfirlýsingu tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu víxilskuldarinnar. Stefnandi kveður það engu máli skipta í þessu sambandi, þótt stefnda hafi láðst að geta þess í ábyrgðaryfirlýsingu sinni, fyrir hvern hún væri tekin. 4. mgr. 31. gr. laga

nr. 93/1933 segi að vísu berum orðum, að í ábyrgð skuli greina, fyrir hvern hún sé tekin, og sé það eigi gert, skuli líta svo á, að hún sé tekin fyrir útgefanda. Telur stefnandi, að lagaákvæði þetta beri ekki að túlka eftir orðanna hljóðan. Þannig skipti verulegu máli, hvar á víxli ábyrgðarlýsingu sé að finna, og nægi það með öðru til að ganga úr skugga um, fyrir hvern ábyrgð sé tekin. Ákvæði 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933 um, að ábyrgð skoðist tekin fyrir útgefanda, ef ekki sé í ábyrgðaryfirlýsingu greint, fyrir hvern hún sé tekin, eigi þá fyrst, þegar það verði ekki ráðið af staðsetningu hennar á víxli og atvikum öðrum, fyrir hvern ábyrgðin var tekin. Samþykkjandi áðurnefnds víxils hafi, eins og venja standi til, ritað samþykki sitt þvert yfir vinstri framhlið víxilsins og stefndi hafi ritað ábyrgðaryfirlýsingu sína fast við nafnritun samþykkjanda. Sé af þessu augljóst mál, hver hafi verið tilætlun stefnda með þessu, sem sé sú að gangast í ábyrgð fyrir samþykkjanda víxilsins. Telur stefnandi þessa skýringu sína á 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933 eiga sér stoð í skýringum fræðimanna á sviði víxilréttar á lagagreininni, og vitnar hann í því sambandi til skýringa Ólafs Lárussonar í ritinu Víxlar og Tékkar, útg. í Reykjavík MCMLVII, bls. 58.

Þá telur stefnandi, að af öðrum gögnum máls þessa megi leiða það í ljós, að það hafi verið tilætlan stefnda að gangast í ábyrgð fyrir samþykkjandann. Nefnir hann eftirfarandi þessu til stuðnings: 1) Ekkert það samband sé á milli stefnanda málsins, Uusi Kivipaion, og stefnda, Óla Antons, sem rennt geti stoðum undir þá fullyrðingu, að ábyrgðin hafi verið tekin fyrir útgefanda víxilsins. 2) Milli stefnda, Óla Antons, og samþykkjanda víxilsins, Internesco Norge A/S, séu veruleg tengsl. Óli Anton sé forstjóri Nesco International á Íslandi, sem sé móðurfyrirtæki Internesco Norge A/S. 3) Óli Anton sé einn af aðaleigendum Internesco Norge A/S. 4) Víxill sá, sem skuldin sé byggð á, sé þannig til kominn, að samþykkjandi hafi keypt prentvinnu af Uusi Kivipaino. Til að greiða skuld sína vegna prentvinnu þessarar hafi Internesco Norge A/S samþykkt víxil, sem Uusi Kivipaino hafi verið útgefandi að. Með áritun sinni á víxilinn hinn 7. apríl 1978 hafi stefndi, Óli Anton, tekið ábyrgðina fyrir samþykkjanda víxilsins í því markmiði að tryggja það, að útgefandi hlyti greiðslu, ef greiðsluþrot yrði hjá samþykkjanda. 5) Loks hefur stefnandi bent á, að er lögmaður stefnanda hér á landi hafi hafið innheimtutilraunir gegn stefnda, hafi stefndi komið fram með ákveðið greiðslutilboð, sbr. dskj. nr. 7. Þar komi fram tilboð um, að Nesco International

á Íslandi taki að sér greiðslu skuldarinnar og Óli Anton Bieltvedt ábyrgist þær greiðslur persónulega.

Þegar allt það sé virt, er hér að framan greini, þ. e. tengsl stefnda og samþykkjanda víxilsins, atvik málsins að öðru leyti og svo staðsetning ábyrgðaryfirlýsingar stefnda á víxlinum, sé engum vafa undirorpið, fyrir hvern ábyrgðin á víxlinum hafi verið tekin.

Eins og fyrr greinir, reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að í ábyrgð skuli greina, fyrir hvern hún sé tekin, og sé það eigi gert, þá skuli hún teljast tekin fyrir útgefanda, sbr. 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 2. mgr. 81. gr. sömu laga. Af þessu leiði, að stefnandi sem útgefandi víxilsins eigi ekki víxilrétt á hendur þeim manni, sem telja verður ábyrgðarmann hans á víxlinum. Sé því eigi önnur niðurstaða fyrir hendi en að sýkna stefnda. Stefndi mótmælir alfarið þeirri túlkun stefnanda á 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 2. mgr. 81. gr. sömu laga, að það geti skipt einhverju máli í þessu sambandi, hvar á víxilplagginu ábyrgðaryfirlýsingu stefnda sé að finna. Það sé skýrt tekið fram í 4. mgr. 31. gr. fyrrnefndra laga, að nafngreining þess manns, sem ábyrgðin sé tekin fyrir, þurfi að koma fram í ábyrgðaryfirlýsingunni. Sé svo fyrirmælt í niðurlagsákvæði greinarinnar, að vanti nafngreiningu, beri að telja ábyrgðina tekna fyrir útgefanda víxilsins. Orðalag ákvæðisins sé skýrt og alveg ótvírætt um þetta atriði og framangreindur skilningur sinn eigi sér stoð í skoðunum fræðimanna, t. d. komi þessi skilningur skýrt fram í ritinu BANKJURA, København 1969, bls. 278. Við munnlegan flutning málsins var því eindregið mótmælt af hálfu stefnda, að hann hefði á nokkurn hátt viðurkennt að hafa tekið avalábyrgð fyrir samþykkjanda umrædds víxils. Að því er varðaði greiðslutilboð stefnda, það sem fram kæmi á dskj. nr. 7, þá fæli það ekki í sér neins konar viðurkenningu stefnda á því, fyrir hvern ábyrgðin hefði verið tekin, heldur hefði það verið liður í tilraunum stefnda til þess að gera greiðsluþrot Internesco sem áfallaminnst fyrir kröfuhafa þess, en stefndi væri stjórnarformaður Nesco International á Íslandi, sem væri móðurfyrirtæki Internesco í Noregi. Þá ítrekaði stefnandi það sjónarmið sitt, að mál þetta væri víxilmál og ætti því að hljóta víxilmálameðferð og því væru önnur gögn málsins en víxillinn sjálfur málinu óviðkomandi. Mótmælti hann því þannig, að atriði eins og tengsl Internesco og Nesco International hefðu nokkuð að segja varðandi ákvörðun um það, fyrir hvern ætla mætti, að ábyrgðin væri tekin. Einungis bæri að líta á ábyrgðaryfirlýs-

inguna sjálfa og formreglur 4. mgr. 31. gr. áðurnefndra laga, sem um ábyrgðarform þetta giltu.

V.

Niðurstaða.

Stefnandi höfðar mál þetta skv. víxli, sem hann hefur lagt fram í málinu á dskj. nr. 2, með formlega löglegri heimild sér til handa. Mál þetta er því víxilmál samkv. 17. kafla laga nr. 85/1936. Svarar víxill þessi hvívetna til málavaxtalýsingar stefnanda í stefnu.

Víxill þessi var út gefinn í Osló í Noregi 10. apríl 1978, og var greiðslustaður hans í Andresens Bank A/S, Osló, Noregi. Stefndi, Óli Anton Bieltvedt, reit ábyrgðaryfirlýsingu sína á víxilinn í Osló 7. apríl 1978, en á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingarinnar er hann sóttur til greiðslu víxilskuldarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 2. mgr. 81. gr. sömu laga, lítur úrlausn máls þessa ákvæðum norskra laga. Um víxla og víxilskuldbindingar gilda nú í Noregi lög nr. 2 frá 27. maí 1932. Tilvitnanir til lagaákvæða í þessum þætti málsins eiga því hér eftir við ákvæði norsku víxillaganna, nema annars sé sérstaklega getið.

Framlagður víxill, sá er stefnandi reisir dómkröfur sínar á, ber það með sér, að stefndi í máli þessu, Óli Anton Bieltvedt, reit á víxilinn svohljóðandi avalábyrgðaryfirlýsingu:

„Undertegnede gir herved avalgaranti.

Oslo, 07.04.1978. Óli Anton Bieltvedt".

Eins og rakið er í II, III, og IV hér að framan, er ágreiningsefni máls þessa það, fyrir hvern stefndi, Óli Anton, gekk í ábyrgð, þá er hann reit framangreinda ábyrgðaryfirlýsingu á víxilinn. Ákvæði það, er í hinum norsku lögum gildir um tilvik þetta og er samhljóða 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933, er svo hljóðandi:

„Aval skal angi for hvem den tegnes. I mangel av sådan angivelse anses den tegnet for trassanten."

Úrlausn máls þessa veltur þar af leiðandi á því, hvernig túlka beri ákvæði þetta í hinum norsku lögum, en um það atriði er ágreiningur með málsaðiljum.

Lög þau, sem um víxilskuldbindingar giltu í Noregi fram til 1932, voru frá árinu 1880. Í þeim var ekki að finna samsvarandi ákvæði og 4. mgr. 31. gr. laga nr. 2/1932. Engu að síður gerðu þau lög ráð fyrir því, að til væri avalábyrgð, sbr. 2. mgr. 87. gr. þeirra laga, en eigi var í lögunum að finna fyrirmæli um það, með hvaða hætti ábyrgðaryfirlýsing þessi skyldi úr garði gerð. Hins

vegar mun það hafa verið viðurkennt bæði í fræðum og framkvæmd í skandinaviskum, þýskum og hollenskum rétti, að staðsetning ábyrgðaryfirlýsingar á víxileyðublaði væri nægjanlegt sönnunargagn um það, fyrir hvern ábyrgðin væri tekin. Tíðkaðist þannig, að ábyrgðarmaður ritaði nafn sitt undir nafn þess manns, er hann gekk í ábyrgð fyrir. Árið 1930 var að tilhlutan Þjóðabandalagsins haldinn alþjóðafundur í Genf, og sóttu hann fulltrúar 32 ríkja. Á fundi þessum voru gerðar þrjár alþjóðasamþykktir, og var hin fyrsta þess eðlis, að aðildarríki samningsins skuldbundu sig til þess að lögtaka hjá sér víxillög, er væru samhljóða texta þeirra víxillaga, sem tekin voru upp í samþykktina. Voru samþykktir þessar undirritaðar af fulltrúum 22 ríkja í fundarlok hinn 7. júní 1930. Er Noregur meðal ríkja þeirra, er staðfest hafa samning þennan og tekið á sig þær skyldur, er í honum greinir. 31. gr. núgildandi norskra víxillaga er í 1. þætti laganna, en 1. og 11. þáttur laganna er efnislega samhljóða lagatextanum, sem tekinn var upp í Genfarsamþykktina. Þegar rakin er framangreind forsaga og aðdragandi að setningu norsku víxillaganna frá 1932, má ljóst vera, að lagatextinn, sem tekinn var upp í Genfarsamþykktina, og umræðurnar, sem urðu um hann á Genfarráðstefnunni, geta verið til verulegrar leiðbeiningar og skilningsauka á því, hvernig skýra beri ákvæði hinna norsku víxillaga.

Allmiklar umræður urðu á Genfarráðstefnunni um avalábyrgð og form hennar. Af umræðum þeim, sem fram fóru á alþjóðaráðstefnunni og birtar eru í Do. Comptes Rendus de la Conférence, Genéve 1930 (FFdoK. 360 M 151 — 1930 II), má ráða, að fram til þess, að ráðstefnan var haldin, mun hafa verið almennt viðurkennt, að staðsetning ábyrgðaryfirlýsingar avalábyrgðarmanns réði því, fyrir hvern telja bæri ábyrgðina tekna. Ástæða þess, að upp í lagatextann var tekið ákvæði um það, að í ábyrgðaryfirlýsingunni þyrfti að greina, fyrir hvern hún væri tekin, var sú, að með ótvíræðu orðalagi vildu ráðstefnumeðlimir taka af öll tvímæli um það, að hin eldri regla, þ. e. reglan um, að staðsetning ábyrgðaryfirlýsingar gæti skipt máli, gilti ekki lengur, enda var svo í lagatextann tekið upp ákvæði þess efnis, hvernig líta bæri á, þegar nafngreiningu skorti, þ. e. að ábyrgðina bæri að telja tekna fyrir útgefanda víxils.

Að þessu athuguðu má ljóst vera, að eðlilegasti skýringarkosturinn á 4. mgr. 31. gr. laga nr. 2/1932, þegar vafi leikur á, fyrir hvern ábyrgð hefur verið tekin, eins og er í máli þessu, hlýtur tvímælalaust að vera sá að skoða avalábyrgð tekna fyrir útgef-

anda, þegar nafngreiningu skortir. Hins vegar er það álitamál, hvort það hafi verið tilætlan löggjafans, að greinin yrði skýrð eftir orðanna hljóðan, þegar telja má fram komna í máli sönnun um það, að ábyrgðin hafi í raun verið tekin fyrir annan aðilja en útgefanda. Dómurinn lítur svo á, að það sé andstætt eðli og grundvallarrökum víxillaganna að túlka ákvæði 4. mgr. 31. gr. bókstafstúlkun, þegar sönnun kemur fram um hið gagnstæða.

Liggur þá næst fyrir að meta, hvort stefnandi hafi sannað eða gert það sennilegt, að stefndi í máli þessu, Óli Anton Bieltvedt, hafi í raun gengið í ábyrgð fyrir samþykkjanda víxilsins, Internesco Norge A/S, eins og stefnandi heldur fram, en þeirri staðhæfingu hefur verið mótmælt af hálfu stefnda við flutning máls þessa.

Er mál þetta var fyrst tekið fyrir 21. febrúar sl. beindi dómari málsins þeim tilmælum til lögmanns stefnda, að stefndi kæmi fyrir dóm og upplýsti, fyrir hvern hann hefði tekið ábyrgð með áritun sinni á víxilinn. Samþykkti lögmaður hans það. Er málið skyldi tekið fyrir til aðiljayfirheyrslu 26. febrúar sl., mætti stefndi ekki, og lögmaður hans upplýsti, að stefndi hygðist ekki koma fyrir dóm. Þó svo að ekki liggi fyrir í máli þessu skýrsla stefnda um það, fyrir hvern hann gekk í ábyrgð með áritun sinni á víxilinn, þykja engu að síður gögn máls þessa benda sterklega til þess, að stefndi, Óli Anton, hafi með áritun sinni á víxilinn gengist í ábyrgð fyrir samþykkjanda hans. Fyrst er þess að geta, sem lögmaður stefnda upplýsti við munnlegan flutning málsins, að Nesco International h/f á Íslandi er móðurfyrirtæki Internesco Norge A/S, en stefndi, Óli Anton, mun vera stjórnarformaður Nesco International á Íslandi. Í bréfi, dags. 15. nóvember 1978, sem stefndi reit Ólafi B. Thors, framkvæmdastjóra Almennra trygginga h/f, og ekki er ritað í tilefni málshöfðunar þessarar, en bréf þetta hefur stefnandi lagt fram á dskj. nr. 8, kemur fram, að stefndi, Óli Anton, er annar af aðaleigendum Internesco Norge A/S. Í þessu sama bréfi kemur einnig fram, að stefndi, Óli Anton, hefur haft verulega afskipti af fjármálastjórn Internesco Norge A/S. Þá kemur einnig fram í bréfi þessu, að eigendur Internesco Norge A/S urðu að ábyrgjast persónulega allar fjárskuldbindingar fyrirtækisins gagnvart Andresens Bank. Loks er þess að geta, að þegar lögmaður stefnanda hóf innheimtutilraunir hér á landi gegn stefnda, ritaði stefndi honum bréf, sem stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 7. Í bréfi þessu kemur fram ákveðið greiðslutilboð af hálfu stefnda, og er það svohljóðandi:

„.... Tilboð mitt er þetta:

1) NESCO INTERNATIONAL H/F tekur að sér greiðslu umræddrar skuldar Internesco Norge A/S. Skuldarstofn verði N.kr. 202.572.00. Skuldin verði greidd með 10 ára skuldabréfi talið frá 8. okt. s.l. Bréf þetta verði afborgunarlaust 3 fyrstu árin. Vextir verði sjö af hundraði á ári og greiðist þeir árlega eftir á, í fyrsta sinn 8. október 1979. Fyrsta afborgun, N.kr. 28.938.00 fari fram 8. okt. 1981.
2) Ég ábyrgist greiðslu skuldarinnar persónulega.
3) Við frágang þessa máls fari fram uppgjör á innheimtuþóknun yðar, kr. 550.646,00. .... "

Þegar höfð er í huga vanræksla stefnda á að koma fyrir dóm í máli þessu og þau atvik, sem hér eru að framan rakin um tengsl stefnda við Internesco Norge A/S, þykir samkvæmt undirstöðurökum 116. gr. laga nr. 85/1936 nægilega í ljós leitt, að stefndi hafi með framangreindri ábyrgðaryfirlýsingu sinni á víxilinn gengið í ábyrgð fyrir Internesco Norge A/S, enda þykir 4. mgr. 31. gr. laga nr. 2/1932 frá 27. maí eigi standa því í vegi, að svo verði litið á.

Að þessu athuguðu þykir stefnandi eiga víxilrétt á hendur stefnda, og verða kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að rétt þykir, að skuld þessi beri 15% ársvexti frá 8. október 1978 til greiðsludags, en samkvæmt upplýsingum norska Seðlabankans bera víxilskuldir þar í landi 15% vanskilavexti á ári.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.000, og er þá tekið mið af eðli og umfangi máls þessa.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Stefndi, Óli Anton Bieltvedt, greiði stefnanda, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Uusi Kivipaino Oy, Tampere, Finnlandi, norskar kr. 202.572.00 með 15% ársvöxtum frá 8. október 1978 til greiðsludags, norskar kr. 40.00 í afsagnarkostnað og kr. 600.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudagur 28. september 1981.

Nr. 166/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Erni Hjálmtýssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Skjalafals. Tékkamisferli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ljósrit nokkurra skjala varðandi viðskipti ákærða við útibú Iðnaðarbanka Íslands h/f í Hafnarfirði, ljósrit úr firmaskrá Reykjavíkur varðandi Fyrirgreiðslustofuna og bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 21. september 1981, um, að ákærði hafi ekki afplánað 15 mánaða fangelsisrefsingu samkvæmt dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 6. júní 1973.

I.

Ákæra, dagsett 14. mars 1979.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms varðandi þessa ákæru ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakarmat og færslu hátternis til refsiákvæðis.

Fjárkrafa sú, sem Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður f. h. Þorleifs Guðmundssonar vegna Fyrirgreiðsluskrifstofunnar hefur gert á hendur ákærða, er skaðabótakrafa, en eigi víxilkrafa. Að því er dráttarvexti varðar er kröfugerðin og samþykki ákærða, er krafan var borin undir hann í sakadómi 5. desember 1979, eigi tvímælalaus. Verða einungis dæmdir af kröfu þessari dráttarvextir, sem greiða bar af skaðabótakröfum á þeim tíma, sem vaxtakrafan tekur til, 20. október 1977 til 24. nóvember 1978. Þeir vextir eru 13% ársvextir frá hinum fyrrgreinda degi til 21. nóvember 1977,

16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvextir frá þeim degi til 24. nóvember 1978.

Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða Þorleifi Guðmundssyni vegna Fyrirgreiðsluskrifstofunnar 8.376.90 krónur með vöxtum, eins og að framan segir, af 8.303.10 krónum.

II.

Ákæra, dagsett 30. ágúst 1979.

Ávísun þá, sem fyrsti töluliður ákæru þessarar fjallar um, gaf ákærði út í marsmánuði 1978. Hlaupareikningi nr. 390 við Iðnaðarbanka Íslands h/f í Hafnarfirði, sem ávísun þessi var gefin út á, var lokað í aprílmánuði sama ár. Ákærði heldur, að hann hafi notað ávísunarfjárhæðina til þess að kaupa bensín, en það fær tæplega samrýmst því, að afurðadeild SÍS framselur ávísunina til banka, og aðrir handhafar eru ekki skráðir á hana. Engin gangskör hefur verið gerð að því að reyna að rekja feril ávísunarinnar. Er því óvíst, hvaða viðskiptum útgáfa var tengd. Þykir ákærði eiga að njóta þess vafa, sem á því leikur, hvaða viðskipti lágu að baki. Ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1930. Hins vegar varðar atferli hans við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um annan og þriðja lið ákæru þessarar með þeim breytingum að því er skaðabætur varðar, sem leiða af gjaldmiðilsbreytingu um áramót 1980/1981.

III.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 6. júlí 1973 er óafplánaður og hafði því ítrekunaráhrif, þegar ákærði framdi brot sín.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 255. gr. og 71. gr. sömu laga, fangelsi í 6 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Örn Hjálmtýsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði Þorleifi Guðmundssyni vegna Fyrirgreiðsluskrifstofunnar 8.376.90 krónur með 13% ársvöxtum af 8.303.10 krónum frá 20. október 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 24. nóvember 1978.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabótagreiðslur að öðru leyti, sakarkostnað og málsvarnarlaun eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. janúar 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 17. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 17/1980: Ákæruvaldið gegn Sigurði Erni Hjálmtýssyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Málið er fyrst höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars sl., „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Sigurði Erni Hjálmtýssyni, Hrefnugötu 5, Reykjavík, fæddum þar í borg 28. maí 1918, fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að rita heimildarlaust nafn Óskars Sigurðssonar, Eyrarseli 1 (sic), Stokksevri, á eftirtalda bréf víxla sem samþykkjanda og selja síðan víxlana Þorleifi Guðmundssyni á Fyrirgreiðsluskrifstofunni, Vesturgötu 17, Reykjavík, sem síðan er útgefandi og framseljandi þeirra, en ákærði ábekingur:

1. Víxill, að fjárhæð kr. 300.000. Enginn útgáfudagur, en gjald-

dagi 20. október 1977. Greiðslustaður í Verzlunarbanka Íslands hf., Reykjavík.

2. Víxill, að fjárhæð kr. 300.000. Útgáfudagur 20. september 1977, en galddagi 20. október 1977. Greiðslustaður í Landsbanka Íslands, Selfossi.

3. Víxill, að fjárhæð kr. 230.310. Sami útgáfudagur, gjalddagi og greiðslustaður.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Þá er málið höfðað gegn ákærða með ákæru, dagsettri 30. ágúst sl., „fyrir að gefa út á árinu 1978 þrjá tékka á reikning sinn nr. 390 í Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúið í Hafnarfirði, og nota í viðskiptum, þrátt fyrir að innstæða væri ekki á reikningnum og honum lokað 6. apríl 1978.

1. Nr. 82061, kr. 11.000, útgefinn 22. mars. Seldur afurðasölu SÍS.

2. Nr. 82089, kr. 30.000, útgefinn 1. nóvember. Seldur kunningja ákærða fyrir peninga.

3. Nr. 82093, kr. 190.000, útgefinn 15. ágúst. Seldur kunningja ákærða fyrir peninga.

Teljast verknaðir þessir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1939 16/6 Reykjavík: Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 255. gr. almennra hegningarlaga og 6. gr. laga nr. 51/1928.

1940 24/8 Reykjavík: Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 36. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1941 17/4 Reykjavík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 32. gr. og 31. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1942 8/12 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1944 15/11 Reykjavík: Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1947 10/12 Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 15/3 Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 19/11 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bfreiðastæði.
1951 10/12 Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1952 17/11 Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1953 29/10 Reykjavík: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.
1954 25/2 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 27. gr. bifreiðalaga.
1955 11/2 Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
1959 18/2 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár frá 18. febrúar 1959, fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
1959 10/10 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1961 7/9 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarbrot.
1962 12/12 Reykjavík: Dómur, 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 247. gr. hegningarlaga.
1963 26/4 Reykjavík: Dómur Hæstiréttar í sama máli: Fangelsi í 4 mánuði fyrir brot á 2. mgr. 247. gr. hegningarlaga.
1964 19/2 Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
1964 10/3 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
1969 6/1 Gullbringu og Kjósarsýslu: Dómur: Fangelsi í 2 mánuði fyrir brot á 247., 248. og 261. gr. hegningarlaga.
1968 11/9 Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sátt, 1.600 kr. sekt fyrir brot á 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, 1. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 58/1931, sbr. reglugerð nr. 6/1966.
1973 6/6 Gullbringu- og Kjósarsýsla: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 247., 248. og 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dagsett 14. mars 1979.

Með bréfi, dags. 24. nóvember 1978, kærði Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður til rannsóknarlögreglu ríkisins út af fölsun

á nafni Óskars Sigurðssonar, Stokkseyri, sem samþykkjanda á 3 víxlum, er í kærunni greinir. Segir í kærunni á þessa leið:

„Jafnframt því að senda yður, herra rannsóknarlögreglustjóri, hjálagða þrjá víxla, sem ég lýsi nánar síðar í bréfi þessu, leyfi ég mér að biðja yður að rannsaka, hver hefur ritað nafn Óskars Sigurðssonar sem samþykkjanda á víxla þessa, en Óskar hefur lýst því yfir við Landsbankann á Selfossi, þar sem víxlar þessir voru til innheimtu, að nafn sitt sé falsað. Sterkur grunur er fyrir því, að Sigurður Örn Hjálmtýsson, Aratúni 27, Garðabæ, hafi ritað nafn Óskars.

Finnist sá, sem framkvæmt hefur verknað þennan, geri ég kröfu til þess, að honum verði refsað eins og lög mæla fyrir um.

Fallist hinn seki hins vegar á að greiða andvirði víxlanna, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, get ég fallist á fyrir mitt leyti, að refsing verði látin falla niður.

Skuld skv. víxlum þessum er í dag með áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði kr. 1.287.740.00.

Krafan sundurliðast þannig:

Víxill útg. 20/9 '77 pr. 20/10 '77	kr.	300.000
Víxill útg. 20/9 '77 pr. 20/10 '77	—	230.310
Víxill útg. pr. 20/10 '77	—	300.000
Bankakostnaður	—	7.380
3% drv. frá 20/10 '77 til dags. d.	—	384.730
innheimtulaun skv. gjaldskrá LMFÍ	—	101.320
Samtals	kr.	1.287.740

Víxlarnir eru allir útg. og ábektir af Þorleifi Guðmundssyni, Vesturgötu 17, Reykjavík. Greiðslustaður tveggja víxlanna kr. 300.000 og 230.310 er í Landsbankanum á Selfossi, en þess þriðja í Landsbankanum í Reykjavík. Eins og fyrr greinir, er nafn Óskars Sigurðssonar ritað á alla víxlana sem nafn samþykkjanda.

Umráðamaður víxlanna er Fyrirgreiðsluskrifstofan, Vesturgötu 17, Reykjavík, og er krafa þessi gerð fyrir hennar hönd."

Verður nú gerð grein fyrir framangreindum víxlum, en frumrit þeirra hafa verið lögð fram í málinu:

1. Nr. 149497, að fjárhæð kr. 300.000, án útgáfudags, en með gjalddaga 20. október 1977. Víxillinn á að greiðast í Verzlunarbanka Íslands h/f, Reykjavík.

2. Nr. 149496, að fjárhæð kr. 30.000, útgefinn 20. september

1977, en með gjalddaga 20. október sama ár. Víxillinn á að greiðast í Landsbanka Íslands, Selfossi.

3. Nr. 149495, að fjárhæð kr. 230.310, útgefinn 20. september 1977, en með gjalddaga 20. október sama ár. Víxillinn á að greiðast í Landsbanka Íslands, Selfossi.

Á alla víxlana er ritað samþykki Óskars Sigurðssonar, en útgefandi og ábekingur á þeim er Þorl. Guðmundsson, Vesturgötu 17, R. Víxlarnir voru allir afsagðir 24. október s. á., vegna greiðslufalls, eftir kröfu Landsbanka Íslands, Selfossi, og endursendir Fyrirgreiðsluskrifstofunni, Reykjavík, sem Þorleifur rekur, 26. s. m. með þeim ummælum, að greiðandi, Óskar Sigurðsson, Eyrarseli 1, Stokkseyri, telji víxlana falsaða.

Þorleifur Guðmundsson, Grenimel 4 hér í borg, er rekur Fyrirgreiðsluskrifstofuna að Vesturgötu 17, mætti til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglunni 6. desember 1978 vegna framangreindrar kæru. Vitnið hefur skýrt frá því, að ákærði, Sigurður Örn Hjálmtýsson, hafi komið til þess með umræddá víxla og beðið það að kaupa þá. Víxlarnir voru algerlega óútfylltir að öðru leyti en því, að nafnið á samþykkjanda, Óskar Sigurðsson, var komið á þá. Vitnið hafði samband við Landsbankann á Selfossi, þar sem nefndur Óskar á heima á Stokkseyri, og spurði um hann. Vitnið fékk þar þær upplýsingar, að hann væri alveg öruggur maður í peningamálum.

Ákærði, Sigurður Örn, hafði áður talað við vitnið um, að það hjálpaði honum til að leysa út hjólbarða, sem hann hafði flutt inn og átti í Tollvörugeymslunni. Féllst vitnið af þeim sökum á að kaupa þessa víxla af honum. Jafnframt sýndi ákærði vitninu nótu, þar sem tilgreind var sala á ákveðnu magni af hjólbörðum til nefnds Óskars Sigurðssonar, en andvirði þeirra átti að vera á víxlunum. Sagði ákærði, að hann ætlaði að hitta mann þennan inni í Sandsölu hér í borg rétt á eftir og þá mundi hann skrifa nafn sitt á víxlana sem samþykkjandi. Ákærði kvaðst mundu koma strax aftur með víxlana til vitnisins. Þegar hann kom aftur, sýndi hann vitninu, að Óskar hefði skrifað undir nótuna: „Móttekið Óskar Sigurðsson."

Vitnið setti víxla þessa síðan í banka. Þeir voru ekki greiddir, og var því tilkynnt, að þeir væru falsaðir. Vitnið hafði þá samband við samþykkjandann, Óskar Sigurðsson, og leitaði upplýsinga. Hann kvaðst aldrei hafa skrifað nafn sitt á víxla þessa, og sagðist hann aldrei mundu setja nafn sitt á pappíra, sem ákærði

hefði með að gera, þar sem hann hefði svikið sig í viðskiptum fyrir nokkrum árum.

Vitnið talaði við ákærða á skrifstofu þess, þegar víxlarnir voru komnir aftur til þess, og það bað hann um skýringu á þessu. Hann sagði aðeins: „Maður verður að bera ábyrgð á sínum víxlum“ og skrifaði síðan nafn sitt aftan á þá.

Vitnið kveðst gera þær kröfur á hendur ákærða, að hann greiði því víxla þessa og allan þann kostnað, sem af þessu hefur hlotist.

Vitnið Óskar Sigurðsson, Eyjaseli 1, Stokkseyri, mætti hjá rannsóknarlögreglunni til yfirheyrslu 16. janúar 1979. Voru því sýndir framangreindir víxlar, sem það er skráð samþykkjandi á. Vitnið kvað nafn sitt falsað á víxlunum. Það hefði ekki skrifað það sjálft og ekki gefið leyfi til þess, að það væri notað þar. Vitnið kveðst þekkja ákærða, Sigurð Örn Hjálmtýsson. Það hafi þó aldrei átt nein viðskipti við hann og hafi slíkt aldrei komið til tals. Það mundi heldur alls ekki nein viðskipti vilja við hann eiga.

Ákærði, Sigurður Örn Hjálmtýsson, mætti hjá rannsóknarlögreglunni til yfirheyrslu 28. desember 1978 og fyrir dómi 5. desember 1979 vegna framangreindra víxla. Verður nú framburður ákærða rakinn. Ákærða voru sýndir víxlarnir með nafni Óskars Sigurðssonar á sem samþykkjanda, en þeir eru sem hér segir:

1. Víxill að fjárhæð kr. 300.000, án útgáfudags, með gjalddaga 20. október 1977. Greiðslustaður í Verzlunarbanka Íslands í Reykjavík.

2. Víxillinn að fjárhæð kr. 300.000, útgefinn 20. september 1977, með gjalddaga 20. október 1977. Greiðslustaður í Landsbanka Íslands á Selfossi.

3. Víxill að fjárhæð kr. 230.310, með sama útgáfudag, gjalddaga og greiðslustað og víxill í 2. tl.

Ákærði kannaðist við að hafa falsað nafn Óskars Sigurðssonar sem samþykkjanda á víxlunum. Ákærði kvaðst hafa verið í mikilli fjárþröng og gripið til þessa ráðs. Fór hann með víxlana á Fyrirgreiðsluskrifstofuna á Vesturgötu 17 og seldi þá þar. Kaupandinn, Þorleifur Guðmundsson, spurði ekki, hver hefði skrifað á víxlana, og ákærði greindi honum ekki frá því. Ákærði notaði það, er hann fékk fyrir víxlana, í eigin þágu.

Hjá rannsóknarlögreglu sagði ákærði, að hann hefði í fyrstu ætlað að stofna til viðskipta við Óskar Sigurðsson, sem væri honum kunnugur, en þau viðskipti hafi ekki gengið saman með þeim.

Fyrir dómi sagðist ákærði þekkja Óskar Sigurðsson og hafa átt viðskipti við hann.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða var kynnt í dómi bótakrafa frá Þorleifi Guðmundssyni, samtals að fjárhæð kr. 1.287.740. Ákærði samþykkti að greiða andvirði víxlanna, sem er samtals að fjárhæð kr. 830.310, bankakostnað kr. 7.380 og 3% dráttarvexti frá 20. október 1977, svo sem í skaðabótakröfu Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns greinir, en það eru kr. 348.730.

Í málsvörn hefur verjandi ákærða mótmælt því, að sakadómur fjalli um þessa bótakröfu á hendur ákærða, og segir, að samþykki hans á kröfunni sé dregið til baka.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem þykir mæla gegn því, að dómur verði lagður á bótakröfu Þorleifs Guðmundssonar á hendur ákærða í máli þessu, enda rekur Þorleifur Fyrirgreiðsluskrifstofuna og er eigandi hennar. Þykir rétt að taka kröfuna til greina að því er varðar andvirði víxlanna, samtals kr. 830.310, bankakostnað, samtals kr. 7.380, og 3% dráttarvexti frá 20. október 1977 til 24. nóvember 1978, kr. 348.730, eða samtals kr. 1.186.420, og dæma ákærða til að greiða Þorleifi þessa fjárhæð. Kröfu Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns um innheimtulaun, kr. 101.320, vegna kröfunnar er vísað frá sakadómi, sbr. 145. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákæra, dagsett 30. ágúst 1979.

1. Hinn 23. mars 1979 kærði Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður til rannsóknarlögreglu ríkisins f. h. Sambands íslenskra samvinnufélaga út af innstæðulausri ávísun að fjárhæð kr. 11.000, sem út gefin var 22. mars 1978 af ákærða, Sigurði Erni Hjálmtýssyni, á vegum fyrirtækisins Króms & Stáls. Ávísunin, sem er nr. 82061, var gefin út til handhafa á hlaupareikning nr. 390 við Iðnaðarbanka Íslands h/f, útibúið í Hafnarfirði. Á bakhlið ávísunarinnar er framsal frá afurðasölu Sambands íslenskra samvinnufélaga. Þar stendur og, að ávísunin hafi verið sýnd í greiðslubanka 28. mars framangreint ár, en innstæða ekki verið næg og að framangreindum hlaupareikningi hafi verið lokað 6. apríl 1978. Í kærunni er ákærði kærður til refsingar lögum samkvæmt, og einnig er þess krafist, að hann verði dæmdur til að greiða Sambandi ís-

lenskra samvinnufélaga fjárhæð ávísunarinnar ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði frá útgáfudegi hennar.

Ákærði mætti hjá rannsóknarlögreglunni til yfirheyrslu vegna framangreindrar kæru hinn 11. maí 1979. Hann kvaðst kannast við ávísun þá, er þar greinir, og þekkja rithönd sína á henni. Ákærði kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að innstæða var ekki til fyrir ávísuninni, en hann eigi það til að vera trassi með að færa inn í tékkheftið útskrifaðar ávísanir. Ákærða minnir, að hann hafi notað ávísunina til greiðslu bensíns á bifreið, en hann kunni enga skýringu á því, af hverju hún hafi lent hjá afurðasölu Sambands íslenskra samvinnufélaga. Ákærði greiddi ávísunina ásamt dráttarvöxtum, kr. 4.730, sama dag og hann var yfirheyrður.

Ákærði hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann viðurkenni að hafa farið yfir innstæðuna á reikningnum, þegar hann gaf ávísunina út. Hann kveður skýringuna vera þá, að útibússtjórinn í framangreindum banka hafi lofað sér láni að fjárhæð kr. 750.000. Lét hann kr. 300.000 ganga inn á reikning ákærða við bankann, og ávísaði ákærði á þá fjárhæð. Eftirstöðvarnar, kr. 450.000, varð að samkomulagi að gengju ekki inn á reikninginn að svo stöddu, og átti það ekki að gerast fyrr en upp úr mánaðamótunum mars/apríl. Ákærði kveðst engu að síður hafa ávísað á reikninginn, eins og að framan greinir, þótt honum væri ljóst, að innstæða væri ekki fyrir hendi. Ákærði telur, að hann hafi notað ávísunina til að greiða með henni bensín á bifreið.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans fyrir dómi og öðrum gögnum málsins þykir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Hinn 18. desember 1978 kærði málflutningsskrifstofa hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar ákærða, Sigurður Örn, til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna útgáfu ávísunar nr. 0082089, að fjárhæð kr. 30.000. Samkvæmt ávísun þessari er hún út gefin til handhafa af ákærða í Hafnarfirði 1. nóvember 1978 á hlaupareikning nr. 390 við útibú Iðnaðarbanka Íslands h/f þar í bænum. Á ávísunina er stimplað framsal frá Hótel Esju hér í borg og beðið um, að andvirðið verði lagt inn á hlaupareikning nr. 2901 við Búnaðarbanka Íslands. Háaleitisútibú. Á bakhlið ávísunarinnar er stimpill útibúsins um, að hún hafi verið greidd þar 6. nóvember 1978. Þá er og stimpill frá Iðnaðarbanka Íslands, útibúinu í Hafnarfirði, um, að ávísuninni

hafi verið framvísað þar sama dag, en innstæða ekki verið næg á reikningnum til greiðslu hennar. Á ávísunina er skráð, að reikningi þeim, sem hún er gefin út á, hafi verið lokað 6. apríl 1978.

Í framangreindu bréfi segir, að sú krafa sé gerð fyrir hönd eiganda ávísunarinnar, Hótels Esju h/f, að útgefanda ávísunarinnar, ákærða Sigurði Erni, verði refsað skv. 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, og að hann verði auk þess dæmdur til greiðslu hennar ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi.

Ákærði mætti til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglunni vegna framangreindrar ávísunar 17. janúar 1979 og kom fyrir dóm 6. nóvember sama ár.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi gefið nefnda ávísun út 1. nóvember 1978, þótt honum væri ljóst, að innstæða var ekki til fyrir henni og búið að loka reikningi hans. Ákærði kveður ávísunina þannig til komna, að hann hafi fengið lán að fjárhæð kr. 30.000 hjá Guðmundi Þórðarsyni, sem rekur fasteignasöluna „Skúlatún". Til tryggingar greiðslu lánsins lét ákærði Guðmund hafa ávísunina. Ákærði kveður ávísunina aldrei hafa átt að fara í banka, enda hafi hann skýrt Guðmundi frá því, að engin innstæða væri til fyrir henni og reikningi ákærða hefði verið lokað. Ákærði kveður ekkert hafa verið um það samið milli þeirra Guðmundar, hvenær hann ætti að greiða lánið. Guðmundur hafi sífellt verið að hringja í sig í endaðan nóvember og desember og krefja sig um greiðslu. Hafi ákærði á þessum tíma greitt Guðmundi ávísunina og rúmlega það. Innti hann greiðsluna af hendi með 3 ávísunum, er eiginkona hans gaf út, og var hver að fjárhæð kr. 10.000. Voru tvær gefnar út með nafni Guðmundar að sögn ákærða, en ein á handhafa. Einnig greiddi ákærði Guðmundi kr. 10.000 í peningum og sé því búinn að greiða honum alls kr. 40.000. Guðmundur hafi engu að síður látið ávísunina frá sér. Þykir ákærða líklegt, að Guðmundur hafi sjálfur notað ávísunina á Hótel Esju, þótt hann hafi ekki framselt hana. Ákærði kveðst ekki muna, hvenær greiðslurnar til Guðmundar hafi farið fram, en hann ætli að athuga það. Muni hann hlutast til um að fá ljósrit af ávísunum og koma þeim til rannsóknarlögreglunnar.

Ákærði kvaðst vilja geta þess, að hinn 16. janúar 1979 hafi Guðmundur Þórðarson hringt í sig og verið að rukka sig um þessa ávísun. Hafi hann jafnframt verið að hóta sér því að kæra þetta til rannsóknarlögreglunnar. Af hálfu ákærða hafa aldrei verið lögð fram nein gögn til stuðnings því, er að framan greinir.

Guðmundur Þórðarson framkvæmdastjóri, Háaleitisbraut 115,

hefur mætt sem vitni í máli þessu. Vitnið kveðst þekkja ákærða, Sigurð Örn Hjálmtýsson. Vitnið kveður ákærða hafa komið til sín 1. apríl 1978 og sagst vera í peningavandræðum. Bað hann vitnið um að lána sér 30.000 kr. Varð vitnið við því og lánaði ákærða þessa fjárhæð með ávísun, er út gefin var á ávísanareikning eiginkonu vitnisins nr. 4068 við Búnaðarbanka Íslands, Laugavegi 120. Til tryggingar láninu lét ákærði vitnið fá ávísunina, er í 2. lið ákæru hér að framan greinir. Vitnið kveður ákærða hafa sagt, að innstæða yrði til fyrir henni eftir 2—3 daga. Vitnið kannaði þetta að þeim tíma liðnum, en engin innstæða reyndist vera fyrir hendi. Vitnið geymdi ávísunina þar til í nóvemberbyrjun 1978, en þá lét það hana af hendi á Hótel Esju af algerri vangá. Ávísunin reyndist innstæðulaus, svo sem hún ber með sér, og búið að loka reikningnum. Vitnið kveður tékann hafa verið gefinn út 1. apríl 1978, en ekki 1. nóvember það ár, eins og á honum stendur. Vitninu var kynntur framburður ákærða og vísaði það til framburðar síns.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, þykir varða við 73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, sbr. lög nr. 35/1977, enda er nokkur óvissa um útgáfudag margnefnds tékka, svo sem að framan greinir.

Ákærði hefur samþykkt kröfu Hótels Esju á hendur honum vegna tékkans að fjárhæð kr. 30.000. Verður hún tekin til greina, og ber að dæma ákærða til að greiða hana. Krafa um dráttarvexti er vanreifuð, og er henni vísað frá sakadómi.

Í málsvörn segir svo: „Kröfu Guðmundar Þórðarsonar um bætur frá ákærða er samkvæmt framanrituðu mótmælt, enda styðst hún hvorki við lög né rök."

Af gögnum málsins verður ekki séð, að nein slík krafa liggi fyrir frá Guðmundi Þórðarsyni.

3. Hinn 15. nóvember 1978 kærði Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður vegna ávísunar að fjárhæð kr. 190.000, útgefinnar af ákærða í máli þessu, er reynst hefði innstæðulaus við sýningu í greiðslubanka. Ávísun þessi er út gefin í Hafnarfirði 15. ágúst 1978 af ákærða til handhafa á hlaupareikning nr. 390 við Iðnaðarbanka Íslands, útibúið í Hafnarfirði. Á ávísuninni er framsalið Th. Garðarsson h.f. heildverslun. Samkvæmt áritun á ávísunina var henni fram vísað í greiðslubanka 22. ágúst 1978, en innstæða var ekki næg fyrir henni. Önnur áritun er á ávísuninni um, að reikningi þeim, sem hún er gefin út á, hafi verið lokað 10. apríl 1978.

Í framagreindu bréfi Arnar Höskuldssonar er gerð sú krafa, að ákærða verði refsað, svo sem lög standa til, og jafnframt að hann verði dæmdur til greiðslu skaðabóta.

Ákærði Sigurður Örn mætti hjá rannsóknarlögreglunni hinn 28. desember 1978 til skýrslugjafar vegna framangreinds tékka og fyrir dómi hinn 6. nóvember 1979.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann kannist við að hafa gefið tékkann út. Hann kveður Þorstein Garðarsson, Brekkugötu 18 í Hafnarfirði, hafa lánað sér kr. 190.000 í peningum og hafi hann látið Þorstein fá tékkann til tryggingar láninu. Ákærði sagði Þorsteini jafnframt, að engin innstæða væri á reikningnum og búið væri að loka honum. Ákærði kveður ætlun sína hafa verið að greiða Þorsteini lánið og fá tékkann afhentan frá honum. Af því hafi ekki orðið og hafi Þorsteinn látið tékkann fara í umferð.

Vitnið Þorsteinn Garðarsson forstjóri, Brekkugötu 18, Hafnarfirði, mætti hjá rannsóknarlögreglunni vegna máls þessa 30. júlí 1979 og fyrir dómi 7. nóvember sama ár.

Vitnið hefur skýrt frá því, að ákærði, Sigurður Örn, hafi komið til þess um miðjan ágúst 1978 og beðið það að lána sér 190.000 krónur. Vitnið kveðst þekkja ákærða og hafa lánað honum í greiðaskyni framangreinda fjárhæð. Til tryggingar láninu lét ákærði vitnið fá ávísun með sömu fjárhæð og sagði, að það mætti framselja hana í banka föstudaginn 18. sama mánaðar. Ákærði nefndi ekki, að búið væri að loka ávísanareikningnum, og komst vitnið ekki að því fyrr en síðar. Vitnið framvísaði ávísuninni í banka 22. ágúst 1978, en skömmu síðar kom í ljós, að reikningnum hafði verið lokað, og varð vitnið að leysa til sín ávísunina. Vitnið kveðst hafa hringt til ákærða margsinnis, áður en til kæru kom í málinu, og eins hitt hann að máli. Hafi ákærði lofað að greiða, en ekkert orðið úr því.

Vitninu var kynntur framburður ákærða. Vitnið kvað það ekki rétt, er í framburðinum greinir, að ákærði hafi sagt, að búið væri að loka reikningnum. Vitnið kvaðst halda fast við framangreindan framburð sinn.

Ákærða var kynntur framburður Þorsteins Garðarssonar. Hann kvað framburðinn ekki réttan og kvaðst halda fast við framburð sinn.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með framburði hans, framburði vitnisins Þorsteins Garðarssonar og öðrum gögnum málsins, þykir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þorsteinn Garðarsson hefur gert þá kröfu fyrir dómi, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 190.000 ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 22. ágúst 1978 til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa fyrir dómi. Í málsvörn er því hins vegar haldið fram, að ekki eigi að taka bótakröfu til greina í þessu tilviki.

Framangreind bótakrafa verður tekin til greina í máli þessu skv. framansögðu, og ber að dæma ákærða til að greiða hana.

Refsing ákærða þykir hæiflega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sakavottorði hans 3 mánaða fangelsi.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Örn Hjálmtýsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum aðiljum sem hér segir:

Þorleifi Guðmundssyni kr. 1.186.420.

Hotel Esju h/f kr. 30.000.

Þorsteini Garðarssyni kr. 190.000 auk 3% dráttarvaxta á mánuði eða brot úr mánuði frá 22. ágúst 1978 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. október 1981.

Nr. 156/1978. **Sigurður Jóakimsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Skaðabótamál. Lögreglumenn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1978. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 144.990.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 15. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti hinn 27. október 1978.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Áfrýjandi hefur stefnt fyrir Hæstarétt til réttargæslu dómsmálaráðherra, utanríkisráðherra, lögreglustjóranum í

Reykjavík og lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli, en engar kröfur gert á hendur þeim.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þeirra á meðal nýr útreikningur dr. Péturs H. Blöndal á örorkutjóni áfrýjanda svo og gögn frá Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur örorkubóta til áfrýjanda.

Af hálfu áfrýjanda eru kröfur ekki á því reistar, að meiðsl hans hafi hlotist af vangæslu neinna þeirra manna, er stefndi beri ábyrgð á, og fyrir Hæstarétti er því ekki haldið fram, að vanrækt hafi verið að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins um slysið, þannig að máli skipti um fébótaábyrgð stefnda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 6.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Sigurðar Jóakimssonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 6.500.00 krónur.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Áfrýjandi hafði verið ráðinn til starfa sem lögreglumaður og tók laun sem slíkur. Giltu því ákvæði laga nr. 56/1972 um réttarstöðu hans, þar á meðal ákvæði 2. mgr. 5. gr. þeirra laga. Samkvæmt ákvæðum 9. gr. fyrrgreindra laga skal að jafnaði eigi skipa aðra lögreglumenn en þá, sem staðist hafa próf frá lögregluskóla. Um veitingu lögreglustarfs, lögreglu-

skóla o. fl. fjallar reglugerð nr. 254/1965. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skulu lögreglumenn, sem ráðnir eru til reynslu, sækja námskeið m. a. í sundi, leikfimi, sjálfsvörn og meðferð lögreglutækja. Að loknu þessu námskeiði hefst starfsnám þeirra í lögregluliði og að endingu framhaldsnámskeið.

Þegar slys það varð, sem hér er um fjallað, tók áfrýjandi þátt í leikfimiæfingum undir stjórn lögregluyfirmanns, og var þetta þáttur í námi hans sem lögreglumanns. Við það verður að miða, að meiðsl þau, er áfrýjandi hlaut, hafi orðið fyrir óhappatilviljun, en námið, þar með taldar leikfimiæfingar þær, sem hér um ræðir, var hluti af lögreglumannsstarfi hans. Eiga því reglur 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 við um bætur vegna tjóns þess, sem hann af þessu beið. Ákvæði þetta verður að skýra þannig, að með því hafi ríkissjóður tekið á sig hlutlæga ábyrgð á tjónum lögreglumanna, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Samkvæmt þessu teljum við, að áfrýjandi eigi bótarétt á hendur stefnda vegna tjóns af þessum sökum.

Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri í máli þessu, er ekki ástæða til að við tjáum okkur um efni bótaréttar áfrýjanda eða málskostnað.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um gjafsóknarkostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 22. maí sl., höfðaði Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður, Strandgötu 11, Hafnarfirði, f. h. Sigurðar Jóakimssonar lögreglumanns, Krosseyrarvegi 5 B, Hafnarfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. og 8. mars 1977, á hendur Matthíasi Á. Mathiesen fjármálaráðherra, Hringbraut 59, Hafnarfirði, f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 14.535.229 með 14% ársvöxtum frá 15. sept. 1976 til 20. nóv. 1976, en 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Einnig

er stefnt til réttargæslu þeim Ólafi Jóhannessyni dómsmálaráðherra, Aragötu 13, Reykjavík, Einari Ágústssyni utanríkisráðherra, Hlyngerði 9, Reykjavík, Þorgeiri Þorsteinssyni lögreglustjóra, Grænási 2, Keflavíkurflugvelli, og Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra, Ægisíðu 58, Reykjavík. Á hendur réttargæslustefndu eru engar dómkröfur gerðar.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni á þann veg að krefjast 14% ársvaxta frá 15. sept. 1976 til 1. ágúst 1977, en 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, en hæstu innlánsvaxta, nú 19% ársvaxta, frá þeim degi til greiðsludags, að öðru leyti voru dómkröfur óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu.

Stefndi fjármálaráðherra krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Allir stefndu krefjast málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

II.

Málavextir.

Hinn 30. október 1975 varð stefnandi, sem fæddur er 19. mars 1947, fyrir slysi á æfingu í lögregluskólanum. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að Stefán Gíslason lögreglumaður hafi rekið höndina í auga stefnanda, en þá er óhapp þetta varð, voru þeir við handboltaæfingar í lögregluskólanum.

Við slys þetta eyðilagðist hægra auga stefnanda, og varð að fjarlægja það 20. janúar 1976. Síðan fékk stefnandi gerfiauga. Sjón á vinstra auga er eðlileg og það auga heilbrigt.

Hinn 5. apríl 1976 mat Björn Önundarson tryggingayfirlæknir örorku stefnanda. Í örorkumatinu segir m. a. svo:

„Samkvæmt tilkynningu um slys mun slys þetta hafa skeð með þeim hætti, að er slasaði var á æfingu í lögregluskóla, rakst slasaði á annan mann, hlaut við það höfuðhögg og blæddi inná hægra auga. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í augndeild Landakotsspítala í Reykjavík, þar sem hann vistaðist frá slysdegi 30.10. til h. 17.11. '75. Öðru sinni var Sigurður Jóakimsson vistaður á augndeild Landakotsspítalans frá 17.1. til 29.1. '76, en þá mun hægra auga hafa verið fjarlægt.

Fyrir liggur vottorð undirritað af Herði Þorleifssyni, augnlækni í Reykjavík, og dags. 10.2. '76, en þar kemur fram sjúkdómsgreiningin: Marið hægra auga, hvíta rifin og augasteinn úr

skorðum, augað fullt af blóði. Þá segir og í vottorði Harðar Þorleifssonar, augnlæknis, svo orðrétt:

„Við slysið eyðilagðist hægra auga gjörsamlega og engin ljósskynjun á því. Vegna sífelldrar ertingar, sem ekki vildi lagast þrátt fyrir meðferð, var ákveðið að fjarlægja augað, og var það gert 20. janúar. Er nú með gerviauga. Sjón á vinstra auga er eðlileg og það auga algjörlega heilbrigt."

Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum h. 31.3. '76. Honum segist frá atburðum og afleiðingum slyssins líkt og að framan er frá greint. Slasaði tekur fram, að hönd hafi rekist í hægra auga sér og við það hafi blætt mikið inn í augað, en síðar varð, eins og áður segir, að fjarlægja augað af þeim sökum.

Ályktun: Það er um að ræða rúml. 29 ára gamlan lögregluþjón, sem h. 30.10. '75 slasaðist, er hann var á æfingu í lögregluskóla, með þeim hætti, að hönd rakst í hægra auga hans. Við slys þetta marðist hægra auga illa, hvíta rifnaði og augasteinn var færður úr skorðum, og blæddi mikið inn í augað. Hinn 20.1. '76 var augað síðan fjarlægt, þar sem engin ljósskynjun var á því. Alveg óvinnufær var slasaði talinn hafa verið frá slysdegi 30.10. '75 til 9.2. '76 og hlýtur slysadagpeningagreiðslur frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins fyrir það tímabil.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata af afleiðingum þessa slyss verði að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá timabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi 30.10. '75 í 3 mán. 100%
Varanlega 20%."

Dr. Pétur H. Blöndal tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda. Í bréfi tryggingastærðfræðingsins, dags. 15. sept. 1976, segir m. a. svo:

„Sigurður starfaði sem lögregluþjónn, þegar slysið varð. Auk þess starfaði hann við byggingarvinnu. Slysið hafði ekki áhrif á tekjur hans sem lögregluþjóns, þar sem hann fékk greidd laun áfram, en hann hefur ekki getað sinnt aukastörfum sem áður.

Tekjur Sigurðar skv. skattframtölum, TS, og árslaun lögregluþjóna í dagvinnu skv. 16. lfl. B.S.R.B., ÁL, voru sem hér segir:

ár	TS	ÁL	YH
1973	643.906	449.763	43,2%
1974	1.151.680	605.996	90,0%
1975	1.662.609	751.613	121,2%

Hér er YH yfirvinnuhlutfall Sigurðar, þ. e. hve mörg prósent TS eru hærri en ÁL.

Samkvæmt þessu voru tekjur Sigurðar að meðaltali 84,8% hærri en dagvinnutekjur lögregluþjóna. Í eftirfarandi útreikningi er gert ráð fyrir, að tekjutap Sigurðar hafi numið ofangreindum aukatekjum tímabilið 30.10. 1975 til 29.1. 1976, þar sem hann hélt tekjum sínum sem lögregluþjónn áfram. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir, að tekjutap hans sé 20% af ofangreindum heildartekjum, þ. e. dagvinnutekjum lögregluþjóns auk 84,8%. Tekjutap hans hefur því verið og kemur væntanlega til með að vera:

30.10.1975—29.11.1975	kr.	57388 á mán.
30.11.1975—29.1.1976	—	57732 á mán.
30.1.1976 —29.2.1976	—	25162 á mán.
1.3.1976 —30.6.1976	—	26672 á mán.
frá 1.7.1976	—	29027 á mán.

Í kjarasamningum eru ákvæði um frekari hækkanir launa í náinni framtíð, en þar sem þau ákvæði eru háð hækkun vísitölu (rauð strik), er ekki unnt að meta þær hækkanir fyrirfram. En þessar hækkanir munu hækka tjón Sigurðar um nánast sömu prósentu.

Vextir. Í eftirfarandi útreikningum reikna ég væntanlegt tjón vegna varanlegrar örorku með 0% og 4% raunávöxtun. Rökstuðningurinn fyrir þessu er eftirfarandi: Tekjutjón, sem að Sigurður verður líklega fyrir eftir, segjum 10 ár, verður 20% af þeim tekjum, sem hann hefði haft þá, ef hann hefði ekki lent í slysinu. Þetta tjón, margfaldað með líkunum á því, að Sigurður sé þá á lífi og vinnufær, er tekjutap Sigurðar umrætt ár. Til þess að mæta þessu tekjutapi Sigurðar eftir 10 ár er honum greidd upphæð núna, sem með bestu mögulegri ávöxtun gefur honum umrætt tekjutap eftir 10 ár. Nú sýnir reynsla undanfarinna ára, að laun hafa hækkað ámóta og vísitala byggingarkostnaðar. (Síðustu 25 árin hefur vísitala byggingarkostnaðar hækkað um 14,4% og dagvinnukaup hafnarverkamanna um 14,5% að meðaltali á ári). Besta mögulega ávöxtun í dag hér á landi eru vafalítið spariskírteini ríkissjóðs, sem eru verðtryggð með vísitölu byggingarkostnaðar auk 4% vaxta. Hæstu innlánsvextir eru aftur á móti stórlega neikvæðir (÷15% síðasta ár) miðað við hækkun launa. Sé gert ráð fyrir, að spariskírteini fáist í framtíðinni og að lánskjör þeirra verði ekki skert, er eðlilegt að miða útreikning örorkutjóns við 4% raunávöxtun. En báðar þessar

forsendur eru mjög óvissar, sérstaklega sú síðari. Þessvegna ættu menn einnig að taka 0% ávöxtun með í dæmið, því að hér er um mjög langt tímabil að ræða. (38 ár).

Tekjutjón vegna liðinnar örorku hef ég reiknað til dagsins í dag (15.9.1976) með venjulegum innlánsvöxtum (13%) og eins þær greiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, en þær eru kr. 678.038 frá Tryggingastofnun ríkisins þann 23.4.1976 og kr. 750.000 frá ríkissjóði þann 1.6.1976.

Vextir og útreikningar örorkutjóns miðast við 15.9.1976, en þá er Sigurður 29,49 ára.

Tekjutjón vegna varanlegrar örorku reiknast frá 15.9.1976 til 67 ára aldurs Sigurðar. Grundvöllur þeirra útreikninga er eftirlifendatafla íslenskra karla skv. dánarreynslu áranna 1966/70 og sænsk reynsla af hlutfalli öryrkja og lifandi. Væntanlegt framlag atvinnurekanda til lífeyrissjóðs er reiknað sér. Ekki er tekið tillit til greiðslna opinberra gjalda af væntanlegum tekjum, en gera má ráð fyrir, að neðangreindar upphæðir lækki um 35% til 50% af þessum sökum.

Tímabundin örorka með 13% vöxtum veldur tekjutjóni	kr.	402.000
Tekjutjón vegna varanlegrar örorku (0%) er	kr.	11.320.000
vænt. framlag atv.rek. til lífeyrissjóðs (0%) er ..	kr.	368.000
Tekjutjón vegna varanlegrar örorku (4%) er	kr.	6.220.000
vænt. framlag atv.rek. til lífeyrissjóðs (4%) er ..	kr.	202.000
Bætur með 13% vöxtum	kr.	-1.491.000

Samtals nemur tekjutjón Sigurðar því kr. 10.599.000, ef miðað er við 0% raunávöxtun, og kr. 5.333.000, ef miðað er við 4% raunávöxtun. (Hvorttveggja án tillits til greiðslu opinberra gjalda)".

Í bréfi, dags 13. apríl 1978, er endurútreikningur tryggingastærðfræðingsins á örorkutjóni stefnanda, þar segir svo:

„Samkvæmt beiðni Ingvars Björnssonar, hdl., hef ég endurmetið útreikninga mína á örorkutjóni Sigurðar Jóakimssonar frá 15.9.1976 með tilliti til lækkunar launa og hærri aldurs Sigurðar núna.

Tekjutjón Sigurðar með vöxtum miðað við 12.4.1978, en þá var hann 31,06 ára, met ég vera eftirfarandi:

Liðin örorka 30.10.1975—12.4.1978 með innlánsvöxtum ..... kr. 1.349.000.-

Væntanleg örorka frá 13.4.1978 miðað við 0% raunvexti ..... kr. 20.924.000.-

Væntanlegt framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð kr. 679.000.-

Greiddar bætur með innlánsvöxtum ..... kr. 1.838.145.-

Innlánsvextir hafa verið 13% frá 30.10.1975 til 21.11.1977, 16% frá 21.11.1977 til 21.2.1978 og 19% úr því. Varðandi raunvexti, sem notaðir eru í mati á væntanlegu tekjutjóni, vísa ég í fyrrnefndan útreikning minn frá 15.9.1976. Aðrar forsendur en laun og aldur eru óbreyttar.

Um örorkubætur úr lífeyrissjóði er ekki að ræða, þar sem Sigurður lét ekki af starfi sínu hjá ríkinu og hlýtur því ekki bætur úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en þar er hann tryggður.

Samkvæmt beiðni hef ég reiknað væntanlega örorku Sigurðar miðað við ýmsar forsendur um vexti. Vil ég í því sambandi benda á þann hluta útreiknings míns frá 15.9.1976, sem fjallar um vexti. Tekjutjónið er núna kr. 55.416 á mánuði, eða kr. 664.992 á ári miðað við ofangreindar forsendur. Niðurstaða þessara útreikninga er:

Vextir	Væntanlegt tekjutjón kr.	Vextir	Væntanlegt tekjutjón
-5%	55.100.000	9%	7.284.000
2%	15.471.000	13%	5.498.000
4%	11.943.000	19%	4.059.000
7%	8.677.000	32%	2.709.000

Svo sem að ofan greinir, eru innlánsvextir núna 19% og eru líklegir til þess að hækka. Vextir á vaxtaviðaukareikningum eru í augnablikinu 32%, en auðvitað er fráleitt að nota þessa vexti í mati á væntanlegri örorku."

Þá er stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa, kvaðst hann hafa hafið störf sem lögreglumaður 1. desember 1973. Hann hafi lokið námi í lögregluskólanum vorið 1977. Þegar slysið, sem málið er af risið, varð, hafi stefnandi verið að leika handbolta. Þetta hafi yfirleitt verið gert í upphafi leikfimitíma, svona hálfgerð upphitun fyrir leikfimi. Mönnum hafi verið það frjálst, hvort þeir tóku þátt í þessu. Skylda hafi verið að iðka leikfimi. Þeir, sem ekki tóku þátt í handknattleiknum,

biðu og horfðu á. Handboltaleikurinn í þetta sinn hafi ekki verið óvenjuharður, hann hafi verið undir stjórn manns, sem hafi umsjón með leikfimi, sem fari fram á vegum skólans. Nafn mannsins sé Guðbrandur. Stefnandi hafi verið með boltann og verið að hlaupa fram hjá einum manninum, og skildist stefnanda, að hann hafi ætlað að reyna að slá boltann úr hendi stefnanda, þar sem hann hélt á boltanum, en ekki hafi tekist betur til en svo, að það hafi farið í augað. Stefnandi kvaðst halda, að iðkun handbolta sé ekki skyldugrein í lögregluskólanum eins og önnur íþróttaiðkun, sem þar fer fram.

Stefnandi kvaðst ekki vilja segja, að töf hefði orðið á því að koma sér undir læknishendur. Eftir slysið hafi stefnandi verið lagður til þarna inni í salnum og beðið þar í tvo tíma. Umsjónarmaður bekkjarins hafi farið með stefnanda upp á slysavarðstofu og eftir rannsókn þar hafi verið farið með stefnanda á Landakotsspítalann. Þetta hafi ekki verið sársaukalaust.

Stefnandi hafi stundum fengið bólgur vegna gerfiaugans og eins fengið lyf við þessu. Yfirleitt sé venjan að þvo þetta upp.

Eftir slysið hafi stefnandi tekið þátt í seinna námskeiði í lögregluskólanum og þá mætt í leikfimiæfingum, en ekki tekið þátt í neinu nema leikfimi.

Stefnandi hafi haldið fullum launum þann tíma, sem hann var frá vinnu vegna slyssins.

Guðbrandur Ágúst Þorkelsson lögregluvarðstjóri var yfirheyrður fyrir dómi vegna máls þessa.

Fram kom hjá Guðbrandi, að hann hefði verið aðstoðarmaður í lögregluskólanum síðan 1966 eða 1967, aðallega við lögregluæfingar, sundþjálfun og leikfimikennslu að vissu marki. Guðbrandur kvaðst hafa verið í salnum, þegar slysið varð, og hafa séð það útundan sér, að þeir hlupu saman Stefán Líndal Gíslason og stefnandi. Guðbrand minnti, að stefnandi hafi ætlað að skjóta á mark, en hinn hafi borið svona hönd á móti. Leikurinn hafi verið frekar daufur. Það hafi ekki verið nein harka í þessu, og kvaðst Guðbrandur ekkert hafa þurft að skipta sér af leiknum, eins og stundum gæti orðið. Guðbrandur kvaðst hafa stjórnað þessum leik og hafi hann gefið leyfi og sagt þeim að skipta liði og leika handbolta í 10 mínútur.

Í lögregluskólanum sé skylda að leggja stund á vissar æfingar og tekið próf í því eins og öðru námsefni. Handbolti sé iðkaður til þess að liðka menn og svo til skemmtunar. Ekki hafi verið skylda að taka þátt í handboltaæfingum, en það sé mikill áhugi

á handbolta. Það komi eiginlega aldrei fyrir, að menn bíði, á meðan handboltinn er iðkaður, en það væri látið óátalið.

III.

Rökstuðningur málsaðilja.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Tekjutjón skv. útreikningi dr. Péturs Blöndal tryggingastærðfræðings	kr. 10.599.000
2.	Kostnaður við tjónsútreikning	kr. 18.000
3.	Kostnaður við örorkumat	kr. 18.229
4.	Bætur fyrir þjáningar, miska og röskun á stöðu og högum	kr. 3.900.000
		Kr. 14.535.229

Stefnandi byggir kröfur sínar á því í fyrsta lagi, að missir augans hafi borið við, er stefnandi gegndi skyldustörfum sínum, þ. e. a. s. að nám hans í lögregluskólanum í Reykjavík hafi verið þáttur í löggæslustörfum stefnanda og beri ríkissjóður óskoraða bótaábyrgð vegna tjóns, er löggæslumenn verða fyrir í starfi sínu skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56 frá 1972. Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að maður sá, er veitti stefnanda áverkann, hafi verið löggæslumaður í ríkislögreglunni í Reykjavík og í starfi, er atburðurinn gerðist, og beri ríkissjóður óskoraða fébótaábyrgð á athöfnum starfsmanns síns fyrir skaðaverk, er hann vinni við framkvæmd starfans.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þrátt fyrir ótvíræða lagaskyldu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 23 frá 1952, hafi lögreglustjórinn í Reykjavík, sem sé yfirmaður lögregluskólans, látið hjá líða að tilkynna Öryggiseftirlitinu um slysið né hafi hann hlutast til um, að fram færi opinber rannsókn á slysinu, sem honum hafi þó borið ótvíræð skylda til. Þar af leiði, að leggja verði frásögn stefnanda um það, hvernig missi augans bar að höndum, til grundvallar, en stefnandi kveði skólafélaga sinn, lögreglumann í ríkislögreglunni, hafa rekið hönd upp í hægra auga stefnanda með títtnefndum afleiðingum.

Til rökstuðnings kröfuliðum 1—3 er vísað til dskj. nr. 3, 4, 7 og 8, þ. e. örorkutjónsútreiknings, örorkumats og reikninga.

Til rökstuðnings kröfuliði 4 er á það bent, að stefnandi hafi verið aðeins rúmlega 28 ára, þegar nema þurfti burt hægra auga hans. Hann hafi liðið miklar andlegar og líkamlegar kvalir og meiðsl hans hafi hafst illa við, sbr. dskj. nr. 5. Stefnandi hafi

verið afreksmaður í handknattleik, en meiðsli hans hafi orðið þess valdandi, að hann hafi orðið að leggja þá íþrótt á hilluna. Missir augans hái stefnanda verulega í daglegu lífi og honum finnist sér vera veitt óeðlileg athygli af ókunnu fólki vegna lýta sinna. Búast megi við, að stefnandi þurfi allnokkrum sinnum að láta skipta um gerviauga í framtíðinni og því verði vissulega nokkur andleg og líkamleg óþægindi samfara. Megi því segja, að kröfu stefnanda skv. lið 4 sé mjög í hóf stillt.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að bótaábyrgð verði felld á ríkissjóð vegna ákvæða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56 frá 1972. Einnig er því mótmælt, að ríkissjóður beri bótaábyrgð á skaðaverkum þess manns, sem tjóninu olli, enda hafi hann ekki valdið tjóninu við framkvæmd starfa síns. Bótaskylda verði ekki heldur á því byggð, að ekki hafi verið gætt fyrirmæla 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 um að tilkynna slysið til Öryggiseftirlits ríkisins.

Engin sök verði fundin hjá starfsmönnum stefndu, er kennt verði um slysið, og aðrar strangari bótareglur eigi hér ekki við.

Mótmæli stefndu eru rökstudd með eftirfarandi:

Í 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972 sé ákvæði, er geri ráð fyrir, að lögreglumenn eigi rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verði fyrir vegna starfs síns. Sams konar ákvæði sé að finna í eldri lögum um lögreglumenn.

Greininni sé fyrst og fremst ætlað að ná til tjóns, sem lögreglumenn verða fyrir í starfi, og þýðingu hafi greinin nær eingöngu fyrir tjón, er verði, er þannig standi á. Hér komi því fyrst til skoðunar, hvort stefnandi hafi verið í starfi, er slysið varð. Að vísu takmarkist greinin ekki beinlínis við tjón, sem verði í starfi. Þau tilvik geti hugsanlega komið upp, að tjóni sé valdið, meðan viðkomandi lögreglumaður sé ekki að störfum, sem beinlínis megi rekja til starfa hans sem lögreglumanns. Slík sérstök tilvik komi þó ekki til skoðunar hér.

Því er haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið í starfi, er slysið varð, enda séu æfingar í lögregluskólanum ekki hluti af framkvæmd starfa hans, heldur námi. Þegar af þeirri ástæðu eigi hin hlutlæga bótaregla 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972 hér ekki við.

Jafnvel þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu, að almennt megi líta svo á, að æfingar í Lögregluskóla ríkisins teljist til starfa lögreglumanna, sé þó ljóst, að eins og hér stóð á, geti slík almenn ályktun ekki átt við. Slysið hafi átt sér stað í handboltaleik, sem ekki hafi verið hluti af þeim æfingum, sem stefnanda og starfsfélögum hans hafi borið að stunda skv. fyrirmælum yfirmanna

sinna eða þjálfara. Hverjum og einum hafi verið frjálst, hvort hann tók þátt í þessum handknattleik eða ekki. Stefnandi hafi því verið við íþróttaæfingar af frjálsum vilja, er slysið varð, og því hljóti hann sjálfur að bera ábyrgð á óhöppum, er verði, þegar þannig standi á. Niðurstaðan verði því sú, að sýkna beri stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, jafnvel þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu, að almennt sé unnt að telja skylduæfingar í Lögregluskóla ríkisins til starfa lögreglumanna.

Þá beri að hafa í huga, að hin hlutlæga ábyrgð 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972 takmarkist við þau tilvik, þar sem tjónvaldur er óþekktur. Sé vitað, hver hann sé, geti tjónþoli haldið sig að tjónvaldi skv. almennum sakarreglum. Í greinargerð stefnanda á dskj. nr. 2 nafngreinir stefnandi þann mann, sem valdur varð að slysinu, og sé ekki ástæða til að vefengja, að þar sé rétt með farið. Samkvæmt framansögðu eigi 2. mgr. 5. gr. heldur ekki við af þessari ástæðu.

Loks er vakin athygli á þeim ástæðum, sem liggi að baki hinni margnefndu hlutlægu ábyrgð í 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972. Með ákvæðinu sé verið að veita lögreglumönnum aukna vernd vegna tjónshættu við framkvæmd starfa þeirra, sem augljóslega teljist almennt hættulegri en störf annarra. Jafnvel þótt lögreglumaður sé í starfi, er tjón verði, þá takmarkist hin hlutlæga ábyrgð við framkvæmd þess háttar starfa, sem að ofan eru nefnd. Önnur störf lögreglumanna falli þar utan við. Í ljósi þessa tilgangs laganna verði að skoða, hvort telja beri ábyrgð skv. 2. mgr. 5. gr. geta náð til íþróttaæfinga eða ekki.

Stefnandi byggi á því í öðru lagi, að maður sá, er veitti stefnanda áverkann, hafi verið löggæslumaður í starfi, er atburðurinn gerðist, og beri ríkissjóður óskoraða fébótaábyrgð á athöfnum þessa starfsmanns síns, er hann vinni við framkvæmd starfans.

Varðandi þetta eigi sömu sjónarmið við og reifuð voru hér að framan um, hvort þessi lögreglumaður hafi verið í starfi, er slysið varð, eða ekki. Hér er einnig bent á, að ekki sé sýnt fram á neina sök af hálfu þessa starfsmanns í sambandi við slysið, heldur liggi beint við að ætla, að hrein óhappatilviljun hafi valdið því, hve illa tókst til. Ekki sé heldur sýnt fram á neina sök annarra starfsmanna stefndu varðandi slysið. Þannig hafi stefnanda t. d. verið komið umsvifalaust á sjúkrahús eftir slysið og hafi engin töf orðið á því.

Í þriðja lagi telji stefnandi bótaskyldu leiða af því, að ekki

hafi verið gætt fyrirmæla 26. gr. laga 23/1952 um tilkynningu til Öryggiseftirlits ríkisins og þannig hlutast til um rannsókn þess á slysum. Því sé til að svara, að tilkynningaskylda skv. þeim lögum og þau lög yfirleitt nái alls ekki til þeirra starfsmanna og þeirrar starfsemi, sem þarna átti í hlut. Að auki komi það til, að atvik málsins séu að fullu upplýst, þannig að ekki sé um nein sönnunarspursmál að ræða. Þessi málsástæða fái því heldur ekki staðist hjá stefnanda.

Fari svo ólíklega, að ekki verði fallist á aðalkröfu, er varakrafa sú, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Í því sambandi er vakin athygli á, að stefnanda hafi láðst að draga frá greiðslu frá stefnda, kr. 750 þús., sem greidd hafi verið vegna slyssins í samræmi við ákvæði kjarasamnings Landssambands lögreglumanna. Þá er gerður sérstakur áskilnaður um að koma að athugasemdum við örorkuútreikning á dskj. nr. 3. Loks er mótmælt sem algerlega heimildarlausum þeim vaxtaprósentum, sem stefnandi krefst, og jafnframt er miskabótakröfu mótmælt sem allt of hárri.

IV.

Álit dómsins.

Slysið, sem málið er af risið, varð, þá er stefnandi var við handboltaæfingar á undan leikfimitíma í lögregluskólanum. Lögreglumönnum mun vera skylt að stunda nám í lögregluskólanum, og halda þeir launum, á meðan þeir eru þar við nám. Þrátt fyrir það verður ekki á þá skoðun stefnanda fallist, að nám í lögregluskólanum hafi verið þáttur í löggæslustörfum stefnanda.

Ákvæði um, að lögreglumenn eigi rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns, voru upphaflega sett með 2. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1933, en ákvæðið gilti einungis um lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn. Ákvæði þetta var óbreytt í lögum nr. 50/1940, sem leystu af hólmi fyrrgreind lög. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1963 var samhljóða hinum eldri ákvæðum að öðru leyti en því, að hún tók til allra lögreglumanna. Nú gildir um þetta efni 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972. Ákvæðið er svohljóðandi: „Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfa síns.“ Þegar litið er til aðdraganda að setningu þessa ákvæðis, svo og þegar ákvæðið er skoðað í samhengi við 1. mgr. 5. gr. laganna, þá þykir hin hlutlæga ábyrgð, sem felst í 2. mgr., ekki ná yfir slys, sem hlýst af íþróttaæfingum lögreglumanna innbyrðis.

Enda þótt lögreglumaður sá, sem veitti stefnanda áverka þann, sem tjón stefnanda hlaust af, hafi verið á launum sem lögreglumaður, þá verður ekki talið, að iðkun handbolta hafi verið hluti af framkvæmd þess lögregluþjóns á starfsskyldum hans. Ekkert er fram komið um ólögmæta eða saknæma háttsemi þess lögregluþjóns. Verður slysið eigi til annars rakið en hreinnar óhappatilviljunar.

Eru því ekki skilyrði til þess að leggja á stefnda ríkissjóð fébótaábyrgð á tjóni stefnanda. Það hefur ekki áhrif á þessa niðurstöðu, að Öryggiseftirliti ríkisins hafi ekki verið tilkynnt um slysið, enda eru málsatvik ágreiningslaus.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi ríkissjóður er sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Jóakimssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 40/1981. **Andri h/f**
gegn
Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Hans Nordal, útgerðarmanns og eiganda m/s „Loanna“.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Andri h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Guðmundi Péturssyni hæsta-

réttarlögmanni f. h. Hans Nordal, útgerðarmanns og eiganda m/s „Loanna", sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 400.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 44/1981. **Kristinn Sveinsson**
gegn
Guðjóni Jóhannssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristinn Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Guðjóni Jóhannssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 400.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 117/1981. **Björn Einarsson**
gegn
Guðmundi Þórðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 133/1981. **Sveinn Gústafsson**
gegn
Dana Sales K/S.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinn Gústafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 144/1981. **Róbert Árni Hreiðarsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Róbert Árni Hreiðarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 166/1981. **Steinborg h/f**
gegn
póstgíróstofunni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steinborg h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1981.

Nr. 204/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Helga Hóseassyni.

Kærumál. Kröfu um gæsluvarðhald synjað. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. september 1981, sem barst Hæstarétti 28. s. m. Krefst hann þess, að úrskurður sakadóms um, að varnaraðili skuli sæta geðheilbrigðisrannsókn, verði staðfestur og að honum verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 2. desember 1981.

Af hálfu varnaraðilja er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, að kröfu um, að varnaraðili

verði látinn sæta geðheilbrigðisrannsókn, verði synjað eða vísað frá dómi. Krafist er kærumálskostnaðar af hans hálfu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal álitsgerð Ólafs Grímssonar læknis 31. október 1972 um geðheilbrigði varnaraðilja.

Rannsóknarnauðsynjar bera eigi til að láta varnaraðilja sæta gæsluvarðhaldi, og háttsemi hans þykir eigi vera þess eðlis, að ástæða sé að öðru leyti til að beita gæsluvarðhaldi.

Í framangreindri álitsgerð Ólafs Grímssonar læknis skilgreinir hann geðheilbrigði varnaraðilja þannig:

„Paranoia querulans. Personalitas paranoides".

Með hliðsjón af gögnum máls þykir rétt, að varnaraðili sæti geðheilbrigðisrannsókn að nýju.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til um þau atriði hans, sem kærð hafa verið.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður að því er varðar geðheilbrigðisrannsókn og synjun á kröfu um gæsluvarðhald.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. september 1981.

Ár 1981, föstudaginn 25. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í fangelsinu að Síðumúla 28 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði í gær kröfu um, að Helgi Hóseasson, fæddur 21. nóvember 1919, Skipasundi 48, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi og geðrannsókn vegna gruns um brot gegn 177. gr. og 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins er nánari grein gerð fyrir kröfunum, og þykir rétt að taka hana orðrétt upp. Greinargerðin er svohljóðandi:

„Kærði var handtekinn af lögreglu í gærmorgun, þar sem hann var að sletta svörtum þykkum vökva, sennilega tjöru, á stjórnarráðshúsið, suður- og vesturhlið. Í lögregluskýrslu hefur lögregla eftir kærða, að hann væri að mótmæla því, að nafn hans væri skráð í Þjóðskrá.

Kærði hefur ekki viljað tjá sig við rannsóknaraðila og var skoðaður af fangelsislækni í gær.

Kærði hefur samtals fimm sinnum verið kærður fyrir sambærilegan verknað á árunum 1972—1976, og voru þau gögn send frá sakadómi Reykjavíkur til ríkissaksóknara á miðju sumri 1980.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og meðfylgjandi rannsóknargagna er þess krafist með vísan til 5. töl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 2. desember 1981 svo og til að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi, sbr. 75. gr., 2. mgr. 2. töl., d-liðs, sömu laga. Verði skilyrði til gæsluvarðhalds eigi talið vera fyrir hendi, er þess krafist með vísan til fyrrgreinds ákvæðis 75. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. og 69. gr., 4. töl., sömu laga, að kærði verði úrskurðaður til geymslu á Kleppsspítalanum í Reykjavík og að yfirlæknum Kleppsspítalans verði með úrskurði dómsins lýst rétt og skylt f. h. sjúkrahússins að annast geðheilbrigðisrannsókn á kærða og vistun hans á Kleppsspítalanum, meðan á þeirri rannsókn stendur."

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins var kærði staðinn að verki við að sletta tjörukenndu efni á veggi Stjórnarráðshússins við Lækjargötu hinn 23. þ. m. Er í skýrslu lögreglu haft eftir honum, að hann væri með þessu að „mótmæla því, að nafn hans væri skráð í Þjóðskrá, og einnig tók hann fram, að hann æti ekki úldið hrossakjöt." Kærði var færður í fangageymslu lögreglunnar, en síðan í fangelsið við Síðumúla, og þurfti að flytja hann þangað á börum, þar sem hann neitaði að ganga. Rannsóknarlögreglumenn reyndu samdægurs að ræða við kærða í fangaklefa hans, en hann svaraði þeim engu.

Samkvæmt ósk rannsóknarlögreglu ríkisins var reynt að flytja kærða heim til hans um kl. 1930 þann 23. þ. m. Hafði honum áður verið skýrt frá því, að hann væri frjáls ferða sinna, en hann neitaði að yfirgefa fangelsið. Er lögreglumenn hugðust leggja kærða á börur í því skyni að flytja hann heim til hans, sló hann ítrekað til þeirra, og var þá í samráði við Arnar Guðmundsson, deildarstjóra hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, og eftir að Guðsteinn Þengilsson læknir hafði litið á kærða, ákveðið að láta hann dvelja áfram í fangelsinu fyrst um sinn. Í vottorði læknisins, dags. 23. þ. m., segir, að kærði sé í mótþróaástandi og eiginlegri skoðun hafi ekki orðið við komið, en hann sé að mati læknisins ekki í lífshættulegu ástandi.

Dómarinn kynnti kærða í gær kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins svo og rétt hans til þess að fá sér skipaðan réttargæslumann, og enn fremur var borið undir hann kæruefnið. Var dómþingið háð í klefa kærða í fangelsinu við Síðumúla, þar sem hann lá út af, fáklæddur, en hann fékkst ekki til þess að segja nokkurt orð.

Kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins er margþætt, og verður nú vikið að hverjum þætti fyrir sig.

Svo sem að framan greinir, er í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins vísað til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að því er varðar kröfu um gæsluvarðhald. Samkvæmt rannsóknargögnum, sem liggja frammi, braut kærði 5 rúður í Alþingishúsinu þann 2. nóvember 1976. Hinn 22. ágúst 1975 ataði hann tjöru á Alþingishúsið, en hinn 14. júlí 1975 hvítri málningu. 17. júní 1974 ataði kærði Stjórnarráðshúsið tjöru. Í endurriti úrskurðar um gæsluvarðhald og geðrannsókn á hendur kærða, uppkveðnum 18. júní 1974, kemur fram, að kærði jós skyri yfir forsetahjónin, ráðherra, biskup og alþingismenn hinn 10. október 1972. Ekki er kunnugt um, að höfðað hafi verið mál á hendur kærða vegna þessara brota.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að kærði hafi sætt kærum eftir 2. nóvember 1976 þar til nú. Þá verður heldur eigi séð af fyrirliggjandi gögnum eða í gögnum dómsins, að kærði hafi hlotið refsidóm, a. m. k. eftir árið 1971. Þykja því ekki vera skilyrði til þess að beita kærða gæsluvarðhaldi samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Þá þykja 2.—4. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. heldur ekki eiga hér við.

Verður nú vikið að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um geðheilbrigðisrannsókn, áður en fjallað verður um 1. tl. 1. mgr. 67. gr.

Í gögnum málsins kemur fram, að kærði sætti geðheilbrigðisrannsókn í október 1972, en skýrsla um hana fylgir þó ekki gögnum málsins nú. Með úrskurði, uppkveðnum 18. júní 1974, var kærða á ný gert að undirgangast slíka rannsókn, en hún mun þó aldrei hafa farið fram.

Með hliðsjón af broti því, sem kærði er grunaður um, og framkomu hans, eftir að hann var handtekinn, svo og með vísan til d liðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög 107/1976, þykir rétt að ákveða, að kærði skuli sæta rannsókn á andlegri heilbrigði sinni.

Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins er ekki vikið að

1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 í sambandi við kröfu um gæsluvarðhald. Ekki verður séð, að kærði eigi þess kost að spilla sakargögnum, enda þótt hann haldi óskertu frelsi sínu, en hugsanlegt er þó, að hann gæti torveldað rannsókn málsins með því að koma sér undan geðrannsókn. Á hinn bóginn er þess að gæta, að geðrannsókn sú, sem honum var gert að sæta með úrskurði þann 18. júní 1974, gat ekki farið fram á venjulegan hátt, á meðan hann sætti gæsluvarðhaldi í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, vegna líkamlegs ástands hans í kjölfar sveltis. Einnig er á það að líta, að af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins var ákveðið að sleppa kærða lausum úr haldi síðdegis þann 23. þ. m., svo sem að framan greinir.

Með hliðsjón af framansögðu þykir ekki vera einsýnt, að gæsluvarðhald sé til þess fallið að tryggja framgang geðrannsóknar, eins og á stendur, og þykir því ekki rétt að svo stöddu að úrskurða kærða í gæsluvarðhald. Verður kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins þar um því synjað.

Í 69. gr. laga nr. 74/1974 eru ákvæði um það, hvenær gæsluvarðhaldi megi ekki beita, og til hverra úrræða verði gripið í þess stað. 4. tl. greinarinnar tekur til sjúklinga, vanfærra kvenna og kvenna með barn á brjósti. Ekkert liggur fyrir um það, að kærði sé ekki heilbrigður, og verður kröfu um geymslu hans samkvæmt þeim tölulið því þegar af þeirri ástæðu synjað. Telja verður varhugavert að ætla að vista mann, sem grunaður er um refsivert athæfi, gegn vilja hans á geðsjúkrahúsi, án þess að nokkuð liggi fyrir um, að hann sé geðsjúkur.

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 74/1974 er mönnum skylt að viðlögðum sektum að veita lögreglu lið í þarfir opinberrar rannsóknar, enda sé það þeim að meinalausu. Ákvæði þetta tekur til lækna jafnt sem annarra. Ekki hefur reynt á það í máli þessu, hvort yfirlæknar Kleppsspítalans í Reykjavík muni f. h. spítalans skorast undan að rannsaka geðheilbrigði kærða. Þeim var í gær gefinn kostur á að tjá sig um kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins að því leyti sem hún laut að þeim, en þeir sáu sér ekki fært að koma fyrir dóminn.

Dómurinn lítur svo á, að úrskurður um skyldu læknanna að þessu leyti sé óþarfur, a. m. k. að svo stöddu, og þykir því verða að vísa kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um þetta atriði frá dómi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Helgi Hóseasson, skal sæta geðheilbrigðisrannsókn.

Kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald eða geymslu kærða á Kleppsspítalanum í Reykjavík er synjað.

Kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um skyldu yfirlækna Kleppsspítalans f. h. spítalans til að annast geðheilbrigðisrannsókn á kærða er vísað frá dómi.

Mánudaginn 5. október 1981.

Nr. 35/1981. **Hjörleifur Hallgríms og Guðrún Hjörleifsdóttir** gegn **Ómari Hallssyni og gagnsök.**

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Er mál þetta kom fyrir á dómþingi 2. þ. m., óskuðu aðaláfrýjendur, að mál þetta yrði fellt niður.

Gagnáfrýjandi samþykkti það, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er því fellt niður, en rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 600.00 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Aðaláfrýjendur, Hjörleifur Hallgríms og Guðrún Hjörleifsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Ómari Hallssyni, 600.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. október 1981.

Nr. 48/1980. **Sjófang h/f**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Jökli h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Aðild. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóm kváðu upp Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, og sjó- og verslunardómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ægir Ólafsson kaupmaður.

Áfrýjandi skaut máli sínu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1979. Var málið þingfest í Hæstarétti 1. október s. á. Útivist varð í málinu 3. mars 1980, og var kveðinn upp í því útivistardómur sama dag. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju hinn 19. mars 1980 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð þessi skjöl: Vottorð borgarfógetaembættisins í Reykjavík um eignarhald að fiskiskipinu Fram, RE 12, áður Bjarni Ásmundar, ÞH 320, ljósrit af Lögbirtingablaði með tilkynningu til hlutafélagaskrár varðandi Bás h/f frá 25. apríl 1978, ljósrit úr skipaskrá Siglingamálastofnunar, ljósrit af endurriti úr fógetabók og ljósrit af rekstrar- og efnahagsreikningi Báss h/f 1978.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði, og var honum þó löglega stefnt. Hér fyrir dómi reisir hann kröfu sína á aðildarskorti. Hann telur kröfum stefnda ranglega beint gegn sér, þar sem hann hafi ekki gert út fiskiskipið Bjarna Ásmundar,

heldur hafi eigandi þess, hlutafélagið Bás, gert það út á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Stefndi telur framkvæmdastjóra áfrýjanda, Jakob Sigurðsson, hafa sýnt það, er hann mætti í fógetarétti Reykjavíkur hinn 7. ágúst 1979 og benti á eignir áfrýjanda sem fjárnámsandlag, er aðför var gerð samkvæmt héraðsdómi, að rétt hafi verið stefnt í héraði.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir því, að kröfur stefnda á hendur áfrýjanda stafi af viðskiptum eigenda fiskiskipsins Bjarna Ásmundar við stefnda á árinu 1978, en úttekt skipsins hjá stefnda vegna veiðarfæra og ýmiss annars útlagðs kostnaðar hafi orðið meiri en aflainnlegg, svo sem nemur hinni dæmdu fjárhæð.

Af gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að fiskiskipið Bjarni Ásmundur, ÞH 320, var eign hlutafélagsins Báss frá 4. október 1976 til 15. janúar 1980.

Stefndi hefur eigi sannað, að áfrýjandi hafi verið ábyrgur fyrir útgerð skipsins á árinu 1978. Ábending framkvæmdastjóra áfrýjanda í fógetarétti Reykjavíkur á fjárnámsandlag til fullnustu héraðsdómi í máli þessu felur ekki í sér viðurkenningu á kröfu stefnda.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hafa engin gögn verið lögð fram fyrir því, að annar en eigandi fiskiskipsins Bjarna Ásmundar hafi gert það út á tímabili því, sem hin umdeildu lögskipti urðu á. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sjófang h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jökuls h/f.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 2. júlí 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní sl., er höfðað fyrir sjó-

og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 29. maí 1979, af Jökli h/f, Raufarhöfn, gegn Sjófangi h/f, Hólmsgötu 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.543.391 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 22. maí 1978 til 22. nóvember 1978 og með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 22. nóvember 1978 til greiðsludags svo og málskostnaðar að mati dómsins. Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera til komna vegna viðskipta stefnda við hann vegna m/b Bjarna Ásmundar, RE 12, en stefndi sé útgerðaraðili þess skips. Skuldin sé fyrst og fremst vegna veiðarfæra, sem skipið hafi fengið lánuð hjá stefnanda, en ekki skilað aftur, en einnig vegna ýmislegs kostnaðar, sem stefnandi hafi lagt út vegna skipsins og aflainnlegg þess hafi ekki hrokkið til að greiða. Um nánari sundurliðun skuldarinnar vísi stefnandi til meðfylgjandi ljósrits af reikningsyfirliti nr. 212 fyrir tímabilið 30. apríl 1978 til 30. nóvember s. á. um viðskipti m/b Bjarna Ásmundar, RE 12, við stefnanda. Auk þess vísi stefnandi til meðfylgjandi ljósrita af reikningum.

Skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir stefnanda og lögmanns hans.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Veður þá eftir 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 191.400.

Dóminn kváðu upp Kristjana Jónsdóttir og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason og Ægir Ólafsson.

Dómsorð:

Stefndi, Sjófang h/f, greiði stefnanda, Jökli h/f, kr. 1.543.391 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 22. maí 1978 til 22. nóvember 1978, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 191.400 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. október 1981.

Nr. 191/1981. **Félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytis**
gegn
Lífeyrissjóði byggingamanna.

Kærumál. Skipti. Ríkisábyrgð. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. september 1981, sem barst réttinum 16. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðinum verði hrundið og lagt fyrir skiptarétt Reykjavíkur að leggja efnisúrskurð á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Lífeyrissjóður byggingamanna, varnaraðili hér fyrir dómi, hefur krafið sóknaraðilja um greiðslur á grundvelli laga nr. 31/1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979. Í 2. mgr. 7. gr. laganna, eins og hún er eftir breytingu með áðurnefndum lögum nr. 8/1979, segir: „Ef vafi leikur á um réttmæti kröfu eða um það, hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar, getur ráðuneytið leitað úrskurðar skiptaréttar um það.“ Þetta ákvæði samrýmist illa meginreglum réttarfars, eins og rakið er í hinum kærða úrskurði. Engu að síður veitir ákvæðið eftir ótvíræðum orðum sínum sóknaraðilja rétt til að fá úrskurð skiptaréttar um tiltekin atriði. Verður því eigi fallist á úrlausn hins kærða úrskurðar, og ber skiptaráðanda að taka málið til úrlausnar að nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber skiptaráðanda í Reykjavík að taka málið til úrlausnar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 31. ágúst 1981.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 13. ágúst sl., að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili, félagsmálaráðherra, gerir aðallega þá kröfu, að synjað verði með úrskurði kröfu varnaraðilja, Lífeyrissjóðs byggingamanna, þess efnis, að ábyrgð ríkissjóðs sé fyrir hendi vegna lýstra krafna lífeyrissjóðsins í þrotabú Smíðavals h/f. Til vara krefst hann þess, „að úrskurðað verði, að ríkisábyrgð nái ekki til 6% mótframlags Smíðavals h.f." til lífeyrissjóðsins, en til þrautavara er krafist lækkunar á kröfum lífeyrissjóðsins að mati réttarins. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili, Lífeyrissjóður byggingamanna, krefst þess, að úrskurðað verði, að kr. 4.693.97 af lýstri kröfu hans í þrotabú Smíðavals h/f falli innan ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot. Til vara er þess krafist, að úrskurðað verði, að lægri fjárhæð að mati réttarins falli innan ríkisábyrgðar. Í báðum tilvikum er krafist vaxta, eins og þeir eru ákveðnir í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 302/1975, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 128/1979, og málskostnaðar að mati réttarins.

Leitað hefur verið sátta án árangurs.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að með úrskurði réttarins, uppkveðnum 23. febrúar 1981, var bú Smíðavals h/f í Reykjavík tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Innköllun var gefin út í búið, og lauk kröfulýsingarfresti þann 10. júní 1981. Innan hans bárust kröfur frá gjaldþrotabeiðanda, að fjárhæð kr. 43.332.00, og forgangskrafa frá varnaraðilja máls þessa með bréfi, dagsettu 26. apríl 1981, að fjárhæð kr. 21.692.05 auk vaxta og kostnaðar. Kröfu þessa kvað varnaraðili vera vegna ógreiddra iðgjalda hins gjaldþrota félags til lífeyrissjóðsins, og er krafan sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

Iðgjöld ársins 1975, sem varnaraðili kveður áætluð af sjóðnum á þann hátt, að lagt var á hið gjaldþrota félag samkvæmt upplýsingum skattstofunnar í Reykjavík lífeyristryggingagjald árið 1976 að fjárhæð gkr. 159.650, en með því að vikugjald, sem lagt er til grundvallar ákvörðunar álagningar þessarar, var á þeim tíma gkr. 310 fyrir hvern starfsmann félagsins á viku, gefi

það til kynna, að starfsfólk hafi verið í vinnu hjá félaginu í samtals 515 vinnuvikur á árinu 1975. Lífeyrissjóðurinn hafi á þessum tíma haft að svonefndu viðmiðunargjaldi, að til hans yrðu samtals greiddar gkr. 1.478 í iðgjöld fyrir hvern starfsmann í hverri viku. Samkvæmt þessum upplýsingum hafi greiðslur hins gjaldþrota félags til sjóðsins fyrir ár þetta átt að vera sem hér segir:

Iðgjaldahluti starfsmanna (4% launa): ..... gkr. 304.468
Iðgjaldahluti vinnuveitanda (6% launa): ..... gkr. 456.702

Hið gjaldþrota félag skilaði á ári þessu að sögn varnaraðilja iðgjöldum, sem svara til 189 vinnuvikna, eða gkr. 279.540

og telur varnaraðili því ógreidd iðgjöld vera vegna ársins 1975 ..... gkr. 481.630

Iðgjöld ársins 1976 eru áætluð á sama hátt, en á félagið kveður varnaraðili hafa verið lagt lífeyristryggingagjald að fjárhæð gkr. 106.480, en á þessu ári var álagning gjaldsins við það miðuð, að fyrir hverja vinnuviku starfsmanns skyldu greiðast gkr. 440, en samkvæmt því hafi verið unnar hjá hinu gjaldþrota félagi 242 vinnuvikur. Viðmiðunargjald lífeyrissjóðsins þetta árið var að sögn varnaraðilja gkr. 1.933. Áætluð iðgjöld sundurliðast því þannig:

Iðgjaldahluti starfsmanna (4% launa): ..... gkr. 187.066
Iðgjaldahluti vinnuveitanda (6% launa): ..... gkr. 280.599

eða samtals 10% iðgjald: ..... gkr. 467.665
Á ári þessu kveður varnaraðili félagið hafa skilað iðgjöldum til sjóðsins, sem svara til 79 vinnuvikna, eða ..... gkr. 152.586

og telur varnaraðili því ógreidd iðgjöld vegna ársins 1976 vera ..... gkr. 315.079

Varnaraðili kveður ekki hafa verið unnt að afla upplýsinga, sem hægt væri að leggja til grundvallar áætlun um iðgjaldaskuld vegna ársins 1977. Iðgjöld ársins 1978 eru enn áætluð á sama hátt, en varnaraðili segir, að á féllagið hafi verið lagt atvinnuleysistryggingagjald árið 1979 að fjárhæð gkr. 47.700, en við álagningu þess gjalds hafi verið við það miðað, að greiddar yrðu gkr. 300 fyrir hverja vinnuviku, og hafi félagið því haft starfsmann í vinnu samtals 159 vinnuvikur. Viðmiðunargjald lífeyris-

sjóðsins kveður varnaraðili hafa verið á þessu ári gkr. 4.042 fyrir hverja vinnuviku. Séu því iðgjöldin áætluð á eftirfarandi hátt:

Iðgjaldahluti starfsmanna (4% launa): ..... gkr. 257.071
Iðgjaldahluti vinnuveitanda (6% launa): ..... gkr. 385.606

eða samtals 10% iðgjald ..... gkr. 642.677

Varnaraðili kveður félagið hafa á þessu ári greitt til sín iðgjöld, sem samsvara 98 vinnuvikum, eða ..... gkr. 396.735

og séu því ógreidd iðgjöld vegna ársins ..... gkr. 245.942

Iðgjöld ársins 1979 segir varnaraðili hafa þannig verið áætluð, að á félagið hafi árið 1980 verið lagt atvinnuleysistryggingagjald að fjárhæð gkr. 85.042 og hafi við þá álagningu verið miðað við, að fyrir hverja vinnuviku skyldu greiðast gkr. 421, og hafi því verið um 202 iðgjaldsskyldar vinnuvikur að ræða á því ári. Viðmiðunargjald lífeyrissjóðsins hafi verið gkr. 5.577, og eru því iðgjöldin áætluð sem hér segir:

Iðgjaldahluti starfsmanna (4% launa): ..... gkr. 450.662
Iðgjaldahluti vinnuveitanda (6% launa): ..... gkr. 675.892

eða samtals 10% iðgjald: ..... gkr. 1.126.554

Varnaraðili kveður félagið ekkert hafa greitt til sjóðsins vegna ársins 1979.

Varnaraðili kveður félagið ekki hafa skilað upplýsingum vegna áranna 1980 og 1981 og hafi ekki tekist að afla gagna til þess að áætla iðgjöld þeirra ára.

Samtala áðurgreindra áætlaðra iðgjalda er því kr. 21.692.05.

Við uppskrift þrotabúsins, sem fram fór 9. apríl sl., var búið lýst með öllu eignalaust af fyrrverandi stjórnarmanni félagsins.

Skiptaráðanda í búinu barst þann 11. maí 1981 bréf félagsmálaráðuneytisins, þar sem meðal annars segir: „Með vísan til 6. gr. laga nr. 31/1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot sendir ráðuneytið yður, herra skiptaráðandi, til umsagnar ljósrit af erindi Hákonar H. Kristjónssonar hdl. f. h. Lífeyrissjóðs byggingamanna, þar sem farið er fram á, að ráðuneytið greiði lífeyrissjóðsiðgjaldahluta (þ. e. 4% launa) starfsmanna Smíðavals h.f. vegna gjaldþrots félagsins fyrir tímabilið 23/8 '79 — 23/2 1981.

Beiðst er umsagnar yðar, herra skiptaráðandi, um kröfuna. Í umsögninni þurfa að koma fram eftirtalin atriði:

. . . . . .

2. Hvort kröfunni fylgi forgangsréttur skv. lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. (sjá lög 23/1979).
3. Hvort viðkomandi launþegi hafi átt í hinu gjaldþrota fyrirtæki eða hafi verið forstjóri þess eða stjórnarmaður, eftir að fjárhag þess fór verulega að halla. Hafi launþeginn átt hlut í fyrirtækinu, þarf að upplýsa, hve stór sá hlutur var. . .“

Með bréfi þessu fylgdi ívitnað ljósrit af bréfi lögmannsins til ráðuneytisins, og þykja meginatriði þess nægilega rakin í ofangreindri tilvitnun.

Bréfinu svaraði skiptaraáðandi 12. maí 1981, og er um umrædd fyrirspurnaratriði sagt:

„2. Samkvæmt 4. tl., sbr. 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979, getur forgangsréttur einungis fylgt þeim hluta ofangreindrar kröfu, sem fallið hefur í gjalddaga eftir 23. ágúst 1979. Samkvæmt framburði fyrirsvarsmanns hins gjaldþrota félags hér fyrir rétti starfaði félagið ekkert á árunum 1980 og 1981. Í kröfulýsingu er ekki að finna sundurliðun á því, hvaða hluti umkrafinna iðgjalda hefur fallið í gjalddaga eftir 23. ágúst 1979, en þar er væntanlega unnt um að kenna því, að skilagreinum var ekki skilað til sjóðsins frá félaginu. Verður því að ætla, að 5/12 hlutar iðgjalda ársins 1979 hafi fallið í gjalddaga eftir 23. ágúst 1979, eða alls kr. 1.877.75 af þeim hluta kröfunnar, sem krafist er greiðslu á frá hinu háa ráðuneyti. Skiptaráðandi mun taka þá afstöðu til framkominnar kröfu í skrá um lýstar kröfur samkvæmt 108. gr. laga nr. 6/1978 að vera samþykkur viðurkenningu á forgangsrétti framangreindrar fjárhæðar, kr. 1.877.75, ásamt samsvarandi mótframlagi atvinnurekanda til Lífeyrissjóðsins, kr. 2.816.22. Að öðru leyti mun skiptaráðandi lýsa sig andvígan viðurkenningu á forgangsrétti kröfunnar.

3. Skiptaráðandi getur ekki svarað 3. tl. fyrirspurnar yðar, þar sem hvergi er að finna í fyrirliggjandi gögnum upplýsingar um, hverjir launþegar þeir séu, sem krafist er greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda fyrir“.

Í skrá um lýstar kröfur í þrotabúið, sem gerð var í samræmi við 108. gr. laga nr. 6/1978 þann 18. júní 1981, lýsti skiptaráðandi þeirri afstöðu til viðurkenningar lýstrar kröfu varnaraðilja máls þessa, að hann legðist gegn viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar að því leyti sem hún teldist fallin í gjalddaga fyrir 23. ágúst 1979. Ætla yrði, að 5/12 hlutar lýstrar kröfu varnar-

aðilja vegna iðgjalda ársins 1979 hafi fallið í gjalddaga eftir greint tímamark, eða kr. 4.693.97, sem skiptaráðandi lýsti sig samþykkan, að viðurkenndist sem forgangskrafa í búið. Að öðru leyti lýsti skiptaráðandi sig samþykkan því, að krafa varnaraðilja teldist almenn krafa í búið. Varnaraðilja var bréflega gerð grein fyrir þessari afstöðu. Andmæli gegn afstöðu skiptaráðanda til viðurkenningar kröfunnar bárust hvorki fyrir né á skiptafundi í búinu, sem haldinn var 25. júní 1981, og taldist hún því samkvæmt 1. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 endanlega samþykkt.

Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, sem barst skiptaráðanda á áðurgreindum skiptafundi, var honum tjáð, að ráðuneytið væri þeirrar skoðunar, að fjárhæð sú, sem varnaraðili máls þessa krefðist greiðslu á úr ríkissjóði, félli ekki innan ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot og af hendi ráðuneytisins væri óskað eftir því, að skiptaráðandi úrskurðaði um álitaefni þetta samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979. Af hálfu varnaraðilja var þessari skoðun ráðuneytisins andmælt og ágreiningsefnið tekið til úrlausnar í máli þessu. Áður en til munnlegs flutnings málsins kom, breytti varnaraðili upphaflegri kröfu sinni á þá leið, að í stað þess eins að krefjast greiðslu iðgjaldaframlags starfsmanna hins gjaldþrota félags úr ríkissjóði, eins og gert var í áðurnefndu bréfi hans til sóknaraðilja, krafðist hann að auki, að úrskurðað yrði, að mótframlag vinnuveitanda félli einnig innan ríkisábyrgðar, og varð því fjárhæð kröfu hans að svo breyttu sú, er í upphafi úrskurðar þessa getur. Af hálfu sóknaraðilja var því lýst yfir við munnlegan flutning, að samþykkt væri af hans hendi, að breyting kæmist að í málinu.

III.

Sóknaraðili hefur fært þau rök fyrir aðalkröfu sinni, að varnaraðili geti ekki verið sjálfstæður aðili kröfugerðar á hendur ríkissjóði eftir lagafyrirmælum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, heldur einungis launþegi sjálfur. Vitnar hann til 1. gr. reglugerðar nr. 302/1975 um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot, en upphafsorð ákvæðisins eru svofelld: „Ríkissjóði ber að greiða launþegum vangreidd laun fyrir vinnu . . .“. Hvergi sé að finna lagaheimild til þess, að lífeyrissjóður geri kröfu á hendur ríkissjóði samkvæmt reglum um ríkisábyrgð á launum. Tilgangur laga um ríkisábyrgðina sé jafnframt sá að koma í veg fyrir, að launþegi verði fyrir skakkaföllum vegna gjaldþrots

vinnuveitanda, en ekki að varna öðrum tjóni, t. d. lífeyrissjóðum. Þá telur sóknaraðili, að ekkert sé fram komið því til stuðnings, að Lífeyrissjóður byggingamanna eigi öðrum lífeyrissjóðum fremur kröfu á greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda allra starfsmanna félagsins. Varnaraðili áætli kröfu sína á grundvelli framtalins vinnuvikufjölda hjá félaginu, en þar gætu með taldir verið skrifstofumenn eða verkamenn í þjónustu félagsins, sem tilheyra öðrum lífeyrissjóðum.

Sóknaraðili bendir jafnframt á aðalkröfu sinni til stuðnings, að þótt að öðru jöfnu sé viðurkennt, að ríkisábyrgð nái til iðgjaldahluta launþega til lífeyrissjóðs, 4% launa, sem vinnuveitandi heldur eftir af launum starfsmanna, þá álíti hann, að til þess þurfi ávallt að liggja fyrir upplýsingar um nöfn þeirra launþega, sem unnið hafa fyrir launanum, og hver fjárhæð þeirra er, enda verði ekki með öðru móti sannreynt, hvort fullnægt sé skilyrðum ríkisábyrgðar. Enn fremur, að með því að ekki er vitað, um hverja launþega er að tefla í þessu tilviki, þá rísi sú spurning, hverjum til hagsbóta greitt yrði til lífeyrissjóðsins. Framlagi til lífeyrissjóðs hljóti ávallt að fylgja réttindaávinningur launþega þess, sem greitt er fyrir. Yrði greiðslukrafa varnaraðilja tekin til greina, yrði það annað hvort öðrum sjóðfélögum til hagsbóta eða sjóðnum sjálfum, en varla þeim launþegum, sem í raun voru starfsmenn hins gjaldþrota félags. Væri það jafnvel andstætt reglum sjóðsins að veita greiðslu sem þessari viðtöku.

Um varakröfu sína þess efnis, að úrskurðað verði, að ríkisábyrgð nái ekki til iðgjaldahluta hins gjaldþrota félags til lífeyrissjóðs, sem nemur 6% af fjárhæð launa, segir sóknaraðili, að mótframlag þetta geti aldrei talist til „vinnulauna“ í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979. Þótt krafa um slík „launatengd gjöld“ geti talist forgangskrafa í þrotabú samkvæmt 4. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, þá er ekki sjálfgefið, að jafnframt sé um kröfu að ræða, sem ríkisábyrgð nær til. Ríkisábyrgðin nái t. d. til launa, orlofsgreiðslna, bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings og örorku eða dánarbóta vegna vinnuslysa. Séu þetta greiðslur launa eða bóta beint til launþega. Lífeyrissjóðsframlag vinnuveitanda sé þessu eðlisólíkt, t. d. teljist það ekki starfsmanni til skattskyldra tekna. Þótt mótframlag vinnuveitanda sé reiknað sem hlutfall greiddra launa til starfsmanns, þá sé þar aðeins um útreikningshátt að ræða, sem ekki gerir að verkum, að hægt sé að telja framlag þetta til launa starfsmanns.

Sóknaraðili styður þrautavarakröfu sína um, að kröfur varnaraðilja sæti lækkun að mati réttarins, þeim rökum, að ekkert liggi fyrir um, hver laun starfsmanna hins gjaldþrota félags hafi í raun verið og þar með hverjar greiðslur til lífeyrissjóðs hafi átt að vera. Krafa varnaraðilja sé þannig byggð á ágiskun. Þá bendir sóknaraðili einnig á, að ekki sé hægt að leggja til grundvallar, að 5/12 hlutar iðgjaldakrafna vegna ársins 1979 hafi fallið í gjalddaga eftir 23. ágúst þ. á., þar sem bæði geti verið, að öll laun hafi í gjalddaga verið fallin fyrir þann dag eða þá annað hlutfall heildarlauna ársins.

Um þá málsástæðu sóknaraðilja, að einungis launþegi sjálfur geti krafist greiðslu frá ríkissjóði í skjóli ríkisábyrgðar, heldur varnaraðili því fram, að af langri framkvæmd verði að telja viðurkennt af hálfu sóknaraðilja, að lífeyrissjóðir geti átt rétt á greiðslu eftir reglum um ríkisábyrgðina, enda hafi það tíðkast fram til þessa án athugasemda.

Þá hefur varnaraðili haldið því fram, að honum beri öðrum lífeyrissjóðum fremur greiðsla umræddra iðgjalda, enda hafi hið gjaldþrota félag rekið samkvæmt hlutafélagaskrá byggingaþjónustu og verktakastarfsemi. Ef síðar kynni að koma í ljós, að einhverjir fyrrverandi starfsmanna félagsins tilheyri öðrum lífeyrissjóði, þá tíðkist í samskiptum sjóðanna að millifæra ranglega innheimt iðgjald sín á milli, en ef til þess kæmi, þá eigi fjármálaráðherra samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980 að úrskurða, til hvers lífeyrissjóðs iðgjald skuli renna, verði um það ágreiningur. Sé öðru fremur mikilvægt, að iðgjöldin fáist nú greidd, því hægt væri á síðara stigi að millifæra þau til réttra aðilja, og geti það heldur ekki leyst sóknaraðilja undan greiðsluskyldu, þótt vafi sé um það, hvert greiðsla skuli að endingu renna.

Varnaraðili hefur bent á það, að þótt að svo komnu sé ekki vitað, hverjir einstakir starfsmenn hins gjaldþrota félags voru, megi finna um það gögn hjá skattayfirvöldum, sem sóknaraðili hefur aðgang að samkvæmt 11. gr. laga nr. 31/1974, en slíkan aðgang hafi varnaraðili hins vegar ekki. Sé í lögum þessum gert ráð fyrir sjálfstæðu frumkvæði sóknaraðilja til öflunar gagna um réttmæti kröfu um greiðslu eftir reglum um ríkisábyrgð og geti skortur á frumkvæði til þessa af hendi sóknaraðilja ekki velt fjárhagslegu tapi yfir á lífeyrissjóði eða valdið launþega réttindatapi. Það sé í samræmi við tilgang laga nr. 31/1974, að ríkissjóður bæti lífeyrissjóðum fjárhagslegt tap af gjaldþroti launagreiðenda, til þess að haldið verði til haga réttindum, sem

launþegi hefur áunnið með vinnu sinni. Þá kveður varnaraðili launþega seint snúa sér til lífeyrissjóða til að gæta að, hvort iðgjöld hafi verið greidd, og geri þeir það einkum í tengslum við umleitanir um fyrirgreiðslu frá sjóðunum. Hafi varnaraðili þannig engin tök á að afla upplýsinga um nöfn starfsmanna hins gjaldþrota félags, en bærist sjóðnum hins vegar greiðsla umkrafins fjár nú, væri féð til reiðu, þegar óhjákvæmilega kæmi síðar að því, að viðkomandi launþegar gæfu sig fram.

Varðandi varakröfu sóknaraðilja vitnar varnaraðili til þess, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979, nái ríkisábyrgð til vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3/1878 með síðari breytingum. 4. tl. 84. gr. þeirra laga telji lífeyrissjóðsiðgjöld til vinnulauna, og er þar enginn greinarmunur gerður á því, hvort framlag eigi frá launþega að koma eða atvinnurekanda. Báðir hlutar iðgjaldsins skapa réttindi fyrir launþega, en ekki öðlast launagreiðandi nokkurn rétt með greiðslu iðgjaldshluta síns. Í raun sé iðgjaldshluti vinnuveitanda því laun starfsmanni til handa, og telur varnaraðili ríkissjóð bera ábyrgð á öllum launum, í hvaða formi sem greiða á þau, teljist þau til forgangskrafna samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878 og sé þetta áréttað í 9. gr. laga nr. 55/1980.

Um þrautavarakröfu sóknaraðilja segir varnaraðili greiðslukröfu sína miðaða við tiltekna fjárhæð, sem lífeyrissjóðir nefna viðmiðunarlaun, og er ætlað, að iðgjaldagreiðsla af viðmiðunarlaunum í eitt ár gefi launþega réttindi hjá viðkomandi lífeyrissjóði, sem nema einu réttindastigi. Vinnuviknafjöldi sé fundinn af álagningu opinberra gjalda. Varnaraðili kveður sig ekki eiga kost á öðrum úrræðum til að áætla vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld og verði einnig að ætla, að vinnuviknafjöldi hjá hinu gjaldþrota félagi hafi dreifst jafnt yfir árið 1979, og falli því 5/12 hlutar launagreiðslna innan tímamarka 4. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, þar sem sóknaraðili hefur ekki neytt heimilda sinna til að afla gagna hjá opinberum stjórnvöldum, sem gætu leitt annað í ljós.

IV.

Rétt þykir að svo komnu að víkja að formhlið máls þessa.

Orðalagi aðalkröfu sóknaraðilja er hagað á þann veg, að synjað verði með úrskurði kröfu varnaraðilja þess efnis, að ábyrgð ríkissjóðs sé fyrir hendi vegna hluta lýstrar kröfu hans í þrotabú Smíðavals h/f. Í bréfi sóknaraðilja, sem upptök átti að meðferð

máls þessa hér fyrir rétti, er frá því greint, að úrskurðar skiptaráðanda væri beiðst um málefni þetta með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979. Ákvæði það hljóðar svo: „Ef vafi leikur á um réttmæti kröfu eða um það hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar getur ráðuneytið leitað úrskurðar skiptaréttar um það".

Í lögunum eru hvergi nánari fyrirmæli um framkvæmd þessa lagaákvæðis. Greint ákvæði er þó eigi svo tvímælalaust, að þess hefði ekki gerst þörf. Er, svo dæmi sé nefnt, hvergi um það fjallað, hver áhrif undangengin meðferð skiptaráðanda á lýstri kröfu við búsmeðferð hefur, þegar leitað er greiðslu sömu kröfu hjá ríkissjóði í skjóli ríkisábyrgðar. Óljóst er því, undir hverjum kringumstæðum geti leikið vafi á „um réttmæti kröfu" í merkingu þessa ákvæðis. Heldur er ekki um það fjallað, hvort eða á hvern hátt heimild téðs embættis til þess að leita úrskurðar skiptaráðanda „um það, hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar", tengist þessu áðurnefnda atriði eða hvort slík umleitan þurfi að standa í ákveðnum tengslum við skiptameðferð bús. Af þessum sökum þykir ekki verða hjá því komist, að athugað verði nánar, hvort ákvæði þetta sé nægileg heimild til þess, að ágreiningsatriði í máli þessu geti sætt úrlausn skiptaráðanda.

Ekki verður séð, að sérstaklega hafi verið gerð grein fyrir ákvæði þessu eða að um það hafi verið rætt, er fyrir Alþingi lá frumvarp það, sem lögfest var og út gefið sem lög nr. 8/1979. Er því ekki unnt í slíkum lögskýringargögnum að leita nánari skýringa á því, hvað hafi fyrir löggjafanum vakað með ákvæði þessu.

Um það, hverjir málaflokkar heyra undir úrlausnarvald skiptaréttar, eru hvergi bein lagaákvæði. Af þeim helstu lagareglum, er fjalla um skiptameðferð, má þó draga þá almennu ályktun, að þau ágreiningsefni, sem undir úrlausnarvald skiptaréttar falla, séu nær eingöngu þau, sem varða, hvort bú skuli koma til skipta, hverjar kröfur komist að við búskiptin, í hverri röð þær hljóti fullnægju og hvernig með eignir bús skuli farið. Þá er einnig heimild til þess í 112. gr. laga nr. 6/1978, að dómsmál, sem höfðað er af þrotabúi, megi reka fyrir skiptarétti, ef aðiljar þess semja svo, en í slíku tilviki er um úrlausn málefnis að ræða, sem nátengt er meðferð bús að öðru leyti. Þau meginsjónarmið virðast því eiga nægja lagastoð, að skiptaréttur kveði aldrei á um skyldur þriðja manns, nema um það sé sérstaklega samið, sbr. 112. gr. laga nr. 6/1978, og er þá skilyrði, að um úrlausn sé að ræða um skyld-

ur hans gagnvart búi, heldur takmarkist dómsvald skiptaréttarins við úrlausnir í ágreiningsefnum milli aðilja skiptanna um réttindi þeirra á hendur búi og um málefni, er beint varða skiptameðferð bús á annan hátt. Skiptarétturinn hefur þannig afmarkað dómsvald og má að því leyti telja sérdómstól. Þau málefni, einkaréttarlegs eðlis, sem lögum samkvæmt lúta ekki lögsögu skiptaréttar eða annarra sérdómstóla, hljóta þannig að eiga undir hinn almenna dómstól í héraði.

2. mgr. 7. gr. laga 31/1974 kveður eftir orða sinna hljóðan svo á, að félagsmálaráðherra geti leitað sérstaks úrskurðar skiptaráðanda um málefni, sem ekki eru nauðsynlega tengd skiptameðferð, og virðist ekki vera skilyrði, að hann sé aðili að búskiptunum. Sú meginregla verður að teljast gilda, að lagaákvæði sem þetta, sem að meira eða minna leyti gengur í berhögg við áðurgreinda meginreglu um dómsvald skiptaréttar, skuli sæta þröngri lögskýringu, þannig að ekki verði nema samkvæmt tvímælalausri og skýrri lagaheimild raskað þeirri afmörkun á dómsvaldi sérdómstóla gagnvart hinum almenna dómstóli, sem stoð á í lögum og meginreglum réttarfars um skipan dómsvalds.

Í 4. gr. laga nr. 31/1974 segir, að félagsmálaráðuneytið inni af hendi þær greiðslur, sem ríkissjóði ber samkvæmt þeim lögum að greiða. Eftir lögum þessum er umræddu stjórnvaldi bersýnilega falið að meta, hvort krafa á hendur ríkissjóði fullnægi lögákveðnum skilyrðum, og styðst slík ákvörðunartaka við þau fyrirmæli laganna, um hvenær skylt eða óskylt sé að inna af hendi greiðslu. Samkvæmt 6. gr. sömu laga á launþegi að styðja kröfu sína á hendur ríkissjóði umsögn skiptaráðanda um þau atriði, sem varða réttmæti kröfu og skilyrði laganna um ríkisábyrgð. Í slíkri umsögn getur þó varla verið til þess ætlast, að skiptaráðandi lýsi áliti sínu á öðrum efnum en þeim, sem staðreynd eru við búsmeðferð. Að gættum þessum aðdraganda verður að telja, að félagsmálaráðherra sé falið á grundvelli framkominna gagna og að gættum lögum að meta, hvort greiðslu skuli inna af hendi eða ekki. Telji launþegi sig misrétti beittan með synjun ráðherra á greiðslukröfu, á hann það úrræði að leita úrlausnar hins almenna dómstóls í héraði um það, hvort ákvörðun þessa stjórnvalds sé í samræmi við lög, og mundi slík málssókn, sem stoð ætti í 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, verða til þess, að dómur fengist um ágreininginn, sem fæli í sér bindandi úrlausn sakarefnisins.

Félagsmálaráðuneytið leitaði umsagnar skiptaráðanda um þær

kröfur, sem varnaraðili hefur uppi í máli þessu, með áðurívitnuðu bréfi sínu, sem barst skiptaráðanda 11. maí 1981, og verður að telja, að upplýsinga þessara hafi verið leitað á grundvelli 6. gr. laga nr. 31/1974. Í svarbréfi sínu, dagsettu 12. maí s. á., þar sem greint er frá úrlausn um réttmæti kröfunnar varðandi skiptameðferð á þrotabúinu, skírskotaði skiptaráðandi til atvika, sem að nokkru áttu stoð í þegar framkvæmdum dómsathöfnum og að öðru leyti stoð í afstöðu til viðurkenningar kröfunnar, sem skiptaráðanda bar að lýsa samkvæmt 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978, og öðlast hefur síðan endanlegt samþykki samkvæmt 1. tl. 110. gr. sömu laga. Dómsathöfnum þessum hefur ekki verið hnekkt af æðra rétti, og verður að öðru óbreyttu að leggja til grundvallar við skiptameðferð búsins. Vegna þessa er ótækur sá skýringarkostur á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979, að skiptaráðandi skuli nú á ný taka til álita réttmæti fjárkröfu varnaraðilja að kröfu félagsmálaráðherra í máli þessu og kveða upp úrskurð þar um. Ekki getur það heldur átt við rök að styðjast, ef síðastgreint ákvæði er borið saman við lög nr. 31/1974 að öðru leyti og ef höfð eru í huga þau sjónarmið, sem áður er getið um, að samkvæmt lögum nr. 31/1974 og meginreglum stjórnarfarsréttar hljóti það að falla undir ákvörðunarvald félagsmálaráðherra, hvort krafa skuli greidd úr ríkissjóði í skjóli ríkisábyrgðar, að skýra eigi 2. mgr. 7. gr. laganna á þá leið, að skiptaráðandi kveði upp sérstakan úrskurð um það eitt, hvort ríkisábyrgð sé fyrir hendi eða ekki. Líta verður einnig til þess, að úrskurður skiptaráðanda, sem lyti að því einu, hvort ríkisábyrgð væri fyrir hendi eða ekki, fæli ekki í sér bindandi úrlausn sakarefnis samkvæmt meginreglu 3. mgr. 108. gr. og 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936. Enn fremur kvæði slíkur úrskurður ekki á um greiðsluskyldu ríkissjóðs og gæti þannig til þess komið, ef ríkissjóður innti ekki af hendi greiðslu, sem úrskurðað væri, að félli innan ríkisábyrgðar, að kröfuhafi yrði að heimta greiðslu kröfu sinnar með málssókn fyrir hinum almenna dómstóli, sem ekki væri bundinn af álitsgerð skiptaráðanda í úrskurðarformi um, hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, verður því að telja, að skýra verði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974 á þá leið, að félagsmálaráðherra geti ekki með stoð í því ákvæði leitað úrlausnar skiptaráðanda um þær málskröfur, sem hann hefur uppi í máli þessu. Ekki er heldur í öðrum lagaákvæðum að finna heimild til þessa. Með því að skiptaráðandi telst samkvæmt þessu ekki vera

bær til að skera úr máli þessu, verður ekki hjá því komist að hafna málskröfum sóknaraðilja af sjálfsdáðum.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðilja, félagsmálaráðherra, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 8. október 1981.

Nr. 67/1979. **Jónas Halldórsson**
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Lífeyrissjóðnum Sameiningu
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Lífeyrissjóðir. Iðgjaldagreiðslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1979 dómum, er upp voru kveðnir á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 22. maí 1978 og 29. desember 1978. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa: Að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir með þeirri breytingu, að málskostnaður fyrir héraðsdómi verði

látinn falla niður. Verði þá hvor aðili látinn bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að krafa stefnda að fjárhæð 1.177.318 gkr. sé takmörkuð við iðgjöld vegna launa starfsmanna áfrýjanda, þeirra, sem eigi greiddu í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóðinn Sameiningu, og að ekki séu innifalin í kröfunni iðgjöld vegna launa eiginkvenna bænda, er voru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði bænda. Sætir hin dæmda fjárhæð engum andmælum af hálfu áfrýjanda, ef ekki verður fallist á kröfu hans um algera sýknu sér til handa.

Svo sem málið er lagt fyrir Hæstarétt, þykir með skírskotun til forsendna hinna áfrýjuðu dóma mega staðfesta þá að því er varðar greiðslu umkrafinna iðgjalda.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi, Jónas Halldórsson, greiði stefnda, Lífeyrissjóðnum Sameiningu, samtals 3.000.00 krónur (nýkr.) í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinir áfrýjuðu dómar eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjandi, Jónas Halldórsson, greiði stefnda, Lífeyrissjóðnum Sameiningu, samtals 3.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 22. maí 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu, með stefnu, birtri 21. maí 1977, af Lífeyrissjóðnum Sameiningu, Akureyri, gegn Jónasi Halldórssyni, Sveinbjarnargerði II, Svalbarðsstrandarhreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða lífeyrissjóðsgjöld að fjárhæð kr. 3.215.361 fyrir árin 1972—1976 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Á dómþingi 9. desember lækkaði stefnandi kröfur sínar þannig:

Aðalkrafa, kr. 2.873.889 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Til vara kr. 2.755.625 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Til þrautavara kr. 2.446.438 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Stefndi krafðist aðallega algerrar sýknu af dómkröfum stefnanda og að honum yrði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara krafðist stefndi, að stefnukröfur yrðu stórlega lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

Á dómþingi 12. maí 1978 óskuðu aðiljar að skipta sakarefninu samkvæmt 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að nú yrði aðeins dæmt um skyldu stefnda til að greiða iðgjöld þeirra launþega stefnda, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Verkalýðsfélagsins Einingar.

Hefur dómari fallist á þá málsmeðferð.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi svofelldar kröfur í þessum þætti málsins:

Að stefndi verði skyldaður með dómi til að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðsins Sameiningar samkvæmt 9. gr. reglugerðar sjóðsins af launum verkafólks í hans þjónustu:

Aðallega frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1976.

Til vara frá 19. mars 1974 til 31. desember 1976.

Til þrautavara: Að stefndi verði dæmdur til að greiða 6% mótframlag sitt af launum starfsmanna samkvæmt 9. gr. reglugerðar sjóðsins frá 19. mars 1974 til 31. des. 1970.

Stefndi hefur krafist sýknu af dómkröfunum.

Báðir aðiljar kröfðust málskostnaðar.

Sáttatilraunir dómara báru eigi árangur.

I.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Málsatvik eru þau, að stefndi rekur umfangsmikinn atvinnurekstur að Sveinbjarnargerði II, Svalbarðsstrandarhreppi, á félagssvæði Verkalýðsfélagsins Einingar, sem er einn aðila að Lífeyrissjóðnum Sameiningu. Samkvæmt samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 19. maí 1969 ber vinnuveitanda að skila skilagrein um framlög launþega og vinnuveitanda til sjóðsins mánaðarlega eigi síðar en 10 dögum eftir lok hvers mánaðar, en stefndi hefur margt starfsmanna vistráðið.

Í reglugerð sjóðsins, 9. gr., er þetta áréttað, og er reglugerðin staðfest af fjármálaráðuneytinu 3. febrúar 1971, en samkvæmt reglugerðinni eru iðgjöld 3% greidd af starfsmönnum, og 4,5%

greidd af atvinnurekanda árið 1972, en eftir það 4% greidd af starfsmönnum og 6% af atvinnurekanda, og er þá miðað við hundraðshlutfall af heildarlaunum."

Stefndi, Jónas Halldórsson, kom fyrir dóm 13. janúar 1978 og gaf þar aðiljaskýrslu.

Var það m. a. bókað:

„Dómari sýndi aðila starfsmannaskrár á dómskj. nr. 11—14, og viðurkennir hann, að starfsfólk, sem þar er upptalið, hafi allt unnið hjá sér.

Hann kveðst ekki hafa greitt nein iðgjöld til neins lífeyrissjóðs vegna þessa starfsfólks.

Hann segir, að fyrstu árin hafi fólk yfirleitt verið ráðið upp á mánaðarkaup, en upp á síðkastið hafi það verið ráðið upp á tímakaup og hafi verið tekið mið af töxtum Verkalýðsfél. Einingar. . ."

Mættur (sic) tekur fram sem nánari skýringu, að atvinnurekstur sinn sé fólginn í eggjaframleiðslu, útungun á eggjum, uppeldi og slátrun alifugla og sé reksturinn ekki sundurliðaður sérstaklega.

Þá upplýsti aðili, að mest af starfsfólkinu væri ófaglært, en þó væri þar um 4 smiði og 2 verkstjóra að ræða.

Þá benti aðili á, að sumt af starfsfólkinu væri bændur á lögbýlum og greiddi sem slíkt iðgjald til Lífeyrissjóðs bænda. En aðili kvaðst ekki sem vinnuveitandi hafa sótt um til Lífeyrissjóðs bænda að taka starfsmenn sína í tölu sjóðfélaga þar.

II.

Sýknunarkrafa stefnda byggist í fyrsta lagi á því, að hann sé ekki réttur aðili málsins. Stefndi sé bóndi og reki umfangsmikinn búskap og telji sér alls ekki skylt að greiða iðgjöld til stefnanda og hafi því aldrei skilað skýrslum til stefnanda yfir launagreiðslur og iðgjöld af þeim.

Stefnandi hefði átt að leita úrskurðar fjármálaráðuneytisins um, hvort stefndi ætti að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld til stefnanda, sbr. 2. gr. laga nr. 9/1974. Samkvæmt því ákvæði sé það alfarið í höndum fjármálaráðuneytisins að úrskurða, í hvaða lífeyrissjóð aðiljar skuli greiða iðgjöld, og að þessi dómstóll hefði því ekki lögsögu í máli þessu.

Í öðru lagi er krafist sýknu á þeim forsendum, að stefndi sé ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands eða öðrum sam-

tökum, sem eru samningsaðiljar við þá aðilja, sem standa að Lífeyrissjóðnum Sameiningu.

Starfsmenn stefnda séu ekki meðlimir í neinu félagi, sem stendur að Lífeyrissjóðnum Sameiningu, og hafi ekki óskað eftir að gerast meðlimir í slíku félagi. Samkvæmt því skorti allar greiðsluskyldur stefnda og starfsmanna hans til Lífeyrissjóðsins Sameiningar, sbr. Hrd. XLII, bls. 646.

Í þriðja lagi sé stefndi fullgildur meðlimur í Lífeyrissjóði bænda og greiði til þess sjóðs öll þau gjöld, sem hann sé krafinn um, og auk þess séu fjölmargir starfsmenn hans meðlimir í sama lífeyrissjóði og greiði gjöld sín til hans.

Víða um land sé rekinn landbúnaður á borð við þann, sem stefndi reki, en það þekkist hvergi, að þeir aðiljar séu látnir greiða til sambærilegra sjóða, eins og stefndi sé krafinn um.

En verði talið, að stefnda beri að greiða iðgjöld til stefnanda, þá sé aðalkröfu mótmælt, þar sem iðgjöld frá árinu 1972 séu fyrnd. Einnig sé hluti iðgjalda fyrir árið 1973 fyrndur. Þá benti stefndi á, að ef talið yrði, að hann væri gjaldskyldur, þá ætti að reikna iðgjöldin frá 19. mars 1974, en þá tóku lög nr. 9/1973 um starfskjör launþega o. fl. gildi.

III.

Í lögum nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl. segir svo í 2. gr.: „Öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Vinnuveitendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, sem staðfest skal af fjármálaráðuneytinu.

Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands."

Dómari lítur svo á, að lokaákvæði greinarinnar eigi einungis við, ef ágreiningur er um það milli viðkomandi lífeyrissjóða, til hvaða sjóðs iðgjöld skuli renna, en ákvæðið eigi ekki við um gjaldskyldu vinnuveitanda almennt. Því sé dómur þessi bær til meðferðar og dómsálagningar máls þessa.

Í 3. gr. reglugerðar frá 3. febrúar 1971 fyrir Lífeyrissjóðinn Sameiningu segir svo m. a. í 3. gr.:

„Sjóðsfélagar skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. málsgr., allir þeir launþegar, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almannaksmánaðar á undan og kjarasamningar milli samtaka vinnuveitenda og eftirtalinna verkalýðsfélaga eða viðurkenndir launataxtar þeirra taka til: Verkalýðsfélagið Eining . . .“

Í 1. gr. laga Verkalýðsfélagsins Einingar frá 1968 segir svo:

„Félagið heitir „Verkalýðsfélagið Eining“. Starfssvæði þess er Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjarsýsla vestan Vaðlaheiðar, að því leyti, sem ekki eru eða verða starfandi innan þess svæðis önnur verkalýðsfélög í sömu starfsgrein og 3. gr. kveður á um.“

Hinn 14. mars 1976 voru samþykkt ný lög fyrir félagið, og hljóðar 1. gr. laganna þannig:

„Félagið heitir Verkalýðsfélagið Eining. Starfssvæði þess er Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, allir hreppar Eyjafjarðarsýslu og Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Þingeyjarsýslu.“

Samkvæmt því er Svalbarðsstrandarhreppur á félagssvæði Verkalýðsfélagsins Einingar, og stefndi er því vinnuveitandi á því svæði.

Dómari telur ótvírætt, að það hafi verið tilgangur laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl., að öllum launþegum sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfstéttar eða starfshóps, hvort sem vinnuveitendur eru í samtökum vinnuveitenda eða ekki og hvort sem þeir hafa í þjónustu sinni félagsbundið eða ófélagsbundið starfsfólk.

Má sjá það af greinargerðinni, sem lagafrumvarpinu fylgdi, en þar segir svo m. a.:

„Sjóðir þeir, sem stéttarfélögin hafa á undanförnum árum samið um, að komið yrði á fót, lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir og orlofssjóðir, gegna nú þegar mikilsverðu félagslegu og menningarlegu hlutverki: Það hlutverk mun fara mjög vaxandi á komandi árum, og ber löggjafarvaldinu tvímælalaust skylda til að tryggja öllum launþegum aðild að þessum sjóðum, svo að ekki skapist verulegt misrétti milli launþega innbyrðis. Í hæstaréttardómi frá 1971, bls. 646, varð niðurstaða sú, að atvinnurekanda, sem stóð utan samtaka vinnuveitenda, væri óskylt að greiða iðgjöld til sjúkrasjóðs og orlofssjóðs viðkomandi stéttarfélags, og verður að ætla, að sama eigi við um mótframlag hans til lífeyrissjóðs. Þarna er því opin leið fyrir ýmsa hina smærri atvinnu-

rekendur til að spara sér verulegt fé, þ. e. allt að 7,5% viðbót við útborguð laun verkafólks, með því að standa sjálfur utan samtaka vinnuveitenda, og að því tilskyldu, að starfsfólk þeirra standi af einhverjum ástæðum utan launþegasamtakanna, en slíkt mun vera tiltölulega algengt, t. d. þar sem um hálfs dags starf er að ræða . . .“

Þá hefur stefndi krafist sýknu vegna þátttöku í Lífeyrissjóði bænda.

Í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 101/1970 segir:

„Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbýlum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda.“

Samkvæmt framburði stefnda hefur hann ekki sótt um inntöku starfsmanna sinna í Lífeyrissjóð bænda og ekki greitt iðgjöld fyrir þá í þann sjóð, sbr. 6. mgr. 7. gr. laga nr. 101/1970.

Í munnlegum málflutningi vísaði lögmaður stefnda til auglýsingar nr. 75/1956 um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks. Í samþykkt þessari kveður einungis á um, að aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skuldbindi sig til að tryggja þeim, sem starfa við landbúnað, sama rétt til félagafrelsis og iðnverkamenn, en kemur ekkert inn á það mál, sem hér er fjallað um.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið og atvikum er háttað, mátti stefnandi krefja stefnda um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda af launum starfsfólks hans.

Stefndi er ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands eða öðrum samtökum vinnuveitenda, sem eru samningsaðiljar við þá aðilja, sem standa að Lífeyrissjóðnum Sameiningu, og var það ekki áður en lög nr. 9/1974 tóku gildi.

Starfsfólk stefnda var eigi heldur félagsbundið neinum þeim aðilja, sem standa að lífeyrissjóðnum fyrir gildistöku laganna.

Samkvæmt þessu og þar sem eigi er fram komið, að stefndi hafi sérstaklega skuldbundið sig til að greiða iðgjöldin, áður en lögin tóku gildi, lítur dómari svo á, að gjaldskylda stefnda hefjist fyrst hinn 19. mars 1974, er lög nr. 9/1974 tóku gildi.

Niðurstaða málsins verður því sú, að taka ber til greina varakröfu stefnanda og dæma stefnda skyldan til að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðsins Sameiningar samkvæmt reglum sjóðsins, frá 19. mars 1974 til 31. desember 1976. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigurður Briem Jónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Jónasi Halldórssyni, er skylt að greiða stefnanda, Lífeyrissjóðnum Sameiningu, iðgjöld af launum ófaglærðs starfsfólks síns ásamt mótframlagi sínu fyrir tímabilið 19. mars 1974 til 31. desember 1976.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 29. desember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu með stefnu, birtri 21. maí 1977, af Lífeyrissjóðnum Sameiningu, Akureyri, gegn Jónasi Halldórssyni, Sveinbjarnargerði II, Suður-Þingeyjarsýslu.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld að fjárhæð kr. 3.215.361 fyrir árin 1972—1976 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Stefndi krafðist *aðallega* algerrar sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar, en *til vara,* að stefnukröfur yrðu stórlega lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

Samkvæmt ósk málsaðilja og heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936 var sakarefni skipt, og var í fyrri þætti málsins aðeins dæmt um skyldu stefnda til að greiða iðgjöld þeirra launþega stefnda, sem taka laun samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Einingar, Akureyri. Féll héraðsdómur, sem upp var kveðinn 22. maí 1978, á þá lund, að stefnda var dæmt skylt að greiða stefnanda iðgjöld af launum ófaglærðs starfsfólks síns ásamt mótframlagi sínu fyrir tímabilið 19. mars 1974 til 31. desember 1976. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í þessum hluta málsins eru nú:

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.625.271 með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 292.444 frá 10. janúar 1975 til 15. júlí s. á., 2% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi af sömu fjárhæð til 10. janúar 1976, 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi af sömu fjárhæð til 10. janúar 1977 og af kr. 1.625.271 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.177.318 með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 220.033 frá 10. janúar 1975 til 15. júlí s. á., 2% dráttarvöxtum á mánuði af sömu upphæð frá þeim degi til 10. janúar 1976, af kr. 524.936 frá þeim degi til 20. nóvember s. á., 2.5% dráttarvöxtum á mán-

uði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10. janúar 1977 og af kr. 1.177.318 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins. Varakrafan er byggð á því, að út úr aðalkröfunni eru teknir og dregnir frá meintir lífeyrisþegar Lífeyrissjóðs bænda.

Í þinghaldi 15. desember sl. gaf stefndi svohljóðandi yfirlýsingu:

„Með vísan til dóms í fyrri þætti þessa máls, uppkveðnum 22. maí 1978, mótmælir lögmaður stefnda ekki tölulega kröfugerð stefnanda samkvæmt varakröfu á þessu stigi málsins, en mótmælir því hins vegar, að allir þeir, sem taldir eru upp á dskj. nr. 20—22, geti átt aðild að Lífeyrissjóðnum Sameiningu, þar sem hluti þeirra eigi hlut að Lífeyrissjóði bænda."

MÁLAVEXTIR.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera ógreidd iðgjöld til Lífeyrissjóðsins Sameiningar fyrir árin 1974—1976. Sé hér um að ræða gjöld samkvæmt reglugerð Lífeyrissjóðsins Sameiningar, staðfestri af fjármálaráðuneytinu 3. febrúar 1971, en samkvæmt reglugerðinni séu iðgjöldin 4% greidd af starfsmönnum og 6% greidd af atvinnurekanda og sé þá miðað við hundraðshlutfall af heildarlaunum.

Stefndi reki umfangsmikinn atvinnurekstur að Sveinbjarnargerði, Svalbarðsstrandarhreppi, á félagssvæði Verkalýðsfélagsins Einingar, sem sé einn aðili að Lífeyrissjóðnum Sameiningu.

Stefnukröfurnar eru sundurliðaðar í skjölum málsins, aðalkrafan á dómskj. nr. 20—22 og varakrafan á dómskj. nr. 23—25.

Í greinargerð sinni á dómskj. nr. 15 segir stefndi, að ef yrði álit dómsins, að stefndi og starfsmenn hans ættu að greiða iðgjöld til stefnanda, þá liggi sú upphæð ekki fyrir, þar sem kröfur stefnanda byggist á áætluðum iðgjöldum stefnda og starfsmanna hans fyrir árin 1974—1976. Fjölmargir starfsmenn stefnda séu í Lífeyrissjóði bænda og greiði tilskilin gjöld til þess sjóðs og þurfi þar af leiðandi ekki að greiða til stefnanda.

Í máli þessu liggur fyrir svohljóðandi bréf til stefnda frá Lífeyrissjóði bænda, dags. 13. des. 1978:

„Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi, dags. 5. desember s.l., skal eftirfarandi upplýst:

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda skal aðeins annað hjóna, séu þau bæði talin bændur, talið sjóðfélagi. Engin þeirra kvenna, sem þér teljið upp í bréfi yðar, er sjóð-

félagi í Lífeyrissjóði bænda, en aftur á móti eru eiginmenn þeirra allra nema Herdísar Jónsdóttur sjóðfélagar.

Af þeim mönnum, sem þér teljið upp, eru eftirfarandi sjóðfélagar: Jón B. Sigurðsson, Halldór Jóhannesson og Steingrímur Valdimarsson."

NIÐURSTAÐA.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl. ber vinnuveitanda að standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á iðgjaldshluta starfsmanna sinna ásamt mótframlagi sínu samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, sem staðfest skal af fjármálaráðuneytinu.

Stefnandi þykir ekki hafa gert næga grein fyrir kröfum sínum í aðalkröfu. Samkvæmt 9. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóðinn Sameiningu á einungis að greiða iðgjöld af dagvinnukaupi og af orlofsfé viðkomandi launþega. Enda þótt stefnandi hafi í munnlegum málflutningi lýst yfir, að hann hafi dregið 10% frá heildarlaunum starfsmanna stefnda vegna áætlaðrar yfirvinnu, þá þykir krafan óljós og ekki nægilega skýrð. Æskilegt hefði verið að krefja stefnda um nákvæmar skilagreinar um framlög til sjóðsins, eftir að dómur í fyrri hluta máls þessa var kveðinn upp. Þá eru í aðalkröfunni krafin iðgjöld af þremur bændum, sem greiða í Lífeyrissjóð bænda. Verður því ekki unnt gegn mótmælum stefnda að taka aðalkröfu stefnanda til greina að svo stöddu.

Hins vegar hefur stefndi ekki andmælt varakröfu stefnanda, og er því enginn tölulegur ágreiningur um hana milli aðilja. Verður hún því tekin til greina að því undanteknu, að ársvextir reiknast 13% af kr. 220.033 frá 10. janúar 1975 til 10. jan. 1976, af kr. 524.936 frá þeim degi til 10. janúar 1977 og af kr. 1.177.318 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, kr. 175.000.

Sigurður Briem Jónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jónas Halldórsson, greiði stefnanda, Lífeyrissjóðnum Sameiningu, kr. 1.177.318 með 13% ársvöxtum af kr. 220.033 frá 10. janúar 1975 til 10. janúar 1976, af kr. 524.936 frá þeim degi til 10. janúar 1977 og af kr. 1.177.318 frá þeim

degi til greiðsludags og kr. 175.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. október 1981.

Nr. 63/1979. **Brynjólfur Helgason**
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
gegn
Stefáni Reykjalín
(Gunnar Sólnes hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. mars 1979. Hann krefst sýknu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann sýknu og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu greinir aðilja á um, hversu háa fjárhæð áfrýjandi skuli greiða stefnda vegna hækkunar á byggingarkostnaði Furulundar 10 S á Akureyri. Fallist er á það álit héraðsdóms, að miða beri við hækkun byggingarvísitölu á tímabilinu frá 1. janúar 1973 til 1. apríl 1974 við úrlausn þess ágreinings. Eru aðiljar sammála um hér fyrir dómi, að við það skuli miðað, að byggingarvísitalan hafi hækkað um 53.4% á þessu tímabili. Þá eru aðiljar sammála um, að leggja beri til grundvallar, að 65% verksins við íbúðina hafi verið lokið fyrir 1. apríl 1974. Fallist er á þá skoðun héraðsdóms, að rétt sé að miða hækkun á þeim hluta verksins, sem

lokið var fyrir 1. apríl 1979, við meðalhækkun vísitölu á tímabilinu frá 1. janúar 1973 til 1. apríl 1974. Enn fremur, að rétt sé að miða hækkun á því verki, sem þá var eftir, við þá hækkun byggingarvísitölu, sem orðið hafði á fyrrgreindum tíma. Samkvæmt þessu reiknast 26.7% hækkun á 845.000 gkr., en 54.4% hækkun á 455.000 gkr. Nemur sú hækkun samtals 468.585 gkr. Óumdeilt er, að áfrýjandi skuli enn fremur greiða stefnda 3.100 gkr. vegna matskostnaðar o. fl. Verður þá heildarverð íbúðarinnar 1.771.685 gkr., en áfrýjandi hefur þegar greitt stefnda 1.417.448 gkr. Mismunur er 354.237 gkr.

Fallist er á það álit héraðsdómara, að gagnkrafa áfrýjanda til skuldajafnaðar að fjárhæð 132.000 gkr. verði ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 3.542.35 nýkrónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda 2.500.00 nýkrónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Brynjólfur Helgason, greiði stefnda, Stefáni Reykjalín, 3.542.35 krónur með 13% ársvöxtum frá 15. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 1. mars 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. febrúar sl., hefur Stefán Reykjalín, Holtagötu 7, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með

stefnu, útgefinni 18. nóvember 1977, á hendur Brynjólfi Helgasyni, Furulundi 10 S, Akureyri.

Krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 383.812 með 2% mánaðarvöxtum frá 15. september til 20. nóvember 1976, en með 2½% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 37.132 með 13% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og til þrautavara eru kröfur hans þær, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 169.132 ásamt vöxtum, eins og segir í varakröfu. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar.

Stefnandi kveður málavexti þá, að með verksamningi, dags. 25. október 1973, hafi stefnandi tekið að sér að byggja íbúð, merkta S í húsinu nr. 10 við Furulund, Akureyri, fyrir stefnda. Fyrir byggingu íbúðarinnar hafi stefndi átt að greiða kr. 1.300.000 miðað við verðlag 1. janúar 1973 að viðbættri hækkun á byggingarkostnaði. Hækkunin hafi numið kr. 498.160 og auk þess hafi bæst við kostnað íbúðarinnar kr. 3.000 fyrir mat á henni vegna lántöku og kr. 100 fyrir veðbókarvottorð, þannig að heildarverð íbúðarinnar hafi numið kr. 1.801.260. Af þeirri upphæð hafi stefndi greitt kr. 1.417.448, þannig að eftirstöðvar séu kr. 383.812, sem sé stefnufjárhæð máls þessa.

Stefndi hefur eigi fengist til að greiða skuld þessa og sé því málshöfðun óhjákvæmileg.

Stefnandi miði hækkun sína á verðinu við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. janúar 1973 og til 1. júlí 1974. Vísitalan 1. janúar 1973 hafi verið 689 stig, en hinn 1. júlí 1974 miði hann við, að vísitalan hafi verið 1217 stig og hafi hækkun á henni því numið 528 stigum, eða 76.63%, og sé hækkun samningsverðs miðuð við meðalhækkun vísitölu á þessu tímabili, eða 38.32%.

Helsti rökstuðningur stefnda fyrir sýknukröfu sinni er sá, að samningur aðilja sé í raun kaupsamningur, húsið Furulundur 10 hafi verið nær fokhelt, þegar samningurinn hafi verið gerður. Stefndi og aðrir kaupendur hafi ekkert yfirlit getað haft yfir framkvæmd stefnanda, sem einnig hafi lagt allt til bygg-

ingarinnar, bæði efni og vinnu. Hækkun stefnanda á verði íbúðar stefnda miðað við hækkun byggingarvísitölu frá 1. janúar 1973 til 1. júní 1974 sé mótmælt, þar sem aðeins sé í samningi miðað við hækkun á byggingarkostnaði. Af þessu megi leiða, að stefnandi hafi lofað að selja íbúðina fyrir kr. 1.300.000, viðmiðun við 1. janúar 1973 sé markleysa, þar sem teikningar séu gerðar 22. mars 1973 og verklýsing 1. júní s. á. Hljóti því verðið að miðast við verðlagið 1. júní 1973. Þá sé því mótmælt, að stefnandi hafi sýnt fram á verðhækkun íbúðar stefnda með öðrum hætti en reikningum sínum.

Varakröfu sína rökstyður stefndi með þeim hætti, að verði talið, að miða beri við vísitölu byggingarkostnaðar við útreikning á hækkun hússins, beri að miða við vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1974, 1071 stig, og miða við meðalhækkun vísitölu til þess dags, verði endanlegt verð íbúðarinnar þá kr. 1.583.480, en stefndi hafi unnið við frágang lóðar fyrir stefnanda ásamt 3 öðrum kaupendum íbúða fyrir umsamið verð, kr. 400.000, og beri honum greiðsla fyrir það, kr. 132.000, og hafi hann lagt fram reikning fyrir því, sem eigi að koma til frádráttar. Samkvæmt þessu sé skuld hans við stefnanda kr. 37.132, og miðist varakrafa við það.

Þrautavarakröfu sína rökstyður stefndi á sama hátt og varakröfu, en gerir þá ráð fyrir, að reikningur vegna framangreindrar vinnu verði ekki tekinn til greina til skuldajöfnuðar.

Samningur sá milli aðilja, er um ræðir í málinu, er dagsettur 25. október 1973, og ber hann yfirskriftina verksamningur og hljóðar svo:

„Ég undirritaður, Stefán Reykjalín, Holtagötu 7, Akureyri, geri kunnugt með verksamningi þessum, að ég tek að mér að byggja íbúðina s í húsinu Furulundur 10, Akureyri, fyrir Brynjólf Helgason. Íbúðin er byggð skv. meðfylgjandi verklýsingu, dags. 1. júní 1973. Fyrir að byggja íbúðina greiðir Brynjólfur Helgason Stefáni Reykjalín kr. 1.300.000,- miðað við verðlag 1. janúar 1973 + hækkun á byggingarkostnaði til 1. apríl 1974. Greiðslur fari fram sem hér segir: Fyrir 15. október 1973 kr. 300.000,-, lán frá Húsnæðismálastofnuninni, þegar þau berast, kr. 800.000,-, afgangurinn af kostnaðarverði sé greiddur við afhendingu íbúðarinnar. Stefnt verður að því, að íbúðirnar afhendist í því ástandi, sem segir í verklýsingu, á tímabilinu 15. febrúar til 1. maí 1974, þó verður ekki fulllokið við utanhúss múrhúðun og málningu, frágang lóðar og bílastæða fyrr en í lok sumars

1974. Verksamningi þessum til staðfestu undirritum við hann í votta viðurvist."

Samningi þessum fylgir verklýsing, dags. 1. júní 1973 og undirrituð af aðiljum.

Þá er lagt fram í málinu afsal, þar sem stefnandi afsalar samtals 19 aðiljum, þ. á m. stefnda, lóð sinni nr. 10 a—t við Furulund á Akureyri, og tekur jafnframt að sér að byggja fjölbýlishús á lóðinni fyrir þá. Í lok afsalsins segir:

„Þar sem kaupendur hafa gert mér full skil á andvirði lóðarinnar kr. 610.000,- — sex hundruð og tíu þúsund — lýsi ég þá rétta og löglega eigendur hennar frá deginum í dag að telja, en lóðin er leigulóð og skiptist að jöfnu milli kaupenda."

Afsal þetta er dagsett 23. október 1973.

Lögð er fram í málinu byggingarskýrsla fyrir Furulund 10. Samkvæmt henni nemur kostnaðarverð hússins alls kr. 32.518.117 í árslok 1976. Eigi er getið um skiptingu kostnaðarins á hinar 19 íbúðir.

Hinn 18. september 1978 fékk lögmaður stefnda dómkvadda 2 matsmenn, þá Harald Sveinbjörnsson og Jónas Karlsson verkfræðinga, til þess að meta til verðs íbúð stefnda ásamt sameign, miðað við kostnaðarverð 1. júní 1974 og ástand hússins, svo og á þeim verkum, sem þá var ólokið miðað við verklok síðsumars 1974. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er dags. 30. október 1978 og hefur verið lögð fram í málinu, segir í henni m. a.:

„Að okkar mati er erfiðleikum bundið að meta nákvæmt ástand og kostnaðarverð íbúðarhússins að Furulundi 10 1. júní 1974, m. a. vegna þess, hve langt er um liðið. Við höfum því valið þá leið að meta það með hliðsjón af vísitölum byggingarhluta fyrir fjölbýlishús, útgefið í apríl 1978 af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins að Keldnaholti, Reykjavík. Er það gert með því að meta hvern þátt byggingarinnar samkvæmt hlutfallsskiptingu miðað við fullfrágengið íbúðarhús, eins og þar er sýnt, og umreikna verð hússins til 1. júní 1974 samkv. breytingum á byggingarvísitölu frá 1. júní 1974 til verðlags í mars 1978 (viðmiðun Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins). Við mat á ástandi hússins er stuðst við „verklýsing vegna byggingar hússins Furulundar 10, Akureyri", sbr. skjal nr. 4, lagt fram á bæjarþingi Akureyrar 15. 12. 1977. Að okkar mati telst húsið vera um 88,5% af fullfrágengnu íbúðarhúsi. Í fjölbýlishúsinu eru 19 íbúðir, þ. e. sem næst 186 m^3 íbúð.

Samkvæmt kostnaðarreikningum Rannsóknarstofnunar bygg-

ingariðnaðarins er rúmmetri í fjölbýlishúsi talinn kosta kr. 17.838,- miðað við vísitölu 100 (1986). Miðað við verðlag 1. júní 1974 kostar rúmmetrinn

$$\text{kr.} \frac{1217}{1986} \times 17.838,- \text{ er } 10.931,-.$$

Niðurstaða: Samkvæmt framansögðu teljum við verðgildi íbúðarinnar að Furulundi 10 s vera miðað við verðlag 1. júní 1974: 10.931,- x kr./m^3 x 186 m^3 x 0.885 er 1.800.000,-."

Matsmenn hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína.

Vitnið Haraldur Sveinbjörnsson skýrir svo frá, að hægt sé að nota aðrar aðferðir en byggingarvísitölu til að finna út hækkun byggingarkostnaðar einstakra húsa með meiri nákvæmni en byggingarvísitala segi til um, þar sem byggingarvísitala sé fundin út frá hækkun byggingarkostnaðar ákveðinnar húsgerðar. Byggingarvísitalan sé hins vegar almennt notuð, enda frávik frá henni almennt lítil. Vitnið segir, að gerð og gæðum hússins hafi verið þann veg háttað, að þeir matsmenn hafi talið, að ekki væri um veruleg frávik frá byggingarvísitölu að ræða. Segir vitnið, að húsið sé einfalt að gerð og ekki mikið í það lagt, hins vegar séu á því svalir báðum megin, sem séu stærri en reiknað sé með í vísitöluhúsi.

Vitnið Jónas Karlsson lýsti sig sammála framburði vitnisins Haralds um þessi atriði.

Stefndi skýrir svo frá fyrir dóminum, að hann hafi gert ráð fyrir því, að einhver hækkun kæmi á grunnverðið. Kveðst hann hafa gert ráð fyrir því, að stuðst yrði við vísitölu byggingarkostnaðar að einhverju leyti við útreikning á verði, en kveðst ekki geta sagt um það að öðru leyti, hvernig verðið yrði fundið út. Segir hann, að er stefnandi var krafinn um upplýsingar um verð íbúðanna einhvern tímann eftir að afhending hússins fór fram, hafi hann talið, að það færi ekki yfir kr. 1.600.000. Segir hann, að þegar upplýsingar stefnanda um endanlegt verð lágu fyrir, hafi hann ekki fallist á það, þar sem sér hafi fundist hækkunin vera of mikil. Kveðst hann hafa sætt sig við að borga kr. 1.600.000 fyrir íbúðina. Telur hann, að það hafi verið síðla árs 1974 eða í byrjun árs 1975 sem stefnandi sagði, að verðið færi ekki yfir kr. 1.600.000. Hann kveðst ásamt 3 öðrum kaupendum hafa tekið að sér að gera lóð fyrir stefnanda fyrir fast verð, sem hann kveðst ekki muna, hvert var. Segir hann verk þetta ennþá óuppgert að því er hann varðar. Segir hann, að ásamt sér hafi

þeir Kristján Árnason, Kristján Júlíusson og Kjartan Friðriksson unnið að verkinu. Þá hafi Guðmundur Brynjólfsson unnið að verkinu, en þá á sínum vegum. Segir hann, að sig minni, að stefnandi hafi átt að greiða kr. 400.000 fyrir verkið, sem síðan hafi átt að skiptast innbyrðis eftir vinnuframlagi. Kveðst hann hafa talið, að greiðsla til sín hefði átt að ganga upp í kaupverð íbúðarinnar.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi stuðst við breytingu á vísitölu frá 1. janúar 1973 til 1. júlí 1974 við útreikning á hækkun verðsins. Segir hann, að meginhluta verksins hafi verið lokið seint í júní 1974, þ. e. allri innanhússvinnu. Húsin hafi hins vegar verið múruð síðar á árinu að utan, malbikun hafi farið fram ári síðar. Segir stefnandi, að tímamark samningsins 1. apríl 1974 hafi miðast við, að byggingu yrði lokið þá, en framkvæmdir hafi dregist. Telur hann, að tímamörk þessi hafi verið áætluð í samningnum, en ekki litið á þau sem fastan samning um tímamörk, sem við skyldi miða við útreikning á verði. Segir hann, að verkið hafi m. a. dregist vegna þess, að greiðslur frá kaupendum hafi borist of seint. Segir hann, að seint á árinu 1973, þegar húsið var fokhelt, hafi hann látið í það skína við kaupendur, að verðið færi ekki fram úr 1.600.000 kr. Kveðst hann telja, að íbúðin hafi verið afhent stefnda í maí 1974. Kveðst hann hafa samið við 4 kaupendur um frágang lóðar fyrir fast verð, kr. 400.000. Segir hann, að menn þessir hafi verið Kjartan Friðriksson, Kristján Júlíusson, Kristján Árnason og Guðmundur Brynjólfsson, sonur stefnda. Kveðst hann hafa fært greiðslur, kr. 100.000, til hvers þessara manna upp í kaupverð húsanna. Segir hann, að stefndi muni hafa unnið í verkinu, en hann hafi ekki verið samningsaðili við sig. Kveðst hann munnlega hafa gefið upp verð íbúðanna kringum kr. 1.800.000 í árslok 1974. Segir hann, að við samningsgerð hafi verið við það miðað, að stuðst yrði við vísitölu byggingarkostnaðar við útreikning á verðhækkun og hafi stefnda verið það ljóst. Kveðst hann telja, að á árinu 1973 hafi kaupendur staðið í skilum með kaupverð, en á árinu 1974 hafi borið á greiðsludrætti af þeirra hálfu. Þá segir stefnandi, að í árslok 1973 hafi byggingarkostnaður Furulundar 10 numið kr. 12.731.472, en það séu 38.6% af endanlegum byggingarkostnaði hússins, en húsið hafi þá talist nánast fokhelt, en stefnandi kveðst telja, að fokheldisástand húsa sé yfirleitt um 40%. Þá segir stefnandi, að framkvæmd ársins 1974 hafi numið kr. 17.149.209. Segir hann, að samkv. skýrslum sínum hafi um

42% vinnu ársins 1974 verið unnin á tímabilinu 1. janúar — 31. mars. Segir hann, að yfirleitt sé hægt að gera ráð fyrir, að efniskaup séu í svipuðum hlutföllum og vinna, en bendir þó á, að pípulagnarvinna, sem hafi numið kr. 880.876, hafi skipst þannig á árið 1974, að fyrir 1. apríl hafi verið unnið fyrir kr. 248.000, eða 28%, enn fremur hafi raflögnin, sem hafi kostað um kr. 1.000.000, verið unnin eftir 1. apríl. Stefnandi mótmælir reikningi stefnda að fjárhæð kr. 132.000 vegna vinnu við lóð og ítrekar, að hann hafi aldrei samið við stefnda um þetta verk, heldur son hans og hafi hann fært greiðslu fyrir verkið inn á reikning hans.

Dómurinn lítur svo á, að samkv. gögnum málsins, sem að framan eru rakin, sé ljóst, að kostnaður stefnanda við byggingu umræddds húss hafi orðið meiri en gert var ráð fyrir við ákvörðun samningsupphæðar. Samkvæmt samningi aðilja á stefndi að greiða stefnanda til viðbótar samningsupphæðinni kr. 1.300.000, hækkun byggingarkostnaðar stefnanda frá 1. janúar 1973 til 1. apríl 1974. Þykir með hliðsjón af framburði hinna dómkvöddu matsmanna svo og framburði stefnda sjálfs mega hafa hliðsjón af breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar á þessu tímabili við útreikning á kostnaðarauka stefnanda. Eins og samningum aðilja er háttað, þykir mega miða við meðalvísitölu frá 1. janúar 1973 til 1. apríl 1974 á þann hluta verksins, er framkvæmdur var á því tímabili, eða u. þ. b. 65% þess samkv. framburði stefnanda, sem ekki hefur verið andmælt af hálfu stefnda. Stefnandi á hins vegar ekki rétt á frekari hækkun á verk sitt en orðin var hinn 1. apríl 1974 á þann hluta þess, sem þá var eftir, en við þann hluta verksins verður hér miðað við vísitöluna 1071 stig, sem er í samræmi við útreikninga stefnda sjálfs.

Ágreiningslaust er með aðiljum, að vísitalan hafi hinn 1. janúar 1973 verið 689 stig, og er því hækkun hennar frá 1. janúar 1973 til 1. apríl 1974 382 stig, eða 55.4%. Meðalvísitöluhækkun tímabilsins er því 27.7%, sem reiknast samkv. framansögðu á 65% verðsins, eða kr. 845.000. Á 35% verðsins, eða kr. 455.000, ber hins vegar að reikna 55.4% hækkun. Samkvæmt þessu ber stefnanda í hækkun kr. 234.000 + kr. 252.000, eða samtals kr. 486.000.

Ágreiningslaust er, að í viðbót við samningsupphæðina beri stefnda að greiða stefnanda kr. 3.000 vegna matskostnaðar á íbúðinni og kr. 100 vegna veðbókarvottorðs, eða samtals kr. 3.100. Verður því heildarverð íbúðarinnar kr. 1.300.000 + 486.000 + 3.100, eða samtals kr. 1.789.100.

Ágreiningslaust er, að stefndi hefur þegar greitt kr. 1.417.448 upp í kaupverð íbúðarinnar, og eru eftirstöðvar verðsins því kr. 371.652, og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð, þar sem ósannað er gegn mótmælum stefnanda, að hann eigi inni hjá honum kr. 132.000 vegna vinnu í lóð, eins og hann hefur haldið fram.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda í vexti af framangreindri fjárhæð 13% ársvexti frá 15. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 20. febrúar 1978, en 19% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Að lokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

Dómsorð:

Stefndi, Brynjólfur Helgason, greiði stefnanda, Stefáni Reykjalín, kr. 371.652 ásamt 13% ársvöxtum frá 15. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. október 1981.

Nr. 27/1981. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Magnúsi Halldórssyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi er áfrýjað að kröfu ákærða.

Við ákvörðun refsingar ákærða fyrir brot þau, sem ákært er fyrir í þessu máli, ber að hafa hliðsjón af ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem brot þessi eru framin 24. og 30. mars 1980, en héraðsdómur í öðru refsimáli var kveðinn upp 15. apríl sama ár, ber að dæma ákærða hegningarauka við þann dóm með hliðsjón af ákvæðum 78. gr. sömu laga.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Halldórsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 22. október 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. júlí 1980, „á hendur Magnúsi Halldórssyni, sjómanni, Bakkahlíð 29 á Akureyri, fæddum 7. desember 1942 á Akranesi, fyrir eftirtalin brot gegn umferðarlögum nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og áfengislögum nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, við akstur bifreiðarinnar A-3840 í marsmánuði 1980:

1) Með því að aka, mánudaginn 24., frá ofangreindu heimili ákærða, sviptur ökuréttindum ævilangt, áleiðis til Árskógsstrand-

ar, uns akstri ákærða lauk á Norðurlandsvegi skammt norðan við bæinn Dvergastein í Glæsibæjarhreppi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

2) Með því að aka, sunnudaginn 30., frá ofangreindu heimili ákærða, undir áhrifum áfengis, sviptur ökuréttindum ævilangt og þótt bifreiðinni væri áfátt um ljósa-, stýris- og hemlabúnað, um götur Akureyrar, uns árekstur varð með bifreið ákærða og bifreiðinni A-3650 á mótum Lönguhlíðar og Höfðahlíðar. Ennfremur með því að hafa yfirgefið vettvang án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssins.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

I.

Kl. 0440 mánudaginn 24. mars 1980 voru lögreglumennirnir Gunnar Randversson og Broddi Björnsson á eftirlitsferð á lögreglubifreið á Norðurlandsvegi í Kræklingahlíð. Er þeir voru á suðurleið til Akureyrar, komu þeir að kyrrstæðri bifreið nokkru norðan við Dvergastein í Glæsibæjarhreppi. Var bifreiðin með ljósum, stóð á vinstri vegarkanti og hafði stefnu til suðurs. Var ætlun lögreglumannanna að kanna, hvernig stæði á ferðum bifreiðarinnar þarna. Er þeir höfðu stöðvað, kom til þeirra umráðamaður bifreiðarinnar, Magnús Halldórsson, ákærði í máli þessu. Hann sagði, að sprungið hefði hjá sér og hafi hann ætlað að skipta um dekk, en tjakkurinn bilað. Lögreglumönnunum var kunnugt um, að ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt, og játaði hann aðspurður, að svo væri enn, og kvaðst hann hafa ætlað að aka bifreiðinni út á Árskógssand, þar sem hann kvaðst vera við sjóróðra.

Ákærði skýrði frá því í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu hinn 13. júní sl., að hann stundaði sjó á bátnum Eiðrúnu frá Árskógssandi. Hann kvaðst hafa verið í landi helgina 22.—23. mars og kvaðst hafa ætlað með félögum sínum út eftir, en ætlunin hafi verið að fara út um kl. 0500 að morgni mánudagsins 24. mars. Ákærði sagði það hafa verið ætlun sína að fara með félögum sínum út á Árskógssand í umrætt sinn. Einhver misskilningur hafi orðið milli þeirra, þeir farið á undan og hafi þeir sennilega talið, að kona hans mundi aka honum, eins og hún hafi stund-

um gert. Ákærði sagði bifreið þeirra vera í svo slæmu ástandi, að hann hefði ekki talið þorandi, að konan æki henni og færi ein á bifreiðinni til Akureyrar á þessum tíma, þegar lítil umferð væri. Þar sem hann hefði verið peningalítill, hefði hann ákveðið að aka bifreiðinni sjálfur til að missa ekki plássið á bátnum, þótt hann hefði verið sviptur ökuleyfi ævilangt árið 1974. Hann kvaðst hafa verið nýlagður af stað heiman að frá sér, hefði hann ekið þaðan stystu leið norður Hlíðarbraut og áfram norður Norðurlandsveg, en er hann hafi verið nokkru norðan við Dvergastein, hafi sprungið á einu hjóli bifreiðarinnar. Hafi hann því ekki komist lengra og hafi verið stöðvaður þarna, er lögreglan kom.

II.

Hinn 30. mars 1980, kl. 1218, var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um árekstur á mótum Lönguhlíðar og Höfðahlíðar hér í bæ. Þarna höfðu rekist saman bifreiðarnar A 3840, sem ekið var af ákærða í máli þessu, og bifreiðin A 3650, en ökumaður þeirrar bifreiðar var Gunnar Haukur Jóhannsson, Mánahlíð 8, Akureyri. Er lögreglumenn komu á staðinn, var ökumaður A 3840, ákærði, farinn af staðnum, og fóru lögreglumenn að leita hans. Fundu þeir ákærða skömmu síðar, og virtist hann vera ölvaður. Var hann fluttur á lögregllustöðina, þar tekin af honum varðstjóraskýrsla og honum tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða þeirrar ákvörðunar sýndi 2.15‰ alkóhóls í blóði ákærða.

Bifreiðinni A 3650 hafði verið ekið austur Höfðahlíð, en bifreiðinni A 3840 hafði verið ekið norður Lönguhlíð. Á gatnamótum þessum er biðskyldumerki gagnvart umferð um Lönguhlíð. Ökumaður A 3650 kvaðst hafa ekið austur Höfðahlíð, er hann hefði nálgast gatnamótin, hefði hann séð til ferða A 3840, sem ákærði ók. Hefði bifreið hans verið ekið fremur hægt að gatnamótunum og ákærði dregið úr ökuhraða, er hann nálgaðist gatnamótin, og kvaðst ökumaður A 3650 hafa talið, að ákærði hefði veitt ferð sinni athygli. Hann hefði virst horfa á hann. Hann kvaðst því hafa gert ráð fyrir, að ákærði mundi bíða við gatnamótin, á meðan hann færi hjá, en hins vegar hafi hann ekið á hægri hlið bifreiðar hans. Hann sagði ákærða hafa komið út úr bifreið sinni og talað við sig, en síðan farið inn í húsið Sólvang, sem þarna er rétt hjá. Þaðan hefði hann svo komið 3—4 mínútum síðar, og sagði ökumaður A 3650, að sér hefði

þá orðið ljóst, að ákærði var mikið ölvaður. Hefði hann til dæmis greinilega reikað í spori, síðan hefði hann horfið af staðnum. Stefán Tryggvason lögreglumaður, sem ekki var á vakt, er þetta gerðist, hafi komið þarna að og farið á eftir ákærða.

Við árekstur inn skemmdist hægra framaurbretti og hægri hurð bifreiðarinnar A 3650 mikið, og á bifreiðinni A 3840 skemmdist hægra framhorn mikið. Bifreið ákærða var tekin í vörslu lögreglunnar og færð til skoðunar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Við skoðun bifreiðaeftirlitsins kom fram, að stefnuljós að framan var í óhæfu ástandi, einnig stöðuljós að framan hægra megin svo og stýrisvelir og hjóllegur. Þá voru hjólbarðar í óhæfu ástandi svo og rúðuþurrkur og flauta. Voru númer bifreiðarinnar tekin af henni.

Samkvæmt varðstjóraskýrslu um útlit og önnur einkenni ákærða var áfengisþefur af andardrætti hans nokkur, andlit þrútið, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu dauf, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Ákærði gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni á Akureyri miðvikudaginn 18. júní 1980. Hann sagðist hafa verið ökumaður bifreiðarinnar A 3840, er árekstur inn varð. Hann sagði bifreiðina af gerðinni Fiat, árgerð 1974, og væri hún skráð eign eiginkonu hans. Ákærði kvaðst hafa farið í Sjálfstæðishúsið kvöldið áður en þetta gerðist, hann kvaðst hafa neytt einhvers áfengis, en ekki muna nákvæmlega, hversu mikið það var. Hann sagði, að það gæti reyndar ekki hafa verið mikið, því hann hafi verið auralítill. Um kl. 0200, er dansleiknum hafi lokið, hafi hann gengið beint heim og farið að sofa. Hann kvaðst ekki hafa drukkið meira áfengi þá um kvöldið. Er hann vaknaði um kl. 9 um morguninn eftir, fékk hann sér 2—3 sopa af óblönduðu brennivíni, eftir það kvaðst hann hafa fundið lítillega til áfengisáhrifa. Hann kvaðst hafa hugsað sér að fara á hestbak eftir hádegið og því þurft að hafa tal af mönnum á Brún. Hann kvaðst hafa ákveðið að aka þangað. Kvaðst hann frekar hafa viljað það en að láta eiginkonu sína aka, þar sem hún hefði verið að skemmta sér kvöldið áður, þó kvaðst hann sviptur ökuleyfi frá 1974. Hann kvaðst hafa gert þetta í hugsunarleysi og kæruleysi vegna ölvunarástands síns. Hann hefði ekið upp að Brún beinustu leið og fundið þá lítillega til áfengisáhrifa við aksturinn, en ekki kvaðst hann hafa neytt áfengis, eftir að hann hóf aksturinn. Eftir stutta dvöl á Brún hafi hann ekið heim, hann hafi þá ekið norður Þórunnarstræti, vestur Byggðaveg og áfram leiðina að Kletta-

borgum og þar inn á Lönguhlíð. Síðan kvaðst hann hafa ætlað að beygja vestur Skarðshlíð. Er hann hafi komið að gatnamótunum, hafi hann dregið úr ferð við biðskyldumerkið, en ekki stöðvað alveg, þar sem hann hafi ekki orðið var við neina umferð. Er hann hafi verið rétt kominn inn á gatnamótin, hafi hann orðið var við bifreiðina A 3650, hafi hann þá hemlað, en ekki náð að stöðva, fyrr en áreksturinn varð. Eftir áreksturinn hafi komið þarna að Stefán Tryggvason lögreglumaður. Ákærði kvaðst hafa farið inn í Sólvang, á meðan hann beið eftir lögreglunni. Eftir að hafa beðið þar um stund kvaðst hann hafa gengið af stað heim á leið. Er hann hafi verið á leiðinni, hafi komið þar að leigubifreið, en í henni hafi verið kunningi hans. Kvaðst hann því hafa stöðvað bifreiðina í þeim tilgangi að biðja kunningja sinn að aka sér heim. Þá hafi Stefán Tryggvason lögreglumaður komið þar og hafi Stefán handtekið sig og fært í hendur lögreglunni, er kom þarna að rétt á eftir.

Fyrir rannsóknarlögreglu staðfesti ákærði skýrslur lögreglunnar um áreksturinn og ölvunaraksturinn og kvaðst ekki hafa neitt við þær að athuga.

Ákærði hefur hér fyrir dómi í dag staðfest allar skýrslur, er hann gaf fyrir lögreglu. Þá var honum og kynnt niðurstaða alkóhólákvörðunar, og gerði hann ekki athugasemdir við hana.

Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 9. október sl., hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1958 18/9 á Akranesi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.
1960 16/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 7/3 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
1962 14/1 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og greiði 370 kr. í skaðabætur.
1963 17/4 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1963 24/9 á Akranesi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1963 8/10 á Akranesi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1965 2/1 á Akranesi: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1965 25/1 á Akranesi: Dómur: Varðhald í 12 daga, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

1966 12/5 á Akranesi: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 9/7 á Akureyri: Dómur: 40 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

1970 1/10 á Akureyri: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 48. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga.

1973 27/2 á Akureyri: Dómur: 7.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 10 mánuði frá 13/3 1973.

1974 12/1 á Akureyri: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.

1975 27/1 á Akureyri: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/9 1974.

1975 27/4 á Akureyri: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 108. gr. alm. hegningarlaga.

1976 2/2 á Akureyri: Dómur: 25 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 2/2 1976.

1977 17/7 á Akranesi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.

1978 11/7 á Akureyri: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

1980 15/4 á Akureyri: Dómur: 375.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Með játningu ákærða, skýrslum lögreglu, niðurstöðu alkóhólrannsóknar svo og öðrum gögnum málsins telst fullsannað, að hann hafi framið brot þau, er í ákæru greinir, og teljast þau þar rétt færð til refsiákvæða. Dómur sá, er kveðinn var upp hinn 15. apríl 1980 yfir ákærða, gerir að verkum, að ákveða ber refsingu í þessu máli með hliðsjón af ákvæðum 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þegar litið er til þess, að um margítrekuð brot ákærða er að ræða, þykir rétt að dæma honum hegningarauka, þriggja mánaða fangelsi, og þykja engin efni til að skilorðsbinda refsingu vegna sakarferils ákærða. Refsingin er ákveðin skv. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1.

gr. laga nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Júlíus Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Halldórsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.
Ákærði greiði alllan sakarkostnað.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. október 1981.

Nr. 220/1980. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Arnfinni Bergi Jörgensen
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds. Hér fyrir dómi var þess krafist af hálfu ákæruvalds, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur um refsingu ákærða og hann yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar fyrir báðum dómum.

Með eigin framburði ákærða og vitna er sannað, að hann tók og hafði á brott með sér jarðýtutönn þá, er mál þetta varðar, svo sem í héraðsdómi er rakið. Staðhæfing ákærða um, að hann hafi haft leyfi Ingva Ingvasonar til töku ýtutannarinnar, hefur hvorki stoð í framburði Ingva né þeirra tveggja manna, er ákærði tilgreinir vitni að samtali sínu við Ingva. Er því ekki hægt að byggja á staðhæfingu þessari við úrlausn málsins.

Brot ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með broti því, sem í máli þessu greinir, rauf ákærði skilorð dóms sakadóms Hafnarfjarðar frá 15. nóvember 1974. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður ákærða nú í einu lagi dæmd refsing fyrir brot þau, er skilorðsbundni dómurinn fjallar um, og brot það, sem ákært er fyrir í mái þessu. Refsingu ber að ákveða með hiðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi 5 mánuði skilorðsbundið, þannig að fullnustu refsingar verði frestað og hún falli niður að fjórum árum liðnum frá uppkvaðningu héraðsdóms 9. nóvember 1979, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri málsins í héraði.

Dómsorð:

Ákærði, Arnfinnur Bergur Jörgensen, sæti fangelsi 5 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað, og falli hún niður að fjórum árum liðnum frá 9. nóvember 1979, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 9. nóvember 1979.

Ár 1979, föstudaginn 9. nóvember, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1115/1976: Ákæruvaldið gegn Arnfinni *Bergi* Jörgensen.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Arnfinni *Bergi* Jörgensen vélsmið, Hraunbrún 18 í Hafnarfirði, fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa að kvöldi mánudagsins 22. eða 23. mars 1976 tekið að ófrjálsu jarðýtutönn á sorphaugunum við Hafnarfjörð.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 3. ágúst 1945 í Færeyjum, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1974 6/3 í Hafnarfirði: Sátt, 1.400 kr. sekt fyrir brot gegn 27. og 45. gr. umferðarlaga.

1974 17/7 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1974 15/11 í Hafnarfirði: Dómur: 4 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 261. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að refsing hans verði ákveðin í algeru lágmarki og þá skilorðsbundin. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 24. mars 1976 kærði Bjarni B. Guðbjartsson verktaki, Blesugróf 14, Reykjavík, þjófnað á ýtutönn af jarðýtu af gerðinni Caterpillar 4, sem var á sorphaugunum við Hafnarfjörð, en kærandinn var verktaki hjá Hafnarfjarðarbæ og annaðist um hreinsun sorphauganna og notaði jarðýtur við það verk. Hann taldi þjófnaðinn hafa átt sér stað á tímabilinu frá mánudagskvöldinu 22. mars til þriðjudagsins 23. mars 1976, kl. 1700. Hann sagði tönnina vera um 2.5 metra á lengd og 1 smálest að þyngd, og treysti hann sér til að þekkja hana, sæi hann hana aftur.

26. apríl 1976 kom svo kærandinn aftur til rannsóknarlögregl-

unnar í Hafnarfirði og benti á, að ýtutönnin væri við vegkant að Hraunbrún 18, Hafnarfirði, og fór fram á, að sá, sem tók tönnina, yrði látinn skila henni. Hann sagðist hafa verið búinn að selja ýtuvélina á kr. 500.000, en orðið af þeim vegna þjófnaðarins.

Að Hraunbrún 18, Hafnarfirði, bjó ákærði í máli þessu, og var hann 27. apríl 1976 tekinn fyrir af rannsóknarlögreglu grunaður um að hafa tekið greinda ýtutönn. Hann viðurkenndi að hafa tekið tönnina, en kvað sig hafa leyfi Ingva H. Ingvasonar, Breiðvangi 47, Hafnarfirði, til tökunnar.

Hann lýsti atvikum nánar þarna hjá rannsóknarlögreglu og svo hér fyrir dómi þann 17. sept. 1976. Hann kvaðst hafa farið seinni part mánudags 22. mars eða þriðjudags 23. mars 1976 á sorphaugana sunnan við Hafnarfjörð ásamt Katli Vilbergssyni, Austurgötu 8, Hafnarfirði, og Birni Vilbergssyni, Strandgötu 107, Akranesi, í þeim tilgangi að sækja ýtutönn þá, sem hér um ræðir og ákærði kvaðst hafa haft leyfi til að taka frá Ingva H. Ingvasyni, Breiðvangi 55, Hafnarfirði. Hann kvað bæði Ketil og Björn hafa verið vitni að samtalinu við Ingva, sem farið hefði fram við Hvaleyrarbraut, þar sem verið var að vinna. Samtal þetta kvað ákærði hafa farið fram tveimur mánuðum áður en tönnin var tekin. Ákærði kvað Ingva hafa sagt, að hann mætti sækja tönnina og nota hana og eiga hana. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hvort Ingvi átti jarðýtu þessa, en Ingvi hafi sagt, að sá, sem hefði keypt af sér ýtuna, hefði aldrei borgað og því mætti ákærði hirða hana. Ákærða skildist, að kærandi málsins, Bjarni B. Guðbjartsson, hefði átt að vera kaupandinn. Ákærði kvað Ingva hafa verið umráðamann sorphauganna stuttu áður og þá hafi hann skilið eftir á þeim ýmiss konar dót. Ákærði kvað jarðýturnar tvær báðar álíka ónýtar. Önnur væri víraýta, en hin glussaýta og hefði hann tekið tönnina af víraýtunni. Ákærði kvað tökuna ekki hafa farið fram með nokkurri leynd. Menn, sem störfuðu við sorphreinsun, hefðu komið þarna að og þeir ekkert skipt sér af tökunni. Ákærði kvað tönn þessa vera u. þ. b. 3—400 kg. Hefðu þeir lyft henni með gröfu upp á vörubílpall og ekið síðan með hana rakleitt að Hraunbrún 18 og tekið hana af þar og þar hefði hún legið mánuðum saman. Ætlunin hefði verið að nota tönnina á traktorsgröfu. Ákærði kveður tönnina aldrei hafa verið notaða, þar sem hún hafi reynst of þung fyrir traktorinn. Ákærði kvaðst hafa farið með tönnina suður á sorphauga í gær, 16. september 1976, en þá hafi enginn verið þar til

að taka við henni. Hann kvaðst hafa búist við Bjarna eða einhverjum starfsmanni hans, þar sem Bjarni væri umráðamaður sorphauganna og bæri að hafa starfsmann þar frá kl. 0800—2200 dag hvern. Ákærði kvaðst reiðubúinn að bæta Bjarna tjón hans, en ekki óhóflegar kröfur, eins og kr. 500 þús., enda telur hann fráleitt, að ýtan hafi átt að seljast fyrir þá upphæð. Ákærði kvað hvorki Bjarna né lögmann hans, Ingvar Björnsson héraðsdómslögmann, hafa krafið sig um að skila tönninni og því síður hefði Ingvi gert það.

Vitnið Ingvi Hraunfjörð Ingvason, Breiðvangi 55, Hafnarfirði, fætt 1. janúar 1940, kvaðst aðspurt vera ósátt við ákærða, en það væri nýtilkomið og hefði ekki áhrif á vætti þess í þessu máli.

Vitnið kvaðst aldrei, hvorki fyrr né síðar, hafa gefið ákærða leyfi til að taka eina eða aðra jarðýtutönn í sinni eigu.

Vitnið taldi, að ákærði hlyti að hafa vitað, að Bjarni hefði átt ýtu þá, sem hann tók tönnina af. Vitnið kvaðst hafa selt Bjarna þessa ýtu fyrir kr. 150.000 snemma á síðasta ári og hefði hann staðið skil á kaupverðinu. Vitnið kvaðst hafa selt Bjarna annað tæki, sem ekki hafi verið staðið í skilum með, en það hefði ekki átt að geta valdið ruglingi.

Vitnið kvaðst oft hafa átt samræður við ákærða við Hvaleyrarbraut á þeim tíma, sem ákærði kvað áðurnefnt samtal þeirra hafa átt sér stað, en kvað samræður þeirra aldrei hafa snúist um heimild til handa ákærða að hirða ýtutönn á sorphaugunum.

Ákærði og framangreint vitni voru samprófuð hér fyrir dómi, en ekki fékkst samræmi í framburði þeirra. Vitnið kvað þær jarðýtur, sem um væri rætt, hafa staðið hlið við hlið og önnur þeirra verið á þess vegum að nokkru, en það aldrei vísað á að taka af henni tönnina.

Vitnið Ketill Vilbergs Vilbergsson, Austurgötu 8, Hafnarfirði, fætt 12. janúar 1954, kvaðst ekki hafa verið vitni að samtali því, sem ákærði kvaðst þar hafa átt við Ingva H. Ingvason. Það kvaðst hafa verið starfsmaður ákærða, er ýtutönnin var sótt á sorphaugana við Hafnarfjörð. Þá hefði ákærði tjáð því, að hann hefði haft leyfi til að taka tönnina frá áðurnefndum Ingva, enda ætti hann ýtuna, en ekki maður sá, sem hafði yfirumsjón með sorphaugunum á þessum tíma, sem mun hafa verið Bjarni B. Guðbjartsson, kærandi málsins. Það kvað þá einungis hafa þurft að splitta tönnina frá til að losa hana og hefðu þeir ekki valdið neinum skemmdum, hvorki á tönninni né ýtunni. Tönnin hefði

síðan verið tekin af við heimili ákærða að Hraunbrún 18, Hafnarfirði, og þar hefði hún legið í vegkantinum og ekkert verið notuð. Einhverju sinni hefði ákærði verið að slétta úr ruðningi í vegkantinum og tönnin þá orðið undir ruðningnum. Aðeins smáendi af annarri festingunni hefði staðið út úr, og tönnin því getað dulist þeim, sem ekki vissu um hana þarna. Akærði hefði síðan notað svæðið, sem myndaðist af ruðningnum, fyrir bílastæði og getað komið á það þremur vörubílum. Vitnið taldi, að tveir mánuðir gætu hafa liðið frá því tönnin var flutt að Hraunbrún 18 þar til hún varð undir ruðningnum. Vitnið kvaðst sjálft hafa grafið tönnina upp um mánaðamót júlí—ágúst og því þá verið sagt, að lögreglan hefði ætlað að koma og líta á tönnina.

Aðspurt sagði vitnið, að tönnin hefði verið sótt eftir kvöldmat og þá verið niðamyrkur. Engin lýsing sé á staðnum. Einn eða tveir bílar hafi komið til að losa rusl, meðan þeir voru að losa tönnina og setja hana upp á vörubifreiðina, og ökumenn þeirra orðið varir við þá, en ekki skipt sér neitt af þeim. Engar aðrar mannaferðir hafi verið þarna og því takan dulist algerlega.

Vitnið Björn Vilbergsson, Suðurgötu 107, Akranesi, fætt 7. maí 1951, kvaðst þekkja ákærða, sem væri svili þess, og vitnið unnið veturinn 1975 til 1976 undir verkstjórn ákærða, en þeir hafi unnið við fyrirtækið Granít h/f, en aðaleigandi þess væri Herluf Poulsen, tengdafaðir þeirra. Vitnið kvað það rétt vera, að það hefði farið með ákærða í mars 1976 á sorphauga Hafnarfjarðarbæjar, og var Ketill, bróðir vitnisins, með þeim. Þeir tóku þar tönn af víraýtu, en tvær ýtur voru þarna. Þeir bræður voru í starfi hjá ákærða og fengu greitt fyrir samkvæmt taxta í nætur- eða eftirvinnu. Tönnin var flutt á vörubíl að Hraunbrún 18 og sett þar við vegkantinn.

Ákærði gat þess, að hann hefði heimild til að taka tönnina, og hafði orð á því, svo að vitnið heyrði, að Ingvi H. Ingvason hefði sagt, að hann (ákærði) mætti taka tönnina.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa verið vitni að samtali ákærða og Ingva H. Ingvasonar um ýtutönnina. Vitnið kannaðist við Ingva og þekkti hann í sjón.

Vitninu var kynnt dómskj. nr. 2.

Vitnið ítrekaði, að það kannaðist ekki við að hafa verið vitni að samtali ákærða og Ingva, sem ákærði getur um í framburði sínum.

Vitnið Bjarni Guðbjörnsson, Tryggvagötu 2, Reykjavík, fætt 19. febrúar 1920, kom hér fyrir dóm 17. október 1979, og kvað

það tönnina hafa verið af Caterpillar 4 ýtuvél, sem það hafði eignast rúmum 2 árum áður en tönnin var tekin af henni. Það kveðst hafa keypt vélina af Ingva Ingvasyni, Breiðvangi 55, Hafnarfirði, og kaupverð hennar verið kr. 250.000, sem það staðgreiddi. Vitnið kvaðst engin viðskipti hafa átt við ákærða né hafi það vitað á honum deili. Vitnið kvað aðspurt ekkert hafa farið milli þess og Ingva um, að ákærði mætti taka tönnina, enda vélin á þessum tíma í notkun og ekki verið ætlunin að selja neitt úr henni. Vitnið sagði, að er tönnin hafi verið tekin af vélinni, þá hafi armarnir verið teknir úr ýtuörmunum og þeim ekki verið skilað aftur. Þá hafi báðir armarnir verið teknir með tönninni og aðeins öðrum skilað aftur. Það kvað hafa kostað það mikið að gera við ýtuna miðað við að kaupa þessa hluti, að það hafi ekki gert það, heldur hafi hann selt úr vélinni það, sem hann gat, enda hafði hann þá eignast International ýtu, sem var stór og afkastamikil, og hann því ekki haft þörf fyrir hina. Það kvað og hafa verið þarna á haugunum Caterpillar 7 ýtuvél, sem Ingvi Ingvason átti, og hefði tönnin verið losuð frá henni og legið fyrir framan hana og hefði verið þannig lengi.

Vitninu er gefinn kostur á að gera kröfu til skaðabóta í máli þessu, en hefur ekki sinnt því, en hefur það viðhorf, að refsa beri ákærða fyrir athæfi hans.

Með framburði ákærða og vætti vitna er sannað, að ákærði tók framangreinda ýtutönn, sem var á Caterpillar 4 ýtuvél á sorphaugum Hafnarfjarðar og hafði verið notuð þar sem vinnuvél. Takan telst hafa farið fram að kveldlagi 22. eða 23. mars 1976, en framburðir ákærða og vitnanna Ketils og Björns Vilbergssona hníga allir í þá átt. Ketill kveður þá hafa sótt tönnina eftir kvöldmat og í niðamyrkri, Björn kveður þá hafa fengið greitt fyrir vinnuna við að taka tönnina samkvæmt taxta í nætur- eða eftirvinnu, sem og bendir til, að verkið er unnið eftir lok venjulegs vinnutíma. Ákærði kveður þetta hafa gerst seinni part dags. Þá er þetta í lok páskahelgi og á þeim tíma er ekki að vænta, að starfsmaður eða verktaki Hafnarfjarðarbæjar, í þessu tilviki kærandi, sé á staðnum, og ekki gerir ákærði honum viðvart um ferðir sínar á umráðasvæði hans. Þykir því viss leynd hvíla yfir verknaði ákærða.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi haft heimild til töku tannarinnar frá Ingva Ingvasyni, fyrrverandi eiganda ýtunnar. Ingvi hefur neitað því, og vitnin, sem ákærði hefur nefnt að samtali, þar sem Ingvi á að hafa veitt ákærða þessa heimild,

minnast þess ekki, að slíkt samtal hafi farið fram. Sönnun brestur því alveg um þessa staðhæfingu ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ætlað að hagnýta sér tönnina á dráttarvél, sem hann var með.

Ákærði þykir því með verknaði þessum hafa framið þjófnaðarbrot, sem varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 15. nóv. 1974, hlaut ákærði 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 261. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur rofið skilorð þessa dóms, og verður nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga dæmd í einu lagi refsing fyrir þau brot, sem hann er ákærður fyrir í þessu máli.

Refsing ákærða þykir því með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og með vísan til 57. gr. a. sömu laga, samanber 9. gr. laga nr. 101/1976, hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði sæti fangelsi í 5 mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum 4 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði enn fremur krónur 400.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Árna Grétars Finnssonar, sem ákveðast kr. 100.000.

Töluvert mikill dráttur hefur orðið á því, að lyktir fengjust í mál þetta, sem stafar m. a. af sendingu málsins milli embætta og landa, svo og var málinu frestað að tilhlutan vandamanna ákærða hér á landi, svo sem nánar er frá greint í málsskjölum.

Dómsorð:

Ákærði, Arnfinnur Bergur Jörgensen, sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum 4 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, 4. gr.

Ákærði greiði og kr. 400.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin

málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Árna Grétars Finnssonar, kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. október 1981.

Nr. 154/1979. **Hörður Valdimarsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
samgönguráðherra og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Garðar Garðarsson hdl.).

Atvinnuleyfi. Leigubifreiðar. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1979. Hann gerir þessar dómkröfur: „Að úrskurður samgönguráðuneytisins, dags. 28. apríl 1978, verði dæmdur ógildur. Að atvinnuleyfi áfrýjanda verði skýrt þannig, að það veiti honum rétt til að aka leigubifreið til mannflutninga frá bifreiðastöð í Keflavík, þannig að hann hafi rétt til að aka á móti öðrum manni, sem ekki þarf nauðsynlega að hafa atvinnuleyfi, á sömu bifreið. Að stefnda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti."

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms að efni til og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Sú dómkrafa áfrýjanda, að úrskurður samgönguráðuneytisins 28. apríl 1978 verði dæmdur ógildur, er ný krafa fyrir Hæstarétti. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að koma

megi henni að hér fyrir dómi er ekki fullnægt. Verður henni því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dómkröfur áfrýjanda að öðru leyti verður að skilja svo eftir málflutningnum, að þær varði atvinnuleyfi hans nr. 49, sem út gefið var 4. janúar 1964 í Keflavík af úthlutunarmönnum atvinnuleyfa samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 6/1963, ásamt svonefndu „útgerðarleyfi" til rekstrar leigubifreiðar til mannflutninga hjá bifreiðastöð í Keflavík, en þau eru svohljóðandi:

„ATVINNULEYFI
Nr. 49

Leyfishafi: Hörður Valdimarsson
Heimili: Skólaveg 16 Keflavík

Atvinnuleyfi þetta er gefið út samkvæmt reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og ráðstöfun atvinnuleyfa og heimilar leyfishafa að hafa eina allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í afgreiðslu í Keflavík hjá fólksflutningabifreiðastöð, sem bæjarstjórn hefur viðurkennt.

Gerist leyfishafi brotlegur við greinda reglugerð, eins og hún er á hverjum tíma, þá er úthlutunarmönnum heimilt að afturkalla atvinnuleyfið um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef um ítrekað brot er að ræða.

Keflavík, 4. janúar 1964
Úthlutunarmenn atvinnuleyfa:
Svavar Þorsteinsson Marg. Sigurbj."

„ÚTGERDARLEYFI
til reksturs leigubifreiðar til mannflutninga hjá bifreiðastöð í Keflavík.

Hr. Hörður Valdimarsson, Skólavegi 16, Keflavík, handhafi atvinnuleyfis nr. 49, hefur, eftir útskurði (sic.) Samgöngumálaráðuneytisins, heimild til að hagnýta sér leyfið skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 6 frá 7. jan. 1963, um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

Keflavík, 4. janúar 1964.
Úthlutunarmenn atvinnuleyfa:
Svavar Þorsteinsson Marg. Sigurbj."

Í málflutningi er því haldið fram af stefnda samgönguráðherra, að auk þessa hafi áfrýjandi fengið gefið út annað atvinnuleyfi hinn 11. maí 1963, en verið sviptur því á árinu 1965. Þessu er þó eindregið andmælt af áfrýjanda, og telur hann sig aldrei hafa haft önnur leyfi til aksturs leigubifreiða en að framan voru greind.

Að undangenginni skriflegri aðvörun til áfrýjanda 17. febrúar 1978 sviptu úthlutunarmenn leigubifreiða í Keflavík hann atvinnuleyfi sínu með bréfi 23. s. m., þar sem hann hefði brotið ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 6/1963 og eigi látið skipast við fyrrgreinda aðvörun úthlutunarmanna af því tilefni. Í bréfinu var að vísu eigi greint skýrlega með tilvísun til tölusetningar útgáfudags eða á annan hátt það atvinnuleyfi, sem afturköllunin átti við. Út frá því þykir þó mega ganga, að hún hafi átt við atvinnuleyfið nr. 49 ásamt „útgerðarleyfinu", sem því var tengt, enda eru aðiljar sammála um, að önnur atvinnuleyfi til aksturs leigubifreiða hafi áfrýjandi ekki haft á þessum tíma, svo sem fyrr var greint. Umræddri ákvörðun úthlutunarmanna skaut áfrýjandi með heimild í 16. gr. reglugerðarinnar til samgönguráðherra, sem hinn 6. mars 1978 tilkynnti úthlutunarmönnum þá ákvörðun sína, er gilda skyldi til loka aprílmánaðar, að afhenda bæri áfrýjanda atvinnuleyfi sitt aftur, „þannig að sama ástand verði á atvinnuréttindum hans og upphaflega." Að fengnum umsögnum úthlutunarmanna hinn 20. mars 1978 og löfmanns áfrýjanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, hinn 19. apríl 1978, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, kvað samgönguráðherra þessu næst hinn 28. apríl 1978 upp úrskurð um leyfissviptingu úthlutunarmannanna. Segir svo í niðurlagi úrskurðarins:

„Sem fyrr segir fékk Hörður leyfi sín útgefin 4. jan. 1964. Augljóst er, m. a. af skýrslum frá Aðalstöðinni, að Hörður hefur nýtt útgerðarleyfi sitt síðan hann fékk það. Ekkert

liggur hinsvegar fyrir um, að hann hafi nýtt hitt leyfið, þ. e. hið venjulega atvinnuleyfi.

Líkur eru færðar að því með framlögðum vottorðum, að þetta leyfi hans hafi verið afturkallað á árinu 1965, enda þótt skjöl um það finnist ekki. Gætu þau hafa glatast á þessum tíma. Skýrslur Aðalstöðvarinnar færa og sterkar líkur fyrir því, að Hörður hafi ekki nýtt atvinnuleyfi sitt á undanförnum árum.

Með tilliti til þess, sem hér að framan er rakið, þykja næg rök fyrir því að staðfesta afturköllun úthlutunarmanna á atvinnuleyfi Harðar Valdimarssonar, þannig að niðurstaða málsins er sú, að Hörður eigi rétt að útgerðarleyfi sínu, en ekki hinu venjulega atvinnuleyfi, sem honum var úthlutað hinn 4. jan. 1964 jafnhliða útgerðarleyfinu."

Af framangreindum úrskurði samgönguráðherra má ráða, að ráðuneytið hafi á þessum tíma litið svo á, að hin kærða leyfissvipting úthlutunarmanna varðaði eigi atvinnuleyfi áfrýjanda nr. 49, heldur atvinnuleyfi, sem úthlutunarmenn höfðu staðhæft í bréfi sínu til ráðuneytisins 20. mars 1978, að gefið hefði verið út til handa áfrýjanda 11. maí 1963, en hann verið sviptur þegar á árinu 1965. Hafi ráðuneytið þó talið í úrskurðinum, að útgáfudagur þess leyfis hefði verið 4. janúar, eins og atvinnuleyfisins nr. 49, en ekki 11. maí 1963, svo sem úthlutunarmenn greindu í bréfi sínu. Er hvort tveggja, að þetta verður ráðið af samanburði á bréfi úthlutunarmanna og úrskurði samgönguráðherra, svo og hefur þessi skilningur á úrskurðinum fulla stoð í málsreifun af hendi málflytjanda samgönguráðherra hér fyrir dómi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, varðaði „staðfesting" samgönguráðherra í úrskurði sínum 28. apríl 1978 á afturköllun úthlutunarmanna 23. febrúar 1978 á atvinnuleyfi áfrýjanda í raun réttri alls ekki það atvinnuleyfi, sem um var að tefla, þ. e. atvinnuleyfið nr. 49 ásamt „útgerðarleyfinu", sem því var tengt, heldur annað atvinnuleyfi, sem aðilja greinir að vísu á um nú, hvort áfrýjandi hafi nokkru sinni fengið. Þegar þessa er gætt, þykir mega skilja niðurlagsorð úrskurðarins um, að áfrýjandi skuli eiga „rétt að

útgerðarleyfi sínu", á þann veg, að orðið „útgerðarleyfi" eigi þar við hvort tveggja, sjálft atvinnuleyfið nr. 49 og „útgerðarleyfið", sem því fylgdi. Er sá skilningur því fremur tækur, sem ljóst er af gögnum málsins, að orðið „útgerðarleyfi" hefur einatt verið notað jöfnum höndum af þeim, sem um leyfi þessi hafa fjallað, um viðauka við atvinnuleyfi til aksturs leigubifreiða, slíkan sem tengdur er atvinnuleyfi áfrýjanda nr. 49, og um atvinnuleyfið sjálft ásamt slíkum viðauka. Samkvæmt því felst í úrskurðinum, að leyfissvipting úthlutunarmanna hinn 23. febrúar 1978 sé úr gildi felld og að áfrýjandi skuli halda atvinnuleyfi sínu nr. 49 ásamt því „útgerðarleyfi", er því fylgdi. Er ágreiningsefni aðilja þá í reynd það, hversu víðtæk atvinnuréttindi leyfi þessi veiti áfrýjanda, og að því atriði lýtur einmitt síðari liður dómkrafna áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

II.

Líta verður svo á, að atvinnuleyfi áfrýjanda nr. 49 ásamt „útgerðarleyfinu", sem því var tengt og til þess vísaði, beri að virða sameiginlega sem eitt atvinnuleyfi samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 6/1963. Sést þetta af beinni skírskotun „útgerðarleyfisins" til atvinnuleyfis nr. 49, sem leyfishafanum, áfrýjanda máls þessa, er heimilað með „útgerðarleyfinu" að hagnýta sér með sérstökum hætti, þ. e. þeim, sem til er tekinn í 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Greint ákvæði reglugerðarinnar fól hins vegar í sér það eitt, að áfrýjanda sem leyfishafa sjálfs atvinnuleyfisins nr. 49 var heimilt að láta annan mann aka bifreið sinni samkvæmt leyfinu. Var slíkt að sjálfsögðu óhjákvæmileg forsenda þess, að áfrýjandi gæti nýtt sér bæði þau atvinnuleyfi, sem hann átti tilkall til eftir gildistöku reglugerðar nr. 6/1963 samkvæmt úrskurði samgönguráðuneytis 19. nóvember 1963, sem greindur er í hinum áfrýjaða dómi. Hins vegar verður ekki litið svo á, að „útgerðarleyfið" hafi rýmkað rétt áfrýjanda samkvæmt atvinnuleyfinu nr. 49 að því er tók til 12. greinar reglugerðarinnar um bann við vaktaskiptum á bifreiðum. Voru slík vaktaskipti samkvæmt niðurlagi greinarinnar því aðeins

heimil, að áfrýjandi hefði fengið út gefin tvö atvinnuleyfi samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. En þar sem áfrýjandi hefur eindregið synjað fyrir að hafa fengið annað atvinnuleyfi en margnefnt atvinnuleyfi nr. 49, og dómkröfur hans í málinu varða aðeins það leyfi, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til að öðru leyti en því, að rétt þykir, að málskostnaður fyrir héraðsdómi falli niður.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Það athugast, að ekki var ástæða til, að áfrýjandi beindi kröfum sínum að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eins og sakarefnið er vaxið og málið var lagt fyrir Hæstarétt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. júní sl., hefur Hörður Valdimarsson, Skólavegi 16, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. janúar 1979, á hendur samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Endanlegar kröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi eigi rétt til að aka leigubifreið sjálfur á móti öðrum manni á sama bíl. Jafnframt, að stefndu verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru endanlegar dómkröfur þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður að mati réttarins, hvernig sem málið fer. Þá eru þær dómkröfur gerðar, að lögmaður stefnanda verði dæmdur í réttarfarssektir vegna ummæla, sem hann viðhefur um úthlutunarmenn atvinnuleyfa í greinargerð sinni. Ummælin eru: „gerræðisleg valdníðsla“ og koma fram á bls. 2 á dómskj. 2, annarri línu að neðan. Einnig krefst hann ómerkingar ummælanna.

Sáttaumleitanir fyrir dóminum hafa reynst árangurslausar.

Í máli þessu er deilt um atvinnuleyfi stefnanda til aksturs leigubifreiða til mannflutninga. Samgönguráðuneytið kvað upp úrskurð í deilu þessari þann 28. apríl 1978, sjá dómskj. 3. Í niðurlagi þess úrskurðar segir: „Með tilliti til þess, sem hér að framan er rakið, þykja næg rök fyrir því að staðfesta afturköllun úthlutunarmanna á atvinnuleyfi Harðar Valdimarssonar, þannig að niðurstaða málsins er sú, að Hörður eigi rétt að útgerðarleyfi sínu, en ekki hinu venjulega atvinnuleyfi, sem honum var úthlutað hinn 4. janúar 1964 jafnhliða útgerðarleyfinu."

Tildrög málsins eru þau, að með bréfi úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðarstjóra í Keflavík, dagsettu 23. febrúar 1978, tilkynna þeir Herði Valdimarssyni, Skólavegi 16, Keflavík, að atvinnuleyfi hans til aksturs leigubifreiða til mannflutninga sé afturkallað, þar sem hann hafi ekki hlýðnast fyrirmælum þeirra frá 17. sama mánaðar. Atvinnuleyfið verði í vörslu úthlutunarmanna, þar til annað kunni að verða ákveðið.

Í bréfi þessu vísa þeir til bréfs síns til Harðar, dagsetts 17. sama mánaðar, þar sem þeir leggja fyrir hann að hætta akstri bifreiðar sinnar, Ö 31, nú þegar, en Hörður hafði ekið bifreiðinni á móti Gunnari K. Þorkelssyni, sem ók henni í útgerðarleyfi Harðar. Segir í bréfinu, að nefndin líti svo á, að hér sé um að ræða brot á 12. gr. reglugerðar nr. 6/1963, sem hljóði á þann veg, að óheimilt sé að hafa vaktaskipti bifreiðarstjóra á leigubifreiðum, nema báðir hafi atvinnuleyfi. Í bréfinu er tekið fram, að Hörður hafi samkvæmt úrskurði samgönguráðuneytisins á sínum tíma fengið rétt til tveggja leyfa, en annað leyfið hafi verið afturkallað fyrir mörgum árum. Úrskurður ráðuneytisins hafi einungis beinst að því, hvort hann ætti rétt á að fá tvö leyfi, eftir að reglugerðin var sett, en hafi ekkert gildi nú. Segja úthlutunarmenn enn fremur í bréfinu, að samkvæmt gögnum, sem þeir hafi undir höndum frá Aðalstöðinni, sé einungis getið eins leyfis hans, útgerðarleyfis þess, sem Gunnar aki samkvæmt, enda sé það í samræmi við það, sem Hörður hafi sjálfur sagt. Leggja úthlutunarmenn síðan fyrir Hörð, sem fyrr segir, að láta nú þegar af akstri sjálfur eða afturkalla leyfi Gunnars, þar sem algerlega sé óheimilt, að tveir menn aki þannig með sama leyfi.

Efni úrskurðar þess, sem til er vitnað í bréfi úthlutunarmanna til stefnanda, kemur fram af bréfi samgönguráðuneytisins til lögmanns stefnanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 19. nóv. 1963, dómskj. 4, en í því segir:

„Eftir móttöku erindis yðar, herra hæstaréttarlögmaður, dags.

30. apríl s.l., skal yður hér með tjáð, að þar sem Hörður Valdimarsson hafði tvö afgreiðsluleyfi í Aðalstöðinni í Keflavík, áður en takmörkun um tölu leigubifreiða kom til framkvæmda, og nýtti þau á þann hátt að aka sjálfur á móti öðrum manni á sama bíl, en til slíkrar notkunar þurfti tvö afgreiðsluleyfi, þá verður að líta svo á, að Hörður hafi í raun og veru nýtt bæði leyfi sín og eigi því rétt til tveggja leyfa, þar sem annað er atvinnuleyfi og hitt útgerðarleyfi."

Með bréfi, dagsettu 28. febrúar 1978, sendir lögmaður Harðar, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, greinargerð til samgönguráðuneytisins, þar sem hann gerir m. a. þær köfur, að úrskurður úthlutunarnefndar, dagsettur 23. febrúar 1978, verði úr gildi felldur.

Með bréfi samgönguráðuneytisins, dagsettu 6. mars 1978, til úthlutunarmanna í Keflavík leggur ráðuneytið fyrir þá að afhenda Herði atvinnuleyfi sitt aftur, þannig að sama ástand verði á atvinnuréttindum hans og upphaflega. Hafi hann því rétt til tveggja leyfa, þar sem annað sé atvinnuleyfi, en hitt útgerðarleyfi. Segir ráðuneytið þetta vera bráðabirgðaráðstöfun, þar til endanlegur úrskurður verði kveðinn upp í málinu.

Með bréfi, dagsettu 8. mars 1978, tilkynna úthlutunarmenn Herði Valdimarssyni, að í trausti til þess, að hann láti sjálfur af akstri bifreiðarinnar Ö 31, afturkalli þeir þá ákvörðun, er komi fram í bréfi þeirra frá 23. febrúar 1978. Þessi ákvörðun breyti þó í engu þeim skilningi, sem þeir hafi lagt í ákvæði reglugerðarinnar, er nú muni ganga til úrskurðar í ráðuneyti.

Úthlutunarmenn atvinnuleyfa leigubílstjóra í Keflavík, þeir Halldór Alfreðsson og Pétur Þórarinsson, senda ráðuneytinu greinargerð með fylgiskjölum, dagsetta 20. mars 1978. Í greinargerð þessari segir m. a.:

„Við viljum af þessum sökum gefa hér nokkurt yfirlit yfir aðdraganda málsins. Þegar reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Keflavík tók gildi 7. jan. 1963, fengu allir þeir, sem 10. okt. 1962 höfðu afgreiðslu á bifreiðastöð í Keflavík og voru félagar í bifreiðastjórafélaginu Fylki, eitt atvinnuleyfi. Einn af þeim var Hörður Valdimarsson. Þessi atvinnuleyfi voru öll gefin út sama dag, þ. e. 11. maí 1963, eins og sjá má af þeim leyfum, sem enn eru í gildi frá þeim tíma. Nokkrir aðilar, sem töldu sig hafa tvö afgreiðsluleyfi og höfðu notfært sér þau fyrir 10. okt. 1962, sóttu um annað leyfi til að geta notfært sér þann rétt, sem þeir töldu sig eiga. Þeir aðilar, sem lögðu fram nægjanleg gögn með umsókn

sinni og úthlutunarmenn og formaður félagsins vissu, að höfðu haft þennan hátt í nokkurn tíma, áður en farið var að ræða um takmörkun leigubifreiða í Keflavík, fengu úthlutað öðru leyfi, svokölluðu útgerðarleyfi, sem einnig voru gefin út sama dag, þ. e. 11. maí 1963. Umsóknum frá þeim, sem vafi lék á, að ættu rétt á öðru leyfi, þ. e. útgerðarleyfi, fóru til úrskurðar samgönguráðuneytisins, og ein af þeim var umsókn Harðar Valdimarssonar. Úrskurður ráðuneytisins var sá, að Hörður ætti rétt á öðru leyfi, þ. e. útgerðarleyfi, og var það gefið út 4. jan. 1964, sbr. meðfylgjandi ljósrit þess.

Þeir, sem fengu þessi svokölluðu útgerðarleyfi, fengu gefin út venjuleg atvinnuleyfi, en við það var fest vélritað blað með sama númeri og sjálft leyfið, sem gefur til kynna, að það sé útgerðarleyfi, en í því hefur verið talið felast, að handhafi þess leyfis geti, ef hann ekki ekur í því sjálfur, látið mann, sem *ekki* hefur atvinnuleyfi, aka í því, ef hann hefur fengið hann samþykktan af þeirri bifreiðastöð, er hann ekur frá, og auk þess fengið samþykki stéttarfélagsins Fylkis, sem gefur út sérstakt skírteini, sem ökumaður ber á sér og getur sýnt, ef óskað er.

Samkvæmt 15. gr. reglugerðarinnar um takmörkun leigubíla í Keflavík ber bifreiðastöðum að gefa úthlutunarmönnum skýrslu í september ár hvert um þá bifreiðastjóra, sem þar hafa afgreiðslu. Í skýrslu frá Aðalstöðinni h.f. haustið 1965 kemur fram, að Hörður Valdimarsson, Skólavegi 16, Keflavík, hafði ekki ekið neitt frá stöðinni það ár. Úthlutunarmenn tilkyntu þá Herði innköllun atvinnuleyfis hans með ábyrgðarbréfi, og var honum gefinn 30 daga frestur til að sækja um framlengingu og færa fram rök, sem úthlutunarmenn gætu tekið til greina. Þessu sinnti Hörður ekki, og hafði hann með því fyrirgert rétti sínum til þess leyfis. Það leyfi, þ. e. leyfið, sem var útgefið 11. maí 1963, var þar með innkallað eins og leyfi fleiri manna, sem svipað stóð á um það leyti. Vegna þessara innkallanna var síðan gefið út atvinnuleyfi til handa bifreiðastjóra, er sótt hafði um slíkt leyfi. Þessari innköllun mótmælti Hörður aldrei fyrr en e. t. v. nú.

Þess skal getið hér til skýringa, að fleiri aðilar en Hörður töldu sig hafa rétt til tveggja leyfa í upphafi, s. s. Haukur Magnússon. Haukur hefur hins vegar nýtt sér leyfi sín bæði, og hefir Aðalstöðin h.f. í sinni árlegu skýrslu talið Hauk hafa tvö leyfi, sbr. viðfest endurrit af vottorðum Aðalstöðvarinnar h.f. Hins vegar hefur Aðalstöðin h.f. ekki talið Hörð eiga nema eitt leyfi frá þessum tíma, og hefur framkvæmdastjóri félagsins munnlega tjáð

okkur, að hann hafi litið svo á, að Hörður hefði einungis eitt leyfi. Úthlutunarmenn fallast skv. þessu á, að leyfi Harðar, þ. e. leyfi hans nr. 49, hafi verið útgerðarleyfi. Málið snýst þá fyrst og fremst um túlkun á, hvað felist í „útgerðarleyfi".

Við bendum á, að Hörður hafði tvö leyfi skv. úrskurði ráðuneytis með heimild í *2. mgr.* 3. gr. reglugerðar 6/1963 og þar af annað með svokölluðu útgerðarleyfi skv. heimild í *3. mgr.* 3. gr. reglugerðarinnar. Annað leyfið (þ. e. það leyfi, sem *ekki* var með viðfestu útgerðarleyfi) var afturkallað fyrir fjölda ára, nánar tiltekið 1965, sbr. meðfylgjandi vottorð. Aðalstöðin h.f. hefur sjálf um langan tíma einungis talið Hörð hafa eitt leyfi (útgerðarleyfi), sbr. frásögn framkvæmdastjóra stöðvarinnar og meðfylgjandi vottorð bifreiðastöðvarinnar. Ráðuneytið virðist misskilja, hvað felst í orðinu útgerðarleyfi, en skv. langri túlkunarvenju og hefð felst í því heimild til að láta annan aka í leyfinu (sbr. *3. mgr.* 3. gr.), ef leyfishafi stundar ekki sjálfur akstur, án þess að ákvæði 13. gr. eigi við. Leyfishafa útgerðarleyfis er að sjálfsögðu skylt að leita samþykkis Fylkis fyrir bifreiðastjóra, en þau atriði í rökstuðningi Guðjóns Steingrímssonar eiga við um Fylki, en ekki úthlutunarnefndin (sbr. þó úrskurð ráðuneytis í máli Hauks Magnússonar).

Bráðabirgðaákvörðun ráðuneytis virðist byggð á þessum misskilningi og fer út fyrir kröfur umboðsmanns Harðar, sem krefst þess einungis, að úrskurður okkar fá 23. 2. verði úr gildi felldur, og þar með, að Hörður fái starfsréttindi þau aftur, *sem hann hafði næst fyrir sviptingu,* enda beindist úrskurður okkar *einungis* að þeim réttindum. Svo sem að framan segir, teljum við úthlutunarmenn, að útgerðarleyfi sé leyfi, sem veitt er skv. *3. mgr.* 3. gr. reglug., en tvö atvinnuleyfi eru leyfi sem veitt voru skv. *2. mgr.* 3. gr. reglug. Annað leyfið hafi verið afturkallað, en hitt leyfið (þ. e. útgerðarleyfið) hafi Hörður nýtt sér í samræmi við reglur þar að lútandi, til þess að hann fór að aka á móti Gunnari Karli. Við bendum á, að Hörður hefur aldrei til þessa haft þennan hátt á akstri sínum. Við töldum því tvímælalaust, að Hörður væri að brjóta 12. gr. reglug. með vaktaskiptum á bifreiðinni. Við gáfum Herði kost á að leggja fram tvö leyfi, ef hann teldi sig hafa þau, en því sinnti hann ekki.

Við viljum benda á, að óþarfi var fyrir Hörð að fara þessa leið til að fá skorið úr máli sínu. Hann gat hæglega ritað okkur erindi og beiðst úrskurðar okkar og skotið honum því næst til ráðuneytis, án þess að til bráðabirgðasviptingar kæmi. Einnig viljum við

lýsa óánægju okkar með vinnubrögð ráðuneytis, sem veitir Herði tímabundin réttindi og leyfir honum akstur, sem vafalaust er óheimill, án þess að ráðfæra sig fyrst við okkur."

Úthlutunarmennirnir hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest greinargerð sína.

Svo sem fram kemur í greinargerðinni, halda úthlutunarmennirnir því fram, að atvinnuleyfi Harðar, sem út gefið hafi verið 11. maí 1963, hafi verið afturkallað með ábrygðarbréfi til Harðar 1965. Til stuðnings þessari fullyrðingu hafa þeir lagt fram tvö vottorð, annað útgefið af Svavari Þorsteinssyni, sem var úthlutunarmaður atvinnuleyfa í Keflavík 1965, og hitt útgefið af Júlíusi Daníelssyni, sem var formaður Bifreiðastjórafélagsins Fylkis 1965. Þessir menn hafa báðir komið fyrir dóminn og staðfest vottorð sín. Vottorðin eru á dskj. nr. 22 og 23. Þá kemur fram í greinargerð úthlutunarmannanna, að þeir hafa sent ráðuneytinu skrár yfir atvinnuleyfi og númer leiugbifreiða hjá Aðalstöðinni nokkur ár, en Hörður Valdimarsson hefur haft afgreiðsluleyfi hjá þeirri stöð. Skrár þessar koma fram á dskj. nr. 24 og 28 til 33. Á öllum þessum skrám er Hörður Valdimarsson talinn hafa eitt leyfi, svokallað útgerðarleyfi, en til samanburðar má líta á Hauk H. Magnússon, sem þarna hefur tvö leyfi, sem bæði eru útgerðarleyfi. Leyfi Hauks þessa hafa verið lögð fram á dskj. 26 og 27, og sést þar, hvernig þessi útgerðarleyfi eru út búin. Sjá hér til samanburðar dskj. 5 og 6, sem er eða eru leyfi Harðar. Atvinnuleyfin hafa verið varðveitt á bifreiðastöðvunum í Keflavík, allt þar til ný reglugerð var gefin út um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa, 11. desember 1978 og birt 6. mars 1979. Stefnandi hefur fyrir dómi aldrei sagst hafa séð leyfi sitt til leigubílaaksturs, fyrr en úthutunarmenn leyfanna sviptu hann leyfinu núna fyrir rúmu ári síðan.

Lögmaður Harðar Valdimarssonar sendi samgönguráðuneytinu greinargerð og/eða umsögn, dags. 19. apríl 1978, þar sem hann gerir m. a. kröfu um, að ráðuneytið staðfesti bráðabirgðaúrskurð sinn, dags. 6. mars 1978, þar sem fram komi m. a., að umbjóðandi hans eigi rétt til tveggja leyfa, þar sem annað sé atvinnuleyfi, en hitt útgerðarleyfi, og að hann eigi rétt á að hagnýta þau á þann hátt að aka á móti öðrum manni á sama bíl.

Í greinargerð þessari er því mótmælt, að Hörður hafi verið sviptur atvinnuleyfi sínu með ábyrgðarbréfi árið 1965, er atvinnuleyfi hans hafi verið inn kallað, og því jafnframt mótmælt, að hann hafi nokkru sinni fengið slíkt bréf.

Fram hefur verið lagt leyfi stefnanda til þess að reka bifreiðaleigu í Keflavík. Leyfi þetta er dags. 24. janúar 1963. Fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa rekið þessa bifreiðaleigu í 12 ár. Hann var spurður að því, hvort hann hefði alltaf ekið frá Aðalstöðinni á meðan. Hann svaraði, að akstur hefði dottið niður löng tímabil, þar sem bifreiðaleigan var það stór. Hann hafi þó alltaf gert út bílinn. Eftir að hann hætti að reka bifreiðaleiguna, hafi hann sett upp ljósastillingaverkstæði, hjólbarðasölu og hjólbarðaviðgerðir og unnið fulla vinnu við það. Hann kvaðst reka ljósastillingaverkstæðið ennþá. Það geri hann þó aðeins hluta úr árinu, frá 1. ágúst til áramóta. Hjólbarðaverkstæðið hafi hann lagt niður um áramótin 1976/1977 og upp úr því hafi hann byrjað að aka aftur og hafi þá þessi deila risið milli hans og úthlutunarmannanna. Hann var spurður að því, hvort að hann gæti fullyrt, að það væri rangt hjá vottorðsgjöfunum, Svavari Þorsteinssyni og Júlíusi Daníelssyni, að hann hefði ekkert ekið frá Aðalstöðinni árið 1965. Hann kvaðst ekkert þora um þetta að segja.

Vottorðsgjafinn Svavar Þorsteinsson hefur komið fyrir dóminn. Svavar ekur frá bifreiðastöðinni Ökuleiðum í Keflavík, en ók áður frá Aðalstöðinni eins og stefnandi, eða til 1975. Svavar kvaðst hafa verið fyrsti úthlutunarmaður atvinnuleyfa í Keflavík, eftir að reglugerðin frá 1963 tók gildi. Hann gerði ráð fyrir því, að hann hefði verið úthlutunarmaður þar til á árunum 1967 til 1968. Svavar kvaðst muna mjög vel eftir því, hver voru tildrög þess, að Höður var sviptur atvinnuleyfinu 1965. Hann sagði, að það hefði gerst að haustinu 1965. Samkvæmt reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Keflavík hafi þeir úthlutunarmennirnir átt að fá skýrslu frá stöðvunum um nýtingu manna á leyfum sínum og þegar þessi skýrsla kom frá Aðalstöðinni, hafi honum orðið ljóst, að skýrslan var röng. Hörður hafi þar verið bókaður með nýtingu beggja sinna leyfa árið 1965. Þar sem þeir óku frá sömu stöð, hafi hann vitað, að Hörður ók ekki þetta ár. Hann hafi hringt í Júlíus Daníelsson í Grindavík, sem þá var formaður stéttarfélagsins, og sagt honum, að skýrslan væri komin og að hann teldi hana ranga. Þeir hafi næsta dag farið saman á skrifstofu Aðalstöðvarinnar og hitt þar Tómas Tómasson lögfræðing, sem þá hafi verið skrifstofumaður stöðvarinnar. Þeir hefðu tjáð Tómasi, að þeir væru ekki ánægðir með þessa skýrslugerð. Svavar sagði, að rekstri stöðvarinnar hefði verið þannig háttað, að hefði einhver ekki borgað stöðvargjald sitt fyrir 10. dag mánaðar, hefði

verið sett á hann afgreiðslustopp. Þannig hefði það verið nokkuð góður mælikvarði á, hvort stöðvarmaður var við akstur, hvort hann hafði greitt stöðvargjaldið. Þeir Júlíus hefðu beðið Tómas að athuga greiðslur Harðar þetta ár. Tómas hefði gert þetta góðfúslega og þegar hann hafði athugað gögn sín, hefði hann breytt skýrslunni og leiðrétt hana.

Svavar sagði, að Hörður hefði á þessum tíma haft atvinnuleyfi, sem gefið var út eins og venjulegt atvinnuleyfi, útgefið 11. maí 1963. Þá hefði hann einnig haft atvinnuleyfi, sem hafði frekari rétt þannig, að við venjulegt atvinnuleyfi var festur viðauki, sem heimilaði honum samkvæmt úrskurði ráðuneytisins að nýta leyfið til útgerðar. Svavar sagði, að Hörður hefði verið sviptur atvinnuleyfinu, sem hann mátti eingöngu nýta sjálfur. Svavar sagði, að afrit allra atvinnuleyfa hefðu á þessum tíma verið geymd hjá Kristjáni Guðlaugssyni, sem skipaður hefði verið úthlutunarmaður af ráðuneytinu. Hann hefði séð um alla pappíra. Gildu atvinnuleyfin sjálf hefðu stöðvarnar haft í geymslu. Þegar Hörður hafði verið sviptur leyfinu, hefðu þeir tekið atvinnuleyfi hans úr vörslu stöðvarinnar, eftir að öllum formsatriðum hafði verið fylgt. Í öllum tilfellum, þegar þeir töldu, að innkalla ætti leyfi, hefðu þeir skrifað viðkomandi og gefið honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum. Svavar kvaðst ekki hafa rætt þetta mál við Hörð á þessum tíma. Þeir Júlíus hefðu ekkert svar fengið við bréfi sínu. Svavar var að því spurður, hvort tveir hefðu mátt aka í leyfi Harðar, ef hann hafði eingöngu útgerðarleyfi. Svavar svaraði, að svo hefði aldrei verið, ekki síðan takmörkunin tók gildi og ekki heldur áður. Þetta hefði ekki verið mögulegt, nema menn væru með tvö leyfi. Þá hefðu þeir getað notað sama bílinn.

Svavar var að því spurður, hvernig Hörður hefði nýtt þessi tvö leyfi sín, meðan hann hafði þau bæði. Hann sagði, að Hörður hefði nýtt þau mjög lítið. Hann sagði, að eftir að Hörður var sviptur atvinnuleyfinu, hefði hann ekið af og til, en ekki stöðugt né mikið. Hann hefði þá aldrei ekið nema einn þann tíma, sem hann ók með honum frá Aðalstöðinni, til 1975. Svavar fullyrti, að þetta hefði ekki skeð fyrr en þá á síðastliðnu ári. Að ósk lögmanns stefnanda var dskj. 4, úrskurður samgönguráðuneytisins frá 19. nóvember 1963, lesið upp fyrir Svavari. Hann kannaðist við þennan úrskurð og sagði, að þeir hefðu afgreitt otvinnuleyfin samkvæmt þessu. Hefðu afgreitt Hörð með eitt leyfi 4. janúar 1964, þar sem þeir höfðu afgreitt annað áður, 11. maí 1963.

Svavar sagði, að þegar hann hætti störfum sem úthlutunarmaður, hefðu allir pappírar verið í vörslum Kristjáns Guðlaugssonar.

Svavari voru sýnd dskj. nr. 5 og 6 og spurt, hvort hann liti á þessi dskj. sem eitt eða tvö leyfi. Hann sagði, að þetta væri eitt leyfi, síðara dskj. væri aðeins skýring á því, að þetta leyfi gæfi meiri rétt en önnur. — Svavar hefur sjálfur gefið út leyfið. — Hann sagði, að í raun og veru ættu þessi blöð að vera föst saman.

Júlíus Daníelsson, hinn vottorðsgjafinn, hefur einnig komið fyrir dóm. Framburður hans er efnislega samhljóða framburði Svavars.

Haukur Magnússon, sem var stöðvarstjóri á Aðalstöðinni til 1975, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst ekki muna betur en að Hörður hefði fengið tvö atvinnuleyfi í upphafi, annað hefði þá verið útgerðarleyfi, en hitt leyfi, sem hann hafði skapað sér sjálfur löngu fyrr, fyrir reglugerðina 1963. Hann mundi ekki eftir því, að annað þessarra leyfa hefði verið af Herði tekið. Hann kvaðst ekki muna betur en að Hörður hefði meira og minna ekið frá stöðinni allt til 1975 og hann hefði af og til verið með mann á móti sér á bifreiðinni. Það hefðu ekki verið gerðar svo miklar athugasemdir við þetta í þá daga. Hann tók það fram, að hann hefði gert lista yfir atvinnuréttindi og númer leigubifreiða hjá Aðalstöðinni, meðan hann var þar forstjóri, ásamt starfsmanni stöðvarinnar, Tómasi Tómassyni. Hann tók það sérstaklega fram, að hann myndi ekki betur en að hann hefði verið kærður af viðkomandi aðiljum til samgönguráðuneytisins fyrir, að listar þessir væru ekki réttir. Hann sagði, að vel gæti verið, að sér hefði orðið á og eitthvað hefði niður fallið, en það hefði ekki verið af ráðnum hug. Hann sagði listana vera byggða upp á kvittanaheftum fyrir stöðvargjöld og sá háttur hefði verið á hafður, að ekki hefði verið skrifað nema eitt stöðvargjald, væri annað ekki nýtt á viðkomandi tímabili. Hafi tveir menn nýtt sama bílinn, þá hefðu verið greidd tvö stöðvargjöld.

Núverandi úthlutunarmenn atvinnuleyfa hafa komið fyrir dóminn, en þeir eru Halldór Alfreðsson og Pétur Þórarinsson. Þeir sögðust hafa vitað, að Hörður hafði tvö leyfi í upphafi. Þegar takmörkunin tók gildi, hefðu þrír menn fengið meira en eitt leyfi og Hörður hefði verið einn þeirra. Halldór Alfreðsson sagði, að leyfið, sem Hörður var sviptur 1965, hefði hann margoft séð í skjalamöppu, sem tilheyrði úthlutunarmönnum. Kristján Guðlaugsson hefði haft þessa möppu og þegar þeir þurftu að ræða

einhver mál, hefðu þeir flett upp í möppunni. Hann kvaðst hafa vitað, að leyfið hefði verði afturkallað, annars hefði það ekki verið í vörslu úthlutunarmanna, heldur verið geymt á Aðalstöðinni. Þeir sögðu það Halldór og Pétur, að dskj. 5 og 6 hefðu þeir séð á Aðalstöðinni samanheft, og töldu þeir það vera eitt leyfi, en ekki tvö.

Birgir Ólafsson, sem kvaðst hafa starfað hjá Herði Valdimarssyni frá 1. apríl 1963 og til 1968, hefur komið fyrir dóminn. Birgir sagði, að fyrst eftir að hann hóf vinnu hjá Herði, hefðu þeir ekið hvor á móti öðrum á sama bíl. Þeir hefðu ekið til skiptis sama sólarhringinn. Hann kvaðst einnig hafa starfað hjá honum við bílaleigu á þessu tímabili. Hann sagði, að Hörður hefði síðan hætt að aka, en hann mundi ekki, hvenær það var, en þeir hefðu ekið hvor á móti öðrum, allavega fyrst eftir að hann byrjaði hjá honum.

Kristján Guðlaugsson, fyrrum úthlutunarmaður atvinnuleyfa atvinnubifreiðarstjóra í Keflavík, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa verið skipaður af samgönguráðherra 1964 eða 1965 til þess að vera úthlutunarmaður og hafa gegnt þeim starfa til 1975 eða 1976. Hann sagði, eð eftir því, er hann best myndi, hefði Hörður Valdimarsson haft eitt útgerðarleyfi þann tíma, sem hann var úthlutunarmaður. Honum voru sýnd dómskj. 5 og 6, og kvaðst hann telja þetta vera eitt leyfi, svokallað útgerðarleyfi. Hann sagði, að túlkun þeirra þarna suður frá hefði verið sú, að aðeins einn mætti aka í þessu leyfi í einu. Hann sagði Hörð hafa haft annað leyfi. Það leyfi hafi hann fengið í upphafi við setningu reglugerðarinnar. Það leyfi hafi Hörður eingöngu mátt nýta sjálfur. Þetta hefði Hörður ekki gert og hefði hann því verið sviptur því. Kristján mundi ekki, hvenær þetta hefði gerst eða hvort þetta gerðist, meðan hann var úthlutunarmaður eða fyrr. Hann taldi sig minna að hafa séð þetta leyfi í möppu. Í möppu þessari hefðu verið öll innkölluð leyfi og allar bréfaskriftir, sem þau vörðuðu. Mappa þessi hefði glatast hjá honum. Hann hefði flutt skrifstofu sína og hefði mappan ekki komið fram eftir það.

Hann sagði, að Hörður hefði rætt afturköllun þessa leyfis við sig og ætíð talið, að þetta hefði verið ranglega gert. Hann sagðist hafa sagt Herði, að farið hefði verið að reglugerðarákvæðum við afturköllun leyfisins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að úrskurður samgönguráðherra, dómskj. 3, sé reistur á ónógum efnislegum grundvelli, enda hafi ekki verið gætt réttra lagasjónarmiða við uppkvaðn-

ingu hans. Stefnandi hafi með úrskurðinum verið sviptur atvinnuréttindum, sem honum séu tryggð með 1. gr. laga nr. 40/1957, sbr. nú lög nr. 36/1970, 8. gr.

Við munnlegan flutning málsins taldi lögmaður stefnanda úrskurðinn þó formlega réttan, en að ógilda ætti hann, vegna þess að lagatúlkun og staðreyndamat ráðuneytisins væri rangt.

Lögmaðurinn taldi, að í dómskj. 5 og 6 væru fólgin þau tvö leyfi, sem ráðuneytið hefði úrskurðað stefnanda, sbr. dómskj. nr. 4. Deilt væri um, hvort í þessum leyfum megi aka á móti öðrum manni. Yrði hins vegar litið svo á, að stefnandi hefði haft annað eða önnur leyfi en komi fram á dómskj. 5 og 6, hefði hann ekki verið sviptur því á lögmætan hátt. Hann hefði aldrei fengið ábyrgðarbréf um þá sviptingu, svo sem þó sé mælt fyrir um í reglugerð, og þannig ekki fengið færi á að verja rétt sinn.

Þá byggði lögmaðurinn á því, að reglugerðin væri ekki í samræmi við lögin, þar sem lögin nefndu ekki, að leyfi gæti fallið niður fyrir notkunarleysi, sú heimild væri eingöngu reglugerðarákvæði. Í annan stað gæti reglugerðin ekki nema að sumu leyti gilt um þá, sem höfðu atvinnuleyfi fyrir gildistöku hennar.

Að framkominni frávísunarkröfu stefnda mótmælti lögmaður stefnanda henni sem of seint fram kominni og hélt því einnig fram, að fullkomlega væri heimilt að leggja deiluefni málsins fyrir dómstóla. Þá mótmælti hann bæði kröfu stefnda um réttarfarssektir og ómerkingu ummæla og taldi kröfurnar of seint fram komnar.

Af hálfu stefndu var frávísunarkrafan byggð á 66. gr. laga nr. 85/1936. Á það var bent, að af hálfu stefnanda væri viðurkennt, að úrskurður ráðuneytisins væri ekki formlega rangur, en það væri skilyrði þess, að bera mætti málið upp fyrir dómstóla. Úthlutun atvinnuleyfanna væri komin undir frjálsu mati úthlutunarmannanna, en síðan mætti skjóta ákvörðun þeirra til ráðuneytisins til endanlegs úrskurðar. Til þess að fá borið mál þetta undir dómstóla hefði stefnandi orðið að krefjast ógildingar á úrskurði ráðuneytisins og síðan, hefði það fengist, að leggja málið að nýju fyrir ráðuneytið.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefndu haldið fram, að stefnandi hefði fengið eitt atvinnuleyfi þann 11. maí 1963 eins og aðrir, sem höfðu fyrir setningu reglugerðar nr. 6/1963 ekið frá Aðalstöðinni í Keflavík. Var í því sambandi bent á dómskj. 26 og 27, atvinnuleyfi Hauks Magnússonar, og dómskj. 40, atvinnuleyfi Einars Söring. Sérstaklega var bent á viðbætur

við þessi leyfi um aukinn rétt þessara manna og að viðbótin við atvinnuleyfi Einars væri síðar út gefin en leyfið sjálft. Stefnandi hefði síðan, að fengnum úrskurði ráðuneytisins, sbr. dómskj. 4, fengið annað leyfi og það með auknum rétti, sem hafi gefið honum rétt til að láta annan mann aka í því leyfi, svokallað útgerðarleyfi. Vitnað var síðan til framburða flestra vitnanna um, að fyrra atvinnuleyfið hefði stefnandi misst á árinu 1965 fyrir notkunarleysi. Þar sem hann hefði nú aðeins eitt atvinnuleyfi, mætti hann ekki, sbr. 12. gr. reglugerðarinnar, aka bifreið sinni á móti öðrum manni.

Úrskurður ráðuneytisins, dómskj. 3, væri að vísu misvísandi að því er varðaði útgáfudag fyrra atvinnuleyfis stefnanda, sbr. framburði allra vitnanna. Þetta eigi hins vegar ekki að koma að sök, þar sem fyrir liggi, að stefnandi nýtti aðeins útgerðarleyfi sitt, en ekki fyrra atvinnuleyfið.

Af hálfu stefndu er því eindregið mótmælt, að stefnandi hafi að ósekju verið sviptur lögmætum rétti, og því haldið fram, að í úrskurði ráðuneytisins hafi réttra lagasjónarmiða í hvívetna verið gætt. Er því haldið fram, að með athafnaleysi sínu hafi stefnandi sjálfur fyrirgert þeim rétti, er honum var veittur, enda beri honum og öðrum rétthöfum slíkra leyfa að fullnægja á hverjum tíma þeim kröfum, er lög og reglugerðir setji um starfsemi leigubifreiðarstjóra.

Með lögum nr. 40/1957 hafi verið mælt fyrir um takmörkun fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og kauptúnum. Í 2. gr. laganna hafi sagt, að óheimilt væri þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stundi leigubifreiðaakstur og væru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin tækju gildi. Nánari ákvæði um takmörkunina skuli setja í reglugerð. Samkvæmt þessu hafi verið sett reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa nr. 6 7. janúar 1963. Í síðari lögum um leigubifreiðar, nr. 36/1970, sé sams konar ákvæði í 8. gr. og var í 2. gr. eldri laganna. Á grundvelli þessarra réttarreglna hafi samgönguráðuneytið úrskurðað 19. nóvember 1963, að stefnandi ætti rétt til tveggja leyfa, þar sem annað væri atvinnuleyfi og hitt útgerðarleyfi, enda hefði hann í raun og veru nýtt bæði leyfin sín með því að aka sjálfur á móti öðrum manni á sama bíl, sbr. dskj. nr. 4. Útgerðarleyfið með vísun til 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 6/1963, sbr. dskj. nr. 6, og atvinnuleyfið samkvæmt sömu reglugerð, sbr. dskj. nr. 5. Stefndu vitna síðan til skilmála atvinnuleyfisins, en þar segir m. a.: „Gerist leyfishafi

brotlegur við greinda reglugerð, eins og hún er á hverjum tíma, þá er úthlutunarmönnum heimilt að afturkalla atvinnuleyfið um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef um ítrekað brot er að ræða.“ Stefndu halda því fram, að þeirri meginreglu hafi yfirleitt verið fylgt í íslenskri löggjöf, sem sett hafi verið um ýmiss konar starfsréttindi, að ekki væri hróflað við eldri atvinnuréttindum, þótt hert væri á kröfum, sem gerðar væru til þeirra, sem starfið megi stunda. Hins vegar telja þeir, að gera verði þá kröfu til eldri leyfishafa, að þeir uppfylli á hverjum tíma þau skilyrði, sem almennt séu sett þeim, er áfram vilji hafa starfsemina með höndum. Afar óeðlilegt væri, að eldri leyfishafar nytu að því leyti betri réttarstöðu en hinir yngri, að þeir þyrftu ekki framvegis að laga starfsemi sína að sömu skilmálum.

Álit dómsins.

Sakarefni máls þessa varðar fyrst og fremst, hverjar lagareglur eigi að gilda um atvinnuleyfi stefnanda til þess að aka leigubifreið í Keflavík. Samkvæmt 66. gr. laga nr. 85/1936 heyrir slíkur ágreiningur undir lögsögu dómstóla, nema hann sé sérstaklega undan lögsögu þeirra skilinn. Lög og reglugerðir, sem settar hafa verið á þessu sviði, hafa ekki að geyma ákvæði, sem undanskilja deilur um slík atvinnuleyfi lögsögu dómstóla. Samgönguráðuneytið hefur lokið úrskurði um sakarefnið, og er lagatúlkun þess mótmælt af stefnanda, og verður málssókn hans ekki skilin öðru vísi en hann vilji fá úrskurðinum hnekkt. Að athuguðum þessum sjónarmiðum verður að telja, að stefnandi eigi rétt á að fá úrlausn dómstóla um málið, og verður því ekki vísað frá.

Reglugerð nr. 6/1963 um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa var sett með stjórnskipulegum hætti með heimild í lögum nr. 40/1957 um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum. Telja verður skv. gagnályktun frá 12. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar, en þau lög leystu af hólmi lög nr. 40/1957, að reglugerðin hafi ekki tapað gildi sínu við gildistöku þeirra laga, sbr. 2. gr. laga nr. 36/1970 og 1. gr. laga nr. 40/1957. Reglugerð þessi var þannig í gildi, þar til reglugerð nr. 451/1978 leysti hana af hólmi 6. mars 1979. Fyrrnefnd reglugerð var þannig í gildi, þegar úthlutunarmenn atvinnuleyfa í Keflavík og samgönguráðuneytið fjölluðu um mál stefnanda.

12. gr. reglugerðar nr. 6/1963 hljóðar svo: „Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum, nema báðir hafi at-

vinnuleyfi.“ 13. gr., 1. mgr., reglugerðar nr. 451/1978 hefur að geyma sams konar ákvæði.

Samkvæmt dómskj. 4 átti stefnandi eftir gildistöku reglugerðar nr. 6/1963 að fá tvö atvinnuleyfi, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, og mátti auk þess nýta annað þeirra, sbr. 3. mgr. 3. gr., þannig að láta annan aka bifreið fyrir sig. Af gögnum málsins og framburðum er ljóst, að stefnandi fékk þessi leyfi bæði. Hins vegar er í ljós leitt með framburðum núverandi úthlutunarmanna, Halldórs Alfreðssonar og Péturs Þórarinssonar, vitnanna Svavars Þorsteinssonar, Júlíusar Daníelssonar og Kistjáns Guðlaugssonar og einnig listum á dómskj. 24 og 28—33, að eftir 1970 a. m. k. hefur stefnandi aðeins eitt leyfi í vörslum Aðalstöðvarinnar, en skv. 8. gr., 2. mgr., reglug. nr. 6/1963 áttu gild leyfi að vera í vörslum stöðvarinnar. Samkvæmt gögnum málsins og framburðum vitna er það leyfi nr. 49 og kemur fram á dómskj. 5 og 6, og má nýta það skv. 3. mgr. 3. gr. reglug. nr. 6/1963. Hér er þannig aðeins um eitt leyfi að ræða, hvað sem líður fullyrðingum og málatilbúnaði lögmanns stefnanda. Stefnanda hefði verið rétt að krefjast úrskurðar úthlutunarmanna atvinnuleyfa í Keflavík um atvinnuleyfi sín í heild og efni þeirra. Ráðuneytið hefði átt að stuðla að þeirri meðferð málsins. Síðan átti stefnandi þess kost að skjóta slíkum úrskurði til ráðuneytisins, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 6/1963. Að úrskurði þess fengnum gat hann leitað úrlausnar dómstóla um ágreiningsefnið.

Stefnandi byggir ekki málflutning sinn á því, að meðferð úthlutunarmanna og ráðuneytis á máli hans í febrúar—apríl 1978 hafi verið formlega ábótavant. Er því ekki ástæða til að fjalla frekara um formlega meðferð framkvæmdarvaldshafa á málinu.

Rétt þykir að skilja úrskurð ráðuneytisins frá 28. apríl 1978 svo, að stefnandi eigi aðeins að hafa eitt leyfi, svonefnt útgerðarleyfi, sem veiti honum rétt til þess að aka sjálfur eða láta annan mann aka fyrir sig. Samkvæmt reglugerð nr. 6/1963, 12. gr., sbr. reglugerð nr. 451/1978, 13. gr., 1. mgr., þarf hins vegar tvö leyfi til þess, að bifreiðarstjórar megi hafa vaktaskipti á leigubifreið. Hefur ráðuneytið metið, að stefnandi hafi ekki nýtt bæði atvinnuleyfi sín, og þannig talið heimilt að svipta hann öðru þeirra, og eru úthlutunarmenn atvinnuleyfa í Keflavík, sbr. greinargerð þeirra, sammála þeirri niðurstöðu. Stefnandi hefur viðurkennt að hafa ekki nýtt annað atvinnuleyfi sitt nema stopult, en helst er á honum að skilja, að hann telji heimildir úthlutunarmanna skv. 9. gr. reglugerðar nr. 6/1963, nú 10. gr. reglugerðar nr. 451/1978,

ekki gildar gagnvart sér skv. ákvæðum 8. gr. laga nr. 36/1970, áður 2. mgr. 1. gr. laga nr. 40/1957. Fallast þykir mega á þá skýringu úthlutunarmanna atvinnuleyfa í Keflavík og stefndu, að greind lagaákvæði eigi aðeins við, þá er reglugerð er sett um takmarkanir á fjölda leigubifreiða, en breyti því ekki, að þeir, sem stundi leigubifreiðaakstur eftir gildistöku slíkra reglugerða, séu allir háðir ákvæðum reglugerðanna um þá fengin atvinnuleyfi og skipti ekki máli, þótt þeir hafi stundað leigubifreiðaakstur fyrir gildistöku takmörkunarinnar.

Telja verður nægjanlega í ljós leitt með framburðum stefnanda sjálfs og vitna, að stefnandi hafi aðeins nýtt annað atvinnuleyfi sitt nú um langa hríð. Verður því krafa hans, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 6/1963, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 451/1978, ekki tekin til greina.

Samanber 241. gr. laga nr. 19/1940 er ekki heimild til að ómerkja ummæli þau, sem lögmaður stefnanda viðhefur í greinargerð um úthlutunarmenn atvinnuleyfa í Keflavík, þar sem þeir hafa ekki sjálfir krafist þess. Ekki þykir heldur nægilegt tilefni til að dæma lögmanninn í réttarfarssektir fyrir ummælin, en rétt þykir að víta hann fyrir þau.

Það athugast, að eins og málatilbúnaði stefnanda var upphaflega háttað, var honum rétt að stefna samgönguráðherra vegna samgönguráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Samgönguráðuneytinu hefði þá verið stefnt til þess að fá úrskurði þess hnekkt og ríkissjóði til greiðslu bóta.

Samkvæmt greindri niðurstöðu þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu kr. 250.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, samgönguráðherra og fjármálaráðherra, skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Harðar Valdimarssonar.

Stefnandi, Hörður Valdimarsson, skal greiða kr. 250.000 í málskostnað, sem renna skal í ríkissjóð, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. október 1981.

Nr. 10/1980. **Ásgeir M. Ásgeirsson**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Kristjáni Grétari Marteinssyni og Brunabótafélagi Íslands
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1979. Útivistardómur gekk í því máli 7. janúar 1980. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju með stefnu 29. janúar 1980. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt 11.000.00 krónur (nýkr.) með 7% ársvöxtum frá 10. apríl 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa stefndu lýst yfir því, að þeir beri ekki fyrir sig, að krafa áfrýjanda sé fyrnd samkvæmt 78. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 3. gr. laga nr. 23/1972.

Áfrýjandi var farþegi gegn gjaldi í leigubifreiðinni Y 2277. Við það verður að miða, að afturhurð bifreiðarinnar hafi skollið á hann, er hann var að taka farangur sinn úr bifreiðinni í lok ökuferðar. Þykir það vera slíkur þáttur í notkun

bifreiðarinnar sem ökutækis í umferð, að rétt sé að telja, að hin hlutlæga skaðabótaregla 1. mgr., sbr. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968 eigi við um tjón áfrýjanda. Ósannað er, að áfrýjandi hafi sjálfur átt sök á tjóni sínu. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968 bera stefndu óskipta ábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Kröfur sínar sundurliðar áfrýjandi þannig:

1. Örorkubætur ..... 8.000.00 krónur
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum ..... 3.000.00 krónur

11.000.00 krónur.

Ólafur Jónsson læknir mat örorku áfrýjanda af völdum slyss þessa 8. mars 1978. Segir svo í vottorði hans:

„Hér er um að ræða 68 ára gamlan fyrrverandi skipstjóra og núverandi verslunarmann, er varð fyrir slysi fyrir tæpum 6 árum, þannig að I. og II. fingur hægri handar klemmdust milli bílhurðar og stafs með þeim afleiðingum, að af hlaust nokkur mjúkpartaskaði, sem samkvæmt upplýsingum, er fyrir liggja, hefur valdið truflun á starfsgetu handarinnar, þannig að gripgeta milli þumalfingurs og annarra fingra hægri handar er skert og afllítil, auk þess sem tilfinning í fremstu kjúkum I. og II. fingurs er trufluð. Samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja, og vottorði Þorgeirs Jónssonar læknis var slasaði algerlega óvinnufær einn mánuð eftir slysið, og í samræmi við skoðun, er undirritaður gerði á slasaða í dag, verður að ályktа, að af slysinu hafi hlotist nokkur varanlegur skaði á hægri hönd, er valdið hefir varanlegri örorku, sem tímabært er að meta, og telst örorka sú, er af slysinu hlaust, hæfilega metin 100% í einn mánuð, en 7% varanleg.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur 6. apríl 1978 reiknað með líkindatölum tjón áfrýjanda vegna slyss þessa. Miðar hann áætlanir sínar við tekjur áfrýjanda síðustu tvö árin fyrir slysið, en áfrýjandi stundar sjálfstæðan atvinnurekstur. Tekjur hans á þessum tíma voru um 60% af meðaltekjum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á

þessum árum, og er það lagt til grundvallar í reikningum tryggingastærðfræðingsins. Telur hann, að höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps áfrýjanda á slysdegi nemi 27.900 gkr. vegna tímabundinnar örorku, en 519.500 gkr. vegna varanlegrar örorku, eða alls 547.400 gkr. og sé þá miðað við 13% ársvexti.

Þá hefur sami maður 29. september 1981 reiknað tjón áfrýjanda af nýju samkvæmt sömu forsendum, en með hliðsjón af launaþróun í landinu. Telur hann, að þannig reiknað nemi höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps áfrýjanda á slysdegi samtals 13.420.00 nýjum krónum.

Þegar litið er til meiðsla áfrýjanda, tekna hans og annarra atriða, sem hér ber að virða, þykja hæfilegar heildarbætur til hans 8.000.00 krónur. Ber stefndu að greiða þá fjárhæð óskipt með vöxtum, eins og krafist er.

Eftir þessum málalokum ber stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 6.500.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Grétar Marteinsson og Brunabótafélag Íslands, greiði óskipt áfrýjanda, Ásgeiri M. Ásgeirssyni, 8.000.00 krónur með 7% ársvöxtum frá 10. apríl 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 6.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Tel rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 22. júní sl. að undangengnum munnlegum málflutningi, hefur Ásgeir M. Ásgeirsson kaupmaður, áður til heimilis að Unnarbraut 4, Seltjarnarnesi, en nú til heimilis að Vesturgötu 52, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. september 1978, gegn Kristjáni Grétari Marteinssyni bifreiðarstjóra, Hófgerði 1, Kópavogi, og Brunabótafélagi Íslands, Laugavegi 103, Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 1.100.000 með hæstu lögleyfðu ársvöxtum, en á stefnubirtingardegi voru vextirnir sem hér segir: 7% frá 10. apríl 1972 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% frá þeim degi til greiðsludags. Þá hefur stefnandi og krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, þ. m. t. útlagðan kostnað af gagnaöflun í málinu samkvæmt fylgiskjölum.

Kröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim jafnframt dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Mál þetta var sem fyrr segir höfðað með stefnu, birtri 6. september 1978. Það var þingfest 12. september s. á., en undirritaður dómari fékk það til meðferðar 23. febrúar 1979. Dómarinn gekk á slysavettvang hinn 19. júní 1979 ásamt lögmönnum og aðiljum og kynnti sér þar aðstæður.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Atvik máls þessa eru þau, að mánudaginn 10. apríl 1972 var stefnandi farþegi í leigubifreiðinni Y 2277, en bifreið þessi var þá eign stefnda Kristjáns Grétars, og var hún tryggð lögboðinni

ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda vátryggingarfélagi. Var stefnanda ekið í bifreiðinni frá Sjóbúðinni við Grandagarð í Reykjavík og út á Seltjarnarnes, þar sem að lokum var stöðvað við heimili stefnanda að Unnarbraut 4 þar í bæ. Var bifreiðin stöðvuð í brekku framan við hús stefnanda, en brekka þessi er löng og aflíðandi. Hinn 8. febrúar 1973 gaf stefnandi skýrslu fyrir lögreglu, og hinn 8. maí 1979 kom hann fyrir dóm í máli þessu og gaf þá skýrslu. Stefnandi segir, að nokkur vindur hafi verið í umrætt sinn. Er bifreiðin hafi verið stöðvuð, hafi stefnandi beðið bifreiðarstjórann að gefa sér nótu vegna akstursins, stigið út úr bifreiðinni og haft í hyggju að greiða ökugjaldið. Segist hann þá hafa veitt því athygli, að hann hafi gleymt poka með matvælum í í aftursæti bifreiðarinnar. Kveðst hann þá hafa ætlað að teygja sig eftir pokanum, stutt hendinni í því skyni við dyrastafinn og ætlað að seilast eftir pokanum. Snörp vindhviða hafi skyndilega komið og hafi hurð bifreiðarinnar af þeim sökum og vegna hallans skollið aftur með þeim afleiðingum, að hann hafi orðið með hægri höndina á milli hurðarinnar og dyrastafsins. Þumalfingur og vísifingur hafi klemmst á milli og hafi nokkuð blætt úr sárum handarinnar.

Að sögn stefnanda var bifreiðin kyrrstæð, er slysið gerðist. Stefndi Kristján Grétar kom fyrir dóm hinn 8. maí 1979. Hann segir, að bifreiðin hafi verið alveg kyrrstæð, þegar slysið gerðist. Hann kvaðst venjulega „drepa á" bílnum við lok hverrar ökuferðar og láta hann í gír og handbremsu, þegar staðnæmst sé í halla. Ekki kvaðst hann þó geta fullyrt, hvort vél bifreiðarinnar hafi verið í gangi, þegar slysið gerðist, en taldi líklegra, að svo hefði ekki verið. Að eigin sögn og samkvæmt framburði stefnda Kristjáns Grétars hafði stefnandi neytt einhvers áfengis, áður en hann sté upp í leigubifreiðina við Grandagarð. Kveður stefndi Kristján Grétar það hafa verið vel merkjanlegt, að stefnandi var undir áhrifum áfengis. Vínlykt hafi verið af honum og svo hafi mátt sjá það af hreyfingum hans. Engu að síður hafi stefnandi verið prúður og háttvís í framkomu. Stefnandi segist sjálfur hafa drukkið tvo þýska bjóra af Heinecken gerð, áður en hann steig upp í leigubifreiðina, en kvaðst ekki telja, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis.

Stefnandi kveðst hafa haft nokkrar þrautir í hendinni strax eftir slysið. Hann hafi látið plástra sárið heima, en man ekki eftir því, hvort hann fór á slysavarðstofu. Hann kvaðst hafa talið í upphafi, að slys þetta væri smávægilegt, og vonað, að það

mundi ekki draga dilk á eftir sér. Þrautir sínar hafi hins vegar farið vaxandi strax nóttina eftir og hann því farið til heimilislæknis síns strax á öðrum degi eftir slysið. Hann hafi alltaf alið þá von í brjósti, að meiðsli þessi mundu lagast af sjálfu sér, og ekki talið ástæðu til neins konar aðgerða af þeim sökum, enda vanur að hljóta alls kyns skrámur og skráveifur í starfi sínu sem sjómaður. Von þessi hafi þó ekki verið á rökum reist, því að kvalir hans og minnkandi starfsgeta af völdum slyssins hafi sífellt farið vaxandi. Hann hafi reynt að leita sér lækninga og verið til meðferðar hjá heimilislækni sínum, Þorgeiri Jónssyni, sem fylgst hafi með líðan sinni frá byrjun.

Stefnandi kveðst, eins og fyrr segir, lengi hafa vonast eftir því, að meiðslin af völdum slyssins löguðust af sjálfu sér. Hann hafi því dregið að láta framkvæma örorkumat, en er hann hafi verið orðinn úrkula vonar um bata, hafi hann látið af því verða. Framkvæmdi Ólafur Jónsson læknir örorkumat þetta hinn 8. mars 1979. Þar segir m. a. svo:

„Undirritaður skoðaði og talaði við slasaða í dag, og staðfestir hann í einu og öllu það, sem að framan greinir. Við skoðun kemur í ljós, að nokkur dofi er í fremstu kögglum I. og II. fingurs hægri handar og gripgeta handarinnar verulega minni heldur en þeirrar vinstri, þótt maðurinn sé rétthendur. Sýnilegur skaði er á naglbeði II. fingurs hægri handar, og er grip hans mjög máttlítið. Slasaði kveðst ekki geta notað ritvél eftir þetta slys, og auk þess kveðst hann eiga erfitt með að skrifa, en hann er kaupmaður og afgreiðslumaður í verslun. Auk þess kveðst hann eiga í verulegum erfiðleikum með að halda á smæstu hlutum milli fingra hægri handar og ófær með öllu um að halda öllu þyngra en sem svarar sígarettupakka.

Vegna þessa getuleysis hægri handar kveðst Ásgeir hafa átt allt frá því hann hóf vinnu eftir slysið mjög erfitt með störf sín við verslunarafgreiðslu og skriftir og hafi þetta leitt til óeðlilegrar þreytu í handleggnum og stirðleika í öxl.

Auk þess, sem að framan getur um skaddaðan naglbeð á II. fingri hægri handar, er ljóst, að allir fingur handarinnar eru óeðlilega kaldir og blóðrás í þeim sýnilega trufluð, þótt ekki sé það áberandi meira í I. og II. fingri heldur en í hinum þrem. Sársauka og snertiskyn er greinilega minnkað og virðist með öllu upphafið í fremstu kögglum I. og II. fingurs. Gripgeta milli þumalfingurs og annarra fingra hægri handar er mjög skert og afllítil.

Ályktun:

Hér er um að ræða 68 ára gamlan fyrrverandi skipstjóra og núverandi verslunarmann, er varð fyrir slysi fyrir tæpum 6 árum, þannig að I. og II. fingur hægri handar klemmdust milli bílhurðar og stafs með þeim afleiðingum, að af hlaust nokkur mjúkpartaskaði, sem samkvæmt upplýsingum, er fyrir liggja, hefur valdið truflun á starfsgetu handarinnar, þannig að gripgeta milli þumalfingurs og annarra fingra hægri handar er skert og afllítil, auk þess sem tilfinning í fremstu kjúkum I. og II. fingurs er trufluð. Samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja, og vottorði Þorgeirs Jónssonar læknis var slasaði algerlega óvinnufær einn mánuð eftir slysið, og í samræmi við skoðun, er undirritaður gerði á slasaða í dag, verður að álykta, að af slysinu hafi hlotist nokkur varanlegur skaði á hægri hönd, er valdið hefur varanlegri örorku, sem tímabært er að meta, og telst örorka sú, er af slysinu hlaust, hæfilega metin 100% í einn mánuð, en 7% varanleg."

Á grundvelli örorkumats Ólafs Jónssonar læknis framkvæmdi Jón Erlingur Þorlákssson tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning hinn 6. apríl 1978. Í örorkutjónsútreikningnum kemur fram, að tekjur stefnanda síðustu tvö árin fyrir slysdag námu um 60% af meðaltekjum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna sömu ár. Er tekjuáætlun í örorkutjónsútreikningnum miðuð við, að tekjur séu 60% af meðaltekjum framangreindra stétta. Á þeim forsendum reiknaðist tryggingafræðingnum, að höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps stefnanda næmi á slysdegi kr. 27.900 vegna tímabundinnar örorku, en kr. 519.500 vegna varanlegrar örorku, eða samtals kr. 547.400. Við útreikning höfuðstólsandvirðis voru notaðir 13% ársvextir, dánarlíkur íslenskra karla eftir reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu, en ekki var tekið tillit til skatta.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að hann hafi orðið fyrir slysi því, er að framan er lýst, af völdum bifreiðarinnar Y 2277, er hún hafi verið í notkun sem leigubifreið til mannflutninga gegn gjaldi samkvæmt 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968. Beri eigandi bifreiðarinnar, stefndi Kristján Grétar, því hlutlæga bótaábyrgð á tjóni því, er af hafi hlotist, samkvæmt 1. mgr. 69. gr. sömu laga. Kröfum sínum beini stefnandi gegn meðstefnda, Brunabótafélagi Íslands, samkvæmt 2. mgr. 74. gr.

umferðarlaga og 3. mgr., sbr. 1. mgr. 70. gr. þeirra laga. Telur stefnandi, að bifreiðin Y 2277 hafi óumdeilanlega verið í notkun í merkingu 1. mgr. 67. gr., þegar slysið varð. Það eitt nægi til þess, að bótaábyrgð verði lögð á eiganda bifreiðar, að hún hafi verið í notkun í merkingu 1. mgr. 67. gr., án þess að tjón þurfi jafnframt að orsakast af sérstökum hættueiginleikum bifreiða sem ökutækja. Sá skilningur á bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 67. gr., sem tengdur sé við hina sérstöku hættueiginleika bifreiða, sé of þröngur og eigi sér ekki stoð í lagagreininni sjálfri. Er það sjónarmið stefnanda, að til þess að heimilt sé að þrengja bótaábyrgð samkvæmt lagagrein þessari, eins og framangreint hættueiginleikasjónarmið geri ráð fyrir, þurfi slík þrenging að eiga sér stoð í lagaákvæðinu sjálfu, en því sé ekki til að dreifa. Því beri tvímælalaust að fella tjónstilvik sem þetta undir ábyrgðarreglu 1. mgr. 67. gr., enda sé leigubifreið í eðlilegri notkun, þegar farþegi sé tekinn um borð og honum hleypt út úr bifreiðinni á áfangastað. Telur stefnandi, að hinn þrengjandi skilningur á lagaákvæðum sé mjögt til þess fallinn að skapa réttaróvissu á þessu sviði.

Stefnandi kveður kröfugerð vera nokkru hærri heldur en örorkutjónsútreikningur gefi til kynna. Þessu valdi hin mikla verðbólga, sem hér ríki. Hafi kröfugerð því verið hagað sem raun beri vitni, þar sem sjá megi fram á, að nokkuð geti dregist, að endanlegur dómur liggi fyrir, frá því er mál er höfðað.

Ekki telur stefnandi, að bætur megi lækka vegna eigin sakar stefnanda. Hann hafi hegðað sér sem gegn og grandvar maður, er hann steig út úr bifreiðinni, og áfengisáhrif séu með öllu ósönnuð. Til þess að bætur megi lækka, þurfi stefndu að sanna sök stefnanda, en það hafi þeir ekki gert.

Kröfu sína telur stefnandi alls eigi fyrnda, en þeirri málsástæðu hafa stefndu haldið fram. Kröfur samkvæmt VI. kafla laga nr. 40/1968 fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Í málum sem þessum, þar sem afleiðingar slyss séu oft lengi að koma fram, sé útilokað að miða upphaf fyrningarfrests við slysdag. Hér verði að miða við eitthvert seinna tímamark, þegar séð verður með vissu, hverjar verði endanlegar afleiðingar slyss. Samkvæmt vottorði Ólafs Jónssonar læknis, sem aflað hafi verið að tilhlutan réttarins og lagt fram í málinu á dómskjali nr. 15, sé fullyrt, að ekki hafi verið hægt að framkvæma örorkumat fyrr en eftir 6. desember

1974. Mál þetta hafi verið höfðað með birtingu stefnu 6. september 1978. Hafi þá ekki verið liðinn sá 4ra ára fyrningarfrestur, sem nú sé lögmæltur í 78. gr. laga nr. 40/1968. Sé því augljóst mál, að kröfur stefnanda séu eigi fyrndar, enda hafi stefndu eigi hnekkt áðurnefndu vottorði Ólafs Jónssonar læknis.

IV.

Sýknukröfur sínar styðja stefndu í fyrsta lagi þeim rökum, að krafa stefnanda sé fyrnd. Stefnandi hafi slasast 10. apríl 1972 og ekkert hafi því verið til fyrirstöðu að meta örorku hans í febrúar 1973, er fyrra vottorð Þorgeirs Jónssonar læknis hafi verið ritað. Hafi stefnandi þá átt þess fyrst kost að leita fullnustu kröfu sinnar. Í síðara vottorði Þorgeirs Jónssonar, sem skrifað sé 6. desember 1974, komi ekkert nýtt fram, er stutt geti með rökum aðra niðurstöðu. Telja stefndu, að vottorð Ólafs Jónssonar á dómskjali nr. 15 breyti í engu þessari staðreynd.

Í öðru lagi styðja stefndu sýknukröfu sína þeim rökum, að bifreiðin Y 2277 hafi ekki verið í notkun í merkingu 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, þegar slysið gerðist, og að slysið verði ekki rakið til hættueiginleika bifreiðarinnar, sem sé forsenda þess, að bótaábyrgð samkvæmt lagagrein þessari stofnist. Það sé sjónarmið stefnanda, að vindur og halli götunnar hafi valdið því, að hurðin hafi skollið aftur. Hvorugt komi bifreið eða notkun hennar við, enda megi jafna slysi stefnanda við tjón, sem hljótist af því, að hurð á húsi skelli aftur og maður klemmist á milli.

Loks telur stefnandi (sic), að slysið verði eingöngu rakið til ógætni stefnanda og því eigi að beita 3. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, ef sú lagagren verði talin eiga við um slys þetta, og beri því að fella fébætur alveg niður.

V.

Álit réttarins.

Slys það, er mál þetta er risið af, gerðist hinn 10. apríl 1972. Í vottorði Ólafs Jónssonar læknis á dómskjali nr. 15, sem aflað var að tilhlutan dómsins, segir svo m. a.: „Það er augljóst, að ekki er mögulegt að framkvæma mat á varanlegri örorku fyrr en ljóst er, að um slíka örorku sé að ræða, og samkvæmt framansögðu var sú vitneskja ekki talin fyrir hendi samkvæmt þeim gögnum, er undirritaður hafði tiltæk, fyrr en síðara vottorð Þor-

geirs Jónssonar læknis var gefið út, og því ekki hægt að framkvæma umrætt örorkumat fyrr en eftir þann 6. desember 1974. Stefndu lýstu því yfir við munnlegan flutning málsins, að þeir vefengdu ekki framangreint vottorð Ólafs Jónssonar efnislega. Þar sem stefndu hafa ekki vefengt vottorð þetta né neitt það komið fram í málinu, er hnekkt getur gildi þess, verður að leggja til grundvallar, að stefnanda hafi þess fyrst verið kostur að leita fullnustu kröfu sinnar eftir 6. desember 1974. Mál þetta er höfðað með birtingu stefnu 6. september 1978. Verður því ekki talið með vísan til 78. gr. laga nr. 40/1968, að sýkna beri stefndu vegna þess, að krafa stefnanda á hendur þeim sé fyrnd.

Eins og fyrr segir, gerðust atvik máls þessa 10. apríl 1972. Hinn 8. febrúar 1973 gaf stefnandi skýrslu um málsatvik fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Hið sama gerði stefndi Kristján Grétar 2. maí 1973. Skýrslur fyrir dómi voru síðan ekki gefnar fyrr en 8. maí 1979, eða um það bil 7 árum eftir slys. Af þessum sökum reyndist eigi unnt þrátt fyrir viðleitni dómsins að upplýsa mál þetta svo nákvæmlega sem skyldi. Stefnandi og stefndi Kristján Grétar eru þó sammála um, að bifreiðin hafi verið kyrrstæð, þá er slysið gerðist. Aðrir sjónarvottar voru ekki að atburði þessum.

Á það má fallast með stefnanda, að bifreiðin Y 2277 hafi verið í notkun sem leigubifreið til mannflutninga gegn gjaldi samkvæmt 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, þegar stefnandi varð fyrir slysi því á hendi, er að framan er lýst. Eigi að síður er það álit réttarins, að tjón það, er af hlaust, sé ekki bótaskylt samkvæmt 1. mgr. 67. gr. áðurnefndra laga, þar sem slysið verður hvorki rakið til hreyfingar bifreiðarinnar né hættueiginleika, sem telja má einkennandi fyrir ökutæki framar öðrum farartækjum. Eiga því sjónarmið þau, er liggja að baki sérreglu 1. mgr. 67. gr. ekki við í máli þessu.

Bótakröfur í máli þessu eru af hálfu stefnanda einvörðungu reistar á 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968. Eigi verður séð, að fyrir hendi sé skaðabótaskylda vegna annarra ástæðna. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Grétar Marteinsson og Brunabótafélag

Íslands, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Ásgeirs M. Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. október 1981.

Nr. 9/1980. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs** (Magnús Óskarsson hrl.) gegn **Reyni Þórðarsyni** (Tómas Gunnarsson hrl.).

Vextir. Fjárnámsgerð úr gildi felld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1980. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framkvæmd fjárnáms. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ákvæði í dómi bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1979 um vexti af þeirri fjárhæð, sem stefnda var dæmd úr hendi áfrýjanda með þeim dómi, geta ekki eftir orðum sínum verið grundvöllur þess vaxtareiknings, sem stefndi styður fjárnámskröfu sína við.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna fjárnáms.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda máls-

kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hins umbeðna fjárnáms.

Stefndi, Reynir Þórðarson, greiði áfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1979 var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda í skaðabætur 3.500.000 gkr. með tilteknum „ársvöxtum“ frá 1. apríl 1975 til greiðsludags svo og málskostnað.

Orðið „ársvextir“ hefur að okkar áliti ekki svo afmarkaða merkingu, að hún skeri úr ágreiningi málsaðilja hér fyrir dómi, sem varðar aðferð við vaxtareikning.

Fyrir Hæstarétt hafa ekki verið lögð önnur gögn um venjur um reikningsaðferðir, er hér skipta máli, en hinn áfrýjaði úrskurður. Teljum við ekki unnt að byggja dóm í málinu á réttarvenju.

Seðlabanki Íslands hefur ekki með heimild í 5. gr. laga nr. 58/1960 og 13. gr. laga nr. 10/1961 sett reglur, sem úrlausn í ágreiningsmáli þessu verður byggð á.

Ekki verður séð, að eðlisrök styðji þá skoðun áfrýjanda, að eigendur krafna samkvæmt dómi skulu fá vexti reiknaða þannig, að þeir verði verr settir en þeir hafðu verið, ef höfuðstóll kröfu þeirra hefði verið lagður á innlánsreikning í banka eða sparisjóði.

Með hliðsjón af almennum reglum um vaxtareikning í innlánsstofnunum, tengslum vaxta af dómskuldum við spari-

sjóðsvexti og af eðli máls teljum við að þessu athuguðu, að rétt sé að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 15. desember 1979.

Gerðarbeiðandi, Reynir Þórðarson, Safamýri 83, Reykjavík, hefur krafist þess, að gert verði fjárnám í eignum gerðarþola, borgarsjóðs Reykjavíkur c/o borgarskrifstofur við Austurstræti, Reykjavík, til tryggingar kr. 472.900 ásamt 14% ársvöxtum af kr. 472.900 frá 26. maí 1979 til greiðsludags, öllum kostnaði við hina ráðgerðu fjárnámsgerð, þar með töldum málskostnaði gerðarbeiðanda vegna sérstaks máls fyrir fógetaréttinum um það, hvort gerðin skuli fara fram eða ekki, og kostnaði við eftirfarandi uppboð, ef til þessara réttargerða kemur.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um hina umbeðnu fjárnámsgerð og sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór 26. nóvember sl.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1333/1976, er féll hinn 9. mars 1979, var gerðarþoli dæmdur til að greiða gerðarbeiðanda kr. 3.500.000 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1975 til 21. nóvember 1977, en með 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 650.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Hinn 25. maí sl. greiddi gerðarþoli kr. 6.133.399 til gerðarbeiðanda og taldi sig með því gera upp skuldina. Greiðsla þessi sundurliðast eftirfarandi:

Höfuðstóll skv. dómsorði	3.500.000
13% ársvextir frá 1. maí 1975 — 21. nóvember 1977	1.200.694
14% ársvextir frá 22. nóvember 1977 — 25. maí 1979	741.805
Málskostnaður	650.000
Endurritskostnaður	39.000
Birting	1.900
	6.133.399

Þessu vill gerðarbeiðandi ekki una, þar sem hann telur kr. 472.900 ógreiddar. Sú fjárhæð er vaxtavextir, sem fást með því að leggja árlega vexti við höfuðstól dómskuldar og reikna síðan

ársvexti af þeirri heildarupphæð. Hann sundurliðar kröfur sínar eftirfarandi:

Höfuðstóll samkvæmt dómsorði	3.500.000
Vextir og vaxtavextir miðað við 13% ársvexti af kr. 3.500.000 frá 1. apríl 1975 til 21. nóvember 1977	1.341.952
Vextir og vaxtavextir miðað við 14% ársvexti af kr. 4.841.952 frá 21. nóvember 1977 til 23. mars 1979	1.068.531
Málskostnaður samkvæmt dómsorði	650.000
Kostnaður við endurrit	39.000
Birting 20. apríl 1979	1.900
	6.601.984

Gerðarbeiðandi kveður kröfu sína um vaxtavexti í fyrsta lagi byggða á orðalagi dómsorðs á rskj. 3, sem sé að verulegu leyti byggt á kröfugerð stefnanda í málinu, a. m. k. að því er varðar orðið ársvextir. Hann telur dómsorð réttarskjals nr. 3 einnig byggt á reglum Seðlabanka Íslands, sbr. réttarskjal nr. 12 og 13. Þá segir hann kröfugerðina einnig byggða á þeim ákvæðum 1. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti og fl., en í nefndri grein er heimilað og jafnframt tekið fram, að vextir skuli vera jafnháir vöxtum af almennum sparifjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum.

Af hálfu gerðarbeiðanda er talið óumdeilt, að vextir af almennum sparifjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum séu reiknaðir einu sinni á ári. Er það jafnan gert um áramót, þótt ákvæði laga kveði ekki á um, að það skuli gert um áramót. Í vaxta- og vaxtavaxtaútreikningi gerðarbeiðanda eru reiknaðir ársvextir, eins og kveðið er á um í dómsorði réttarskjals nr. 3, en þar er miðað við upphafstíma vaxtaútreiknings og þau tímamörk, þegar dómur kveður á um, að vaxtahlutfalli skuli breytt. Heildarvaxtafjárhæð þannig reiknuð er talin af gerðarbeiðanda heldur lægri en ef vextir væru ætíð reiknaðir út miðað við áramót, en það hefði í för með sér vegna upphafstíma á öðrum tíma en áramótum og vegna vaxtabreytingatíma fleiri vaxtatímabil, sem aftur hefði í för með sér hærri vaxtafjárhæð.

Auk þess sem krafa gerðarbeiðanda í málinu um fjárnám vegna vaxtavaxta er byggð, að því er meginstefnu varðar, á vaxtaútreikningi, eins og hann er framkvæmdur í bankakerfinu, felst í orðinu ársvextir samkvæmt almennri málvenju, sem miðað er við sem grundvallarhugtak bæði í 1. gr. laga nr. 58/1960 og dómsorði réttarskjals nr. 3, að vextir skuli reiknaðir einu

sinni á ári, og bætast þeir við höfuðstól. Gerðarbeiðandi telur, að ef fylgt væri sjónarmiðum gerðarþola í málinu, þ. e. að ekki skuli reikna vaxtavexti af dómskuldinni, þá felist í því miðað við fjögurra ára lánstíma og 13% ársvexti, að vextir af fyrsta tímabili væru 13.000%, vextir af öðru tímabili væru 11.503%, vextir af þriðja tímabili væru 10.180% og af fjórða tímabili 9.009%. Gerðarbeiðandi segir það gefa auga leið, að mismunun, sem felst í því að reikna ekki vaxtavexti, feli í raun í sér, þegar um langan lánstíma er að ræða, verulega vaxtalækkun. Eru að mati gerðarbeiðanda engin efnisrök fyrir því að lækka í reynd vexti, þegar lánstími er langur, eins og gert er, ef fylgt væri sjónarmiðum gerðarþola í málinu, miðað við vaxtakjör t. d. í eitt ár.

Gerðarþoli kveður engin lagaákvæði mæla fyrir um greiðslu vaxtavaxta af dómskuldum. Seðlabanki Íslands hafi engar reglur sett um dómvexti, og ályktun um vaxtavexti af dómskuldum verði með engu móti dregin af almennum vaxtareglum bankans. Starfsreglur lánastofnana um vaxtaútreikninga telur gerðarþoli ekki bindandi fyrir aðra. Hann segir vera fyrir hendi ríka og gamla hefð um uppgjör vaxta af dómskuldum og hafi aldrei tíðkast að reikna vaxtavexti af þeim skuldum. Til þess að hnekkja þessari föstu venju þyrfti skýrar reglur og fyrirmæli, sem ekki eru fyrir hendi.

Gerðarþoli segir dómsorðið, sem gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á, í engu frábrugðið hefðbundinni niðurstöðu dóma um vaxtagreiðslur og séu engin efni til að leggja í það annan skilning en tíðkast hefur. Ef gerðarbeiðandi vildi fara inn á nýjar brautir með vaxtakröfur og útreikning þeirra, hefði hann átt að gera grein fyrir því við flutning þess máls, sem krafa hans hér í réttinum er sprottin af, en í þeim málflutningi var engu líku sjónarmiði hreyft.

Gerðarþoli telur kröfugerð gerðarbeiðanda óljósa að því leyti, að ekki kemur fram, að hve miklu leyti krafa hans stafar af því, að vaxtavextir hafa ekki verið greiddir, og að hve miklu leyti af öðrum ástæðum. Segir aðeins um þetta í greinargerð gerðarbeiðanda, að „meginhluti" kröfunnar stafi af ágreiningi um vaxtavexti. Gerðarþoli kveðst gagngert um það hafa spurst, hvort gerðarbeiðandi hafi aðrar athugasemdir fram að færa við uppgjör á dómskuld hans en þær, er varða vaxtavexti, en við því hafi ekkert svar borist. Sú fyrirspurn hafi verið fram borin í því skyni, að leiðrétta mætti reikningsskekkju eða aðrar villur

í uppgjörinu, ef gerðarbeiðandi teldi sig finna þær, og þarf ekki að orðlengja, að til slíkra leiðréttinga þarf ekki atbeina fógeta.

Gerðarþoli nefndi hugsanlega frávísunarástæðu, að hér væri hliðsettur dómstóll að fjalla um mál annars, en gerði ekki um það sérstaka kröfu.

Það, sem aðiljum máls þessa ber á milli, er, hvort heimilt sé að reikna vexti af vöxtum, en fjárnámskrafan er þannig til komin, að vöxtum er bætt við höfuðstól árlega og vextir reiknaðir af þeirri heildarupphæð. Virðist sem þessi háttur á útreikningi vaxta á dómkröfum sé nokkuð algengur og raunar í samræmi við það, sem tíðkast við vaxtaútreikning innlána í lánastofnunum.

Ekki verður séð, að þessi vaxtavaxtataka brjóti í bága við ákvæði laga nr. 58/1960, sem fjalla um bann við okri, dráttarvexti o. fl., né heldur að um þetta verði að gilda sérstakar reglur. Er því talið rétt að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda og leyfa framgang hins umbeðna fjárnáms.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000 til gerðarbeiðanda.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið fjárnám skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði kr. 100.000 í málskostnað til gerðarbeiðanda innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. október 1981.

Nr. 75/1978. **Miðbæjarframkvæmdir s/f.**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Magnúsi Björgvinssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Fasteignaviðskipti. Verðtrygging. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. mars, en útivistardómur gekk í því máli 3. apríl 1978. Málinu var áfrýjað af nýju 12. apríl 1978 með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda, sem gerðar voru á bæjarþingi, og þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi samþykkir kröfur áfrýjanda, en krefst þess þó, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfur áfrýjanda ber að taka til greina. Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 4.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Miðbæjarframkvæmdir s/f, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Magnúsar Björgvinssonar, í máli þessu.

Hið áfrýjaða fjárnám er fellt úr gildi.

Stefndi greiði áfrýjanda 4.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 24. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. október 1976, af Magnúsi Björgvinssyni skrifstofumanni, Hamraborg 16, Kópavogi, gegn Miðbæjarframkvæmdum s/f, Kastalagerði 1, Kópavogi, til þess að fá hið stefnda sameignarfélag dæmt til endurgreiðslu vísitölugreiðslna, sem stefndi hefur fengið frá stefnanda, að fjárhæð kr. 498.665 með 13% ársvöxtum frá 11. október 1976 til 20. nóvember 1976, en með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern vanskilamánuð og byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags, svo sem dómkröfur stefnanda eru endanlega fram settar.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Eftir frásögn í stefnu eru atvik málsins þau, að með tveimur samningum, sem nefndir hafa verið verksamningar, dags. 1. nóvember 1973, keypti stefnandi 3ja herbergja íbúð á 8. hæð A í háhýsinu Hamraborg 16, Kópavogi, ásamt bifreiðageymslu af stefnda fyrir ákveðna fjárhæð og með ákveðnum greiðsluskilmálum.

Í samningum þessum segir: „Verð íbúðarinnar er háð hreyfingum vísitölu byggingarkostnaðar til hækkunar eða lækkunar á byggingartímanum. Hreyfingar vísitölunnar virka ekki aftur fyrir sig á þær greiðslur, sem verkkaupi hefur innt af hendi. Viðmiðunargrunntala vísitölu er 853 stig."

„Samningur þessi fylgir samningi um byggingu 3ja herbergja íbúðar á 8. hæð A í háhýsi v/Vallartröð í Kópavogi, og fylgja honum því allir sömu skilmálar og þeim samningi, þar með ákvæði, um að samningsverð sé háð hreyfingum vísitölu til hækkunar eða lækkunar. Viðmiðunartala vísitölu er 853 stig."

Þessar vísitölugreiðslur kveður stefnandi, að stefndi hafi tekið undir sjálfum sér, þannig að hann hafi gefið kvittanir sumpart fyrir greiðslum upp í kaupverð og sumpart upp í vísitöluálag. Eftir að kaupverðið var allt greitt og auk þess sú fjárhæð, sem hér er stefnt út af til endurgreiðslu, krafðist stefndi viðbótarvísitölugreiðslu, enda þótt hann hafi aldrei gefið nákvæma sundurliðun eða skýringar á útreikningum vísitölugreiðslna. Afsal fyrir íbúðinni, hlutdeild í sameign ásamt sérgeymslu í kjallara o. fl. gaf stefndi út til stefnanda hinn 10. júlí 1975. Nú hafi stefn-

andi hins vegar orðið þess áskynja, að vísitölubinding viðskipta þessara muni fara í bága við lög, og hafi stefndi haft af honum fé með ólöglegum hætti.

Verður nú vikið nánar að málavöxtum, svo sem fram kemur í skýrslum stefnanda og fyrirsvarsmanna stefnda fyrir dóminum.

Í skýrslu stefnanda 7. mars sl. segir m. a., að hann hafi komist í samband við stefnda á þann hátt, að hann sá íbúðir auglýstar til sölu í háhýsi í Kópavogi hjá fasteignasölunni Hýbýlum og Skipum í Garðastræti í Reykjavík. Var verðið tilgreint kr. 2.600.000. Var þetta u. þ. b. viku eða 10 dögum áður en samningar voru undirritaðir.

Eftir að hafa fengið ýmsar upplýsingar þessu viðvíkjandi þarna á fasteignasölunni fékk hann afhenta útlitsteikningu af háhýsinu svo og flatarteikningu af íbúðinni. Einnig fékk hann afhent samningsform. Tók hann þetta með sér og kom svo daginn eftir og gerði ákveðið greiðslutilboð. Var honum þá tjáð, að verðið væri kr. 50.000 hærra, þar sem íbúðin væri á efstu hæð. Tókust samningar milli aðilja 2—3 dögum seinna, hinn 1. nóvember 1973, svo sem fyrr segir.

Magnús kveðst hafa tekið eftir því, að samningarnir nefndust verksamningar. Hann kveður ekkert hafa verið útskýrt á neinn hátt, hvort eða hvaða þýðingu það hefði, að samningarnir voru með þessu heiti, en sjálfur kveðst hann hafa staðið í þeirri trú, að hann væri að gera venjulegan kaupsamning. Hann kveður ekkert hafa verið talað um eða útskýrt, hvaða þýðingu vísitöluákvæðið í samningunum hefði. Hann kveðst hafa tekið eftir þessum vísitöluákvæðum, en lagði annan skilning í þau en stefndi reyndist hafa.

Stefnandi kveðst hafa verið lengi búinn að reyna að fá skriflegt uppgjör um viðskipti sín og stefnda, en án árangurs. Fól hann Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni að knýja á um það. Skömmu eftir mánaðamótin júní—júlí 1975 kveðst hann hafa farið á endurskoðunarskrifstofu Jóns Ólafssonar og lýst því yfir, að hann vildi fá endanlegt uppgjör. Eftir að Jón hafði munnlega gert grein fyrir greiðslustöðunni, gerði hann upp að fullu og fékk kvittun, en á grundvelli hennar fékk hann út gefið afsal hinn 10. júlí 1975.

Hann segir aðspurður, að eftir að hann hafði lengi krafist þess að fá uppgjör og gert kvartanir út af ástandi íbúðarinnar og afhendingardrætti, en um þetta átti hann og lögmaður hans fjölmörg samtöl og símtöl, m. a. við Hafstein Júlíusson, þá hafi Hafsteinn gefið sér eins dags frest til að ljúka öllum greiðslum að

fullu, annars yrði íbúðin seld öðrum. Kveðst hann þá hafa snúið sér til Jóns Ólafssonar endurskoðanda, svo sem ofan greinir.

Fyrirsvarsmenn stefnda, þeir Ingimar Haraldsson húsasmíðameistari, Hafsteinn Júlíusson múrarameistari og Páll Þorláksson rafverktaki, komu fyrir dóminn 15. apríl sl. Í skýrslu Ingimars, sem er stjórnarformaður félagsins, segir á þá leið, að hann muni ekki séstaklega eftir gerð samninganna, sem málið sé af risið, en þá hafi hann undirritað f. h. félagsins.

Af þessum sökum kveðst hann ekki muna, hvort nokkrar umræður fóru fram um einstök ákvæði samninganna fyrir eða við undirskrift þeirra. Ingimar kveður samningana vera verksamninga, eins og greinir á þeim, þar sem um var að ræða að byggja íbúðir fyrir fólk. Hann kveður þá sameigendurna hafa vitað um þá skoðun ýmissa aðilja, að vísitöluákvæði í venjulegum kaupsamningum um fasteignir kynnu að vera ólögmæt, en hins vegar ekki í verksamningum. Hafi þetta atriði einnig haft áhrif á það að gera slíka verksamninga um íbúðirnar í háhýsunum við Hamraborg, sem félagið hugðist reisa, en ekki venjulega kaupsamninga.

Hann kveður aðspurður, að félagið hafi falið fasteignasölunni Híbýlum og Skipum í Reykjavík að koma íbúðunum í nefndum háhýsum á framfæri við almenning. Hafi fasteignasalan algerlega séð um þann þátt, þar á meðal auglýsingar.

Hafsteinn Júlíusson kveðst ekki hafa haft nein afskipti af gerð samninganna. Hins vegar hafi hann verið viðstaddur, er afsalið var gefið út, en þá hafði stefnandi gengið frá greiðslum samkvæmt samningunum við Jón Ólafsson endurskoðanda, en þessar greiðslur voru komnar í vanskil. Hann kveðst hafa talað við stefnanda þá nokkru áður og gert honum grein fyrir því, að hann ætti það á hættu, að íbúðin yrði seld öðrum, ef hann bætti ekki strax úr vanskilum sínum.

Nokkru eftir útgáfu afsalsins kveður hann, að stefnandi hafi hringt í sig og tjáð sér, að hann hefði greitt til Jóns Ólafssonar endurskoðanda með víxlum sömu upphæð og seinni hluti húsnæðismálastjórnarlánsins nam. Í framhaldi af þessu hafi stefnandi sagst vilja taka lánið út sjálfur hjá veðdeildinni og bað um atbeina hans til þess, en umboð til handa Miðbæjarframkvæmdum s/f til að veita láninu viðstöku lá fyrir í bankanum. Hafsteinn tekur fram, að stefnandi hafi vísað til þess, að hann hefði gengið frá þessu atriði á sama hátt og Ingibjörg nokkur í íbúðinni við hliðina á honum, en hún hafði borgað til endurskoðandans upp-

hæð veðdeildarlánsins í peningum eða víxlum. Hafsteinn kveðst ekki hafa getað rengt það, sem stefnandi sagði um mál þetta, en þar sem Jón Ólafsson endurskoðandi var utanbæjar um þetta leyti, gat hann ekki fengið staðfestingu hjá honum. Þegar svo Guðbrandur, starfsmaður veðdeildarinnar, hafi hringt í sig út af þessu, hafi hann sagt honum, að stefnandi segðist vera búinn að greiða upphæð lánsins og þar sem ekki væri rétt að rengja það, væri ekki neitt því til fyrirstöðu að afgreiða það til hans sjálfs. Hafsteinn kveðst hafa fengið þær upplýsingar frá Jóni Ólafssyni endurskoðanda, að stefnandi hefði ekki greitt upphæð lánsins til hans. Hafði hann þá lagt fram kæru til sakadóms Kópavogs eftir að hafa árangurslaust í viðræðum við stefnanda reynt að fá hann til að borga upphæðina.

Aðspurður kveður hann, að fyrirliggjandi samningsform hafi verið samið af Guðfinni Magnússyni hjá Híbýlum og Skipum og Guttormi Sigurbjörnssyni og síðan lagt fyrir fundi upphaflegra sameigenda Húsfells s/f, sem var forveri Miðbæjarframkvæmda s/f. Hann kveðst hafa verið aðili að Húsfelli s/f, er gengið var frá samningsdrögum. Hann segir, að þeim sameigendum hafi verið kunnugt um þá skoðun ýmissa aðilja, að vísitöluákvæði í venjulegum kaupsamningum kynnu að vera ólögmæt. Hins vegar hafi lögfræðingar lýst því áliti sínu við þá sameigendurna, að ef hið opinbera gæti haft slík vísitöluákvæði í verksamningum sínum, þá gætu aðrir aðiljar, þ. á. m. einstaklingar, gert það líka.

Hjá Páli Þorlákssyni kom skýrt fram, að hann hefði engan hlut átt að framkvæmd viðskipta félagsins af stefnanda.

Hann kveðst ekki muna það, hvort eða hverjir sömdu formið á samningunum. Hann kveður ástæðuna til þess, að samningarnir nefnast verksamningar, vera þá, að gera skyldi samninga um íbúðir, sem ekki var búið að smíða. Hann kveður þá vitneskju hafa verið fyrir hendi, er þetta var ákveðið, að það var skoðun ýmissa aðilja, að vísitöluákvæði eins og eru í verksamningunnm kynnu að vera ólögmæt í venjulegum kaupsamningum um fasteignir. Hvort þessi vitneskja réði nokkru um það, hvernig samningsformin voru úr garði gerð, kveðst hann ekki vilja fullyrða neitt um.

Svo sem greinir í atvikalýsingu hér að framan, er mál þetta risið út af tveimur samningum milli aðilja um tiltekna íbúð og bílageymslu í háhýsinu Hamraborg 16 í Kópavogi.

Upphaf samningsins um íbúðina hljóðar svo:

„Miðbæjarframkvæmdir s.f., Kópavogi, í samningi þessum nefndur verksali, Magnús Björgvinsson, Tunguvegi 46, Reykjavík,

í samningi þessum nefndur verkkaupi, gerum með okkur svofelldan

Verksamning.

Verksali tekur að sér að byggja 3ja herbergja íbúð á 8 A hæð í húsinu nr. við háhýsi v/Vallartröð í Kópavogi, samkvæmt verksamningi þessum, eftir teikningum, samþykktum af byggingaryfirvöldum í Kópavogi.

Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara, merkt 8 h. A hæð hlutdeild í sameiginlegu þvottahúsi, barnavagnageymslu, sorpgeymslu, göngum, stigahúsi, lyftu, lyftuhúsi og öðru því, sem eigninni fylgir skv. teikningu af húsinu, þar með talin hlutdeild í leigulóðarréttindum."

Þá er lýst í ítarlegu máli, hvernig frágangi íbúðar svo og sameignar skuli háttað, og sagt, að greiðslur fyrir verkið séu kr. 2.650.000 og greiðsluupphæðir og gjalddagar taldir upp.

Síðan segir á þessa leið:

„Af greiðslum fyrir afhendingu íbúðar greiðast engir vextir. Hins vegar ber verkkaupa að greiða venjulega útlánsvexti banka, víxlavexti, af skuld, er kann að standa, þegar hann tekur við íbúðinni, þar með talið ógreitt lán Húsnæðismálastjórnar. Verkkaupi greiðir skipulagsgjald og lóðarskráningargjald, en verksali gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald svo og heimtaugargjald rafveitu og hitaveitu.

Þegar íbúðin hefur verið afhent verkkaupa, hirðir hann arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur, s.s. hita, rafmagn o.fl. Verkkaupi skal gera íbúðina íbúðarhæfa innan þriggja ára frá undirskriftardegi varksamnings. Þegar verksali hefur staðið við allar skuldbindingar sínar samkvæmt verksamningi þessum og verkkaupi á sama hátt, að öllu leyti, staðið í skilum með greiðslur, eins og honum ber, telst verkkaupi eigandi eignarinnar og á rétt á afsali, og fer þá með gjöld, skatta og skyldur, að öllu leyti, eftir venjulegum reglum um kaup og sölu fasteigna. Húsfélag skal stofnað áður en afsal er gefið út.

Verkkaupi hefur séð og kynnt sér teikningu af húsinu gerða af Ásmundi Ólasyni og Óla Jóh. Ásmundssyni í apríl 1973.

Verksali lofar að hraða framkvæmd verksins eftir föngum.

Verð íbúðarinnar er háð hreyfingum vísitölu byggingarkostnaðar til hækkunar eða lækkunar á byggingartímanum. Hreyfingar vísitölunnar virka ekki aftur fyrir sig á þær greiðslur, sem verkkaupi hefur innt af hendi. Viðmiðunargrunntala vísitölu er 853 stig. Eigi verkkaupi rétt á láni hjá Húsnæðismálastjórn, veit-

ir verksali láninu viðtöku, og gengur það upp í greiðslu fyrir verkið, að öðrum kosti greiði verkkaupi fjárhæð, sem svarar lánsupphæðinni, á sama tíma og Húsnæðismálastjórn greiðir lánin. Gert er ráð fyrir, að verkkaupi fái fyrri hluta lánsins eigi síðar en í árslok 1974 og síðari hlutann 6 mánuðum síðar.

Nú vanheldur verkkaupi ákvæði verksamnings þessa um greiðslur, og getur þá verksali, með tveggja vikna fyrirvara, skorað á hann úr að bæta. Hafi hann eigi innan greinds tíma innt af höndum tilskildar greiðslur, þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til íbúðarinnar. Skal þá verksala heimilt að taka til ráðstöfunar íbúðina. Ekki er afturkræft það, sem verkkaupi hefur greitt, fyrr en verksali hefur fengið greidda þá fjárhæð, sem komin var í vanskil, þegar samningur er gerður við nýjan verkkaupa. Hins vegar skal verkkaupi fá vexti af innborguðum greiðslum."

Í samningum um bílageymsluna er tilgreint verð kr. 310.000, og er vísað til ákvæða í fyrrnefnda samningnum um aðra skilmála, þ. á m. að samningsverðið sé háð hreyfingum vísitölu til hækkunar eða lækkunar.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum í málinu, að skuldbindingar hans samkvæmt umræddum tveimur samningum séu fjárskuldbindingar í skilningi laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárbindinga. Samkvæmt 1. gr. laganna sé óheimilt að ákveða í samningum, að fjárskuldbindingar í íslenskum krónum skuli breytast í hlutfalli við breytingar vísitölu, vöruverðs, gengi erlends gjaldeyris, verðmæti gulls, silfurs eða annars verðmætis, en undanþágu frá þessari reglu geti Seðlabanki Íslands aðeins veitt. Sé þessa eigi gætt, skuli slíkar skuldbindingar vera ógildar, sbr. 2. mgr. 1. gr. nefndra laga.

Samninga þá, sem hér um ræðir, kveður hann samkvæmt eðli sínu og inntaki raunverulega vera kaupsamninga, en ekki verksamninga. Komi það glögglega fram í málsskjölum. Sé hann búinn að greiða umsamið kaupverð íbúðarinnar og bílageymslunnar, kr. 2.960.000, kr. 130.230 í vexti og auk þess kr. 498.665 í vísitöluálag á kaupverðið samkvæmt framangreindum samningsákvæðum.

Stefnandi kveðst hafa höfðað mál þetta til heimtu vísitöluálagsins með eðlilegum hraða, eftir að hann fékk vitneskju um ólögmæti vísitöluákvæðanna og í beinu framhaldi af því. Beri því að vísa því á bug, sem stefndi haldi fram, að hann hafi sýnt tómlæti um þessa endurheimtu, svo og þeirri málsástæðu hans, að hann hafi samþykkt kaupkjörin, þ. á m. vísitöluákvæðin, er hann

gerði upp að fullu og fékk út gefið afsal hinn 10. júlí 1975. Þarna hafi komið til fullkomin nauðung, þar sem því var hótað skýrt og skorinort, að íbúðin yrði seld öðrum, ef ekki yrði gert upp strax.

Hann bendir á, að hann hafi aldrei eftir samningsgerðina viðurkennt eða samþykkt vísitöluálagið berum orðum eða sérstaklega. Hvort sem væri skipti það ekki máli í sambandi við endurheimtu fjár, tekið með ólöglegum hætti.

Auk áskilnaðar í stefnu um rétt til skaðabóta eða afsláttar úr hendi stefnda vegna vanefnda og framkominna galla á íbúðinni hefur stefnandi áskilið sér rétt til endurheimtu of tekinna vaxta.

Stefndi rökstyður kröfu sína um sýknu fyrst og fremst með því, að umdeild vísitöluákvæði í verksamningunum tveimur séu gild frá upphafi og brjóti því í engu gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Samningarnir séu raunverulega verksamningar samkvæmt eðli sínu og efni, enda gerðir um fasteignir, sem átti eftir að reisa og koma upp. Engu mál i skipti, hvað þeir séu nefndir eða hvað viðskiptin samkvæmt þeim séu kölluð í einstökum greiðslukvittunum, í afsali eða auglýsingum. Slíkt og þvílíkt geti í engu breytt eðli þeirra.

Í kaupsamningum um fasteignir, sem til eru við kaupin og afhentar skömmu eftir þau, kunni það að stríða gegn ákvæðum 1. gr. nefndra laga nr. 71/1966 að vísitölubinda kaupverðið, en allt öðru máli gegni um verksamninga eins og hér ræði um, enda áralöng föst venja fyrir því að binda greiðslur vísitölu eða öðrum verðmæli.

Í öðru lagi styður stefndi sýknukröfuna með því, að stefnandi hafi endanlega samþykkt fullnaðarverð íbúðarinnar og þar með samningskjörin í einu og öllu með viðtöku afsals án fyrirvara hinn 10. júlí 1975 að undanfarandi fullnaðaruppgjöri vegna íbúðarinnar sjálfrar. Í því sambandi bendir hann á, að stefnandi hafi aldrei mótmælt né gert nokkrar athugasemdir um vísitöluálagið, er hann innti einstakar greiðslur af hendi.

Að svo vöxnu máli telur stefndi, að stefnandi eigi ekki að hljóta nokkra stoð bakkrafna þeirra, er hann hafi hér uppi.

Þá kveður stefndi, að fari svo mót von sinni, að stefnandi verði talinn hafa átt einhverja endurheimtukröfu sér á hendur, þá hljóti sú krafa að vera fallin niður fyrir tómlæti, þar sem hann fyrst hefjist handa um málssókn henni til viðurkenningar fullum 15 mánuðum eftir lokagreiðslu hinn 9. júlí 1975 og viðtöku afsals

daginn eftir. Hvernig sem á þetta sé litið, sé stefnukrafan allt of seint fram komin.

Beri því að hafna henni með öllu.

Álit dómsins og niðurstaða.

Þegar virt eru fyrirliggjandi gögn og öll atvik að samningsgerð aðilja, verður að fallast á það með stefnanda, að umræddir samningar séu fremur í ætt við kaupsamninga um fasteignir heldur en eiginlegir verksamningar. Ber að telja, að skuldbindingar stefnanda í samningunum séu fjárskuldbindingar í skilningi laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Ganga því ákvæðin í þeim um vísitölubindingu kaupverðsins gegn fortakslausum bannákvæðum 1. gr. nefndra laga og eru ógild, sbr. 2. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar.

Þar sem á þennan veg er farið um þennan þátt viðskipta aðilja, verður eigi talið, að stefnandi hafi fremur en í upphafi samningsgerðarinnar samþykkt á bindandi hátt samningskjörin að því er vísitöluákvæðin áhrærði eða í heild, er hann gerði upp kaupverðið eftir kröfu stefnda og fékk út gefið afsal í júlí 1975. Þá verður eigi talið, eins og málið er vaxið, að stefnandi hafi firrt sig rétti vegna tómlætis til að fá dómsviðurkenningu á endurkröfurétti þeim, er hann sækir hér.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að taka til greina kröfu stefnanda um endurgreiðslu vísitöluálags, kr. 498.665. Verður því stefndi dæmdur til greiðslu þessarar fjárhæðar með vöxtum, sem ákveðast 13% á ári frá 11. október 1976 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 115.000.

Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Miðbæjarframkvæmdir s/f, greiði stefnanda, Magnúsi Björgvinssyni, kr. 498.665 með 13% ársvöxtum frá 11. október 1976 til greiðsludags og kr. 115.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 13. september 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 13. september, var fógetaréttur Kópavogs settur að Kastalagerði 1, Kópavogi, og haldinn þar af full-

trúa bæjarfógeta Sigurberg Guðjónssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið: Magnús Björgvinsson gegn Miðbæjarframkvæmdum s/f, sama stað.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit úr dómabók Kópavogs (dómur 24. 6. 1977), svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kjartan Reynir Ólafsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 498.665 með 13% ársvöxtum frá 11. október 1976 til greiðsludags, kr. 5.600 í birtingar,- endurrits,- og ritlaunakostnað, kr. 115.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Fyrir hönd gerðarþola er mætt í réttinum að tilhlutan fógeta Edda Ólafsdóttir, sem er hér. Áminnt um sannsögli, kveðst hún ekki greiða fyrir gerðarþola né benda á eignir til fjárnáms.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/arhluta gerðarþola, sem er verslunarhúsnæði í götuhæð fasteignarinnar nr. 10—14 við Hamraborg hér í bæ.

Á staðnum var til staðar María Björnsdóttir, en hún vildi ekki mæta í réttinum f. h. gerðarþola.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir Maríu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu, sem hún lofaði að gera.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 19. október 1981.

Nr. 62/1979. **Þórarinn Þórarinsson**
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)
gegn
Kristjáni Péturssyni og
Hauki Guðmundssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. mars 1979. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefndu og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsstefnu var fyrirsögn hinnar átöldu greinar, „Dýrlingur og James Bond Íslands", ekki meðal þeirra ummæla, sem um var fjallað. Málið var munnlega flutt á bæjarþingi Reykjavíkur 20. febrúar 1979. Í bókun um þinghald þetta var getið frumræðna lögmanna aðilja. Var síðan bókað:

„Lögmaður stefnenda tók aftur til máls og tók fram, að fyrirsögn greinarinnar „Dýrlingur og James Bond Íslands" félli undir hin umstefndu ummæli til ómerkingar. Hann ítrekaði síðan nokkur atriði, ítrekaði gerðar kröfur og lagði málið í dóm.

Lögmaður stefnda lagði nú málið í dóm."

Samkvæmt þessu er eigi fullnægt réttarfarsskilyrðum til að ómerkja megi fyrirsögn blaðagreinarinnar, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936.

Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að áðurgreind fyrirsögn verður ekki ómerkt.

Áfrýjandi, Þórarinn Þórarinsson, greiði stefndu, Kristjáni Péturssyni og Hauki Guðmundssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. febrúar sl., hafa Kristján Pétursson, Miðvangi 41, Hafnarfirði, og Haukur Guðmundsson, Kirkjubraut 3, Ytri-Njarðvík, höfðað með stefnu, birtri 7. janúar 1977, gegn Þórarni Þórarinssyni, Hofsvallagötu 57, Reykjavík.

Dómkröfur.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim skaða- og miskabætur, samtals að fjárhæð kr. 2.800.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags. Enn fremur til að þola ómerkingu ummæla, sem verða tilgreind hér á eftir, til að birta dómsniðurstöður í dagblaðinu Tímanum að viðlögðum dagsektum og til að greiða hæfilega fjárhæð til birtingar dómsins í opinberum blöðum að mati dómsins. Stefnendur kröfðust þess og, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins féllu stefnendur frá þeim kröfum, að lagðar yrðu dagsektir við birtingu dómsins í dagblaðinu Tímanum, að stefndi yrði dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð til birtingar dómsins í opinberum blöðum og skaðabótakröfunni.

Miskabótakrafan er að fjárhæð kr. 1.400.000, eða kr. 700.000 af hálfu hvors stefnenda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnenda og honum verði auk þess dæmdur hæfilegur málskostnaður úr þeirra hendi að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar, en árangurslaust.

Ummæli þau, sem stefnendur krefjast ómerkingar á, eru svohljóðandi:

I. „Dýrlingur og James Bond Íslands."

II. „Sakborningar í spíramálunum margfrægu hafa fullyrt, að þeir Kristján og Haukur hafi beitt þá verulegum þvingunum og einnig blekkingum í þeim tilgangi að þröngva þeim til játninga. Skulu nú tilfærð nokkur dæmi:

1. Að þeir hafi falsað undirskriftir undir játningar (án þess að þær lægju fyrir). Síðan hafi þessum falsjátningum verið veifað framan í aðra sakborninga í því skyni að knýja fram játningar um meðsektir.
2. Að þeir hafi sagt gæsluvarðhaldsföngum eitt og annað misjafnt um fjölskylduhagi þeirra (fanganna) utan múranna, í því skyni að gera þeim vistina sem illþolanlegasta. Af þessu leiðir að játningar verða auðfengnari.
3. Að þeir hafi „lofað" mönnum vægari refsingu ef þeir vildu vitna gegn hugsanlegum samstarfsmönnum sínum, en ella hótað mun harðari refsingum. (Auðvitað er það alls ekki á færi lögregluþjóna að segja neitt um refsingar. Ákvarðanir um þær taka dómstólar en ekki þeir).
4. Að Kristján Pétursson fari oft og einatt einn til húsleita, og velji sér þá þann tíma þegar annaðhvort eru aðeins börn heima, eða eiginkonur viðkomandi sakborninga, sem ekki vita um réttarstöðu sína gagnvart lögreglunni. Hefur Kristján valið þessa leiðina til húsleita, þegar honum hefur þótt einsýnt um að ekki mundu forsendur fyrir úrskurði um húsleit nægar.

Ofangreindar aðferðir við rannsóknir sakamála er alger lögleysa, og svo er einnig um margar aðrar aðferðir þeirra félaga, sem skal hirt um að tilgreina hér."

III. „Um framkomu Kristjáns Pétursssonar við gæslufanga og fleiri má segja, að hún hefur einkennst af alvarlegum lögbrotum, það er misferli sem krefjast verður að rannsakað verði til hlítar og að viðeigandi refsing komi fyrir. Sá makalausi rógburður og áróður sem sami Kristján hefur haft í frammi gegn dómsmálaráðherra og ráðuneyti hans, er alveg í samræmi við þau vísvitandi rangindi, sem Kristján hefur beitt sakborninga sína og sem hér hefur að nokkru verið lýst."

IV. „.... en búast má við að erfitt verði að hnekkja þeim full-

yrðingum, að margnefndur Kristján hafi margsinnis framið lögbrot í starfi."

Málavextir.

Framangreind ummæli birtust í dagblaðinu Tímanum hinn 14. apríl 1976 og voru hluti af grein, sem bar yfirskriftina „Dýrlingur og James Bond Íslands", en grein þessi var auðkennd með upphafsstöfunum S. P. Stefnendur voru þá báðir opinberir starfsmenn. Kristján deildarstjóri í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli og Haukur rannsóknarlögreglumaður við embætti bæjarfógetans í Keflavík. Þeir höfðu með höndum rannsókn tiltekinna smyglmála, sem í daglegu tali voru kölluð spíramálin. Stefndi Þórarinn er ritstjóri og ábyrgðarmaður dagblaðsins Tímans.

Með bréfi til ríkissaksóknara, dags. 27. apríl 1976, kröfðust stefnendur þess, að hann léti fara fram opinbera rannsókn, eins fljótt og kostur væri, á réttmæti þeirra sakargifta, sem þeir töldu sig vera borna í nefndri blaðagrein.

Þessi krafa stefnenda var síðan ítrekuð í bréfi lögmanns þeirra til ríkissaksóknara, dags. 5. maí 1976.

Hinn 10. maí 1976 ritar ríkissaksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík bréf. Í því eru tilgreind þau ummæli, sem krafist er ómerkingar á í þessu máli, og þess krafist af hálfu ákæruvaldsins, af rannsókn fari fram í sakadómi Reykjavíkur um sakarefni þessi, þ. e. a. s. þau, sem fram koma í hinum tilvitnuðu ummælum. Er þess krafist, að rannsóknin fari fram með svofelldum hætti:

I. „Rannsakað verði ætlað brot ábyrgðarmanns dagblaðsins Tímans gegn 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 16. gr. og 15. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1956 um prentrétt."

II. „Rannsökuð verði sannindi eða ósannindi þeirra aðdróttana, sem fram koma í fyrrnefndri blaðagrein og varðað gætu deildarstjórann og rannsóknarlögreglumanninn refsiábyrgð samkvæmt 131. gr. hegningarlaga, ef sönnuð væru.

Í þessu skyni verði kvaddir fyrir dóm bæði sökunautar og vitni, sem þeir tveir félagar tóku skýrslur af í nokkrum smyglmálum, svo og vottar við töku skýrslnanna. Verði menn þessir yfirheyrðir um orð og aðferð svo og um hegðun og háttsemi þeirra félaga við töku skýrslnanna."

Í bréfi ríkissaksóknara eru síðan tilgreind sex meint brot og sakadómsmál.

III. „Rannsakað verði, hvort deildarstjórinn og rannsóknarlögreglumaðurinn hafi við rannsókn mála tekið sér eitthvert opinbert vald, sem þeir ekki hafa, og þannig gerst brotlegir gegn 116. gr. hegningarlaganna eða misnotað stöðu sína og hallað réttindum einstakra manna á þann veg, að varði við 139. gr. sömu laga.

Í því skyni verði meðal annars rannsökuð sérstaklega starfstaða og starfssvið deildarstjórans svo og kannaðar rannsóknarheimildir hans og félaga hans í hverju því umdæmi, sem þeir hafa verk unnið. Lögð verði fram embættisvottorð hér um og erindisbréf, ef til eru."

Með bréfi, dags. 22. desember 1976, sendir sakadómur Reykjavíkur ríkissaksóknara endurrit af dómsrannsókn þeirri, sem fram fór í sakadómi skv. kröfu ríkissaksóknarans.

Hinn 28. desember 1977 gefur ríkissaksóknari út opinbera ákæru á hendur stefnda í máli þessu. Segir svo í upphafi ákærunnar:

„Að höfða ber opinbert mál fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur ábyrgðarmanni dagblaðsins Tímans, Þórarni Gunnleifi Jóhanni Þórarinssyni, ritstjóra, Hofsvallagötu 57, Reykjavík, fæddum 19. september 1914 í Ólafsvík, fyrir brot á 108. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa hinn 14. apríl 1976 birt grein í dagblaðinu Tímanum, sem bar yfirskriftina „Dýrlingur og James Bond Íslands" eftir ónafngreindan höfund, sem þykir fela í sér móðganir og ærumeiðandi aðdróttanir um tvo opinbera starfsmenn, þá Kristján Pétursson, deildarstjóra í tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, og Matthías Hauk Guðmundsson, rannsóknarlögreglumann við embætti bæjarfógetans í Keflavík og sýslumannsins í Gullbringusýslu, út af starfi þeirra við rannsókn tiltekinna smyglmála.

Greinin í heild þykir bæði móðgandi og ærumeiðandi gagnvart fyrrgreindum opinberum starfsmönnum, en einkum þó eftirgreindir þættir hennar:"

Síðan eru talin upp þau ummæli, sem krafist er ómerkingar á í þessu máli.

Þess er síðan krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að birta dóminn í refsimálinu og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu féll dómur 20. des. sl.

Rétt þótti að fresta flutningi þessa máls, þar til niðurstöður

fyrrgreindrar rannsóknar lágu fyrir og síðan dómur í sakamáli, þegar ákært hafði verið.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnenda er á því byggt, að blaðagreinin hafi verið skrifuð um þá báða og eigi þeir því óskipta sakaraðild. Birting blaðagreinarinnar hafi verið saknæm og gróf blaðamennska. Ummælin í heild sem og einstakir liðir þeirra séu ærumeiðandi aðdróttanir um stefnendur, sem beri að ómerkja skv. 241. gr. laga nr. 19/1940. Við rannsókn sakadóms Reykjavíkur hafi engar sönnur komið fram um sannleiksgildi ummælanna og í dómi sakadóms Reykjavíkur hafi ummælin verið talin ósönnuð. Stefndi hafi enga tilraun gert til þess að leiða sönnur að ummælunum.

Stefnendur hafi báðir verið opinberir starfsmenn, þegar blaðagreinin var skrifuð. Umstefnd ummæli séu vísvitandi röng og hafi blaðagreinin verið birt til þess að baka stefnendum bæði tjón og álitshnekki, bæði persónulega og eins torveldað þeim að framkvæma skyldustörf sín í opinberu starfi. Ummælin hafi valdið báðum stefnendum miska og þeim mun alvarlegri, þegar tekið sé tillit til þeirra starfa, sem þeir hafi gengt. Þennan miska beri stefnda að bæta stefnendum.

Engu breyti um rétt stefnenda til þess að fá tildæmdan málskostnað, þótt þeir hefðu getað komið kröfum sínum að í refsimáli því, sem höfðað hafi verið gegn stefnda, en hafa verði í huga, að þeir hafi ekki átt beina sakaraðild að því máli.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að umrædd blaðagrein hafi lotið að svonefndum spíramálum. Sum þeirra vitna, sem yfirheyrð hafi verið vegna refsimálsins gegn stefnda, hafi ekki borið stefnendum vel söguna og verði að meta framburði þeirra miðað við þær kröfur, sem gerðar séu í þessu máli. Kristján Pétursson hafi á þessum tíma skrifað margar blaðagreinar og komið fram í sjónvarpi. Hjá honum hafi m. a. komið fram óvægin gagnrýni á dómsmálaráðherra og ráðuneyti hans. Stefnendur hafi leitað eftir því að færa starf sitt yfir á vettvang fjölmiðla og hafi því mátt eiga von á andsvörum á þeim vettvangi, eins og raun hafi orðið á.

Þess beri að gæta, að Hauki Guðmundssyni hafi nú verið vikið úr starfi sínu fyrir svipaðar sakir og honum séu bornar á brýn í hinum umstefndu ummælum.

Krafist sé sýknu af kröfu um greiðslu miskabóta. Verði ekki á hana fallist, verði að taka tillit til þess, að fjárhæð kröfunnar sé úr öllu hófi og í engu samræmi við dómvenju á þessu sviði. Við

mat á bótum verði að hafa í huga, hvernig á blaðaskrifunum hafi staðið.

Við ákvörðun málskostnaðar verði að taka tillit til þess, að ónauðsynlegt hafi verið að höfða þetta mál, því að stefnendur hefðu getað komið öllum kröfum í þessu máli að í refsimáli því, sem höfðað hafi verið gegn stefnda. Því hljóti stefnendur að eiga að bera kostnað af málssókninni.

Forsendur dómsins.

Aðild.

Enda þótt umstefnd ummæli beinist gegn tveimur mönnum og ekki alfarið jafnt gegn báðum, verður samt að telja með tilvísun til 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, að stefnendum sé heimilt að höfða mál þetta í félagi.

Blaðagrein sú, sem hin umstefndu ummæli eru hluti af, var eigi birt undir nafni. Stefndi ber því ábyrgð á efni blaðagreinarinnar skv. 3. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Ómerking ummæla.

Eins og að framan er rakið, fór fram í sakadómi Reykjavíkur rannsókn, sem stefnendur lögðu fram í þessu máli, á „sannindum eða ósannindum" þeirra ummæla, sem krafist er, að ómerkt verði. Í þeirri rannsókn kom fram, að höfundar umræddrar blaðagreinar voru tveir, þeir Árni Yngvason verslunarmaður og Oddur Ólafsson, blaðamaður á Tímanum. Í því skyni að staðreyna „sannindi eða ósannindi" blaðagreinarinnar og önnur atriði, er rannsóknin beindist að, voru yfirheyrðir bæði sakborningar og vitni, sem stefnendur höfðu yfirheyrt og/eða gert húsleit hjá við rannsókn svokallaðra spíramála. Í framburði nokkurra þeirra, sem yfirheyrðir voru, komu fram fullyrðingar um rannsóknaraðferðir stefnenda svipaðs eðlis og einstök hinna umstefndu ummæla. Stefnendur voru og yfirheyrðir fyrir sakadómi Reykjavíkur. Þeir neituðu með öllu að hafa beitt ólögmætum rannsóknaraðferðum.

Af hálfu stefnda sjálfs hafa ekki verið færð fram nein sönnunargögn um sannleiksgildi ummælanna.

Eins og sönnunarfærslu og sönnunarbyrði í þessu máli er háttað, verður að telja ósannað, að hin umstefndu ummæli hafi sannleiksgildi.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnda vikið að því, að skoða yrði ummælin sem orðhefnd fyrir margvísleg um-

mæli stefnenda í dagblöðum og annars staða á opinberum vettvangi. Engin gögn hafa verið lögð fram þessu til stuðnings, og er ósannað, að ritun blaðagreinarinnar hafi byggst á orðhefndasjónarmiðum.

Við munnlegan flutning málsins fjölluðu lögmenn aðilja ekki sérstaklega um einstaka þætti hinna umstefndu ummæla, heldur ummælin í heild. Rétt þykir að víkja hér að einstökum þáttum, sem ummælunum er skipt í hér að framan.

I. Í fyrirsögn blaðagreinarinnar, „Dýrlingur og James Bond Íslands", eru notuð nöfn tveggja söguhetja erlends skemmtiiðnaðar, sem flestir landsmenn munu kannast við. Þótt eflaust mætti nota þessi nöfn til samlíkinga, svo gott þætti, verður að telja, að hér séu þau notuð í háðungarskyni og fyrirsögnin feli í sér móðgun við stefnendur. Ber því að ómerkja fyrirsögnina samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Fyrirsögn þessa þáttar, 1., 2. og 3. töluliður og niðurlag 4. töluliðar þykja fela í sér grófar aðdróttanir í garð stefnenda, sem voru opinberir starfsmenn, en ummælin beinast alfarið að störfum þeirra sem slíkra. Sama máli gegnir um fyrri hluta 4. töluliðar varðandi Kristján Pétursson. Ber því að ómerkja þessi ummæli skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

III.—IV. Ummæli í þessum þáttum beinast einvörðungu að Kristjáni Péturssyni og þykja grófar aðdróttanir í hans garð. Ber því að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Miskabætur.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur frá 20. desember sl. í refsimáli því, sem höfðað var gegn stefnda, var honum gert að greiða kr. 25.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ummælin um stefnendur í tölulíðum II—IV, sem áður voru rakin, fjalla um, hvernig þeir vinni störf sín sem opinberir starfsmenn. Hluti þeirra beinist gegn Kristjáni Péturssyni einum. Ummæli þessi þykja til þess fallin að valda þeim, er þau beinast að, hneisu og óþægindum. Eins og mál þetta liggur hér fyrir réttinum, þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnendum miskabætur skv. 264. gr. laga nr. 19/1940. Þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 190.000 til Kristjáns Péturssonar og kr. 90.000 til Hauks Guðmundssonar. Af þessum fjárhæðum ber stefnda að greiða 13% ársvexti frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Birting dómsins.

Eftir kröfu stefnenda er rétt að ákveða skv. heimild í 22. gr.

laga nr. 57/1956 um prentrétt, að stefndi skuli birta þá kafla dómsins, er bera yfirskriftina dómkröfur, forsendur dómsins svo og dómsorðið í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Tímans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Málskostnaður.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnendum, þykir hæfilega ákveðinn kr. 90.000.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk.

Stefndi, Þórarinn Þórarinsson, greiði stefnendum miskabætur, Kristjáni Péturssyni kr. 190.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags og Hauki Guðmundssyni kr. 90.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Stefndi skal birta áðurnefnda kafla dóms í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Tímans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Stefndi skal greiða stefnendum kr. 90.000 í málskostnað.

Dómi þessum hvað fjárgreiðslur snertir ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. október 1981.

Nr. 128/1979. **Björn Pálsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
sýslumanninum í Húnavatnssýslu,
Jóni Ísberg
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Ómerking uppboðs. Búfjárræktarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1979. Krefst hann þess aðallega, „að hið áfrýjaða uppboð verði ómerkt, en til vara, að uppboðinu verði vísað frá uppboðsrétti.“ Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að uppboðið verði staðfest, en til vara, „að synjað verði um ómerkingu á sölu eldra stóðhestsins á umræddu uppboði.“ Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný skjöl.

Laust eftir hádegi laugardaginn 2. júní 1979 handsamaði Þorsteinn Gunnarsson, bóndi á Syðri-Löngumýri í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu, tvo stóðhesta, er hann taldi vera eign áfrýjanda, Björns Pálssonar, bónda á Ytri-Löngumýri þar í hreppi. Hestarnir voru í merahópi í landi Svínavatns í sama hreppi, að því er Þorsteinn segir. Hann ætlaði að afhenda hreppstjóra hestana, en hreppstjóri taldi sig ekki geta tekið við þeim. Voru þeir þá afhentir tveim lögreglumönnum, sem komnir voru í Auðkúlurétt, þangað sem hestarnir höfðu verið fluttir. Fluttu þeir hestana til Blönduóss að höfðu samráði við stefnda, sýslumann Húnavatnssýslu, og komu þeim fyrir til geymslu þar.

Hestarnir voru skoðaðir af tveim mönnum. Segir svo í vottorði þeirra 8. júní 1979:

„Við undirritaðir, sem að ósk Lúðvíks Kaaber fulltrúa, höfum skoðað tvo stóðhesta, sem eru í vörslu Einars Svavarssonar, tamningamanns á Blönduósi, gefum eftirfarandi lýsingu á hestunum:

1. Brúnsokkóttur með hvíta slettu aftan við hægri bóg, fullorðinn 6—8 vetra, óafrakaður. Mark biti aftan hægra blaðstýft framan og líkist fjöður aftan vinstra. Óvanaður.

2. Brúnsokkóttur með gráa slettu á hægri lend 2—3 vetra. Óafrakaður, óvanaður og markið eins, biti aftan hægra, blaðstýft framan og gæti verið fjöður aftan."

Áfrýjandi hefur ritað skýrslu um málavexti, og er hún dagsett 12. júní 1979. Hann segir, að á bæ sínum hafi verið einn stóðhestur, sem Björn sonur sinn hafi átt, og þriggja vetra hesttrippi, sem hann hafi sjálfur átt. Trippið hafi gengið úti, en eldri hesturinn verið í girðingu, eftir að honum var sleppt úr húsi 22. maí um vorið. Áfrýjandi kveðst hafa tekið eftir því 1. júní, að hestarnir voru báðir í hryssuhópi nálægt merkjum Svínavatns og Ytri-Löngumýrar. Hrossin hafi verið þar í girðingu, sem hafi legið niðri á kafla. Hann kvað Þorstein Gunnarsson hafa komið til sín um kvöldið og sagst ætla að taka hestana. Sakir anna við sauðburð og skepnuhirðingu kveðst áfrýjandi ekki hafa haft tíma til að senda eftir hestunum fyrr en upp úr hádegi daginn eftir, en þá hafi hann sent þrjá drengi til að sækja þá. Hafi þeir verið byrjaðir að reka hrossahópinn heimleiðis, er Þorsteinn Gunnarsson kom til þeirra og rak hrossin brott. Hann kveðst hafa komið til Auðkúluréttar og mótmælt því við hreppstjóra, að hestarnir yrðu fluttir úr sveitarfélaginu.

Hinn 14. júní 1979 voru báðir hestarnir seldir á uppboði, sem stefndi hélt á Blönduósi. Er þá bókað í uppboðsbók:

„Ár 1979, fimmtudaginn 14. júní, kl. 14, var uppboðsþing Húnavatnssýslu sett við Tamningastöðina á Blönduósi og haldið þar af sýslumanni Jóni Ísberg við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Uppboðsmálið nr. 1/1979: Að selja tvo stóðhesta.

Uppboðshaldari leggur fram uppboðsskilmála, þingmerktir nr. 1. Ennfremur eru til staðar á þinginu ljósrit af lögregluskýrslu og markaskoðun á hestunum, þingmerkt nr. 2—3.

Uppboðið fór þannig fram:

Boðið í yngri hestinn kr. 80.000,- af Benedikt Jónssyni og hesturinn sleginn honum á því verði.

Boðið í eldri hestinn kr. 152.000,- af Þorfinni Björnssyni og hesturinn sleginn honum á því verði.

Áður en gengið var til uppboðs, lagði Björn Pálsson fram mótmæli þingmerkt nr. 4.

Uppboðsandvirðið að viðbættum 3% innheimtulaunum var greitt á uppboðinu . . .“

Mótmæli áfrýjanda voru svohljóðandi:

„Óskast bókað.

Hér með mótmæli ég þessu uppboði sem ólöglegu og mun áfrýja málinu til hæstaréttar.

Blönduósi 14-6-1979.

Björn Pálsson“.

Það er þetta uppboð, sem áfrýjað er.

Aðiljar eru sammála um, að uppboðið hafi verið auglýst í Ríkisútvarpinu. Telur stefndi, að það hafi verið 11. júní, en um efni auglýsingarinnar er að öðru leyti ekki vitað, þar sem hvorki frumrit hennar né afrit hefur komið í leitirnar.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um ómerkingu uppboðsins á því í fyrsta lagi, að hestarnir hafi verið í heimalandi. Sá eldri hafi sloppið úr girðingu. Hinn hafi verið útigenginn og ekki nýst hryssum. Hann hafi, strax og unnt var, gert ráðstafanir til að handsama hestana, en verið hindraður í því. Hann hafi krafist afhendingar þeirra í Auðkúlurétt, en þeir hafi að löglausu verið fluttir úr þinghánni til Blönduóss. Í öðru lagi telur hann, að hreppstjóri hafi átt að halda uppboðið, en ekki lögreglustjóri, eins og raunin hafi á orðið. Þá hafi uppboðið ekki verið nægilega auglýst og ekki með tilskildum fyrirvara. Ekki sé að finna í gögnum máls afrit auglýsingar eða greinargerð fyrir henni. Þá hafi stefndi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart sér og ekki úrskurðað um framkomin mótmæli gegn uppboðinu, áður en það

fór fram, eins og honum hafi verið skylt. Loks hafi uppboðið verið haldið, þó að dómsmálaráðuneytið hafi bannað það.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að taka hestanna hafi verið heimil og skyld samkvæmt 31. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973. Hér hafi verið um stóðhesta að ræða, sem gengu lausir í heimahögum. Þá hafi verið rétt og heimilt að afhenda sýslumanni hestana, þar sem hreppstjóri skoraðist undan að taka við þeim. Sýslumanni hafi verið fullheimilt að halda uppboðið. Skylt hafi verið að selja hestana á uppboði skv. nefndri 31. gr. búfjárræktarlaga. Uppboðið hafi verið nægilega auglýst og ekki hafi verið skylt að auglýsa það með viku fyrirvara samkv. 40. gr. uppboðslaga nr. 57/1949. Hann kveður áfrýjanda sjálfan hafa verið á uppboðinu og gætt þar hagsmuna sinna og það eigi ekki að valda ómerkingu uppboðs, þótt uppboðshaldari kvæði ekki upp formlegan úrskurð um mótmæli áfrýjanda. Þá sé upplýst, að dómsmálaráðuneytið hafi ekki bannað sýslumanni að halda uppboðið.

Áfrýjandi hefur fullyrt hér fyrir dómi við munnlegan flutning málsins, að hann hafi sjálfur verið eigandi beggja hestanna, sem seldir voru á uppboðinu. Hestarnir voru báðir með sama marki. Verður samkvæmt því við það að miða, að þessi yfirlýsing hans sé rétt þrátt fyrir áðurgefna yfirlýsingu hans um, að sonur hans hafi átt annan hestinn, en ekki nýtur við annarra gagna um þetta atriði.

Ósannað er, að dómsmálaráðuneytið hafi lagt fyrir sýslumann sem lögreglustjóra að fresta uppboðinu.

Það er nægilega upplýst, að umræddir stóðhestar gengu lausir í heimahögum, er þeir voru handsamaðir. Skiptir þá ekki máli, hvort þeir voru í landi áfrýjanda eða annarra. Var þetta óheimilt, og bar því að handsama hestana og flytja þá til hreppstjóra samkv. 31. gr. laga nr. 31/1973. Hreppstjóri skoraðist undan að taka við þeim, og gat sýslumaður geymt hestana, þar sem hann ákvað. Uppboðið var nauðungaruppboð, þar sem það fór fram gegn mótmælum áfrýjanda, og verður að telja, að um framkvæmd þess gildi regl-

ur laga nr. 57/1949, þótt sú tegund uppboðs, sem hér er um að ræða, sé ekki nefnd berum orðum í 1. gr. laganna. Í 2. gr. laganna segir, að sýslumenn haldi uppboð í sýslum, en í 3. gr. þeirra segir, að rétt sé, að hreppstjóri haldi uppboð á lausafé í vissum tilvikum. Enn fremur, að uppboðshaldari geti falið hreppstjóra að halda uppboð á sína ábyrgð að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Með hliðsjón af þessu verður að skilja 2. mgr. 31. gr. laga nr. 31/1973 svo, að hinum reglulega uppboðshaldara sé heimilt að halda þau uppboð, sem um er fjallað í greininni, enda er gert ráð fyrir því sem aðalreglu í III. kafla uppboðslaga, að sýslumaður haldi lausafjáruppboð. Verður ómerking uppboðsins því ekki á þessu byggð. Ekki verður heldur á það fallist, að ómerkingu varði, þótt uppboðið væri ekki auglýst með viku fyrirvara, enda verður 40. gr. uppboðslaganna ekki skilin svo, að slíkt hafi verið nauðsynlegt. Hins vegar var ekki lagt fram á uppboðsþinginu frumrit eða afrit auglýsingarinnar, og hún er ekki meðal gagna máls, svo að ekki verður nú séð, hvað í henni stóð. Þá kemur fram af bókun í uppboðsbók, að áfrýjandi lagði fram á uppboðsþinginu, áður en gengið var til uppboðs, mótmæli gegn því, að það yrði haldið, en uppboðshaldari sinnti þeim að engu. Þar sem uppboðshaldara mátti ljóst vera, að mótmæli þessi kynnu að snerta uppboðsheimildina, bar honum samkvæmt 114. og 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, að leiðbeina áfrýjanda, sem er ólöglærður, um mótmælin og taka síðan afstöðu til þeirra í úrskurðarformi. Þeim úrskurði hefði áfrýjandi síðan getað áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. a lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. uppboðslaga. Þykja samkvæmt þessu vera slíkir annmarkar á framkvæmd hins áfrýjaða uppboðs, að ekki verði hjá því komist að ómerkja það.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða uppboð á að vera ómerkt.

Stefndi, sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, Jón Ísberg,

greiði áfrýjanda, Birni Pálssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. október 1981.

Nr. 84/1979. **Andri h/f**
(Hörður Ólafsson hrl.)
gegn
Bjerregaard & Sönner, Fiskeeksport A/S
(Hákon Árnason hrl.).

Gerðardómur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Málið dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að ársvextir verði ákveðnir 10% frá 5. október 1973 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Kröfur sínar hér fyrir dómi byggir áfrýjandi eingöngu á því, að gerð sú, sem um er fjallað í málinu, sé ógild, þar sem honum hafi ekki verið afhentar kröfur og gögn, sem stefndi hafi lagt fyrir gerðardóminn.

II.

Svo sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, reisir stefndi kröfur sínar í málinu á úrlausn gerðardóms, er starfaði á vegum The Grain and Feed Trade Association (GAFTA) í

London. Í málinu hafa verið lagðar fram svonefndar „tillögur um meðferð áfrýjunarmála“ fyrir gerðardómi þeim, er kvað upp gerðina. Segir svo í 6. gr. þeirra í íslenskri þýðingu:

„Fulltrúi sérhvers aðila ætti að tryggja, að fulltrúi gagnaðila geti fengið eintök af viðeigandi skjölum eða upplýsingar um sönnunargögn, sem hann hyggst leggja fram, innan rýmilegs tíma með tilliti til málsins og eigi síðar en 2 vinnudögum fyrir málflutning. Ef einn fulltrúi aðilans (sic) óskar að leggja fram ný sönnunargögn án þess að hafa fyrst tilkynnt fulltrúa gagnaðila það, getur hann eingöngu gert það með samþykki fulltrúa gagnaðila og nefndarinnar.“

Vegna orðsendinga, sem fóru milli aðilja gerðardómsmálsins, og þá alveg sérstaklega vegna telex skeytis stefnda til áfrýjanda 21. september 1973, gat áfrýjandi ekki gengið þess dulinn, í hverju stefndi taldi hinu selda lúðumjöli áfátt eða hver sú fébótakrafa var og hvernig sundurliðuð, er hann hugðist hafa uppi fyrir gerðardóminum.

Við það verður að miða, að stefndi hafi afhent gerðardóminum eintök, er áfrýjandi gat kynnt sér, af þeim skjölum, er vörðuðu málatilbúnað stefnda fyrir gerðardóminum. Ákvæði 6. gr. tillagna um meðferð áfrýjunarmála, sem að framan er greint, verður ekki með vissu skýrt þannig, að stefnda hafi verið fortakslaust skylt að senda eintök þessara skjala beint til áfrýjanda, og ekki verður séð, að áfrýjandi hafi haft uppi nein tilmæli við stefnda um, að hann afhenti sér skjölin með þessum hætti. Því er ekki haldið sérstaklega fram, að framlagning skjala af hálfu stefnda fyrir gerðardóminum hafi verið ófullnægjandi samkvæmt enskum réttarfarsreglum. Ekki verður heldur talið, að með henni hafi verið brotið gegn grundvallarreglum íslensks réttar með þeim hætti, að gerðardómsúrlausnin verði af þeirri ástæðu ekki lögð til grundvallar aðfararhæfum dómi hér á landi.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að vextir reiknist 10% ársvextir frá 5. október 1973, svo sem stefndi krefst fyrir Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að vextir af dæmdri fjárhæð reiknast 10% ársvextir frá 5. október 1973 til greiðsludags.

Áfrýjandi, Andri h/f, greiði stefnda, Bjerregaard & Sönner, Fiskeeksport A/S, 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Ég er sammála því, er greinir í I. kafla í atkvæði meiri hluta dómara.

II.

Gerðardómsúrlausn sú, sem dómsmál þetta lýtur að, stafar frá áfrýjunargerðardómi á vegum GAFTA í Lundúnum. Eru málsaðiljar á einu máli um, að sá gerðardómur hafi verið bær um að fjalla um ágreiningsefni þeirra, svo sem ákvæði í kaupsamningi þeirra í milli 22. júní 1973 og standa til.

Í málinu hafa verið lagðar fram „tillögur um meðferð áfrýjunarmála“ fyrir áfrýjunargerðardómi þeim, er kvað upp gerðina. Er þar um dómsköp að ræða. Í 4. gr. og 6. gr. þeirra segir svo í íslenskri þýðingu:

„4. Sérhvert áfrýjunarmál er fullkominn endurflutningur málsins og ætti að leggjast þannig fyrir. Hvorki fulltrúarnir né nefndin geta ætlað, að sönnunargögn eða upplýsingar, sem notaðar voru í gerðardómsmálinu, verði sjálfkrafa lagðar fyrir nefndina, og við málflutning ætti að leggja fram

hvers kyns sönnunargögn, sem aðiljarnir eða fulltrúar þeirra óska að nefndin taki til athugunar.

. . .

6. Fulltrúar sérhvers aðila ætti að tryggja, að fulltrúi gagnaðila geti fengið eintök af viðeigandi skjölum eða upplýsingar um sönnunargögn, sem hann hyggst leggja fram, innan rýmilegs tíma með tilliti til málsins og eigi síðar en 2 vinnudögum fyrir málflutning. Ef einn fulltrúi aðilans óskar að leggja fram ný sönnunargögn án þess að hafa fyrst tilkynnt fulltrúa gagnaðila það, getur hann eingöngu gert það með samþykki fulltrúa gagnaðila og nefndarinnar."

Í bréfi frá ritara áfrýjunargerðardómsins frá 26. apríl 1974 til stefnda segir svo m. a. í íslenskri þýðingu:

„Afrit allra gagna, sem ekki voru lögð fram við upprunalega gerð og ætlað er að leggja fyrir nefndina, verður að afhenda gagnaðila með nægum fyrirvara, áður en málflutningur fer fram."

Afrit bréfsins sendi bréfritari til áfrýjanda, er barst það samkvæmt því, er greinir í skjölum máls.

Í bréfi frá áfrýjunargerðardóminum til áfrýjanda 18. júlí 1974 segir svo m. a. í íslenskri þýðingu:

„Hverskyns gögn, sem þér óskið að leggja fram í áfrýjunarmálinu, ber að senda fulltrúa gagnaðila með góðum fyrirvara, áður en málflutningur fer fram, og hverskyns ný sönnunargögn, sem S. Bjerregaard og Sönner, Fiskeeksport, óska að leggja fram, ber að senda yður með góðum fyrirvara, áður en málflutningur fer fram."

Í bréfi þessu greinir, að málflutningur fari fram 28. ágúst s. á.

Með hraðbréfi til áfrýjunargerðardómsins 23. ágúst s. á. sendi áfrýjandi ljósrit af bráðabirgðagreinargerð sinni til frumgerðardómsins, dags. 5. janúar 1974, en þar segir m. a., að málsaðiljanum hafi ekki borist kröfugerð, greinargerðir né málsástæður stefnda (Bjerregaard og Sönner, Fiskeeksport) og geti hann því eigi tekið til sérgreindra andsvara. Þá eru einnig send tvö önnur fylgiskjöl, afrit af bréfi áfrýjanda til stefnda 30. september 1973 og afrit af bréfi gerðar-

dómsstofnunarinnar til stefnda frá 16. júlí 1974 (mun eiga að vera frá 18. júlí 1974, sbr. hér að framan).

Í framangreindu bréfi áfrýjanda 23. ágúst 1974 til áfrýjunargerðardómsins segir m. a. svo í íslenskri þýðingu:

„Með því að við höfum ekki, þegar þetta er ritað, móttekið frá sóknaraðila (þ. e. Bjerregaard og Sönner, Fiskeeksport) eitt einasta orð né heldur frá öðrum, er kvæðist koma fram fyrir hans hönd, hljótum við að krefjast frávísunar sakarinnar frá þessum áfrýjunardómi og málskostnaðar eftir mati dómsins."

Þá er tilkynnt, að enginn muni „koma fram" í þinghaldinu 28. ágúst s. á. vegna áfrýjanda.

Áfrýjunargerðardómurinn sagði upp gerð sína 28. ágúst 1974. Hvorki er þar greint frá kröfum málsaðilja né á hverju kröfur þeirra séu reistar, og að engu er getið skjala, er gerðardóminum hafi borist. M. a. er þar eigi getið frávísunarkröfu áfrýjanda.

Stefndi hefur eigi borið brigður á þá skýrslu áfrýjanda, að honum hafi hvorki borist kröfugerð stefnda, greinargerð hans né önnur málskjöl, er lögð voru fram af hendi stefnda við gerðardómsmeðferðina í Lundúnum.

Samkvæmt því, sem hér að framan er greint um dómsköp áfrýjunargerðardómsins og í er vitnað úr bréfum dómsins til beggja málsaðilja, mátti áfrýjandi byggja á því, að sér bærust kröfugerð og greinargerð gagnaðiljans og önnur málsskjöl, er hann legði fram, áður en hann tæki til andsvara. Gerðardóminum ber samkvæmt því, sem hér hefur verið reifað, að ganga úr skugga um, að málsaðiljar hefðu skipst á málsskjölum og málflutningsgögnum. Þessa skyldu virti gerðardómurinn eigi. Þar sem stofnreglna um gerðardómsmeðferð var eigi gætt, skortir lagagrundvöll til að veita gerðardómsúrlausninni aðfararhæfi hér á landi. Ber að svo vöxnu að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 14.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Andri h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Bjerregaard og Sönner, Fiskeeksport A/S, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 14.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 20. október 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 26. f. m., hefur Ágúst Fjeldsted, hæstaréttarlögmaður hér í borg, höfðað fyrir hönd Bjerregaard & Sönner, Fiskeeksport A/S, Frederikshavn, Danmörku, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. júlí 1976, á hendur Andra h/f, Borgartúni 29 hér í borg, til greiðslu á £ 3.732.38 með 10% ársvöxtum frá 5. október 1973 til 5. september 1974, en með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk £ 190.00 í málskostnað fyrir gerðardómi GAFTA og málskostnaðar að skaðlausu hér fyrir dómi.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að gerðardómur áfrýjunargerðardóms GAFTA frá 28. ágúst 1974 verði felldur úr gildi og að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda, en stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir gerðardóminum og hér fyrir dómi samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eftir túlkun dómsins.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dags. 22. júní 1973, skuldbatt stefndi sig til að selja stefnanda íslenskt lúðumjöl. Samningurinn, sem undirritaður var af prókúruhafa stefnda og fulltrúa miðlarafyrirtækisins Waidtlöw og Hansen, hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„SAMNINGUR

Kaupandi:	S. Bjerregaard & Sönner, Fiskeeksport A/S., 9900 Frederikshavn, Denmark.
Seljandi:	Andri h/f, Borgartúni 39, Pósthólf 69, Reykjavík, Íslandi.
Magn:	Um 100 lestir — 5% meira eða minna að vali seljanda á samningsverði.
Vöruteg.:	ÍSLENSKT LÚÐUMJÖL. Hámark 62% prótein

greiðist, hámark 16% fita, hámark 10% raki, hámark 3% salt.
Umbúðir: Í nýjum fimmföldum pappírspokum um 50 kg g/n.
Verð: £3.90 próteineining, hámark 62% greiðist, 1000 kg. C.I.F. skipaskilmálar Frederikshavn.
Afskipun: Ágúst/fyrri hluta september 1973.
Vigt: Opinberar afskipunarvigtir endanlegar.
Vörugæði: Opinber afskipunarefnagreining Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Reykjavík, sé endanleg.
Greiðsla: Nettó staðgreiðsla við fyrstu sýningu skjala.
Bætur: Allt, sem fer fram úr hámarksábyrgðum: 1:1.
Samningur: G.A.F.T.A. nr. 10."

Fiskimjöl þetta var flutt með m/s Voninni, sem fermdi á Súgandafirði 1. september 1973. Var farmurinn talinn 1900 sekkir, samtals 95000 kg. Á vörureikningi, undirrituðum af fyrirsvarsmanni stefnda, er vísað til samnings þess, sem áður er rakinn. Einnig er þar vísað til vörulýsingar í samningnum, en auk þess er þar greind niðurstaða á rannsókn á sýnum úr farminum, sem er svohljóðandi: 63.5% prótein, 9.3% fita, 8.3% raki, 1% salt. Eru þessar niðurstöður í samræmi við niðurstöður rannsókna, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gerði á sýnum, sem tekin voru úr umræddum farmi af fulltrúa stofnunarinnar, að því er segir í vottorði hennar, dags. 5. september 1973. Fram er komið, að m/s Vonin kom til Frederikshavn 17. september 1973, og var farminum skipað upp daginn eftir. Komu úr skipinu 1906 sekkir. Starfsmenn skoðunarfirmans Beckmann & Jörgensen skoðuðu farminn við uppskipun og í vörugeymslu stefnanda. Í skýrslum um skoðun þessa kemur fram, að mjölið hafi verið í fjórföldum pappírssekkjum með bitumen millilagi. Botn hafi verið saumaður og einnig hafi verið saumað fyrir op sekkjanna. Þeir hafi verið merktir „Produce of Iceland" og auk þess verið merktir „F.F." Sekkirnir hafi við athugun verið flokkaðir í fimm flokka eftir útliti. Í fyrsta flokknum, sem hafi verið um 5% af farminum, hafi sekkirnir verið gegnblautir af lýsi. Í öðrum flokknum, um 20% af farminum, hafi verið sekkir, sem að einum þriðja hluta til hálfs hafi verið gegnblautir af lýsi, aðallega á botni. Í þriðja flokknum, um helmingi af farminum, hafi verið sekkir, sem hafi verið gegnblautir af lýsi að ofan og neðan og með rákum og blettum á hliðunum. Í fjórða flokknum, um 20% af farminum, hafi verið sekkir, sem hafi verið meira og minna með blettum. Í fimmta flokknum, um 5% af farminum,

hafi verið sekkir, sem ekki hafi borið nein merki um skemmdir. Úr öllum flokkunum hafi svo verið tekin sýni, sem lýst er þannig: Fyrsti flokkurinn: Dökkgrár litur. Mjölið virtist vera klesst og gljáði af lýsi. Annar flokkur: Litur allt frá því að vera grár og til þess að vera dökkgrár. Mjölið mjög feitt. Þriðji flokkurinn: Ljósgrár litur og mjölið nokkuð feitt. Fjórði flokkur: Ljós litur. Ýmis blæbrigði af gulum lit. Mjölið dálítið feitt. Ekki fannst neinn þefur af rotnun eða önnur vond lykt af mjölinu. Tvö sýni voru svo tekin úr mjöli í hverjum flokki, og voru þau send Rannsóknarstofu Steins í Kaupmannahöfn. Á grundvelli skoðunargerðar Beckmann & Jörgensen kom stefnandi hinn 21. september á framfæri við stefnda fyrir milligöngu Waidtlöw & Hansen kröfugerð vegna galla á mjölinu sökum mikillar fitu. Nam krafan £ 7.621.51. Jafnframt áskildi stefnandi sér rétt til að taka málið upp að nýju, er niðurstöður bærust frá Rannsóknarstofu Steins.

Rannsóknarstofa Steins í Kaupmannahöfn rannsakaði sýni úr 1. og 3. flokki samkvæmt skoðun Beckmann & Jörgensen. Voru niðurstöður þeirra sem hér segir:

1. flokkur:	
Protein	55.88%
Fita	25.71%
Raki	1.8%
Aska	16.95%
Salt	1.0%
2. flokkur:	
Protein	53.13%
Fita	14.85%
Raki	13.3%
Aska	18.65%
Salt	1.3%

Hinn 25. september 1973 sendi lögmaður stefnda Fiskiðjunni Freyju h/f á Suðureyri símskeyti, þar sem gerð var grein fyrir, að stefnandi hefði gert bótakröfu að fjárhæð £ 7.621.51 á grundvelli stórfelldra galla á mjölinu, og var stefnda jafnframt áskilinn allur réttur á hendur fyrirtækinu af því tilefni. Sama dag sendi lögmaðurinn stefnanda símskeyti og mótmælti kröfu hans, enda væru gæði vörunnar staðfest með sýnum og rannsóknum íslenskrar rannsóknarstofnunar, svo sem áskilið hefði verið í samningi aðiljanna. Var stefnandi jafnframt hvattur til að hafa

samband við Theo Koch & Co. Krafðist lögmaðurinn greiðslu andvirðis farmsins og kvað óskiljanlegt, að farmurinn væri kominn í vöruhús stefnanda, því stefndi hefði ekki fengið neina tilkynningu um greiðslu. Í skeyti, sem stefnandi sendi stefnda fyrir milligöngu Waidtlöw & Hansen 26. september 1973, var stefnda gefinn kostur á að taka við sendingunni til ráðstöfunar innan átta daga, enda greiddi stefndi allan kostnað við uppskipun, geymslu, meðferð o. s. frv. Í skeyti, sem stefnandi sendi stefnda með sama hætti 4. október 1973, var tilkynnt, að ef ekki hefði borist svar við tilboðinu fyrir kl. 1100 5. október 1973 mundi stefnandi vísa málinu til meðferðar gerðardóms.

Í bréfi lögmanns stefnda til stefnanda 30. september 1973 var gangur málsins rakinn og áhersla lögð á, að varan væri komin í vörugeymslu stefnanda, án þess að andvirði væri greitt, og kynnu aðgerðir stefnanda að valda því, að stefndi glataði rétti gagnvart vátryggjanda vörunnar, en jafnframt kom fram tillaga um afslátt af kaupverði, er næmi £ 370.98, á þeim grundvelli, að fita í mjölinu væri 1.615% meiri en áskilið hefði verið í samningnum. Með skeyti Waidtlöw & Hansen til stefnanda 8. október 1973 var tilkynnt, að stefnandi legði ágreining aðiljanna í úrskurð gerðardóms og mundi hann síðar tilkynna, hvern hann tilnefndi í gerðardóminn af sinni hálfu. Var stefndi beðinn að tilkynna, hvern hann tilnefndi í gerðardóminn af sinni hálfu.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sendi nú einn af starfsmönnum sínum, Össur Kristinsson efnafræðing, til að skoða farminn og taka sýni úr honum, sem síðan yrðu rannsökuð hjá stofnuninni. Samdi Össur skýrslu um för sína, og er hún svohljóðandi:

„Ferð til Danmerkur vegna grálúðumjöls
11.10. — 16.10. 1973.

Flaug til Kaupmannahafnar fimmtudaginn 11. okt., til Álaborgar að morgni 12. okt., tók þar lest og var kominn til Frederikshavn um klukkan 10:00 þann dag. Hitti strax á Kristenssen og Blöde hjá S. Bjerregaard og Sönner, Fiskeeksport A/S, svo og Johanssen frá Beckmann og Jörgensen. Þeir sýndu mér mjölið, sem geymt var í skemmu rétt hjá. Nokkuð þröngt var í skemmunni og augljóst, að ekki yrði hægt að taka nógu nákvæmar prufur þennan dag, þar sem umstöflun með þeim mannskap, sem til staðar var (4 menn) yrði ekki framkvæmd á svo stuttum tíma, sem eftir var vinnudagsins. Ennfremur vildu Bjerregaard og Sönner reyna að fá staðfest hjá Andra h.f., að mín prufutaka yrði viðurkennd, þar sem óhjákvæmilega var þarna um nokkurn

kostnað fyrir þá að ræða. Fór föstudagseftirmiðdagurinn því mikið til í skeytasendingar á Telexnum, símtöl o. þ. h. Frekari aðgerðum frestað til mánudags.

Byrjuðum kl. 7:00 á mánudagsmorgni, en þá hafði hin umbeðna staðfesting (viðurkenning á minni prufutöku) frá Andra h. f. ekki borizt. Voru Danirnir óánægðir með það. Engu að síður var prufutakan nú framkvæmd eftir minni fyrirsögn. Skoðaði ég 509 poka, en það var miðbelti úr pokastæðunni.

Sjá mynd.



Stæðan var lokuð af, nema að framan (veggur í bak og á aðra hlið, pokastæða á hina hlið).

Ekki gat ég talið nákvæmlega pokana í allri stæðunni, en áætlaði þá á milli 1800 og 1900. Ótalinn fjöldi poka hafði komið rifinn úr skipinu eða rifnaði við uppskipun. Þessum 509 pokum, sem skoðaðir voru, var skipt niður í 6 flokka eftir útliti mjölsins, úr hverjum flokki fyrir sig var síðan tekin meðaltalsprufa (í smærri flokkunum úr hverjum poka, en í stærri flokkunum úr 3ja hverjum poka).

Af hverjum flokki var nú tekið mjöl í 2 krukkur og innsiglað, annan prufuhópinn kom ég með, hinn varð eftir hjá Dönunum.

Að beiðni Bjerregaard og Sönner var Johanssen (frá Beckmann og Jörgensen) viðstaddur prufutökuna, og sögðust þeir þar með viðurkenna þessa prufutöku sem rétta.

Af 509 pokum voru 5 með ummerkjum íslenzkrar prufutöku (límbandi).

Fór frá Frederikshavn kl. 16:00 á mánudaginn, kom til Íslands um kl. 17:00 á þriðjudag.

Flokkaskiptingin:

A mjög feitt	25 pokar	4.91%	af skoðuðu
B feitt	92 pokar	18.07%	af skoðuðu
C betra	241 poki	47.35%	af skoðuðu
D í lagi	130 pokar	25.54%	af skoðuðu
E rakt	16 pokar	3.14%	af skoðuðu
F myglað	5 pokar	0.99%	af skoðuðu
	Samtals: 509 pokar	100%	

Össur Kristinsson".

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins 19. október 1973 eru niðurstöður rannsókna á sýnum þeim, sem Össur tók, þessar:

„Auðkenni sýna	Hundraðshluti af sýnum	Protein %	Fita %	Raki %	Salt. %
A	4.91	57.8	20.4	3.3	1.1
B	18.07	60.9	15.6	4.3	1.1
C	47.35	60.9	12.6	5.2	1.1
D	25.54	64.3	7.4	4.5	1.0
E	3.14	55.1	13.7	11.9	1.0
F	0.99	Mygla fannst."			

Með skeyti, dags. 15. nóvember 1973, var stefnda tilkynnt, að stefnandi hefði tilnefnt Ernest Roscoe sem gerðardómsmann af sinni hálfu, en þar sem stefndi hefði enn ekki tilnefnt mann af sinni hálfu, mundi stefnandi óska eftir, að GAFTA tilnefndi gerðardómsmann fyrir hann.

Með bréfi GAFTA til stefnda, dags. 11. desember 1973, var tilkynnt, að samkvæmt beiðni stefnanda og þar sem stefndi hefði ekki tilnefnt gerðardómsmann af sinni hálfu í deilumáli aðilja út af samningi þeirra frá 22. júní þ. á., hefði stofnunin tilnefnt D. Goldwater til að starfa sem gerðardómsmaður fyrir stefnda.

Einnig var tilkynnt, hvar og hvenær gerðin færi fram og væri fyrirsvarsmanni eða fulltrúa stefnda heimilt að mæta fyrir gerðardóminum eða gera skriflega grein fyrir máli stefnda. Jafnframt var stefnda tjáð, að skrifleg greinargerð og/eða önnur sönnunargögn, sem stefndi óskaði að leggja fram, yrðu að berast D. Goldwater eigi síðar en föstudaginn 4. janúar 1974. Ef engin gögn bærust frá stefnda, væri gerðardómsmönnum frjálst að kveða upp úrskurð í málinu á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir lægju.

Með bréfi D. Goldwater til stefnda, dags. 14. desember 1973, skýrði hann frá því, að hann hefði verið tilnefndur til að koma fram fyrir hönd stefnda í gerðardómsmáli hans og stefnanda. Óskaði hann jafnframt eftir að fá í hendur öll skjöl, samninga o. fl. varðandi ágreining aðiljanna og álit fyrirsvarsmanna stefnda, svo að hann gæti komið fram fyrir hönd stefnda í málinu eftir bestu getu.

Hinn 5. janúar 1974 sendi lögmaður stefnda bráðabirgðagreinargerð ásamt þýðingu af bréfi hans til sóknaraðilja frá 30. september 1973. Var stefnda jafnframt áskilinn réttur til að hafa uppi á síðara stigi málsins hverjar þær kröfur og mótmæli, sem efni málsins kynni að gefa tilefni til. Í greinargerðinni segir síðan svo:

„Greinargerð þessi er þannig ekki greinargerð verjanda, þar eð engin greinargerð sóknarmegin hefur borizt frá sóknaraðila. Við vitum þannig ekki, hverjar kröfur hans eru, ef um einhverjar er að ræða, eða hverju þarf að verjast.

Málinu var þannig komið þann 28. nóvember, og því er ennþá þannig komið, sem er ástæðan fyrir því, að um það varð samkomulag í símtali mínu við herra E. F. Roscoe, gerðardómsmann sóknaraðila, þann dag, að umbj. m. gætu beðið með greinargerð sína til varnar, þar til greinargerð sóknaraðila hefði verið send. Geri ég ráð fyrir, að það samkomulag standi enn óhaggað.

Gerðardómsmaður varnaraðila hefur á hinn bóginn óskað eftir því í símtali við mig, að hann fengi í hendur a. m. k. almenna lýsingu á því, sem málið snýst um, og vonast ég til, að þýðingin, sem ég nú hef lagt fram, muni að nokkru leyti uppfylla þær óskir.

Leyfið mér þó að nota tækifærið til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

(1) Fimmtudaginn 4. október skýrði umboðsmaður umbj. m. í Kaupmannahöfn þeim frá úrslitakostum, sem settir hefðu ver-

ið fram af hálfu kaupenda. Eftir hádegi næsta dag tilkynntu umboðsmenn þessir þeim, að kaupendur hefðu greitt reikning sinn til fulls. Kom síðar í ljós, að þessar upplýsingar voru réttar.

(2) Þann 8. október fengu umbj. m. tilkynningu frá þessum umboðsmönnum þess efnis, að þeir hinir sömu umboðsmenn hefðu nú tekið að sér hlutverk lögmanna kaupenda og bæru fram kröfur þeirra vegna um gerðardómsmeðferð.

(3) Þann 10. október tilkynntu þessir umboðsmenn enn, að þeir hefðu tilnefnt herra E. F. Roscoe.

(4) Þann 15. október tilkynntu umboðsmennirnir, að sóknaraðili mundi biðja GAFTA að tilnefna gerðardómsmann fyrir hönd umbj. m.

Það næsta, sem umbj. m. fengu að vita um, var bréfið frá GAFTA 11. desember, þar sem herra D. Goldwater var tilnefndur.

Með því að umbj. m. hafa hvorki heyrt né séð orð frá sóknaraðila, síðan hann greiddi að fullu reikning sinn þann 5. október, vilja þeir bera fram almenn mótmæli gegn þeim afskiptum af málinu á þann hátt, sem lýst hefur verið af hálfu söluumboðsmanna seljenda, sem þeir höfðu greitt 1% umboðslaun til að koma sölunni á. Byggjast mótmæli þeirra á því, að umræddir sölumenn séu hvorki lögmenn að atvinnu né heldur, svo þeim sé kunnugt um, nákomnir ættingjar sóknaraðila, og er haldið fram þeirri skoðun, að GAFTA eigi ekki að veita viðtöku beiðni um gerðardómsmeðferð frá svo til hverjum sem er, sem kveðst koma fram fyrir hönd einhvers samningsaðila.

Því er mótmælt, að þessir umboðsmenn hafi haft nokkra heimild sóknaraðila til að biðja um gerðardómsmeðferðina.

Svo fremi að umboðsmennirnir leggi ekki fram slíka heimild, er gerðardómurinn beðinn um að vísa málinu frá og úrskurða umbj. m. málskostnað úr hendi umboðsmannanna.

Staðreyndin er sú, að sóknaraðili sjálfur hefur ekkert látið umbj. m. heyra frá sér, síðan hann greiddi reikninginn þann 5. október. Jafnvel umboðsmennirnir hafa ekki minnzt á neinar kröfur fyrir utan þá að krefjast gerðardómsmeðferðar. En ekkert hefur verið látið uppi, í hvaða skyni eða á hvaða grundvelli það væri gert. Það er því augljóst, að umbj. m. hefur enginn kostur verið veittur á að forðast þessa gerðardómsmeðferð eða kostnað þann, sem hún hefur í för með sér fyrir þá.

Að svo miklu leyti sem umbj. m. er kunnugt, var reikningurinn greiddur af sóknaraðila án nokkurs fyrirvara af hans hálfu.

Leyfið mér loks að ljúka þessu máli með því að taka fram, að umbj. m. vildu gjarnan fá að vita, hvort í raun og veru hefur verið hafizt handa um lögmætt gerðardómsmál, og hvaða kröfur og röksemdir eru hafðar uppi af hálfu sóknaraðila."

Úrskurður gerðardómsins gekk á þann veg, að kröfu stefnanda var hafnað á þeim grundvelli, að samningur aðilja kvæði á um, að opinber efnagreining Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skyldi vera endanleg. Var stefnda tilkynnt þessi niðurstaða með bréfi, dags. 18. janúar 1974, og að tilkynning um áfrýjun yrði að hafa borist fyrir kl. 1200 á hádegi 30 dögum eftir dagsetningu úrskurðarins.

Í svarskeyti Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, dags. 4. febrúar 1974, við fyrirspurn stefnanda, sem fram hafði komið fyrir milligöngu stefnda, kemur fram, að sýni, sem stofnunin fái til rannsóknar, skuli tekin af eiðfestum fulltrúum Fiskeftirlits ríkisins. Stofnunin geri ekki annað en að rannsaka sýni, sem henni berist, og gefa út vottorð um niðurstöðu þeirra rannsókna. Yfirlýsing í vottorði stofnunarinnar um, að sýni hafi verið tekin af fulltrúa stofnunarinnar, sé því villandi.

Í bréfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins til Fiskmats ríkisins sama dag er m. a. gerð grein fyrir fyrirspurn stefnanda, efnagreiningarvottorði um farminn frá 5. september 1973 og niðurstöðum efnagreininga sýna þeirra, sem Össur Kristinsson tók í Frederikshavn, og því lýst yfir, að á niðurstöðum efnagreiningarvottorðanna sé mismunur, sem eigi ekki að geta verið fyrir hendi, ef sýni séu samviskusamlega tekin.

Í yfirlýsingu Jens Hjörleifssonar yfirfiskmatsmanns 27. febrúar 1974 kemur fram, að sýni úr farmi þeim, sem fjallað er um í málinu, hafi ekki verið tekin af ferskfiskmatsmanninum á staðnum, heldur hafi verkstjóri verksmiðjunnar tekið sýnin með tækjum matsmannsins. Kveður yfirfiskmatsmaðurinn sér hafa verið ókunnugt um þetta, fyrr en löngu síðar, þar sem sér hafi ekki verið tilkynnt um þessa afskipun.

Hinn 26. apríl 1974 ritaði Fóðurmjölsfélagið h/f, þ. e. GAFTA, bréf, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Hér með tilkynnist yður, að nefndin, sem kjörin var til að fjalla um ofangreinda áfrýjun vegna gerðardómsúrskurðar nr. 1437 í sambandi við ofangreint mál, mun koma saman hér á staðnum þriðjudaginn 4. júní 1974 kl. 2.15 e. h., og mun málinu þá fram haldið.

Samkvæmt reglum félagsins ber yður annað hvort að mæta

sjálfir eða gera skriflega grein fyrir máli yðar eða hafa fulltrúa, sem er starfandi umboðsmaður í viðskiptagreininni og sem sé skipaður skriflega. Í síðara tilfellinu eruð þér góðfúslega beðinn að tilkynna mér, hvern þér hafið tilnefnt til að flytja málið fyrir yðar hönd. Ef þér gerið það ekki, er áfrýjunarnefndinni frjálst að úrskurða málið á grundvelli þeirra gagna, sem eru fyrir hendi.

Afrit allra gagna, sem ekki voru lögð fram við upprunalega gerð og ætlað er að leggja fyrir nefndina, verður að afhenda gagnaðila með nægum fyrirvara, áður en málflutningur fer fram."

Í skeyti stefnda til GAFTA 12. júlí 1974 kemur fram sá skilningur, að við áfrýjun málsins hafi stofnunin í sínum fórum skýrslu stefnda frá 5. janúar 1974 og þýðingu á bréfi hans til stefnanda frá 30. september 1973. Vilji stefndi vísa til þessara skjala í sambandi við áfrýjun málsins. Kemur og fram, að stefnda hafi ekki borist neitt af skjölum þeim, sem stefnandi hafi lagt fram í gerðardómsmálinu eða áfrýjunarmálinu og því sé fyrirsvarsmönnum stefnda með öllu ókunnugt um kröfur stefnanda og á hvaða rökum og gögnum þær séu byggðar. Því geti stefndi ekki haldið uppi vörnum gegn kröfum og staðhæfingum, sem hann viti ekki, hverjar séu, og því krefjist hann frávísunar málsins frá gerðardóminum.

Í svarskeyti GAFTA kemur fram, að við áfrýjun gerðardómsmálsins fari fram endurflutningur málsins og hafi áfrýjunargerðardómurinn ekki skjöl þau, sem getið sé í skeyti stefnda. Ef stefndi vilji koma gögnum þessum á framfæri, verði stefndi að hlutast til um það sjálfur. Stefndi þurfi að tjá sig skriflega um málið eða fá sér umboðsmann, sem starfi í viðskiptagreininni. Ef stefndi geri hvorugt, geti áfrýjunargerðardómurinn kveðið upp úrskurð í málinu á grundvelli þeirra gagna, sem hann hefur undir höndum.

Í svarskeyti stefnda var ítrekað, að stefnda hefði ekki borist nein gögn frá stefnanda varðandi gerðardómsmálið eða áfrýjunina. Þar sem búast mætti við, að stefnandi legði fram gögn við næstu fyrirtöku málsins og þar sem stefndi gæti ekki með svo stuttum fyrirvara útbúið vörn eða fengið mann til að mæta fyrir sig, þá var þess óskað, að málið yrði tekið fyrir, án þess að mætt væri af hálfu stefnda. Áfrýjunargerðardómurinn tæki þá við gögnum, sem stefnandi legði fram, og sendi þau stefnda, en

síðan yrði ákveðið annað réttarhald, þar sem stefndi legði fram vörn sína og gögn.

Hinn 18. júlí 1974 ritaði Fóðurmjölsfélagið, þ. e. GAFTA, stefnda bréf, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Nefndin kom saman í gær til að fjalla um ofangreinda áfrýjun, en með því þér áttuð ekki fulltrúa við málflutninginn, ákvað nefndin að fresta málflutningi, sem fer nú fram miðvikudaginn 28. ágúst kl. 2.15 e. h.

Við málflutninginn 28. ágúst getið þér mætt sjálfir eða átt fulltrúa, sem er starfandi umboðsmaður í viðskiptagreininni, og ef það er ætlun yðar, að hr. Goldwater verði fulltrúi yðar, bið ég yður góðfúslega að láta bæði mig og hr. Goldwater vita.

Hvers kyns gögn, sem þér óskið að leggja fram í áfrýjunarmálinu, ber að senda fulltrúa gagnaðila með góðum fyrirvara, áður en málflutningur fer fram, og hvers kyns ný sönnunargögn, sem S. Bjerregaard & Sönner, Fiskeeksport, óska að leggja fram, ber að senda yður með góðum fyrirvara, áður en málflutningur fer fram.

Nefndin hefur gefið mér fyrirmæli um að tilkynna yður, að málflutningurinn miðvikudaginn 28. ágúst verður hinn síðasti og að ef þér tilnefnið ekki fulltrúa eða flytjið mál yðar skriflega fyrir nefndinni á þeim tíma, mun henni frjálst að úrskurða málið á grundvelli sönnunargagna, sem eru fyrir hendi."

Hinn 23. ágúst sendi lögmaður stefnda áfrýjunargerðardómi GAFTA afrit skýrslu stefnda í gerðardómsmálinu, dags. 5. janúar 1974, afrit af enskri þýðingu á bréfi stefnda til stefnanda, dags. 30. september 1973, og afrit af bréfi GAFTA til stefnda, dags. 16. júlí 1974. Er í bréfi lögmannsins tekið fram, að stefndi hafi beðið eins lengi og hann þorði eftir gögnum stefnanda um kröfu hans fyrir gerðardóminum og áfrýjunargerðardóminum, en þar sem slík gögn hafi ekki borist, sé þess krafist, að málinu verði vísað frá áfrýjunargerðardóminum, en stefndi muni ekki láta mæta af sinni hálfu, heldur láta skýrsluna nægja til stuðnings máli sínu.

Hinn 28. ágúst 1974 gekk úrskurður áfrýjunargerðardómsins, og varð niðurstaða hans sú, að upprunalegt efnagreiningarvottorð Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hafi verið í lagi, þegar afskipunarskjöl voru lögð fram, en síðan hafi verið sannað, að það hafi verið gefið út á grundvelli rangra upplýsinga um töku sýna, og því skuli efnagreining á grundvelli sýna, sem tekin voru í Frederikshavn, vera endanleg. Var stefnda gert að greiða stefn-

ənda £3.732.38 í skaðabætur auk 10% ársvaxta frá 5. október 1973 til dagsetningar úrskurðarins og £50.00 í gerðardómsgjöld og kostnað innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins.

Með vísan til bréfs stefnanda til stefnda 5. september 1974 krafði lögmaður stefnanda stefnda hinn 20. maí 1975 um greiðslu á £4.264.48 auk vaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1974 og innheimtulauna.

Er stefndi varð ekki við þeirri kröfu, höfðaði stefnandi mál þetta.

Krafa stefnanda er byggð á því, að í samningi aðiljanna um viðskipti þau, sem fjallað er um í málinu, dags. 22. júní 1973, sé vísað til GAFTA-samnings nr. 10 og séu ákvæði hans því hluti af samningi aðiljanna. Í þeim samningi sé kveðið á um það í 29. gr., að hvers kyns deilumál, sem rísa kunni út af samningnum, beri að jafna með gerð í London samkvæmt reglum Fóðurmjölsfélagsins, þ. e. GAFTA. Geri íslensk lög og ráð fyrir lausn deilumála með gerðardómi, sbr. ákvæði N. L. 1-6-1.

Er vanefndir hafi orðið á samningi aðiljanna af hálfu stefnda, hafi stefnandi vísað ágreiningnum, sem af þeim reis, til úrskurðar gerðardómsins. Úrskurður gerðardómsins hafi gengið stefnda í vil. Hafi stefnandi þá áfrýjað málinu til áfrýjunargerðardóms GAFTA, svo sem ákvæði í GAFTA-samningi nr. 10 geri ráð fyrir. Stefndi hafi ekki látið mæta af sinni hálfu fyrir áfrýjunargerðardóminum. Í úrskurði sínum hafi áfrýjunargerðardómurinn ákveðið að byggja á vottorði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um sýni þau, sem tekin voru í Frederikshavn, og hafi úrskurðað stefnanda bætur úr hendi stefnda ásamt vöxtum og kostnaði. Stefndi hafi ekki fengist til að inna af hendi greiðslu fjárhæða þeirra, sem úrskurðaðar hafi verið, og hafi stefnandi því orðið að höfða mál þetta. Er því mótmælt, að nokkrir annmarkar hafi verið á meðferð málsins fyrir gerðardóminum eða áfrýjunargerðardóminum. Ekki sé vafi á því, að D. Goldwater hafi verið hæfur gerðardómsmaður, þótt hann óskaði eftir, að stefndi sendi sér skjöl og skýrslu um sjónarmið stefnda til að koma þeim á framfæri við gerðardómsmennina. Samkvæmt reglum um gerðardóminn og áfrýjunargerðardóminn hafi átt að skiptast á skjölum í London. Er því haldið fram, að ekki sé neitt það við meðferð málsins fyrir gerðardóminum eða áfrýjunardóminum, sem fari í bága við íslenskar réttarreglur um gerðardóma.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að þeir gallar hafi orðið á meðferð málsins fyrir gerðardóminum og áfrýjunargerðardóm-

inum svo og á úrskurði áfrýjunargerðardómsins, að ekki verði á honum byggt. Ljóst sé, að gerðardómsmennirnir hafi litið á sig sem málflytjendur aðilja, en ekki sé gert ráð fyrir því í reglunum um gerðardómsmeðferð (Code of Practice). Þá hafi stefndi ekki fengið neitt af skjölum þeim, sem stefnandi lagði fram í gerðardómsmálinu og áfrýjunargerðardómsmálinu, og því hafi fyrirsvarsmenn stefnda ekki vitað, hvaða kröfur stefnandi gerði. Geti það ekki verið eðlileg aðferð að leggja skjöl til skrifstofu GAFTA í London, þar sem gagnaðili eigi að vitja þeirra. Þá komi ekki fram, á hverju niðurstaða áfrýjunargerðardómsins sé byggð. Ákvæði N. L. 1-6-1, sem sé sú heimild íslensks réttar, er helst sé við að styðjast um meðferð gerðardómsmála, geri ráð fyrir allt annarri meðferð en hér varð. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að aðiljar hafi samið um, að vottorð Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá 5. september 1973 hafi átt að vera endanlegt og fullnægjandi um gæði vörunnar. Sé ekki leitt í ljós, að töku sýnishorna á Súgandafirði hafi verið ábótavant. Ekki sé fram komið, að mjöl það, sem Össur Kristinsson skoðaði í Frederikshavn, sé sama mjöl og aðiljarnir sömdu um. Ef vottorðið frá 5. september 1973 sé rangt, verði stefnandi að beina kröfu sinni að öðrum en stefnda. En jafnvel þótt reiknað sé með afslætti vegna of mikils fitumagns í mjölinu, sem hæfilegt sé að reikna £ 2.111.04, svo sem fram hafi komið af hálfu stefnda í bréfaskiptum aðilja, þá hafi stefnandi með því að draga greiðslu valdið stefnda tjóni vegna gengis- og vaxtataps auk kostnaðar við rekstur gerðardómsmálanna og nemi það tjón alls £ 2.457.76. Ef byggt sé á þessu, nemi því skuld stefnanda £ 356.72. Af hálfu stefnda er mótmælt kröfu stefnanda um 2% dráttarvexti, enda eigi hún ekki neina stoð í gerðardóminum, en ef til þess komi, að á stefnda verði lögð greiðsluskylda, beri að leggja til grundvallar sparisjóðsvexti Englandsbanka á hverjum tíma.

Álit dómsins.

Í samningi þeim, sem gerður var um viðskipti aðiljanna, dags. 22. júní 1973, var vísað til GAFTA-samnings nr. 10, og verður að líta svo á, að ákvæði hans séu hluti af samningi aðiljanna um viðskiptin. GAFTA-samningur nr. 10 er prentað samningseyðublað fyrir samninga um fiskimjöl, sem nota á sem fóðurmjöl, og eru samningsgreinar 30. Í 25. gr. samningsins eru svofelld ákvæði:

„25. VANEFNDIR. — Komi til vanefnda varðandi samninginn af hendi annars hvors aðila, ber hinum aðilanum að eigin vali og eftir að hafa tilkynnt það í bréfi, símskeyti eða telexi, réttur

til að selja eða kaupa, eftir því sem við á, og ber vanefndaraðila að bæta tap, ef eitthvert er, á kaupum eða sölu, þegar þess er krafist. Ef hinn ábyrgi aðili er óánægður með verð í sambandi við slíka sölu eða kaup eða ef ofangreinds réttar er ekki neytt og gagnkvæmt samkomulag um skaðabætur næst ekki, ber að ákvarða hverskyns skaðabætur úr hendi vanefndaraðila með gerð. Komi til vanefnda af hálfu seljanda, þannig að kaupendur eigi rétt á skaðabótum, ber að grundvalla þær á raunverulegu eða áætluðu verðgildi varningsins daginn, sem til vanefnda kom, en það ákvarðist með gerð, ef ekki er gagnkvæmt samið um það, og ekkert það, sem í samningi þessum felst eða hann gefur í skyn, veitir kaupendum rétt til að fá endurgoldnar neinar skaðabætur vegna ágóðataps í sambandi við undirsamninga, sem þeir eða aðrir hafa gert, nema gerðardómsmenn eða áfrýjunarnefndin dæmi slíkar skaðabætur með tilliti til hverskyns sérstakra aðstæðna og algjörlega að eigin vali. Komi til vanefnda í sambandi við afskipun eða afhendingu, ber að reikna skaðabætur, ef einhverjar eru, samkvæmt meðaltali umsamins magns."

Ákvæði 29. gr. GAFTA-samnings nr. 10 eru svohljóðandi:

„29. GERÐ. —

a) Hverskyns deilu, sem rísa kann samkvæmt samningi þessum, ber að jafna með gerð í London samkvæmt gerðardómsreglum Fóðurmjölsfélagsins h/f nr. 125, en reglurnar teljast hluti samnings þessa, og talið er, að báðum samningsaðilum sé kunnugt um þær.

b) Hvorugur samningsaðili né nokkur annar kröfuhafi á þeirra vegum mun höfða mál eða löggerning gegn hinum aðilanum varðandi hverskyns deilu, fyrr en deilumálið hefur komið fyrir gerðardómsmenn, oddamann eða áfrýjunarnefndarmenn eftir því sem við á og verið dæmt af þeim samkvæmt gerðardómsreglunum og sérstaklega er á það fallist og því lýst yfir, að skilyrði fyrir rétti annars hvors samningsaðila eða kröfuhafa á þeirra vegum til að höfða mál eða annan löggerning gegn hinum aðilanum vegna hverskyns deilumáls er, að fenginn sé úrskurður frá gerðardómsmönnum, oddamanni eða áfrýjunarnefnd eftir því sem við á."

Verður að líta svo á, að með ákvæði þessu hafi aðiljar samið um, að ágreiningsmál, sem risu út af samningi þeirra, skyldu til lykta leidd fyrir gerðardómi í London samkvæmt gerðardómsreglum Fóðurmjölsfélagsins h/f, þ. e. GAFTA nr. 125. Er á þessu

byggt af hálfu stefnanda, og hefur það ekki sætt andmælum af hálfu stefnda.

Með yfirlýsingu Jens Jenssonar yfirfiskmatsmanns er leitt í ljós, að sýni úr farmi þeim, sem um er fjallað, voru tekin af manni, sem ekki hafði fengið löggildingu til þess. Er það grundvallaratriði við töku sýna við aðstæður eins og hér er fjallað um, að beitt sé réttum og skipulegum aðferðum. Var taka sýna þessara og þar af leiðandi rannsókn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins ekki réttur grundvöllur vottorðs stofnunarinnar um eiginleika mjöls þess, sem aðiljarnir sömdu um. Össur Kristinsson, efnafræðingur stofnunarinnar, sem að tilhlutan stefnda var sendur til Frederikshavn til að taka sýni úr mjölinu, hefur staðfest fyrir dómi skýrslu sína um ferðina og auk þess borið, að hann sé viss um að hafa tekið sýni úr mjöli því, sem aðiljarnir sömdu um. Er því rétt að leggja til grundvallar niðurstöður rannsókna á sýnum þessum, þegar tekin er afstaða til ágreiningsefnis aðilja í málinu. Fyrir milligöngu Waidtlöw og Hansen var stefnda gerð grein fyrir kröfum þeim, sem stefnandi gerði á hendur honum vegna þess, að eiginleikar mjölsins voru aðrir en um var samið. Er stefndi sinnti því ekki, vísaði stefnandi málinu til gerðardóms GAFTA. Var stefnda tilkynnt það með bréfi GAFTA, dags. 11. desember 1973. Stefndi tilnefndi ekki mann í gerðardóminn. Að beiðni stefnanda tilnefndi GAFTA þá mann til að taka sæti í gerðardóminum af hálfu stefnda, og varð D. Goldwater fyrir valinu. Er gert ráð fyrir slíkri tilnefningu í gerðardómsreglunum, a lið, 2. tl. Verður ekki talið, að D. Goldwater hafi orðið óhæfur til starfsins, þótt hann óskaði eftir gögnum og skýrslum stefnda til afnota fyrir gerðardómsmennina. Í úrskurði gerðardómsmannanna kemur fram, á hverju hann er byggður, þ. e. vottorði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá 5. september 1973. Af hálfu stefnda hefur ekki verið vefengt, að málinu hafi verið réttilega vísað til áfrýjunargerðardómsins af bærum aðilja innan tilskilins frests. Gerðardómsmálin átti að reka fyrir gerðardómi og áfrýjunargerðardómi GAFTA í London, og verður að líta svo á, að þar hafi átt að skiptast á skjölum, sem leggja átti fram. Gátu aðiljar fengið sér umboðsmenn til að koma fram fyrir sína hönd eða mætt sjálfir, en einnig gafst þeim kostur á að skila skýrslum um málsatvik. Af því, sem fram er komið í málinu, þykir ljóst, að fyrirmenn stefnda hafi gert sér grein fyrir kröfum stefnanda á hendur honum. Verður að líta svo á, að stefndi hafi átt kost á að koma málstað sínum á framfæri eftir ákvæði 12.

gr. gerðardómsreglnanna. Í úrskurði áfrýjunargerðardómsins kemur fram, að byggt er á því, að leggja skuli til grundvallar niðurstöður rannsókna á sýnum þeim, sem Össur Kristinsson tók í Frederikshavn. Samkvæmt þeim og með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir ekki í ljós leitt, að þeir annmarkar hafi verið á meðferð málsins fyrir gerðardómi GAFTA, áfrýjunargerðardómi stofnunarinnar eða á úrskurðum þeirra, sem leiði til þess, að ekki verði byggt á úrskurði áfrýjunargerðardómsins frá 28. ágúst 1974. Ber því að leggja hann til grundvallar í málinu. Á blaði því, sem úrskurðurinn er færður á, er áletrun þess efnis, að seljandinn, þ. e. stefndi, skuli greiða £ 190.00 í áfrýjunargjald. Ekki verður séð, að hér sé um að ræða ákvörðun áfrýjunargerðardómsins. Þykir verða að sýkna hann af greiðslu þessarar fjárhæðar. Með vísan til þessa og samkvæmt kröfugerð stefnanda verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða £ 3.732.38 ásamt 10% ársvöxtum frá 5. október 1973 til 5. september 1974 og með 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Við ákvörðun vaxta frá 5. september 1974 telur dómurinn rétt að taka tillit til þess, að höfuðstóll dómkröfunnar er í erlendum gjaldeyri, en ákvarðanir fjármálayfirvalda hér á landi um vexti eru byggðar á þeim sérstöku aðstæðum í peningamálum, sem hér eru ríkjandi.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 550.000.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson borgardómari og meðdómendurnir Jóhann Jakobsson efnaverkfræðingur og Ægir Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Andri h/f, greiði stefnanda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Bjerregaard & Sönner, Fiskeexport A/S, £ 3.732.38 með 10% ársvöxtum frá 5. október 1973 til 5. september 1974 og með 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 550.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. október 1981.

Nr. 159/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Einari Þór Agnarssyni og
Kristjáni Inga Bragasyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Samkvæmt ákæruskjali, er varðar það mál, sem hér er til úrlausnar, voru fjórir menn ákærðir, en héraðsdómi áfrýjað til Hæstaréttar eingöngu að því er snertir tvo þeirra, ákærðu hér fyrir dómi.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í héraðsdómi er málavöxtum lýst og vísað til réttra lagaákvæða um brot ákærðu og um ákvörðun refsinga þeirra.

Refsing ákærða Einars Þórs Agnarssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði og refsing ákærða Kristjáns Inga Bragasonar fangelsi 5 mánuði.

Að öðru leyti á héraðsdómur með skírskotun til forsendna hans að vera óraskaður að því leyti sem honum er áfrýjað til Hæstaréttar.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði Einar Þór Agnarsson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Kristján Ingi Bragason sæti fangelsi 5 mánuði.

Að öðru leyti á héraðsdómur að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. júní 1980.

Ár 1980, föstudaginn 27. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 332-335/1980: Ákæruvaldið gegn Grétari Magnússyni, Einari Þór Agnarssyni, Jóhanni Guðmundssyni og Kristjáni Inga Bragasyni, sem tekið var til dóms 23. þ. m.

Málið er höfðað með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara.

Með ákæruskjali, dagsettu 27. f. m., er höfðað mál á hendur Grétari Magnússyni, áður að Grettisgötu 92, nú að Barmahlíð 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. nóvember 1962, Einari Þór Agnarssyni, Smyrilsvegi 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. september 1960, Jóhanni Guðmundssyni, Marklandi 10, Reykjavík, fæddum þar í borg 12. ágúst 1960, og Kristjáni Inga Bragasyni, Gnoðarvogi 74, Reykjavík, fæddum þar í borg 19. janúar 1962, „fyrir eftirtalin brot framin í Reykjavík, nema annars sé getið:

I.

Gegn ákærða Grétari Magnússyni einum er málið höfðað fyrir að:

1. Taka í heimildarleysi að kvöldi mánudagsins 12. febrúar 1979 ásamt S. J. A. bifreiðina R 16274 við Ljósheima 16 og aka henni undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, um götur borgarinnar og til Keflavíkur og til baka næsta dag.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/ 1969, sbr. lög nr. 52/1978.

2. Fara í heimildarleysi að kvöldi laugardagsins 28. apríl 1979

ásamt V. E. G. inn í bifreiðina R 53851 við bifreiðasöluna Bílamarkaðinn á Grettisgötu og reyna að aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, en lögreglan kom að og hindraði þá félaga í áformi þeirra.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976.

3. Taka í heimildarleysi aðfaranótt föstudagsins 11. maí 1979 ásamt S. S. bifreiðina R 1640 við veitingahúsið Klúbbinn við Borgartún og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, um götur borgarinnar og suður í Kópavog, þar sem ákærði skildi við félaga sinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

4. Taka í heimildarleysi sömu nótt bifreiðina P 1722 við Þverbrekku 2 í Kópavogi og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, til Reykjavíkur, þar sem ákærði skildi við bifreiðina á Rauðarárstíg skammt frá lögreglustöðinni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

5. Stela úr bifreiðinni P 1722 sömu nótt myndavél og seðlaveski.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

6. Taka í heimildarleysi að kvöldi föstudagsins 22. júní 1979 ásamt S. J. bifreiðina R 62934 við Freyjugötu 1 og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, um götur borgarinnar, en akstri lauk á bifreiðastæði við Vonarstræti 10.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

7. Taka í heimildarleysi aðfaranótt sunnudagsins 24. júní 1979 bifreiðina R 27090 við Hörðaland og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, víðsvegar um götur borgarinnar, óvarlega um Borgartún, þar sem ákærði ók utan í ljósastaur, og síðan niður að tjörn og að Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut, en þar skildi ákærði bifreiðina eftir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

8. Taka í heimildarleysi aðfaranótt fimmtudagsins 20. september 1979 bifreiðina R 66409 við Hátún 6 og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, víðsvegar um götur borgarinnar og eftir að lögreglan hóf eftirför, á ofsahraða, m. a. á allt að 160 km hraða miðað við klst. á Breiðholtsbraut, en akstri lauk með því, að ákærði ók á bifreiðina R 1781 við Smáragötu 2, en sú bifreið kastaðist á bifreiðina R 21316.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

9. Taka í heimildarleysi aðfaranótt þriðjudagsins 25. september 1979 bifreiðina R 51933 við Laugaveg 77 og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, um götur borgarinnar, þar til lögreglan náði að stöðva akstur hans við Suðurlandsbraut 16.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

II.

Gegn ákærðu Grétari Magnússyni og Einari Þór Agnarssyni er málið höfðað fyrir að:

1. Taka í heimildarleysi aðfaranótt mánudagsins 18. september 1978 bifreiðina R 31441 við Hvassaleiti 42, og ók ákærði Grétar henni, undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, um næstu götur, en akstri lauk í Brekkugerði með því, að hann ók á bifreiðina R 32685 kyrrstæða móts við hús nr. 2.

Teljast brot beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, en brot ákærða Grétars einnig við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

2. Taka í heimildarleysi aðfaranótt miðvikudagsins 15. nóvember 1978 bifreiðina G 8328 við Nýlendugötu 18, Mýrargötu-

megin, og gangsettu þeir hana í sameiningu, en ákærði Einar Þór ók henni, án ökuréttinda, undir áhrifum áfengis, nokkurn spöl eftir götunni, þar sem umráðamaður bifreiðarinnar kom í veg fyrir frekari akstur hennar.

Teljast brot beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, en brot ákærða Einars Þórs einnig við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

3. Taka í heimildarleysi aðfaranótt föstudagsins 19. janúar 1979 bifreiðina R 44368 við Tungusel 6, og ók ákærði Grétar henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, vestur í bæ, þar sem ákærðu skildu bifreiðina eftir skammt frá heimili ákærða Einars Þórs.

Teljast brot beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, en ákærða Grétars einnig við 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

III.

Gegn ákærðu Grétari Magnússyni og Jóhanni Guðmundssyni er málið höfðað fyrir að taka í heimildarleysi aðfaranótt fimmtudagsins 26. apríl 1979 tvær bifreiðir í Reykjavík og aka þeim til skiptis í Reykjavík og víðar, undir áhrifum áfengis og sviptir ökuréttindum eða rétti til ökuleyfis, fyrst bifreiðina Ö 4731 við Nýlendugötu 29 og skiluðu henni aftur á sama stað, síðar R 50058 við Ránargötu 29, og lauk akstri á Grænuhlíð vegna afskipta lögreglu. Óku ákærðu bifreiðunum óvarlega og af ásettu ráði á hús, m. a. á verslun á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði, ísbúð á Hagamel 67 í Reykjavík og verslun á Bræðraborgarstíg, enn fremur á bifreiðina R 59453 á Bjargarstíg við hús nr. 17.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

IV.

Gegn ákærðu Grétari Magnússyni og Kristjáni Inga Bragasyni er málið höfðað fyrir að:

1. Taka í heimildarleysi aðfaranótt föstudagsins 13. október 1978 bifreiðina R 61168 við Laugarnesveg 38 og aka henni, und-

ir áhrifum áfengis og ákærði Grétar sviptur rétti til ökuleyfis, en ákærði Kristján Ingi án ökuréttinda, til skiptis um götur Reykjavíkur og suður fyrir Hafnarfjörð, þar sem lögreglan stöðvaði akstur þeirra.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. hjá Grétari og 4. mgr. hjá Kristjáni Inga, 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

2. Taka í heimildarleysi að kvöldi mánudagsins 23. október 1978 í félagi við tvo aðra létta bifhjólið R 753 við Nýja Bíó, Lækjargötumegin, og aka því til skiptis um nærliggjandi götur, verandi báðir undir áhrifum áfengis og ákærði Grétar sviptur rétti til ökuleyfis, en ákærði Kristján Ingi án ökuréttinda, en akstri lauk við Urðarstíg 7, en þar skammt frá földu ákærðu hjólið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

3. Taka í heimildarleysi aðfaranótt sunnudagsins 24. júní 1979 bifreiðina R 33551 við Hólmgarð, og ók ákærði Grétar henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, að Óðinstorgi, þar sem vél bifreiðarinnar bilaði.

Teljast brot beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, en ákærða Grétars einnig við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

4. Taka í heimildarleysi síðar sömu nótt bifreiðina R 58352 við Baldursgötu 13 og bifreiðina R 65373 við Fljótasel 13 og aka þeim, báðir undir áhrifum áfengis og ákærði Grétar sviptur rétti til ökuleyfis, en ákærði Kristján Ingi án ökuréttinda, út fyrir borgina um Vífilsstaðaveg og suður að Hvaleyrarvatni, og reyndu þeir með sér í kappakstri á leiðinni, og rákust bifreiðarnar á. Lauk akstri R 58352 á Elliðavatnsvegi, þar sem hún fór út af veginum skammt norðan Lækjarbotna, en akstri R 65373 við sumarbústað við Hvaleyrarholt, þar sem bifreiðinni var ekið á hliðgrind og í gegnum hana.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. hjá Grétari og 4. mgr.

hjá Kristjáni Inga, 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

V.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, ákærðu Grétar Magnússon, Einar Þór Agnarsson og Kristján Ingi Bragason sviptir rétti til að öðlast ökuleyfi og ákærði Jóhann sviptur ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og allir til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Þá er höfðað mál á hendur ákærða Jóhanni einum með ákæruskjali, dagsettu 11. þ. m., „fyrir að taka í heimildarleysi aðfaranótt föstudagsins 29. júní 1979 bifreiðina Í 519 við Otrateig 48 í Reykjavík og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, í Kópavog og Hafnarfjörð og aftur í Kópavog, þar sem ákærði skildi bifreiðina eftir við Kársnesskóla.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og við meðferð málsins og samkvæmt öðru því, sem fram er komið í málinu:

Ákæra dagsett 27. maí 1980.

I.

1. Ákærði Grétar kom mánudagskvöldið 12. febrúar 1979 ásamt öðrum pilti að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 16274, sem stóð við Ljósheima 16 í Reykjavík. Var ákærði að eigin sögn töluvert undir áhrifum áfengis og félagi hans einnig. Ákærði man ekki, hvort bifreiðin var læst eða ólæst, en hann gat ræst hana með húslykli, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ók síðan heimildarlaust á brott, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, niður í miðborg Reykjavíkur, þar sem þeir félagar hittu stúlku úr Keflavík, en hana tóku þeir upp í bifreiðina og óku síðan að húsi við Suðurgötu í Keflavík. Í því húsi

dvöldu þeir félagar um nóttina, en árdegis næsta dag ók ákærði ódrukkinn til baka til Reykjavíkur og kom þangað um hádegisbilið. Yfirgáfu þeir bifreiðina við Gnoðarvog, og þar fannst hún. Ákærði var handtekinn síðar vegna þessa máls.

Eigandi bifreiðarinnar R 16274, Stefán Mogensen, Ljósheimum 16 A í Reykjavík, kærði töku bifreiðarinnar að morgni þriðjudagsins. Hann var ekki viss um, hvort bifreiðin var læst eða ólæst, þegar hún var tekin.

Stefán lagði fram reikninga vegna viðgerðar á gírkassa bifreiðarinnar, að fjárhæð kr. 63.278, en hann kvað gírkassa bifreiðarinnar hafa skemmst, en annað hefði ekki farið úrskeiðis.

Ákærði hefur mótmælt kröfu Stefáns, þar sem gírkassinn hafi verið bilaður, þegar hann tók bifreiðina, en urgað hafi í honum.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákærunnar, að öðru leyti en því, að gegn neitun ákærða verður því ekki slegið föstu, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis á leiðinni til Reykjavíkur. Ber því að sýkna hann af því.

Þessi háttsemi ákærða þykir rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

Þar sem bótakröfunni er mótmælt, og hún er ekki nægjanlega rökstudd, ber að vísa henni frá dómi í máli þessu.

2. Ákærði Grétar settist í heimildarleysi, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, að kvöldi laugardagsins 28. apríl 1979 í ökumannssæti Ford fólksbifreiðarinnar R 53851, sem stóð við bifreiðasöluna Bílamarkaðinn við Grettisgötu í Reykjavík, og tók í sundur kveikjulásþræðina í því skyni að gangsetja bifreiðina til að aka henni heimildarlaust á brott. Ákærði var með félaga sínum umrætt sinn, og settist hann einnig inn í bifreiðina, sem var ólæst. Lögreglan handtók þá félaga, áður en bifreiðin var komin í gang.

Ákærða var ekki tekið blóð í þágu rannsóknar málsins, og engar kröfur eru hafðar uppi á hendur honum vegna þessa af hálfu eiganda bifreiðarinnar.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi framið framangreint brot, sem er rétt fært til refsiákvæða í ákærunni.

3. Ákærði Grétar kom laust eftir miðnætti aðfaranótt föstudagsins 11. maí 1979 einsamall, undir áhrifum áfengis, að Rambler fólksbifreiðinni R 1640, þar sem hún stóð við veitingahúsið

Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík. Bifreiðin reyndist ólæst, og settist ákærði inn í hana og gat ræst hana með húslykli, sem hann hafði meðferðis. Síðan ók hann, sviptur rétti til ökuleyfis, heimildarlaust á brott. Stutt frá veitingahúsinu við Borgartún tók hann upp kunningja sinn, Sigurbjörn Sigurðsson, sem þar var staddur við að reyna að taka aðra bifreið í heimildarleysi. Ákærði ók síðan nokkuð um borgina og suður í Kópavog, en þar kom upp ósætti milli þeirra félaga, og yfirgaf ákærði þá bifreiðina, en félagi hans hélt á brott í henni. Segir ákærði, að bifreiðin hafi ekkert verið farin að skemmast í þeirra höndum.

Sigurbjörn, félagi ákærða, var handtekinn í bifreiðinni næsta morgun klukkan 0630, þar sem hún var þá kyrrstæð á Suðurlandsvegi við Gunnarshólma.

Eigandi bifreiðarinnar, Karl Kristjánsson, Miðtúni 40 í Reykjavík, kvað bifreiðina hafa verið lítils háttar skemmda, þegar hann fékk hana afhenta aftur. Hafði framhöggvari verið lítils háttar dældaður og stefnuljós óvirk. Karl gerði ekki bótakröfu vegna skemmdanna.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um framangreint atferli, sem er rétt fært til refsiákvæða í ákærunni.

4. Ákærði Grétar hélt að Þverbrekku 2 í Kópavogi, þegar hann hafði yfirgefið bifreiðina, og þar kom hann að Ford Cortina fólksbifreiðinni P 1722, sem hann gat opnað og ræst með lykli, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ók síðan þessari bifreið, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, heimildarlaust á brott til Reykjavíkur, en þar lagði hann bifreiðinni á Rauðarárstíg rétt hjá lögreglustöðinni.

Að sögn eiganda bifreiðarinnar, Ingva Þórs Ragnarssonar, skemmdist bifreiðin ekkert í meðferð ákærða, og er því ekki gerð bótakrafa vegna töku hennar.

Þessi háttsemi ákærða er sönnuð með eigin játningu hans, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, og rétt fært til refsiákvæða í ákærunni.

5. Þegar ákærði yfirgaf bifreiðina P 1722, hafði hann á brott með sér og sló eign sinni á myndavél og seðlaveski, sem síðar komst til skila.

Þetta atferli ákærða er sannað með eigin játningu hans, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, og rétt fært til refsiákvæða í ákærunni.

6. Föstudagskvöldið 22. júní 1979, um kl. 22, var ákærði Grétar staddur mikið ölvaður á Freyjugötu í Reykjavík. Við húsið nr. 1 kom hann að Cortina fólksbifreiðinni R 62934, sem var ólæst með kveikjuláslyklinum í að hans sögn, en læst að sögn eigandans. Með ákærða var félagi hans, Svanur Jónsson, Fögrubrekku 31 í Kópavogi. Ákærði ákvað að taka bifreiðina í heimildarleysi og fékk Svan til að koma með sér, þótt hann væri tregur til þess. Ákærði ók síðan heimildarlaust, mikið ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, frá Freyjugötu 1 niður í miðborgina og um hana, þar til hann lagði bifreiðinni á bfreiðastæði við Vonarstræti 10 og yfirgaf hana ásamt félaga sínum.

Ákærði var handtekinn um klukkan 2320 um kvöldið við Austurvöll, en lögreglunni hafði skömmu áður verið tilkynnt um töku bifreiðarinnar, sem fannst um þetta leyti á áðurgreindum stað.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans næstu nótt, klukkan 0110. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hans 1.56‰.

Eigandi bifreiðarinnar R 62934, Jónas Kristjánsson, Freyjugötu 1, sá engar skemmdir á bifreið sinni eftir töku hennar og gerir því enga bótakröfu.

Sannað er með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að hann gerðist sekur um umræddan verknað, sem er rétt færður til refsiákvæða í ákæruni.

7. Aðfaranótt sunnudagsins 24. júní 1979 var ákærði Grétar drukkinn á ferð í Hörðalandi í Reykjavík. Þar í götunni kom hann að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 27090. Ákærði komst inn í bifreiðina, sem hann man ekki, hvort var læst eða ólæst, og gat ræst hana með brotnum lykli, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ók síðan drukkinn og sviptur rétti til ökuleyfis, heimildarlaust á brott og um borgina, en við veitingahúsið Klúbbinn við Borgartún tók hann upp í bifreiðina tvo eða þrjá farþega og ók þeim niður í miðborgina og að Umferðarmiðstöðinni. Í Lækjargötu við Tjörnina ók ákærði að eigin sögn upp á gangstétt og utan í ljósastaur, svo að bifreiðin skemmdist og sprakk á hjólbarða hægra megin að framan. Ákærði skeytti ekki um þetta og hélt viðstöðulaust áfram að Umferðarmiðstöðinni, þar sem hann skildi bifreiðina eftir. Ákærði kannast ekki við að hafa ekið utan í ljósastaur í Borgartúni, en því hafði einn af farþegum hans haldið fram. Bifreiðin fannst við Umferðarmið-

stöðina næsta dag og var mikið skemmd. Samkvæmt skýrslu lögreglumanns, sem skoðaði bifreiðina, var hægra afturbretti, afturstuðari og ljósabúnaður að aftan hægra megin skemmt og bar þess merki, að ekið hafði verið á. Þá voru felgur bæði að aftan og framan skakkar og beygðar og greinilegt, að ekið hafði verið utan í gangstéttarbrúnir.

Eigandi bifreiðarinnar, Einar Örn Hákonarson, Hörðalandi 22 í Reykjavík, kvaðst hafa skilið við bifreiðina læsta kvöldið áður en hún var tekin við heimili hans. Auk áðurgreindra skemmda kvað hann gluggapóst hægra megin í sundur. Af hálfu Einars Arnar hefur verið gerð krafa um 1.500.000 krónur í skaðabætur vegna tjónsins á bifreiðinni. Af hálfu ákærða er kröfunni mótmælt og krafist frávísunar á henni, þar sem hún sé órökstudd og ósundurliðuð.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er háttsemi ákærða í þessum lið ákærunnar sönnuð að öðru leyti en því, að ekki verður slegið föstu, hvort ákærði ók utan í staur í Borgartúni. Allt að einu er háttsemi ákærða í þessum lið ákærunnar rétt færð til refsiákvæða.

Þar sem bótakröfu Einars Arnar er mótmælt, og hún er hvorki sundurliðuð né rökstudd, verður henni vísað frá dómi í máli þessu.

8. Laust eftir miðnætti aðfaranótt fimmtudagsins 20. september 1979 var ákærði að koma einsamall, eitthvað undir áhrifum áfengis, úr Hátúni 6 í Reykjavík. Þar fyrir utan kom hann að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 66409, sem ákærði segir, að hafi verið ólæst, þegar hann athugaði það. Ákærði ákvað að taka bifreiðina í heimildarleysi, og í hanskahólfi hennar fann hann lykil, sem hann gat notað til að ræsa hana með. Ákærði ók síðan heimildarlaust á brott, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, niður í miðborgina, en þar ók hann nokkra hringi. Í Garðastræti eða á Ránargötu ók ákærði utan í jeppabifreið, en sinnti því í engu og ók áfram og m. a. upp í Breiðholt.

Ákærði var að aka suður Reykjanesbraut, þegar hann sá lögreglubifreið, sem fór að aka á eftir honum. Herti ákærði þá ferðina og komst hann á milli 150 og 160 km hraða á Breiðholtsbrautinni undan hallanum. Ákærði hélt áfram um Vogahverfi, Álfheima og um Ármúla fram hjá veitingastaðnum Hollywood. Þar kveðst ákærði hafa ekið fram hjá á löglegum hraða. Ákærði ók síðan áfram og gerði allt, sem hann gat, til að losna undan

lögreglunni, en þó með gætni að eigin sögn, þar sem þess þurfti með. Akstrinum lauk við Smáragötu 2, þar sem ákærði ók á kyrrstæðu bifreiðina R 1781, sem aftur kastaðist á kyrrstæðu bifreiðina R 21316. Hraðaði ákærði sér síðan á brott, en var handtekinn í miðborg Reykjavíkur síðdegis næsta dag.

Á bifreiðinni R 66409 var hægra framhorn mikið dældað og gengið til. Á bifreiðinni R 1781 var vinstra afturhorn mikið dældað, og auk þess var vinstra frambretti og vinstra ökuljós að framan skemmt. Á bifreiðinni R 21316 var afturhöggvari boginn.

Ekki liggja fyrir bótakröfur vegna skemmda þeirra, er ákærði olli umrætt sinn á bifreiðunum þremur.

Famangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans sjálfs, sem styðst við annað það, sem fram er komið í málinu. Varða brot ákærða við lagagreinar þær, er tilgreindar eru í ákæru um þessa háttsemi.

9. Ákærði Grétar var að koma einsamall, talsvert ölvaður, úr húsi við Hverfisgötu í nánd við Barónsstíg aðfaranótt þriðjudagsins 25. september 1979. Hann gekk síðan inn á bifreiðastæðið við Laugaveg 77, og þar settist hann inn í Willys jeppabifreiðina R 51933, sem var ólæst að hans sögn. Ákærði tengdi kveikjulásþræðina, sem voru lausir, og setti bifreiðina þannig í gang. Ákærði ók nú heimildarlaust, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, um Barónsstíg, Skúlagötu, Laugaveg og Suðurlandsbraut, en við húsið nr. 16 við þá götu stansaði ákærði og lögreglumenn handtóku hann.

Ákærði var færður á slysadeild Borgarspítalans og honum tekið þar blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 0255 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.39‰.

Ekki eru hafðar uppi bótakröfur vegna töku ákærða á þessari bifreið, sem ekki er upplýst,, hvort varð fyrir skemmdum eða ekki.

Sannað er með játningu ákærða sjálfs og öðru því, sem fram er komið í málinu, að ákærði hafi gerst sekur um framangreinda háttsemi, sem er rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

II.

1. Ákærðu Grétar og Einar Þór voru aðfaranótt mánudagsins 18. september 1978, eitthvað undir áhrifum áfengis, á ferð við Hvassaleiti 42 í Reykjavík. Þar komu þeir að Ford Cortina fólks-

bifreiðinni R 31441, sem ákærðu komust inn í, en ákærði Grétar segist hafa opnað hana með lykli, sem hann hafði meðferðis. Síðan ræsti ákærði Grétar bifreiðina með sama lykli og ók á brott heimildarlaust, ölvaður og án ökuréttinda. Steig ákærði Grétar á bensíngjöfina, en bifreiðin var sjálfskipt. Ákærði Einar Þór hélt einnig í stýrið, en hann sat fast upp við hlið ákærða Grétars. Þeir óku um nærliggjandi götur, en sáu þá lögregluna í náND. Ákærði Grétar hægði þá ferðina og forðaði sér út úr bifreiðinni eftir að hafa stöðvað hana. Ákærði Einar Þór varð eftir í bifreiðinni, sem fór á stað, um leið og ákærði Grétar sleppti hemlunum og stökk út. Ákærði Grétar fór á brott og sá ekki, hvernig ökuferðinni lyktaði. Stuttu síðar var ákærði Grétar handtekinn af lögreglunni í Stórageröi, en þar lá hann undir mannlausri bifreið. Ákærði Einar Þór gaf sig hins vegar fram við lögregluna. Hafði hann yfirgefið bifreiðina á eftir ákærða Grétari, en bifreiðin síðan lent á kyrrstæðu Volkswagen fólksbifreiðinni R 32685, sem stóð sunnan við Brekkugerði.

Á bifreiðinni R 3144 skemmdist vinstra framaurbretti, svunta og framhöggvari. Á bifreiðinni R 32685 skemmdust vinstra framaurbretti og framhöggvari.

Í þágu rannsóknar þessa máls var ákærða Grétari tekið blóð til alkóhólrannsóknar í slysadeild Borgarspítalans klukkan 0330 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.04‰.

Margrét Þórðardóttir, Hvassaleiti 42 í Reykjavík, eigandi bifreiðarinnar R 31441, gerir kröfu til þess að fá greiddar kr. 110.069 í bætur vegna skemmda á bifreiðinni og hefur lagt sundurliðaða og rökstudda kröfugerð fram.

Kröfu Margrétar hafa ákærðu ekki mótmælt, og þar sem hún er sundurliðuð og rökstudd og þykir í hóf stillt, verður hún tekin til greina, og ber að dæma ákærðu til þess að greiða hana óskipt.

Framangreind háttsemi ákærðu er sönnuð með játningum þeirra beggja og öðru því, sem fram er komið í málinu. Er hún rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

2. Aðfaranótt miðvikudagsins 15. nóvember 1978 voru ákærðu Grétar og Einar Þór staddir drukknir á Nýlendugötu í Reykjavík. Þar komu þeir að Ford Cortina fólksbifreiðinni G 8328, sem stóð Mýrargötumegin við húsið nr. 18 við götuna. Ákærðu voru stuttu áður búnir að ákveða að taka bifreið í heimildarleysi, en ekki man ákærði Grétar, hvor átti uppástunguna að því, en

ákærði Einar Þór kveðst hafa átt uppástunguna að því. Ákærðu komust inn í bifreiðina, en ekki muna ákærðu, hvort hún var læst eða ólæst. Með þeim var stúlka, sem einnig fór inn í bifreiðina. Ákærði Grétar sá um að ræsa bifreiðina, en ekki man hann, hvernig hann gerði það í þetta sinn. Ákærði Einar Þór ók síðan heimildarlaust og án ökuréttinda af stað með þau hin tvö sem farþega. Þegar ákærði Einar Þór var að bakka bifreiðinni, rakst hægri hlið hennar í bifreið, sem stóð fyrir aftan. Ákærði Einar Þór hafði aðeins ekið stuttan spotta, þegar fólk kom á vettvang. Stöðvaði ákærði Einar Þór þá bifreiðina, og reyndu þau öll þrjú að flýja. Tókst ákærða Grétari það og var ekki handtekinn fyrr en næsta dag, en ákærði Einar Þór var handtekinn af manni, sem hljóp hann uppi.

Ákærði Einar Þór var færður á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni til alkóhólrannsóknar, og var honum tekið þar blóð í þessu skyni klukkan 0215 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hans 1.73‰.

Samkvæmt upplýsingum eiganda bifreiðarinnar G 8328 rispaðist og dældaðist öll hægri hlið bifreiðarinnar, en vinstra stuðarahorn bifreiðarinnar R 5222 rispaðist. Engar kröfur liggja fyrir í málinu af hálfu eigenda bifreiðanna.

Með játningu ákærðu beggja og öðrum gögnum málsins er framangreind háttsemi þeirra sönnuð, en hún er rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

3. Aðfaranótt föstudagsins 19. janúar 1979 voru ákærðu Grétar og Einar Þór að koma drukknir úr samkvæmi í húsi við Tungusel í Reykjavík. Ákærði Grétar nennti ekki að ganga niður í borgina, og ákváðu þeir félagar að taka bifreið í heimildarleysi. Við Tungusel 6 komu þeir að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 44368, sem ákærði Grétar gat opnað, en ekki man hann hvernig, en bifreiðina ræsti hann síðan með lykli, sem hann hafði meðferðis.

Ákærði Grétar ók nú heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, vestur í borgina, en þar skildu þeir félagar við bifreiðina skammt frá Smyrilsvegi. Mál þetta upplýstist ekki fyrr en löngu síðar.

Eigandi bifreiðarinnar, Stefán Þorbergsson, Laugavegi 98 í Reykjavík, upplýsir, að bifreiðin hafi ekkert skemmst í meðförum ákærðu, og gerir hann engar kröfur í málinu.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað,

sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þetta ákæruatriði, sem er rétt fært til refsiákvæða í ákærunni.

III.

Ákærðu Grétar og Jóhann voru staddir drukknir aðfaranótt fimmtudagsins 26. apríl 1979 á Nýlendugötu í Reykjavík, og höfðu þeir verið um nóttina við áfengisdrykkju hingað og þangað og síðast í húsi við Nýlendugötu.

Ákærðu ákváðu að taka í heimildarleysi Ford Mustang bifreiðina Ö 4731, sem stóð við Nýlendugötu 29. Bifreiðin var ólæst, og gat ákærði Grétar ræst hana með einhverju járni, sem hann fann í bifreiðinni. Ákærði Grétar ók nú heimildarlaust, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, á brott til Hafnarfjarðar. Þar ók ákærði Grétar af ásettu ráði á dyr að verslun á Hvaleyrarholti, svo að þær létu undan. Segir ákærði Jóhann, að ákærði Grétar hafi átt uppástunguna að því. Ákærðu fóru inn í verslunina. Telur ákærði Jóhann, að þeir hafi slegið þar eign sinni á eitthvað af vindlingum, en ákærði Grétar man ekki eftir því. Ákærði Grétar ók nú til baka til Reykjavíkur, en úr Kópavogi í Bústaðahverfi í Reykjavík ók ákærði Jóhann undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Þaðan ók ákærði Grétar og vestur á Hagamel. Ákærðu ákváðu það í sameiningu, að ákærði skyldi aka bifreiðinni á dyr ísbúðar að Hagamel 67 í því skyni að komast þar inn til að leita peninga. Þetta tókst, og létu dyrnar undan. Ákærðu fóru síðan inn í búðina, en tóku þar ekki neitt að eigin sögn. Eftir þetta ók ákærði Grétar bifreiðinni áfram og nú að verslun á Bræðraborgarstíg, og þar ók ákærði Grétar enn á dyrnar til að sprengja þær upp og tókst það. Fór ákærði Jóhann síðan inn í leit að þýfi, en ákærði Grétar beið í bifreiðinni. Ákærði Jóhann tók að eigin sögn ekkert úr versluninni.

Ákærði Jóhann segir, að ákærði Grétar hafi ekið utan í bifreið, þegar hann ók bifreiðinni Ö 4731 af Óðinsgötu inn á Bjargarstíg. Ákærði Grétar viðurkenndi þetta hjá rannsóknardeild lögreglunnar, en mundi ekki eftir því, að þetta hefði komið fyrir, þegar hann gaf skýrslu við meðferð málsins. Hann vefengir það þó ekki.

Bifreið sú, sem ekið var á umrædda nótt, var Lada fólksbifreiðin R 59453. Samkvæmt lögregluskýrslu um athugun á bifreiðinni voru báðar hurðir á hægri hlið talsvert dældaðar, og einnig var hægra frambretti lítillega dældað. Vottaði lítillega fyrir lit af Lada bifreiðinni á stuðara Mustang bfreiðarinnar.

Eftir að ákærðu höfðu farið með Mustang bifreiðina á sama stað, fóru þeir niður á Ránargötu, en við húsið nr. 29 við þá götu komu þeir að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 50058. Ákærðu ákváðu að taka bifreiðina í heimildarleysi. Ákærði Grétar kveðst telja bifreiðina hafa verið opna og hafi hann ræst hana með húslykli sínum. Ákærði Jóhann telur ákærða Grétar hins vegar hafa opnað og ræst bifreiðina með járnplötu. Ákærðu héldu nú heimildarlaust á brott í bifreiðinni, og ók ákærði Grétar henni, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, um götur í næsta nágrenni, en einhvers staðar í vesturborginni urðu ákærðu þess varir, að lögreglan var á eftir þeim. Hófst nú eftirför, og ók ákærði Grétar sem hann mátti til að sleppa undan lögreglunni, sem náði ákærðu í Grænuhlíð, eftir að þeir höfðu yfirgefið bifreiðina í innkeyrslu þar í götunni.

Ákærða Grétari var tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans klukkan 0645 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hans 0.75‰.

Eigandi bifreiðarinnar Ö 4731, Sighvatur Cassata, Nýlendugötu 29 í Reykjavík, hefur lagt fram sundurliðaða og rökstudda bótakröfu að fjárhæð kr. 653.564 vegna skemmda, sem urðu á bifreiðinni. Þá hefur eigandi bifreiðarinnar R 50058, Valdimar Eiríksson, Silfurteigi 5 í Reykjavík, sett fram skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 33.800 vegna skemmda á felgum á bifreiðinni.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í þessum kafla ákærunnar og þar þykir rétt færð til refsiákvæða að öðru leyti en því, að háttsemi ákærða Jóhanns, sem ekki er upplýst, að hafi ekið óvarlega, varðar að því er hann snertir ekki við 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

Ákærðu hafa báðir samþykkt framangreindar kröfur, sem þykja rökstuddar, sundurliðaðar og í hóf stillt. Ber því að taka þær til greina og dæma ákærðu til þess að greiða þær óskipt.

IV.

1. Ákærði Grétar var staddur undir áhrifum áfengis aðfaranótt föstudagsins 13. október 1978 á Laugarnesvegi í Reykjavík. Við Laugarnesveg 38 kom ákærði að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 61168, sem hann ákvað að taka í heimildarleysi. Bifreiðin var ólæst, en hana ræsti ákærði, að hann minnir, með hús-

lykli sínum. Ákærði ók síðan heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, að horni Grettisgötu og Barónsstígs, en þar lagði hann bifreiðinni og hélt heim til ákærða Kristjáns Inga og vakti hann. Ákærði Kristján Ingi ók bifreiðinni síðan frá umræddum stað heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, um götur Reykjavíkur og suður fyrir Hafnarfjörð, þar sem lögreglan stöðvaði þá félaga og handtók nokkru fyrir klukkan 4 um nóttina. Vissi ákærði Kristján Ingi um hina heimildarlausu töku bifreiðarinnar, áður en hann hóf akstur hennar.

Í þágu rannsóknar þessa máls var ákærðu báðum tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans, ákærða Kristjáni Inga klukkan 0445, en ákærða Grétari klukkan 0505. Samkvæmt niðurstöðu þessara rannsókna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða Grétars 0.99‰, en í blóði ákærða Kristjáns Inga 1.68‰.

Bifreiðin reyndist óskemmd, og eru engar ótakröfur hafðar uppi vegna töku hennar.

Samkvæmt framburðum ákærðu er ósannað, að ákærðu hafi báðir átt í upphafi aðild að töku bifreiðarinnar, sem sannað er með framburðum þeirra beggja og öðru því, sem fram er komið í málinu, að þeir notuðu báðir heimildarlaust og óku til skiptis, eins og nánar er rakið í ákæru. Er háttsemi þeirra rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

2. Ákæðu Grétar og Kristján Ingi voru staddir ásamt tveim öðrum piltum fyrir utan Nýja Bíó, Lækjargötumegin, að kvöldi mánudagsins 23. október 1978. Fyrir utan húsið var létta bifhjólið R 753, sem ákærði Grétar gangsetti heimildarlaust og ók síðan, ölvaður og sviptur rétti til ökuleyfis, stuttan spotta, en síðan tóku aðrir við og óku til skiptis að Urðarstíg 7. Á þessari leið ók ákærði Kristján Ingi stuttan spotta undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus. Ákærði Grétar faldi síðan hjólið í húsasundi skammt frá, að eigin sögn. Ákærðu voru ekki handteknir fyrr en næsta dag.

Ekki er upplýst um skemmdir á hjólinu eða hvar það fannst.

Þessi háttsemi er sönnuð með framburðum ákærðu og öðru því, sem fram er komið, og er rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

3. Ákærðu Grétar og Kristján Ingi voru staddir drukknir í Hólmgarði í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 24. júní 1979, eftir að ákærði Grétar hafði skilið bifreiðina R 27090 eftir við Umferðarmiðstöðina, sbr. I. kafla, 7. lið. Komu þeir félagar

að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 33551, sem ákærði Grétar man ekki, hvort var læst eða ólæst, en ákærða Kristján Inga minnir, að hafi verið ólæst. Ákærði Grétar gat ræst bifreiðina með brotnum lykli, sem hann hafði meðferðis. Síðan ók ákærði Grétar bifreiðinni heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, niður í borgina með ákærða Kristján Inga sem farþega. Á Laugavegi fór að rjúka úr bifreiðinni, og lagði ákærði Grétar henni þá á bifreiðastæði við bókabúð Máls og menningar eða einhvers staðar ekki langt frá Óðinstorgi.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um framangreinda háttsemi, sem er rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

Ottó Svavar Victorsson, Hólmgarði 41 í Reykjavík, eigandi bifreiðarinnar R 33551, hefur gert kröfu til þess að fá greiddar 370.000 krónur í skaðabætur vegna skemmda á vél bifreiðarinnar, sem hafi að mati Ögmundar Runólfssonar bifvélavirkja sennilega brætt úr sér og hringir á stimplum ofhitnað. Þurfi því að gera vélina upp. Frekar er skaðabótakrafa ekki rökstudd, og ekki liggur fyrir sundurliðun kröfunnar. Af hálfu ákærðu er krafist frávísunar á kröfunni, þar sem hún sé órökstudd og ósundurliðuð.

Með hliðsjón af þeim rökum, sem færð eru fram fyrir kröfu um frávísun kröfunnar, ber að vísa henni frá sakadómi.

4. Eftir að ákærðu höfðu skilið við bifreiðina R 33551, héldu þeir að Baldursgötu 13, og þar komu þeir að Ford Cortina fólksbifreiðinni R 58352, sem þeir ákváðu að taka í heimildarleysi. Ákærðu komust inn í bifreiðina, og gat ákærði Grétar ræst hana með sama brotna lyklinum. Hann ók síðan heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, um götur borgarinnar og upp í Breiðholt. Með þeim félögum hafði verið frá því í Hólmgarðinum stúlka, og sat hún aftur í bifreiðinni. Við Fljótasel 13 ákváðu ákærðu að taka í heimildarleysi Ford Cortina fólksbifreiðina R 65373, svo að ákærðu gætu báðir ekið, en fram að þessu hafði ákærði Kristján Ingi ekki gert það.

Ákærðu muna ekki, hvort bifreiðin R 65373 var læst eða ólæst, en hana ræsti ákærði Grétar með sama lykli og áður og ók henni síðan heimildarlaust á brott með stúlkuna sem farþega, en ákærði Kristján Ingi tók við stjórn bifreiðarinnar R 58352 og ók henni heimildarlaust, ölvaður og án ökuréttinda. Þeir óku síðan um Breiðholtshverfið, um Vífilsstaðaveg og suður að Hvaleyrar-

vatni, hvor á eftir öðrum. Á þessari leið þreyttu ákærðu með sér kappakstur, og rákust bifreiðarnar saman undir lokin. Einhvers staðar á þessum slóðum missti ákærði Kristján Ingi bifreiðina R 58352 út af veginum, en þó valt hún ekki. Henni var þó ekki hægt að aka áfram, en hjólbarði hafði sprungið.

Ákærði Kristján Ingi fór nú yfir í hina bifreiðina og tók við stjórn hennar og ók henni að lokum í gegnum járnhlið að sumarbústað við Hvaleyrarvatn. Nokkru eftir klukkan 8 næsta morgun voru þau öll þrjú handtekin af lögreglunni í Hafnarfirði við sumarbústað við Hvaleyrarvatn.

Í þágu rannsóknar þessa máls var ákærðu báðum tekið blóð til alkóhólrannsóknar á lögreglustöðinni í Hafnarfirði af Haraldi Dungal lækni, sem tók ákærða Grétari blóð klukkan 0938 um morguninn, en ákærða Kristjáni Inga klukkan 1007. Samkvæmt niðurstöðu þessara rannsókna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða Grétars 1.30‰, en ákærða Kristjáns Inga 2.97‰.

Samkvæmt skýrslu annars tveggja lögreglumanna, sem handtóku ákærðu, var hægri hurð og hliðarrúða í bifreiðinni R 58352 brotin. Þá var undirvagn bifreiðarinnar mikið skemmdur, felgur dældaðar og viftuspaði brotinn. Á bifreiðinni R 65373 var vinstra frambretti talsvert dældað, hægra frambretti lítillega dældað, bæði stefnuljós að framan brotin og lítil dæld í hægri framhurð. Þá var búið að rífa í sundur hlíf utan um stýrisstöngina, og kveikjulásinn lá á gólfinu. Í dældinni á vinstra frambretti mátti greina lit svipaðan lit bifreiðarinnar R 58352.

Eigendur bifreiðanna, Ingi K. Magnússon, Baldursgötu 13, eigandi bifreiðarinnar R 58352, og Guðmundur Vignir Ingvarsson, Fljótaseli 13, eigandi bifreiðarinnar R 65373, hafa haft uppi bótakröfur vegna skemmda á bifreiðunum. Krefst hinn fyrrnefndi bóta að fjárhæð kr. 676.000, en hinn síðarnefndi að fjárhæð kr. 711.940, auk hæstu lögleyfðra vaxta frá 1. júlí 1979 til greiðsludags. Báðar byggjast kröfurnar á sundurliðuðu mati á skemmdum þeim, sem urðu á bifreiðunum.

Framangreind háttsemi ákærðu er sönnuð með játningum þeirra beggja, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, og er rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

Þar sem áðurgreindum tveim kröfum er ekki mótmælt og þeim þykir í hóf stillt, ber að taka þær til greina og dæma ákærðu Grétar og Kristján Inga til þess að greiða þær óskipt, en vísa ber frá vaxtakröfu Inga, þar sem ekki er getið hverra vaxta sé krafist.

Ákæra dagsett 11. júní 1980.

Aðfaranótt föstudagsins 29. júní sl. var ákærði Jóhann staddur eitthvað undir áhrifum áfengis á Hrísateigi í Reykjavík, en ákærði hfaði verið við áfengisdrykkju hingað og þangað kvöldið áður og þá um nóttina.

Annað hvort á Hrísateigi eða við Otrateig kom ákærði að Ford Cortina fólksbifreiðinni Í 519, sem hann gat opnað og ræst með lykli, sem hann hafði meðferðis.

Ákærði ók síðan heimildarlaust, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, á brott í Kópavog og Hafnarfjörð og aftur í Kópavog, þar sem hann skildi bifreiðina eftir við Kársnesskóla. Síðan hélt hann að Kársnesbraut 99 ásamt stúlku, sem hann hafði tekið upp í bifreiðina í ökuferðinni. Dvaldi hann þar fram á næsta dag.

Engar kröfur eru hafðar uppi á hendur ákærða vegna töku bifreiðarinnar, sem skemmdist ekkert.

Þessi háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans, sem studd er öðru því, sem fram er komið í málinu, og rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

Samkvæmt sakavottorðum ákærða og öðrum upplýsingum hafa þeir sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærði Grétar:

1978 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/5 1978.

1978 Reykjavík: Uppvís að broti á 1. mgr. 259. gr. og 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/5 1978.

1978 18/9 Reykjavík: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 10 mánuði.

1979 5/9 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1979 23/8 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga, 25. gr., 27. gr. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.

1979 16/11 Reykjavík: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1980 29/1 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi, skilorðsbund-

ið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr., hegningarlaga.

1980 31/1 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði Einar Þór:

1977 25/3 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1977 29/12 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1977 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1977.

1978 18/4 Vestmannaeyjum: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 8/6 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 29/7 Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 25/8 Reykjavík: Sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot á 120. gr. hegningarlaga.

1978 28/12 Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 28/12 Reykjavík: Dómur: 30 daga vraðhald, skilorðsbundið í 2 ár, og 100.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 15 mánuði frá 28/12 1978.

1979 20/1 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1979 3/3 Hafnarfirði: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1979 12/3 Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1979 3/4 Reykjavík: Ávana og fíkn.: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1979 1/8 Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár frá 28/3 1980.

1979 1/8 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Refsiákvörðun frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1979 5/9 Reykjavík: Dómur: 100.000 kr. sekt og 30 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur heimild til ökuréttinda í 1 ár frá dómsbirtingu.

1979 25/10 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

1979 19/11 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 252. gr. hegningarlaga.

1980 31/1 Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1980 18/2 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 254. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1980 13/3 Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi og 100.000 kr. sekt fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til ökuréttinda í 2 ár frá 13/3 1980.

1980 12/5 Reykjavík: Dómur: 15 daga fangelsi og 100.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til ökuréttinda 3 ár frá birtingu dómsins að telja (hegningarauki).

Ákærði Jóhann:

1977 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 5/4 1977. Frestun ákæru birt 26/4 1977.

1977 1/6 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Refsiákvörðun frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1978 9/3 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr., 254. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 26. gr., 27. gr. og 37. gr., 41. gr. og 48. gr. umferðarlaga. (Dómur frá 1/6 1977 tekinn með).

1979 8/3 Reykjavík: Ávana og fíkn.: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1979 2/11 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 254. gr. hegningarlaga.

1979 21/12 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga (hegningarauki). Sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 12/12 1978.

Ákærði Kristján Ingi:

1977 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1977.

1978 25/11 Reykjavík: Sátt, 16.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1978 7/11 Hafnarfirði: Sátt, 30.000 kr. sekt fyrir brot á 157. gr. hegningarlaga og 11. gr., 25. gr., 27. gr. og 80. (svo) mgr. 60. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá 7/11 1978.

1978 17/12 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1979 11/1 Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1979 1/8 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Refsiákvörðun frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1979 23/8 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga.

1979 19/11 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1980 29/1 Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga, 24. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 4 mánuði frá 29/1 1980.

1980 29/1 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1980 18/2 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1980 5/2 Reykjavík: Ávana og fíkn.: Sátt, 120.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1980 12/5 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð refsing.

Með atferli því, er um ræðir í 8. og 9. lið I. kafla ákærunnar frá 27. f. m., hefur ákærði Grétar rofið skilorð dómsins frá 23. ágúst sl., en hin skilorðsbundna refsing samkvæmt þeim dómi hefur verið felld inn í skilorðsbundnu refsinguna samkvæmt dóminum frá 29. janúar sl. Verður ákærða nú ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 60. gr. þeirra laga verður felld inn í þennan dóm

refsing sú, sem ákærða var ákvörðuð með dóminum frá 29. janúar sl. Með hliðsjón af ungum aldri ákærða annars vegar, en hins vegar vegna þess, hversu ákærði hefur oft brotið af sér, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að seta ákærða Grétars í gæsluvarðhaldi, annars vegar frá 25. júní f. á., klukkan 1630, til 4. júlí sl., klukkan 1500, eða 9 daga, og hins vegar frá 25. september sl., klukkan 2230, til 18. október sl., klukkan 1420, eða 23 daga, samtals 32 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Við athugun á refsidómi ákærða Einars Þórs frá 19. nóvember sl. verður ekki séð, að tekin sé afstaða til þeirra skilorðsdóma á hendur ákærða, sem upp höfðu verið kveðnir fyrir þann tíma. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, að sami maður eigi nema einn skilorðsdóm í einu, þykir þó rétt að leggja það til grundvallar, að refsing samkvæmt skilorðsdómunum sé innifalin í hinu 4 mánaða fangelsi, sem ákærði var dæmdur í umrætt sinn, enda er skilorðsdóma þessara getið í dóminum. Verður ákærða nú ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Refsing ákærða Jóhanns verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Refsing ákærða Kristjáns Braga (sic) verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Kristján Ingi sat í gæsluvarðhaldi frá 25. júní, frá klukkan 1705, til 4. júlí sl., klukkan 1500, eða samtals 9 daga. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að þessi gæsluvarðhaldsvist ákærða komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Grétar þykir hafa unnið sér til þess að verða sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Vegna þess hversu mörg brot ákærða eru og stórfelld, þykir bera að svipta hann ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði Einar Þór þykir hafa með háttsemi sinni unnið sér til þess að verða sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákærunni og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, en þar sem ákærði var sviptur rétti til þess að öðlast

ökuleyfi í 3 ár með dóminum frá 12. maí sl., þykir eigi ástæða til að ákveða frekari sviptingu þessa réttar, enda eru ákærða nú ákvörðuð viðurlög með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, eins og áður er fram komið.

Ákærði Jóhann þykir með háttsemi sinni, sem rakin var, hafa unnið sér til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákærunum og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að gera honum sviptingu ökuréttinda í 6 mánuði til viðbótar fyrri sviptingu, og miðast sviptingin við uppkvaðningu dómsins.

Ákærði Kristján Ingi hefur með háttsemi sinni unnið sér til þess að verða sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða til viðbótar fyrri sviptingu þessum rétti í 18 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Dómsorð:

Ákærði Grétar Magnússon sæti fangelsi í 1 ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 32 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærðu Einar Þór Agnarsson og Jóhann Guðmundsson sæti hvor um sig fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Kristján Ingi Bragason sæti fangelsi í 3 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 9 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði Grétar er sviptur ævilangt rétti til þess að öðlast ökuleyfi.

Ákærði Jóhann er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði Kristján Ingi er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 18 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærðu Grétar og Einar Þór greiði Margréti Þórðardóttur, Hvassaleiti 42 í Reykjavík, óskipt 110.069 krónur í skaðabætur.

Ákærðu Grétar og Jóhann greiði í skaðabætur óskipt Sighvati Cassata, Nýlendugötu 29 í Reykjavík, 653.564 krónur og Valdimar Eiríkssyni, Silfurteigi 5 í Reykjavík, 33.800 krónur.

Ákærðu Grétar og Kristján Ingi greiði í skaðabætur óskipt Inga K. Magnússyni, Baldursgötu 13 í Reykjavík, 676.000 krónur og Guðmundi Vigni Ingvarssyni, Fljótaseli 13 í Reykjavík, 711.940 krónur.

Ákærði Grétar greiði skipuðum verjanda sínum, Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærðu Einar Þór og Kristján Ingi greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni héraðsdómslögmanni, óskipt 120.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði Jóhann greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 80.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærði Grétar að hálfu, en hinir ákærðu að 1/6 hluta hver.

Fimmtudaginn 22. október 1981.

Nr. 158/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Inga Bragasyni
(Páll S. Pálsson hrl.)
og
Magnúsi Helga Kristjánssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Samkvæmt ákæruskjali voru fimm menn ákærðir, en héraðsdómi eingöngu áfrýjað til Hæstaréttar að því er tvo þeirra varðar, ákærðu hér fyrir dómi.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Í héraðsdómi er málavöxtum lýst og vísað til réttra lagaákvæða um brot ákærðu og um ákvörðun refsingar þeirra að öðru leyti en því, að eigi þykir eiga að ákveða refsingu ákærða Kristjáns Inga Bragasonar með hliðsjón af 78. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að öðru leyti á héraðsdómur með skírskotun til forsendna hans að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Dæma ber ákærða Kristján Inga Bragason til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur, og ákærða Magnús Helga Kristjánsson til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið skotið til Hæstaréttar.

Ákærði Kristján Ingi Bragason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. júlí 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 15. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakdaómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 382-385/1980: Ákæruvaldið gegn Bjarna Sigurðssyni, Magnúsi Helga Kristjánssyni, Kristjáni Inga Bragasyni og Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Í máli þessu, sem höfðað er með ákæru, dags. 30. maí sl., eru ákærðir:

1 *Bjarni Sigurðsson*, Karfavogi 54, Reykjavík, nú refsifangi, fæddur 18. júní 1961 í Reykjavík,

2 *Magnús Helgi Kristjánsson,* Hverfisgötu 102 B, Reykjavík, fæddur 3. maí 1955 í Reykjavík,
3 *Kristján Ingi Bragason,* Gnoðarvogi 74, Reykjavík, nú refsifangi, fæddur 19. janúar 1962 í Reykjavík,
4 *Sigurður Markús Sigurðsson,* Suðurgötu 16, Akranesi, nú gæslufangi, fæddur 22. júlí 1961 í Reykjavík.

Málið var auk þess höfðað gegn Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, (sbr. ákæruliði II og III), en sakir þess, að hann er horfinn úr landi, hefur málinu verið skipt, og verður þáttur hans dæmdur síðar í sérstöku máli.

Sakarefni er svo lýst í ákæru:

„I. Ákærðu Bjarna, Kristjáni Inga og Sigurði Markúsi er gefið að sök skjalafals og þjófnaður með því að hafa, laugardaginn 29. desember 1979, stolið seðlaveski með tékkhefti og 500 kr. úr íbúð að Asparfelli 12 í Reykjavík og hafa síðan í félagi falsað og selt úr heftinu þrjá tékka, útgefna þann dag til handhafa á reikninga í Landsbanka Íslands, svo sem rakið er:

Nr. 3481806, reikn. 3472, kr. 4.000, með nafni Sverris Sveinssonar, sem ákærði Sigurður Markús ritaði, greiðsla til Einars Pálssonar bifreiðarstjóra fyrir leiguakstur um Reykjavík.

Nr. 3481808, reikn. 8602, kr. 4.500, með nafni Sverris Ásmundssonar, sem ákærði Kristján Ingi ritaði, seldur í versluninni Stefnumóti, Laugavegi 32, Reykjavík.

Nr. 3481807, reikn. 734, kr. 6.000, með nafni Garðars Jakobssonar, sem ákærði Bjarni Sigurðsson ritaði, seldur í veitingahúsinu Aski við Laugaveg í Reykjavík.

Telst atferli ákærðu, eins og því er lýst hér að framan, varða við 244. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærðu Kristjáni Inga og Sigurði Stefáni eru gefnir að sök tveir innbrotsþjófnaðir í Reykjavík aðfaranótt þriðjudagsins 3. apríl 1980.

— Með því að hafa brotist inn í Ísbúðina, Laugalæk 6, brotið upp peningakassa, stolið úr honum 1.400 krónum, ennfremur slegið eign sinni á útvarpstæki og etið matvæli af birgðum verslunarinnar.

— Með því að hafa brotist inn í kjallaraíbúð að Glaðheimum 8 og stolið 175.000 krónum í peningum, ljósmyndavél og útvarpstæki.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákærðu Magnúsi Helga og Sigurði Stefáni er gefið að sök að hafa, aðfaranótt laugardagsins 12. apríl 1980, farið inn í íbúð að Efstasundi 67 í Reykjavík og stolið 34.300 krónum í peningum og tveimur vindlingapökkum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Ákærða Kristjáni Inga er gefið að sök að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 27. febrúar 1980, brotist inn í verslunina Skeifuna við Tryggvagötu í Reykjavík og stolið allt að 20 vindlingapökkum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

V. Ákærða Sigurði Markúsi eru gefin að sök þjófnaðarbrot og ölvun á almannafæri á Akranesi, svo sem rakið er:

1) Með því að hafa í ölæði brotið tvær rúður í húsinu nr. 23 við Suðurgötu, aðfaranótt laugardagsins 20. desember 1979.

2) Með því að hafa síðar um nóttina smogið inn um glugga á húsinu nr. 8 við Sóleyjargötu og stolið allt að 14.000 krónum úr veski, sem ákærði fann þar, tveimur vindlingapökkum og kveikjara.

3) Með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. desember 1979 í ölæði brotið fjórar rúður í húsinu nr. 69 við Vesturgötu.

4) Með því að hafa sunnudagskvöldið 4. maí 1980 brotið rúðu í ölæði í húsinu nr. 14 við Laugarbraut.

5) Með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 5. maí 1980 brotist inn í hús Pósts og síma við Kirkjubraut og leitað að verðmætum til þess að stela.

Telst atferli ákærða, eins og því er lýst í liðum 1, 3 og 4, varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, en í lið 2 við 244. gr. almennra hegningarlaga og í lið 5 við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

VI. Þá eru ákærða Sigurði Markúsi gefnar að sök nytjatökur á Breiðdalsvík aðfaranótt sunnudagsins 10. júní 1979:

Með því að taka í heimildarleysi bifreiðina U 2805 við Selnes 36 og aka henni þar til hún festist í for við Braga verbúð.

Með því síðan að taka í heimildarleysi bifreiðina U 1992 við Sólbakka 11 og aka henni nokkurn spöl aftur á bak.

Telst þetta atferli ákærða varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

I. Síðdegis laugardaginn 29. des. 1979 fóru ákærðu Bjarni,

Kristján Ingi og Sigurður Markús saman inn í ólæsta forstofu að íbúð í Asparfelli 12, og úr vasa á jakka, sem hékk þar, tók Sigurður seðlaveski, er í voru um 500 kr. í peningum og tékk hefti. Fóru ákærðu síðan út. Um kvöldið notuðu þeir sameiginlega þrjá tékka ritaða á eyðublöð úr heftinu. Ritaði hver ákærðu einn tékka. Er tékkunum að öllu leyti rétt lýst í ákæru svo og því, hvernig ákærðu notuðu tékkana. Ákærðu voru handteknir um kvöldið, er þeir voru að koma út úr versluninni Stefnumóti, þar sem þeir höfðu selt 4.500 kr. tékka. Kristján hafði á sér veski það, sem Sigurður Markús hafði tekið í Asparfelli 12. Það var eign Eddu Hilmarsdóttur, Dvergabakka 24, er hafði verið gestkomandi í Asparfelli 12. Hún fékk veskið með tékkheftinu til baka. Þá kemur einnig fram, að bifreiðarstjóri sá, sem tók við 4.000 kr. tékkanum, hafi fengið 2.100 kr. endurgreiddar við rannsókn málsins.

Af hálfu eiganda veskisins, Eddu Hilmarsdóttur, Dvergabakka 24, er engin krafa gerð, en kröfugerðir af hálfu eigenda tékkanna eru í rannsóknargögnum málsins svo vanbúnar, að þær verða ekki teknar til úrlausnar í máli þessu.

II. Aðfaranótt þriðjudagsins 8. apríl sl. var innbrot framið í Ísbúðina, Laugalæk 6. Samkvæmt framburði ákærða Kristjáns Inga framdi hann þetta innbrot ásamt ákærða Sigurði Stefáni Almarssyni. Kveðst Kristján Ingi hafa spennt upp dyrnar með ísexi. Þeir hafi síðan fengið sér að borða og Sigurður Stefán hafi tekið með sér nokkuð af peningum, eða um 1.400 kr., en sjálfur kveðst Kristján hafa tekið útvarpstæki. Með það fóru þeir félagar síðan inn í Glaðheima, og skildi Kristján tækið þar eftir.

Sömu nótt var innbrot framið í hús nr. 14 í Glaðheimum (ekki í 8 eins og segir í ákæru). Brotin var rúða í útihurð að íbúð í kjallara og rótað í skápum, hillum og skúffum og tekið útvarpstæki, ljósmyndavél og um 175.000 kr. í peningum. Lögregluþjónar, sem komu á staðinn, handtóku ákærða Kristján Inga skömmu síðar. Hann hefur kannast við, að hann hafi brotist inn í nefnda íbúð í félagi við Sigurð Stefán og hafi það verið Sigurður Stefán, sem braut rúðuna og opnaði síðan. Kveðst Kristján Ingi hafa tekið með sér útvarpstæki (magnara) og vafið innan í kápu og farið með þetta út á leikvöll, þar sem hann hafði áður skilið eftir tæki það, sem hann hafði tekið í ísbúðinni. Sigurður Stefán hafi tekið myndavél og vera megi, að hann hafi tekið peninga, en um það kveðst Kristján Ingi ekki hafa vitað.

Tækin fundust, þar sem þeim hafði verið komið fyrir, og var komið til skila.

Svo sem áður var frá greint, hefur Sigurður Stefán ekki komið fyrir dóm í máli þessu, en skýrslur, sem teknar voru af honum við rannsókn málsins, eru í fullu samræmi við framburð ákærða Kristjáns Inga. Hefur Sigurður Stefán þar kannast við þátttöku sína í báðum innbrotunum. Hann hefur skýrt frá því, að hann hafi tekið peningafúlgu í íbúðinni í Glaðheimum, en af henni skilaði hann einungis 2.700 kr. Myndavélin hefur komist til skila.

Ástvaldur Guðmundsson, Glaðheimum 8, gerði kröfu um, að ákærðu yrðu dæmdir til greiðslu á 172.300 kr. Eins og hér stendur á, þar sem þáttur Sigurðar Stefáns verður ekki dæmdur í málinu, og ekki er fyrir hendi skýrsla tekin af honum fyrir dómi, þykir ekki fært að taka kröfu þessa til úrlausnar í þessu máli að því er varðar Kristján Inga.

III. Snemma morguns laugardaginn 12. apríl sl. vaknaði Valgerður Lárusdóttir, Efstasundi 67, kjallara, við það, að maður var kominn inn í svefnherbergi hennar og var að gera sig líklegan til að fara þar inn í skáp. Valgerður fór fram úr rúminu og hörfaði maðurinn þá út. Valgerður hringdi þá til lögreglu og síðar í dóttur sína, en meðan hún var að tala í símann, varð hún vör við annan mann, sem var þar á bak við hurð. Sá maður fór síðan út. Lögregluþjónar, sem komu á vettvang, handtóku ákærða Magnús Helga skömmu síðar við strætisvagnastöð skammt frá, en búningur hans svaraði til lýsingar Valgerðar á manni þeim, er síðar fór út úr íbúð hennar.

Ákærði Magnús Helgi hefur kannast við, að hann hafi ásamt ákærða Sigurði Stefáni farið inn í húsið Efstasund 67. Hann telur sig ekki hafa farið inn í þjófnaðarskyni, heldur hafi verið um ölæðisrugl að ræða. Hann kveðst ekki muna, hvernig það atvikaðist, að þeir fóru þarna inn, en man eftir sér inni í íbúðinni. Hann man og eftir, er hann var handtekinn.

Samkvæmt vætti Valgerðar Lárusdóttur og lögregluþjóna þeirra, sem handtóku Magnús Helga, skýrði Valgerður þeim frá því strax og þeir komu, að milli 30 og 40 þús. kr. hefðu verið teknar úr veski sínu. Þá bera lögregluþjónarnir, að þeir hafi við leit á Magnúsi fundið 34.500 kr., er þeir hafi afhent Valgerði. Einnig fundu þeir á honum tvo pakka af sígarettum og afhentu Valgerði, sem taldi sig sjá það við athugun, að sígarettupakkar hefðu horfið úr skáp í eldhúsinu.

Ákærði Magnús Helgi telur sig ekkert muna til þess, að verðmæti þessi hafi fundist á honum.

Skýrsla, sem ákærði Sigurður Stefán Almarsson gaf fyrir rannsóknarlögreglu, er í samræmi við framburð Magnúsar Helga. Í skýrslunni segir, að hann muni ekki, hvernig það kom til, að þeir fóru þarna inn, en tilgangurinn hljóti að hafa verið að reyna að stela einhverju. Magnús Helgi hafi farið inn um opinn glugga og opnað síðan útidyrnar. Sigurður Stefán kveðst hafa farið inn í svefnherbergi til þess að fara þar í skáp, en kona, sem svaf í herberginu, hafi vaknað og þá hafi hann komið sér út úr húsinu, en Magnús Helgi orðið eftir. Þá segir í skýrslu Sigurðar Stefáns, að hann hafi séð Magnús Helga opna skáp í eldhúsinu og taka þar sígarettupakka.

IV. Aðfaranótt miðvikudagsins 27. febr. sl. braut ákærði Kristján Ingi nokkrar rúður í veitingastofunni Skeifunni við Tryggvagötu og fór þar inn í þjófnaðarskyni. Hann tók þarna nokkra pakka af sígarettum og hafði á brott með sér. Ákærði braut fjórar rúður með hnefanum og hlaut við það skurð á hendi.

V. Sannað þykir með framburði ákærða Sigurðar Markúsar og öðrum gögnum, að hann hafi aðfaranótt laugardagsins 8. des. 1979 (ekki 20. des. eins og segir í 1. lið þessa kafla ákærunnar) brotið tvær rúður í húsinu nr. 23 við Suðurgötu á Akranesi. Kveðst ákærði hafa unnið verk þetta í ölæði. Síðar sömu nótt braust ákærði inn í húsið nr. 8 við Sóleyjargötu á Akranesi með þeim hætti, að hann skreið inn um glugga á baðherbergi. Hann tók þarna kveikjara, tvo sígarettupakka og peninga, sem hann sjálfur telur hafa numið 13—14.000 kr. Í gögnum málsins kemur fram, að eigandi hússins telur 25.000 kr. hafa horfið, en eins og ákæru er varið, verður miðað við, að ákærði hafi tekið um 14.000 kr.

Aðfaranótt laugardagsins 15. des. 1979 braut Sigurður Markús í ölæði fjórar rúður í húsinu nr. 69 við Vesturgötu á Akranesi. Þar býr bróðir hans ásamt sambýliskonu sinni.

Sunnudagskvöldið 4. maí sl. braut Sigurður Markús í ölæði rúðu í húsinu Laugarbraut 14 á Akranesi, þar sem móðir hans býr. Þaðan fór hann síðan að húsi Pósts og síma við Kirkjubraut, braut þar tvær rúður og fór inn í því skyni að eigin sögn að finna eitthvað fémætt, en ekki hafði hann neitt á brott með sér, er til kom.

Út af brotum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, hefur ein krafa komið fram, svo sem er úr garði gerð, að hún verði tekin

til úrlausnar í málinu. Er hún frá Pósti og síma, Akranesi, og er á þessa leið:

Vinnulaun (Trésmiðjan Akur)	62.957 kr.
Gler (Glerslípun Akraness)	35.580 kr.
Rimlagluggatjöld, áætlun	10.000 kr.
Samtals	108.537 kr.

Kröfu þessari mótmælir ákærði Sigurður Markús ekki.

Kröfugerðir húsráðenda á Suðurgötu 23 og Sóleyjargötu eru í rannsóknargögnum málsins svo óljósar, að þær urðu ekki teknar til meðferðar í málinu.

VI. Aðfaranótt sunnudagsins 10. júní 1979 var ákærði Sigurður Markús staddur á Breiðdalsvík og hafði komið þangað af Stöðvarfirði, þar sem hann hafði verið á balli. Þykir sannað, að hann hafi þessa nótt tekið tvær bifreiðar í heimildarleysi í Breiðdalsvík og ekið þeim nokkuð. Samkvæmt framburði ákærða fór hann fyrst inn í fólksbifreið og ók henni nokkurn spöl, en festi hana þá í leðju og gat ekki losað hana. Eftir það fór hann inn í Landroveréppa, sem kveikjuláslyklar stóðu í, og setti hann í gang, en hafði einungis hreyft hana lítið eitt, er eigandinn kom að og rak ákærða út úr bifreiðinni.

Samkvæmt gögnum málsins var hér um að ræða fólksbifreiðina U 2805, af gerðinni Lada, árg. 1974, en sú bifreið fannst, þar sem hún hafði fest í aurleðju, og U 1995, og var það eigandi hennar, Ari Guðmundsson, sem kom að ákærða og rak hann burt. Gögn málsins benda til þess, að það hafi verið eftir að ákærði tók U 1995 sem hann tók U 2805 og ók henni, en eins og áður segir, kveðst ákærði hafa verið búinn að festa Lada bifreiðina, áður en hann reyndi að taka hina.

Við rannsókn málsins greiddi ákærði bætur vegna skemmda á U 2805 á þann veg, að útgerðarmaður, sem ákærði var í skipsrúmi hjá, dró bótafjárhæðina, 62.849 kr., af launum ákærða.

NIÐURSTÖÐUR.

Með framburði ákærðu Bjarna, Kristjáns Inga og Sigurðar Markúsar og öðrum gögnum þykir sannað, að þeir hafi framið brot þau, sem talin eru í ákæru I, II og IV—VI og eru þar færð rétt til refsiákvæða.

Enn fremur er sannað, að ákærði Magnús Helgi fór inn í húsið Efstasund 67 að morgni laugardagsins 12. apríl. Samkvæmt vætti Valgerðar Lárusdóttur hvarf peningaupphæð úr veski

hennar, enn fremur sígarettupakkar, og samkvæmt vætti tveggja lögregluþjóna fannst á ákærða tilsvarandi fjárhæð og tveir sígarettupakkar, er ákærði gerði ekki grein fyrir og telur sig við meðferð máls þessa ekkert muna eftir. Þykir þannig verða að telja sannað, að ákærði hafi tekið verðmæti þessi, og hefur hann með því unnið til refsingar skv. 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu hafa allir sætt áður refsidómum.

Á árinu 1976 var ákæru á hendur ákærða Bjarna frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

25. jan. 1979. Ákvörðun um refsingu fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár.

28. mars 1979. 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi og auk þess 150.000 kr. sekt fyrir nytjastuld og ölvun við akstur (fyrri skilorðsdómur tekinn upp og mál dæmt í einu lagi).

1. ágúst 1979. 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og ölvun við akstur.

5. sept. 1979. Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

19. nóv. 1979. 4 mánaða fangelsi fyrir rán.

22. nóv. 1979. Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

31. jan. 1980. Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

29. apríl 1980. 3 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og þjófnað.

Brot þau, sem ákærði Bjarni er nú dæmdur fyrir, eru framin fyrr en tveir síðustu refsidómar hans eru upp kveðnir. Svo sem áður segir, var ákærði dæmdur í 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi 28. mars 1979, en verið dæmdur sex sinnum síðar. Ekki verður ráðið af sakavottorði, hvort skilorðsdómurinn hefur verið tekinn upp. Er dómarnir eru athugaðir, sést, að dómarinn hefur ekki tekið skýra afstöðu til þessa atriðis í neinum dómanna, en þó þykir vera ljóst, að refsing skv. dóminum 28. mars hafi aldrei verið tekin upp. Hér er þess að gæta, að öll þau brot, sem um ræðir í dómum þeim, sem upp hafa verið kveðnir eftir 28. mars 1979, eru framin á árinu 1978.

Með brotum þeim, sem Bjarni framdi 29. des. 1979, hefur hann rofið skilorð það, sem honum var sett í dóminum 28. mars 1979, og verður hann skv. 60. gr. alm. hegningarlaga dæmdur í einu lagi í refsingu fyrir öll brotin og gætt ákvæða 77. gr. og einnig

78. gr. alm. hegningarlaga. Refsingin verður ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Magnús Helgi varð 1971 uppvís að þjófnaðarbrotum, en refsingu var frestað skilorðsbundið. Sakavottorð hans greinir frá sams konar afgreiðslu á máli á árinu 1972. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

25. maí 1973. 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir árás, þjófnað og eignaspell.

Sama dag 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað (refsing skv. fyrri dóminum tekin þar upp).

11. des. 1973. 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir nytjastuld og ölvun við akstur.

31. okt. 1974. 10 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot.

30. sept. 1975. 12 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals og þjófnað. (Staðf. í Hæstar. 1. apríl 1976).

3. nóv, 1976. 1 mánaðar fangelsi fyrir þjófnað.

7. des. 1978. 80 þús. kr. sekt fyrir ölvunarakstur.

10. okt. 1979. 360 þús. kr. sekt fyrir ölvunarakstur o. fl.

Samkvæmt sakavottorðinu var Magnúsi Helga veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 53 daga fangelsi, hinn 7. apríl 1979. Reynslutíminn hefur verið eitt ár, og eru eftirstöðvarnar því niður fallnar.

Refsing ákærða Magnúsar Helga verður með hliðsjón af ferli hans ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Kristján Ingi varð 1977 uppvís að þjófnaði, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

1. ágúst 1979. Ákvörðun um refsingu fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið.

23. ágúst 1979. 1 mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir nytjastuld.

19. nóv. 1979. 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.

29. jan. 1980. 4 mán. fangelsi fyrir árás og þjófnað.

18. febr. 1980. 1 mánaðar fangelsi fyrir þjófnað.

12. maí 1980. Sakfelldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.

27. júní 1980. 3 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld (fjögur brot framin 1978 og 1979).

Auk þess hefur Kristján sæst á greiðslu sekta, m. a. fyrir ölvunarakstur og fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. og 78.

gr. alm. hegningarlaga 5 mánaða fangelsi. Kristján Ingi sætti gæsluvarðhaldi 8. til 15. apríl sl., og verður sú vist dregin frá refsingu hans, þ. e. 7 dagar.

Á árinu 1977 var ákæru á hendur ákærða Sigurði Markúsi frestað skilorðsbundið, en með dómi, uppkveðnum 18. febr. sl., var ákvörðun um refsingu á hendur honum fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár. Í dóminum er ákærði sakfelldur fyrir 13 þjófnaðarbrot framin á árinu 1978.

Bot þau, sem Sigurður Markús er nú dæmdur fyrir, eru framin fyrir þann tíma, nema þau brot, sem greind eru í 4. og 5. lið V. kafla ákæru. Með þeim hefur hann rofið skilorð dómsins, og verður honum nú dæmd í einu lagi refsing fyrir öll brotin, sbr. 60. gr. alm. hegningarlaga. Refsingin verður með hliðsjón af 77. og einnig af 78. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 10 mánuði. Hann verður dæmdur til greiðslu bóta til Pósts og síma, Akranesi, sbr. V hér að framan.

Ákærðu verða allir dæmdir in solidum til greiðslu sakarkostnaðar, nema hvað Magnús Helgi greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Sigurðsson sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Kristján Ingi Bragason sæti fangelsi 5 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 7 daga.

Ákærði Sigurður Markús Sigurðsson sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærði Sigurður Markús greiði Pósti og síma, Akranesi, 108.537 kr.

Ákærði Magnús Helgi greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 kr. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Fimmtudaginn 22. október 1981.

Nr. 164/1980. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Soffaníasi Cecilssyni og
Birni Kristjáni Ásgeirssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Ákæra. Ómerking dóms að hluta og máli að því leyti vísað frá héraðsdómi. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn lögum nr. 12/1975. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkharður Másson, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Dómkröfur af þess hálfu eru þær, að „hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar refsingu hinna ákærðu, þó þannig, að sektarfjárhæðir verði færðar upp til samræmis við þróun á gengi gullkrónu frá dómsuppsögu héraðsdóms", og að ákærðu verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar fyrir báðum dómum.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í I. tl. ákæruskjals er mál höfðað gegn báðum ákærðu, „Soffaníasi sem eiganda og útgerðarmanni vélbátsins Grundfirðings II., SH 124, og Birni Kristjáni sem skipstjóra bátsins . . . vegna fimm veiðiferða bátsins til skelfiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands á Breiðafirði í nóvember 1979, án þess að ákærðu hefðu fengið til þeirra veiða tilskilið leyfi". Er síðan getið um veiðiferðir bátsins og aflamagn í hverri þeirra. Ekki er greint, hvert var andlag brots ákærða Soff-

aníasar, sem honum var gefið að sök, og er óljóst komist að orði, í hverju brot ákærða Bjarna Kristjáns, sem honum er sök á gefin, var fólgið. Þykir lýsing á brotum ákærðu, er í þessum tölulið ákæru getur, eigi fullnægja kröfum 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976. Ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því er þessi ákæruatriði varðar og vísa málinu að því leyti frá héraðsdómi.

II.

Í II. tl. ákæruskjals er ákærða Soffaníasi gefið að sök „að taka framangreindan skelfiskafla til vinnslu í eigin fiskverkunarstöð í Grundarfirði án tilskilins vinnsluleyfis og þrátt fyrir synjun sjávarútvegsráðuneytisins á umsókn ákærða til skelvinnslu í Grundarfirði, sem honum hafði verið tilkynnt um þann 19. janúar 1979". Segir síðan í ákæru, að brot ákærða Soffaníasar, sem í II. tl. greinir, teljist varða við 2. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 12/1975. Í 1. málslið 2. gr. laga þessara segir: „Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar afkastagetu þeirra, sem fyrir eru." Hvorki í lagagrein þessari né 1. gr. laganna er minnst á vinnsluleyfi, og getur 2. greinin ekki átt við verknaðarlýsingu í þessum tölulið ákæruskjals. Verður ákærði Soffanías Cecilsson samkvæmt því, er nú var greint, sýknaður af sakargiftum þessa töluliðar ákæruskjals.

Að svo vöxnu máli ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærðu í héraði, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur að því er varðar I. tölulið ákæruskjals, og er málinu að því leyti vísað frá héraðsdómi.

Ákærði Soffanías Cecilsson á að vera sýkn af ákæruatriði því, er greinir í II. tölulið ákæruskjals.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur, og skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Sigurgeirs Jónssonar.

I.

Við teljum ekki, að verknaðarlýsingu í 1. lið ákæruskjals sé svo áfátt, að hinn áfrýjaði dómur verði af þeim sökum ómerktur að því er þann ákærulið varðar og þeim þætti ákæru vísað frá sakadóminum. Gat ákærðu ekki dulist, hver sá verknaður var, sem þeir voru saksóttir fyrir, og vörn af þeirra hendi hefur í engu orðið áfátt vegna óglöggrar verknaðarlýsingar í ákæruskjali. En þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að ómerkja beri héraðsdóminn að því er varðar þennan ákæruþátt og vísa málinu að því leyti frá héraðsdómi, eru ekki efni til, að við fjöllum um sekt eða sýknu ákærðu eða um viðurlög að því er til hans tekur.

II.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um II. lið ákæruskjals og dómi þeirra að öðru leyti en greint var undir I hér að framan.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 19. nóvember 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ákæruvaldið höfðað með ákæru, dags. 17. nóvember 1979, á hendur Soffaníasi Cecilssyni útgerðarmanni, Hlíðarvegi 2, fæddum 3. maí 1924, og Birni

Kristjáni Ásgeirssyni skipstjóra, Sæbóli 22, fæddum 5. maí 1926, báðum fæddum í Grundarfirði og búsettum þar, fyrir brot á reglugerð um skelfiskveiðar nr. 78 6. febrúar 1978 og á lögum nr. 12 25. apríl 1975 um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

I. Gegn báðum ákærðu, Soffaníasi sem eiganda og útgerðarmanni vélbátsins Grundfirðings II., SH 124, og Birni Kristjáni sem skipstjóra bátsins, er málið höfðað vegna fimm veiðiferða bátsins til skelfiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands á Breiðafirði í nóvember 1979, án þess að ákærðu hefðu fengið til þeirra veiða tilskilið leyfi, en veiðiferðir bátsins og skelfiskafli í hverri veiðiferð var sem hér segir: 8. nóvember 2170 kg, 9. nóvember 3990 kg, 11. nóvember 4000 kg (landað að morgni næsta dags), 12. nóvember 4100 kg og 13. nóvember 3700 kg, allur lagður upp í Grundarfirði til vinnslu í fiskverkunarstöð ákærða Soffaníasar.

II. Gegn ákærða Soffaníasi er málið höfðað fyrir að taka framangreindan skelfiskafla til vinnslu í eigin fiskverkunarstöð í Grundarfirði án tilskilins vinnsluleyfis og þrátt fyrir synjun sjávarútvegsráðuneytisins á umsókn ákærða til skelvinnslu í Grundarfirði, sem honum hafði verið tilkynnt um þann 19. janúar 1979.

Brot ákærðu, sem í I. lið greinir, teljast varða við 1. gr., sbr. 7. gr. i. f. nefndrar reglugerðar um skelfiskveiðar, sbr. 1., 3. og 4. gr. áðurnefndra laga nr. 12/1975 og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948, en brot ákærða Soffaníasar, sem í II. lið greinir, teljast varða við 2. gr., sbr. 4. gr. sömu laga nr. 12/1975, sbr. — að því er báða ákæruliði varðar — 4.—6. gr. laga nr. 101/1976 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 49.—51. gr.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu hafa hvorugir áður sætt kærum eða refsingum, svo vitað sé.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 8. nóvember 1979, kl. 1100, tilkynnti ákærði Soffanías Jóni B. Jónssyni, fulltrúa í sjávarútvegsráðuneytinu, að hann mundi senda bát sinn, m/b Grundfirðing II, SH 124, til skelfiskveiða eftir hádegi þann dag.

Sjávarútvegsráðuneytið óskaði eftir því við sýslumannsembættið, að kannað yrði, hvort verið væri að vinna skelfisk í fisk-

verkun ákærða í Grundarfirði. Lögreglurannsókn fór fram 8. nóvember, og í ljós kom, að Gundfirðingur II, SH 124, hafði landað 8. nóvember 2170 kg af skelfiski, og hafði kaupandi skelfisksins verið fiskverkun ákærða Soffaníasar, en ekki hafði enn verið hafin vinnsla á aflanum.

Með símskeyti til sýslumanns 9. nóvember 1979, sent frá Reykjavík kl. 1540, óskaði sjávarútvegsráðuneytið eftir opinberri rannsókn á málinu að því er varðaði meint brot ákærðu á reglugerð nr. 78 6. febrúar 1978 um skelfiskveiðar.

Mánudaginn 12. nóvember 1979 óskaði sjávarútvegsráðuneytið eftir því í símskeyti til sýslumanns, sendu frá Reykjavík kl. 1645, að opinber rannsókn færi fram á því, hvernig vinnslu skelfiskaflans væri háttað, þar sem fiskverkun Soffaníasar Cecilssonar hefði verið synjað um leyfi til að setja á fót skelvinnslu í Grundarfirði.

Fyrir sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 13. nóvember 1979 viðurkenndu ákærðu brot sín.

Ákærði Soffanías kvaðst hafa sótt um leyfi til skelfiskveiða til sjávarútvegsráðuneytisins 10. janúar 1979, en aldrei fengið svar við þeirri umsókn. Ákærði kveðst hins vegar hafa fengið synjun um leyfi til skelfiskvinnslu hinn 19. janúar 1979. Ákærði kvaðst vita, að leyfi sjávarútvegsráðuneytisins þarf til þess að koma á fót skelvinnslu, en hann taldi sig hafa átt skelvinnslu frá árinu 1970, eða 5 árum áður en lög nr. 12 frá 25. apríl 1975 tóku gildi. Ákærði segir þessa skelvinnslu hafa unnið að mestu rækju, en lítillega verið þróaða til vinnslu á skelfiski. Ákærði vann allmikið magn af skelfiski á árunum 1970—1973 samhliða rækjunni, eða 24170 kg árið 1970, 19607 kg árið 1971, 182579 kg árið 1972 og 164312 kg árið 1973. Síðan hefur ekki verið unninn skelfiskur í fiskverkun ákærða. Árið 1976 lætur ákærði smíða tæki til skelfiskvinnslu, svonefndan hristara, og lánar þetta tæki til skelvinnslu í Stykkishólmi. Árið 1976 lætur ákærði smíða nýtt tæki til skelvinnslu, svonefndan sjóðara. Það tæki ásamt hristaranum, sem fenginn var aftur frá Stykkishólmi, voru sett upp í fiskverkun ákærða í Grundarfirði og tengd tækjum þeim, sem þar voru fyrir. Ákærði segir þessa tækjaaukningu hafa verið að mestu vegna orkusparnaðar og hafi verið nánast lítilfjörlegt viðhald á gömlu vinnslustöðinni. Ekki hafi verið unninn skelfiskur, hörpudiskur, í fiskverkun ákærða í um 2 ár, þegar sett voru lög nr. 12 frá 25. apríl 1975 um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum. Ákærði

hafði fengið leyfi til hörpudisksveiða fyrir tvo báta 30. nóvember 1977, og voru leyfi háð því skilyrði m. a., að hörpudiskafla bátanna væri landað og hann unninn til manneldis í viðurkenndri skelfiskvinnslustöð á leyfissvæðinu. Ákærði notaði ekki þessi leyfi.

Ekki hefur ákærði fengið leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til aukningar á afkastagetu vinnslustöðvarinnar, sem hann segir, að sé fyrir hendi, og ekki hefur komið fram, að hann hafi fengið leyfi framleiðslueftirlits sjávarafurða til vinnslu á skelfiski, eftir að lög nr. 12/1975 voru sett.

Fram kemur í greinargerð ákærðu, að ákærði Soffanías ásamt Sigurði Helgasyni hæstaréttarlögmanni hafi átt viðræður við tvo fulltrúa í sjávarútvegsráðuneytinu, og segir í greinargerð, að báðir fulltrúarnir hafi á fundi í september 1979 gert sér grein fyrir því, að ekki væri um að ræða nýja vinnslustöð hjá ákærða, heldur aðeins óverulegar endurbætur á vinnslu. Einnig hafi komið í ljós, að ekkert væri til fyrirstöðu að veita báðum skipunum eða bátunum leyfi til skelfiskveiða, ef þeir leggðu upp aflann hjá annarri hvorri stöðinni í Stykkishólmi.

Ákærði Soffanías viðurkennir að hafa ekki fengið leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til skelfiskveiða. Segist hann ekkert svar hafa fengið frá ráðuneytinu við beiðni sinni frá 10. janúar 1979. Kveðst hann líta á það sem samþykki á umsókninni. Á þau rök verður ekki fallist.

Ákærði Björn Kristján hefur játað fyrir sakadómi að hafa farið fimm veiðiferðir á m/b Grundfirðingi II., SH 124, til skelfiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands á Breiðafirði í nóvember 1979, nánar tiltekið norð-norð-vestur af Melrakkaey í mynni Grundarfjarðar, án þess að hafa fengið til þess tilskilið leyfi og veitt í þeim veiðiferðum 17960 kg af hörpudiski, sem síðan var unninn í fiskverkun ákærða Soffaníasar.

Ákærðu höfðu báðir lýst því yfir hinn 13. nóvember 1979, að þeir mundu halda áfram skelfiskveiðum, ef ekki væri einkennisklæddur (borðalagður) maður við bátinn, sem tilkynnti þeim, að þeim væri bönnuð áframhaldandi skelfiskveiði. Var því talið nauðsynlegt að hafa lögreglumann á vakt við bátinn, ekki til þess að beita valdi, heldur til þess að tilkynna ákærðu um bannið, ef þeir hygðust haida út til skelfiskveiða.

Ákærðu hafa báðir lýst því yfir, að þeir muni halda áfram skelfiskveiðum, um leið og lögreglumenn hverfa frá bátnum, þar sem hann liggur í Grundarfjarðarhöfn.

Með eigin framburði ákærða Björns Kristjáns og að öðru leyti með hliðsjón af gögnum málsins telst sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brot það, sem í ákæruskjali greinir og þar er réttilega fært til lagaákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 600.000 kr. sekt til ríkissjóðs.

Með eigin framburði ákærða Soffaníasar og að öðru leyti með hliðsjón af gögnum málsins telst sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brot þau, er í ákæruskjali greinir og þar eru réttilega færð til lagaákvæða.

Þykir refsing ákærða Soffaníasar hæfilega ákveðin 1.200.000 kr. sekt til ríkissjóðs.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 250.000.

Dómsorð:

Ákærði Soffanías Cecilsson greiði kr. 1.200.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði Björn Kristján Ásgeirsson greiði kr. 600.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. október 1981.

Nr. 172/1980. **Guðni Aðalsteinsson**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur
(enginn)
og
ríkissaksóknara til réttargæslu
(Jónatan Sveinsson saksóknari).

Skaðabótakröfu í opinberu máli vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Með héraðsdómi 13. desember 1979, sem upp var kveðinn í sakadómi Ólafsfjarðar, var Inga Eyfjörð Sigurðardóttir sýknuð af kröfu ákæruvalds um refsingu, og jafnframt var hún sýknuð af bótakröfu Guðna Aðalsteinssonar, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi. Sakarkostnaður var lagður á ríkissjóð.

Guðni Aðalsteinsson áfrýjaði þeim þætti héraðsdóms, sem lýtur að úrlausn um bótakröfu hans á hendur Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur, sbr. 2. málsgr. 147. gr. laga nr. 74/1974, með áfrýjunarstefnu 19. september 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann þess, að héraðsdómi „verði hrundið að því leyti er tekur til skaðabótahliðar málsins" og verði bótakröfu Guðna Aðalsteinssonar vísað frá héraðsdómi. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði.

Stefnda hefur eigi sótt þing fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ríkissaksóknara var sótt þing fyrir Hæstarétti, en engar kröfur voru uppi hafðar af hans hendi.

Héraðsdómari sýknaði Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur af refsikröfu ákæruvalds vegna íkveikju í bifreiðarskúr, er áfrýjandi, Guðni Aðalsteinsson, átti. Samkvæmt 146. gr., 3.

málsgr., laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 bar héraðsdómara að svo vöxnu að vísa skaðabótakröfu áfrýjanda á hendur stefndu Ingu frá héraðsdómi. Ber því að þessu leyti að taka til greina kröfu áfrýjandans Guðna hér fyrir dómi.

Í máli þessu verður eigi dæmt um kröfu um, að málskostnaður verði dæmdur úr ríkissjóði, enda er fyrirsvarsmönnum ríkissjóðs eigi stefnt í málinu.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu áfrýjandans, Guðna Aðalsteinssonar, á hendur stefndu, Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur, er vísað frá sakadómi Ólafsfjarðar.

Dómur sakadóms Ólafsfjarðar 13. desember 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. nóv. sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, útgefnu 13. ágúst 1979, á hendur Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur húsmóður, Hlíðarvegi 16 á Ólafsfirði, fæddri 2. ágúst 1936 á Akureyri, fyrir stórfelld eignaspjöll samkvæmt 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979 lagt eld í bílskúr Guðna Aðalsteinssonar, Hlíðarvegi 18 á Ólafsfirði, sem stóð vestan við hús Guðna, og gereyðilagðist bílskúrinn, sem var skarklætt timburhús á steyptum sökkli, ásamt bifreiðinni Ó 235, tveim bifhjólum, tjaldvagni og margvíslegu lausafé öðru, sem geymt var í skúrnum, þannig að tjónið nam samanlagt 9.106.698 kr. samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Af hálfu lögmanns ákærðu er þess krafist, að ákærða verði sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og sér verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979, kl. 0305, barst lögreglunni í Ólafsfirði tilkynning um, að eldur væri laus í bílskúr við hús nr. 18 við Hlíðarveg, eign Guðna Aðalsteinssonar. Er lögreglan kom á staðinn, var bílskúrinn alelda, en hann er úr timbri, flatarmál um 32 m^2, og stendur nokkra metra í vestur frá íbúðarhúsinu. Slökkvilið kom á staðinn innan 10 mínútna, og tók slökkvistarf um klukkustund. Skúr-

inn var þá allur fallinn. Flak af bifreið var í rústunum, einnig sást þar flak vélhjóls og tjaldvagns. Allt annað, sem í skúrnum hafði verið, virtist ónýtt.

Síðast gekk um skúrinn sonur húsráðanda, 16 ára gamall, Birgir Guðnason. Var það um kl. 2330 kvöldið fyrir brunann. Setti hann vélhjól sitt og skíðaútbúnað inn fyrir bílskúrshurðina á suðurgafli skúrsins. Ekki kvaðst hann hafa haft eld um hönd né farið neitt um skúrinn. Lokaði hann síðan skúrnum tryggilega.

Eldsupptök voru óljós, en eiganda skúrsins virtist eldur vera mestur í norðvesturhorni skúrsins, er hann kom að, en þar var gluggi með brotnu gleri, og fyrir gatinu var einangrunarplast.

Raflögn var í skúrnum. Leitað var álits Ara Eðvaldssonar rafvirkjameistara á því, hvort kviknað hefði í út frá rafmagni. Taldi hann það útilokað. Raflögn væri öll í plaströrum og dósum og auk venjulegra öryggja svokallaður lekaleiðir á kerfinu, sem væri þannig gerður, að neistahlaup ætti ekki að geta átt sér stað.

Við athugun á vettvangi og nágrenni hans kom í ljós slóð fótspora, sem lágu að og frá umræddum glugga á skúrnum.

Slóð þessi lá að húsi nr. 16 við Hlíðarveg og virtist liggja að dyrum austan á því húsi. Í þessu húsi bjuggu hjónin Frank Herlufsen og ákærða.

Spor þau, sem áður er getið, kveður lögreglan vera um 28 cm löng, 9 cm breið í hæl og 10.5 cm í tá. 6—7 grófar rifflur framan til og 4 í hæl, sem slitnar voru sundur um miðju.

Lögreglumennirnir Sigurður Björnsson og Stefán Einarsson börðu að dyrum að húsi nr. 16 við Hlíðarveg. Ákærða kom til dyra, klædd náttkjól og sjáanlega töluvert ölvuð. Ekki vildi hún koma á lögreglustöðina og ræða við lögreglu og kvaðst að fyrra bragði ekkert vita um eldsupptök í bílskúrnum. Kvaðst hún vera nývöknuð. Til húsbóndans sást ekkert, en ákærða taldi vænlegra að tala við hann. Var mál hennar ruglingslegt.

Guðni Aðalsteinsson, Hlíðarvegi 18, gaf skýrslu hjá lögreglu um 2 klst. eftir að tilkynnt var um brunann. Kvað hann ákærðu hafa komið á heimili sitt um kl. 1800 kvöldið fyrir brunann og óskað eftir, að farið yrði fyrir hana í verslun til að kaupa rafhlöður. Kona sín hafi sent son þeirra fyrir hana. Kvað hann ákærðu svo hafa komið aftur í heimsókn um kl. 1830 og hafi hún þá óskað eftir því, að sér yrði ekið heim til séra Úlfars Guðmundssonar, þar sem eiginmaður hennar væri búinn að vera

drukkinn í heila viku og þyrfti hún að fá aðstoð prestsins. Sagði Guðni, að ákærða hefði verið alldrukkin. Þá sagði hann, að ákærða hefði spurt sig, hvort hann væri nokkuð vondur út í hana. Sagðist hann hafa sagt við hana, að raunar væri hann það, því slíkt ónæði, sem þau væru búin að gera sér og fjölskyldu sinni, væri orðið óþolandi. Að þessu loknu fór ákærða heim til sín, en Guðni kvaðst hafa farið á fund niður í Tjarnarborg, en þar hafi hann fengið skilaboð frá konu sinni að koma heim strax, þar sem eitthvað væri að. Var þá klukkan 2030.

Kvaðst hann hafa farið heim og með sér hafi farið séra Úlfar Guðmundsson til að huga að ástandi á heimilinu, sem ekki var búið að vera alltof gott undanfarið sökum ölvunar.

Guðni sagði, að er hann kom heim, hafi sonur sinn, Birgir, sagt sér, að eiginmaður ákærðu, Frank Herlufsen, hefði kallað í sig og beðið sig fyrir skilaboð til sín þess efnis, að hann ætlaði að koma í heimsókn til að „slíta af mér hausinn", eins og hann mun hafa orðað það.

Sagði hann, að séra Úlfar hefði dvalið hjá þeim hjónum allengi og hann hafi heyrt frá öðrum, að hann muni ekki hafa farið þaðan fyrr en kl. 0030.

Rétt fyrir kl. 0300 hafi kona sín vakið sig og sagt sér, að bílskúrinn stæði í björtu báli. Í sama mund og hann var kominn í fötin, var bankað á forstofudyr hússins, en enginn var fyrir utan, er opnað var. Hann hafi hins vegar tekið eftir nýjum förum í snjónum, sem lágu frá dyrunum og að húsi ákærðu. Guðni kvaðst þá hafa farið að kalla út slökkviliðið, en á meðan hafi ákærða verið fyrir utan húsið og kallað upp, að skúrinn væri að brenna. Þá sagði hann, að búið hefði verið að kalla á lögreglu, sem kom á staðinn skömmu síðar.

Guðni kvaðst telja, að ákærða hefði kveikt í skúrnum, og byggi grunsemdir sínar á því, að hann hefði séð spor frá húsi hennar og að skúrnum og að glugga, sem var á norðvesturhlið skúrsins, en rúða í þeim glugga var brotin, að hann telur af völdum ákærðu nú sl. sumar. Kvaðst hann hafa verið búinn að setja einangrunarplast í gatið.

Krafðist Guðni þess, að mál þetta yrði rannsakað eftir mætti og reynt að komast að hinu sanna. Hann tók fram, að hann gæti ekki fullyrt, að íkveikja hefði átt sér stað af völdum ákærðu.

Hann sagði, að í skúrnum hefðu verið mikil verðmæti, og voru þau helst þessi: Bifreið, sem faðir hans átti, Morris Marina, árg. 1974, tjaldvagn, Suzuki létt bifhjól, skíðaútbúnaður, 4 sett,

tjöld, 3 stk., bakpokar, nýr barnavagn, matvæli ásamt ýmsu öðru, sem fellur til á heimilum.

Kvaðst Guðni vera með heimilis- og húseigandatryggingu hjá Hagtryggingu h/f.

Sama dag, kl. 1000, var ákærða yfirheyrð af lögreglunni í Ólafsfirði. Kvaðst hún hafa komið á heimili Guðna Aðalsteinssonar að Hlíðarvegi 18 rétt fyrir kl. 1800 daginn áður og beðið um, að farið yrði í búð fyrir sig eftir rafhlöðum, en hún hafi verið undir áhrifum áfengis og ekki verið í ástandi til að fara sjálf.

Var orðið við beiðni hennar og hún farið heim án langrar viðdvalar. Skömmu fyrir kl. 1900 hafi hún komið aftur á heimili Guðna og þá hitt hann sjálfan að máli. Kveðst hún hafa spurt Guðna, hvort hann væri sér á einhvern hátt reiður og hvort ekki væri rétt, að þau væru sátt. Guðni hafi svarað því til, að hann kærði sig ekki um að þekkja svona nágranna eða hyski. Fleira hafi þeim ekki farið á milli, en þá hafi Hilmar Tryggvason, Hornbrekkuvegi 13, komið þarna. Hún hafi beðið Hilmar að koma skilaboðum til séra Úlfars Guðmundssonar um að koma til sín og ræða við þau hjónin, þar sem eiginmaður sinn væri búinn að vera með víni í langan tíma.

Fór hún síðan heim.

Séra Úlfar kom síðan um kl. 1915 og dvaldi hjá þeim til kl. 0045. Var ákærða þá spurð um ferðir sínar og gerðir frá þeim tíma, að séra Úlfar fer og þangað til að hún verður eldsins vör. Sagði hún, að maður sinn hefði sofnað í stól í stofu, skömmu eftir að séra Úlfar fór, en hún hafi hins vegar sest niður í sófa og fengið sér í glas. Kveðst hún hafa setið þarna í myrkrinu þar til kl. 0200, þó að hún muni það ekki nákvæmlega, þá hafi hún opnað stofuglugga til að hleypa inn fersku lofti. Enn hafi hún sest niður, en þá hafi hún heyrt eitthvert snark úti fyrir.

Hún hafi farið að huga að þessu og þá tekið eftir óeðlilegri birtu, en haldið, að það stafaði frá ljósastaur. Hún sagðist hafa fundið einhverja lykt og séð reyk, sem lagði yfir hús hennar. Að þessu athuguðu settist hún enn niður og fékk sér í glas og leit út um gluggann og þá séð eldtungur upp úr þaki á skúrnum, sem var þá að verða alelda. Fór hún nú í úlpu og kuldaskó og hljóp niður að bílskúrnum, sem var að verða alelda, til að gá, hvað um væri að vera. Þá hafi hún farið heim til sín til að vekja eiginmann sinn, en hann hafi ekki vaknað. Síðan segist hún hafa farið úr kuldastígvélum sínum frammi í þvottahúsi,

en að því búnu farið í kuldastígvél eiginmanns síns og hlaupið að húsinu til að láta fólkið vita, að kviknað væri í skúrnum. Hafi hún bankað á aðaldyr hússins og kallað til húsmóðurinnar, að bílskúrinn væri að brenna. Ekki kom neinn til dyra.

Fór hún síðan heim á ný. Kveðst hún hafa verið hrædd, en fylgst með því, sem var að gerast, út um glugga hjá sér. Þá kveðst hún gera sér grein fyrir, að lögreglan hafi komið að útidyrum hússins og beðið hana að koma á stöðina, en hún hafi neitað og sagt, að eiginmaður sinn gæti sagt til um það. Segir hún, að eiginmaður sinn hafi vaknað, eftir að lögreglan fór.

Aðspurð um það, hvers vegna hún hafi farið að skúrnum, eftir að hún varð vör við, að eldtungurnar stóðu upp um þakið á honum, segist hún hafa orðið yfir sig hrædd og hlaupið niður að skúrnum og síðan heim aftur til að segja eiginmanni sínum frá eldinum, en eiginmaðurinn vaknaði ekki.

Þá var ákærða spurð að því, hvers vegna hún hafði skóskipti, áður en hún tilkynnti eldinn. Segist hún hafa verið komin úr hinum skónum og léttara hafi verið að fara í skó eiginmannsins heldur en sína skó, en önnur skóför voru frá húsi ákærðu að húsi Guðna, en þau för, sem lágu að skúrnum.

Þá var ákærða spurð að því, hvers vegna skór þeir, sem hún fór úr í þvottahúsi, hafi verið komnir inn í hol, er lögreglan kom. Sagði ákærða, að eiginmaður sinn hlyti að hafa fært þá. Þá var hún spurð að því, hvort hún ætti einhvern þátt í, að eldur varð laus í skúrnum, en hún þvertók fyrir það.

Rannsóknarlögregla ríkisins hóf rannsókn í málinu. Sama dag kom ákærða þá í yfirheyrslu. Staðfesti hún fyrri skýrslu sína og kvaðst engu hafa við hana að bæta og hún væri saklaus af íkveikjuákærunni.

Sama dag var eiginmaður ákærðu, Frank Herlufsen, yfirheyrður af lögreglu. Hann kvaðst kvöldið áður hafa verið við áfengisdrykkju ásamt eiginkonu sinni, ákærðu, og um kl. 2030 kom til þeirra séra Úlfar Guðmundsson. Úlfar var hjá þeim góða stund, en ekki var hann viss um, hvenær Úlfar fór. Sagðist hann ekkert hafa verið að fylgjast með tímanum og auk þess verið undir áfengisáhrifum, þó ekki mikið. Eftir að Úlfar fór, fékk hann sér áfengi í glas, gætu verið fleiri en eitt, og sofnaði síðan um kl. 0200, að því hann telur, og var ákærða þá komin upp í rúm, en var vakandi. Hann kvaðst hafa sofnað fljótlega og muni það næst, að hann vaknaði um morguninn, en gerði sér ekki grein fyrir, hvað klukkan var þá. Varð hann var við umgang

úti fyrir og sá mann með vasaljós, og einnig telur hann sig hafa séð gul blikkljós.

Er hann fór að aðgæta betur, hvað væri að gerast, og leit út um stofugluggann, virtist honum sem bílskúrinn hjá Guðna væri brunninn, þannig að sást í gegnum hann. Hann sagði, að ákærða hefði verið töluvert ölvuð, er hann fór að sofa. Ekki kvað hann neitt hafa raskað svefnró sinni, frá því hann sofnaði og þar til hann vaknaði, eins og áður sagði.

Guðni Aðalsteinsson kom aftur í yfirheyrslu hjá lögreglu 3. mars. Hann kvaðst telja víst, að eldsupptökin hefðu verið í norðvesturhorni skúrsins fyrir innan glugga á vesturhlið við norðurhornið. Rúðan í þeim glugga var brotin, og hafði hann sett einangrunarplast fyrir að innanverðu, til að ekki snjóaði inn. Það hafi verið auðvelt að ýta plastinu inn, þar sem það var bara lagt fyrir. Undir glugganum hafi verið mótor úr skellinöðru ásamt fleira dóti, og rétt fyrir norðan gluggann var tjaldvagn upp á rönd.

Er hann var að kanna möguleika á að bjarga einhverju úr skúrnum, tók hann eftir förum í snjónum, sem lágu frá brotna glugganum og að húsi nr. 16 við Hlíðarveg. Hann kvaðst ekki hafa skoðað förin nákvæmlega, því hann hefði hraðað för sinni á slökkvistöðina. Lögreglan hafi komið skömmu á undan slökkviliðinu. Þegar slökkviliðið byrjaði slökkvistarfið, féll þakið, enda þá allt brunnð, er brunnð gat, og lauk slökkvistarfi um kl. 0400. Bílskúrinn stóð á lóðinni fyrir vestan hús mitt (sic), og var hann byggður fyrir ca 6 árrum, úr timbri og einangraður að innan með plasti og spónaplötur á veggjum að innan. Járn var á þaki, en einangrað með plasti, og trétex að neðan. Það voru rafleiðslur í skúrnum, sem lagðar voru í plaströr. Það voru 3 ljós í lofti, tvær innstungur á norðurvegg, ein á austurvegg ásamt slökkvara og ein innstunga á austanverðum suðurvegg. Það var einn miðstöðvarofn í skúrnum, og var hann við austurvegg, tengdur við frárennsli frá íbúðarhúsinu. Það voru öll ljós í skúrnum slökkt um kvöldið og ekkert rafmagnstæki í sambandi.

Guðni kvaðst ekki hafa gefið tæmandi upptalningu á því, sem var í skúrnum. Kvaðst hann eiga erfitt með að átta sig á því tjóni, sem hann hefur orðið fyrir af völdum brunans. Hann kvað sér ekki enn vera kunnugt um, hvernig tryggingum á því, sem þarna brann, væri háttað, en víst sé, að bifreiðin, sem hafi verið eign föður síns, hafi verið ótryggð. Hins vegar hafi hann verið með húseiganda- og heimilistryggingu.

Aðspurður kvaðst hann hafa séð þau hjónin, ákærðu og Frank Herlufsen, í stofuglugganum á suðurhliðinni, meðan á slökkvistarfinu stóð, en sá þau hins vegar ekki koma út.

Sama dag var yfirheyrður af lögreglu Birgir Guðnason, Hlíðarvegi 18, fæddur 20. ágúst 1962. Hann kvaðst hafa komið heim úr vinnunni fimmtudagskvöldið 1. mars 1979, laust fyrir kl. 1900. Kom hann að bakdyrum að vestanverðu heima hjá sér.

Tók hann þá eftir, að Frank Herlufsen kallaði til sín, en Frank var í gættinni á svalahurð á suðurhlið húss síns. Bað hann Birgi að skila því til föður síns, „að hann ætlaði að koma til hans eftir 10 mínútur og slíta af honum hausinn". Taldi Birgir Frank vera talsvert ölvaðan. Fór Birgir í bíó um kvöldið, en um kl. 2330 kom hann heim og setti þá skellinöðru sína inn í bílskúrinn og einnig skíði bróður síns. Kveikti hann ljós í skúrnum, á meðan hann var að setja hjólið inn, en hann gangsetti það ekki. Hann kvaðst ekki reykja og hafa því ekki verið með óvarinn eld. Birgir sagði, að skellinaðran hefði verið búin að standa fyrir utan húsið í viku og ástæðan fyrir því, að hann setti hana inn svo og skíðin, væri sú, að þau hjón, ákærða og Frank, voru drukkin og hann gæti átt von á öllu frá þeim. Þá kvaðst hann ekki hafa þorað að láta bifreið sína standa fyrir utan, eins og hann geri venjulega, og af sömu ástæðum farið með hana að verkstæði föður síns.

Laust fyrir hádegi 3. mars 1979 fóru rannsóknarlögreglumennirnir Sigurður V. Benjamínsson og Sveinbjörn Bjarnason að Hlíðarvegi 16. Þar fyrir utan fundu þeir sorppoka, og var í honum lillablá kvenpeysa, og angaði hún af bensíni eða olíulykt. Var pokinn hreinn og þurr og virtist hafa legið þarna skamma stund.

Sama dag kom ákærða til yfirheyrslu hjá lögreglu. Sagðist hún hafa sett peysuna í plastpokann sl. sunnudagskvöld eða aðfaranótt sl. mánudags. Þegar þau hjón hefðu komið frá Akureyri sl. sunnudagskvöld, hefði verið megn kattarhlandslykt í þvottahúsinu. Þess vegna hefði hún um kvöldið eða nóttina, eftir að hún var byrjuð að neyta áfengis, þvegið gólfið í þvottahúsinu, fyrst úr sápuvatni, en síðan hafi hún bleytt peysuna með bensíni, að hún taldi, sett hana á gólfið og rennt yfir það með kústi. Að þessu loknu hafi hún sett peysuna í plastpokann og sett hann út fyrir dyrnar. Var ákærðu þá bent á, að sorppokinn hefði verið tekinn sl. fimmtudag og annar tómur settur í staðinn, þannig að saga hennar fengi ekki staðist. Sagði hún þá, að

þetta væri misminni hjá sér, því hún hefði gert þetta sl. fimmtudag, en hvenær dagsins, mundi hún ekki. Er henni var bent á, að peysan bæri þess ekki merki, að hún hefði verið notuð til gólfþvotta, því engin óhreinindi sæjust á henni, taldi ákærða það stafa af því, að hún hefði þvegið gólfið svo vel áður, en gólfið er steingólf.

Ákærða kom fyrir sakadóm Ólafsfjarðar 3. mars 1979. Kvaðst hún aðspurð ekki hafa valdið bruna bílskúrs að Hlíðarvegi 18. Sagðist hún hafa hlaupið að skúrnum í einhverri skelfingu, er hún varð eldsins vör, en þó vera viss um að hafa komið að norðausturhorni hans, en henni var bent á, að spor eftir sams konar stígvél og hún notar lágu að norðvesturhorni skúrsins.

Þá kvað hún eiginmann sinn, Frank, ekki hafa vaknað, fyrr en lögreglan kom og hringdi, sem var um klukkutíma eftir að hún gerði aðvart um eldinn. Ákærða kvaðst hafa sagt manni sínum frá ummælum Guðna Aðalsteinssonar um, „að ekki væri hægt að þekkja svona hyski eða eitthvað í þá áttina."

Þá kvað hún séra Úlfar Guðmundsson hafa komið til þeirra um kl. 2030. Þau hjón hafi bæði verið með í glösum, er séra Úlfar var hjá þeim. Sofnaði Frank í stól í stofunni og vaknaði ekki aftur, fyrr en lögreglan hringdi. Ákærða kvað sig hafa séð, að skip fór út úr höfninni um kl. 0200 og var mikið upplýst. Um kl. 0240 kvaðst hún hafa heyrt, auk hljóðs úr sprunginni vatnsleiðslu fyrir neðan húsið, eitthvert annað hljóð, sem gæti hafa verið brestir eða snark. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við mannaferðir þarna fyrir neðan eða vestan við húsin.

Ítrekað aðspurð kvað hún brunann ekki vera af sínum völdum eða hún hefði framkvæmt íkveikju í æsingi, heldur hafi hún verið róleg þarna og í góðu jafnvægi. Þá kvað hún sig hafa sent séra Úlfari boð um að koma, til þess að þau gætu frekar hætt víndrykkju, en samkomulag þeirra hjóna hafi verið gott þá, þótt Frank hafi slegið sig, eftir að hann vaknaði, þannig að hún fékk sprungna vör, en hann hafi vaknað illa og höggið stafað af úrillsku hans. Þá kvað hún Frank hafa sofið í stofustólnum og ekki séð sjálfan brunann.

Að öðru leyti skýrði ákærða frá eins og við yfirheyrslu lögreglu. Samþykkti ákærða í lok þinghaldsins, að fara mætti fram húsrannsókn á heimili sínu að Hlíðarvegi 16. Fundu rannsóknarlögreglumenn þar í geymslu hvítan plastbrúsa, sem ákærða sagði, að bensín væri í, og sagðist hún hafa vætt peysuna úr innihaldi hans. Nokkur lögg var í brúsanum, sem ákærða hafði sagt, að

væri í þvottahúsinu, en ekki í geymslunni. Auk þess fundu lögreglumennirnir rauðan brúsa merktan steinolíu með nokkru magni í og annan rauðan merktan terpentínu. Allir þessir brúsar voru teknir í vörslu lögreglunnar, sem sendi þá til rannsóknar á innihaldi þeirra. Við húsrannsóknina kom í ljós, að íbúðin að Hlíðarvegi 16 var öll mjög ósnyrtileg og illa hirt og bar merki mikillar óreiðu. Í þvottahúsi var m. a. fiskúrgangur á gólfi og ekki betra ástand en annars staðar í húsinu.

Þann 3. mars könnuðu rannsóknarlögreglumennirnir vettvang og sáu, að undir glugga á norðvesturhlið bílskúrsins var fótstykki, þ. e. timburbiti 2x4", brunnið alveg að steingólfinu, og megi því ætla, að eldsupptök hafi orðið þar. Tóku þeir sýni úr nefndu fótstykki og sendu til frekari rannsóknar.

Séra Úlfar Guðmundsson var yfirheyrður af lögreglu 3. mars. Kvaðst hann hafa komið heim til ákærðu fimmtudaginn 1. mars laust eftir kl. 2000 eftir að hafa fengið skilaboð um að koma.

Dvaldi hann hjá þeim hjónum þar til um kl. 2400. Gat hann þess, að um leið og hann var að fara, gekk hann suður fyrir húsið og að stofuglugga á vesturhlið og sótti þangað úlpu af ákærðu, sem þar lá. Voru hjónin þá bæði ölvuð, er séra Úlfar var í húsinu.

Sama dag var aftur yfirheyrður af lögreglu Frank Herlufsen, eiginmaður ákærðu. Hann kvaðst hafa verið drukkinn heima hjá sér fimmtudaginn 1. mars ásamt ákærðu. Hann kvaðst ekki hafa vitað, að ákærða fór að Hlíðarvegi 18, en minnir, að hún hafi sagt sér, að hún hefði hitt Guðna Aðalsteinsson og viljað friðmælast við hann, en hann ekki viljað það. Frank kvaðst hafa reiðst þessu og einhvern tíma um kvöldið, er hann var í svaladyrunum í stofunni og sá Birgi, son Guðna, koma heim til sín, kallaði hann í Birgi og bað hann að skila því til föður síns, „að hann ætlaði að koma og slíta af honum hausinn." Hann kvaðst ekkert hafa meint með þessari orðsendingu.

Frank kannaðist við að eiga plastbrúsa, hvítan að lit, sem átti að vera í geymslu heima hjá honum, og í honum bensín á garðsláttuvél. Hann kannaðist ekki við að eiga steinolíu eða White spritt heima, en það gæti hugsast, að hann ætti terpentínu og þá á flösku eða rauðum plastbrúsa.

Þá var honum sýnd fjólublá kvenpeysa, og kannaðist hann ekki við, að kona sín ætti hana, og kvaðst ekki hafa séð hana áður, svo hann myndi. Ekki kvaðst hann kannast við að eiga neinn aukasorppoka né vita, hvenær sorpið var tekið seinast.

Ekki kvaðst hann minnast þess, að er þau hjónin komu frá Akureyri sl. sunnudagskvöld, hafi verið óeðlileg kattarlykt í þvottahúsinu, enda sé köttur þeirra þrifinn og mígi alltaf utandyra. Þá kvaðst hann ekki hafa orðið var við, að ákærða þrifi þvottahúsið, er þau komu heim í umrætt sinn.

Yngvi Guðmundsson sorphreinsunarmaður kvaðst hafa tekið sorp frá húsinu Hlíðarvegi 16 kl. 1400 fimmtudaginn 1. mars. Var það sorppoki, og var annar tómur skilinn eftir, sem hann henti inn í forstofu. Ekki muni hann eftir að hafa afhent þar aukapoka í seinni tíð. Hann sagðist alltaf hirða alla poka, hvort sem þeir væru fullir eða ekki, þegar hann væri að hreinsa.

Hann sagðist muna tímann svona nákvæmlega, vegna þess að þetta hefði verið seinasta húsið í bænum, sem hann tók poka frá, áður en hann fór með ruslið á haugana.

Sigurður Björnsson lögreglumaður, Ólafsfirði, kvað sporin frá bílskúrnum og að Hlíðarvegi 16 vera eftir skó (kuldaskó), sem ákærða var í, er hún kom til yfirheyrslu á lögreglustöðina í Ólafsfirði morguninn eftir brunann. Hann kvaðst hafa verið fyrst í stað við umferðarstjórn hjá bílaverkstæðinu Múlatindi, meðan á slökkvistarfinu stóð. Svo kvaðst hann muna eftir að hafa farið upp að skúrnum, áður en slökkvistarfi var lokið, og séð þá Frank í glugganum á stofunni, sem snýr í suður, og tók hann gluggatjöldin frá, en dró þau fyrir aftur. Þá var slökkt í stofunni, en birtan frá eldinum lýsti upp gluggann. Frank var þá klæddur. Hann þorði ekki að fullyrða, hvort hann sá ákærðu þá, en sá hana í glugganum af og til síðar.

Hann kvaðst hafa athugað sporin í snjónum, sem lágu frá húsinu Hlíðarvegi 16, milli húsanna, og enduðu þau á móts við norðvesturhorn bílskúrsins, en snjórinn hafði þiðnað vegna hitans næst skúrnum. Sigurður kvaðst hafa gert þessa athugun ásamt Stefáni Einarssyni lögregluvarðstjóra og hafi þeir mælt sporin, eins og fram komi í skýrslu sinni. Þá hafi hann athugað sporin, sem lágu frá Hlíðarvegi 16 og að húsi nr. 18, þ. e. a. s. að austanverðu. Voru þau stærri og eftir aðra tegund af sólum. Kvað hann það hafa getað verið á tímanum frá kl. 0430 til 0500, að þeir Stefán fóru að Hlíðarvegi 16 til að tala við ákærðu, og kom hún til dyra á náttkjól, áberandi drukkin. Vildi hún ekki koma með þeim og sagði, að það væri nær, að þeir töluðu við Frank, en hún byrjaði að segja þeim frá því, að hún vissi ekki um upptök eldsins, áður en þeir höfðu minnst á erindið. Þá sagði hún, að hún vildi fá leyfi Franks til að koma með þeim, og

kallaði hún inn til hans, en Sigurður minnist þess ekki, að hann hafi svarað.

Sigurður kvað bílskúrinn hafa verið alelda, er lögreglan kom á staðinn, þannig að ómögulegt hafi verið að segja til um eða ályktа um eldsupptök. Hann kvaðst hafa orðið eftir á brunastað um kl. 0500, er Guðni Aðalsteinsson og Stefán Einarsson varðstjóri fóru á lögreglustöðina, og var hann þar til kl. 0700 og gekk þá alltaf af og til að húsi nr. 16. Öðru hverju varð hann var við ljósagang í húsinu og sá þau bæði, þar sem þau sátu í stofunni, og í einu tilfellinu sá ég (sic) hann fara inn í eldhús og blanda sér í glas, og mun það hafa verið um kl. 0530. Þegar klukkan var að verða 0700 hvarf öll hreyfing.

Ákærða var þá að nýju yfirheyrð. Sagðist hún þá vera viss um að hafa þvegið gólfið í þvottahúsinu á sunnudagskvöldið eða nóttina, en það megi vera, að hún hafi ekki sett peysuna í pokann fyrr en síðari hluta dags sl. fimmtudag. Hún kvaðst hafa notað úr hvíta plastbrúsanum vökva, sem hún taldi, að væri bensín, til að væta peysuna í og þvo gólfið með.

Fyrir dómi gerði Frank Herlufsen þær athugasemdir við skýrslu sína fyrir lögreglu, að hann hefði ekki komið í þvottahúsið, er þau komu frá Akureyri sl. sunnudagskvöld, og geti því ekki sagt um, hvort kattarlykt hefði verið þar, þá kvaðst hann ekki hafa munað eftir því að hafa reiðst út af undirtektum Guðna við tilraunum konu sinnar til að friðmælast, fyrr en hann var minntur á það.

Sigvaldi Sæmundsson, Brimnesvegi 24, gaf skýrslu hjá lögreglunni í Ólafsfirði 4. mars. Kvað hann ákærðu hafa komið til konu sinnar sl. miðvikudag 21. febrúar og beðið hana að gefa ketti, sem hún á, að éta. Sigvaldi sagði, að kona sín hefði verið lasin og ekki getað sinnt þessu, en hann hafi farið sjálfur og gefið kettinum. Segist hann hafa farið á hverjum degi, þ. e. fimmtud. 22. febr. til og með sunnudegi 25. febrúar, og var það í seinasta skiptið, sem hann fór að Hlíðarvegi 16 til að gefa kettinum. Ástand í þvottahúsinu kvað hann hafa verið gott, þ. e. hreinlegt. Ekki sagðist hann hafa fundið neina kattarhlandslykt í þvottahúsinu og ekki hafi hann orðið var við aðra ketti þar inni. Sagði hann, að gluggi í þvottahúsinu hefði verið opinn kötturinn hafi komið út og inn um hann. Þá sagði hann, að ákærða hefði ekki komið heim til þeirra undir áhrifum áfengis og aldrei hafi hún verið með neitt sérstakt umtal um einn né neinn.

Í bréfi Sigurðar Björnssonar lögreglumanns til rannsóknarlögreglu ríkisins, sem er dagsett 8. mars 1979, segir: „Þá hafa verið kannaðar sögusagnir um, að Inga Eyfjörð hafi haft á orði við nágrannafólk sitt, að réttast væri að brenna bílgeymsluna.

Talað hefur verið við fjölda fólks, en enginn kannast við slík ummæli."

Með bréfi, dags. 7. mars 1979, sendir rannsóknarlögregla ríkisins Jóhanni Jakobssyni efnaverkfræðingi til rannsóknar: 1. Þrjá brúsa með vökva, 2. kvenpeysu vætta vökva, 3. brunaleifar.

Eftirfarandi svara er leitað: 1. Hvað er í hverjum brúsa? 2. Er kvenpeysan vætt vökva úr einhverjum meðfylgjandi brúsa, eða réttara sagt vökva samsvarandi þeim? 3. Er að finna í brunaleifunum vökva, sem gæti verið úr einhverjum meðfylgjandi brúsa og þá hverjum?

Í svari Jóhanns Jakobssonar, sem dagsett er 15. mars 1979, segir: „Niðurstöður.

I. Plastbrúsi, hvítur. (ca 10 l).
Vökvi: 430 ml ljósgulleitur, aðeins skýjaður, lykt, bensín. Ath. Niðurstöður mælinga eru einkennandi fyrir bensín. (mótor-bensín).

II. Rauður plastbrúsi, ca 3 l.
Vökvi: ca 2 l. Vökvi tær gul-grænleitur. Lykt: steinolía. Ath. Niðurstöður mælinga eru einkennandi fyrir steinolíu. (Kerosin). Litur vökvans er þó annarlegur.

III. Rauður plastbrúsi, ca 1/2 l.
Vökvi, 290 ml. Vökvi daufgulleitur. Lykt „White-spirit" (þynnir).

IV. Peysa.
Peysan er talin vera vætt í vökva eða vökvum þeim, sem að ofan greinir. Lykt bendir greinilega til þess, að peysan sé vætt í „White-spirit", þ. e. þynni, vökvi nr. III hér að ofan.

V. Brunaleifar.
Lyktareinkenni óljós. Skolun með vatni og athugun á einkennum við upphitun sýndi ekki merki um filmu né heldur var lykt einkennandi fyrir ofangreinda vökva merkjanleg."

Með úrskurði þann 22. mars 1979 var ákærðu gert að sæta geðrannsókn.

Í áliti sínu, dagsettu 3. apríl 1979, telur Brynjólfur Ingvarsson, sérfræðingur í geðlækningum, ákærðu vera sakhæfa.

Að beiðni lögreglustjórans í Ólafsfirði voru þann 9. mars 1979 dómkvaddir 2 matsmenn til að meta tjón, er varð við brunann á bílskúrnum að Hlíðarvegi 18, og að gefa álit um aðstæður á brunastað og útbreiðslumöguleika elds. Eru niðurstöður matsins þessar og álitsgerð:

„I. Verðmætatjón samanlagt kr. 9.106.698.

II. Útbreiðslumöguleikar. Hætta fyrir menn og muni.

II. 1.) Veður og aðstæður.

Undirritaðir voru meðal þeirra allra fyrstu, sem komu á brunastað. Veður var gott, suð-vestan andvari og 8—10 stiga frost. Um 80 cm snjólag var á jörðu. Mikill eldur var þá í bílgeymslunni, sem stóð 10 m frá íbúðarhúsinu Hlíðarvegur 18.

II. 2.) Við þessar aðstæður verður að telja litlar líkur á, að eldur næði til annarra húsa en nr. 18. Hvössu veðri hefði þó fylgt aukin útbreiðsluhætta, en varla veruleg fyrir önnur hús en nr. 18. Meðan eldur var mestur í bílgeymslunni, var nokkur hætta á, að hann næði til þess húss. Mikill hiti varð á milli húsanna, svo ekki varð gengið þar á milli. Af völdum hitans sprungu tvær stórar rúður í gluggum íbúðarhússins. Þá má einnig telja, að hætta hafi verið á benzínsprengingu í benzíngeymi bifreiðarinnar, sem í bílgeymslunni var. Hefði slík sprenging orðið, var eldhætta mjög mikil í íbúðarhúsinu, en þá má búast við, að rúður hefðu sprungið inn.

Undirritaðir telja, að ekki hafi verið hætta á manntjóni.

Ólafsfirði 14. marz 1979.

Sigurður Björnsson.

Olgeir Gottliebsson."

Af hálfu Guðna Aðalsteinssonar, Hlíðarvegi 18, er gerð skaðabótakrafa að fjárhæð kr. 9.310.048, sbr. dskj. nr. 8.

Ákærða kom fyrir sakadóm Ólafsfjarðar 20. apríl 1979. Kvaðst hún þá aðspurð ekki viðurkenna að hafa valdið bruna í bílskúr við Hlíðarveg 18 aðfaranótt 2. mars sl.

Aðspurð kveðst ákærða ekki geta gefið aðra skýringu á því, hvers vegna hún hljóp niður fyrir bílskúrinn, eftir að hún sá, að kviknað var í honum, aðra en þá, að hún hafi verið undir áhrifum áfengis og verið hrædd.

Af hálfu ákærðu er því haldið fram í málinu, að hún hafi ítrekað neitað að hafa lagt eld í umræddan bílskúr og að engar sannanir liggi fyrir um sekt hennar.

Varðandi ágreining, sem virðist hafa ríkt á milli íbúa húseignanna nr. 16 og nr. 18 við Hlíðarveg í Ólafsfirði, er því hald-

ið fram af hálfu ákærðu, að hann hafi hvorki verið langvarandi né djúpstæður, heldur hafi hann sprottið upp, eftir að íbúar í húsinu nr. 18 töldu fullvíst, að ákærða hefði kveikt í umræddum bílskúr.

Af hálfu ákærðu er því mótmælt, að peysa sú, sem fannst í plastpoka við hús hennar eftir brunann og var vætt í einhverjum vökva, geti verið neitt sönnunargagn. Ef ákærða hefði ætlað að kveikja í bílskúrnum og nota peysuna í þeim tilgangi, þá hefði peysan átt að brenna inni í bílskúrnum.

Varðandi brúsa þá, sem fundust á heimili ákærðu og innihéldu eldfima vökva, þá séu slíkir brúsar til á allflestum heimilum landsins og tilvist þeirra á heimili ákærðu sé engin sönnun fyrir sekt hennar.

Spor ákærðu að bílskúrnum og síðan að húsi nr. 18 eru af hálfu ákærðu talin skýrð á fullnægjandi hátt. Hún hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar bruninn átti sér stað, og því hafi ekkert verið óeðlilegt, að hún færi að skúrnum til að athuga, hvað um væri að vera. Þegar ákærða kom að skúrnum, hafi hún séð, að hann var að brenna. Það séu eðlileg viðbrögð hennar að fara heim aftur og reyna að vekja eiginmann sinn, en þar sem það tókst ekki, brást hún við á réttan hátt og fer að húsi eiganda skúrsins til að láta vita um eldinn. Ef ákærða hefði ætlað að valda nágranna sínum tjóni með því að kveikja í bílskúr hans, þá hefðu það verið mjög óeðlileg viðbrögð af hennar hálfu að gera honum aðvart um eldinn.

Þá er bent á það af hálfu ákærðu, að á ljósmyndum, sem teknar hafa verið af vettvangi, sjáist margar slóðir fótspora, en rannsókn málsins virðist aðeins hafa beinst að fótsporum ákærðu, en ekki fótsporum annarra. Ekkert í rannsókn málsins segi til um fjölda fótspora eða að þau hafi verið könnuð.

Þá er á það bent, að samkvæmt sakavottorði hafi ákærða aldrei gerst brotleg við eitt eða neitt og sé því erfitt að ætla henni slíkan verknað. Þá er á það bent, að í hófi, sem ákærða hélt 10. nóvember sl., urðu umræður um bruna bílskúrsins og hafi Gunnþór Árnason, Sigurlaugur Ágústsson og Sigríður Jónsdóttir gefið skýrslur um þær umræður, en ekkert í umræðunum hafi bent til þess, að ákærða hafi verið völd að bruna bílskúrsins, frekar hið gagnstæða.

Verjandi ákærðu heldur fram, að jafnvel þótt svo verði talið, að líkur séu til, að ákærða hafi verið völd að bruna bílskúrsins, þá telji hann allt að einu, að sýkna beri skjólstæðing sinn með

vísun til 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, en samkvæmt þeirri grein hvíli sönnunarbyrði um sekt sökunauts á ákæruvaldinu. Í þessu máli hafi sekt skjólstæðings hans alls ekki verið sönnuð og beri því að sýkna hana af öllum kröfum ákæruvaldsins. Vísar verjandinn í þessu sambandi í dóm Hæstaréttar Íslands í XLII bindi, bls. 217.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að ýmsar líkur eru til þess, að ákærða hafi valdið bruna bílskúrsins við hús nr. 18 við Hlíðarveg aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979. Henni hafði verið misboðið með ummælum eiganda bílskúrsins, er hún vildi friðmælast við hann kvöldið fyrir brunann. Hún sá úr stofuglugga sínum, að eigin sögn, að eldtungur stóðu upp úr þaki skúrsins, sem þá hafi verið að verða alelda. Þá fer hún í yfirhöfn og kuldaskó og hleypur að skúrnum og vestur fyrir hann, þannig að för eftir hana liggja nánast að þeim stað á skúrnum, þar sem sennilegast er talið, að eldsupptökin hafi verið. Í fyrstu taldi hún sig vera vissa um, að hún hefði aðeins komið að norðausturhorni skúrsins. Skýring ákærðu á því, hvers vegna hún hleypur að skúrnum, verður að teljast óeðlileg, þar sem ótti eða skelfing dregur fólk venjulega ekki að hættum.

Ákærða var undir talsverðum áfengisáhrifum og var búin að drekka dögum saman með eiginmanni sínum, og með hliðsjón af áliti geðlæknis á ástandi og aðstæðum hennar verður að telja, að líkur séu meiri fyrir því, að ákærða hafi valdið brunanum.

Ákærða hefur margítrekað neitað því að vera völd að brunanum, og engin vitni eru að verknaðinum.

Eiginmaður ákærðu sofnaði í stól í stofunni, að hennar sögn, skömmu eftir að séra Úlfar Guðmundsson fór frá þeim. Þá taldi hann sig ekki hafa verið mikið undir áhrifum áfengis. Eiginmaðurinn sást síðan í stofuglugga af 2 vitnum, á meðan á slökkvistarfi stóð, og einnig sást ákærða í glugganum. Eiginmaður ákærðu kvaðst þó ekki hafa vaknað, fyrr en skömmu áður en lögreglumenn komu og fóru með konu hans, eða kl. 1000 um morguninn. Bar hann annars fyrir sig minnisleysi sökum ölvunar.

Framburðir þeirra hjóna eru óljósir og reikulir um margt, sem getur stafað af ölvun þeirra. Skóskipti ákærðu, er hún kom frá brennandi skúrnum og heim til sín, verður að telja tortryggileg við þessar aðstæður. Þá fór hún ekki, strax og hún varð eldsins vör, beint að húsi eigenda skúrsins að Hlíðarvegi 18 til að láta þá vita, sem virðist liggja beinast við.

Af þessu verður að telja, að allsterkar líkur bendi til þess, að

ákærða hafi valdið brunanum, þó verður þeim ekki jafnað til fullrar sönnunar um, að ákærða hafi með íkveikju valdið brunanum. Verður því vegna skorts á sönnunum að sýkna ákærðu af því að hafa valdið bruna í bílskúrnum að Hlíðarvegi 18 aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979.

Með sömu röksemd er hún sýknuð af skaðabótakröfu frá Guðna Aðalsteinssyni.

Hæfileg málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Gunnars Sólnes hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 200.000 úr ríkissjóði.

Barði Þórhallsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærða, Inga Eyfjörð Sigurðardóttir, er sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Ákærða er sýknuð af skaðabótakröfu Guðna Aðalsteinssonar.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Gunnars Sólnes hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 200.000 úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. október 1981.

Nr. 161/1979. **Alexander Sigurðsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.).

Gildi veðsetningar. Forsendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1979. Hann krefst þess aðallega, að dæmd verði

ógild veðsetning Stálvirkjans h/f til stefnda á fasteigninni Sogavegi 138 í Reykjavík, eign áfrýjanda, samkvæmt veðskuldabréfi fyrir vaxtaaukaláni, útgefnu 4. ágúst 1976, samkvæmt ódagsettu samþykki áfrýjanda til veðsetningarinnar, rituðu á eyðublað veðskuldabréfsins. Til vara krefst hann þess, „að greind heildarveðsetning nái aðeins til gkr. 2.995.430.00 að höfuðstól". Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Vaxtaaukalán það, sem í málinu greinir, rann til Stálvirkjans h/f, er hagnýtti sér það. Skiptir í því sambandi ekki máli, hvort það var notað til að greiða gjaldfallnar skuldir hlutafélagsins eða rann til þess sem reiðufé. Af félagsins hálfu hafa engar brigður verið á það bornar, að það sé skuldbundið stefnda um endurgreiðslu lánsfjárins, hvorki vegna undirskriftar af þess hálfu á veðskuldabréfið, ráðstafana stefnda í sambandi við útborgun lánsfjárins né af öðrum ástæðum. Getur áfrýjandi ekki borið fyrir sig, að veðsetningin sé óskuldbindandi fyrir hann vegna þess, að Stálvirkinn h/f hafi ekki orðið skuldbundinn gagnvart stefnda sem lántaki.

Ýmis gögn málsins, svo sem vætti Sveins Gústafssonar og bréf Stálvirkjans h/f til stefnda, dags. 14. maí 1976, benda til þess, að frá öndverðu hafi verið til þess ætlast af Stálvirkjanum h/f og stefnda, að hið veitta vaxtaaukalán gengi að verulegu leyti til greiðslu á gjaldföllnum lausaskuldum hins fyrrnefnda. En hvað sem því líður, sést ekki, að af hálfu félagsins, eða síðar af hálfu þrotabús þess, hafi nokkru sinni verið hreyft athugasemdum við því, hvernig stefndi ráðstafaði lánsfénu, er til útborgunar þess kom. Verður því við það að miða, að gerðir stefnda í því efni hafi ekki verið andstæðar tilætlun Stálvirkjans h/f. Ósannað er, að forráðamönnum stefnda hafi mátt vera ljóst, að sú væri forsenda áfrýjanda fyrir veðsetningu á húseign sinni, að allt vaxtaaukalánið yrði greitt Stálvirkjanum h/f í reiðufé eða

inn á viðskiptareikning honum til ráðstöfunar án tillits til þess, hvort hlutafélagið í orði eða verki féllist á ráðstöfun lánsfjárins með öðrum hætti. Verður því ekki talið, að veðsetningin hafi verið óskuldbindandi fyrir áfrýjanda vegna ákvæða 32. gr. laga nr. 7/1936 eða vegna rangra forsendna hans annars.

Varakrafa áfrýjanda virðist vera við það miðuð, að þá fjárhæð, er í henni greinir, hafi stefndi greitt til Stálvirkjans h/f félaginu til eigin ráðstöfunar. Hafi stefndi í mesta lagi öðlast veðrétt í hinum veðsettu eignum fyrir þeirri fjárhæð.

Samkvæmt veðskuldabréfi því, sem málið fjallar um og orðrétt er greint í hinum áfrýjaða dómi, var veðtrygging í húseign áfrýjanda takmörkuð við 1.200.000 krónur. Að því leyti sem sú fjárhæð, er áfrýjandi miðar varakröfu sína við, fer fram úr þessu hámarki, varðar hún veðtryggingu í eignum annarra manna en áfrýjanda sjálfs, ýmist þeirra, sem voru samlagsaðiljar hans í héraði, en hafa ekki áfrýjað héraðsdómi af sinni hálfu, eða annarra. Er áfrýjandi ekki réttur málsaðili að varakröfunni að því marki. Að öðru leyti á við um varakröfuna, eins og hún er orðuð af hálfu áfrýjanda, hið sama og sagt var um aðalkröfu hans. Verður hún þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þeim úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Alexander Sigurðsson, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí sl., hafa Alexander Sigurðsson, Krummahólum 6, Brandur Brynjólfsson, Baldursgötu 12, og Sævar Pétursson, Maríubakka 12, allir í Reykjavík, höfð-

að með stefnu, birtri 16. janúar 1979, gegn Landsbanka Íslands í Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að ógiltar verði veðsetningar á fasteignum þeirra í Reykjavík, þ. e. Sogavegi 138, hluta af Baldursgötu 12 og hluta af Maríubakka 12, sem Stálvirkjanum h/f hér í borg hafi verið heimilaðar til handa stefnda með nafnritun stefnenda aftan á eyðublað, útfyllt sem veðskuldabréf fyrir vaxtaaukaláni merktu VL-292 að fjárhæð kr. 11.420.000, afhent stefnda og dagsett 4. ágúst 1976. Stefnendur krefjast þess og, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

MÁLAVEXTIR.

Hinn 4. ágúst 1976 var af hálfu fyrirtækisins Stálvirkjans h/f gefið út svohljóðandi veðskuldabréf:

„Undirritað firma, Stálvirkinn hf., Nafnnúmer 8328-9058, til heimilis Skeifunni 5, Reyjavík, viðurkenni hér með að skulda Landsbanka Íslands krónur 11.420.000, Kr. — ellefumiljónir fjögurhundruðogtuttuguþúsund krónur — sem ég skuldbind mig til að endurgreiða að fullu á næstu 5 — fimm — árum með jöfnum afborgunum hálsárslega, kr. 1.142.000 í hvert sinn, með gjalddögum 5. ágúst og 5. febrúar ár hvert, í fyrsta sinn 5. febrúar 1977. Af skuldinni greiði ég vexti með skilmálum vaxtaaukalána samkvæmt vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, nú 22,5%. Vextirnir greiðast hálfsárslega eftir á með sömu gjalddögum og afborganir. Verði gerð breyting á vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands, þannig að vaxtaaukalán séu felld niður, greiði ég hæstu lögleyfða vexti fasteignaveðslána af skuldinni. Standi ég eigi í skilum með greiðslu afborgana og vaxta á réttum gjalddögum, ber mér að greiða hæstu lögleyfða dráttarvexti á hverjum tíma. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta af bréfi þessu svo og öllum kostnaði, sem af vanskilum kann að leiða, er Landsbanka Íslands hér með sett að veði fasteignin: af ofangreindri fjárhæð kr. 1.000.000, 5 herb. íbúð á 3. hæð merkt D + 1 herb. í kjallara í húsinu nr. 4 við Hrafnhóla í Reykjavík. Eignin er veðsett ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, mannvirkjum öllum og öðru, sem henni

fylgir og fylgja ber, allt með 5. — fimmta — veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir
1. veðr. kr. 600.000, til Veðd. Landsb. Ísl., dags. 11.5.73, 21.1.74, 219.246,
2. veðr. kr. 450.000, til Lífeyrissj. prentara, dags. 11.5.73, ríkistr.,
3. veðr. kr. 100.000, til Borgarsj. Reykjavíkur, dags. 24.11.73,
4. veðr. kr. 342.530, til handhafa, dags. 22.7.75,
af ofangreindri fjárhæð kr. 7.330.000, í 1. hæð og 1/2 kjallara hússins nr. 12 við Baldursgötu í Reykjavík, með tilheyrandi lóðarréttindum og öllu því, sem fylgir og fylgja ber, allt með 2. — öðrum — veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir: 1. veðr. 3.000.000, til handhafa, dags. 28.12.72, af ofangreindri fjárhæð kr. 1.200.000, í fasteigninni nr. 138 við Sogaveg í Reykjavík með tilheyrandi lóðarréttindum og öllu því, sem fylgir og fylgja ber, allt með 2. — öðrum — veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir: 1. veðr. kr. 700.000, til Iðnrekstrarsjóðs, dags. 7.11.74, af ofangreindri fjárhæð kr. 1.890.000, í 3ja herbergja íbúð á 1. hæð til vinstri í húsinu nr. 12 við Maríubakka í Reykjavík með tilheyrandi lóðarréttindum og öllu því, sem fylgir og fylgja ber, allt með 3. — þriðja — veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir:
1. veðr. kr. 400.000, til Veðd. Landsb. Íslands, dags. 2.2.70 og 13.10.70, /vísit. 126 og 152,
2. veðr. kr. 2.000.000, til nýtt lán.

Veðhafa er kunnugt um þinglýstar kvaðir, sem hvíla á eignunum.

Skuldara er heimilt að segja ofangreindri skuld upp, enda sé það gert skriflega með minnst sex mánaða fyrirvara. Hið ofangreinda er veðsett í því ástandi, sem það er nú í eða síðar kann að verða, með hvers konar endurbótum og viðaukum, hverju nafni sem nefnast, og eru vátryggingarfjárhæðir hins veðsetta innifaldar í veðsetningunni.

Veðsetning þessi skal óhögguð standa, þótt greiðslufrestur verði veittur á hinni veðtryggðu skuld einu sinni eða oftar eða eigendaskipti verði á hinu veðsetta.

Skuldari skuldbindur sig til að halda hinu veðsetta vátryggðu og láta veðhafa í té, hvenær sem hann krefst þess, skilríki fyrir því, að svo sé gert, ella er honum jafnan heimilt, en þó ekki skylt, að vátryggja það á kostnað lántaka.

Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana og vaxta

hinnar veðtryggðu skuldar, verði bú hans tekið til skipta sem þrotabú, hinu veðsetta eigi haldið við, vátryggingargjöld eða önnur gjöld eigi greidd í rétta tíð, fjárnám gert í hinu veðsetta, það selt eða sett á uppboð, þá er hin veðtryggða skuld í gjalddaga fallin án uppsagnar.

Falli skuldin í gjalddaga af einhverjum þeim ástæðum, sem að ofan greinir, er lánveitanda heimilt að láta selja veðið við opinbert uppboð til lúkningar skuldinni án dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt lögum nr. 57/1949, sbr. 39. gr. laga nr. 95, 5. júní 1947 og 3. gr. laga nr. 18, 4. nóvember 1887.

Rísi mál út af skuld þessari eða veðsetningu, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt reglum 17. kafla laga nr. 85/1936.

Til staðfestu undirritar skuldari bréf þetta í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Útgáfustaður og dagsetning: Reykjavík, 4. ágúst 1976.

STÁLVIRKINN H/F.

Alexander Sigurðsson.

Vitundarvottar að réttri
dags. og undirskrift.
Hermann Svavarsson
Ásmundur Bjarnason".

Á baksíðu veðskuldabréfsins eru ritaðar svofelldar yfirlýsingar:

„Samþykkur framanritaðri veðsetningu sem þinglýstur eigandi að hluta í Hrafnhólum 4, Reykjavík,

Sveinn Gústafsson

Samþykkur framanritaðri veðsetningu sem þinglýstur eigandi að hluta í Baldursgötu 12, Reykjavík,

Brandur Brynjólfsson

Samþykkur framanritaðri veðsetningu sem þinglýstur eigandi fasteignarinnar nr. 138 við Sogaveg í Reykjavík,

Alexander Sigurðsson

Samþykkur framanritaðri veðsetningu sem þinglýstur eigandi hluta hússins að Maríubakka 12 í Reykjavík,

Sævar Pétursson

Vottar:
Hermann Svavarsson
Ásmundur Bjarnason".

Í málinu hefur verið lagt fram svohljóðandi vottorð borgarfógetaembættisins í Reykjavík, dags. 14. febrúar 1979:

„Stálvirkinn h.f. er skráð í Reykjavík 31. des. 1971. Úrskurðað gjaldþrota 31. okt. 1977. Stjórn félagsins var þannig skipuð: Alexander Sigurðsson, Sogavegi 138, Rvík, formaður, Sigurður Guðbrandsson, s. stað, gjaldkeri, og Hermann Svavarsson, Ránargötu 32, Rvík, meðstjórnandi. — Firmað rita tveir stjórnarmenn saman. — Framkvæmdastjóri með prókúru Alexander Sigurðsson. Auk þess prókúruhafi Hrafnhildur Bergþórsdóttir, Skipholti 45, Rvík. Þetta vottast hér með."

Af hálfu stefnda var lagt fram í málinu bréf til stefnda, dags. 14. maí 1976, undirritað af Sveini Gústafssyni f. h. Stálvirkjans h/f. Í því segir m. a. svo: „Í fjármagnsflæðiáætlun fyrir maí—ágúst er ekki gert ráð fyrir greiðslu á ca. kr. 5.600.000.- vanskilavíxlum, er liggja í Landsbanka Íslands, nauðsynlegt væri að breyta þessum skuldum í langtímalán t. d. til 5 ára.

Fyrirtækið á vel fyrir skuldum í dag, en áframhaldandi rekstrarfjárskortur mun leiða til þess, að það mun ekki geta staðið við skuldbindingar á réttum tíma og missa með því tiltrú bæði væntanlegra kaupenda og þeirra, er skipt er við með efni . . ."

Þá var og af hálfu stefnda lagt fram skjal, ódagsett og óundirritað, en ritað á bréfsefni Stálvirkjans h/f. Skjalið er svohljóðandi:

„Eftirfarandi skuldir hafa hlaðist upp vegna ónógrar fyrirgreiðslu.

Þessar skuldir verður Stálvirkinn hf. að fá breytt í tíu ára lán gegn tryggingu sem bankinn samþykkir.

Fallnir viðskiptavíxlar	kr.	889.682.-
Vextir af viðskiptavíxlum	—	800.000.-
Eigin víxlar	—	2.700.000.-
Óheimill yfirdráttur	—	618.183.-
Afurðalán skuld	—	5.612.000.-
Fallnir Sindravíxlar	—	2.782.000.-
		13.401.865.- (svo)

Til að eðlilegur rekstur geti hafist, þarf Stálvirkinn h.f. að fá eftirfarandi fyrirgreiðslu:

1. Aukningu á afurðalánum í allt að 20.000.000,- til framleiðslu á vélum fyrir innanlandsmarkað, sem tryggur markaður er fyrir, og munum við ábyrgjast, að hreyfing á þessari aukningu verði ekki minni en sem svarar þrisvar á ári.
2. Sömu fyrirgreiðslu hvað hlaupareikning snertir eins og

var fyrir áramót, þannig að yfirdráttur megi fara í allt að 4.000.000,- innan hvers mánaðar.

3. Eðlileg víxlaviðskipti eins og var fyrir lokun á fyrirgreiðslu.
4. Eðlileg samkeppnislán eins og var fyrir lokun á fyrirgreiðslu.
5. Opna skuldareikning fasteignatryggðan, þar sem allir viðskiptamannavíxlar verða skuldaðir á innan mánaðar frá gjalddaga, og mun skuldin greiðast inná hann í samráði við banka og þann lögfræðing, sem um innheimtu sér."

Fyrir dóminum skýrði Sveinn Gústafsson frá því, en hann starfaði hjá Stálvirkjanum h/f fram í júlí 1976, að hann héldi örugglega, að hann hefði séð um að ganga frá bréfinu, dags. 14. maí 1976, í samráði við Alexander Sigurðsson. Hið óundirritaða skjal kvaðst Sveinn hafa ritað, en skjöl af þessu tagi hafi verið unnin í sameiningu af honum og Alexander Sigurðssyni.

Þá kemur fram á vottorði Þórhalls Stígssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 30. maí 1979, að samkvæmt rekstraruppgjöri hafi heildarsala Stálvirkjans h/f árið 1976 numið kr. 22.142.048.

Hinn 10. maí sl. gaf skýrslu fyrir dóminum stefnandi Alexander Auðunn Sigurðsson, stjórnarformaður Stálvirkjans h/f. Hann kvaðst vera hluthafi í Stálvirkjanum h/f og hafa séð um daglegan rekstur fyrirtækisins frá því í janúar 1971 og að því er sig minnti fram í maí 1975, en þá hefði Sveinn Þ. Gústafsson verið ráðinn fjármálalegur framkvæmdastjóri. Alexander kvaðst ekki hafa annast útvegun þess láns, sem um getur í veðskuldabréfinu hér að framan. Hins vegar hefði hann útvegað þau veðleyfi, sem skráð eru á bakhlið veðskuldabréfsins. Sveinn Þ. Gústafsson hefði tilkynnt, að hann hefði fengið vitneskju um, að búið væri að veita Stálvirkjanum h/f vaxtaaukalán, en það hefði tilkynnt Sveinn Gunnlaugur Kristjánsson bankastjóri. Sömuleiðis hefði Sveinn skýrt frá því, að Stefán Pétursson, yfirlögfræðingur stefnda, hefði málið með höndum til framkvæmda, og kvaðst Alexander hafa snúið sér til hans. Þá hefði Stefán afhent sér veðskuldabréfið og beðið sig að útvega undirskriftir þeirra manna, sem veðleyfin ætluðu að gefa, hvað hann hefði gert. Að svo búnu hefði hann farið í Landsbankann, ritað undir veðskuldabréfið sem einn af stjórnarmönnum Stálvirkjans h/f og tjáð viðkomandi, að stjórn félagsins væri reiðubúin til að mæta og undirrita veðskuldabréfið, þegar þeir væru látnir vita og þegar ætti að afgreiða lánið til þeirra. Alexander kvað, að því

er sig minnti, að liðið hefði u. þ. b. vika, en þá hefðu þeir fengið tilkynningu í pósti um ráðstöfun lánsins og þá hafði verið búið að skuldajafna hverri einustu krónu lánsfjárhæðarinnar.

Alexander kvað Stálvirkjann h/f hafa fengið fyrirgreiðslu hjá afurðadeid Landsbankans frá því í júní 1975, sem hefði verið í formi yfirdráttarheimildar, í því skyni að framleiða vélar á lager. Eftir fjóra mánuði hefði þessi fyrirgreiðsla verið afturkölluð á þeirri forsendu, að fyrirtækið væri farið að skulda of mikið. Vegna þessa hefði fyrirtækið lent í miklum fjárhagsvandræðum. Sér hefði því verið kunnugt um, að Stálvirkinn h/f hefði átt ógreiddar skuldir í Landsbankanum, þegar vaxtaaukalánið hefði verið veitt. Ekki hefði verið rætt um það við Landsbankann, hvert lánsféð hefði átt að renna, hvort það hefði átt að nota til að greiða skuldir Stálvirkjans h/f í Landsbankanum eða renna óskert til fyrirtækisins sem rekstrarfé. Þeirra skilningur á lánveitingunni hefði verið sá, að þeir hefðu óskað eftir því í gegnum Geir Hallgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, að fá rekstrarfé, en hefðu ekkert samband haft við bankann um ráðstöfun fjárins á nokkurn hátt. Alexander sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að um þetta atriði hefði nokkru sinni verið rætt við forráðamenn Landsbankans af forráðamönnum Stálvirkjans h/f.

Þegar hann hefði útvegað veðleyfin, hefðu engin skilyrði verið sett af hálfu þeirra, sem veðleyfin gáfu, en hann hefði tjáð þeim, þegar hann óskaði eftir því, að þeir gæfu veðleyfi, að þeir, þ. e. Stálvirkinn h/f, fengju lánsféð greitt út sem rekstrarfé, og mundi fyrirtækið geta staðið sig sem fyrr, ef það fengi þetta lán. Þeir, sem gáfu veðleyfin, hefðu gert það einungis á þeim forsendum, að lánsféð rynni til reksturs Stálvirkjans h/f, og gildi slíkt hið sama um sig sjálfan. Ekkert hefði verið rætt um að skrá skilyrði í veðleyfin. Enginn í stjórn Stálvirkjans h/f hefði skýrt forsvarsmönnum Landsbankans frá þessum skilyrðum.

Alexander kvaðst með undirritun sinni undir veðskuldabréfið hafa haft í hyggju að skuldbinda Stálvirkjann h/f, en hann hefði reiknað með því, að annar úr stjórn fyrirtækisins yrði kallaður til, því að undirritun tveggja stjórnarmanna þyrfti til að skuldbinda fyrirtækið.

Alexander kvaðst hafa skýrt Brandi Brynjólfssyni frá fjárhagsstöðu Stálvirkjans h/f, en ekki Sævari Péturssyni. Lands-

bankinn hefði séð um að láta þinglýsa og stimpla veðskuldabréfið.

Stefnandi Brandur Brynjólfsson gaf skýrslu fyrir dóminum 10. maí sl. Hann skýrði m. a. svo frá, að stefnandi Alexander hefði skýrt sér frá því, þegar hann hefði beðið sig um að lána veð í eign sinni að Baldursgötu 12, að það veð ætti að tryggja greiðslu rekstrarláns, sem Stálvirkinn h/f mundi fá í Landsbankanum. Þetta veð hefði því verið lánað til tryggingar væntanlegu rekstrarláni, en ekki til tryggingar á greiðslu skulda Stálvirkjans h/f við Landsbankann. Alexander hefði skýrt sér frá högum Stálvirkjans h/f að nokkru leyti, m. a. því, að fyrirtækið lægi með mikla lagera, og það, sem helst stæði því fyrir þrifum, væri skortur á rekstrarfé. Brandur kvaðst hafa vitað, að fyrirtækið hefði verið í fjárhagsörðugleikum, hefði verið Landsbankanum skuldugt og bankinn hefði veitt því ýmsa fyrirgreiðslu. Sér hefði þó ekki verið kunnugt um, hversu miklar skuldir Stálvirkjans h/f við Landsbankann hefðu verið. Hann hefði gert ráð fyrir því, að eitthvað af þeim hefði verið gjaldfallið á þeim tíma, er hann gaf veðleyfið. Brandur kvaðst hafa haft hugmynd um, að greiðslustaða Stálvirkjans h/f hefði verið erfið á þessum tíma. Brandur kvað það skilyrði, sem hann hefði sett fyrir veðleyfinu, ekki hafa komið til vitundar lánveitandans fyrir sitt tilstilli, en hann hefði talið víst, að hann væri ekki að lána Stálvirkjanum h/f veð í eign sinni til þess, að með lánsfénu yrðu greiddar ótryggðar eða illa tryggðar kröfur Landsbankans. Alltaf hefði verið gert ráð fyrir því, ef Stálvirkinn h/f fengi veðleyfið, að á þann hátt fengi hann fé til þess að koma rekstri sínum á réttan kjöl. Stefnandi taldi það hafa verið hugsunarleysi sitt, að hann hefði ekki ritað skilyrði í veðleyfið. Brandur kvað þá Alexander hafa verið eina stadda á skrifstofu sinni, þegar hann gaf veðleyfið, og væri undirritun votta seinna til komin.

Alexander hefði sagt sér fljótlega af því, að hann hefði ekki fengið neitt rekstrarfé af vaxtaaukaláninu, heldur hefðu sér verið sendar ýmsar kröfur, sem legið hefðu í vanskilum á Stálvirkjann h/f sem aðalskuldara eða Stálvirkjann sem ábyrgðarmann. Brandur kvaðst þá ekki hafa gert neinar athugasemdir við lánveitandann út af veðsölu sinni. Brandur kvaðst hafa haft sem baktryggingu fyrir veðsölu á eign sinni framsal Alexanders á kaupsamningi, sem hann hefði gert um íbúð að Krummahólum 6 hér í borg. Brandur kvaðst hafa greitt kr. 1.000.000 af skuld Stálvirkjans h/f við Landsbankann, sem tryggð væri með veði

í Baldursgötu 12, og samningsdrög lægju fyrir um greiðslu eftirstöðvanna.

Hinn 10. maí sl. gaf skýrslu fyrir dóminum stefnandi Andrés Kristinn *Sævar* Pétursson og skýrði m. a. svo frá, að stefnandi Alexander hefði komið til sín og beðið sig að gefa veðleyfi, þar sem hann væri að útvega Stálvirkjanum h/f rekstrarlán. Það hafi legið alveg ljóst fyrir, þegar hann var að gefa veðleyfið, að veðið hefði átt að tryggja greiðslu rekstrarláns til Stálvirkjans h/f. Stefnandi Sævar kvaðst ekki mundu hafa gefið veðleyfið, ef lánið hefði átt að renna til þess að greiða skuldir Stálvirkjans h/f við Landsbankann. Sævar kvaðst ekki hafa kynnt sér, hvort skilyrðið hefði komist til vitundar forráðamanna Landsbankans. Sér hefði ekki verið kunn greiðslustaða Stálvirkjans h/f, þegar hann gaf veðleyfið, og hefði Alexander ekki skýrt sér frá öðrum atriðum varðandi hana nema því, að hann þyrfti að fá rekstrarlán. Sævar kvaðst sennilega ekki hafa gefið veðleyfið, hefði sér verið kunnugt um gjaldfallnar skuldir Stálvirkjans h/f í Landsbankanum. Hann hefði ekki hugsað út í það að rita skilyrðið í veðleyfið. Stefnandi Sævar kvaðst ekki vera tengdur Stálvirkjanum h/f á neinn hátt og aldrei starfað hjá fyrirtækinu. Hann væri aðeins góður kunningi Alexanders. Sævar kvaðst hafa fengið víxil, sem stefnandi Alexander hefði gefið út, en Stálvirkinn h/f samþykkt, sem tryggingu fyrir veðsölunni. Sá víxill væri nú hjá lögmanni til innheimtu. Sævar kvaðst hafa fengið vitneskju um, að lánsféð hefði verið notað til að greiða skuldir Stálvirkjans h/f við Landsbankann, um það leyti er þú Stálvirkjans h/f var tekið til gjaldþrotaskipta, en hann hefði ekki gert neinar ráðstafanir gagnvart Landsbankanum.

Hinn 11. maí sl. kom fyrir dóminn sem vitni Sveinn Gústafsson. Hann skýrði m. a. svo frá, að hann hefði starfað frá því í apríl 1975 fram í júlí 1976 á skrifstofu Stálvirkjans h/f. Ætlunin hefði verið, að hann lærði starf framkvæmdastjóra og tæki síðan við því, en til þess hefði ekki komið. Hann hefði á þessum tíma unnið öll venjuleg skrifstofustörf. Hann kvaðst ekki vera né hafa verið hluthafi í Stálvirkjanum h/f. Hann kvað veðleyfi sitt ekki hafa verið bundið neinum skilyrðum, öðru en því, að það næði ekki til hærri upphæðar en einnar milljónar króna. Aldrei hefði verið rætt við sig um það sklyrði, að lánsféð rynni til reksturs Stálvirkjans h/f. Vitnið kvaðst hafa farið erlendis, rétt eftir að hann hefði gefið veðleyfið. Hann hefði ekki haldið áfram störfum hjá Stálvirkjanum h/f, eftir að hann kom úr þeirri

för, en sér hefði verið vikið úr starfi. Vitnið kvaðst hafa haft afskipti af lánsfjárútveguninni í fyrstu, farið á milli með pappíra, rætt við einn lögfræðing og bankastjóra Landsbankans. Hins vegar hefði hann verið hættur störfum hjá Stálvirkjanum, þegar lánið var veitt. Þegar hann hefði starfað að lánsfjárútveguninni, hefði ekki verið búið að ganga endanlega frá því, hvert lánsféð skyldi renna, en í umræðum um það hefði verið talað um að gera upp ákveðnar skuldir Stálvirkjans h/f í Landsbankanum og því gert ráð fyrir, að lánsféð rynni til þess að einhverju leyti. Vitnið kvaðst hafa víxil að fjárhæð kr. ein milljón, samþykktan af stefnanda Alexander, til tryggingar veðsetningu sinni.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Stefnendur.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ráðstöfun á lánsfénu til þess að greiða gjaldfallnar skuldir Stálvirkjans h/f í Landsbankanum hafi verið brot á öllu því, sem um hafi verið samið varðandi ráðstöfun lánsfjárins, en hún hafi farið fram, án þess að nokkurt samráð væri haft við forráðamenn Stálvirkjans h/f. Ekkert af lánsfénu hafi runnið til Stálvirkjans h/f sem rekstrarfé og hafi það verið brot gegn þeim, er lánað hafi veð. Stefnendur hafi ekki hafist handa um að fá veðsöluna ógilta, fyrr en Landsbankinn hafi byrjað innheimtutilraunir á gjaldföllnum afborgunum af láninu.

Á veðskuldabréfinu séu formgallar. Það sé einungis undirritað af einum stjórnarmanni Stálvirkjans h/f, en samkvæmt 17. gr. samþykkta hlutafélagsins þurfi undirskrift tveggja stjórnarmanna til þess að skuldbinda félagið. Enda þótt prókúruhafi félagsins hafi undirritað veðskuldabréfið, þá nægi sú undirritun ekki til þess að skuldbinda hlutafélagið, þegar um skuldbindingu af þessu tagi sé að ræða, en lánsféð hafi verið mjög stórt hlutfall af rekstrartekjum fyrirtækisins árið 1976. Því sé tvímælalaust, að undirskrift tveggja stjórnarmanna hafi verið nauðsynleg í þessu tilviki, og þar sem hún sé ekki fyrir hendi, sé veðskuldabréfið ógilt og þar með veðsetning fasteigna stefnenda.

Þá sé veðsala stefnenda ógild vegna brostinna forsendna. Upplýst sé í málinu, að ætlun stefnenda hafi verið, að lánsféð rynni beint til reksturs Stálvirkjans h/f, en ekki til þess að greiða skuldir fyrirtækisins í Landsbankanum. Stjórnendum Landsbank-

ans hljóti að hafa verið eða mátt vera það ljóst, að menn, fyrirtækinu óbundnir, hefðu ekki lánað veð í fasteignum sínum til þess að tryggja greiðslu vanskilaskulda Stálvirkjans h/f í Landsbankanum. Þeir hafi ekki kannað, hvort stefnendur vildu gefa þessa tryggingu. Það, að bankastjórar Landsbankans hafi ekki viljað gefa skýrslu fyrir rétti, gefi löglíkur fyrir því, að þeir hafi vitað um vilja þeirra, er veðleyfin hafi gefið. Landsbankinn geti því ekki byggt rétt á veðsölu stefnenda samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936.

Stefndi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að forsvarsmenn Stálvirkjans h/f hafi óskað eftir fyrirgreiðslu, m. a. til að greiða gjaldfallnar skuldir fyrirtækisins í Landsbankanum. Þessi lánafyrirgreiðsla hefði ekki átt að hafa í för með sér, að skuldir Stálvirkjans h/f í Landsbankanum ykjust sem láninu næmi, heldur að gjaldföllnum skuldum yrði breytt í lán til lengri tíma. Fullyrðing stefnenda um, að forráðamönnum Landsbankans hafi mátt vera ljóst, að til þess hafi verið ætlast, að lánið yrði greitt út sem rekstrarfé til Stálvirkjans h/f, eigi ekki við nein rök að styðjast. Um það hafi aldrei verið rætt eða samið. Frá veðskuldabréfinu hafi verið gengið á venjulegan hátt og hafi forráðamenn Stálvirkjans h/f fengið það tilbúið til undirritunar og útvegunar veðleyfanna.

Þess beri að gæta varðandi málsástæður stefnenda, að veðskuldabréf séu ekki formbundin skjöl. Veðskuldabréfið hafi verið undirritað af prókúruhafa Stálvirkjans h/f, Alexander Sigurðssyni. Skilgreining á prókúru sé sú, að prókúruhafa sé heimilt að annast allt varðandi rekstur viðkomandi fyrirtækis, nema selja eða veðsetja eignir þess. Varðandi lántökuna þá hafi ekki verið um að ræða, að hún hafi átt að hafa í för með sér aukningu á skuldum fyrirtækisins, heldur hafi lausaskuldum verið breytt í lán til lengri tíma. Þótt í undirritun Alexanders vanti pr. pr., þá sé ljóst, að Alexander hafi ritað undir veðskuldabréfið sem prókúruhafi og sé skuldbinding fyrirtækisins gild að lögum. Þá sé ekkert annað komið í ljós en Stálvirkinn h/f vilji standa við skuldbindingu sína og hafi af hans hálfu engin tilraun verið gerð til þess að fá umrætt veðskuldabréf ógilt. Af hálfu Stálvirkjans h/f hafi því ekki verið mótmælt, að fyrirtækið sé bundið af veðskuldabréfinu, né heldur hafi komið fram mótmæli gegn ráðstöfun lánsfjárins. Mótmæli hafi fyrst

komið fram frá stefnanda Alexander, þegar Stálvirkinn h/f hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta. Alexander hafi verið kunnugt um, að fyrirtækið hafi verið í stórfelldri skuld við Landsbankann, og hafi vitað, að lánsféð hafi átt að renna til þess að greiða þær.

Það hafi verið hinn 11. apríl 1978, að Landsbankinn hafi beðið um uppboð á hinum veðsettu eignum. Áður hafi Landsbankinn reynt að innheimta skuldina samkvæmt veðskuldabréfinu hjá Stálvirkjanum h/f og hafi honum verið tilkynnt, að veðskuldabréfið væri allt fallið í gjalddaga. Það sé hins vegar tveim árum eftir að veðsetningin hafi farið fram, að reynt sé að finna ástæður til að ógilda hana. Slíkar ástæður séu ekki fyrir hendi. Hvergi komi fram, hvorki munnlega né skriflega, að veðleyfi stefnenda hafi verið bundin skilyrðum. Aldrei hafi verið minnst á slíkt við forráðamenn Landsbankans eða neitt af slíku tagi komið til vitundar þeirra. Þá hafi verið útilokað fyrir stefnanda Brand að binda veðleyfi sitt slíkum skilyrðum, því að hann hafi vitað, að bankinn láni aldrei til viðbótar, nema samið sé um leið um greiðslu þeirra skulda, sem í gjalddaga séu fallnar. Það komi heldur ekki fram í skýrslum stefnenda, að þeir hafi sett þetta skilyrði. Því eigi málsástæður stefnenda ekki við nein rök að styðjast.

FORSENDUR DÓMSINS
OG NIÐURSTAÐA.

Samkvæmt framburði stefnenda fyrir dóminum virðast þeir hafa gert ráð fyrir því, að fé það, sem Stálvirkinn h/f fékk að láni hjá Landsbankanum, rynni beint til reksturs fyrirtækisins, en ekki til þess að greiða gjaldfallnar skuldir þess í Landsbankanum. Þannig virðist til komið það skilyrði, sem þeir telja sig hafa sett fyrir því að leyfa veðsetningu fasteigna sinna til tryggingar greiðslu framangreinds láns. Fram kemur í málinu, að tveim stefnendum var kunnugt um gjaldfallnar skuldir Stálvirkjans h/f í Landsbankanum. Eins og sjá má af bréfi Stálvirkjans h/f til Landsbankans, dags. 14. maí 1976, og skjali því, sem greint er frá í upphafi dómsins, er af hálfu Stálvirkjans h/f lögð á það áhersla gagnvart stefnda, að skuldum fyrirtækisins verði breytt í langtímalán.

Af veðskuldabréfinu má sjá, að hin rituðu veðleyfi eru án annarra skilyrða en þeirra, að fasteignirnar eru veðsettar til tryggingar geiðslu tiltekinna upphæða. Ef stefnendur höfðu í

hyggju á þeim tíma, er þeir gáfu leyfi til veðsetningar fasteigna sinna, að binda þau skilyrðum, þar þeim að rita slík skilyrði í veðleyfin eða með öðrum hætti koma þeim til vitundar lánveitanda. Af hálfu stefnenda er viðurkennt, að það hafi þeir eigi gert, og sömuleiðis er upplýst af stjórnarformanni Stálvirkjans h/f á þessum tíma, stefnanda Alexander, að enginn úr stjórn fyrirtækisins hafi skýrt forráðamönnum stefnda svo frá, að veðleyfin væru skilyrt. Ekki er leitt í ljós, að aðrir aðiljar hafi skýrt forráðamönnum stefnda frá þessu, og því er alfarið mótmælt af hálfu stefnda, að hann hafi haft nokkra slíka vitneskju. Ekki verður talið, að aðdragandi lánveitingarinnar og ástand fjármála Stálvirkjans h/f á þeim tíma, er lánið var veitt, hafi verið þess eðlis, að af þeim sökum hafi forráðamönnum Landsbankans verið ljóst eða mátt vera ljóst, að veðleyfi stefnenda væru bundin skilyrðum, eins og þeir halda fram. Þá er ekki í ljós leitt, að forsvarsmenn Stálvirkjans h/f hafi gert um það samkomulag við stefnda, að fyrirtækið fengi lánsfé til eigin ráðstöfunar, en það rynni ekki til greiðslu gjaldfallinna skulda fyrirtækisins í Landsbankanum, en stefnandi Alexander sagði fyrir dóminum, að um það hefði ekki verið rætt við forráðamenn stefnda.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnenda, að veðsetningu fasteigna þeirra eigi að ógilda vegna brostinna forsendna.

Af hálfu stefnenda er því og haldið fram, að veðsetningu á fasteignum þeirra eigi að ógilda af þeim sökum, að undirritun sú, sem á veðskuldabréfinu er, bindi ekki Stálvirkjann h/f og þar af leiðandi sé veðsetning fasteigna þeirra ógild.

Rétt þykir að taka hér sérstaklega fram, að stjórnarformaður Stálvirkjans h/f og prókúruhafi, stefnandi Alexander, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði haft í hyggju að skuldbinda Stálvirkjann h/f með undirritun sinni, en gert ráð fyrir því, að annar stjórnarmaður yrði kallaður til, því að undirritun tveggja stjórnarmanna þyrfti til að skuldbinda fyrirtækið.

Telja verður stefnendum heimilt að hafa þessa mótbáru uppi gegn gildi skuldabréfsins gagnvart stefnda, enda þótt ekki sé leitt í ljós, að af hálfu Stálvirkjans h/f hafi henni neins staðar verið hreyft.

Framangreind málsástæða stefnenda snertir á engan hátt efni veðskuldabréfsins eða þær ástæður, sem leiddu til þess, að það var gefið út, heldur einungis form þeirrar undirritunar, sem nægjanleg megi teljast til að skuldbinda fyrirtækið Stálvirkj-

ann h/f. Í þessu máli verður ekki tekin afstaða til þess, hvers konar undirritun telst vera nægileg til ótvíræðrar skuldbindingar Stálvirkjans h/f. Hins vegar verður að telja vegna þess, að hverju mótbáran beinist, og eins vegna annarra atvika málsins, að hún sé þess eðlis, að stefnendur geti ekki byggt á henni rétt til þess að fá veðsetningar sínar ógiltar, og verður hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnenda. Málskostnaður, sem stefnendur greiði stefnda in solidum, telst hæfilega ákveðinn kr. 200.000.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Alexanders Sigurðssonar, Brands Brynjólfssonar og Sævars Péturssonar. Stefnendur greiði stefnda in solidum kr. 200.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. október 1981.

Nr. 162/1979. **Jórunn Melax**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Hilmari Ingimundarsyni
(sjálfur).

Uppboðsmál. Veðskuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1979. Hún krefst þess aðallega, að kröfu stefnda um nauðungaruppboð á íbúð hennar Asparfelli 10, 7. hæð A,

verði vísað frá uppboðsréttinum, en til vara krefst hún þess, að synjað verði um framgang uppboðsins. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar krafðist áfrýjandi opinberrar rannsóknar á því, hver hefði „verið handhafi og eigandi" veðskuldabréfs þess, sem í málinu greinir, þegar um uppboð var beðið, svo og um lögskipti stefnda og Byggingarsamvinnufélagsins Aðalbóls (BSAB), ef rétt reyndist, að stefndi hefði fengið veðskuldabréfið til eignar frá félaginu. Gáfu bæði áfrýjandi og fyrrverandi eiginmaður hennar svo og Óskar Jónsson, framkvæmdastjóri byggingarsamvinnufélagsins, skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins. Hafa þær verið lagðar fyrir Hæstarétt. Segir í skýrslu framkvæmdastjórans, að hann geti „upplýst það, að Aðalból [sé] enn eigandi þessa skuldabréfs . . ." Enn fremur greindi hann svo frá varðandi handhöfn stefnda á veðskuldabréfinu, að hann vissi ekki til, að stefndi ætti bréfið, en hann hefði fullt umboð félagsins til að innheimta það og því geti verið, „að hann skrái sig sem handhafi bréfsins, þar eð hann hefur það undir höndum og bréfið er handhafabréf."

Þá hafa stefndi svo og Bjarni Axelsson, stjórnarformaður BSAB, gefið skýrslur í sérstöku vitnamáli, sem háð var á bæjarþingi Reykjavíkur 2. mars 1981. Í aðiljaskýrslu stefnda sagðist honum svo frá, að Byggingarsamvinnufélagið Aðalból væri eigandi skuldabréfsins, en sér hefði verið falið það til innheimtu og teldi hann sig „vera handhafa þessa bréfs". Skuldabréfið hefði verið falið honum „ekki eingöngu til innheimtu heldur [væri honum] líka falið að ráðstafa andvirði þeirrar innheimtu". Í vætti sínu fullyrti áðurnefndur stjórnarformaður einnig, að félagið væri eigandi veðskuldabréfsins, en stefnda hefði verið falið það „til ráðstöfunar og meðferðar."

Aðalkröfu áfrýjanda skortir lagagrundvöll, og kemur varakrafa hans ein til álita.

Með skýrslu stefnda sjálfs og þeirra forráðamanna Bygg-

ingarsamvinnufélagsins Aðalbóls, sem að framan eru greindir, er sannað, að stefndi er ekki eigandi þess veðskuldabréfs til handhafa, sem hann hefur lagt fram sem uppboðsheimild sér til handa samkvæmt b lið 1. tl. 1. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Jafnvel þó að svo væri litið á, að þetta skyti ekki loku fyrir, að stefnda hefði verið heimilt að krefjast nauðungaruppboðs á íbúð áfrýjanda í eigin nafni, vegna þess að hann hafi haft handhafabréf þetta undir höndum með heimild gallalausri að formi, yrði hann, hvað sem öðru líður, að hlíta sömu mótbárum gegn kröfunni og umbjóðandi hans, Byggingarsamvinnufélagið Aðalból. Og þar sem líta verður svo á, eftir því sem að framan var rakið, að það sé félagið sjálft, er skoða beri sem kröfuhafa að þeirri veðtryggðu kröfu, sem það sjálft skuldar eftir hljóðan veðskuldabréfsins, eru þegar af þeirri ástæðu ekki skilyrði til að leyfa framgang hins umbeðna uppboðs. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang uppboðsins.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann samtals 4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hins umbeðna uppboðs.

Stefndi, Hilmar Ingimundarson, greiði áfrýjanda, Jórunni Melax, samtals 4.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 22. ágúst 1979.

Gerðarbeiðandi, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður hér í borg, hefur krafist þess, að íbúð á 7. hæð, merkt A, í húsinu Asparfelli 10 verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar 696.464 kr. svo og til lúkningar kostnaði við uppboðið. Hann

krefst þess, að gerðarþoli, Jórunn Melax, verði úrskurðuð til þess að greiða málskostnað.

Gerðarþoli, Jórunn Melax, Asparfelli 10, hefur mótmælt því, að umbeðið uppboð nái fram að ganga. Hún krefst þess, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til þess að greiða málskostnað.

Mál þetta var flutt munnlega þann 11. júlí þ. á. og síðan tekið til úrskurðar. Við nánari athugun þótti rétt að gefa kost á endurupptöku til framlagningar skjals, en vegna annríkis varð ekki af endurupptöku fyrr en þann 17. þessa mánaðar. Var málið þá endurflutt og síðan tekið til úrskurðar.

Það er komið fram í máli þessu, að Byggingarsamvinnufélagið Aðalból (BSAB), áður Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðarstjóra, er þinglýstur eigandi að íbúð á 7. hæð, merktri nr. A, í húsinu Asparfelli 10 hér í borg. Þann 27. nóvember 1978 gefur félagið út veðskuldabréf til handhafa, þar sem það lýsir sig skulda kr. 696.464, sem það lofar að greiða þann 1. janúar 1979. Til tryggingar greiðslu skuldarinnar og vaxta er nefnd íbúð veðsett með 4. veðrétti, en veðhafa er heimilað í bréfinu að selja veðið á uppboði án dóms, sáttar eða fjárnáms skv. lögum nr. 57/1949, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887, er skuldin er komin í gjalddaga. Bréfið er undirritað í tveggja votta viðurvist, og því var athugasemdalaust þinglýst þann 28. febrúar 1978.

Uppboðsbeiðni er dagsett þann 14. febrúar 1979. Í henni er þess getið, að núverandi eigandi veðsins sé Jórunn Melax, þar búandi. Samanber rskj. 11 í máli þessu hafa hún og maður hennar, Jón L. Magnússon, er var byggingaraðili að þessari íbúð, samið svo um við hjónaskilnað, að íbúðin verði yfirtekin af Jórunni að öllu skv. nánari skilmálum. Er þessi gerningur þeirra dagsettur þann 31. maí 1977.

Í málinu liggur fyrir bréf Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, dags. 23. janúar þ. á., til Jórunnar Melax. Er þar skýrt svo frá, að honum hafi verið falið að innheimta hjá henni skuld skv. veðskuldabréfi, kr. 696.464, og þess krafist, að hún borgi fyrir 1. febrúar höfuðstól veðskuldarinnar ásamt vöxtum og innheimtulaunum, samtals kr. 819.647, ella muni uppboðs verða krafist. Lögmaður Jórunnar ritar Hilmari bréf þann 13. febrúar og mótmælir innheimtunni svo og útgáfu veðskuldabréfsins.

Hilmar Ingimundarson svarar þessu bréfi þann 19. febrúar, rskj. 10, og vísar til 3. gr. viðbótarsamnings um íbúðina, sem undirritaður hafi verið af Jóni L. Magnússyni á sínum tíma,

um, að BSAB hafi fullan rétt til að veðsetja íbúðina fyrir byggingarskuldum. Þetta hafi verið gert með útgáfu veðbréfs þess, sem um ræðir, og vísar Hilmar staðhæfingum um löglausa og siðlausa útgáfu á bug með öllu.

Þann 2. mars þ. á. mótmælir lögmaður Jórunnar Melax framgangi uppboðs. Var uppboðið tekið fyrir á skrifstofu uppboðshaldara þann 30. maí þ. á. skv. samkomulagi við aðilja. Uppboðsauglýsing hefur ekki verið gefin út. Í réttarhaldi þessu var ákveðið, að rekið skyldi sérstakt uppboðsréttarmál um ágreining aðiljanna. Það mál er hér til úrskurðar.

Gerðarbeiðandi bendir á það, að veðskuldabréfið sé gefið út af þinglýstum eiganda og því hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Full heimild hafi verið til útgáfu bréfsins í 3. gr. samnings aðilja þeirra, sem með áttu, dags. 18. apríl 1974. Jórunn Melax verði að sæta þeim kjörum, sem forveri hennar hafi undirgengist, áður en hún varð eigandi íbúðarinnar. Mótbárur þær, er hún hafi látið færa fram í málinu, séu rangar og því mótmælt, að þær megi komast að í málinu, viðskipti þau, er búi að baki útgáfu veðskuldabréfsins, séu málinu óviðkomandi og uppboðsréttur úrskurði ekki um þau atriði, en raunar muni hún skulda félaginu meira en sem nemur upphæð veðskuldabréfsins. BSAB hefur lýst því yfir, að uppboði sé ekki mótmælt og að engin greinargerð af félagsins hálfu muni koma fram.

Jórunn Melax hefur fært fram í málinu, að hún standi í skilum við BSAB. Hvað sem líði heimild félagsins til þess að gefa út veðskuldabréf skv. 3. gr. samningsins frá 18. apríl 1974, þá sé á það að líta, að greiðslur hafi átt að vera kr. 45.000 á mánuði, þar til byggingarkostnaði sé lokið, en engin heimild sé til að heimta dráttarvexti. Félagið hafi farið að reikna sér slíka vexti, án þess um væri að ræða nein vanskil, og engar skýringar hafi fengist á þeim útreikningi, þrátt fyrir það þó þeirra væri krafist, sbr. bréf á rskj. 7. Þess sé að gæta, að nefnd 3. gr. segi berum orðum, að veðsetning megi aldrei vera hærri en byggingarskuldum nemur, og hvíli því á félaginu og gerðarbeiðanda að sýna fram á þau atriði. Undirrót þessara aðfara muni vera sú, að félagið hafi þóst vera vanhaldið um upphæð byggingarskuldar og viljað fá fram breytingu til hækkunar. Er því hafi verið vísað á bug, hafi verið farið að reikna dráttarvexti án heimildar skv. framansögðu. En á sama tíma hafi alltaf verið tekið fyrirvaralaust við innborgunum upp í byggingarkostnað.

Þá er það staðhæft í málinu, að BSAB sé og hafi alltaf verið eigandi þessa veðskuldabréfs, sem nú sé borið fram sem uppboðsheimild, þó nú þyki henta betur, að gerðarbeiðandi komi fram í eigin nafni sem uppboðsbeiðandi. Lögmaður gerðarþola bendir í þessu sambandi á bréf gerðarbeiðanda þessa uppboðs til Jórunnar Melax, dags. 23. janúar sl., þar sem sagt sé á þessa leið: „Undirrituðum hefur verið falið að innheimta hjá yður skuld skv. veðskuldabréfi kr. 696.464 . . .“, og á rskj. 10, þar sem nefnt sé „ . . . umbj. m. B.S.A.B.“ og: „ . . . skýrt tekið fram, að B.S.A.B. hafi fullan rétt til að veðsetja íbúðina fyrir byggingarskuldum, og það er einmitt það, sem umbj. m. hafa gert“. Sé því alveg ljóst, að félagið sé eigandi veðskuldabréfsins og nú eigi að koma fram uppboði á þinglesinni eign félagsins að kröfu þess sjálfs. Þessi aðferð félagsins sé frámunalega siðlaus í hverri grein gagnvart raunverulegum eiganda og ótækt með öllu, að uppboð megi ná að ganga fram. Handhöfn gerðarbeiðanda sé til málamynda aðeins, en hann sé lögfræðingur félagsins og vel kunnugt um allt þetta málefni og engan veginn í góðri trú varðandi þær misfellur, sem séu á viðskiptum aðiljanna.

Gerðarbeiðandi mótmælir öllum staðhæfingum um, að hann sé ekki í hverri grein löglegur handhafi, en hitt sé rétt, að hann hafi farið með nokkur mál fyrir BSAB. Það sé svo annað mál, að viðskipti, sem liggja bak veðskuldabréfinu, hafi alls enga þýðingu í máli þessu.

Veðskuldabréf það, er gerðarbeiðandi hefur lagt fram, er formlega óaðfinnanleg uppboðsheimild. Ekki eru fram komin fullnægjandi gögn um, að gerðarbeiðandi sé ekki réttmætur handhafi bréfs þessa. Ber því að taka kröfu gerðarbeiðanda um uppboð til greina á hans ábyrgð.

Í samræmi við þessa niðurstöðu ber að leggja málskostnað vegna uppboðsréttarmáls þessa á Jórunni Melax. Telst hæfilegur málskostnaður vera kr. 70.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið uppboð nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Jórunn Melax, Asparfelli 10, greiði gerðarbeiðanda, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, kr. 70.000 í máls-

kostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvember 1981.

Nr. 134/1981. **Snævar Ívarsson**
gegn
Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Snævar Ívarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. nóvember 1981.

Nr. 196/1981. **Guðbjörn Guðjónsson**
gegn
Útveri h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðjónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. nóvember 1981.

Nr. 197/1981. **Guðbjörn Guðjónsson**
gegn
Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðjónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. nóvember 1981.

Nr. 198/1981. **Guðbjörn Guðjónsson**
gegn
Síldarvinnslunni h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðjónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. nóvember 1981.

Nr. 214/1981. **Ragnar Tómasson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar Tómasson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 300.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvember 1981.

Nr. 23/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Gunnari Péturssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, en eigi áfrýjað af hálfu ákæruvalds.

Ákærði krefst þess að verða sýknaður af kröfum ákæruvalds og að allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir

Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ný gögn, þ. á m. endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur af dómprófum, sem fram fóru 23. október 1981. Kom þá fyrir dóm Hörður Þór Hafsteinsson lögreglumaður og bar vætti, en hann var einn þeirra lögreglumanna, sem að handtöku ákærða stóðu. Kvaðst Hörður Þór muna eftir málsatvikum, en þó mjög óljóst. Kvaðst hann minnast þess, að bifreið þeirri, er þeir lögreglumennirnir veittu eftirför, hefði verið ekið inn í Fífusel og þá hafi þeir lögreglumennirnir misst sjónar á henni augnablik. Ekki sagðist hann muna eftir því að hafa séð ákærða stíga út úr Trabant bifreiðinni, enda ekki séð hann, fyrr en hinir lögreglumennirnir komu með hann að lögreglubifreiðinni. Þá kvað hann kveikjuláslykil Trabant bifreiðarinnar ekki hafa fundist þrátt fyrir leit þarna við bifreiðina.

Einnig kom fyrir sakadóm í greindu þinghaldi vitnið Jón Svanur Pétursson leiktjaldamálari, Fífuseli 9 hér í borg. Hann kvaðst þekkja ákærða, sem kvæntur væri systur hans. Jón Svanur kvaðst muna eftir því, að lögreglumaður hefði hringt heim til hans í febrúarmánuði 1980 og innt hann eftir því, hvort ákærði hefði verið hjá honum þá um kvöldið. Hann hafi svarað því til, að ákærði hefði ekki komið í heimsókn til hans. Kvaðst Jón Svanur hafa komið heim til sín þetta kvöld á miðnætti og öruggt væri, að eftir þann tíma hefði ákærði ekki komið heim til hans. Þá hafi aðrir heimamenn ekki minnst á, að ákærði hefði komið í heimsókn þetta kvöld.

Að því athuguðu, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli, þó svo, að greiðslufrestur sektar verður fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli, þó svo, að greiðslufrestur sektar verður fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðmundur Gunnar Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt upphaflegri lögregluskýrslu Rúnars Sigurpálssonar lögreglumanns var ákærði leiddur fyrir Gylfa Jónsson varðstjóra og yfirheyrður af honum. Engin varðstjóraskýrsla liggur fyrir í málinu og varðstjórinn hefur hvorki gefið skýrslu fyrir dómi né rannsóknardeild lögreglu. Af skýrslu Rúnars Sigurpálssonar verður ekki ráðið með vissu, hvort frásögn af orðaskiptum milli varðstjórans og ákærða sé byggð á eigin skynjun eða sögusögn.

Samkvæmt ósk ríkissaksóknara var háð framhaldsrannsókn í málinu í októbermánuði 1981. Kom þá í fyrsta sinn fyrir dóm í máli þessu lögreglumaðurinn Hörður Þór Hafsteinsson, en hann var einn þriggja lögreglumanna, er stóðu að eftirför og síðar handtöku ákærða. Þetta vitni kveður einn þeirra félaga hafa veitt athygli bifreið, sem hann taldi, að ákærði æki, en hann hafi þá verið sviptur ökuréttindum. Vitnið sá ekki ákærða, fyrr en hinir lögreglumennirnir komu með hann. Vitnið kveðst ekki muna eftir

því „að hafa séð ákærða stíga út úr Trabantbifreiðinni". Sama vitni kveður þá lögreglumennina hafa „misst sjónar á bifreiðinni augnablik," meðan á eftirförinni stóð.

Frásögn ákærða um, að hann hafi ekki ekið bifreiðinni R 64343 um klukkan 0100 aðfaranótt 12. febrúar 1980, er með nokkrum ólíkindum. Framburðir tveggja lögreglumanna um, að þeir hafi séð ákærða stíga út úr bifreiðinni á bifreiðastæði við Fífusel gera neitun ákærða mjög tortryggilega. Þegar það er hins vegar haft í huga, að þriðji lögreglumaðurinn í hópnum sá ákærða ekki stíga út úr bifreiðinni, þó að telja verði, að hann hafi haft sömu aðstöðu til þess að fylgjast með ferðum ákærða og hinir lögreglumennirnir höfðu, að ekki sést, að nein tilraun hafi verið gerð til þess að rannsaka þetta atriði nánar með tilliti til þess, hvort um missýn gæti verið að ræða, er lögreglubifreið var ekið í náttmyrkri um stórt — líklega þéttskipað bílastæði, en full ástæða var til slíkrar rannsóknar vegna neitunar ákærða, að samkvæmt framburði Harðar Þórs Hafsteinssonar var eftirförin ekki alveg samfelld, að lögreglunni láðist að athuga, hvort bifreið ákærða væri heit eftir akstur, að lögreglunni láðist að rannsaka til hlítar, hvar kveikjuláslyklar bifreiðarinnar væru niður komnir og að lögreglunni láðist að athuga, hvort aðrar bifreiðar sömu tegundar og líkar útlits væru á bifreiðastæði því, sem eftirförinni lauk á, svo og það, að vætti Jóns Hauks Jenssonar styður framburð ákærða, þykir vera svo mikill vafi í máli þessu, að óheimilt sé gegn eindregnum og staðföstum neitunum ákærða að sakfella hann samkvæmt framburðum þeim, sem að framan greinir. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Gunnar Pétursson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 3.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. nóvember 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 5. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 526/1980. Ákæruvaldið gegn Guðmundi Gunnari Péturssyni, sem tekið var til dóms þann 30. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. júlí sl., á hendur ákærða, Guðmundi Gunnari Péturssyni, Fífuseli 41 í Reykjavík, fæddum 22. janúar 1952, „fyrir að aka þriðjudaginn 12. febrúar 1980, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni R 64343 austur Breiðholtsbraut, eftir Seljabraut og Flúðaseli og Fífuseli, þar sem aksturinn var stöðvaður við húsið nr. 41.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Þriðjudaginn 12. febrúar sl., um kl. 0105, veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni R 64343, sem ekið var austur Breiðholtsbraut og beygt inn á Seljabraut. Var bifreiðinni veitt eftirför um Seljabraut, Flúðasel og Fífusel, þar sem aksturinn var stöðvaður við hús nr. 41. Að sögn lögreglumannanna hljóp ökumaðurinn úr bifreiðinni og var kominn 3—4 metra frá henni, þegar hann var handtekinn. Segir í skýrslunni, að lögreglumennirnir hafi aldrei misst sjónar af ökumanni. Var ákærði færður fyrir varðstjóra, og kvaðst ákærði ekki hafa ekið bifreiðinni. Kvaðst hann hafa verið að koma frá kunningja sínum Jóni Svani Péturssyni, Fífuseli 9. Hafði varðstjóri símasamband við Jón, en hann kannaðist ekki við að hafa fengið ákærða í heimsókn.

Ákærði skýrði þannig frá hjá rannsóknardeild lögreglunnar

í Reykjavík þann 28. maí sl. og fyrir dómi þann 23. júní og 25. júlí sl., að hann hefði verið að koma frá kunningja sínum Jóni Hauki Jenssyni, sem búi í „Bökkunum" í Breiðholti. Kvaðst ákærði hafa gengið þaðan og ekki hafa ekið bifreið sinni né vita til þess, að hún hafi verið í notkun skömmu áður en þetta gerðist. Ákærði kvaðst ekki kannast við Jón Svan Pétursson.

Vitnið Rúnar Geir Sigurpálsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 28. maí sl. og kom fyrir dóm þann 31. júlí sl. Vitnið staðfesti, að það hefði séð ákærða stíga út úr bifreiðinni eftir að hafa ekið henni. Vitnið kvaðst ekk hafa séð framan í ökumann bifreiðarinnar, en kvaðst vera visst um, að ákærði hefði ekið bifreiðinni, þar sem það hafi séð ákærða stíga út úr henni. Vitnið kvað ákærða hafa verið inntan eftir því, hvort hann væri með kveikjulás-lykla bifreiðarinnar í fórum sínum, en ákærði hafi kveðið svo ekki vera. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort líkamsleit var gerð á ákærða, en mundi þó, að leit var gerð að lyklum í bifreiðinni og í kringum hana. Vitnið kvað ekki hafa verið kannað, hvort vél bifreiðar ákærða hefði verið heit.

Vitnið Jón Friðrik Bjartmarz lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 20. maí sl. og kom fyrir dóm þann 31. júlí sl. Vitnið skýrði frá atvikum á sama hátt og vitnið Rúnar Geir Sigurpálsson og kvaðst vera visst um að hafa séð ákærða stíga út úr bifreiðinni eftir að hafa ekið henni.

Þann 14. október sl. kom fyrir dóminn sem vitni Jón Haukur Jensson aðstoðarmaður, til heimilis að Jörfabakka 30, fæddur 11. janúar 1958 í Reykjavík. Vitnið kvaðst muna eftir því, að ákærði kom á heimili vitnisins umrætt kvöld, og var ákærði ekki á bílnum. Taldi vitnið, að ákærði hefði farið frá heimili vitnisins fyrir miðnætti og hafi farið gangandi. Vitnið kvaðst muna eftir þessu, vegna þess að ákærði færði það í tal við sig nokkrum dögum seinna, að lögreglan hefði haft afskipti af ákærða og borið á hann að hafa ekið bifreiðinni.

Með samhljóða framburði tveggja lögreglumanna verður gegn neitun ákærða að telja sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni R 64343 sviptur ökuréttindum, eins og í ákæru greinir, og breytir framburður vitnisins Jóns Hauks Jenssonar engu þar um, enda fór ákærði af heimili vitnisins rúmlega klukkustund áður en lögreglan hafði afskipti af honum.

Brot ákærða er í ákæruskjali rétt fært til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1970 14/10 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1973 5/1 í Reykjavík: Sátt, 14.000 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. laga nr. 82/1969 og 60. og 61. gr. laga nr. 59/1969.

1974 21/5 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 21/5 1974.

1979 26/11 í Reykjavík: Sátt, 90.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 13/11 1979.

1980 17/1 í Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 150.000.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Gunnar Pétursson, greiði 300.000 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000.

Þriðjudaginn 3. nóvember 1981.

Nr. 20/1980. **Ásmundur Ingimundarson og Halldór Guðmundsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Ólafi Erlingssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Aðild. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu upphaflega með stefnu 10. nóvember 1978, en útivistardómur gekk í því máli 1. febrúar 1980. Þeir áfrýjuðu málinu að nýju 27. s. m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Þeir krefjast sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Áfrýjendur sóttu ekki þing í héraði, og var þeim þó löglega stefnt.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð skiptaráðandans í Hafnarfirði um, að bú áfrýjandans Ásmundar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, uppkveðnum 13. nóvember 1979. Engar eignir hafi fundist í búinu og skiptum í því lokið 18. nóvember 1980. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti var kröfum stefnda aldrei lýst í þrotabúið. Áfrýjandinn Ásmundur hafði lögmætra hagsmuna að gæta og var því bær um að áfrýja málinu í eigin nafni, þótt bú hans væri undir gjaldþrotaskiptum, án þess að kanna viðhorf búsins til áfrýjunarinnar. Er hann því réttur aðili máls þessa fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður verksamningur milli Halldórs Guðmundssonar h/f og áfrýjandans Ásmundar Ingimundarsonar sem verktaka og Hitaveitu Suðurnesja sem verkkaupa, dagsettur 28. apríl 1977. Samkvæmt samn-

ingi þessum tóku verktakarnir að sér „að leggja og afhenda verkkaupa dreifikerfi í Keflavík 2. áfanga“. Áfrýjandinn Halldór gaf skýrslu fyrir dómi eftir uppsögu héraðsdóms. Hann kvaðst ekki hafa starfað sjálfur við framkvæmdir þeirra verktakanna fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Ásmundur hefði séð um þær. Hann vildi ekki fullyrða, í hvers þágu stefndi hefði unnið, en kvað hluta af verkinu kunna að hafa verið unninn fyrir Keflavíkurbæ. Ekki kvaðst hann vita, hvort reikningarnir væru réttir.

Af hálfu stefnda er fullyrt, að áfrýjendur hafi báðir persónulega fengið hann til að vinna ýmis störf við pípulagnir vegna hitaveituframkvæmda á Suðurnesjum. Hann hafi sent áfrýjendum innheimtubréf, sem þeir hafi engum andmælum hreyft við.

Ómótmælt er, að Halldór Guðmundsson h/f og áfrýjandinn Ásmundur Ingimundarson voru verktakar hjá Hitaveitu Suðurnesja á þeim tíma, sem stefndi vann verk það, sem á reikningum hans greinir. Þeir eru stílaðir á Ásmund og Halldór verktaka. Þykir verða við það að miða, að hann hafi unnið verk sitt fyrir framangreinda verktaka, enda hefur áfrýjandinn Halldór ekki berum orðum mótmælt, að svo geti verið, og áfrýjandinn Ásmundur hefur engar skýrslur gefið um málsatvik.

Áfrýjandinn Halldór Guðmundsson var ekki persónulega aðili að nefndum verksamningi. Stefndi hefur ekki fært að því rök, að hann hafi unnið nein verk fyrir Halldór Guðmundsson persónulega. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnda.

Þar sem fallist er á samkvæmt framansögðu, að stefndi hafi unnið verk sitt í þágu verktakanna Halldórs Guðmundssonar h/f og Ásmundar Ingimundarsonar, og einstakir reikningar hafa ekki sætt tölulegum athugasemdum, verður krafa stefnda á hendur áfrýjandanum Ásmundi tekin til greina að öðru leyti en um vexti. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi krafið áfrýjendur um greiðslu fyrr en með innheimtubréfi 10. maí 1978, og þykir rétt að miða upphafstíma vaxta við þann tíma. Samkvæmt þessu verð-

ur áfrýjandinn Ásmundur dæmdur til að greiða stefnda 2.014.00 krónur ásamt 19% ársvöxtum frá 30. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að áfrýjandinn Halldór Guðmundsson beri sjálfur sinn kostnað af málssókn þessari, en áfrýjandinn Ásmundur Ingimundarson greiði stefnda 2.900.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi Halldór Guðmundsson skal vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Erlingssonar, í máli þessu.

Áfrýjandi Ásmundur Ingimundarson greiði stefnda 2.014.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 30. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., en 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi Halldór Guðmundsson beri sjálfur sinn kostnað af málssókn þessari, en áfrýjandi Ásmundur Ingimundarson greiði stefnda 2.900.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur

14. september 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. júlí, gegn Ásmundi Ingimundarsyni, Hringbraut 1, og Halldóri Guðmundssyni, Herjólfsgötu 14, báðum í Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 201.402 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 35.207 frá 1. apríl 1977 til 1. september s. á., af kr. 69.298 frá þeim degi til 1. október s. á., af kr. 89.146 frá

þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 201.402 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarks gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkv. reikningum, dags. í júlí, ágúst, sept. og okt. 1977. Stefndu unnu saman árið 1977 sem verktakar við ýmsar hitaveituframkvæmdir á Suðurnesjum. Þeir fengu þá stefnanda til að vinna fyrir sig ýmis störf við pípulagnir. Reikningarnir eru fyrir þau störf. Vaxta er krafist frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir útgáfu hvers reiknings. Stefnandi hefur fasta starfsstofu að Hafnargötu 26, Keflavík, og er málið því höfðað samkv. heimild í 82. gr. laga nr. 85/1936 fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur.

Stefnu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 54.000.

Dóminn kvað upp Valtýr Sigurðsson aðalfulltrúi.

Dómsorð:

Stefndu, Ásmundur Ingimundarson og Halldór Guðmundsson, greiði in solidum stefnanda, Ólafi Erlingssyni, kr. 201.402 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 35.207 frá 1. ágúst 1977 til 1. september s. á., af kr. 69.298 frá þeim degi til 1. október s. á., af kr. 89.146 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 201.402 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 54.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. nóvember 1981.

Nr. 203/1979. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og iðnaðarráðherra f. h. Rafmagnseftirlits ríkisins**
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)
gegn
Afli s/f, Jóni Guðjónssyni, Einari Gunnarssyni, Ingimar A. Magnússyni og Svavari Kristjónssyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Húsaleiga. Verðstöðvun. Endurgreiðslukröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 29. nóvember 1979. Þeir krefjast þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim 15.558.70 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. janúar 1979 til greiðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Leigusamning aðilja, sem rakinn er í héraðsdómi, ber að vísu að skilja svo, að leiguhækkanir skuli miða við vísitölu þá, sem rétt var, 335 stig, en um endurgreiðslu þegar greiddrar leigu gilda þó að þessu leyti sömu sjónarmið og um endurgreiðslu á öðru fé, sem fjallað er um í máli þessu. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og iðnaðarráðherra f. h. Rafmagnseftirlits ríkisins, greiði stefndu, Afli s/f, Jóni Guðjónssyni, Einari Gunnarssyni, Ingimar A. Magnússyni og Svavari Kristjónssyni, 4.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 2. október sl., höfðuðu fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri í mars 1979, gegn Afli s/f, Reykjavík, svo og eigendum þess félags, þeim Jóni Guðjónssyni, Brautarlandi 6, Einari Gunnarssyni, Brautarlandi 2, Svavari Kristjónssyni, Eikjuvogi 17, öllum í Reykjavík, og Ingimar A. Magnússyni, Haukanesi 25, Garðabæ, til greiðslu á kr. 1.555.871 með 19% ársvöxtum frá 1. janúar 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnenda og að þeim verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að stefndi Byggingafélagið Afl s/f leigði Rafmagnseftirliti ríkisins húsnæði með samningi, dags. 2. mars 1976. Í samningi þessum (dskj. 32), sem undirritaður er af Rafmagnseftirliti ríkisins, iðnaðarráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun og Byggingafélaginu Afli h/f, segir m. a. svo:

„1. Leigusali leigir leigutaka húsnæði sitt á jarðhæð, fyrstu og annarri hæð hússins nr. 13 við Síðumúla. Er hið leigða 1343 fermetrar alls. Leigutaka er heimilt að framleigja hluta húsnæðisins til annarra ríkisstofnana.

2. Leigutíminn hefst eigi síðar en 1. september 1976 og stendur í tíu ár, eða til 31. ágúst 1986. Að leigutíma loknum skuldbindur leigusali sig til að láta leigutaka hafa forleigurétt áfram, ef þess er óskað.

3. Leigan ákveðst kr. 309.- pr. fermetra. Leigan skal þó breytast með hliðsjón af vísitölu atvinnuhúsnæðis, sem er nú 334 stig. Leigutaki greiðir fyrirfram við undirritun

samnings þessa leigu, sem samsvarar eins og hálfs árs leigu. Dregst fyrirframgreiðslan frá mánaðarlegri leigu á 5 árum. Vísitölubreytingar reiknast ekki á þá leigu, sem þannig er greidd fyrirfram, og vextir reiknast ekki af fyrirframgreiðslunni.

Mánaðarleg leiga skal greiðast fyrirfram fyrir hvern mánuð. Að 5 árum liðnum og að leigutíma loknum skal áframhaldandi leiga endurskoðuð miðað við þær breytingar, sem orðið hafa almennt á leigu slíks húsnæðis. . . ."

Leigutaki greiddi fyrirfram sem svaraði 18 mánaða leigu, þ. e. kr. 7.470.000. Mánaðarleg húsaleigugreiðsla fyrstu 5 ár samningstímans, sem breytast skyldi skv. vísitölu, var kr. 1.343x309 ÷ 124.500, eða kr. 290.487.

Á dskj. 3 — 31 eru afrit af mánaðarlegum húsaleigureikningum frá Byggingafélaginu Afli s/f til Rafmagnseftirlits ríkisins fyrir tímabilið sept. 1977 — des. 1978. Mánaðarleg húsaleiga samkvæmt reikningum þessum er breytileg þannig:

sept.	1976	— mars	1977 356.585
apríl	1977	— júlí	1977 453.993
ágúst	1977	— okt.	1977 456.602
nóv.	1977	— febr.	1978 477.475
mars	1978	— apríl	1978 494.869
maí	1978	— júlí	1978 655.766
ágúst	1978	— okt.	1978 678.379
nóv.	1978	— des.	1978 703.600

Á reikninga á dskj. 12 og 14 — 31 er skráð húsaleiguvísitala.

III.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að vísitala húsnæðiskostnaðar atvinnuhúsnæðis, sem í samningnum er sögð vera 334 stig, hafi í raun verið 335 stig. Jafnframt er því haldið fram, að í reikningum þeim, sem leigusali hafi gert leigutaka mánaðarlega, hafi ekki verið tekið tillit til þeirra takmarkana á hækkun húsaleigu, sem ákveðnar hafi verið af verðlagsnefnd. Hafi leigutaki greitt reikninga þessa og sé málið höfðað til endurgreiðslu á þeirri fjárhæð, sem leigutaki hafi greitt á tímabilinu 1. sept. 1976 til 1. jan. 1979 umfram þær hækkanir, sem leyfðar hafi verið af verðlagsnefnd.

Samkvæmt þeim hækkunum, sem leyfðar hafi verið af verðlagsnefnd, hefði húsaleigan á umræddu tímabili átt að vera sem hér segir:

1976: Sept.—des. kr. 290.487 á mánuði ..... kr. 1.161.948
1977: Jan.—mars kr. 290.487 á mánuði ..... — 871.461
apríl—nóv. kr. 290.487x428/335,
eða kr. 371.127 á mánuði ..... — 2.969.016
des. kr. 290.487x549/335 ..... — 476.049
1978: jan.—maí kr. 290.487x549/335,
eða kr. 476.049 á mánuði ..... — 2.380.245
júní—des. kr. 290.487x754/335,
eða kr. 653.808 á mánuði ..... — 4.576.656

Kr. 12.435.375

Greidd húsaleiga 1. september 1976 — 1. janúar 1979 hafi verið sem hér segir:

1976 kr. 1.426.340
1977 — 5.210.483
1978 — 7.354.423

Kr. 13.991.246

Stefnukrafan er því þannig fundin:

Greidd húsaleiga kr. 13.991.241
Leyfileg húsaleiga — 12.435.375

Ofgreidd kr. 1.555.871

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1975, sbr. nú 1. mgr. 7. gr. laga nr. 121/1978, hafi á því tímabili, sem hér um ræðir, verið óheimilt að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteign, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda. Þær hækkanir, sem verðlagsnefnd hafi leyft á hækkun húsaleigu atvinnuhúsnæðis miðað við vísitölu húsnæðiskostnaðar, séu í 428 stig frá 1. apríl 1977, í 549 stig frá 1. des. 1977 og 754 stig frá 1. júní 1978, sbr. auglýsingar í Lögbirtingablaði nr. 36/1977, nr. 99/1977 og nr. 45/1978.

Frekari hækkanir á tímabilinu hafi því verið andstæðar tilvitnuðum lagaákvæðum, en brot á lögunum varði refsingum.

Endurkrafan sé á því byggð, að leigutaki eigi rétt til endurgreiðslu á því fé, sem honum hafi þannig ranglega verið gert að greiða, og skipti ekki máli, þótt greiðsla hafi verið innt af hendi án fyrirvara, fremur en t. d. um endurkröfurétt á ofteknum vöxtum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þegar leigusamning-

urinn var gerður, hafi verið í gildi lög nr. 13/1975, sem takmörkuðu hækkun á húsaleigu og stefnendur byggi rétt sinn á. Leigusamningurinn sé undirritaður af fulltrúum eftirtalinna ríkisstofnana: Rafmagnseftirlits ríkisins, iðnaðarráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar. Í samninginn hafi enginn fyrirvari verið settur um, að 3. gr. samningsins skyldi ekki að fullu vera gild og leiga því ekki hækka í samræmi við þar tilgreinda vísitölu. Þá kröfu verði að gera til fulltrúa þeirra ríkisstofnana, sem undirrituðu samninginn, að þeir gerðu stefndu fulla grein fyrir því við samningsgerðina, að þeir hygðust beita ofangreindu lagaákvæði. Enn ríkari ástæða sé til að gera þá kröfu, þegar haft sé í huga, að það sé alkunnugt, að lög þessi séu almennt ekki virt í samskiptum leigutaka og leigusala. Stefndu hafi því haft fulla ástæðu til að treysta því, að við þetta samningsákvæði yrði staðið að öllu leyti þrátt fyrir 1. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1975. Enn ríkari ástæða hafi verið fyrir þá að treysta þessu, þar sem um ríkisstofnanir var að ræða, ekki síst fjárlaga- og hagsýslustofnunina, sem í mjög ríkum mæli fjalli um leigusamninga ríkisstofnana.

Reikningar stefndu til stefnanda Rafmagnseftirlits ríkisins hafi verið greiddir af hálfu þessa stefnanda án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslu. Því verði að telja, að hafi stefnendur átt kröfu um lægri leigugreiðslu, þá hafi þeir fyrirgert þeim rétti með því að greiða án fyrirvara. Þá hafi stefnandi haldið áfram greiðslum skv. reikningum stefndu þrátt fyrir bréf ríkisendurskoðunar, dómskj. nr. 35.

Hið umsamda leigugjald hafi verið mjög hóflega ákveðið samanborið við það, sem tíðkist í hverfi þessu. Stefndu hafi treyst því, að þeir fengju þær hækkanir, sem samningurinn sjálfur sagði fyrir um.

Ákvæðið um hækkun leigunnar í samræmi við vísitölu hafi verið sett, til að leigugreiðslan að sínu leyti gæti staðið undir hækkuðum tilkostnaði stefndu vegna húsnæðisins. Allur slíkur kostnaður hafi hækkað mjög og þá ekki síst vegna ákvarðana ríkisvaldsins. Megi þar nefna lög nr. 112/1978 um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og lög nr. 96/1978 um eignarskattsauka og sérstakan tekjuskatt. Það sé því óeðlilegt, að ríkisvaldið gangi á undan með því að neita að greiða umsamda leigu. Margar aðrar kostnaðarhækkanir hafi orðið vegna reksturs fasteigna. Megi þar nefna hækkaða fasteignaskatta og lóðarleigu auk almennra kostnaðarhækkana. Það yrði því mjög

ósanngjörn niðurstaða, ef stefndu yrði dæmt óheimilt að hækka leiguna í samræmi við ákvæði samningsins.

Vitað sé, að ríkisstofnanir hafi alls ekki í öllum tilvikum farið eftir umræddum lögum. Fram hjá þeim hafi t. d. verið farið með því að gera nýja leigusamninga með hækkaðri húsaleigu. Hér með sé skorað á stefnendur að leggja fram nýjustu leigusamninga, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin hafi gert, t. d. vegna Hallveigarstaða og skrifstofu borgarfógeta að Skólavörðustíg.

Ein meginforsenda slíks leigusamnings sé leigugjaldið. Ef ekki sé staðið við þau ákvæði samningsins, sé forsenda hans brostin og stefndu geti fengið honum rift. Stefndu hafi ekki neytt þess úrræðis, þar sem leigugjaldið hafi verið greitt án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslu. Með því að endurkrefja „ofgreidda" leigu svo löngu eftir á sem raun beri vitni um séu stefndu sviptir því úrræði að fá samningnum rift fyrir það tímabil.

Ákvarðanir verðlagsnefndar um, að húsaleiga fylgi ekki kostnaðarhækkunum við rekstur fasteigna, hljóti að teljast ógildar, þar sem verðlagsnefnd brjóti með þeim ákvörðunum 3. gr. laga 54/1960.

Tölulega sé endurgreiðslukrafa stefnenda röng, þar sem þeir reikni út frá annarri grunnvísitölu en til sé tekin í samningi.

Álit dómsins.

Viðskipti stefndu og Rafmagnseftirlits ríkisins byggjast á leigusamningnum á dskj. 32. Eftir samningnum hafa leigusali og leigutaki farið. Leigusali hefur látið leigutaka í té afnot af hinu leigða húsnæði frá 1. september 1976. Frá sama tíma hefur leigutaki greitt húsaleigu í samræmi við ákvæði samningsins fyrir fram fyrir einn mánuð í senn til 1. janúar 1979. Leigugreiðslur þessar voru geiddar án fyrirvara.

Í samningnum er leiga ákveðin kr. 309 pr. fermetra miðað við vísitölu atvinnuhúsnæðis 334 stig. Telja verður þetta samningsákvæði bindandi fyrir leigutaka, enda þótt vísitalan hafi verið 335 stig, þegar samningurinn var undirritaður 2. mars 1975.

Því er ómótmælt af hálfu stefndu, að sú húsaleiga, sem Rafmagnseftirlit ríkisins greiddi, hafi verið miðuð við hærri húsaleiguvísitölu en verðlagsnefnd hafði samþykkt, og þá um leið hærri en leyfileg var samkvæmt 10. gr. laga nr. 13/1975 og 7. gr. laga nr. 121/1978. Leigutaki mátti vita, hvaða hækkanir

á húsaleigu voru leyfilegar. Þar sem hann hreyfði ekki mótmælum við hækkunum og greiddi án alls fyrirvara, þykja ekki efni til þess að taka til greina kröfu stefnenda um endurgreiðslu.

Samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936 ber að dæma stefnendur til þess að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 338.000.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Afl s/f, Jón Guðjónsson, Einar Gunnarsson, Svavar Kristjánsson og Ingimar A. Magnússon, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefndu kr. 338.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Fimmtudaginn 5. nóvember 1981.

Nr. 62/1980. **Anna Jónsdóttir**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Snæbirni H. Kristjánssyni og Samvinnutryggingum g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1980. Hún gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 2.812.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 10. janúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á.,

27% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október s. á., en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmd til þess að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í málinu er ekki tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæð.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal mæliblöð og uppdrættir frá borgarverkfræðingi Reykjavíkur varðandi aðliggjandi fasteignir, bifreiðastæði og akbrautir. Af gögnum þessum kemur m. a. fram, að kvaðir eru um opin bifreiðastæði á lóðunum framan við húsin. Svæði það, sem í héraðsdómi er nefnt syðri akbrautin, er allt á einkalóðum, og þar hafa lóðarhafar gert bifreiðastæði eftir fyrirsögn borgaryfirvalda.

Bifreiðinni R 55902 var ekið af skipulögðu bifreiðastæðasvæði á einkalóðum út á umferðargötu. Gilda um þann akstur ákvæði 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Bar ökumanni R 55902, stefnda Snæbirni, því að víkja fyrir umferð um götu þá, sem í héraðsdómi er nefnd nyrðri akbraut. Á hann því sök á árekstrinum og ber sem eigandi ökutækisins ábyrgð á tjóni, sem af honum hlaust, skv. 69. gr. umferðarlaga. Samkvæmt þessu og 2. mgr. 74. gr. sömu laga ber því að dæma stefndu óskipt til þess að greiða áfrýjanda hina umkröfðu bótafjárhæð, 2.812.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 10. janúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október s. á. og 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til þess að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, Snæbjörn H. Kristjánsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði óskipt áfrýjanda, Önnu Jónsdóttur, 2.812.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 10.

janúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október s. á. og 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og samtals 3.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið 25. þ. m., hefur Anna Jónsdóttir, Goðatúni 22, Garðabæ, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 18. október 1979 gegn Snæbirni H. Kristjánssyni, Jörfabakka 6, Reykjavík, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð 281.214 kr. auk vaxta og málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Vaxtakrafa stefnanda er endanlega þannig: 19% ársvextir af 281.214 kr. frá 10. janúar 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 18. október 1979, en dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Milli Suðurlandsbrautar og verslunarhúsanna sunnan hennar liggja tvær akbrautir samsíða Suðurlandsbraut frá Hallarmúla að vestan að Vegmúla að austan. Hvor þessara akbrauta er um 9 metra breið, en um 1 meters breið umferðareyja skilur á milli þeirra. Skörð í þessa umferðareyju tengja akbrautirnar saman. Heimilt er að aka þessar akbrautir í báðar áttir, og eru engar hömlur á umferð ökutækja um þær. Heimilt er að leggja bifreiðum á þessar akbrautir báðar. Á nyrðri akbrautina er bílum lagt báðum megin, en á syðri akbrautina einungis norðan megin, og þar er lagt á ská að umferðareyjunni. Akbrautir þessar bera ekki sérstakt götuheiti, enda eru þær hluti Suðurlandsbrautar og tengjast henni.

Miðvikudaginn 10. janúar 1979, kl. 1613, var lögreglunni tilkynnt um bifreiðaárekstur á móts við húsasundið á milli húsanna nr. 8 og 10 við Suðurlandsbraut. Óskar Ingólfur Ágústsson, eiginmaður stefnanda, hafði komið akandi á fólksbifreið stefnanda, G 3060, austur nyrðri akbrautina. Er hann kom að skarðinu milli umferðareyjanna móts við nefnt húsasund, var

fólksbifreið stefnda Snæbjörns ekið í veg fyrir bifreið stefnanda, og skullu bifreiðarnar saman á nyrðri akbrautinni á móts við skarðið milli umferðareyjanna. Stefndi Snæbjörn hafði komið akandi norður húsasundið, ekið yfir syðri akbrautina og var að byrja að sveigja bifreiðinni til vesturs inn á nyrðri húsagötuna, þegar áreksturinn varð, en bifreið stefnanda virðist hafa verið ekið um það bil á miðri húsagötunni. Mikil hálka var og snjóruðningur við umferðareyjarnar. Er atburður þessi varð, var kyrrstæð stór bifreið á nyrðri akbrautinni við umferðareyjuna vestan megin skarðsins, og náði framendi bifreiðarinnar að enda eyjunnar. Hindraði þessi bifreið útsýni ökumanna. Stutt hemlaför hafa mælst eftir báðar bifreiðarnar. Ekki er ágreiningur um fjárhæð bótakröfu.

Meginmálsástæða stefnanda er, að stefnda Snæbirni hafi borið að víkja samkvæmt undantekningarreglu 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Af hálfu hinna stefndu er aðallega byggt á því, að ökumanni bifreiðar stefnanda hafi borið að víkja fyrir bifreið stefnda samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Því er haldið fram af þeirra hálfu, að líta beri svo á, að þarna hafi verið vegamót hinna tveggja húsgatna eða akbrauta og að stefndi hafi verið að koma af syðri brautinni, sem sé vegur í merkingu 2. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968 skulu þeir, sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstétt, víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inn á. Þar sem nefndar húsagötur svo og húsasundið virðast notuð til almennrar umferðar, verður að líta svo á, að svæði það, sem bifreiðarnar fóru um, hafi verið vegir í skilningi 2. gr. umferðarlaga. Fallast þykir mega á þann skilning stefnda, að vegamót hafi verið, þar sem áreksturinn varð í skilningi 2. gr. umferðarlaga. Samkvæmt 48. gr. umferðarlaga skal, þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, sá víkja, sem hefur hinn á hægri hönd. Sá, sem kemur frá hægri, skal þó gæta fyllstu varúðar.

Stefnandi virðist byggja á því, að bifreið stefnda hafi verið ekið af einkavegi í veg fyrir bifreið stefnanda. Í þessu sambandi þykir verða að fallast á það sjónarmið stefndu, að svo beri að líta á sem bifreið stefnda hafi verið ekið af syðri húsagötunni inn á nyrðri húsagötuna í umrætt sinn, og syðri húsagatan verður ekki talin einkavegur í skilningi 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Undantekningarregla nefndrar málsgreinar verð-

ur að öðru leyti ekki talin eiga við í þessu sambandi. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á þá málsástæðu stefndu, að ökumanni bifreiðar stefnanda hafi borið að víkja fyrir ökumanni bifreiðar stefnda. Ekki þykir hafa verið leitt í ljós, að fyrir hendi séu önnur atvik, sem stefndi ber ábyrgð á, þannig að eigi að leiða til ábyrgðar hans á tjóni stefnanda. Samkvæmt þessu þykir bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda og dæma stefnanda til að greiða stefndu að óskiptu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Snæbjörn Kristjánsson og Samvinnutryggingar g/t, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Önnu Jónsdóttur.

Stefnandi greiði stefndu 150.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. nóvember 1981.

Garðar Björgvinsson
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Baldri Karlssyni
(Gunnar Sólnes hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. júlí 1979. Dómkröfur hans eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum 481.75 krónur (48.175 gkrónur) með 13% ársvöxtum frá 26. apríl 1975 til 21. nóvember 1977, 16%

ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, „að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara . . . að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi". Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þeim málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 2.200.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Garðar Björgvinsson, greiði stefnda, Baldri Karlssyni, 2.200.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Húsavíkur 23. júlí 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. júlí 1979, er höfðað fyrir bæjarþingi Húsavíkur með stefnu, birtri 11. desember 1975, af Garðari Björgvinssyni, Varmahlíð 27, Hveragerði, gegn Baldri Karlssyni, Garðarsbraut 75, Húsavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Baldur Karlsson, verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 48.175 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 26. apríl 1975 til 20. nóvember 1976 og 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða síðar framlögðum reikningi.

Dómkröfur stefnda, Baldurs Karlssonar, eru þær, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi.

Ítarlegar sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

MÁLAVEXTIR.

Samkvæmt stefnu og greinargerð eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 12. maí 1974, keypti stefnandi af stefnda vélbátinn Sören, ÞE 250, og fékk stefnandi afsal frá stefnda fyrir bátnum hinn 1. júní 1974.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera ógreidd tryggingariðgjöld af bátnum fyrir tímabilið frá 1. janúar 1973 til 1. júní 1974, sem stefnda beri að greiða. Stefndi hafi margsinnis verið krafinn um iðgjöld þessi, en þar eð hann greiddi þau ekki, hafi skuldinni verið komið til innheimtu hjá lögmanni í Reykjavík og hafi lögmaðurinn beðið um uppboð á bátnum til lúkningar iðgjaldaskuldinni. Stefnandi telur sér hafa verið með öllu ókunnugt um þetta, þar til að til uppboðs skyldi koma á bátnum. Hafi hann þá orðið að greiða iðgjaldaskuldina ásamt vöxtum og kostnaði til að forða uppboði (sic).

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að mánudaginn 14. júlí 1975 hafi aðiljar máls þessa gert með sér sátt fyrir fógetarétti Húsavíkur, þar sem gengið hafi verið endanlega frá málefnum aðilja vegna kaupanna á v/b Sören, ÞH 250. Undir þessa sátt hafi ritað nöfn sín stefndi og lögmaður stefnanda, Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður. Er framangreind sátt var gerð, hafi einnig verið rætt um ógreidd tryggingariðgjöld af bátnum og hafi orðið samkomulag um það, að stefnandi tæki að sér að greiða þau, enda hafi orðalag sáttarinnar verið haft með hliðsjón af því.

Lögmaður stefnda (sic) mótmælti þessari fullyrðingu í munnlegum málflutningi 11. júlí sl.

Þá telur stefndi, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um hin ógreiddu tryggingariðgjöld, enda langur tími frá gjalddaga þeirra.

NIÐURSTÖÐUR.

Hinn 14. júlí 1975 var gerð í fógetarétti Húsavíkur sátt varðandi skuldaskipti aðilja og uppgjör varðandi kaup og sölu á v/b Sören, ÞH 250, í löghaldsmálinu: Garðar Björgvinsson gegn Baldri Karlssyni. Sáttin er svohljóðandi:

„Gerðarþoli, Baldur Karlsson, dregur til baka víxilmál sitt í bæjarþingi Reykjavíkur gegn gerðarbeiðanda, Garðari Björgvinssyni, og Erlu Alexandersdóttur skv. víxli að fjárhæð kr. 125.000 — hundrað tuttugu og fimm þúsund krónur, — en stefndu í framangreindu bæjarþingsmáli greiði allan máls-

kostnað í málinu til Skúla Pálmasonar, hrl., Reykjavík. Skal líta á nefnda víxilfjárhæð, ásamt dráttarvöxtum, sem fullar bætur og þóknun til lögmanns gerðarbeiðanda í sambandi við meintar vanefndir á kaupsamningi aðilja út af bátnum Sören ÞH 250 (Grettir SH — 195), og á gerðarbeiðandi engar frekari kröfur á gerðarþola út af kaupunum á bátnum, og ennfremur á gerðarþoli ekki frekari kröfur á gerðarbeiðanda samkvæmt ofannefndum víxli."

Hin umstefnda stefnukrafa er greidd af stefnanda hinn 26. apríl 1975. Honum var því fullkunnugt um iðgjaldakröfu þessa, er sáttin var gerð hinn 14. júlí 1975.

Í sáttinni er tekið fram berum orðum: „ . . . og á gerðarbeiðandi engar frekari kröfur á gerðarþola út af kaupunum á bátnum, og ennfremur á gerðarþoli ekki frekari kröfur á gerðarbeiðanda samkvæmt ofannefndum víxli."

Samkvæmt famansögðu og ótvíræðu orðalagi sáttarinnar ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Málskostnaður telst hæfilega ákvarðaður kr. 50.000.

Dóminn kvað upp Snædís Gunnlaugsdóttir fulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Baldur Karlsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Garðars Björgvinssonar, og greiði stefnandi stefnda kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1981.

Nr. 209/1981. **Landeigendafélag Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi**
gegn
Njarðvíkurkaupstað.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 23. september 1981, sem barst Hæstarétti 6. október s. á., kært til Hæstaréttar þá ákvörðun þinglýsingardómarans í Njarðvíkurkaupstað hinn 18. september 1981 að þinglýsa að beiðni Njarðvíkurkaupstaðar yfirlýsingu hans, dagsettri 17. september 1981, sem síðar greinir.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hin kærða þinglýsingarathöfn verði úr gildi felld og þinglýsingardómara gert að afmá þinglýsingu skjals nr. 4817/1981 úr þinglýsingabók Keflavíkurumdæmis. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi ríkissjóðs.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978.

Þinglýsingardómarinn, Símon Ólason, fulltrúi bæjarfógetans í Njarðvík, hefur samkvæmt greindu lagaákvæði sent Hæstarétti greinargerð sína um hina kærðu dómsúrlausn.

Í greinargerð héraðsdómara segir m. a. svo:

„Með bréfi, dags. 23. september 1981, kærði Páll S. Pálsson hrl. f. h. Landeigendafélags Y-Njarðvíkurhverfis m/ Vatnsnesi með stoð í 3. gr. l. 39, 1978 þinglýsingu á skjali því, sem í þinglýsingadagbók embættisins hafði hlotið númerið 4817/1981. Var skjal þetta afhent til þinglýsingar hinn 17. september 1981 og skráð þá þegar í þinglýsingadagbók og síðan fært í viðkomandi þinglýsingabók fyrir Njarðvík. Skjal þetta er veðleyfi Njarðvíkurbæjar til handa níu nafngreindum einstaklingum að veðsetja leigurétt Njarðvíkurbæjar til ákveðins lóðarskika ásamt mannvirkjum þeim, sem á honum yrðu reist. Fyrrnefnt skjal var ekki haldið neinum þeim formgöllum, sem varðað gætu frávísun frá þinglýsingu. Spurning var hins vegar, hvort útgefandi þess, þ. e. Njarðvíkurbær, hefði ráðstöfunarrétt á réttindum þeim, sem í því greindi, þannig að þinglýsing þess bryti ekki í bága við 1. mgr. 24. gr. l. 39, 1978. Við úrlausn þess atriðis varð þinglýsingardómari að kanna allar

þegar þinglýstar eignarheimildir, sem Njarðvíkurbær taldi ráðstöfunarrétt sinn byggjast á. Eignarheimildir þessar verða nú raktar að því leyti sem nauðsynlegt þykir til skýringar og úrlausnar framangreinds athugunarefnis.

Með lóðarleigusamningi, dags. 30. ágúst 1949, en þinglýst hinn 30. 10. 1949, leigði fjármálaráðuneytið Karvel Ögmundssyni lóð úr landi Keflavíkurflugvallar að stærð 4 ha. Samkvæmt samningnum hafði leigutaki rétt til að framselja og veðsetja lóðarréttindi sín innan þeirra takmarka, sem samningurinn setti. Leigusamningnum skyldi ljúka án uppsagnar 1. mars 1999. . . .

Með samningi, dags. 21. janúar 1956 og þinglýst hinn 22. 2. 1956, eignast Landeigendur Y.-Njarðvíkurhverfis m/ Vatnsnesi fyrrgreinda lóð, og skv. 6. gr. þess samnings yfirtóku þeir skyldur og réttindi Fjármálaráðuneytisins sem leigusalar gagnvart Karvel Ögmundssyni sem leigutaka. . . .

Með samningi, dags. 2. janúar 1981, framleigði Karvel Ögmundsson Njarðvíkurbæ lóðarréttindi sín að hluta fyrrgreindrar lóðar, nánar tiltekið 1.12 ha, og var hann færður til dagbókar hinn 27. 1. 1981. Með bréfi Páls S. Pálssonar, dags. 3. mars 1981, . . . var því mótmælt, að þinglýst yrði frumleigusamningnum (sic) um einstakar lóðir úr nefndu landsvæði, nema þeir væru gerðir af Landeigendafélagi Y-Njarðvíkurhverfis m/Vatnsnesi. Ekki er í því bréfi um að ræða kæru á fyrrgreindum framleigusamningi Karvels Ögmundssonar og Njarðvíkurbæjar, enda kærufrestur skv. 3. gr. l. 39/1978 liðinn, heldur mótmæli við því, að framvegis væri slíkum samningum þinglýst.

Næst gerist það svo í máli þessu, að hinn 2. júlí 1981 var afhentur til þinglýsingar lóðarleigusamningur, útgefinn af Njarðvíkurbæ, um ákveðna lóð úr hinni fyrrgreindu 1.12 ha landspildu. Komu þegar fram mótmæli gegn þinglýsingu þess samnings, og með úrskurði hinn 21. 7. 1981 vísaði þinglýsingardómari nefndum samningi frá þinglýsingu. Ekki er ástæða til að fara nánar út í þá ákvörðun, enda er hún ekki hér til umfjöllunar.

Hinn 17. 9. 1981 var svo afhent til þinglýsingar fyrrgreint

veðleyfi Njarðvíkurbæjar, dags. 17. 9. 1981. Þegar framanritað er virt, sýnist Njarðvíkurbær sem þinglýstur eigandi framanlýstra lóðarréttinda hafa þann ráðstöfunarrétt á lóðinni, sem veðleyfið byggist á. Gildi samningsins frá 2. 1. 1981 hefur að vísu verið véfengt, en það er ekki þinglýsingardómarans að skera úr því máli, eins og nú er komið, það er annars dómara að gera. Þangað til niðurstaða úr slíku máli liggur fyrir, stendur þinglýsing fyrrnefnds veðleyfis óhögguð. Umbjóðendur Páls S. Pálssonar hrl. hafa hins vegar möguleika á að tryggja rétt sinn gagnvart Njarðvíkurbæ og 3. manni með því að fá þinglýst útdrætti úr stefnu í máli til riftingar á fyrrnefndum samningi Karvels Ögmundssonar og Njarðvíkurbæjar skv. 1. mgr. 28. gr. l. 39, 1978, þangað til dómur gengur í væntanlegu riftunarmáli . . ."

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína um, að synja beri um þinglýsingu, með því, að hin sömu rök gildi í þessu máli og gilt hafi um þinglýsingarbeiðni vegna lóðarsamnings, sem synjað hafi verið með ákvörðun sama dómara hinn 21. júlí 1981. Er vitnað til úrlausnar þessarar á þann hátt, að í henni séu tilgreind nákvæmlega hin sömu rök og kærendur hafi nú gegn þinglýsingu yfirlýsingar þeirrar, sem deilt er um í þessu máli. Segir þar m. a. svo:

„Kemur þá til athugunar, hvort þér hafið heimild til að gefa út nefndan samning, en Landeigendur Y-Njarðvíkurhverfis m/Vatnsnesi hafa mótmælt því, að svo sé. Rétt yðar til nefndrar lóðar er að rekja til lóðarleigusamnings Karvels Ögmundssonar og fjármálaráðuneytisins, dags. 30. ágúst 1949, en með samningi, dags. 21. janúar 1956, eignast Landeigendur Y-Njarðvíkurhverfis m/Vatnsnesi nefnda lóð og yfirtaka þar með skv. 6. gr. samningsins sem leigusalar skyldur fjármálaráðuneytisins gagnvart Karvel Ögmundssyni. Með samningi yðar við Karvel Ögmundsson hinn 2. janúar 1981 gangið þér inn í samning milli Karvels og landeigenda sem leigutaki. Þegar skoðaður er samningur Karvels Ögmundssonar og fjármálaráðuneytisins frá 30. ágúst 1949, virðist ljóst, að samkvæmt honum hafi Karvel

Ögmundsson enga heimild haft til að skipta nefndri leigulóð og gefa út nýja lóðarleigusamninga. Réttur til slíks hlaut að vera landeigandans. Með framleigusamningi yðar við Karvel Ögmundsson gátuð þér ekki öðlast frekari rétt en hann sjálfur átti. Verður því að telja yður skorta heimild til útgáfu lóðarleigusamnings um nefnda lóð, og ber að vísa fyrrnefndum lóðarleigusamningi yðar og Magnúsar Daníelssonar frá þinglýsingu með skírskotun til 2. mgr. 7. gr. l. 39/1978".

Í kæru sóknaraðilja segir enn fremur svo:

„Landeigendur sjá fram á það, að ef þetta gengur svo sem nú horfir, þá séu opnar dyr fyrir Karvel Ögmundsson að framleigja einstaklingum lóðir úr landi því, sem hann hefur ekki framleigt Njarðvíkurbæ. Síðan geta lóðir þessar gengið ásamt byggingum á þeim kaupum og sölum og að erfðum, orðið bitbein lánardrottna sökum veðskuldbindinga o. s. frv. o. s. frv., svo að árið 1999 verði fjarska erfitt að samræma aðstæðurnar þeim samningi, sem umbj. mínir gengust undir að virða vegna vöruskemmanna.

Það væri umbj. mínum ómælanlegt tjón, ef ekki er undinn bráður bugur að því að koma í veg fyrir, að þinglýst yrði kvöðum á landi þeirra, svo sem nú horfir, án þess að þeir fengju nokkuð við ráðið, á meðan mál þeirra er að öðru leyti fyrir dómstólum."

Yfirlýsing Njarðvíkurkaupstaðar, sem deilt er um, hvort þinglýsa hafi mátt, er svohljóðandi:

„Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Njarðvíkur hafa eftirtaldir aðilar fengið leyfi til að byggja íbúðarhús og bílgeymslur á lóð Njarðvíkurbæjar við Borgarveg og Móaveg, sem er 1,12 ha. leigulóð og er hluti af leigulóð Karvels Ögmundssonar frá 30. 8. 1949.

Öllum þessum aðilum er heimilt að veðsetja leigurétt Njarðvíkurbæjar, hver í sínum hluta lóðarinnar ásamt þeim mannvirkjum, sem á þeim verða reist, án nokkurra takmarkana af okkar hálfu varðandi fjárhæðir og skilmála væntanlegra veðlána, þ. á m. verðtryggð vísitölulán Veðdeildar Landsbanka Íslands.

Heiti húseignar og nafn eiganda svo og hlutur hans í lóðinni fylgir hér með:

Borgarvegur 23, Magnús Daníelsson	6,00%
Borgarvegur 25, Helgi G. Steinarsson	6,00%
Borgarvegur 27, Þórður Andrésson	6,00%
Borgarvegur 29, Ísleifur Guðleifsson	6,00%
Borgarvegur 31, Júlíus Rafnsson	6,00%
Borgarvegur 33, Bjarni H. Helgason	6,14%
Borgarvegur 35, Gunnlaugur Óskarsson	9,47%
Móavegur 1, Sigurður Kr. Jónsson	6,43%
Móavegur 3, Gunnar Örn Gunnarsson	6,72%“.

Veðsetningarheimild samkvæmt yfirlýsingu Njarðvíkurkaupstaðar 17. september 1981 er eftir orðum yfirlýsingarinnar ætlað að ná til nánar tiltekins hundraðshluta af leiguréttindum yfir þeim 1.12 ha af leigulandi Karvels Ögmundssonar, sem Njarðvíkurkaupstaður telur sig hafa öðlast með samningi sínum við Karvel 2. janúar 1981. Er það nánar greint svo í yfirlýsingunni, að hverjum þeirra aðilja, sem í henni eru taldir, sé veitt heimild til að veðsetja sinn tiltekna hundraðshluta af leigurétti Njarðvíkurkaupstaðar „ásamt þeim mannvirkjum, sem á“ hans hluta lóðarinnar „verða reist“. Eftir þessu er það svo óljóst, hverja veðsetningarheimild framangreindri yfirlýsingu er ætlað að veita, að skjalið verður ekki talið fullnægja ákvæðum 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Bar þinglýsingardómara þegar af þeirri ástæðu að vísa því frá þinglýsingu.

Samkvæmt því, er rakið hefur verið, ber þinglýsingardómaranum í Njarðvíkurkaupstað að afmá þinglýsingu frá 18. september 1981 á skjali nr. 4817/1981, svo sem sóknaraðili krefst.

Kröfu sóknaraðilja um kærumálskostnað úr ríkissjóði verður ekki sinnt.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðilja, Landeigendafélags Ytri Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, um, að þinglýsing skjals

nr. 4817/1981 verði úr gildi felld og þinglýsingardómara verði gert að afmá þinglýsingu skjalsins, er tekin til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 10. nóvember 1981.

Nr. 216/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur ákærði sex sinnum verið dæmdur í sakadómi Reykjavíkur til refsingar fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940: Hinn 19. júní 1980 var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 245. gr. og 248. gr., hinn 9. júlí s. á. í fjögurra mánaða fangelsi (hegningarauka) fyrir skjalafals, hinn 6. nóvember 1980 í tólf mánaða fangelsi fyrir brot gegn 252. gr., hinn 24. nóvember s. á. í fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr., 254. gr. og 217. gr., hinn 22. desember 1980 í átta mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr. og 254. gr., og hinn 22. maí

1981 var hann dæmdur fyrir skjalafals í sex mánaða fangelsi (hegningarauka). Þá var fjögurra mánaða fangelsisdómi þeim fyrir skjalafals, er ákærði hlaut í sakadómi Reykjavíkur 24. janúar 1980, skotið til Hæstaréttar, og var refsing þyngd þar 16. október 1980 í sex mánaða fangelsi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, sbr. og 72. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði er vanaafbrotamaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 22. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 273/1980: Ákæruvaldið gegn Bjarna Leifi Péturssyni, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. janúar sl., á hendur ákærða, „Bjarna Leifi Péturssyni, Lokastíg 17 í Reykjavík, fæddum 15. júní 1958 þar í borg, fyrir líkamsárás með því að hafa þriðjudagskvöldið 8. maí 1979, er ákærði var staddur við húsið nr. 6 við Vesturgötu í Reykjavík, fengið tvo ónefnda menn til þess að halda Jóni Erni Guðmundssyni, fæddum 4. nóvember 1949, föstum og að hafa þá sparkað þrisvar í millum fóta honum án nokkurs tilefnis af hálfu Jóns Arnar, þannig að hluti af hægra eista hans rifnaði frá, og varð eistað ónýtt að mestu.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. maí sl. kom Jón Örn Guðmundsson verkamaður, Austurgerði 10 í Reykjavík, á fund rannsóknarlögreglu ríkisins til að kæra líkamsárás, sem hann hafði orðið fyrir 8. maí næst liðinn um kl. 22 við Vesturgötu í Reykjavík. Samkvæmt frásögn Jóns Arnar höfðu afleiðingar árásarinnar leitt til þess, að taka varð stóran hluta af öðru eista hans.

Jón Örn skýrði svo frá, að hann hefði verið að fara töluvert ölvaður í veitingahúsið Naust. Á leiðinni vestur Vesturgötu mætti hann þrem piltum fyrir utan Vesturgötu 6. Jón Örn þekkti ekki þessa pilta, en gaf sig samt á tal við þá, og tóku þeir það eitthvað óstinnt upp. Skipti engum togum, að tveir piltanna réðust að Jóni Erni og héldu honum föstum með því að halda undir sin hvora hönd hans, en þriðji pilturinn sparkaði að sögn Jóns Arnar þrisvar upp á milli fóta hans, á meðan hann var að reyna að losa sig frá piltunum. Jón Örn fann til mikils sársauka, og fóru piltarnir frá eftir þetta.

Jón Örn hélt nú í veitingahúsið Naust og fékk að setjast þar niður í fatageymslunni smástund, en síðan gekk hann að veitingahúsinu Óðali, þar sem hann fór inn og dvaldi í ca klukkustund. Var Jón Örn þá orðinn mikið kvalinn og bað þjón veitingahússins að hringja fyrir sig á leigubifreið. Gerði hann það, og fór Jón Örn heim til sín með henni. Jón Örn reyndi síðan að sofa um nóttina, en gat lítið sofið vegna sársauka. Morguninn eftir fór hann á slysadeild Borgarspítalans og var þá lagður inn á sjúkrahúsið, þar sem hann gekkst undir skurðaðgerð.

Jón Örn sagði, að þegar hann hefði komið í Óðal þetta kvöld, hefði hann séð piltinn, sem sparkaði í hann, og hefði hann verið að tala við stúlku, sem hann kannaðist við, frá því að hann var með henni í Menntaskólanum á Akureyri. Jón Örn nafngreindi stúlkuna, en hún héti Ingibjörg Guðmundsdóttir. Jón Örn kvaðst hafa spurt Ingibjörgu að því, eftir að hann kom heim af sjúkrahúsinu, hvaða piltur það hefði verið, sem hún var að tala við í Óðali, og hefði hún þá sagt honum, að hann

héti Bjarni Pétursson og ætti móðir hans heima að Njálsgötu 20 í Reykjavík.

Jón Örn tók það fram, að hann hefði talað við Ingibjörgu í Óðali og sagt henni frá því, að þessi piltur hefði sparkað í sig fyrr um kvöldið, en hann þá ekki gert sér grein fyrir því, hversu alvarlegt þetta var.

Jón Örn kvaðst ekki treysta sér til að þekkja piltana aftur, en hann myndi, að sá, sem sparkaði í hann, hefði verið dökkhærður og dökkur yfirlitum, klæddur í rauðan jakka og svartar buxur. Frekari lýsingu gat Jón Örn ekki gefið á piltinum.

Laugardaginn 2. júní sl., kl. 2014, var ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, handtekinn af lögreglumönnum í Reykjavík í versluninni Ciro að Bergstaðastræti 54, og var hann lítils háttar ölvaður. Ástæðan fyrir handtöku hans var sú, að rannsóknarlögregla ríkisins hafði látið lýsa eftir honum vegna máls þessa. Ákærði var færður í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík og rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um handtökuna.

Vitnið Ingibjörg Guðrúnardóttir Guðmundsdóttir félagsmálafulltrúi, nú að Silfurgötu 7 á Ísafirði, kom á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins 1. júní sl. og skýrði svo frá, að það hefði verið statt í Óðali umrætt kvöld ásamt vinkonu sinni. Vitnið sagði, að á milli klukkan 2230 og 2300 hefði Jón Örn vikið sér að því og kynnt sig, og þá kom í ljós, að þau hefðu verið saman í Menntaskólanum á Akureyri. Vitnið kvaðst ekki þekkja Jón Örn mikið, en kannaðist þó við hann, er hann kynnti sig. Vitnið kvað Jón Örn hafa verið töluvert ölvaðan, og ræddu þau eitthvað saman, og m. a. skýrði vitnið svo frá, að Jón Örn hefði sagt því frá því, að fyrr um kvöldið hefði verið ráðist á hann og sparkað í punginn á honum. Átti þetta að hafa gerst einhvers staðar úti við, en ekki mundi vitnið, hvort hann tilgreindi einhvern sérstakan stað. Vitninu fannst einhvern veginn, að Jóni Erni liði illa, og ráðlagði það honum því að fara á slysavarðstofuna.

Á meðan vitnið og Jón Örn voru að ræða saman, kom að þeim piltur, sem vitnið kannaðist við, frá því að það var á Ísafirði, og var það ákærði. Hann gaf sig á tal við vitnið, því að það þekkti hann ekki að fyrrabragði, og mundi vitnið, að einhver piltur var með honum, en ekki mundi vitnið, hvernig hann leit út. Kom Jón Örn þá til þeirra og sagði vitninu, að þetta væri pilturinn, sem sparkað hefði í hann. Vitnið kvaðst hafa spurt

ákærða að því, hvort það væri rétt, og játaði hann því, og minnti vitnið, að hann hefði sagt, að þeir hefðu verið að rífast um brennivínsflösku. Ekki varð meira úr þessum samræðum, nema að vitnið spurði ákærða að því, hvernig systir hans hefði það, en síðan fóru vitnið og vinkona þess burt af Óðali.

Að mati vitnisins var ákærði undir áhrifum áfengis. Vitnið mundi eftir því, að ákærði var í rauðum bol eða skyrtu, dökkum jakka utan yfir, og einnig var hann í dökkum buxum. Vitnið mundi, að skyrtan eða bolurinn var eldrauður og frekar áberandi.

Ákærði var yfirheyrður árdegis sunnudaginn 3. júní sl. af rannsóknarlögreglunni, og skýrði hann þá svo frá, að hann myndi eftir því að hafa lent í átökum við mann á Vesturgötu í Reykjavík fyrir nokkru síðan. Ákærði kvaðst muna eftir því, að hann hefði verið að ganga austur Vesturgötu ásamt kunningjum sínum frá Ísafirði eða Hnífsdal, er hétu Snæbjörn og Ingi, en ekki mundi ákærði föðurnöfn þeirra eða hvar þeir ættu heima fyrir vestan. Sagði ákærði, að þeir hefðu allir verið ölvaðir, og minnti ákærða, að hann hefði einnig verið undir áhrifum lyfja.

Ákærði mundi eftir því, að þeir mættu manni á Vesturgötunni, og minnti ákærða, að það hefði verið skammt vestan við veitingahúsið Naust. Ákærði sá, að maðurinn var með áfengisflösku og einnig, að hann var mjög ölvaður. Ákærði kvaðst hafa gengið að manninum og tekið af honum flöskuna. Maðurinn vildi ekki sætta sig við það, og tóku þá Snæbjörn og Ingi manninn og héldu honum, en ákærði sparkaði í hann. Ákærði kvaðst hafa ætlað að sparka í magann á manninum, en verið gæti, að hann hefði ekki hitt og sparkið því lent á milli fóta hans. Ákærði mundi, að maðurinn féll í götuna, eftir að ákærði sparkaði í hann, og að hann hefði sparkað í hann aftur, þar sem hann lá í götunni. Ákærði sagði, að þeir hefðu síðan farið frá manninum, þar sem hann lá í götunni, en ekki vissi ákærði, hvað varð af honum eftir það. Ákærði sagði, að þegar þeir hefðu farið frá manninum, hefði hann verið í keng á götunni, en ekki fannst ákærða hann vera meðvitundarlaus.

Ákærði mundi ekki, hvort hann bað þá Snæbjörn og Inga að halda manninum, á meðan hann sparkaði í hann. Ákærði sagði, að þeir hefðu haldið honum þannig, að þeir tóku undir sín hvora hönd hans, á meðan ákærði sparkaði í hann, og slepptu honum síðan, þannig að hann féll í götuna.

Eftir að ákærði og félagar hans yfirgáfu manninn liggjandi

í götunni, héldu þeir í veitingahúsið Óðal við Austurvöll, og minnti ákærða, að þá hefði áfengisflaska mannsins verið í þeirra höndum. Ákærði mundi ekki eftir, að hann hefði talað við neinn sérstakan í Óðali þetta kvöld, og heldur ekki eftir því að hafa hitt manninn, sem hann sparkaði í, þar.

Ákærði sagði, að maðurinn, sem hann hefði sparkað í, hefði verið á aldrinum 20—30 ára, ljóshærður, en ekki mundi ákærði eftir, hvernig hann var klæddur.

Í lok yfirheyrslunnar skýrði ákærði svo frá, að hann hefði skýrt frá því, sem hann best myndi varðandi þennan atburð og væri það sannleikanum samkvæmt.

Yfirheyrslan yfir ákærða hjá rannsóknarlögreglunni þennan morgun tók rúma klukkustund.

Síðdegis þennan dag var ákærði færður til yfirheyrslu í dóminum, og er framburður hans þá bókaður orðrétt á þessa leið:

„Kærði skýrir frá því, að hann hafi verið á ferli á Vesturgötu ásamt tveimur félögum sínum fyrir nokkru síðan. Kærði kveður það vel fá staðist, að þetta hafi verið 8. maí s.l. Kærði var bæði undir áhrifum áfengis og eiturlyfja. Kærði kveður þá hafa hitt þarna mann, sem hann ekki þekkti, og var hann mjög ölvaður. Maðurinn var með áfengisflösku, og tók kærði hana af honum. Maðurinn vildi ekki una þessu, og tóku félagar kærða, sem heita Snæbjörn og Ingi, þá í manninn og héldu honum föstum. Kærði kveðst hafa ætlað að sparka í maga mannsins, en verið gæti, að sparkið hafi lent milli fóta hans. Kærða minnir, að hann hafi sparkað tvisvar í manninn, á meðan hann stóð uppi, og einu sinni, eftir að hann féll í götuna. Maðurinn lá einhvern veginn í götunni, þegar kærði og félagar hans fóru á brott, og segir kærði, að hann hafi verið með meðvitund. Kærði kveðst ekki muna, hvort hann bað þá Snæbjörn og Inga að halda manninum, á meðan hann sparkaði í hann, eða hvort þeir gerðu það ótilkvaddir. Kærði kveður mann þann, sem hann sparkaði í, hafa verið ljóshærðan á aldrinum 20—30 ára, en nánari upplýsingar getur hann ekki gefið um hann.

Kærða er kynnt skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglu frá því í dag, og kveðst hann staðfesta hana í öllum atriðum".

Í lok þessarar yfirheyrslu var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald til 8. júní sl., klukkan 17, og sat hann í gæsluvarðhaldi þann tíma, eða 5 daga.

Rannsóknarlögreglan hélt áfram rannsókn málsins, og var reynt að hafa upp á mönnum þeim, er ákærði hafði nefnt, að

hefðu verið með honum umrætt sinn. Í því sambandi ræddi Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður hinn 5. júní við Friðrik Hermannsson, lögregluvarðstjóra á Ísafirði, og sagði hann, að hér væri sennilega um að ræða Snæbjörn Friðbjarnarson og Ingvar Friðbjörn Sveinsson, báða í Hnífsdal.

Friðrik lögregluvarðstjóri kvaðst hafa athugað hjá foreldrum piltanna, hvort þeir hefðu verið í Reykjavík umræddan dag, og hefðu foreldrarnir talið, að svo hefði verið.

Friðrik upplýsti, að Snæbjörn væri skipverji á m/b Orra, ÍS 20, og Ingvar Friðbjörn væri skipverji á m/b Víkingi, ÍS 280. Væru þessi skip bæði væntanleg til Ísafjarðar laugardaginn 9. júní.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður yfirheyrði báða mennina í lögreglustöðinni á Ísafirði laugardaginn 9. júní sl., og könnuðust þeir hvorugur við að hafa verið með ákærða umrætt sinn.

Snæbjörn, til heimilis að Bakkavegi 12 í Hnífsdal, upplýsti, að hann hefði um þessar mundir stundum verið mikið drukkinn og þegar hann væri í því ástandi, myndi hann ekki eftir því, sem gerðist, og gæti hann hvorki játað né neitað því að hafa lent í átökum við einhvern mann á Vesturgötu 8. maí ásamt ákærða og Ingvari Friðbirni, en hann kannaðist við að hafa verið með ákærða við mikla áfengisdrykkju í maí.

Ingvar Friðbjörn, til heimilis að Dalbraut 12 í Hnífsdal, sagði, að hann myndi eftir að hafa verið sjónarvottur að því, þegar ákærði sparkaði í mann fyrir utan Hótel Borg, en ekki kannaðist hann við að muna eftir því að hafa verið með honum í aðför að manni á Vesturgötu.

Snæbjörn var yfirheyrður aftur næsta dag og mundi eftir því að hafa verið með ákærða og Ingvari Friðbirni, þegar ákærði sparkaði í mann fyrir utan Hótel Borg, en ítrekaði, að hann minntist þess ekki að hafa verið með ákærða, þegar hann hefði sparkað í mann á Vesturgötu, og teldi hann, að þar væri hann að rugla saman mönnum.

Hinn 23. október sl. var ákærði enn yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins, og kvaðst hann engu hafa við fyrri skýrslur sínar að bæta frá 3. júní sl. og væri það rétt og satt og eftir bestu vitund, sem hann hefði þá sagt.

Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, þegar þetta gerðist, og hefði hann verið búinn að vera undir áhrifum áfengis í ca tvo mánuði svo og lyfja. Þá kvaðst ákærði muna eftir atviki því, sem

Ingvar Friðbjörn og Snæbjörn minntust á, að hefði gerst fyrir utan Hótel Borg. Kvað hann það spark hafa lent í maga mannsins, sem hefði gengið í burtu beinn í baki og ómeiddur.

Ákærði sagði, að hann minnti, að Snæbjörn og Ingvar Friðbjörn hefðu verið með honum á Vesturgötunni, en ekki þyrði hann þó að fullyrða það, því að á þessum tíma hefði hann verið mjög ruglaður vegna áfengis- og lyfjaneyslu. Kvaðst hann hafa tekið inn valium, artane, mebumanaxtri, mepumalnatrium og þá hefði hann sprautað sig með amfetamini í æð. Loks kvaðst ákærði hafa tekið eptrini og mirapont og drukkið mixtúru cloral.

Ákærði upplýsti í þessari yfirheyrslu, að hann hefði hitt Jón Örn á fundi hjá AA samtökunum og síðar í veitingahúsinu Óðali. Hefði hann sagst ætla að draga kæruna til baka, þar sem hann sæi sér engan hagnð í því, að ákærði fengi dóm fyrir árásina.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Jónasar Magnússonar, læknis á skurðlækningadeild Borgarspítalans, um meiðsli Jóns Arnar, dagsett 7. júlí sl. Í því segir svo:

„Sjúklingur, sem var við skál, lenti í ryskingum fyrir utan veitingahúsið Naustið. Var síðan lagður inn í skyndingu á Skurðdeild Borgarspítalans af Slysadeild Borgarspítalans þann 9.5.'79. Sjúkl. segist hafa fengið spark í klofið.

Ástæða innlagningarinnar var sú, að hann hafði mjög bólginn pung, meira hæ. megin, og var þar mjög aumur og marinn. Hann var lagður inn á deildina, og þann 15.5.'79 er skorið inn í hæ. eista, þar sem bólgan hjaðnaði ekkert þennan tíma, og kom þá í ljós, að neðri helmingur eistans var rifinn af og dauður. Það var saumað fyrir sárið í efri pól hæ. eistans og sárinu lokað. Síðan jafnaði sjúkl. sig hægt og rólega og var útskrifaður þann 23.5.'79, þá við sæmilega líðan.

Afleiðingar þessa slyss eru þær, að ekkert samband er nú milli eistans og sáðrásarinnar hæ. megin, og getur því þetta eista ekki starfað rétt. Það getur þó starfað eins og innkirtill, þ. e. a. s. framleitt hormón á eðlilegan hátt. Sjúkl. var dálítið bólginn í öllum pungnum, en vi. megin virtist eista vera eðlilegt við þreifingu, og var ekki opnað inn á það".

Jón Örn Guðmundsson lýsti því yfir með bréfi, dagsettu 2. nóvember sl., að hann óskaði eftir að draga kæruna til baka.

Við meðferð málsins skýrði ákærði svo frá, að hann myndi ekkert eftir atburði þeim, sem ákært væri fyrir, og vissi hann ekki einu sinni, hvar Vesturgata 6 væri. Kvaðst hann hafa ver-

ið yfirheyrður vegna málsins tæpum mánuði eftir að atburðurinn gerðist. Sagði ákærði, að sá, sem rannsakaði málið og yfirheyrði hann, hefði leitt yfirheyrsluna. Sagðist ákærði ekkert muna eða hafa munað eftir umræddum atburði og hefði skýrslan verið sett upp sem frásögn hans, en byggist á getgátum, sem hann hefði viðurkennt, að hefðu getað átt sér stað. Ítrekaði ákærði, að hann myndi ekkert eftir margnefndum atburði.

Ákærða voru sýndar skýrslur þær, er eftir honum voru hafðar hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði kannaðist við undirskrift sína undir skýrslunum, sem hann ítrekaði, að væru til komnar með áðurgreindum hætti.

Ákærði kvaðst hafa óskað eftir því við skýrslutakann síðar að fá að taka framburð sinn til baka, en hann hefði sagt, að slíkt væri þýðingarlaust.

Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis og lyfja frá því í mars og fram í júní stöðugt og hefði hann staðið í þeirri trú, að hann hefði verið staddur á öðrum stað á þeim tíma, er atburðurinn gerðist.

Ákærði sagði, að lyfjanotkun sinni væri rétt lýst í síðari skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni. Þá kvaðst hann einnig hafa neytt áfengis samfara lyfjanotkuninni.

Ákærði fór í meðferð á Sogni og Silungapolli í júní og í beinu framhaldi af því í refsivist, sem lauk í september, og að henni lokinni aftur í 10 daga meðferð.

Ákærða var bent á það, að hann hefði játað sakargiftirnar í dómi. Ákærði kvað ástand sitt hafa verið þannig vegna áfengis- og lyfjaneyslu, að hann hefði ekki getað gert annað.

Vitnið Jón Örn Guðmundsson skýrði svo frá við meðferð málsins, að það hefði gengið vestur Vesturgötu á leið í Naustið um kl. 22 að kvöldi umrædds dags. Var vitnið mjög drukkið og mundi óljóst eftir ferðum sínum. Vitnið gekk á miðri götunni, og ekki mundi það, hvort það var með áfengi meðferðis. Þegar vitnið var á móts við Vesturgötu 6, komu á móti því þrír menn, og gengu þeir eftir nyrðri gangstétt götunnar. Vitnið sneri sér að mönnum þessum, en ekki mundi vitnið, hvert erindið var. Það taldi þó, að það hefði verið að biðja um peninga eða sjúss. Tóku mennirnir þessu illa, en ekki gat vitnið lýst því, hvernig það gekk fyrir sig í smáatriðum. Það mundi þó, að tveir mannanna þrifu í sinn hvorn handlegg vitnisins og héldu því. Sneru þeir þá að þriðja manninum svo og vitnið sjálft, en hann sparkaði í vitnið nokkrum sinnum, og komu spörkin í læri vitnisins,

en eitt sparkið á milli fóta vitnisins, svo að það fann eitthvað til, en þó ekki mikið.

Eftir þetta spark losnaði vitnið fljótlega, en ekki gerði það sér grein fyrir því, hvort það var vegna þess, að piltarnir slepptu því, eða hvort það náði að losna sjálft.

Vitnið heyrði engin orðaskipti fara á milli mannanna, áður en það fékk spörkin, sem bentu til þess, að það væru samantekin ráð þeirra að sparka í vitnið.

Vitnið sagði, að það væri byggt á ágiskunum, þegar það talaði um 3 spörk í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni.

Eftir spörkin fór vitnið fyrst inn í Naustið, en síðan fór það í Óðal, og þar sá það mann, sem það taldi vera manninn, sem hafði sparkað í það fyrr um kvöldið. Var það rauður jakki, sem maðurinn klæddist, sem sérstaklega réð þessu áliti vitnisins.

Vitnið hitti í veitingahúsinu stúlku, sem það þekkti, og upplýsti hún, hver maðurinn væri.

Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt manninn við skoðun mynda hjá rannsóknarlögreglunni, og þegar það sá ákærða í dóminum, gat það ekki fullyrt, að hann væri maðurinn, sem sparkaði í það.

Vitnið las yfir í dóminum skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni, kannaðist við nafnritun sína undir henni og sagði hana rétt eftir sér hafða. Vitnið vildi þó taka fram, að það væri fullsterkt til orða tekið, að piltarnir hefðu ráðist að því, og eins og áður greinir ekki fullvíst, að spörkin hefðu verið þrjú.

Vitnið staðfesti, að það hefði viljað draga kæruna til baka.

Vitnið sagði, að það hefði hitt ákærða, eftir að atburðurinn gerðist, en sú viðkynning hefði ekki rifjað upp fyrir því frekar, það sem gerðist og að það hefði verið ákærði, sem sparkaði.

Vitnið Ingibjörg Guðrúnardóttir Guðmundsdóttir kom fyrir dóm við meðferð málsins og vann eið að framburði sínum.

Vitnið kvaðst hafa verið statt í Óðali síðla kvölds 8. maí f. á., þegar það hitti þar Jón Örn Guðmundsson, sem virtist töluvert drukkinn. Þá var eins og honum liði ekki beint vel. Í samræðum þeirra kom fram, að hann hefði fyrr um kvöldið fengið spark í kynfærin. Á meðan þau voru að ræða saman, bar að ákærða og einhvern með honum. Í framhaldi af því sagði Jón Örn vitninu, að þetta væri hann eða þeir, sem hefðu sparkað í sig. Þá kom fram af hálfu Jóns Arnar, að þeir hefðu deilt um vínflösku.

Vitnið taldi sig geta fullyrt, að fram hefði komið í samtalinu við ákærða og Jón Örn, að þeir hefðu átt einhver samskipti fyrr

um kvöldið, en ekki mundi vitnið, hvort ákærði játaði í viðurvist þess að hafa sparkað á milli fóta Jóni Erni.

Vitnið sagði, að ákærði hefði komið svo fyrir sjónir umrætt sinn, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Vitnið sagði, að ákærði hefði verið í rauðum bol eða skyrtu, en sjálf fötin verið dökk.

Vitnið staðfesti í dóminum áðurgreinda skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og sagðist hafa gefið hana eftir bestu vitund.

Vitnið var spurt að því, hvort fullyrðing þess um játningu ákærða á brotinu, sem fram kæmi af hálfu vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni, væri nákvæmlega rétt eftir höfð. Vitnið kvaðst sjálft hafa lesið skýrsluna yfir, áður en það undirritaði hana, og gert það í þeirri fullvissu, að hún væri rétt.

Vitnið Ingvar Friðbjörn Sveinsson skýrði svo frá við meðferð málsins, að það kannaðist alls ekki við að hafa verið á ferð á Vesturgötu með ákærða í það skipti, sem ákærði ætti að hafa sparkað í manninn á þeim stað.

Vitnið stóð í þeirri trú, þegar það gaf skýrsluna hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að það hefði verið í Reykjavík á þessum tíma, en síðar kom í ljós í viðtali við móður vitnisins, að það hefði talað við hana frá Króksfjarðarnesi um hádegi 8. maí sl. Þetta vissi móðir vitnisins, þar sem hún hafði í höndum símareikning vegna þessa samtals, sem vitnið bað um og lét skrifa á heimasíma móður sinnar.

Vitnið kvaðst hafa komið í Mosfellssveitina um kl. 23 sama daginn og áðurgreint símtal átti sér stað og kom ekkert til Reykjavíkur, fyrr en komið var fram á nóttina.

Vitnið sagði, að það teldi sig hafa verið búið að vera vestur í Hnífsdal um vikutíma, áður en það lagði af stað til Reykjavíkur í ferðina, sem símtalið átti sér stað í.

Vitnið Snæbjörn Friðbjarnarson kvaðst við meðferð málsins alls ekki kannast við að hafa verið með ákærða kvöldið, sem hann átti að hafa sparkað í Jón Örn Guðmundsson á Vesturgötu í Reykjavík.

Vitnið kvaðst ekki hafa verið öruggt á þessu, þegar það mætti í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins í júní á sl. ári. Síðar gat vitnið rifjað upp, að umrætt kvöld hefði Ingvar Friðbjörn sótt það suður í Hafnarfjörð, en þá var hann að koma vestan af fjörðum.

Vitnið byggði dagsetninguna á viðtali við móður Ingvars Frið-

björns, sem taldi, að hann hefði ekki verið kominn suður eða rétt nýkominn, þegar umræddur atburður átti að hafa átt sér stað.

Vitnið Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður, Yrsufelli 40 í Reykjavík, gaf skýrslu við meðferð málsins.

Vitnið kvaðst hafa látið lýsa eftir ákærða, eftir að kæra Jóns Arnar hafði borist rannsóknarlögreglunni.

Vitnið fékk tilkynningu um það, að ákærði væri í vörslum lögreglunnar, og minnti vitnið, að því hefði verið tilkynnt um það að morgni dags um helgi. Í framhaldi af því var ákærði færður í yfirheyrslu hjá vitninu í húsakynnum rannsóknarlögreglu ríkisins.

Vitnið sagði, að ákærði hefði verið sjúskaður, þegar hann kom til yfirheyrslunnar, og litið út fyrir að hafa verið í óreglu um tíma. Minnti vitnið, að hann hefði haft á orði, að hann hefði auk áfengis neytt lyfja um tíma. Vitninu virtist ákærði áttaður á stað og stund, þegar yfirheyrslan hófst, og að mati vitnisins var hann allsgáður.

Vitnið taldi ákærða hafa játað greiðlega og hefði það ekki þurft að leiða hann í yfirheyrslunni. Vitnið sagði, að ákærði hefði nefnt mennina, sem með honum voru, og auk þess hafði hann orð á því að fyrra bragði, að minnst hefði verið á árásina í veitingahúsinu Óðali, en ekki mundi vitnið til þess, að hann nafngreindi, hver það hefði verið.

Vitnið sagði, að ákærða hefði verið kynnt skýrsla kæranda í upphafi yfirheyrslunnar efnislega, en atburðarásin hefði ekki verið rakin fyrir honum. Vitnið sagði, að ákærði hefði lýst atburðarásinni sjálfur og hefði það ekki þurft að aðstoða hann í því með því að benda honum á einstök atriði.

Vitnið kunni enga skýringu á því, hvers vegna fyrsta yfirheyrslan yfir ákærða hjá rannsóknarlögreglu ríkisins tók rúma klukkustund, og taldi, að hún hefði aðeins tekið eðlilegan tíma.

Vitnið minnti, að það hefði í upphafi yfirheyrslunnar sagt ákærða, að árásin hefði átt sér stað á Vesturgötunni.

Vitnið minnist þess ekki, að ákærði hafi nokkurn tímann farið fram á að draga vitnisburðinn til baka.

Vitninu er kynntur framburður ákærða við þingfestingu málsins. Vitnið hélt fast við framburð sinn fyrir dóminum og kannaðist ekki við, að ákærði færi með rétt mál að því er snerti samskipti þeirra vegna málsins.

Ákærði kvaðst halda fast við framburð sinn og kvaðst ekkert muna eftir atburðinum.

Ákærði kvaðst einnig halda fast við það, að vitnið hefði leitt hann í yfirheyrslunni. Vitnið kvaðst mótmæla þessum framburði.

Vitnið var viðstatt, þegar ákærði kom fyrir dóm síðdegis 3. júní sl., og taldi, að ástand hans þá hefði verið svipað og um morguninn.

Með framburði vitnanna Jóns Arnar og Ingibjargar, sem studdir eru áðurgreindu læknisvottorði, er sannað, að Jón Örn hafi orðið fyrir líkamsárás með þeim afleiðingum, sem um getur í ákæru og læknisvottorði. Þá þykja sömu gögn sanna, að þetta hafi átt sér stað 8. maí 1979.

Með játningu ákærða fyrst hjá rannsóknarlögreglu 3. júní sl. og síðar fyrir dómi sama dag, sem framburður vitnanna Jóns Arnar og Ingibjargar styður, svo og það, að ákærði gerði enga athugasemd við framburðinn í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 23. október sl., þykir sannað þrátt fyrir framburð ákærða við meðferð málsins, að hann hafi valdið Jóni Erni þessum áverkum með þeim hætti, sem um getur í ákæru, þó þannig, að með hliðsjón af dómsframburði Jóns Arnar þykir ósannað, að spörkin hafi verið þrjú, heldur hafi verið um eitt spark að ræða, enda flutti sækjandi málið á þeim grundvelli, að fallið væri frá þeirri lýsingu í ákæru, að spörkin hefðu verið þrjú. Varðar þessi líkamsárás ákærða við 218. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1974 9/7 í Ísafjarðarsýslu: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1974 5/8 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1974 20/7 Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1974 28/12 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1975 30/10 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1975 8/12 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 252. gr. hegningarlaga.
1975 19/12 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga.

1976 3/1 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1976 9/3 Reykjavík: Dómur: Sakfundinn fyrir brot gegn 217. gr. og 254. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1976 9/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga.

1976 22/12 Reykjavík: Sátt, 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 22/12 1976.

1977 26/1 Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1977 1/6 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 254. gr. og 259. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1977 3/6 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1978 30/5 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 246. gr. hegningarlaga.

1978 18/12 Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 257. gr. hegningarlaga.

1979 19/2 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1979 23/8 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1979 3/11 Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1980 24/1 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að athuga, að árásin var tilefnislaus, að hún beindist að viðkvæmum stað og hafði alvarlegar afleiðingar, sakaferil ákærða og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af þessu fangelsi í 6 mánuði.

Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að áðurgreint gæsluvarðhald ákærða, 5 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 180.000

krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 5 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 180.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1981.

Nr. 3/1980. **Örn Svavarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Magnúsi Ólafssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 7. janúar 1980. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, sem stafar af lögum nr. 35/1979.

Áfrýjandi greiði stefnda 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Örn Svavarsson, greiði stefnda, Magnúsi Ólafssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 18. október 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. þ. m., hefur Magnús Ólafsson, Fellsbraut 15, Skagaströnd, Húnavatnssýslu, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 6. febrúar 1978, á hendur Erni Svavarssyni, Arnartanga 78, Mosfellssveit. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 328.109 með 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 21. febrúar 1970, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og honum tildæmdur málskostnaður.

II.

Í stefnu segir: „Málavextir eru þeir, að stefnandi keypti þann 18. 6. 1977 bifreiðina L 1530, sem er af Ford Taunus gerð, árgerð 1971, af stefnda. Við kaupin var stefnanda skýrt svo frá, að bifreiðin væri með nýrri vél. Hún reyndist hins vegar, þegar á reyndi, vera nær ónýt, og varð stefnandi að kosta gagngera endurnýjun vélarinnar. Stefndi hefur ekki fengist til að standa við yfirlýsingar sínar og málsókn því nauðsynleg."

Frammi liggur í málinu sem dskj. nr. 5 kartonspjald, 20 x 44 cm að stærð, með svofelldri áletrun: „TIL SÖLU Ford Taunus 1971, ný vél. Verð kr. 900/þús. (500 út)." Stefnandi telur, að

þetta spjald hafi verið á bílnum, þegar hann skoðaði hann. Samkvæmt framlögðu afsali var kaupverð bifreiðarinnar kr. 750 þús., kr. 600 þús. í peningum, 100 þús. á víxli til eins mánaðar og 50 þús. á víxli til tveggja mánaða.

Bílasalinn, Reynir Jóhannesson, kvaðst fyrir dóminum vera alveg viss um, að hann hefði skrifað áletrunina á þetta spjald og það hefði verið á bifreiðinni.

Eftir stefnda, Erni Svavarssyni, var m. a. bókað, þegar hann kom fyrir dóminn:

„Hann segir, að búið hafi verið að keyra vélina hátt á annað hundrað þúsund kílómetra, þegar hann seldi hana. Hann kveðst hafa keypt hana notaða frá útlöndum 1973, um veturinn, og hafa látið gera við vélina tæpu ári áður en hann seldi hana. Stefndi er spurður nánar um viðgerð þá, sem hann lét framkvæma á vélinni. Hann segir, að olíueyðsla hafi aukist svolítið. Hann kveðst hafa orðið var við olíusmit og segir, að sér hafi skilist, að vélar í þessum bílum entust rúmlega hundrað þúsund kílómetra akstur. Hann kvaðst af þeim sökum hafa talið rétt að láta gera við vélina. Hann segist ekki hafa vitað nákvæmlega, hvað gert var við hana, kveðst ekki hafa vit á vélum. Hann segir, að vélin hafi alltaf eytt svolítilli smurolíu, meðan hann átti hana, og kveður sér hafa skilist, að það væri eðlilegt. Hann segist ekki geta sagt, að olíueyðslan hafi aukist. Hann kveðst ekki hafa orðið var við óeðlileg hljóð í vélinni og segist ekki hafa fundið mun á eyðslunni frá því hann keypti hana. Hann kveðst hafa farið með bifreiðina á bílasöluna Bílamarkaðinn og falið því fyrirtæki að selja hana. Hann segist síðan lítið hafa skipt sér af sölutilraunum og kveðst hafa verið í útlöndum, þegar bifreiðin var seld. Hann segir, að sá, sem stendur fyrir bílasölunni, Ólafur Magnússon, muni hafa skrifað undir fyrir sína hönd. Hann kveðst síðan hafa farið á bílasöluna og fengið andvirði bifreiðarinnar, þegar hann kom heim. Hann segist hafa skýrt frá því, þegar hann var spurður um ástand vélarinnar á bílasölunni í upphafi, að gert hefði verið við vélina. Hann kveðst hafa sagt sem satt var, að hann vissi ekki, hvað við hana hafi verið gert. Hann segist ekki hafa tekið fram, hvað langt var um liðið frá því, að viðgerðin hafði farið fram. Hann segist aðallega hafa haft samband við sölumann að nafni Reynir. Hann segir, að stefnandi hafi haft símasamband við sig, eftir að kaupin voru gerð, hann giskar á, að það hafi verið síðsumars. Hann segir, að hann hafi fyrst sagt sér, að olíudælan hafi farið

og síðan að vélin hefði farið og brotnað hjól í sambandi við framhjól. Hann segir, að komið hafi fram af hálfu stefnanda, að hann ætlaðist til, að stefndi bæri kostnað af viðgerð. Hann segist hafa sagt eins og var, að hann hefði selt bílinn og látið vita, í hvaða ástandi hann var, og að hann teldi sér þetta mál þannig óviðkomandi eftir það.

Honum er sýnt dskj. nr. 5. Hann segist ekki þora að segja um, hvort hann kannist við það. Hann segist hafa séð slíkt spjald á bílnum, áður en hann fór utan. Hann segist ekki muna, hvort hann las það, sem á því stóð. Hann er spurður, hvort hann efist um, að þetta sé rétta spjaldið. Hann segist ekki þora að segja um það. Hann kveður rétt, að bíllinn hafi verið boðinn á 900.000 krónur og að árgerðin hafi verið 1971. Hann segir, að stefnandi hafi gefið sér kost á að skoða vélina hjá Þ. Jónssyni h.f. Hann segist hafa farið þangað, en kveður þá, sem hann hafi talað þar við, ekki hafa kannast við vélina, segist ekki geta fullyrt, hvort vélin hafi verið ókomin eða farin frá verkstæðinu. Hann segist ekki hafa grennslast fyrir um þetta frekar . . .“

Þegar Reynir Jóhannesson bílasali var spurður um það við vitnaleiðslu, hvaða upplýsingar stefndi hefði gefið honum um bílinn, svaraði hann: „Að bíllinn væri góður, í góðu ástandi og með nýupptekinni vél.“ Spurður um það, hvaða upplýsingar hann hafi gefið kaupandanum, svaraði bílasalinn: „Þær upplýsingar, sem ég fæ frá seljandanum.“ Spurður um, hvaða skilning hann legði í orðalagið nýuppgerð vél, svaraði hann: „Þá reikna ég með, að vélin sé nýupptekin frá grunni.“

Bílasalinn Reynir var spurður, hvernig hann hefði verðlagt bílinn, hefði hann vitað það, sem fram er komið í málinu um viðgerð þá, sem fram fór á bílnum árið áður (sjá nánar framburð viðgerðarmannsins, sem rakinn verður í næsta kafla í dómi þessum).

Bókað var: „Hann segir, að mjög erfitt sé að svara þessu, verðið, sem sett var á bílinn, hafi verið nokkuð lágt, miðað við gæði bílsins og útlit, en hann telur ekki fráleitt að ætla, að settar hefðu verið á hann 800.000 krónur miðað við, að réttar upplýsingar hefðu legið fyrir eða réttur skilningur.“

Við aðiljayfirheyrslu var stefnanda sýnt dskj. nr. 5. Hann kvað spjald þetta hafa verið á bílnum, þegar hann skoðaði hann. Hann var spurður, hvernig hann hefði skilið áletrunina „ný vél“. Hann kvaðst hafa skilið það þannig, að vélin væri nýupptekin eða skiptivél.

III.

Þegar vitnið Björgvin Sigmundur Bjarnason bifvélavirki, sá sem gerði við bifreiðina fyrir söluna, kom fyrir dóminn, var m. a. bókað:

„Vitnið kveðst kannast við að hafa gert við bifreið þá, sem um ræðir í málinu. Hann heldur, að það hafi verið árið 1976. Hann segist hafa skipt um stimpilhringi og stangalegur, slípað ventla, skipt um hljóðkút og bremsuborða auk ýmislegs fleira fyrir 100.000 krónur. Hann segir, að þessi viðgerð á vélinni hafi átt að duga að minnsta kosti í bili. Hann segir, að bein ástæða til þess, að bifreiðin var sett í viðgerð, hafi verið sú, að loki (ventill) hafi farið, þannig að hann bleytti kerti. Hann segir, að hann hafi framkvæmt viðgerð á vélinni í sambandi við viðgerð á þessum ventli vegna gamallar reynslu og á þá fyrst og fremst við legur. Hann segist ekki hafa vitað, hvað býllinn var mikið keyrður. Hann segist ekki hafa mælt sveifarás. Hann segir, að það sé ekki réttnefni að kalla vélina nýuppgerða eftir þessa viðgerð. Hann segir, að þegar búið sé að aka um 5.000 km eftir svona viðgerð, sé komin reynsla á, hvað hún dugar. Hann kveðst eiga við, að eftir 5.000 km akstur sé komin reynsla á, að sú viðgerð, sem hann framkvæmdi, væri óaðfinnanleg. Hann kveðst telja, að rétt sé að segja, að vélin hafi verið nýyfirfarin eftir þá viðgerð."

IV.

Við aðiljayfirheyrslu kvaðst stefnandi hafa látið skipta um olíudælu á vélinni 2—3 vikum eftir að hann keypti bifreiðina. Ástæðan hafi verið sú, að vélin smurði sig illa. Vélin hafi þá virst smyrja sig betur fyrst í stað, en þegar frá leið, hafi sótt í sama horfið. Þegar hann hafi verið búinn að keyra bílinn í 3—4 mánuði, kvaðst hann hafa farið með bílinn á bílaverkstæði á Hofsósi til viðgerðar. Hann kvaðst hafa keyrt hálfsmánaðarlega milli Skagastrandar og Hofsóss, um 200 km leið, ca 8 ferðir, en notað bílinn lítið á milli.

Páll Magnússon bifvélavirki, bílaverkstæðinu Pardus á Hofsósi, kom fyrir dóm. Þá var m. a. bókað:

„Vitnið skýrir aðspurður svo frá, að hann hafi haustið 1977, tekið vélina úr bifreiðinni H-1303, sem er af gerðinni Ford Taunus 20.

Vitnið skoðaði vélina og segir, að ástand hennar hafi verið

afleitt. Komið hafi verið með bifreiðina á verkstæðið til að stilla vélina og athuga smurþrýsting, þar sem rautt ljós kviknaði í hægagangi. Við mælingu kom í ljós, að þrýstingurinn var fyrir neðan lágmark.

Aðspurður segir mætti, að ekki hafi vantað smurolíu á vélina.

Þegar vélin var tekin úr, hafi komið í ljós, að vélin var algerlega útkeyrð, og sendi vitnið hluta vélarinnar til Þ. Jónsson h.f. í Reykjavík til að bora cylindra og renna sveifarás . . .

Vitnið segir, að strokkarnir hafi verið nokkuð mikið boraðir út, en segist ekki muna, hve mikið, enda eðlilegra að fá upplýsingar um það hjá þeim aðilja, sem framkvæmdi verkið.

Vitninu er nú sýnt ljósrit af dskj. nr. 3, og kannast hann við, að þessir reikningar séu frá verkstæði hans, Pardus.

Aðspurður, hvað af kostnaðarliðum á reikningum þessum sé vegna slits á vél og hvað vegna annarra óviðkomandi viðgerða eða viðhalds, segir mætti, að reikningar þessir séu eingöngu vegna vélarinnar og ekkert vegna óviðkomandi viðgerða eða viðhalds. Vitnið segist sjá af reikningunum, að vélin hafi verið sett saman hjá þeim, eftir að hún kom frá Þ. Jónsson h.f."

Stefnukrafan, kr. 328.169, er alfarið byggð á viðgerðarreikningum, sem lagðir hafa verið fram sem dskj. nr. 3. Í aðalatriðum eru þeir þannig sundurliðaðir: Í fyrsta lagi 79 stunda vinna, kr. 170.421, við að taka mótor úr, taka hann sundur og setja hann saman og setja hann í. Í öðru lagi reikningar vegna ýmissa varahluta, þ. á m. stimplar og höfuðlegur, vinna, m. a. við að bora út blokk, flutningskostnaður og fl., er nema kr. 142.000. Þeir varahlutir og vinnuliðir, sem tilgreindir eru undir þessari síðasttöldu reikningsfjárhæð, tilheyra að áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna venjulegri endurbyggingu á vél nema þrír liðir, það er lóðning á vatnskassa, kr. 610, geymaskór, kr. 375, og kerti, kr. 1.860, samtals nema þessir þrír liðir kr. 2.845. Í þriðja lagi reikningur vegna 7 stunda vinnu við að herða upp og yfirfara vél, kr. 15.068.

Stefndi hefur mótmælt öllum þessum reikningum og reikningsliðum, svo sem síðar verður rakið, en stefnandi hefur m. a. á það bent, að hann geri ekki sjálfstæðar kröfur vegna afnotamissis, þótt gögn málsins beri það með sér, að um hann hafi verið að ræða, og hefur það uppi sem málsástæður gegn hugsanlegri lækkun stefnukröfu.

V.

Í greinargerð stefnda segir m. a.:

„Umbj. m. telur málavaxtalýsingu stefnanda í verulegum atriðum ranga. Umbj. m. hefur hvorki fyrr eða síðar haldið því fram við stefnanda, að bifreið sú, sem hann seldi stefnanda með afsali, dags. 18. júní 1977, hafi verið með nýrri vél. Hér var um að ræða bifreið af árg. 1971. Vél bifr. var sú sama og frá upphafi, og gat það ekki farið framhjá stefnanda. Dskj. nr. 5 er mótmælt sem umbj. m. óviðkomandi. Það er ekki komið frá honum, og það segir ekkert um það, að hér sé um að ræða bifreið þá, sem stefnandi keypti af honum.

Frá því að kaupin eru gerð hinn 10. júní 1977 og til 28. nóv. 1977 heyrir umbj. m. ekkert frá stefnanda. Honum berst síðan óvænt bréf lögmanns stefnanda, dags. 28. nóv. 1977, þar sem krafizt er skaðabóta. Í málinu liggur ekkert fyrir um orsakir fyrir bilun í vélinni, engin matsgjörð er fyrir hendi, og virðist stefnandi hafa látið framkvæma veigamikla viðgerð á vélinni án nokkurs samráðs eða tilkynningar til þess aðila, þ. e. a. s. umbj. m., sem hann hugðist síðan krefja um greiðslu á viðgerðarkostnaði. Slíkur málatilbúnaður er forkastanlegur og hlýtur að leiða til sýknu umbj. m., þótt eigi kæmu til aðrar ástæður.

Annars er krafa umbj. m. um sýknu studd þeim rökum, að hann hafi selt stefnanda bifreiðina í því ástandi, sem hún var í við kaupin, enda hafði stefnandi kynnt sér ástand hennar o. þ. m. vélarinnar einnig og sætti sig við það að öllu leyti, sbr. dskj. nr. 4. Honum mátti vera það ljóst, að hann var ekki að kaupa nýja bifreið, og gat því eigi ætlast til þess, að umbj. m. sæi um viðhald hennar eftir kaupin. Hafi orðið slík bilun í vél bifreiðarinnar, eins og stefnandi vill vera láta, þá telur umbj. m., að orsakanna sé að leita annars staðar en hjá sér. Á stefnanda hvílir sönnunarbyrðin um það, að umbj. m. beri greiðsluábyrgð á viðgerð þeirri, sem framkvæmd var. Verður ekki séð, að stefnanda hafi tekizt slík sönnun.

Þá bendir umbj. m. á, að stefnandi hafi verið búinn að aka bifreiðinni í u. þ. b. 5 mánuði, þegar hann lætur framkvæma þessa viðamiklu viðgerð skv. dskj. nr. 3. Að sjálfsögðu er reikningum þessum mótmælt sem umbj. m. óviðkomandi. Þeir bera það heldur ekki með sér, að þeir eigi við bifreið þá, sem hann seldi stefnanda. Ex tudo þykir þó rétt að mótmæla þeim tölulega svo og einnig upphafstíma vaxta. Loks vek ég athygli á

því, að reikningarnir eru ókvittaðir um greiðslu og satt best að segja um margt tortryggilegir.“

VI.

ÁLIT DÓMSINS.

Með framlagningu dómskjals nr. 5, framburði bílasalans, Reynis Jóhannessonar, svo og með hliðsjón af aðiljaskýrslu stefnda sjálfs þykir sannað, að umrædd bifreið hafi á bílasölunni verið auðkennd þannig, að hún væri með nýrri vél. Stefnandi hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi skilið áletrunina „ný vél“ þannig, að vélin væri nýupptekin eða skiptivél.

Samkvæmt þessu og með því, að stefndi bar ábyrgð á því, að bifreiðinni væri réttilega lýst af hálfu þeirra umboðsmanna hans, sem komu fram af hans hálfu við söluna, þá þykir stefndi hafa ábyrgst stefnanda, að vél bifreiðarinnar væri nýendurbyggð. Sannað er í málinu með framburði stefnanda sjálfs svo og með framburði bifvélavirkja þess, er viðgerð framkvæmdi ári fyrir söluna, að svo var ekki, viðgerð sú, sem framkvæmd hafði verið, var svo ófullkomin, að engin trygging var fyrir því, að hún entist til langframa. Samkvæmt þessu var vélin stórlega gölluð þegar við söluna miðað við þá eiginleika, sem af hálfu stefnda var ábyrgst, að hún hefði. Bilun sú, sem fram kom á vélinni, var eðlileg afleiðing af ástandi hennar við söluna og með tilliti til hinnar ríku ábyrgðar stefnda. Samkvæmt framansögðu þá er hann bótaskyldur vegna tjóns stefnanda. Stefnanda láðist að fá dómkvadda matsmenn til þess að segja til um hæfilegan viðgerðarkostnað á bifreiðinni, og eru því þau sönnunargögn, sem hann færir fram fyrir tjóni sínu, þ. e. viðgerðarreikningar og framburður viðgerðarmanns, eigi svo traust sem vera bæri. Ekki þykir það þó, eins og sérstaklega stendur á í máli þessu, eiga að leiða til sýknu, en verður hins vegar látið valda nokkurri lækkun á stefnufjárhæð, einkum með tilliti til þess, að þrír áðurgreindir liðir, samtals að fjárhæð kr. 2.045, þykja ekki tilheyra þeirri viðgerð, sem stefnandi átti rétt á, svo og að sá vinnustundafjöldi, 79 stundir, sem gerður er reikningur fyrir vegna úrtöku, sundurtekningar og ísetningar á vél, er nokkru meiri en venja er til við þessa viðgerð á bílum af þessari gerð.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir stefndi eiga að bæta stefnanda tjón hans með kr. 280.000 auk vaxta, eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst kr. 120.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Finnboga Eyjólfssyni og Bent Jörgensen bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Örn Svavarsson, Arnartanga 78, Mosfellssveit, greiði stefnanda, Magnúsi Ólafssyni, Fellsbraut 15, Skagaströnd, krónur 280.000 með 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 120.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1981.

Nr. 61/1979. **Olíuverslun Íslands h/f og Skúli Pálsson** (Jón Ólafsson hrl.) gegn **Braga Jónssyni Jóni V. Jónssyni og Rut Helgadóttur** (Guðjón Steingrímsson hrl.).

Gildi veðskuldabréfs. Uppboðslög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1979. Þeir gera þær kröfur á hendur stefndu Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni, að þeir verði sýknaðir af kröfum þessara stefndu í málinu. Á hendur stefndu Rut Helgadóttur gera þeir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur

verði staðfestur að því er hana varðar. Áfrýjendur krefjast og málskostnaðar úr hendi allra stefndu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjandans Olíuverslunar Íslands h/f.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hendi áfrýjenda, að gengið hafi til baka eftir áfrýjun málsins kaup áfrýjandans Skúla Pálssonar á því skuldabréfi, útgefnu af stefnda Braga, tryggðu með 7. veðrétti í Miðvangi 123 í Hafnarfirði, sem málið er risið af. Væri áfrýjandinn Olíuverslun Íslands h/f því eigandi þess nú.

Þess hafði eigi verið krafist, að fjárnámskröfu þeirri, sem í héraðsdómi greinir, yrði haggað með dómi, er stefndi Bragi gaf út skuldabréf sitt með veði í Miðvangi 123. Ákvæði 3. mgr. og 4. mgr. 32. gr. uppboðslaga ber að skýra svo eftir orðum sínum og með hliðsjón af tengslum ákvæðanna við 1. mgr. greinarinnar, að þau taki ekki til þess, er veðhafi eða aðfararhafi hefur gerst hæstbjóðandi að eign á nauðungaruppboði, en boð hans nægir þó ekki til þess, að nokkuð komi upp í kröfu hans. Samkvæmt þessu og því, sem rakið er í héraðsdómi um skiptingu uppboðsandvirðis, leiddu uppboðskaup Olíuverslunar Íslands h/f á Dalshrauni 4 ekki til þess, að krefjast mætti, að fjárnámskrafa hennar í Miðvangi 37 yrði færð niður með heimild í umræddum ákvæðum uppboðslaga. Er því ekki hald í röksemdum stefndu fyrir því, að veðskuldabréf það, sem stefndi Bragi gaf út, hafi verið óskuldbindandi vegna þess, að umrædda fjárnámskröfu hafi mátt fella niður eftir greindum ákvæðum uppboðslaga. Og þar sem stefndu Bragi Jónsson og Jón V. Jónsson hafa ekki fært fram aðrar ástæður fyrir kröfu sinni um, að veðskuldabréfið eigi að meta óskuldbindandi samkvæmt 29. gr. og 32. gr. laga nr. 7/1936 og 7. gr. laga nr. 58/1960, ber þegar samkvæmt því að sýkna áfrýjendur af kröfum þeirra í málinu, án þess að málsaðild stefnda Jóns komi sérstaklega til álita.

Kröfur stefndu Rutar Helgadóttur voru fyrir héraðsdómi reistar á 20. gr. laga nr. 20/1923. Það ákvæði gæti þó einungis eftir efni sínu leitt til þess, að hnekkt yrði veðsetningu á Miðvangi 123, en ekki persónulegri skuldbindingu stefnda Braga, eiginmanns stefndu Rutar. Samkvæmt kröfugerð stefndu Rutar fyrir Hæstarétti svo og af þeim ástæðum, sem greindar eru í héraðsdómi, verður veðsetningunni þó ekki hrundið að því er hana varðar. Verður héraðsdómurinn staðfestur að þessu leyti að undanskildu ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði áfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 9.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Olíuverslun Íslands h/f og Skúli Pálsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Braga Jónssonar, Jóns V. Jónssonar og Rutar Helgadóttur, í máli þessu.

Stefndu greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 9.000.00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu þarf að skýra 32. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Greinin er þannig:

„Nú hefur veðhafi, þar á meðal handveðhafi að veðskuldabréfi, eða aðfararhafi orðið hæstbjóðandi á uppboði og fær samkvæmt boði sínu greiðslu að nokkru, en ekki að fullu, og er honum þá rétt að krefjast þess, að eign verði honum lögð út til eignar fyrir það verð, er hann hefur boðið, enda segi hann til, meðan þess er enn kostur að gera hærra boð. Nú býður enginn betur, og skal þá hætta uppboði.

Aðili greiðir gjald í ríkissjóð sem fyrir árangurslaust uppboð.

Nú krefur einhver þeirra, sem í 1. málsgr. 21. gr. segir, og gerzt hefur kaupandi að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðzt að fullu, skuldunaut eða aðra um eftirstöðvar kröfunnar eða hluta af þeim, og getur dómur þá fært kröfu niður um það, er svarar mismun á sannvirði eignar á uppboðsdegi, svo sem það sannast með mati óvilhallra manna eða með öðrum hætti, og kaupverði.

Rétt er og skuldunaut og öðrum, sem svara eiga til kröfu samkvæmt 1. málsgr., að höfða mál á hendur kröfuhafa til ákvörðunar á sannvirði eignar á uppboðsdegi, og getur dómur þá fært kröfu niður undir sama skilorði sem áður var mælt".

Ákvæði 1. og 2. málsgreinar lagagreinar þessarar um útlagningu eru sett í því skyni, að sá, sem útlagningu fær, þurfi ekki að greiða full gjöld til ríkissjóðs eins og hann væri uppboðskaupandi, sem eign hefur verið slegin. Er hér um gamla reglu að ræða, og segir um rök fyrir henni í greinargerð með frumvarpi til laganna í þingskjali nr. 174 á 68. löggjafarþingi 1948—9: „Hagnaður af útlagningu er sá, að aðili losnar við greiðslu sölulauna í ríkissjóð. Honum eru veitt þau hlunnindi, af því að gert er ráð fyrir því, að venjulega verði hann fyrir tapi, þar sem enginn hefur viljað kaupa eignina því verði, að hann fengi skuld sína greidda að fullu".

Um málsgreinar þær, sem urðu að lokum 3. og 4. mgr. lagagreinarinnar, segir svo í greinargerðinni: „Þó að gert sé ráð fyrir því, að veðskuldaeigendur, sem fá eign útlagða eftir þessari grein, verði einatt fyrir tapi, þá þarf auðvitað ekki alltaf svo að vera, með því að ýmsar ástæður kunna að vera til þess, að eigi hafa hærri boð fengist en raun varð á, aðrar en raunveruleg verðlægð eignarinnar . . . Virðist óviðeigandi, að lánardrottinn græði á kostnað skuldunauts." Samkvæmt þessu var í upphafi til þess ætlast, að 3. og 4. mgr. yrði aðeins beitt, ef kröfuhafi hefði fengið útlagningu. Orð málsgreinanna („kaupandi að eign" og „kröfuhafa")

eru þó ekki í samræmi við þetta, og er við lögskýringu rétt að byggja á orðum sjálfs lagatextans, sem að þessu leyti eru ljós og framkvæmanleg, fremur en því, hvað höfundar frumvarpsins höfðu í huga. Af þessum sökum er ég sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar um, að bæði uppboðskaupandi, sem hefur fengið sér slegna eign, og sá, sem útlagningu hefur fengið, geti þurft að sæta lækkun kröfu sinnar eftir lagaákvæðum þeim, sem hér um ræðir.

Kemur þá til athugunar, hvort lækkun megi ákveða, þótt boð kröfuhafa hafi verið svo lágt, að hann samkvæmt því fái enga greiðslu og eigi því ekki útlagningarrétt. Orð greinargerðarinnar sýna, að ekki var til þessa ætlast í upphafi. Hins vegar tel ég, að orð 3. og 4. mgr. verði ekki skilin með þeim hætti, þó að játa beri, að þau eru ekki að þessu leyti fullkomlega ljós. Við skýringu þeirra tel ég, að taka beri tillit til þess, að ekki eru skýr rök fyrir því, að uppboðskaupandi, sem kaupir eign á svo lágu verði, að ekkert fæst upp í hans eigin kröfu, eigi að vera betur settur en sá, sem rétt á til útlagningar. Hagsmunir uppboðsþola, sem 32. gr. uppboðslaga byggir á, að hér skuli taka tillit til, eru bersýnilega þeir, að til lækkunar geti komið við þessar aðstæður. Þá má á því byggja, að oftast sé kröfuhafinn betur settur, ef hann fær sér slegna eign á verði undir kröfu hans en vera mundi, ef boð hans væri hærra og hann fengi útlagningu. Í 3. og 4. mgr. 32. gr. uppboðslaganna er á því byggt, að óviðeigandi sé, að „lánardrottinn græði á kostnað skuldunauts". Þeim tilgangi, sem í þessu felst, verður fremur náð, ef heimildin til að lækka kröfu tekur einnig til þess, að kröfuhafi bjóði í eign án þess að fá upp í kröfu sína og fái eignina slegna sér. Önnur niðurstaða gæti leitt til þess, að kröfuhafinn fengi tvíborgað.

Þau sjónarmið, sem nú hafa verið rakin, leiða til þess, að skýra ber 3. mgr. 32. gr. uppboðslaganna svo, að stefndu Jón og Bragi eigi rétt á því, að krafa áfrýjandans Olíuverslunar Íslands h/f sé lækkuð. Þessu geta þeir komið fram í máli, þar sem krafist er ógildingar skuldabréfsins, sem um er deilt og lýst er í héraðsdómi, enda er eigandi þess

nú hinn sami og í upphafi og bréfið út gefið til greiðslu á skuld áfrýjandans Jóns við hlutafélagið. Þegar af þessari ástæðu er ég sammála þeirri niðurstöðu héraðsdómarans, að bréfið skuli lýsa ógilt. Þá tel ég, að dæma beri Olíuverslun Íslands h/f til að afhenda stefndu Jóni og Braga skuldabréfið.

Ég er sammála héraðsdómara og meiri hluta dómenda Hæstaréttar um, að áfrýjandann Olíuverslun Íslands h/f beri að sýkna af kröfum Rutar Helgadóttur.

Samkvæmt ofanskráðu væri rétt, að málskostnaður félli niður að því er varðar stefndu Rut Helgadóttur, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá tel ég, að málskostnaður í Hæstarétti eig að falla niður að því er varðar áfrýjandann Skúla Pálsson. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms um aðra en stefndu Rut tel ég, að beri að staðfesta, en dæma beri áfrýjandann Olíuverslun Íslands h/f til að greiða stefndu Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni 11.100 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 14. febrúar sl., höfðuðu Rut Helgadóttir, Miðvangi 123, Hafnarfirði, Bragi Jónsson, sama stað, og Jón V. Jónsson, Hafnarfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með tveim stefnum, annarri birtri 10. febrúar 1978 og hinni útgefinni 7. mars 1978, gegn Olíuverslun Íslands h/f, Reyjavík, og Skúla Pálssyni hæstaréttarlögmanni, Smáragötu 14, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að veðskuldabréf, útgefið 1. febrúar 1977, að fjárhæð kr. 6.000.000, tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði, verði dæmt ógilt og að stefndu verði dæmt skylt að afhenda stefnendum bréfið til aflýsingar og að stefndu verði in solidum gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning 14. febrúar sl. var gerð sú varakrafa af hálfu stefnenda, að stefnda Olíuverslun Íslands h/f yrði gert að greiða stefnendum kr. 6.000.000 með 3% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. mars 1977 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa krafist algerrar sýknu af kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til þess að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins. Við munnlegan málflutning 14. febrúar sl. var því neitað af hálfu stefndu, að stefnendur fengju komið að varakröfu sinni.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Upphaflega höfðaði stefnandinn Rut Helgadóttir, Miðvangi 123, Hafnarfirði, mál þetta með stefnu, birtri 10. febrúar 1978, gegn stefndu. Í stefnu segir, að málið sé höfðað til ógildingar veðskuldabréfi skv. 20. gr. laga nr. 20/1923. Síðar í stefnunni segir, að stefnandi muni gera þær dómkröfur, að veðsetning fasteignarinnar nr. 123 við Miðvang í Hafnarfirði til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 6.000.000 skv. handhafabréfi á 7. veðrétti verði dæmd ógild og að stefndu verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu in solidum.

Með stefnu, þingfestri 14. mars 1978, höfðuðu þeir Jón V. Jónsson og Bragi Jónsson mál gegn stefndu til ógildingar sama veðskuldabréfi og til greiðslu málskostnaðar, þar með talinn málskostnaður in solidum.

Hinn 17. janúar sl. var að ósk lögmanna aðilja seinna málið sameinað fyrra málinu og öll skjöl seinna málsins lögð fram í fyrra málinu. Við þá framlagningu urðu þau mistök, að ekki var tekið tillit til þess, að nokkur af málsskjölum seinna málsins höfðu einnig verið lögð fram í fyrra málinu, og eru því nokkur skjöl í málinu í tvíriti.

Mál þetta var munnlega flutt 17. janúar sl. Það var endurupptekið 2. febrúar sl. og frestað til 14. febrúar sl. Þá kom stefndi Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður fyrir dóm til yfirheyrslu, og síðan var málið flutt að nýju og dómtekið.

II.

Málavextir eru þeir, að stefndi Olíuverslun Íslands h/f lét 24. mars 1976 gera fjárnám í tveim fasteignum stefnandans Jóns V. Jónssonar, þ. e. í Dalshrauni 4 og Miðvangi 37, báðum í Hafnarfirði, til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 6.478.530. Hinn 6. september 1976 fór fram nauðungaruppboð á fasteigninni Dalshrauni 4, og varð þá hæstbjóðandi Iðnaðarbanki Íslands h/f, og var boð bankans kr. 10.000.000. Annað og síðasta uppboð fór fram á eign þessari 20. september 1976, og varð þá stefndi Olíuverslun Íslands h/f hæstbtjóðandi með boði að fjárhæð kr. 24.100.000. Samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð, dags. 17.

desember 1976, dskj. 19, greiddust kr. 19.231.439 upp í kröfur Iðnaðarbanka Íslands h/f, sem voru að fjárhæð kr. 28.695.558. Krafa stefnda Olíuverslunar Íslands h/f var fyrir aftan kröfur Iðnaðarbankans. Hinn 12. september 1977 var gefið út uppboðsafsal fyrir fasteigninni Dalshrauni 4 til stefnda Olíuverslunar Íslands h/f, dskj. 24.

Hinn 10. ágúst 1976 var beðið um uppboð á fasteigninni Miðvangi 37, Hafnarfirði, til lúkningar ofangreindri skuld. Þá er uppboð þetta skyldi fram fara 1. febrúar 1977, varð samkomulag á milli stefnda Olíuverslunar Íslands h/f og stefnandans Braga Jónssonar, að Bragi gæfi út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 6.000.000 til 2 ára með hæstu veðlánavöxtum. Veðskuldabréf þetta var tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði, eign stefnandans Braga Jónssonar, og er þetta bréfið, sem málið er af risið.

Á dskj. 12 er yfirlýsing, dags. 30. apríl 1977, undirrituð af Jóni V. Jónssyni. Þar er því m. a. lýst yfir, að handhafabréf að fjárhæð kr. 6.000.000, útgefið 1. febrúar 1977, sé skuld, sem fyrirtækið Jón V. Jónsson s/f skuldi og Bragi Jónsson hafi veitt veð fyrir í húsi sínu og beri fyrirtækið ábyrgð á skuldinni.

Með bréfi, dags. 5. júlí 1977, dskj. 21, bað stefndi Olíuverslun Íslands h/f um uppboð á Miðvangi 123 til greiðslu þessarar skuldar auk vaxta og kostnaðar.

Með bréfi, dags. 22. júlí 1977, dskj. 22, til bæjarfógetans í Hafnarfirði krafðist lögmaður stefnenda þess, að synjað yrði að svo stöddu um uppboð á fasteigninni. Rökstuðningur fyrir kröfu þessari var, að þegar Olíuverslun Íslands h/f keypti Dalshraun 4 á nauðungaruppboði 20. september 1976 fyrir kr. 24.1 milljón, hafi eignin verið að verðmæti um kr. 40 milljónir og að uppboðsbeiðanda hafi verið óheimilt að halda innheimtunni áfram, sbr. lög nr. 57/1949, 32. gr., 3. og 4. mgr. Jafnframt segir í bréfi þessu, að þennan sama dag hafi verið beðið um dómkvaðningu matsmanna til þess að meta sannvirði eignarinnar Dalshrauns 4 á uppboðsdegi.

Hinn 27. júlí 1977 voru þeir Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður, Kópavogi, og Arnljótur Guðmundsson húsasmíðameistari, Reykjavík, dómkvaddir til þess að meta fasteignina nr. 4 við Dalshraun, Hafnarfirði, og segja til um sannvirði hennar 20. september 1976 með vísun til laga nr. 57/1949, 3. og 4. mgr. 32. gr.

Með bréfi, dags. 19. október 1977 (dskj. 25), bað stefndi Skúli

Pálsson, sem kvaðst nú vera handhafi veðskuldabréfsins, sem málið er af risið, um nauðungaruppboð á húseigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er á dskj. 26, og er hún dagsett 9. janúar 1978. Í matsgerðinni kemur fram, að skoðun á fasteigninni Dalshrauni 4 hafi farið fram 13. október 1977. Þar hafi mætt auk matsmanna matsbeiðandi, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, ásamt umbjóðanda sínum, Jóni V. Jónssyni. Fyrir matsþola, Olíuverslun Íslands h/f, mætti Theódór Georgsson héraðsdómslögmaður, og með honum Svan Friðgeirsson.

Matsmenn komast í matsgerðinni að þeirri niðurstöðu, að sannvirði fasteignarinnar nr. 4 við Dalshraun, Hafnarfirði, hafi hinn 20. september 1976 verið kr. 45.000.000 miðað við það, að útborgun væri sem næst kr. 30.000.000 og eftirstöðvar lánaðar til 8 ára með 12—13% ársvöxtum, en kr. 37.500.000 miðað við það, að 1/4 hluti verðsins væri greiddur innan 1/2 mánaðar frá uppboðsdegi og eftirstöðvar eftir 2 mánuði.

Með bréfi, dags. 30. janúar 1978 (dskj. 28), var Olíuverslun Íslands h/f sent ljósrit af matsgerðinni og enn fremur gerð sú krafa f. h. Jóns V. Jónssonar s/f og Braga Jónssonar, að Olíuverslun Íslands h/f afhendi skuldabréf að fjárhæð kr. 6.000.000, útgefið 1. febrúar 1977, tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði, þar sem mismunur á sannvirði eignarinnar á uppboðsdegi og kaupverði hafi verið metinn kr. 13.400.000.

Með bréfi, dags. 10. febrúar 1978 (dskj. 11), hafnar Olíuverslun Íslands þessari kröfu. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Samkvæmt úthlutunargerðinni greiðir Olíuverzlun Íslands hf. kr. 19.231.439 upp í kröfu Iðnaðarbanka Íslands hf., sem nam alls kr. 28.695.558. Vantar þannig kr. 9.464.119 upp á, að Iðnaðarbanki Íslands hf. fái fullnægt kröfugerð sinni, og er það því rangt, að um útlagningu hafi verið að ræða til Olíuverzlunar Íslands hf. Útlagning fyrir þessari fjárhæð gat eingöngu verið til Iðnaðarbanka Íslands hf. Það er því augljóslega rangt, sem segir í matsgerð þeirri, sem fylgdi bréfi yðar, að Olíuverzlun Íslands hf. hafi fengið eignina sem ófullnægður veðhafi. Samkvæmt veðbókarvottorði, sem fyrir lá á uppboðsdegi, voru kröfur að fjárhæð samtals kr. 16.959.478 á eftir hæsta boði og áður en kæmi að skuldaröð Olíuverzlunar Íslands hf., eða samtals kr. 41.059.478, sem voru á undan fjárnámi Olíuverzlunar

Íslands hf., sem var að fjárhæð kr. 6.478.530 samkvæmt fjárnámi dags. 24/3 1976. Ef löghaldskröfur eru hins vegar dregnar út úr, þá eru kröfur á undan fjárnámi Olíuverzlunar Íslands hf. alls að fjárhæð kr. 37.431.281, eða hærri fjárhæð heldur en dómkvaddir matsmenn meta eignina samkvæmt mati því, er fylgdi bréfi yðar. Vér teljum með öllu augljóst, að 32. gr. laga nr. 57/1944 eigi aðeins við það tilvik, að um útlagningu sé að ræða, og hefði því sú grein aðeins tekið til boðs Iðnaðarbanka Íslands hf., ef hann hefði verið hæstbjóðandi, t. d. á 15 millj. kr., sem var hæsta boð Iðnaðarbanka Íslands hf. á uppboðsdegi, áður en Olíuverzlun Íslands hf. tók að bjóða í eignina. Vér vísum því algjörlega á bug, að um nokkra kröfugerð geti verið að ræða á hendur Olíuverzlun Íslands hf. út af gjörningi þessum, og fylgir með bréfi þessu ljósrit af afsali uppboðsréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 12. september 1977, þar sem eigninni er afsalað til Olíuverzlunar Íslands hf., og engin mótmæli hafa komið fram við gjörningnum, og Olíuverzlun Íslands hf. er lýstur eigandi eignar þessarar."

Síðar í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Varðandi skuldabréf það að fjárhæð kr. 6.000.000, sem Bragi Jónsson afhenti til greiðslu á skuld við Olíuverzlun Íslands hf., skal það tekið fram, að eftir að uppboð fór fram, var ekki um neina greiðslu að ræða upp í þá viðskiptaskuld af uppboðsandvirðinu. Fjárnám hafði jafnframt verið gert í íbúðarhúsi Jóns V. Jónssonar, og var þess farið á leit við Olíuverzlun Íslands hf., að hún felldi niður fjárnám á þeirri eign, þannig að unnt væri að selja hana frjálsri sölu. Í stað þess skyldi koma greiðsla samkvæmt skuldabréfi því, sem hér um ræðir. Voru greiðslur samkvæmt skuldabréfinu miðaðar við þau viðskipti, sem Jón V. Jónsson sf. hafði þá samið um við Ísal, en ekkert hefir orðið af þeim greiðslum. Húseign Jóns V. Jónssonar var seld á mjög háu verði og hefði Olíuverzlun Íslands hf. fengið fullnægingu af því verði samkvæmt fjárnámi því, sem lá á þeirri eign, ef ekki hefði komið til þeirra samninga, sem hér var lýst."

Stefnandinn Rut Helgadóttir var yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Aðspurð sagði hún, að hún hefði ekki frétt af veðsetningu þeirri, sem málið er af risið, fyrr en löngu seinna, ca 5 mánuðum seinna. Stefnandinn Bragi hafi sjálfur sagt sér af þessu. Þau Rut og Bragi hafi verið gift í 5 ár og átt húseignina að Miðvangi 123 í 5 ár.

Hér fyrir dómi bar stefnandinn Bragi Jónsson, að ekki hefði

verið haft samráð við konu hans vegna þessarar veðsetningar. Hann kvaðst hafa tilkynnt konu sinni um veðsetninguna svona 4—6 mánuðum seinna. Þau hjónin hafi búið í húsi þessu, frá því að þau giftust fyrir 4—5 árum.

Bragi lýsti tildrögum þess, að veðskuldabréfið, sem málið er af risið, var gefið út, á þann veg, að sama dag og uppboð átti að fara fram á Miðvangi 37 hafi lögmaður föður hans beðið hann um að koma með sér til Olíuverslunarinnar og hafi sýslumaður beðið eftir því, að málið yrði leyst, og frestað uppboði á meðan. Bréfið hafi verið undirritað inn í Olíufélagi (mun eiga að vera Olíuverslun Íslands h/f). Þetta hafi verið nauðsynlegt, til þess að hægt væri að selja Miðvang 37 frjálsri sölu.

Fyrir dómi bar stefnandinn Jón V. Jónsson, að hann hefði verið á sjúkrahúsi, þá er bréfið, sem málið er af risið, var undirritað.

Fram kom hjá Svani Þór Vilhjálmssyni héraðsdómslögmanni við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að Olíuverslun Íslands h/f hefði verið með uppboðskröfu í tvær eignir Jóns V. Jónssonar. Þá hafi verið samið um að gefa út skuldabréf í annarri eign og hafi Bragi, sonur Jóns, veðsett sína eign. Á sama tíma hafi verið gengið frá sérstakri yfirlýsingu frá Jóni V. Jónssyni um, að þessi skuld væri hans skuld, þrátt fyrir það að hún hvíldi á eign Braga.

Lögmaðurinn kvaðst ekki geta svarað því, hvort eiginkona Braga hefði vitað um þessa veðsetningu, en kvaðst hafa ástæðu til þess að halda það á þeim tíma miðað við það, hvernig staðan var á þessum málum öllum innan fjölskyldunnar.

Stefndi Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður var yfirheyrður vegna máls þessa. Fram kom hjá stefnda Skúla, að honum hefði verið kunnugt um, að Olíuverslun Íslands h/f var áður búin að biðja um uppboð á fasteigninni, sem bréf það, sem málið er af risið, er tryggt með, en það uppboð hafi verið afturkallað. Skúli kvaðst hafa vitað, að úthlutun á uppboðsandvirðinu hafi verið mótmælt eða að þessi staðhæfing hafði komið fram, að Olíuverslun Íslands h/f hafi fengið þetta bréf greitt, þegar hún keypti Dalshraun 4. Þetta hafi komið frá lögmanni stefnandans Jóns V. Jónssonar, að vegna þess hve Olíuverslun Íslands hafði keypt fasteignina Dalshraun 4 á lágu verði, hefði Olíuverslunin raunverulega fengið fullnustu þessa skuldabréfs, vegna þess að það hefði verið gefið út til greiðslu á fyrri veðkröfum, sem hvíldu á Dalshrauni eða hvernig sem það var til komið.

Þetta kvaðst Skúli hafa vitað, þegar hann fékk bréfið. Honum hafi verið kunnugt um, að þessi mótmæli voru uppi höfð eða yrðu höfð uppi. Uppboð á Miðvangi 123 standi enn í fresti. Það hafi ýmist verið uppboðsþoli sjálfur eða lögmaður Jóns V. Jónssonar, sem hafi beðið um frestun uppboðsins. Uppboðsbeiðni hafi ekki verið afturkölluð. Frestun á uppboði væri til komin vegna þess, að í þessu máli er einnig höfð mótbára gegn uppboði á Miðvangi 123 vegna þess, að eiginkonu Braga Jónssonar hafi ekki verið kunnugt um veðsetninguna. Skúli tók fram, að honum hefði ekki verið kunnugt um þá mótbáru, fyrr en stefna hafi verið gefin út. Aldrei hafi borist til tals, að sú mótbára yrði höfð uppi. Skúli kvaðst hafa eignast veðskuldabréfið 12. október 1977.

III.

Af hálfu stefnenda eru kröfur rökstuddar með því, að rifta beri veðsetningunni, þar sem stefnandinn Bragi hafi veðsett húseign þeirra hjóna, þ. e. hans og stefnandans Rutar, án samþykkis Rutar og beri því að rifta veðsetningunni skv. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Því er og haldið fram af hálfu stefnenda, að þá er 2. og síðasta uppboð á Miðvangi 37 skyldi fram fara 1. febrúar 1977, hafi stefnandinn Jón V. Jónsson selt þessa eign, sem var nýbyggt einbýlishús, sem hann bjó í sjálfur ásamt eiginkonu sinni, með loforði um, að fjárnámsgerð stefnda Olíuverslunarinnar yrði aflýst, en hann hafi ekki getað staðið við það loforð. Stefnandinn Bragi hafi farið til forstjóra stefnda Olíuverslunar Íslands h/f til þess að reyna að fá hann til þess að veita frest á uppboðinu. Þetta hafi verið 1. febrúar 1977 eftir hádegi, en uppboðsréttur hafi þá verið settur, en beðið átekta, meðan samningar voru reyndir við forstjórann. Hann hafi reynst ófáanlegur til þess að veita nokkurn frest nema með því skilyrði, að stefnandinn Bragi tæki sjálfur ábyrgð á skuldinni með því að veðsetja sitt eigið hús. Hafi stefnandinn Bragi því neyðst til þess að gefa bréfið út. Bréfið hafi verið að upphæð kr. 6.000.000, og skyldi það greiðast á 2 árum. Vextir hafi verið ákveðnir hæstu veðlánavextir, en það sé miklu hærri vaxtafótur en skuldin hafði áður borið.

Jafnframt eru kröfur um ógildingu veðskuldabréfsins rökstuddar með því, að stefndu hafi vegna hagstæðra uppboðskaupa fengið skuld þá, sem bak við veðskuldabréfið liggur, greidda

að fullu og meira en það. Það leiði því af 32. gr., 3. og 4. mgr., uppboðslaga, að stefndu eigi ekki rétt á frekari greiðslum úr hendi stefnenda. 32. gr. eigi við alla þá, sem getið er í 1. mgr. 21. gr. Einnig er á því byggt af hálfu stefnenda, að veðbréfið sé ógilt skv. 29. og 32. gr. samningalaga.

Af hálfu stefndu er sýknukrafa að því er varðar stefnandann Braga Jónsson rökstudd með því, að hann hafi greitt stefnda Olíuverslun Íslands h/f með skuldabréfi, tryggðu í fasteign sinni, skuld Jóns V. Jónssonar s/f við Olíuverslun Íslands h/f. Sú skuldarviðurkenning stefnandans Braga hafi verið gerð af fúsum og frjálsum vilja án þvingana eftir 20. gr. og 32. gr. samningalaga. Þetta skuldabréf hafi stefnandinn Bragi gefið út fyrir föður sinn til þess að greiða skuld, er hvíldi á húsi hans nr. 37 við Miðvang í Hafnarfirði, svo hægt væri að selja húsið frjálsri sölu, og þar með hafi skuld Jóns V. Jónssonar s/f verið gerð upp við stefnda Olíuverslun Íslands h/f. Stefnanda Braga þýði því ekki að fá bréf þetta, sem umdeilt sé í málinu, ógilt, enda sé hér um að ræða handhafaskuldabréf, er stefndi Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður hafi fengið framselt og verði því aldrei ógilt að því er hann varðar.

Að því er varðar stefnandann Jón V. Jónsson er sýknukrafa rökstudd með því, að krafa hans eigi ekki heima í máli þessu. Veðskuldabréf það, er stefnandinn Bragi gaf út, hafi verið til greiðslu á skuld Jóns V. Jónssonar við stefnda Olíuverslun Íslands h/f og öll tengsl milli Jóns V. Jónssonar og stefnda Olíuverslunar Íslands h/f því rofin. Sé því ekki séð, að Jón V. Jónsson eigi aðild að máli þessu.

Í öðru lagi er því haldið fram, að 32. gr. laga nr. 57/1949 eigi ekki við hér, þar sem stefndi Olíuverslun Íslands hafi ekki fengið útlagningu, enda hafi krafa um útlagningu ekki verið fyrir hendi.

Í þriðja lagi hafi krafa sú, er stefndi Olíuverslun Íslands h/f átti í Dalshrauni 4 í Hafnarfirði, verið fyrir aftan matsfjárhæð þá, er matsmenn hafi metið húsið á til uppboðsverðs, þannig að einnig af þeirri ástæðu eigi 32. gr. uppboðslaga ekki við.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að stefnandinn Rut Helgadóttir hafi ekki vitað um veðsetningu þá, sem um ræðir í máli þessu. Stefnandinn Rut sé tengdadóttir Jóns V. Jónssonar, verktaka úr Hafnarfirði. Fjölskylda eiginmanns stefnandans Rutar hafi verið í miklum fjárhagsörðugleikum og því hafi með samþykki þessa stefnanda og eiginmanns hennar verið ákveðið að

greiða skuld fyrirtækisins Jóns V. Jónssonar s/f við stefnda Olíuverslun Íslands h/f með skuldabréfi með veði í fasteign þeirra hjóna nr. 123 við Miðvang í Hafnarfirði.

IV.

Álit dómsins.

Veðskuldabréf það, sem málið er af risið, er út gefið 1. febrúar 1977 og þinglýst 14. s. m. Stefnandinn Rut Helgadóttir höfðaði mál þetta með stefnu, birtri 10. febrúar 1978. Þegar litið er til framburðar þessa stefnanda um, að hún hafi frétt af veðsetningunni ca 5 mánuðum seinna, svo og framburðar stefnandans Braga Jónssonar um, að hann hafi tilkynnt konu sinni um veðsetninguna svona 4—6 mánuðum seinna, þá hefur þessi stefnandi ekki höfðað málið innan tilskilins frests skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1923, þ. e. 6 mánaða frá því að henni varð kunnugt um veðsetninguna. Ber því að sýkna stefndu af kröfum þessa stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður að því er þennan stefnanda varðar falli niður.

Telja verður stefnandann Jón V. Jónsson eiga aðild að málinu. Viðurkennt er, að handhafabréf það, sem málið er af risið, hafi stefnandinn Bragi Jónsson gefið út fyrir föður sinn, þ. e. stefnandann Jón V. Jónsson, til þess að greiða skuld, er hvíldi á húsi hans Miðvangi 37. Jafnframt liggur fyrir í málinu sem dskj. 12 yfirlýsing frá stefnandanum Jóni um, að fyrirtækið Jón V. Jónsson s/f beri ábyrgð á þessari skuld sem skuldari.

Stefndi Olíuverslun Íslands h/f keypti fasteignina Dalshraun 4 á nauðungaruppboði á kr. 24.100.000, en fékk hana ekki út lagða sem ófullnægður veðhafi. Samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð uppboðsandvirðis á dskj. 19 greiddust kr. 19.231.439 upp í kröfur Iðnaðarbanka Íslands h/f vegna 6., 7. og 8. veðréttarhafa, en þær kröfur námu kr. 28.695.558. Fjárnám stefnda Olíuverslunar Íslands h/f var fyrir aftan við Iðnaðarbanka Íslands h/f. Telja verður, að 3. mgr. 32. gr. uppboðslaga eigi ekki eingöngu við þá, sem fá eign út lagða sem ófullnægðir veðhafar, heldur alla þá veðhafa og aðfararhafa, sem gerst hafa kaupendur að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðst að fullu, og þá um leið þá, sem ekkert hafa fengið upp í kröfu sína.

Hinir dómkvöddu matsmenn komast í matsgerð sinni að þeirri niðurstöðu, að sannvirði fasteignarinnar nr. 4 við Dalshraun hafi hinn 20. september 1976 verið kr. 45.000.000 miðað við það,

að útborgun væri sem næst kr. 30.000.000 og eftirstöðvar lánaðar til 8 ára með 12—13% ársvöxtum, en kr. 37.500.000 miðað við það, að 1/4 hluti verðsins væri greiddur innan 1/2 mánaðar frá uppboðsdegi og eftirstöðvar eftir 2 mánuði.

Stefnendur miða útreikninga sína við það, að sannvirði eignarinnar hafi verið kr. 37.500.000. Þessi upphæð hefur ekki verið tölulega vefengd. Nauðungaruppboðið fór fram 20. september 1976, en uppboðsafsal var ekki gefið út fyrr en 12. september 1977. Verður því við það miðað, að sannvirði fasteignarinnar Dalshrauns 4 í Hafnarfirði hafi 20. september 1976 verið a. m. k. kr. 37.500.000. Þessa eign keypti stefndi Olíuverslun Íslands h/f, eins og áður segir, á kr. 24.100.000. Mismunur er kr. 13.400.000. Fjárnám þessa stefnda á eigninni var að fjárhæð kr. 6.478.530. Verður því að telja, að stefndi Olíuverslun Íslands h/f hafi með hagnaði sínum af kaupunum fengið fullnægjandi efndir á kröfu sinni og hafi Olíuverslun Íslands h/f því ekki verið rétt að krefjast uppboðs á fasteigninni Miðvangi 37. Viðurkennt er, að það var til þess að forða uppboði (sic) á þeirri eign, sem stefnandinn Bragi Jónsson gaf út veðskuldabréfið, sem málið er af risið. Þegar af þeirri ástæðu ber að taka kröfu um ógildingu bréfsins til greina gagnvart stefnda Olíuverslun Íslands h/f.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið úr framburði stefnda Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, þá þykir fram komið, að hann hafi, þá er hann fékk veðskuldabréfið, sem málið er af risið, í hendur, ekki verið í góðri trú varðandi þær mótbárur gagnvart gildi veðskuldabréfsins, sem á er byggt í máli þessu, og hefur framsalið til hans því ekki áhrif á rétt stefnenda til þess að fá bréfið ógilt og afhent til aflýsingar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að krafa stefnendanna Braga Jónssonar og Jóns V. Jónssonar er tekin til greina.

Stefndu greiði in solidum stefnendunum Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni kr. 1.232.000 í málskostnað, þar með er talinn matskostnaður kr. 300.000.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Olíuverslun Íslands h/f og Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður, skulu vera sýknir af kröfu stefnandans Rutar Helgadóttur. Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Veðskuldabréf, útgefið 1. febrúar 1977, að fjárhæð kr.

6.000.000, tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði, er dæmt ógilt. Stefndi Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður skal afhenda stefnendunum Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni bréfið til aflýsingar.

Stefndu, Olíuverslun Íslands h/f og Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður, greiði in solidum stefnendunum Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni kr. 1.232.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1981.

Nr. 230/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Halldóri Fannar Ellertssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Í greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar segir m. a. svo:

„Í hinum kærða úrskurði eru tilgreind þrjú mál á hendur kærða, sem undanfarnar vikur og mánuði hafa verið til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Í sakadómi Akureyrar er til meðferðar mál á hendur kærða samkvæmt ákæru, útgefinni 15. september sl. Undir áfrýjun eru tveir dómar . . .“

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:
Hiinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1981.

Ár 1981, sunnudaginn 8. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Halldóri Fannar Ellertssyni verkamanni, til heimilis að Kötlufelli 3 hér í borg, fæddum 30. nóvember 1950, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. desember nk., kl. 1700, með skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði hefur við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og nú fyrir dómi viðurkennt að hafa stolið kr. 1.000 og bankabók í íbúð að Njálsgötu 102 hér í borg sl. föstudag.

Á undanförnum mánuðum hefur rannsóknarlögregla ríkisins tekið eftirfarandi mál á hendur kærða til rannsóknar, og er rannsókn í þeim að mestu lokið: Mál RLR nr. 1217/81, þjófnaður á ritsafni Guðmundar Kamban. RLR mál nr. 1743/81, þjófnaður á bankabók, hálsmeni og myndavél á Seyðisfirði í júní 1981: Kærði tók kr. 1.000 út úr bókinni. RLR mál nr. 2103/81, aðild að stuldi á fjórum ávísanaheftum og víðtæk fölsun úr þeim í júlí og ágúst 1981, samtals að fjárhæð kr. 14.118.00. RLR mál nr. 2816/81, þjófnaður á ávísanahefti og útgáfu ávísana í október 1981. 10 ávísanir að fjárhæð kr. 6.680.00 hafa borist.

Mál þessi voru borin undir kærða nú fyrir dómi, og kannaðist hann við þau.

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu ríkisins munu vera til meðferðar mál á hendur kærða hjá Hæstarétti Íslands og ríkissaksóknara.

Engum málum á hendur kærða mun ólokið hjá sakadómi Reykjavíkur.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann frá árinu 1975 hlotið samtals 6 óskilorðsbundna fangelsisdóma í samtals 33 mánuði fyrir skjalafals, þjófnað og önnur brot.

Með hliðsjón af framansögðu og sakaferli kærða þykja leiddar að því verulegar líkur, að kærði muni halda áfram brotum, ef hann hefur óskert frelsi. Ber því með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka til greina kröfu rannsóknarlög-

reglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. desember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Halldór Fannar Ellertsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. desember 1981, kl. 1700.

Föstudaginn 13. nóvember 1981.

Nr. 28/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Alfreð Gústaf Maríussyni
(Gunnar Sólnes hrl.).

Áfrýjun. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómi er áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds „til styttingar á tíma ökuleyfissviptingar", en ákærði lýsti sig vilja una dóminum, er honum var birtur hann hinn 17. september 1980.

Ákærði er fæddur 7. mars 1962. Hann var því ekki fullra 18 ára, er hann framdi það brot, sem hann sætti fyrir fjársekt og sviptingu ökuleyfis með dómssátt í sakadómi Dalvíkur 5. mars 1980. Hefur það því ekki ítrekunaráhrif á það brot, sem ákæran í þessu máli tekur til, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Tilgangur ákæruvalds með áfrýjun héraðsdóms, sá sem að framan var greindur, stendur því ekki í vegi, að ákvæði

dómsins um refsingu ákærða komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti jafnframt ákvæðum hans um ökuleyfissviptingu, að því leyti sem leiða kynni til refsiviðurlaga, er hagfelldari væru ákærða en dæmd voru með hinum áfrýjaða dómi.

Að því athuguðu, sem að framan er sagt, og að öðru leyti með skírskotun til þeirra lagaákvæða, sem í ákæruskjali greinir, verður ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða staðfest og refsing hans ákveðin 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Komi varðhald í 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er með skírskotun til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 5. mars 1981 að telja, en þá rann út ökuleyfissvipting hans samkvæmt dómssáttinni 5. mars 1980, og hefur hann ekki fengið ökuskírteini sitt síðan.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm um greiðslu sakarkostnaðar.

Að kröfu ákæruvalds ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Alfreð Gústaf Maríusson, greiði 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 5. mars 1981 að telja.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Allur kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Gunnars Sólnes hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Dalvíkur 16. júlí 1980.

Mál þetta, sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 8. júlí 1980, var þingfest og dómtekið fyrr í dag. Málið er höfðað „á hendur Alfreð Gústaf Maríussyni verkamanni, Jaðri á Dalvík, fæddum 7. mars 1962 í Hafnarfirði, fyrir að aka, laugardaginn 17. maí 1980, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bifreiðinni A 4257 frá stað norðan við Hof í Arnarneshreppi suður þjóðveginn, uns ákærði missti stjórn á bifreiðinni skammt norðan heimreiðarinnar að Spónagerði þar í hreppnum og hún valt út af veginum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. l. nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. (sic) og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1980 5/3 á Dalvík: Sátt, 100.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 5/3 1980.

Málavextir.

Laugardaginn 17. maí 1980, um kl. 1625, barst tilkynning á lögreglustöðina á Akureyri um, að bifreiðin A 4257 hefði lent vestur af Ólafsfjarðarvegi skammt norðan heimreiðarinnar að Spónsgerði og oltið þar. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang, og skammt sunnan við slysstaðinn mættu þeir bifreið, sem í voru fjórir menn, sem höfðu verið í fyrrgreindu slysi. Meðal þessara manna var Alfreð Gústaf Maríusson, fæddur 7. mars 1962, til heimilis að Jaðri, Dalvík, sem er ákærði í máli þessu. Þeir, sem með ákærða voru í bifreiðinni A 4257 í greint sinn, voru Hermann Rúnar Stefánsson, fæddur 27. febrúar 1962, til heimilis að Akurgerði 3 D, Akureyri, Helgi Bergsson, fæddur 4. október 1962, til heimilis að Aðalstræti 36, Akureyri, og Gunnhallur Gunnhallsson, fæddur 8. apríl 1962, til heimilis að Hafnarstræti 25, Akureyri, og mun hann vera eigandi bifreiðarinnar A 4257. Þegar lögreglumennina bar að, voru allir þessir menn undir áhrifum áfengis. Kváðust menn þessir hafa verið að koma frá Siglufirði og verið á leið suður Ólafsfjarðarveg, er

bifreiðin hefði lent út af og oltið. Enginn manna þessara hafði hlotið alvarleg meiðsl. Í fyrstu kváðu menn þessir fimmta manninn hafa ekið bifreiðinni A 4257, sem þeir þekktu ekki, en eftir veltuna hefði hann fengið far til Dalvíkur með bifreið, er hefði átt þar leið hjá. Í framhaldi af þessu var ákærði ásamt félögum sínum færður á lögreglustöðina á Akureyri, þar sem lokið var við rannsókn málsins með því m. a. að taka úr þeim blóðsýni, en að því loknu voru þeir færðir í fangageymslur.

Í beinu framhaldi af þessu hinn 18. maí 1980, um kl. 0940, var Hermann Rúnar Stefánsson í skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni. Hermann skýrir svo frá, að föstudagskvöldið 16. maí sl. hafi hann ásamt Gunnhalli og Helga farið á dansleik í Freyvangi á bifreiðinni A 4257. Hafi þeir allir verið eitthvað undir áfengisáhrifum, en ökumaður bifreiðarinnar hafi verið Valgarður Jónasson, en hann hafi ekki neytt áfengis, svo að Hermann vissi. Hermann kvað þá félaga hafa stansað stutt í Freyvangi og hafi þeir fljótlega farið aftur til Akureyrar. Valgarður hafi þá ekið bifreiðinni heim til sín í Langholt og hafi hætt akstri og annað hvort Gunnhallur eða Helgi hafi síðan tekið við akstrinum. Þegar þessi ökumannaskipti hafi farið fram, hafi Hermann verið orðinn það ölvaður, að hann muni ekki greinilega atvik, en Helgi og Gunnhallur hafi eflaust báðir verið eitthvað drukknir, þegar annar hvor þeirra hafi tekið við akstri. Hermann vissi ekki á þessari stundu, hvort ákveðið var að aka til Siglufjarðar, strax eftir að þeir fóru frá Akureyri, en ferðin hafi endað á Siglufirði allt að einu. Hermann kveðst lítið muna eftir ferð þessari, þar sem hann hafi sofið af og til vegna ölvunar sinnar, og ekki vissi hann, hvort Helgi og Gunnhallur hefðu skipst á um að aka bifreiðinni. Ekki vissi Hermann, hvenær þeir komu til Siglufjarðar eða hvenær þeir fóru þaðan aftur, en hann rámaði í, að á báðum leiðum hefði verið ekið í gegnum Ólafsfjörð og Lágheiði. Hermann skýrði svo frá, að hann minnti, að þegar þeir komu til Dalvíkur á leið til Siglufjarðar, þá hafi þeir tekið Alfreð Maríusson með sér í bifreiðina, og Hermann kveðst halda, að þá hafi hann verið ölvaður. Ekki vissi Hermann, hvort ákærði ók eitthvað af leiðinni frá Dalvík til Siglufjarðar og aftur til baka. Hermann kveðst hafa verið hálfsofandi á leiðinni til Akureyrar frá Dalvík og man lítið eftir ferðinni, fyrr en hann vaknaði upp við það, að bifreiðin var að velta og eftir veltuna hafi hún stöðvast á hjólunum. Hermann kvað þá alla hafa verið ómeidda og hafi þeir

skriðið út úr bifreiðinni. Hermann kvað þá félaga hafa verið komna af stað sem farþega í annarri bifreið, þegar lögreglan hafi komið þarna að og hafi flutt þá á lögreglustöðina á Akureyri. Hermann kveðst álíta, að það hafi verið ákærði, sem hafi verið ökumaður, þegar bifreiðin A 4257 fór út af og valt.

Sama dag, kl. 1020, var ákærði í skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði skýrði svo frá, að það muni hafa verið komið undir morgun aðfaranótt sl. laugardags, 17. maí 1980, þegar hann hafi verið staddur hjá versluninni Hóli á Dalvík, þá hafi bifreiðinni A 4257 verið ekið upp að versluninni og í bifreiðinni hafi verið piltar, sem hann kveðst hafa kannast við, en það hafi verið Gunnhallur, Helgi og Hermann, og þegar ekið var að versluninni Hóli, hafi Helgi verið ökumaður. Ákærða virtust allir þessir menn vera undir áhrifum meira og minna, og sjálfur kveðst hann hafa verið allölvaður. Ákærði kvað þá félaga hafa sagt sér, að þeir hefðu verið að koma frá Ólafsfirði, og það hafi orðið úr, að hann hafi fengið far með þeim, og þá hafi verið ákveðið að fara til Siglufjarðar og því ekið aftur til Ólafsfjarðar og síðan yfir Lágheiði og til Siglufjarðar. Ákærði kvað Helga hafa ekið allan tímann frá Dalvík til Siglufjarðar og aftur til baka til Dalvíkur. Ákærði kveðst hafa sofið smástund og kveðst ekki geta fullyrt um, hver hafi ekið á meðan. Ákærði kvað þá félaga hafa þurft að stansa um stund á Siglufirði, vegna þess að bifreiðin varð bensínlaus, og hafi þeir ekki fengið bensín strax, þar sem ekki var búið að opna bensínsöluna. Strax eftir að þeir félagar fengu bensín, hafi þeir haldið af stað aftur til Dalvíkur. Síðan kveður ákærði þá félaga hafa ekið beint í gegnum Dalvík og ekið áleiðis til Akureyrar og það muni hafa verið skammt norðan við Hof í Arnarneshreppi sem hann hafi tekið við akstri bifreiðarinnar A 4257 af Helga Bergssyni. Ákærði kveðst hafa ekið þarna suður á veginn í þriðja gangstigi af fjórum og hafi því ekki ekið mjög greitt. Ákærði kveðst síðan hafa lent í lausamöl á vegarkantinum og hafi hann þá misst vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún hafi kastast sitt á hvað til hliðanna á veginum og að síðustu hafi hann misst bifreiðina vestur af veginum, þar sem hún hafi oltið einn hring og stöðvast síðan á hjólunum. Ákærði kvað þá alla hafa verið ómeidda eftir þessa veltu og hafi þeir komist hjálparlaust út úr bifreiðinni. Ákærði kvað þá hafa verið rétt komna upp í aðra bifreið, sem var á leið til Akureyrar, þegar lögreglan hafi komið þarna að og flutt þá á lögreglustöðina á Akureyri. Ákærði

viðurkennir, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum, þegar þetta óhapp átti sér stað. Ákærði kvað þá alla hafa verið að neyta áfengis í bifreiðinni undanfarna klukkutíma og hafi þeir því allir verið drukknir.

Sama dag, kl. 1100, var tekin skýrsla af Helga Bergssyni hjá rannsóknarlögreglu. Í þessari skýrslu kemur fram, að þeir félagar hafi farið á dansleik í Freyvangi og verið þar til fram undir lok hans, en þá hafi þeir farið aftur til Akureyrar. Valgarður hafi ekið allan þennan tíma og hafi hann ekki smakkað áfengi. Valgarður hafi síðan ekið heim til sín í Langholt og þar hafi Gunnhallur tekið við akstrinum og ekið norður fyrir Akureyri og þá hafi Helgi tekið við akstrinum og hafi ekið til Ólafsfjarðar og síðan aftur til Dalvíkur og þaðan til Ólafsfjarðar og síðan til Siglufjarðar. Frá Siglufirði hafi þeir lagt af stað um kl. 1300 áleiðis til Akureyrar. Helgi kveðst hafa ekið allan þennan tíma, frá því hann hafi tekið við af Gunnhalli og þar til skammt norðan við Hof í Arnarneshreppi, en þá kveðst Helgi hafa verið orðinn það syfjaður, að hann hafi skipt við Alfreð Maríusson, sem tekinn hafi verið upp í bifreiðina á Dalvík, áður en þeir fóru til Siglufjarðar. Helgi kvað Alfreð síðan hafa verið búinn að aka skamman spöl, þegar hann missti bifreiðina út af veginum og velti henni. Helgi kvað Alfreð hafa ekið fremur ógætilega um það leyti er hann missti bifreiðina út af veginum, sérstaklega miðað við það, að rigning var, og þurrkur bifreiðarinnar voru bilaðar og því sást illa út.

Sama dag, kl. 1130, var tekin skýrsla af Gunnhalli Gunnhallssyni hjá rannsóknarlögreglunni. Gunnhallur skýrir svo frá, að fóðursystir hans, Lára Thorarensen, sé eigandi að bifreiðinni A 4257 og hafi hann haft bifreiðina til umráða undanfarna daga. Föstudagskvöldið 16. maí 1980 hafi hann verið við víndrykkju með Hermanni Stefánssyni og Helga Bergssyni. Hann kveður þá hafa ætlað í Freyvang og hafi hann þá fengið Valgarð Jónasson, sem muni eiga heima í Lyngholti 20, til að aka bifreiðinni A 4257 fram í Freyvang og síðan aftur til Akureyrar, þar sem allir hinir hafi verið undir áfengisáhrifum. Gunnhallur kveðst hafa tekið við akstri bifreiðarinnar A 4257 einhvers staðar á Akureyri, en síðan kveðst hann ekki muna fyrir víst, hvar það var. Hins vegar kveðst Gunnhallur muna, að hann hafi ekið norður fyrir Akureyri og þar hafi Helgi Bergsson tekið við akstrinum. Gunnhallur kveðst muna, að hann vildi ekki aka meira, þar sem rigning hafi verið og þurrkur bifreiðarinnar hafi

verið bilaðar, þannig að illa sást út. Gunnhallur kveðst aðeins hafa ekið stuttan spöl norður fyrir Akureyri og síðan ekkert eftir það. Helgi hafi síðan ekið norður á Árskógsströnd og þar hafi Hermann tekið við akstrinum og hafi ekið eitthvað um Árskógsströnd og síðan hafi Helgi tekið við aftur. Helgi hafi síðan ekið til Dalvíkur og síðan til Ólafsfjarðar og svo aftur til Dalvíkur. Þegar þeir félagar hafi komið til Dalvíkur frá Ólafsfirði, hafi þeir tekið einhvern strák upp í bifreiðina, en hafi síðan ekið honum heim til sín á Dalvík skömmu seinna. Síðan hafi þeir tekið Alfreð Maríusson, ákærða, upp í bifreiðina og hann hafi verið með þeim í bifreiðinni, þar til hún valt. Frá Dalvík hafi þeir farið aftur til Ólafsfjarðar og síðan yfir Lágheiði til Siglufjarðar. Gunnhallur kveðst ekki muna, hvenær þeir fóru frá Siglufirði, en þaðan hafi þeir farið beina leið, að hann telur, í gegnum Ólafsfjörð og Dalvík til Akureyrar. Helgi hafi ekið þessa leið, þar til Alfreð Maríusson tók við, og rétt á eftir velti hann bifreiðinni. Gunnhallur kveðst hafa verið sofandi í framsæti bifreiðarinnar, þegar hún valt, og getur ekki sagt meira um aðdragandann að því, þegar bifreiðin valt.

Samkvæmt dskj. nr. 14 tók Ólafur H. Oddsson læknir ákærða blóð til alkóhólrannsóknar laugardaginn 17. maí 1980, kl. 1730. Samkvæmt dskj. nr. 15 er niðurstaða blóðrannsóknar þessarar sú, að magn alkóhóls í blóði reyndist vera 2.23‰.

Fyrir sakadómi Dalvíkur í dag játaði ákærði síðan skýlaust að hafa framið brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali.

Niðurstaða.

Með vísan til játningar ákærða og niðurstöðu alkóhólákvörðunar á dskj. nr. 15 telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir. Telst ákærði með þessu hafa brotið gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ákvörðun refsingar.

Með dómssátt í sakadómi Dalvíkur hinn 5. mars 1980 var ákærða gert að greiða kr. 100.000 í sekt til ríkissjóðs og vera sviptur ökuleyfi í 12 mánuði fyrir brot gegn sömu ákvæðum og hann hefur gerst brotlegur við nú. Þetta fyrra brot ákærða hefur því ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar nú samkvæmt 71. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af þessu svo og með vísan til 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968,

sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, svo og til þess, hvernig brot ákærða er framið nú, þykir refsing honum til handa hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá og með birtingu dóms þessa. Að lokum ber að dæma ákærða með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Ákærði, Alfreð Gústaf Maríusson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá og með birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1981.

Nr. 149/1979. **Guðrún Ingimundardóttir**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Rósu Sigurþórsdóttur
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1979. Hún gerir þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 16.621.00 krónu, en til vara 10.635.00 krónur. Til þrautavara krefst hún annarrar lægri fjárhæðar. Í öllum tilvikum krefst hún 19% ársvaxta

af dæmdri fjárhæð frá 15. júní 1974 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í vætti sínu, sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, bar Sigurður Sveinsson lögfræðingur, að hann hefði skýrt áfrýjandi svo og Heiðari Guðlaugssyni frá því, áður en kaup voru ráðin á Hrísholti 10, að ljóst væri, að klæða þyrfti húsið að utan fyrr eða síðar eins og önnur hús, sem byggð væru á sama hátt. Þá segist Páll Sigurþórsson og hafa látið í ljós það álit við Heiðar, að að því hlyti að koma, að klæða yrði húsið. Loks er það haft eftir áfrýjandi sjálfri í matsbeiðni hennar, að henni hafi verið sagt, er hún spurðist fyrir um raka í húsinu, að austurhlið þess þyrfti fljótlega viðgerðar við að utan. Að þessu athuguðu, framburði Sigfúsar Kristinssonar byggingameistara og áfrýjandi sjálfrar um illt útlit hússins, vitneskju hennar um byggingargerð þess og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þeim úrslitum ber að dæma áfrýjandi til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðrún Ingimundardóttir, greiði stefndu, Rósu Sigurþórsdóttur, 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 31. maí 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var að afloknum munnlegum málflutningi þann 14. maí sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Árnessýslu með stefnu, birtri 17. nóvember 1975. Stefnandi er Guðrún Ingimundardóttir, Hrísholti 10, Selfossi. Stefnda er Rósa Sigurþórsdóttir, Grafarnesi, Snæfellsnessýslu.

Í stefnu gerir stefnandi þær kröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða kr. 860.000 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði frá

15. júní 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, þ. á m. kr. 20.000 vegna matskostnaðar, en að öðru leyti skv. gjaldskrá LMFÍ, aukatekjulögum og útlögðum kostnaði skv. reikningi.

Í þinghaldi 18. maí 1978 breytti stefnandi kröfugerð sinni þannig, að krafist var kr. 1.662.100 úr hendi stefndu með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, svo sem fyrr er greint.

Stefnda hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar að mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að sögn stefnanda, að hún hafi með kaupsamningi, dags. 24. mars 1974, keypt húseignina Hrísholt 10, Selfossi, af stefndu. Hún hafi tekið við húseigninni og flutt í eignina í júlí 1974. Við kaupin hafi sérstaklega verið tekið fram, að enginn leki eða raki væri í húsinu. Múrhúðin utan á húsinu hafi þá virst vera í lagi, en húsið sé hlaðið úr vikurholsteini, en múrhúðað að utan. Í nóvember 1974 hafi byrjað að koma fram leki á nokkrum stöðum innanhúss og jafnframt hafi múrhúðin á austur-, vestur- og suðurhlið farið að flagna af. Lekinn muni stafa af þessum ágalla á múrhúðuninni. Hún hafi komið fram kvörtun og bótakröfum á framfæri við fasteignasalann, sem seldi húsið, í janúar 1975 og síðan við Pál, bróður viðsemjanda síns, stefndu, en allt án árangurs. Afsal var gefið út 18. mars 1975, en þá lágu kvartanir stefnanda fyrir og ósk um úrbætur.

Stefnda kveður málavexti þá, að snemma árs 1974 hafi bróðir stefndu falið Sigurði Sveinssyni, lögfræðingi og fasteignasala á Selfossi, að selja húseignina nr. 10 við Hrísholt á Selfossi. Stefnandi keypti síðan húsið skv. kaupsamningi, dags. 24. mars 1974. Kaupandi hafi skoðað húsið mjög vandlega, áður en kaup réðust, og einnig skoðaði Heiðar Guðlaugsson húsið á vegum stefnanda, en hann hafi verið trésmiður. Stefnanda hafi verið tjáð, áður en kaupin fóru fram, að húsið væri hlaðið úr holsteini, enda grundvallarregla í fasteignasölu að geta um slíkt. Kaupanda hafi verið tjáð við skoðun á húsinu, að reikna mætti með, að klæða þyrfti húsið að utan fyrr eða síðar, þar sem reynsla hefði sýnt, að það þyrfti að gera við flest hús, sem byggð væru með þessum hætti.

Afsal var gefið út 18. mars 1975. Þann 6. ágúst 1975 dómkvaddi sýslumaðurinn í Árnessýslu þá Guðmund Helgason húsasmíðameistara og Sigurjón Erlingsson múrarameistara til þess að skoða ástand múrhúðunar á Hrísholti 10 að utan og leka í

austurhlið og segja síðan til um nauðsynlegar viðgerðir og þær metnar til peningaverðs. Matsmenn segja svo í matsgerð á dskj. nr. 7:

„Húsið er hlaðið úr rauðamalarholsteini og múrhúðað að utan fyrir röskum 20 árum. Múrhúðin á austur- og vesturgafli ásamt suðurhlið er meira eða minna sprungin og laus við. Norðurhliðin virðist í lagi. Reynslan af slíkum húsum er sú, að múrviðgerðir gagna ekki sem viðgerð til frambúðar, og hefur því verið eina ráðið að setja utan á húsin vatnshelda klæðningu. Við teljum því, að ekki verði komist hjá því að klæða húsið vatnsheldu efni, og því höfum við kynnt okkur verð á slíkum klæðningum hjá nokkrum aðilum, sem nýlokið hafa slíkri framkvæmd. Kostnaður við að klæða hús það, sem hér um ræðir, með lakkaðri álklæðningu á trégrind virðist vera sem næst þetta:

Álklæðning, 150 ferm.	kr. 380.000.-
Trégrind, naglar	— 180.000.-
Vinna	— 300.000.-
	Alls kr. 860.000.-

Sé klætt með bárujárni, verður kostnaður allmiklu lægri og liti dæmið þá þannig út:

Bárujárnsklæðning, ómáluð	kr. 130.000.-
Trégrind, naglar	— 180.000.-
Vinna	— 250.000.-
	Alls kr. 560.000.-“

Matsmenn hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina. Þeir skýrðu svo frá, að reynslan af rauðmalar- og vikurholsteini hafi verið sú á Selfossi, að múrhúðun endist nær undantekningarlaust illa sem vatnsvörn á húsum úr þessu efni. Virðist múrhúðun vilja springa og detta af. Af þeim sökum teldu þeir gagnslaust að gera við hús af þessari gerð á annan hátt en með því að setja á þau klæðningu. Hvort notað væri ál eða bárujárn, skipti ekki máli um árangur sem vatnsvörn. Enn fremur kváðu þeir það kunnugt meðal þeirra, er störfuðu við byggingariðnað á Selfossi, að í húsum af þeirri gerð sem Hrísholt 10 er, sé hætt við leka vegna galla í múrhúðun.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn. Hún kveðst hafa skoðað húsið Hrísholt 10, sennilega í febrúar—mars 1974, ásamt kunningjafólki sínu, Heiðari Guðlaugssyni og Svanhvíti Sigurlinnadóttur. Við það tækifæri kveðst hún hafa spurt íbúa hússins um

það, hvort leki eða raki væri í húsinu. Hafi henni verið sagt, að svo væri ekki. Íbúar hússins á þeim tíma voru gömul kona og tvær dætur stefndu og muni konan vera móðir stefndu.

Stefnandi kvað húsið hafa verið nokkuð ljótt að utan og hafi hún séð sprungu utan á húsinu. Hún kvaðst ekki hafa séð neitt, er benti til þess, að húsið læki eða væri rakt. Hún hafi einungis spurt að því til öryggis. Hún kveðst síðan hafa skoðað húsið með Hrólfi bróður sínum. Í bæði skiptin, sem stefnandi skoðaði húsið, gerði hún það eftir bestu getu, eins og hún orðaði það. Engin merki um raka eða leka hafi sést við þá skoðun. Hún kvað veður hafa verið þurrt í bæði skiptin. Stefnandi kvaðst hafa séð bletti í múrhúðun, er hún skoðaði húsið. Nánar aðspurð kvað hún múrhúð hafa verið lausa á. Á vesturhlið sá ekkert, en á suður- og austurhlið voru skellur, bæði málningar- og múrskellur, eða m. ö. o. málning hafi verið flögnuð af og múrhúð laus á köflum. Af þessum sökum kvaðst stefnandi hafa spurt um leka, og þegar hún fékk þau svör, að um það væri ekki að ræða, gerði hún sér ekki frekari áhyggjur vegna þessa. Hún kvaðst hafa vitað, að húsið var byggt úr brunasteini, og hafi fasteignasalinn sagt sér það. Í nóvember 1975 lét stefnandi klæða suðurhlið hússins, hafi kostnaður við viðgerðina verið kr. 200.000, en viðgerð hafi að vísu ekki verið lokið að fullu. Páll Sigurþórsson, bróðir stefndu, hefur komið hér fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að í marsmánuði 1974, að því er hann minnir, hafi Heiðar Guðlaugsson komið með honum að Hrísholti 10 ásamt stefnanda í þeim erindum að skoða húsið. Við það tækifæri kvaðst hann hafa sagt Heiðari, að hann væri feginn því, að Heiðar skoðaði húsið, þar sem sér virtist stefnandi ekki bera mikið skynbragð á húsbyggingar. Hann kvað sér hafa verið sagt, að Heiðar þessi ynni hjá byggingameistara hér á Selfossi. Vitnið tók fram, að er þessi skoðun fór fram, hafi stefnandi verið inni að skoða. Hins vegar hafi þeir Heiðar skoðað húsið að utan. Var málningin farin að veðrast og sprungur greinilega í múrhúðun, og kveðst vitnið hafa sagt þá, að að því hlyti að koma, að klæða yrði húsið. Hins vegar sagði hann við Heiðar, að sér fyndist ástand þess þannig, að ekki þyrfti að klæða það á næstunni. Hann kvaðst hafa verið um það spurður, hvort leki eða raki hafi verið í húsinu. Sagði vitnið Heiðari, að hann hefði ekki um það heyrt, að leki væri í húsinu. Hann minnntist þess ekki að hafa átt tal við stefnanda um þetta atriði eða ástand hússins að öðru leyti. Veturinn, sem hér um ræðir, bjó stefnda ekki

í húsinu, og var það í leigu og í umsjá vitnisins. Aðspurt kveðst vitnið hafa komið fram fyrir hönd stefndu varðandi kaupin.

Hrólfur Ingimundarson, bróðir stefnanda, kom hér fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að hann hefði ásamt stefnanda komið tvisvar að Hrísholit 10 til að skoða húsið. Í fyrra skiptið var ekið fram hjá húsinu og það skoðað utan frá í myrkri. Í seinna skiptið var dagur, og tók vitnið eftir því, að sprungur voru í múrhúðun á suðurhlið hússins. Ekki kveðst vitnið muna um ástand hússins að utan að öðru leyti. Aðspurt um ástand hússins að innan kveðst vitnið hafa tekið eftir því, að gluggakistur voru nýmálaðar. Að öðru leyti kveðst vitnið ekki muna, hvert ástand hússins var. Hann kvað stefnanda hafa spurt fólk, sem bjó í húsinu, hvort raki væri þar. Hafi því verið svarað neitandi. Aðspurt sagði vitnið, að hann hefði ekki séð, að múrhúðun væri laus að utan, og ekki hafi hann bankað í útveggi til að ganga úr skugga um, hvort svo væri.

Svanhvít Sigurlinnadóttir kom fyrir dóminn sem vitni. Hún skýrði svo frá, að hún, stefnandi og Heiðar Guðlaugsson hefðu skoðað Hrísholt 10 á sínum tíma. Hafi þá búið í húsinu gömul kona og tvær stúlkur á unglingsaldri. Vitnið spurði, hvort raki væri í húsinu, og svaraði gamla konan því, að svo væri ekki. Vitnið minntist þess, að gluggar voru nýmálaðir, það nýveggfóðrað og gólfdúkur á stofum endurnýjaður. Vitnið minnir, að undir glugga í stofu hafi málning verið bólgin, og minnir vitnið, að af þeim ástæðum hafi hún spurt um leka. Um skoðun utanhúss er ekki að ræða, að vísu sá vitnið, að málning var flögnuð, en þau skoðuðu húsið ekkert nánar að utan. Vitnið tekur fram, að raki hafi ekki komið í ljós fyrr en um haustið.

Sigurður Sveinsson, lögmaður stefndu, kom fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að Páll Sigurþórsson hefði beðið hann um að sjá um sölu á Hrísholti 10 fyrir systur Páls, en vitnið rekur fasteignasölu á Selfossi. Auglýsti vitnið eignina til sölu, og kom stefnandi til hans og spurðist fyrir um eignina. Vitnið kvaðst einu sinni hafa farið með stefnanda og sýnt henni eignina og enn fremur hafi hann farið að Hrísholti 10 með Heiðari Guðlaugssyni, og var eignin þá skoðuð mjög gaumgæfilega, og segist vitnið aldrei hafa vitað jafnnákvæma skoðun í sambandi við fasteignakaup, sem hann hefur séð um. Í bæði skiptin sagði vitnið, að ljóst væri, að klæða þyrfti húsið að utan eins og önnur hús, sem væru byggð á þennan hátt, fyrr eða síðar.

Vitnið Sigfús Kristinsson byggingameistari hefur komið fyrir

dóminn. Hann kvaðst hafa skoðað húsið Hrísholt 10, fljótlega eftir að það kom á söluskrá. Kvaðst hann hafa haft í huga að kaupa húsið og endurbæta og selja síðan. Hann kveðst hafa skoðað húsið vandlega og hafi það verið illa farið að utan og sýnilegir lekar hafi verið á húsinu. Taldi vitnið, að nauðsynlegt væri að klæða húsið að utan og setja í það verksmiðjugler til að komast fyrir lekann. Hann kveðst hafa séð skemmdir inni í húsinu, auðséð hafi verið, að vatn hefði komist inn í veggina. Aðspurt kvað vitnið ástand hússins, sem að framan er lýst, hafa verið sér bersýnilegt. Nánar aðspurt sagði vitnið, að málning hefði verið flögnuð af í kverkum og hornum innanhúss. Múrhúð var laus utan á húsinu, og fannst það greinilega, ef bankað var í vegg. Sprungur í múrhúðun voru greinilegar, og taldi vitnið aðspurt, að allir venjulegir menn hefðu átt að sjá, að sprungur væru í múrhúðun. Þá sagði vitnið aðspurt, að verð hússins hefði verið mjög hagstætt miðað við söluverð hér almennt á þessum tíma, enda þótt ástand þess væri slæmt.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að húseignin Hrísholt 10 hafi verið haldin leyndum galla, þ. e. múrhúðun, sem síðar eftir kaupin fór að detta af húsinu og olli síðan leka innanhúss. Hafði stefnandi ástæðu til að ætla, að þótt húsið væri gamalt, læki það ekki, enda hafi henni beinlínis verið sagt, að svo væri ekki, er hún skoðaði húsið. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að seljanda hafi borið skylda til að upplýsa hana um gallana. Það hafi ekki verið gert og beri seljandi af þeim sökum fébótaábyrgð á þeim. Þá vitnar stefnandi til 42. gr. kauplaga máli sínu til stuðnings.

Stefnda styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að stefnandi hafi engu verið leynd um ástand hússins. Henni hafi verið um það kunnugt, að húsið var reist úr brunasteini, og alkunna, að múrhúðun á slíkum húsum hefði ekki reynst vel. Þá hafi verið bent á það við skoðun á húsinu, að fyrr eða síðar yrði að klæða það. Þá sé til þess að líta, að kaupverð hússins hafi verið mjög hagstætt, m. a. hafi eftirstöðvar kaupverðs verið lánaðar til lengri tíma en tíðkaðist á Selfossi, er kaupin voru gerð.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af lýsingu á göllum þeim, sem stefnandi ber fyrir sig, svo og vettvangsskoðun dómsins sjálfs þykir augljóst,

að stefnanda hefði mátt vera ljóst, að leki kynni að vera á húsinu. Með hliðsjón af því svo og með tilliti til verðs hússins þykja eigi efni til að taka kröfu stefnanda til greina, og ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda. Þá greiði stefnandi stefndu kr. 280.000 í málskostnað.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ingólfi Hrólfssyni verkfræðingi og Steingrími Jónssyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefnda, Rósa Sigurþórsdóttir, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðrúnar Ingimundardóttur. Stefnandi greiði stefndu kr. 280.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1981.

Nr. 232/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Leyfi til kæru. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 12. s. m. Krefst hann þess, að dæmt verði, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með mál þetta og að hann skuli víkja sæti í því. Þá krefst hann kærumálskostnaðar

Ekki hefur verið leitað leyfis ríkissaksóknara til að kæra úrskurð sakadóms til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

21. október 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 21. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Þann 17. sept. sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Erni Sigfússyni, Hverfisgötu 78, Reykjavík, fyrir ætluð brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Nefndum Erni var birt ofangreind ákæra 28. sept. sl., en málið þingfest hér í dómi 2. október sl.

Við síðastnefnda þingfestingu var að ósk Arnar Sigfússonar orðrétt eftir honum bókað svo: „Vegna kæru, er ég og 52 aðrir aðilar lögðu fram á hendur þessa dómstóls og fíkniefnalögreglu, þá óttast ég, að dómstóllinn verði óvilhallur, en ekki hlutlaus, eins og lög kveða á um, og þykir mér það sýnt."

Þá gerði margnefndur Örn síðar í sama þinghaldi þá kröfu, „að skipuðum dómendum þessa dómstóls verði vikið úr starfi og aðrir réttsýnni taki þeirra sæti."

Í framhaldi af ofangreindu og í sama þinghaldi færði Þórður Þórðarson fulltrúi til bókar, að enda þótt í fyrri orðréttri tilvitnun hér að ofan fælist bersýnileg þversögn og ekki yrði um þá síðari fjallað í þessu máli eða á þessum vettvangi, þætti rétt að telja fram kominn þann vilja Arnar Sigfússonar, að í úrskurði yrði tekin afstaða til hæfis dómara varðandi meðferð ofangreinds máls.

Undirritaður óskaði með bréfi, dags. 2. okt. sl., til Jóns Thors, deildarstjóra í dómsmálaráðuneyti, upplýsinga um tilvist og eðli „kæru", er átt gæti við ofanritað, svo og hvort hún hefði, ef til væri, hlotið umfjöllun ráðuneytis eða hvað ráðgert væri í því sambandi.

Í svarbréfi Jóns Thors deildarstjóra, dags. 6. okt. sl., var staðfest, að ráðuneytið hefði 30. mars sl. móttekið tvö bréf, annað dags. 27. mars 1981, frá Eggert B. Arnórssyni, en hitt dags. 27. og 30. mars 1981, frá Agnari Agnarssyni, og í nefndum bréfum

verið fram bornar ýmsar sakir á hendur Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Fylgdu margnefnd bréf í ljósriti til dómsins, en fram var tekið af hálfu ráðuneytis, að umrædd erindi hefðu þar ekki hlotið afgreiðslu.

Ráða má af ljósriti undirskriftalista, er dómsmálaráðuneyti sendi þessu embætti með ofangreindum bréfum Agnars Agnarssonar og Eggerts B. Arnórssonar, að nefndir listar séu taldir bréfum viðkomandi og að ofangreindur Örn Sigfússon sé einn þeirra, er nafn sitt ritaði á lista.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis, dags. 12. þ. m., var undirrituðum tilkynnt, að ráðuneytið hefði afgreitt áður margnefnd erindi Agnars Agnarssonar og Eggerts B. Arnórssonar og ekki talið þau gefa tilefni til aðgerða af hálfu ráðuneytis.

Fylgdu með ofangreindu ljósrit svarbréfa ráðuneytis, dags. 9. þ. m., til Agnars og Eggerts margnefndra.

Dómari ákvað með vísan til ofanritaðs og hliðsjón af 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að dómari úrskurði sjálfur um það, hvort hann víki sæti, að úrskurðað skuli í tvennu lagi um ofangreinda kröfu Arnar Sigfússonar. Í þessum úrskurði verður því aðeins fjallað um þá kröfu, að Ásgeir Friðjónsson sakadómari skuli talinn vanhæfur til að vinna eða láta vinna að ofangreindu sakadómsmáli nr. 827/1981.

Með vísan til ofanritaðs og að athuguðum og virtum þar greindum gögnum þykir ekkert fram komið, er valdi vanhæfi Ásgeirs Friðjónssonar til þess að láta vinna að máli ákæruvaldsins á hendur Erni Sigfússyni, og verður krafa síðastnefnda því ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu Arnar Sigfússonar um, að Ásgeir Friðjónsson sakadómari skuli talinn vanhæfur til þess að vinna eða láta vinna að sakadómsmáli nr. 827/1981.

Mánudaginn 16. nóvember 1981.

Nr. 233/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Leyfi til kæru. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 12. s. m. Krefst hann þess, að dæmt verði, að Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með mál þetta og að hann skuli víkja sæti í því. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ekki hefur verið leitað leyfis ríkissaksóknara til að kæra úrskurð sakadóms til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum
21. október 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 21. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Hinn 17. sept. sl. var af hálfu ríkissaksóknara gefin út ákæra á hendur Erni Sigfússyni, fæddum 27. júní 1958, til heimilis að Hverfisgötu 78 hér í borg, fyrir ætluð brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Ásgeir Friðjónsson sakadómari fól fulltrúa sínum, Þórði Þórðarsyni, málið til meðferðar.

Nefndum Erni var birt ofangreind ákæra 28. sept. sl., en málið var síðan þingfest hér í dómi 2. okt. sl.

Við þingfestingu málsins var að ósk nefnds Arnar eftir honum bókað eftirfarandi: „Vegna kæru, er ég og 52 aðrir aðilar lögðum fram á hendur þessa dómstóls og fíkniefnalögreglu, þá óttast ég, að dómstóllinn verði óvilhallur, en ekki hlutlaus, eins og lög kveða á um, og þykir mér það sýnt."

Þá gerði margnefndur Örn síðar í sama þinghaldi þá kröfu, „að skipuðum dómendum þessa dómstóls verði vikið úr starfi og aðrir réttsýnni taki þeirra sæti."

Í framhaldi af ofangreindu og í sama þinghaldi bókaði dómari þá athugasemd, að enda þótt í fyrri orðréttri tilvitnun fælist bersýnileg þversögn og ekki yrði um þá síðari í máli þessu fjallað eða á þessum vettvangi, þætti rétt að telja fram kominn þann vilja nefnds Arnar, að í úrskurði yrði fjallað um og afstaða tekin til hæfis dómara varðandi meðferð ofangreinds máls.

Ásgeir Friðjónsson sakadómari óskaði með bréfi, dags. 2. okt. sl., til Jóns Thors, deildarstjóra í dómsmálaráðuneyti, upplýsinga um tilvist og eðli „kæru", er átt gæti við ofanritað, svo og hvort hún hefði, ef til væri, hlotið umfjöllun ráðuneytis eða hvað ráðgert væri í því sambandi.

Í svarbréfi Jóns Thors deildarstjóra, dags. 6. okt. sl., var staðfest, að ráðuneytið hefði 30. mars sl. móttekið tvö bréf, annað dags. 27. mars 1981, frá Eggert B. Arnórssyni, en hitt dagsett 27. og 30. mars sl., frá Agnari Agnarssyni, og í nefndum bréfum fram bornar ýmsar sakir á hendur Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Fylgdu margnefnd bréf í ljósriti til dómsins, en fram var tekið af hálfu ráðuneytis, að umrædd erindi hefðu þar ekki hlotið afgreiðslu.

Ráða má af ljósriti undirskriftalista, er dómsmálaráðuneyti sendi þessu embætti með ofangreindum bréfum Agnars Agnarssonar og Eggerts B. Arnórssonar, að nefndir listar séu taldir bréfunum viðkomandi og að nefndur Örn Sigfússon sé einn þeirra, er nafn sitt rituðu á nefnda lista.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis, dags. 12. þessa mánaðar, var Ásgeiri Friðjónssyni sakadómara tilkynnt, að ráðuneytið hefði afgreitt áðurnefnd erindi Agnars Agnarssonar og Eggerts B. Arnórssonar og ekki talið þau gefa tilefni til aðgerða af hálfu ráðuneytis. Fylgdu með ofangreindu bréfi ljósrit svarbréfa til Agnars og Eggerts margnefndra frá ráðuneyti, dags. 9. þessa mánaðar.

Dómari ákvað með vísan til 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að dómari úrskurði sjálfur um það, hvort hann víki sæti, að úrskurðað skyldi í tvennu lagi um ofangreinda kröfu Arnar Sigfússonar.

Með úrskurði, uppkveðnum fyrr í dag, hafnaði Ásgeir Friðjónsson sakadómari þeirri kröfu Arnar Sigfússonar, að hann teldist vanhæfur til þess að vinna að eða láta vinna að ofangreindu sakadómsmáli nr. 827/1981.

Í þessum úrskurði verður því aðeins tekin afstaða til þess, hvort Þórður Þórðarson fulltrúi teljist vanhæfur til að vinna að sakadómsmáli nr. 827/1981.

Með vísan til alls ofanritaðs og að athuguðum þar greindum gögnum og virtum þykir ekkert fram komið, er valdi vanhæfi Þórðar Þórðarsonar fulltrúa til þess að vinna að sakadómsmáli nr. 827/1981, ákæruvaldið gegn Erni Sigfússyni, enda dómara ekki kunnugt um, að neitt það, er segir í 1. mgr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, eigi við um hann, enda ekkert fram komið, er renni stoðum undir kröfugerð Arnar Sigfússonar þar að lútandi.

Samkvæmt því, sem rakið er, verður krafa Arnar Sigfússonar því ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu Arnar Sigfússonar um, að Þórður Þórðarson, fulltrúi í ávana- og fíkniefnamálum, skuli talinn vanhæfur til þess að vinna að sakadómsmáli nr. 827/1981.

Þriðjudaginn 17. nóvember 1981.

Nr. 221/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðbergi Guðjónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómur er kveðinn upp af Finnboga H. Alexanderssyni, fulltrúa bæjarfógetans í Garðakaupstað.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, Guðbergs Guðjónssonar. Málinu er ekki áfrýjað að því er varðar dómþola A.

Dómkröfur ákæruvaldsins eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd, og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að tildæmd refsing hans verði lækkuð, að skaðabótakröfu Ingólfs Sigurgeirssonar verði vísað frá dómi og að málsvarnarlaun verði tildæmd.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um sakarmat, heimfærslu til refsiákvæða, skaðabætur og greiðslu sakarkostnaðar.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, hlaut ákærði hinn 29. mars 1977 2 mánaða fangelsisdóm fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga og 1978 3 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað, en þeim dómi var breytt í 6 mánaða fangelsi með hæstaréttardómi 25. september 1980.

Þá er greint frá því í héraðsdómi, án þess að gögn liggi fyrir um það í máli þessu, að ákærði hafi á árinu 1978 hlot-

ið refsidóm í Noregi, 3 mánaða óskilorðsbundið og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Staðfesti verjandi ákærða fyrir Hæstarétti, að þetta væri rétt. Hinn 2. júní 1980 var ákærða í sakadómi Vestmannaeyja dæmdur hegningarauki, 2 mánaða fangelsi, vegna þjófnaðarbrots, sem hann er í dóminum talinn hafa framið hinn 5. mars 1978.

Allir eru dómar þessir kveðnir upp, eftir að ákærði framdi brot þau, sem ákærur frá 22. janúar 1976 og 5. júlí 1977 varða, og dómarnir frá 1978 svo og hegningaraukadómurinn frá 1980, eftir að brot það var framið, sem ákæra 31. maí 1977 varðar.

Ber því samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærða hegningarauka í þessu máli.

Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga með hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr., og 72. gr. sömu laga, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Að öðru leyti skulu ákvæði héraðsdóms varðandi þennan ákærða vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 6. september 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 6. september, var á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar, sem háð var í skrifstofu dómsins að

Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Finnboga H. Alexanderssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2884/1976: Ákæruvaldið gegn Guðbergi Guðjónssyni og A.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 22. janúar 1976, höfðað á hendur Guðbergi Guðjónssyni, Löngufit 36, Garðakaupstað, nú til heimilis að Hringbraut 43, Reykjavík, fæddum 1. ágúst 1943 í Reykjavík, og A . . ., fæddri . . . 1949 . . ., og með ákærum, útgefnum 31. maí 1977 og 5. júlí 1977, á hendur Guðbergi Guðjónssyni einum.

A. Með ákæru, útgefinni 22. janúar 1976, er málið höfðað á hendur ákærðu báðum fyrir eftirgreind hegningarlagabrot.

I. Þjófnaðarbrot.

Ákærða, Guðbergi Guðjónssyni, er gefið að sök að hafa mánudagskvöldið 9. júní 1975 stolið af Finnbirni Finnbjörnssyni, Yrsufelli 11, Reykjavík, peningaveski, sem hafði að geyma auk persónulegra skilríkja kr. 700 í peningum og tékkhefti á Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105, Reykjavík, og fór takan fram að Gnoðarvogi 22, Reykjavík, þar sem Finnbjörn hafði sofnað ölvunarsvefni.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Tékkafals.

Ákærða Guðbergi er svo gefið að sök að hafa í framhaldi af fyrrgreindu þjófnaðarbroti tekið til við að gefa út tékka úr fyrrgreindu tékkhefti í nafni Finnbjörns Finnbjörnssonar með fullri vitneskju meðákærðu A um falsanirnar, sem hún tók þátt í að hluta með fölsun framsala á suma tékkana, sem bæði ákærðu notuðu svo í viðskiptum með eftirgreindum hætti:

1. Nr. 2305, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 10. júní án ártals, á hann falsað framsalið Guðmunda Gilsdóttir, 2780—4969, notaður í viðskiptum við Jón Bjarnason úrsmið, Akureyri.
2. Nr. 2314, að fjárhæð kr. 70.000, dagsettur 9. júní 1975, notaður í viðskiptum við Ingólf Sigurgeirsson leigubifreiðarstjóra, Eskihlíð 16, Reykjavík, sem ók ákærðu frá Reykjavík til Akureyrar.
3. Nr. 2315, að fjárhæð kr. 5.580, dagsettur 10. júní 1975, útgefinn til Hótels KEA og notaður þar til greiðslu á veitingum og gistikostnaði.
4. Nr. 2316, að fjárhæð kr. 12.000, dagsettur 10. júní 1975, notaður í viðskiptum við Vörusöluna, Akureyri.

5. Nr. 2317, að fjárhæð kr. 35.000, dagsettur 10. júní 1975, á hann falsað framsalið Guðfinna Magnúsdóttir, 2780—4969, tékkinn seldur í Útvegsbankanum á Akureyri.
6. Nr. 2318, að fjárhæð kr. 7.000, dagsettur 10. júní 1975, notaður í viðskiptum við vefnaðarvörudeild KEA, Akureyri.
7. Nr. 2319, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 10. júní 1975, notaður í viðskiptum við skóbúðina Leðurvörur, Akureyri.
8. Nr. 2320, að fjárhæð kr. 2.770, dagsettur 10. júní 1975, útgefinn til ÁTVR, Akureyri, og notaður þar til greiðslu á vínföngum.
9. Nr. 2322, að fjárhæð kr. 30.000, dagsettur 10. júní 1975, notaður í viðskiptum við verslunina Regínu, Akureyri.
10. Nr. 2324, að fjárhæð kr. 30.000, dagsettur 10. júní 1975, á hann er falsað framsal Finnbjörns Finnbjörnssonar, notaður í viðskiptum við Jón Bjarnason úrsmið, Akureyri.

Háttsemi ákærðu, sem rakin er í II. kafla, telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en til vara telst háttsemi ákærðu A að hluta varða við 1. mgr. 254. gr. sömu laga.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist, að bæði ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

B. Með ákæru, útgefinni 31. maí 1977, er málið höfðað á hendur Guðbergi Guðjónssyni fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa föstudaginn 6. maí 1977 stolið 8.600 krónum úr versluninni Brekku, Ásvallagötu 1 í Reykjavík.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

C. Með ákæru, útgefinni 5. júlí 1977, er málið höfðað á hendur Guðbergi Guðjónssyni fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 13. apríl 1976 brotist inn í verslunina Ölduna, Tjarnargötu 6 í Sandgerði, og stolið þar allt að 47 pakkalengjum af vindlingum, allt að 15 vindlingakveikjurum, allt að 20.000 krónum í peningum, leðurjakka og reykjarpípu.

Verknað þennan framdi ákærði í félagi við B, fæddan . . . 1950, og D, fædda . . . 1959, sbr. ákæru, dagsetta 10. maí 1977.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, ef krafist verður.

Ákærðu eru bæði sakhæf.

Ákærði Guðbergur, fæddur 1. ágúst 1943 í Reykjavík, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1960 6/10 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir tolllagabrot.
1961 í Reykjavík: Kærður fyrir 6 þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 3 ár frá 1/3 1961.
1961 5/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.
1961 27/10 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244., 246. og 259. gr. hegningarlaga.
1961 15/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1962 1/9 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 7., sbr. 78. gr. lögreglusamþykktar.
1962 4/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 22/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1964 28/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur samtals kr. 3.600.
1965 12/4 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 12/4 1965, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
1965 5/5 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1965 20/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
1966 7/10 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1967 2/1 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Greiði skaðabætur að hálfu, kr. 1.000.
1967 7/4 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 7/10 1966:
Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
1967 9/10 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
1969 10/1 í Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaga og 45. gr. og 49. gr. umferðarlaga.

1970 25/2 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1971 21/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1972 30/11 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 155. gr. hegningarlaga.

1973 26/11 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1976 24/3 í Hafnarfirði: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 24/3 1976.

1977 29/3 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

1978 21/8 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Ákærða, A, fædd 1949 . . ., hefur sætt refsingum sem hér segir:

1978 16/6 í Reykjavík: Sátt, 90.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga. Svipt ökuleyfi í 12 mánuði frá 30/3 1978.

Málavextir, A—C.

A. Mánudaginn 9. júní 1975 var ákærði Guðbergur í heimsókn hjá fyrrverandi tengdamóður sinni að Gnoðarvogi 22, Reykjavík.

Þar hafði sofnað ölvunarsvefni Finnbjörn Finnbjörnsson, Yrsufelli 11, Reykjavík.

Ákærði tók seðlaveski Finnbjarnar af honum sofandi og hafði á brott með sér.

Í seðlaveskinu voru persónuleg skilríki, ávísanahefti og krónur 700 í peningum. Einn tékkinn var út fylltur af Finnbirni.

Um kvöldið fór ákærði á Hótel Borg og hitti þar meðákærðu A. Þau voru bæði undir áhrifum áfengis.

Ákveðið var að skreppa norður í land í leigubifreið.

Þau tóku leigubifreið á bifreiðastöð Steindórs.

Ákærði Guðbergur greiddi leigubifreiðarstjóranum ökugjaldið til Akureyrar fyrirfram með tékka að fjárhæð kr. 70.000, sem hann útfyllti úr hefti Finnbjörns með nafni hans og nafnnúmeri. Tékkablaðið var nr. 0002314.

Ákærðu voru sofandi meginhluta leiðarinnar til Akureyrar.

Er þangað kom um kl. 0600 um morguninn (sic).

Þau fengu sér gistingu á Hótel KEA, og greiddi ákærði Guðbergur gistingu fyrir þau ákærðu og leigubifreiðarstjórann með tékka að fjárhæð krónur 5.580, sem hann útfyllti á tékkaeyðublað nr. 0002315 úr tékkhefti Finnbjörns og undirritaði með nafni Finnbjörns og nafnnúmeri.

Seinna þennan morgun fóru ákærðu út af hótelinu. Ákærði Guðbergur lét meðákærðu hafa tékka að fjárhæð krónur 35.000, sem hann útfyllti á tékkaeyðublað nr. 0002317 úr áðurnefndu tékkhefti og undirritaði með nafnnúmeri og nafni Finnbjörns. Ákærða A fór með tékkann í Útvegsbankann á Akureyri og seldi hann þar eftir að hafa ritað sem framsal á tékkann nafnið Guðfinna Magnúsdóttir, nafnnúmer 2780—4969.

Ákærðu fóru í nokkrar verslanir á Akureyri og keyptu þar vörur fyrir tékka, sem ákærði Guðbergur útfyllti á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti og undirritaði með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns. Verður nú notkun þessara tékka rakin og fylgt sömu töluröð og í ákæru.

1. Ákærðu fóru í úraverslun Jóns Bjarnasonar. Ákærði Guðbergur lét meðákærðu hafa 2 tékka, annan að fjárhæð krónur 1.000, útfylltan af Finnbirni sjálfum, nr. 0002305, og hinn að fjárhæð krónur 30.000, nr. 2322, sem ákærði útfyllti sjálfur með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns.

   Ákærða A fór inn í verslunina og keypti úr, sem kostaði kr. 21.340. Hún sagði afgreiðslustúlkunni, að hún væri með 30.000 króna ávísun. Ákærða lét stúlkuna hins vegar hafa 1.000 króna ávísunina, en hafði áður framselt hana með nafninu Guðmunda Gilsdóttir, 2780—4969. Afgreiðslustúlkan áttaði sig ekki á mistökunum og lét ákærðu hafa úrið og kr. 8.660 til baka.

4. Ákærðu fóru í vörusöluna á Akureyri. Þar útfyllti ákærði Guðbergur og notaði í viðskiptum tékka nr. 2316, kr. 12.000, sem hann hafði undirritað með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns.

6. Ákærði Guðbergur útfyllti tékka nr. 2318 í vefnaðarvörudeild KEA og undirritaði með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns. Keypti hann vörur fyrir kr. 6.600, en fékk kr. 400 til baka.

7. Ákærðu fóru í verslunina Leðurvörur. Þar útfyllti ákærði Guðbergur ávísun nr. 2319, kr. 6.000, og undirritaði með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns og keypti skó handa meðákærðu.

8. Ákærði Guðbergur keypti áfengi í ÁTVR á Akureyri og greiddi með tékka nr. 2320, kr. 2.770, sem hann útfyllti og undirritaði með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns.
9. Ákærði Guðbergur fór í tískuverslunina Regínu á Akureyri, keypti þar dömujakka og hálsfesti og greiddi það með 30.000 króna tékkanum nr. 2322, sem getið er um í tölulið 1 hér að framan. Hlutirnir kostuðu kr. 9.000, en mismuninn fékk ákærði til baka.
10. Ákærðu fóru eftir hádegi þennan dag í leigubifreið áleiðis til Húsavíkur. Um svipað leyti hafði lögreglunni á Húsavík borist beiðni um að aka á móti bifreiðinni, sem ákærðu voru í, vegna mistakanna með ávísunina hjá Jóni Bjarnasyni úrsmið. Við vegamót Kísilvegar við Laxamýri stöðvaði lögreglan bifreiðina, sem ákærðu voru í, og benti ákærðu á mistökin. Ákærðu vildu strax leiðrétta þetta, og útfyllti ákærði Guðbergur nýja ávísun að fjárhæð kr. 30.000 á eyðublað nr. 2324 með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns.

Um sama leyti kom þarna Jón Bjarnason úrsmiður. Hann tók við tékkanum af ákærða, en bað ákærða að verða samferða til Húsavíkur, þar sem sannað yrði, hvort næg innstæða væri fyrir hendi.

Er lögreglumennirnir komu aftur á lögreglustöðina á Húsavík, höfðu þau skilaboð borist, að ávísanaheftið væri stolið og engin innstæða á reikningnum.

Ákærðu voru handtekin skömmu síðar.

Um svipað leyti kom Jón Bjarnason úrsmiður á lögreglustöðina og afhenti ávísun þá, sem hann hafði fengið við Laxamýri. Hann tók við úrinu, sem kostað hafði kr. 21.200, og kr. 5.700 í peningum.

Við handtökuna fannst ávísanahefti Finnbjörns á ákærða Guðbergi, og voru tvö eyðublöð eftir í heftinu, undirrituð með nafni Finnbjörns Finnbjörnssonar og nafnnúmeri 2317—0922. Á ákærða fannst einnig útfylltur tékki úr heftinu, nr. 0002321, að fjárhæð kr. 30.000, armbandsúr það, sem keypt var hjá Jóni Bjarnasyni, tvö seðlaveski, annað merkt Finnbirni Finnbjörnssyni, og átekin áfengisflaska.

Á ákærðu A fannst kr. 5.700 í peningum, sem var afgangur þess, sem hún fékk til baka í verslun Jóns Bjarnasonar. Hún hafði einnig í fórum sínum átekinn áfengispela, óátekna vodkaflösku, 5 glös af Underberg, fatnað, sjúkrasamlagsskírteini ákærða Guðbergs og staðgreiðslunótu frá tískuversluninni

Regínu, Akureyri, vegna fatakaupa á kr. 8.950. Ákærða var í jakkanum, nýjum buxum og nýjum skóm.

Kl. 1515 þennan dag kom á lögreglustöðina á Akureyri Ingólfur Sigurgeirsson leigubifreiðarstjóri, Eskihlíð 16, Reykjavík, og bar fram kæru á hendur Finnbirni Finnbjörnssyni fyrir ávísanamisferli og fjársvik. Hann kvaðst hafa ekið ákærðu frá Reykjavík til Akureyrar kvöldið áður. Ákærði hafi látið hann hafa kr. 16.000 í peningum, sem eyðst hafi í kaup á ýmsu dóti fyrir ákærða í Reykjavík. Er lagt hafi verið af stað norður, hafi ákærði látið hann hafa ávísun að fjárhæð kr. 70.000 upp í ferðina. Hann kvað ákærða hafa borgað gistingu á Hótel KEA. Hann kvaðst hafa farið með tékkann í Útvegsbankann á Akureyri og fengið honum skipt í peninga, en hann hafi orðið að skila peningunum, þegar í ljós hafði komið, að innstæðu skorti fyrir tékkanum.

Ákærða A kvaðst hafa hitt ákærða Guðberg á Hótel Borg umrætt kvöld. Þau hafi tekið tal saman og ákveðið að skreppa til Akureyrar. Hún kvaðst hafa verið mjög drukkin. Hún kvaðst hafa vitað, að meðákærði hugðist greiða leigubifreiðarstjóranum með tékka, en hún hafi talið, að innstæða væri næg fyrir tékkanum.

Hún kvaðst allan tímann hafa haldið, að meðákærði héti Finnbjörn Finnbjörnsson, enda hafi hann sýnt henni nafnskírteini með því nafni.

Meðákærði hafi einnig sagt henni, að hann væri að koma af síldveiðum í Norðursjó og ætti nóga peninga.

Hún kvaðst hafa sofið mestalla leiðina norður, en er þau hafi vaknað á Hótel KEA morguninn eftir, hafi meðákærði gefið henni eitthvað í glas, sem hún hafi orðið mjög undarleg af, líklega einhvers konar deyfilyf.

Hún kvað sig ekki hafa grunað, að meðákærði væri ekki sá, er hann lést vera, fyrr en á leiðinni til Húsavíkur, er úrsmiðurinn frá Akureyri hafði kallað upp í talstöð leigubifreiðarinnar og tilkynnt, að mistök hefðu átt sér stað með ávísun, sem hann hefði fengið. Hún kvaðst þó hafa fengið óljósan grun um, að innstæðu skorti fyrir tékkum meðákærða, er hann bað hana að selja tékka í Útvegsbankanum á Akureyri. Hana hafi þó alls ekki grunað, að tékkinn væri falsaður. Hún kvaðst hafa ritað framsal á tékkann að fyrirsögn meðákærða, sem hafi tjáð henni, að nafn það, sem hún notaði við framsalið, væri nafn eiginkonu

hans. Ákærða viðurkenndi einnig fyrir dómi að hafa framselt tékka nr. 2305, kr. 1.000, sem hún greiddi úrið með.

Ákærði Guðbergur hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa framið þá verknaði, er að faman er lýst.

Með eigin játningu ákærða Guðbergs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þætti I í ákæru og varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með eigin framburðum ákærðu, framburðum vitna, skýrslum lögreglu og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði Guðbergur hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þætti II í ákæru, töluliðum 2—10, og varðar hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sýkna ber ákærða Guðberg fyrir brot samkvæmt 1. tl. þessa þáttar, þar sem tékki þessi var að öllu leyti út fylltur af eiganda heftisins og ósannað, að ákærða hafi verið kunnugt um framsal meðákærðu á tékkanum.

Með eigin játningu ákærðu A, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hún hafi falsað framsöl á tékka samkvæmt töluliðum 1 og 5 í II. þætti ákæru, og hefur hún með þeirri háttsemi unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Á hinn bóginn þykir ósannað gegn neitun ákærðu A, að henni hafi verið ljóst, að ákærði Guðbergur falsaði tékkana samkvæmt tl. 1—10 eða hvernig hann var að þeim kominn.

Með hliðsjón af því ber að sýkna ákærðu A varðandi þá háttsemi, sem henni er gefin að sök í töluliðum 2—4 og 6—10 í II. þætti ákæru, bæði af aðalkröfu og varakröfu.

Eftirtaldir aðiljar hafa uppi bótakröfur á hendur ákærðu:

1. Jón Bjarnason úrsmiður, Akureyri, krónur 12.000.
2. Ingólfur Sigurgeirsson leigubifreiðarstjóri, Eskihlíð 16, Reykjavík, krónur 70.000 vegna tékka nr. 2314 auk vaxta.
3. Hótel KEA, Akureyri, krónur 5.580 vegna tékka nr. 2315.
4. Vörusalan, Akureyri, kr. 12.000 vegna tékka nr. 2316.
5. Útvegsbanki Íslands, kr. 35.000 vegna tékka nr. 2317.
6. Vefnaðarvörudeild KEA, Akureyri, kr. 7.000 vegna tékka nr. 2318.
7. Skóbúðin Leðurvörur, Akureyri, kr. 6.000 vegna tékka nr. 2319.

8. ÁTVR, Akureyri, kr. 2.770 vegna tékka nr. 2320.
9. Verslunin Regína, Akureyri, kr. 30.000 vegna tékka nr. 2322.

Engar krafnanna hafa verið greiddar.

Af hálfu ákærða Guðbergs hafa kröfur nr. 1, 3, 5 og 7 verið samþykktar og viðurkenndar, en krafist frávísunar krafna nr. 4, 6, 8 og 9 vegna óvissu um hluti þá, sem keyptir voru fyrir tékka þá, sem kröfurnar eru sprottnar af, og nr. 2 vegna vanreifunar kröfunnar. Af hálfu ákærðu A er krafist sýknu af bótakröfum.

Varðandi kröfur nr. 4, 6, 8 og 9 kemur fram í gögnum málsins, að munir þeir, sem keyptir voru fyrir tékka þá, sem kröfurnar eru reistar á, voru eigi afhentir tjónþolum, en sendir með málinu frá Akureyri.

Munir þessir eru í vörslum dómsins, en hafa eigi verið sóttir af ákærðu.

Kröfurnar eru nægilega rökstuddar.

Af þessum sökum verður kröfu ákærða um frávísun krafnanna hafnað.

Frávísunarkrafa á kröfu nr. 2 er byggð á því, að krafan sé eigi nægilega rökstudd.

Krafa þessi er byggð á tékka, sem tjónþoli fékk greiddan fyrir akstur og fékk innleystan í banka, en varð strax að endurgreiða bankanum vegna innstæðuleysis.

Tjónþoli gerir þá kröfu að fá andvirði tékkans, krónur 70.000, greitt með vöxtum. Framlagning tjónþola á ökunótu að fjárhæð krónur 68.770, útlistun hans á ökugjaldinu fyrir hann í engu rétti til greiðslu samkvæmt efni tékkans (sic), sem ekki er annað að sjá en hann hafi tekið við í góðri trú.

Frávísunarkröfu ákærða er því hafnað. Framangreind bótakrafa er studd nægum rökum.

Með hliðsjón af niðurstöðu refsiþáttar málsins ber að dæma ákærða Guðberg einan til að greiða kröfur nr. 2—4 og 6—9, en ákærðu bæði in solidum til að greiða kröfur nr. 1 og 5.

Bótakrafa er eigi höfð uppi í málinu af eiganda tékkheftisins, Finnbirni Finnbjörnssyni.

B. Föstudaginn 6. maí 1977 fór ákærði Guðbergur ásamt E í verslunina Brekku, Ásvallagötu 1 í Reykjavík. Á meðan E var að versla, fékk ákærði að fara á salerni á bakgangi í versluninni. Á leiðinni fram í verslunina gekk ákærði inn í hliðarherbergi og sá þar peningabúnt á borði. Hann stakk peningunum á sig og fór út úr versluninni með E.

Ákærði kvaðst hafa talið peningana og hafi fjárhæð þeirra verið krónur 8.600. Eigandi peninganna kvaðst ekki hafa talið þá og mótmælti ekki upphæð þeirri, er ákærði nefndi.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreindur verknaður ákærða sannaður. Varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigandi búðarinnar gerði bótakröfu hjá rannsóknarlögreglu, en krafan er eigi tekin upp í ákæru, og brestur því skilyrði til að dæma um efni hennar.

C. Aðfaranótt þriðjudagsins 13. apríl 1976 braust ákærði Guðbergur í félagi við B og D inn í verslunina Ölduna, Tjarnargötu 10, Sandgerði, þar sem þau stálu allt að 47 pakkalengjum af vindlingum, allt að 15 vindlingakveikjurum, allt að kr. 20.000 í peningum, leðurjakka og reykjarpípu.

Tildrög málsins voru þau, að kvöldið áður hitti ákærði fyrrnefnt fólk á dansleik í Þórscafé. Eftir dansleikinn tóku þau leigubifreið og óku til Keflavíkur. Frá Keflavík var haldið til Sandgerðis. Í Sandgerði var stöðvað, þar fór ákærði úr bifreiðinni, en fékk áður lánað felgujárn hjá leigubifreiðarstjóranum.

Ákærði fór bak við verslunina Ölduna og braut þar rúðu. Með honum var B. Ákærði kom aftur í bifreiðina, og eftir smábið héldu hann og D inn í verslunina og komu aftur út með tvo kassa, sem í var þýfi það, sem áður er greint frá. Ekið var nú til Reykjavíkur, og þar var B settur úr bifreiðinni. Ákærði og stúlkurnar komu þýfinu í geymslu, en héldu síðan á Hótel City, þar sem þau fengu gistingu undir fölskum nöfnum. Þau greiddu ökugjaldið með peningum þeim, sem þau stálu í Öldunni.

Morguninn eftir sóttu þau þýfið og fóru að reyna að selja það. Í söluturninum í Álfheimum í Reykjavík seldu þau 20 lengjur á kr. 1.200 hverja. Nú skildu leiðir með ákærða og stúlkunum og tók ákærði með sér það, sem eftir var af vindlingunum. Hvor stúlknanna tók með sér 2 lengjur og leigubifreiðarstjórinn hafði fengið 4 lengjur um nóttina.

Ákærði seldi lengjurnar, sem hann hélt, og taldi hann þær hafa verið 17 af tegundinni Camel.

Ákærði kveðst hafa hringt í eiganda verslunarinnar heiman frá sér kvöldið eftir innbrotið og skýrt henni frá málavöxtum og mælt sér mót við hana kvöldið eftir.

Eiganda verslunarinnar var skilað eftirtöldum hlutum: 28 lengjum af vindlingum, leðurjakka og 15 kveikjurum.

D skilaði 2 lengjum af vindlingum, leðurjakka og 5 kveikjurum, F skilaði 2 lengjum af vindlingum, 9 kveikjurum, G skilaði 4 lengjum af vindlingum og 1 kveikjara, og ákærði skilaði þeim 20 lengjum af vindlingum, sem hann hafði selt í söluturninum að Álfheimum 2.

Ákærði fór til Sandgerðis daginn eftir handtökuna og samdi við verslunareigandann um að greiða krónur 131.880 í bætur vegna innbrotsins.

Engin bótakrafa er höfð uppi í málinu vegna innbrotsins.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Viðurlög og annað, A—C.

Frá árinu 1961 hefur ákærði Guðbergur 15 sinnum hlotið dóma fyrir auðgunarbrot og önnur hegningarlagabrot. Síðast hlaut hann dóm hérlendis 21. ágúst 1978, 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þann 29. mars 1977 var ákærði dæmdur í 2ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

1978 var ákærði dæmdur í 3ja mánaða óskilorðsbundið fangelsi og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi í Noregi fyrir tékkabrot.

Þessir þrír dómar eru kveðnir upp, eftir að ákærði framdi brot þau, er fjallað er um í þáttum A og C, og dómarnir frá árinu 1978, eftir að brot samkvæmt þætti C var framið.

Samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða Guðbergi því dæmdur hegningarauki í máli þessu.

Refsing ákærða Guðbergs þykir með hliðsjón af sakaferli hans og sbr. 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Rétt þykir að fresta ákvörðun refsingar ákærðu A, og skal refsingin niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða Guðberg til að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 90.000.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu A, Einars Péturs-

sonar héraðsdómslögmanns, þykja hæfilega ákveðin kr. 60.000, og þykir rétt, að ríkissjóður greiði 3/5 hluta þeirra, en ákærða sjálf 2/5 hluta.

Annan sakarkostnað greiði ákærði Guðbergur að 3/4 hlutum, en ákærða A að 1/4 hluta.

Ákærðu greiði bæði in solidum eftirtöldum bætur:

1. Jóni Bjarnasyni úrsmið, Akureyri, kr. 12.000.
2. Útvegsbanka Íslands, Akureyri, kr. 35.000.

Ákærði Guðbergur greiði einn eftirtöldum bætur:

1. Hótel KEA, Akureyri, kr. 5.580.
2. Vörusölunni, Akureyri, kr. 12.000.
3. Vefnaðarvörudeild KEA, Akureyri, kr. 7.000.
4. Leðurvörum, Akureyri, kr. 6.000.
5. ÁTVR, Akueyri, kr. 2.770.
6. Versluninni Regínu, Akureyri, kr. 30.000.
7. Ingólfi Sigurgeirssyni, Eskihlíð 16, Reykjavík, kr. 70.000 með 13% ársvöxtum frá 10. júní 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Dómsuppkvaðning í máli þessu hefur dregist vegna mikilla anna dómarans við önnur embættisstörf.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákvörðun refsingar ákærðu, A, er frestað, og fellur refsingin niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði Guðbergur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, krónur 90.000.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, A, Einars Péturssonar héraðsdómslögmanns, krónur 60.000, greiðast að 3/5 hlutum úr ríkissjóði og að 2/5 hlutum af ákærðu sjálfri.

Annan sakarkostnað greiði ákærði Guðbergur að 3/4 hlutum, en ákærða A að 1/4 hluta.

Ákærðu greiði bæði in solidum:

1. Jóni Bjarnasyni úrsmið, Akureyri ..... kr. 12.000
2. Útvegsbanka Íslands, Akureyri ..... — 35.000

Ákærði Guðbergur greiði einn:

1. Hótel KEA, Akureyri ..... kr. 5.580
2. Vörusölunni, Akureyri ..... — 12.000
3. Vefnaðarvörudeild KEA ..... — 7.000
4. Leðurvörum, Akureyri ..... — 6.000
5. ÁTVR, Akureyri ..... — 2.770
6. Versluninni Regínu, Akureyri ..... — 30.000
7. Ingólfi Sigurgeirssyni, Eskihlíð 16, Reykjavík, krónur 70.000 með 13% ársvöxtum frá 10. júní 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. nóvember 1981.

Nr. 30/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Steingrími Þorvaldssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Ólögleg meðferð á fiskafla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Dómkröfur af þess hálfu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að ákærða verði ákvörðuð refsing og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Í ákæruskjali er ákærði ákærður fyrir brot gegn 48. gr., sbr. 75. gr. reglugerðar nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979 um breytingar á þeirri reglugerð, sbr. lög nr. 55/1968 um sama efni. Í héraðsdómi er ákærði sakfelldur fyrir brot á reglugerðarákvæðum þeim, sem í ákæruskjali greinir, en ekki vikið að lagaákvæðum þeim, sem vitnað er til í ákæruskjali.

Lög um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum nr. 55 2. maí 1968 voru numin úr gildi með 19. gr. laga um Framleiðslueftirlit sjávarafurða nr. 108 31. desember 1974. Samkvæmt sömu lagagrein halda reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt fyrrgreindu lögunum, gildi sínu eftir því sem við á. Reglugerð nr. 220/1979 er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 108/1974.

Í reglugerð nr. 220/1979 eru ekki sjálfstæð refsiákvæði, heldur er í henni vísað til laga nr. 108/1974.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru framangreindir gallar í ákæru hafðir í huga og málið reifað af hálfu ákæruvalds og ákærða í samræmi við það. Þar sem ekki leikur vafi á því, hvaða verknaði er ákært út af, þykir því í samræmi við niðurlagsákvæði 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 mega leggja dóm á málið þrátt fyrir þessa galla á málatilbúnaði af hálfu ákæruvalds.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að brot ákærða varði við 48. gr. reglugerðar nr. 55/1970 og 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979, sbr. 75. gr. reglugerðar nr. 55/1970 og 17. gr. laga nr. 108/1974.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur,

og laun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. maí 1980.

Ár 1980, mánudaginn 19. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 261/1980: Ákæruvaldið gegn Steingrími Þorvaldssyni, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 27. febrúar 1980, á hendur ákærða, Steingrími Þorvaldssyni skipstjóra, Stórageröi 13, Reykjavík, fæddum 12. febrúar 1946 í Reykjavík, „fyrir að hafa sem skipstjóri á skuttogaranum Vigra, RE 71, þá er skipið kom úr veiðiferð til Reykjavíkur þann 3. júlí 1979, haft 4.480 kg af lausísuðum fiski á millidekki skipsins.

Telst þetta varða við 48. gr., sbr. 75. gr. reglugerðar nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979 um breytingar á þeirri reglugerð, sbr. lög nr. 55/1968 um sama efni.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir:

Með bréfi Framleiðslueftirlits sjávarafurða til ríkissaksóknara, dagsettu 5. júlí 1979, var lögð fram kæra á hendur ákærða í máli þessu með tilvísun til 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979 um breytingu á reglugerð nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl. Segir þar, að þegar landað hafi verið úr skipi ákærða, b/v Vigra, RE 71, 3.—5. júlí, hafi verið 4.480 kg af karfa laus á millidekki. Með bréfinu fylgir ljósrit af matsnótu, dagsettri 3. júlí, undirritaðri af Ásgeiri Þorvarðarsyni matsmanni. Kemur þar fram, að fiskur á millidekki hafi verið 4.480 kg og hafi þetta verið karfi. Þá fylgdi einnig vigtarseðill frá Hafnarvogum Reykjavíkurhafnar um, að afli, sem landað var úr b/v Vigra 3.—5. júlí 1979, hafi samtals numið 285.830 kg.

Ágeir Þorvarðarson, matsmaður hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, kom fyrst til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 20. september 1979 og staðfesti, að hann hefði metið þann fisk, sem b/v Vigri, RE 71, landaði hinn 3.—5. júlí s. á.

Hann kvaðst muna eftir því, að þegar hann hafi komið um borð í skipið, hafi hann séð lausan fisk á millidekki. Kvaðst hann hafa slegið á það, að hér væri um að ræða 4.480 kg. Þessi fiskur hefði átt að fara á sérbíl og vigtast sér. Hins vegar gæti vel verið, að með þeim fiski hefði farið eitthvað af fiski, sem var í lúguopum á lestum. Kvaðst hann ekki hafa fylgst nákvæmlega með lönduninni. Kvað hann það vel geta verið, að ekki hafi verið nema um 2 tonn af karfa á millidekkinu, því hann hefði slegið á magnið.

Þegar vitni þetta kom fyrir dóm hinn 14. apríl sl., kvaðst það hafa gefið fyrirmæli um, að hinn lausi fiskur á millidekki yrði settur sérstaklega á bíl, en það geti ekki útilokað, að annar fiskur hafi einnig verið settur á sama bíl. Það gerði ráð fyrir, að það hafi miðað við vigtun á þessum bíl, þegar það skrifaði töluna 4.480 kg á matsnótu. Það kvaðst ekki muna greinilega eftir þessu nú, en kvað það hugsanlegt, að á millidekkinu hafi verið minna magn en þetta. Því var kynntur framburður ákærða um, að þetta hafi verið um það bil 2 tonn, en taldi það of lágt áætlað. Vitnið kvaðst hafa fylgst með löndun á umræddum fiski, en ekki tekið niður númer bifreiðar þeirrar, sem hann var settur á. Aðspurt taldi vitnið, að fiskurinn á millidekkinu hafi ekki verið verra hráefn en annar fiskur í skipinu. Þá taldi vitnið ótrúlegt, að ekki hafi verið um meira magn að ræða en 2 tonn með hliðsjón af þeim framburði ákærða, að fiskurinn hafi verið í þremur stíum.

Ákærði hefur mótmælt því, að á millidekki greint sinn hafi verið það magn, sem tilgreint er í ákæru. Telur hann, að um það bil 2 tonn af fiski hafi verið á millidekkinu. Hann kveðst ekki hafa verið að fiska sérstaklega á millidekk, heldur hafi hér verið um afgang að ræða úr síðasta togi. Þegar hann hafi byrjað á síðasta togi, hafi vantað í lestina um það bil 4 tonn, en afli í síðasta togi þar á undan hafði verið 2 tonn. Aflinn í síðasta toginu hafi hins vegar orðið 5 tonn, eða jafnvel meira. Ákærði hefur lagt fram í málinu gögn, þ. e. ljósrit úr dagbók fyrir togveiðar, sem sent er Fiskifélagi Íslands, og bréf Fiskifélags Íslands, sem styðja framangreindar fullyrðingar ákærða. Þá hefur ákærði sýnt í dóminum leiðarbók b/v Vigra, og kemur þar fram, að veiðum skipsins var hætt 30. júní, kl. 2150. Þá kemur fram þar, að b/v Vigri lagðist að bryggju í Reykjavík kl. 0750 að morgni 1. júlí 1979.

Ákærði kveðst ekki hafa fylgst með löndun úr togaranum

greint sinn, en hann telji sig hafa vitneskju um, að sá afli, sem var á millidekki, hafi verið settur á bíl með fiski úr lúgum. Bæði hafi hann heyrt þetta hjá verkstjóra Togaraafgreiðslunnar, en auk þess sé mjög óhægt fyrir menn að vinna við löndun öðruvísi en að taka fyrst úr lúgum. Fiskurinn í lúgunum sé í netum, sem þurfi að hífa upp, til að unnt sé að koma löndunartrogi ofan í lúgur. Jafnan sé staðið þannig að þessu.

Ákærði kvað hinn lausa fisk á millidekkinu síst hafa verið verra hráefni en annan fisk í skipinu, enda nýjasti fiskurinn. Þá sagði hann þennan fisk hafa verið í þremur stíum og komist vart meira en 7—800 kg í hverja stíu, en þær hafi ekki verið fullar greint sinn.

Niðurstöður.

Þegar virtir eru framburðir ákærða og vitnisins Ásgeirs Þorvarðarsonar, verður ekki talið sannað í málinu, að á millibilfari b/v Vigra greint sinn hafi verið það magn af lausísuðum karfa, sem tilgreint er í ákæru, þ. e. 4.480 kg. Verður að leggja til grundvallar framburð ákærða og miða við, að hér hafi verið u. þ. b. 2.000 kg af karfa um að ræða.

Samkvæmt 48. gr. reglugerðar nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979, sem birt var 11. maí það ár, er einungis heimilt að vera með fisk í kassa á millidekki, en ekki lausan. Með því að vera með lausan fisk á millidekki greint sinn, svo sem lýst hefur verið, verður að telja, að ákærði hafi gerst brotlegur við framangreint reglugerðarákvæði. Hins vegar þykir ákærði hafa sýnt fram á í málinu, þannig að ekki verði vefengt, að hér hafi verið um að ræða óvæntan afgangsafla úr síðasta kasti skipsins, kvöldið áður en komið var til hafnar. Einnig þykir sannað, að þessi fiskur á millidekkinu hafi ekki verið verra hráefni en annar fiskur úr þessari veiðiferð.

Með hliðsjón af ofansögðu svo og af því, að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur á þessu sviði, þykir mega fella niður refsingu hans fyrir framangreint brot.

Dæma ber ákærða til að greiða kostnað af málinu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 120.000.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Steingríms Þorvaldssonar, er felld niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1981.

Nr. 214/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Hlutdeild, 254. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Samkvæmt ákæruskjali voru tveir menn ákærðir, en héraðsdómi eingöngu skotið til Hæstaréttar að því er ákærða hér fyrir dómi varðar. Óskaði hann áfrýjunar, en dómi var og áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 var málið flutt í héraði á þeim grundvelli, að brot þau, er ákærða eru gefin að sök í ákæru, gætu varðað við 1. mgr. 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. og 254. gr., sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hér fyrir dómi var málið og flutt með hliðsjón af þessu.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, að gegn neitun ákærða séu hvorki fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því, að honum hafi verið ljóst, er hann veitti tékkanum viðtöku, að nafnritunin Sigurður Björnsson var fölsuð, né að honum hafi þá verið ljóst, að innstæða var ekki til fyrir tékkafjárhæðinni.

Gegn neitun ákærða þykir og varhugavert að telja alveg fullnægjandi sannað, að hann hafi vitað, að nafnritunin Sig-

urður Björnsson var fölsuð aftan á tékkann fyrr en í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 30. nóvember 1979, er hann kom fyrst fyrir dóm og var birt ákæran. Verður hann því sýknaður af broti gegn 1. mgr. 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Aftur á móti verður að telja sannað, að ákærða hafi hinn 23. nóvember 1978 verið ljóst, að innstæða var ekki til fyrir tékkafjárhæðinni, án þess að láta yfirboðara sína í Verzlunarbanka Íslands h/f um það vita, heldur villa um fyrir starfsmönnum bankans með því að tjá þeim, að hann kannaðist við framseljanda tékkans, Sigurð Björnsson, og hann hefði áður keypt af honum tékka, svo sem um getur í héraðsdómi. Ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi með þessari háttsemi sinni veitt meðákærða í héraði, Jóni Ólafssyni, liðsinni til að halda við ólögmætu ástandi, sem skapast hafði við brot hans. Varðar þessi háttsemi ákærða við 254. gr., sbr. 248. gr. alm. hegningarlaga.

Rétt þykir að staðfesta úrlausn hins áfrýjaða dóms um, að fresta beri ákvörðun um refsingu ákærða og að hún falli niður að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu héraðsdóms, 24. mars 1980, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Héraðsdómur á að vera óraskaður að niðurstöðu til að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði, Þórarinn Magnús Eldjárnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Við erum sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar um, að sýkna beri ákærða af ákæru um hlutdeild samkv. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í svika- og skjalafalsafbrotum Jóns Ólafssonar. Einnig erum við sammála meiri hluta dómenda um, að sýkna beri ákærða af ákæru um brot gegn 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. laganna.

Þá erum við sammála meiri hluta dómenda um, að sannað sé, að ákærða hafi verið ljóst eftir samtal sitt við Jón Ólafsson 23. nóvember 1978, að ekki var til næg innstæða fyrir tékka þeim, sem um er fjallað í málinu. Fram er komið, að tékkinn fór til bókunar í Reiknistofu bankanna, og mátti því yfirmönnum ákærða, stjórnendum Verzlunarbanka Íslands h/f, vera kunnugt um, að innstæða var ónóg, samtimis ákærða eða fyrr sama dag. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að ákærði hafi með því að segja yfirmönnum sínum ekki frá vitneskju sinni brotið 254. gr. almennra hegningarlaga. Röng ummæli hans í samtali við yfirmennina 4. desember 1978 um Sigurð Björnsson, sem var sagður hafa framselt tékkann, fela ekki heldur í sér brot gegn þessu lagaákvæði, enda var yfirmönnum ákærða þá orðið ljóst, að innstæða var ónóg, og ummæli ákærða voru ekki til þess fallin að hafa afleiðingar, sem þýðingu hafa eftir lagagreininni.

Samkvæmt þessu teljum við, að sýkna beri ákærða í máli þessu og dæma ríkissjóð til að greiða hálfan sakarkostnað í héraði, annan en málsvarnarlaun, á móti meðákærða Jóni Ólafssyni svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 3.600.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. mars 1980.

Ár 1980, mánudaginn 24. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 192—

193/1980: Ákæruvaldið gegn Jóni Ólafssyni og Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars 1979, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Jóni Ólafssyni verslunarmanni, Hraunbæ 162, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. maí 1947, og Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni, Ljósheimum 22, Reykjavík, fæddum 6. maí 1956 á Siglufirði.

Gegn ákærða Jóni Ólafssyni er málið höfðað fyrir að falsa nafnið Sigurður Björnsson sem framseljanda á tékka að fjárhæð kr. 3.550.000, sem hann hafði gefið út f. h. Óðinstorgs hf. á reikning nr. 6432 í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, með útgáfudegi 22. nóvember 1978, en þann dag fékk ákærði síðan meðákærða Þórarin Magnús, sem var gjaldkeri í útibúi Verzlunarbanka Íslands hf. í Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík, til að kaupa tékkann af hálfu bankans, þrátt fyrir að engin innstæða var fyrir hendi á reikningi Óðinstorgs hf. í Alþýðubankanum.

Gegn ákærða Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni er málið höfðað fyrir að kaupa framangreindan tékka af hálfu Verzlunarbankans, þrátt fyrir að honum var kunnugt um nafnfölsun á honum og innstæðuleysi á reikningi útgefanda.

Telst verknaður ákærða Jóns Ólafssonar varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaður ákærða Þórarins Magnúsar Eldjárnssonar við sömu lagagreinar, sbr. 22. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða Jóns hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1964 23/9 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1976 21/4 Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 10., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.
1976 29/6 Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 10., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.
1976 10/12 Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 10., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.

Ákærði Þórarinn Magnús hefur hvorki sætt ákæru né refsingu skv. vottorði frá sakaskrá.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi Verzlunarbanka Íslands h/f, dagsettu 5. desember 1978, undirrituðu af Hafsteini Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni,

til rannsóknarlögreglu ríkisins var þess farið á leit, að rannsókn yrði látin fara fram varðandi meint ávísanamisferli. Segir á þessa leið í bréfinu um málsatvik:

„Þann 22. nóvember s.l. kom maður, sem kallaði og skrifaði sig Sigurður Björnsson, í útibú bankans í Umferðarmiðstöðinni og óskaði eftir, að gjaldkerinn Þórarinn M. Eldjárnsson, nano. 9408—3338, nú til heimilis að Ljósheimum 22, hér í borg, sími 32828, keypti af sér ávísun, sbr. hjálagt staðfest ljósrit, útg. af Óðinstorgi h.f. Jóni Ólafssyni (s. 11811) að upphæð kr. 3.550.000.- á reikn. nr. 6432 við Alþýðubankann h.f. þann 22/11/78 til handhafa.

Gjaldkerinn, sem nú hefir verið vikið frá störfum, greiddi ávísunina út, eftir að Sigurður Björnsson hafði framselt hana.

Ekki er með öllu ljóst, hver „Sigurður Björnsson" er, en gjaldkerinn sagðist „kannast við hann".

Jón Ólafsson, sá er ávísunina gaf út, var beðinn um að koma í bankann í gær, en kom ekki, en kom svo í morgun, er undirritaður krafðist þess. Lofaði Jón að greiða ávísunina í dag, ef hann gæti. Var honum tjáð, að farið yrði út í löghaldsaðgerðir strax á morgun, ef ekki yrði greitt, og þess vegna þarf bankinn að hafa undir höndum frumrit ávísunarinnar.

Aðspurður um, hver Sigurður Björnsson væri, svaraði Jón Ólafsson — „að hann væri okurlánari, sem helst væri að hitta á förnum vegi". Hefði hann fengið fé að láni hjá Sigurði Björnssyni fyrir þó nokkru og látið hann hafa ávísunina sem tryggingu og hefði hún verið dagsett fram í tímann. —

Virðist því vera, að Sigurður Björnsson hafi fyrst farið með hana í banka þ. 22/11 s.l., sem er dags. ávísunarinnar, sennilega fullviss um, að innistæða væri ekki fyrir hendi, og því ekki farið í Alþýðubankann h.f., heldur í útibúið í Umferðarmiðstöðinni vegna mögulegs kunningsskapar við gjaldkerann, en um þann þátt málsins ríkir óvissa.

Hins vegar er ljóst, að gjaldkerinn, Þórarinn M. Eldjárnsson, braut fastar reglur bankans með innlausn á ávísun þessari, þar sem hann kynnti sér ekki, hvort innistæða væri fyrir ávísuninni í Alþýðubankanum h.f., auk þess sem hann greiddi hana út í peningum, sem honum var óheimilt með öllu.

Teljum við, að nauðsyn sé á að komast að raun um, hver Sigurður Björnsson sé, því hann virðist hafa haft óeðlilega góðan aðgang að gjaldkeranum."

Á bréfinu er áritun um, að heildarkrafa Verzlunarbankans sé

kr. 3.883.000. Greitt hafi verið inn á kröfuna 5. desember kr. 1.365.000 og 6. desember kr. 1.000.000.

Hinn 12. desember sama ár ritaði Verzlunarbankinn rannsóknarlögreglunni annað bréf í tilefni af framangreindri kæru, og segir þar á þessa leið:

„Samkvæmt kröfu yðar afhendum við yður hér með ávísun útg. 22. nóvember 1978 af Jóni Ólafssyni f. h. Óðinstorgs h.f., að fjárhæð kr. 3.550.000, á reikn. nr. 6432 við Alþýðubankann h.f., en no. ávísunarinnar er 0160528, útgefin til handhafa, en framseld af Sigurði Björnssyni.

Á bakhlið ávísunarinnar hefir Alþýðubankinn sett tvo stimpla, annan um lokun reikningsins þ. 18/11/78, en hinn um, að tékkinn hafi verið sýndur þ. 22/11/78 og þá ekki næg innistæða fyrir upphæð hans.

Að öðru leyti vísast til bréfs vors, dags. 5. desember s.l., þar sem óskað er rannsóknar á viðskiptum gjaldkera þess, sem keypti ávísunina, og Sigurðar Björnssonar, sem talinn var þá að hafi framselt hana."

Á bakhlið framangreindrar ávísunar er stimpill Alþýðubanka Íslands h/f með áritun um, að hún hafi verið sýnd í bankanum 22/11 1978, en innstæða þá ekki verið næg. Þar er og stimpill bankans um, að reikningi þeim, sem ávísunin er gefin út á, hafi verið lokað 18/11 1978. Loks er á ávísuninni stimpill Verzlunarbankans um millifærslu 28. nóvember og númerið 710.

Ákærði Jón Ólafsson mætti til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 7. desember 1978. Var honum sýnt ljósrit framangreindrar ávísunar. Hann sagðist þekkja þessa ávísun. Hafi hann gefið hana út, að hann haldi 5. nóvember það ár. Hann hefði afhent Sigurði Björnssyni ávísunina sem tryggingu fyrir láni, sem hann fékk hjá honum. Ávísunina dagsetti hann fram í tímann, eða þann 22. nóvember 1978. Þegar hann afhenti Sigurði ávísunina, hafi samist svo um milli þeirra, að hann hefði samband við sig þann 22. nóvember, en þá átti að athuga, hvort hann gæti greitt ávísunina upp eða eitthvað inn á hana, en hún hefði aldrei átt að fara í banka. Ákærði kvað Sigurð ekki hafa haft samband við sig, eins og um hefði verið samið, en þann 23. nóvember hafði Alþýðubankinn samband við hann og tjáði honum, að þessi ávísun væri komin inn og ekki væri til fyrir henni. Jafnframt var honum tilkynnt, að ávísunin yrði endursend í Verzlunarbanka Íslands, þar sem hún hafði verið innleyst, og að reikningi hans hefði verið lokað.

Sigurð kvaðst ákærði ekki þekkja neitt og hefði aldrei séð hann fyrr en hann kom til hans í verslunina Casanova þann 6. nóvember og bauð honum peningalán, en Sigurður hafi sennilega heyrt á ákærða, að hann væri í vandræðum með að leysa út vörur.

Það var nokkru fyrir 6. nóvember, að sögn ákærða, sem Sigurður kom og bauð honum þetta lán, en það hafi verið þann 6. nóvember, sem lántakan fór fram. Sigurður afhenti ákærða peningana í reiðufé, en ákærði vildi ekki nefna þá upphæð, sem hann hefði fengið að láni hjá honum. Eins og áður sagði, kvaðst ákærði ekkert þekkja Sigurð. Hann hafi ekki séð hann síðan og viti ekkert, hvar hann eigi heima. Ákærði kvað Sigurð vera 40 til 50 ára, dökkskolhærðan, ekki með skalla, og hann var klæddur í stakan jakka og terelynbuxur.

Ákærði var spurður að því, hvort hann væri kunnugur meðákærða, Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni, bankastarfsmanni hjá Verzlunarbanka Íslands, og jafnframt, hvort hann og Þórarinn Magnús hefðu átt í nokkrum viðskiptum. Ákærði kvaðst kannast við meðákærða fyrir milligöngu starfsmanns, sem vann hjá honum, og hefði meðákærði stöku sinnum verslað hjá ákærða, en að öðru leyti væri hann ekki kunnugur honum.

Ákærði Jón skýrði frá því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni síðar sama dag, að framangreind skýrsla sín væri að mestu leyti röng. Hann kvaðst hafa verið í mikilli fjárþröng 22. nóvember 1978, en til stóð, að hann fengi lán hjá viðskiptabanka sínum og annars staðar. Vantaði hann þennan dag peninga til að leysa út vörur og greiða skuldir, sem voru komnar í gjalddaga. Seinni partinn þennan dag fór hann í útibú Verzlunarbankans í Umferðarmiðstöðinni, þar sem hann ræddi við meðákærða, Þórarin Magnús Eldjárnsson gjaldkera, sem hann kannast vel við, og bað hann að kaupa af sér framangreinda ávísun að upphæð kr. 3.550.000.

Ákærði skýrði meðákærða frá því, að ekki væri til innstæða fyrir ávísuninni sem stæði, en hún yrði fyrir hendi, þegar ávísunin kæmi í bankann. Meðákærði féllst á að gera þetta, eftir að ákærði hafði lagt að honum í nokkurn tíma. Ákærði skrifaði ávísunina á staðnum og framseldi hana einnig með nafninu Sigurður Björnsson, en það var gert í þeim tilgangi að láta líta svo út sem ákærði hefði ekki framselt ávísunina. Ákærði fékk síðan meðákærða ávísunina, og spurði hann ákærða þá að því, af hverju hann skrifaði nafnið Sigurður Björnsson á hana.

Ákærði sagði honum þá, að hann gerði það, til að ekki kæmi fram í Alþýðubankanum, að hann hefði framselt hana. Meðákærði lét þessa skýringu nægja og greiddi ákærða út upphæð ávísunarinnar. Þegar ákærði gaf út ávísunina, var honum ekki kunnugt um, að búið var að loka reikningi hans við Alþýðubankann, en hann komst að því í bréfi nokkru á eftir, að reikningnum hafði verið lokað þann 18. nóvember. Ákærði kveðst vilja geta þess, að meðákærði hafi enga greiðslu fengið fyrir að gera þetta fyrir hann, en hann hafði í huga að gefa meðákærða góðan afslátt, ef hann verslaði við ákærða.

Í niðurlagi skýrslu sinnar segir ákærði, að hann hafi nú skýrt satt og rétt frá og ekkert undan dregið.

Ákærði Þórarinn Magnús Eldjárnsson, fyrrverandi starfsmaður Verzlunarbanka Íslands h/f, skýrði frá því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 7. desember 1978, að hann hefði keypt framangreinda ávísun af meðákærða að kvöldi miðvikudagsins 22. nóvember 1978. Ákærði kveður meðákærða hafa komið til sín í bankaafgreiðsluna í Umferðarmiðstöðinni og beðið sig um að kaupa þessa ávísun af sér. Sagði hann ávísunina „pottþétta", eins og hann orðaði það, en átti þá við, að hún eða tékkafjárhæðin stæði fyrir sínu á reikningnum. Ákærði hafnaði því í fyrstu að kaupa ávísunina af meðákærða, en reyndi síðan að ná sambandi við afgreiðslu Alþýðubankans. Það tókst ekki, og lét hann tilleiðast að kaupa ávísunina. Ákærði sá, að ávísunin bar framsal með nafninu Sigurður Björnsson, og benti meðákærða á að framselja hana með eigin nafni, en hann kom sér hjá að gera það. Ákærði kveður klukkuna hafa verið um 1815—1820, þegar þessi viðskipti fóru fram, en þegar hann lokaði afgreiðslunni kl. 1830, sendi hann ávísunina til bókunar í aðalbankann eins og aðrar ávísanir. Daginn eftir, eða fimmtudaginn 23. nóvember, var hann í fríi og var það fram til þriðjudagsins 28. sama mánaðar, en mætti þá aftur til starfa.

Fimmtudaginn 23. nóvember hringdi meðákærði til ákærða og skýrði honum frá því, að hringt hefði verið til hans úr Alþýðubankanum og að vantað hefði stimpil bankans á ávísunina, sem ákærði hafði keypt kvöldið áður í bankaafgreiðslunni.

Ákærði kveðst vilja í þessu sambandi geta þess, að það hafi stundum komið fyrir, að hann gleymdi að stimpla keypta ávísun í afgreiðslunni, og voru þær þá endursendar til stimplunar.

Í framhaldi af samtali ákærða við meðákærða þennan dag tók meðákærði það fram við ákærða, að ef hann yrði spurður

um, hver þessi Sigurður Björnsson væri, sem áritaður var sem framseljandi tékkans (svo), ætti hann að segja hann vera framseljandann, en ekki ákærða sjálfan.

Mánudaginn 4. desember eftir lokun bankaafgreiðslunnar við Umferðarmiðstöðina komu yfirmenn Verzlunarbankans til ákærða og spurðu hann um Sigurð Björnsson. Ákærði sagði, að hann vissi, hver hann væri, en ekkert meira. Ákærða var sagt upp störfum hjá Verzlunarbankanum frá og með þessum degi.

Ákærði kveðst hafa kynnst meðákærða fyrir milligöngu fyrrverandi starfsmanns í versluninni Casanova og hafa lítillega átt í fjármálalegum viðskiptum við hann, svo sem að ákærði lánaði honum þrjú tékkaeyðublöð úr tékkhefti sínu, sem hann hafði á reikning nr. 17035 í Samvinnubankanum. Man hann, að einn tékkinn var áritaður til tollstjórans í Reykjavík, en ekki man hann, hvert hinir tékkarnir fóru, nema hvað hann gaf þá út. Ávísunin, sem seld var hjá tollstjóranum, var að fjárhæð kr. 495.000, og átti ákærði ekki inni fyrir henni. Fór hann á þessum tíma til Spánar í sumarfrí, og var hugmyndin, að meðákærði Jón legði peninga inn á þennan reikning í Samvinnubankanum á móti úttektinni.

Þegar hann kom frá Spáni, kom í ljós, að búið var að loka reikningnum vegna yfirdráttar, eingöngu fyrir vanskil meðákærða. Þá kvaðst ákærði vilja geta þess, að meðákærði hafi gerst útgefandi á fimm víxlum, samtals að fjárhæð kr. 100.000, sumarið 1978. Víxlar þessir, sem voru seldir Útsýn, voru gefnir út í sambandi við ferð ákærða til Spánar. Ákærði tók fram, að hann hefði ekkert fengið í aðra hönd frá meðákærða vegna kaupanna á umræddum tékka að fjárhæð kr. 3.550.000.

Ákærði Jón Ólafsson kom fyrir dóm 30. nóvember sl. Ákærði skýrði frá því, að hann hefði verið í mikilli fjárþröng seinni hluta nóvember 1978, en til stóð, að hann fengi lán hjá viðskiptabanka sínum og annars staðar.

Ákærði kveður sig hafa vantað peninga framangreinda daga til að leysa út vörur og greiða skuldir, sem voru fallnar í gjalddaga. Seinni hluta dags hinn 22. nóvember 1978 kveðst hann hafa farið í útibú Verzlunarbanka Íslands í Umferðarmiðstöðinni og hitt að máli meðákærða, Þórarin Magnús Eldjárnsson, sem ákærði kannaðist við. Ákærði bað meðákærða að kaupa af sér ávísun að fjárhæð kr. 3.550.000. Ákærði sagði meðákærða, að ekki væri til innstæða fyrir ávísuninni sem stæði, en innstæða yrði fyrir hendi, þegar ávísunin kæmi í bankann. Með-

ákærði var tregur til að kaupa ávísunina, en lét tilleiðast fyrir þrábeiðni ákærða.

Ákærði kveðst hafa skrifað ávísun þá, er að framan greinir. Ákærði sá ávísunina í dóminum og kannaðist við nafnritun sína á henni f. h. Óðinstorgs h/f. Ávísunin var að fjárhæð kr. 3.550.000, gefin út hinn 22. nóvember 1978 til handhafa, á hlaupareikning nr. 6432 við Alþýðubankann h/f. Ákærði ritaði og framsalið Sigurður Björnsson á ávísunina, og er það nafn tilbúið. Ákærði kveðst hafa gert þetta í því skyni, að svo liti út sem hann hefði ekki framselt ávísunina sjálfur. Meðákærði spurði ákærða, hvernig á þessu stæði, og sagði ákærði honum ástæðuna.

Hlaupareikningi Óðinstorgs h/f nr. 6432 við Alþýðubankann h/f var lokað 18. nóvember 1978, en ákærði kveðst ekki hafa komist að því, fyrr en eftir að hann hafði selt ávísunina.

Ákærði kveður meðákærða enga greiðslu hafa fengið frá sér fyrir að kaupa ávísunina, en ákærði hafði í huga að veita honum ríflegan afslátt, ef hann verslaði við sig síðar.

Ákærði kveðst hafa greitt framangreinda ávísun að fullu ásamt vöxtum og kostnaði, svo sem bréf Verzlunarbanka frá 3. janúar 1979 beri með sér. Hafði greiðslan verið innt af hendi fyrir 15. desember 1978.

Ákærði las skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni frá 7. desember 1978 og kvaðst staðfesta hana.

Ákærði Þórarinn Magnús Eldjárnsson kom fyrir dóm sama dag og meðákærði Jón. Ákærða var sýnt í dóminum ljósrit af tékka nr. 0160528, að fjárhæð kr. 3.550.000, útgefnum á hlaupareikning nr. 6432 við Alþýðubankann h/f 22. nóvember 1978 af Jóni Ólafssyni f. h. Óðinstorgs h/f. Tékkinn er út gefinn til handhafa og nafn framseljanda Sigurður Björnsson.

Ákærði kvaðst kannast við tékka þennan. Hefði hann keypt tékkann af meðákærða Jóni Ólafssyni, þegar ákærði var gjaldkeri í afgreiðslu Verzlunarbanka Íslands í Umferðarmiðstöðinni.

Ákærði kveður meðákærða hafa komið framangreindan dag í bankaafgreiðsluna og beðið sig að kaupa tékkann. Ákærði vildi ekki veita tékkanum viðtöku fyrst í stað, en meðákærði sagði, að hann væri „pottþéttur“. Lagði ákærði þann skilning í þetta, að næg innstæða væri fyrir honum. Ákærði kveðst hafa reynt að ná sambandi við afgreiðslu Alþýðubankans til að kanna, hvort næg innstæða væri til fyrir tékkanum, en ekki tekist það og

látið tilleiðast að kaupa tékkann. Ákærði kveðst ekki hafa litið á bakhlið tékkans, fyrr en meðákærði var um það bil að fara á brott úr afgreiðslunni. Kallaði ákærði þá á eftir honum, að hann vildi tala við hann, en meðákærði fór á brott án þess að ræða nánar við ákærða. Ákærði kveður tékkann að öllu leyti hafa verið út fylltan, þegar meðákærði kom með hann. Ákærði kveðst ekki vita um, hvenær meðákærði ritaði framsalið Sigurður Björnsson á tékkann. Hann hafi ekki séð, hvort meðákærði gerði það í afgreiðslunni. Ákærði sá fyrst framsalið, þegar hann ætlaði að stimpla tékkann og meðákærði var um það bil að hverfa á brott úr afgreiðslunni. Ákærði kveður umrædd viðskipti hafa farið fram á milli kl. 1815 og 1820, en bankaafgreiðslunni var lokað kl. 1830. Sendi ákærði þá tékkann til bókunar í aðalbankann svo sem aðra tékka. Ákærði tekur fram í þessu sambandi, að það hafi stundum komið fyrir, að hann gleymdi að stimpla tékka í afgreiðslunni. Voru þeir þá endursendir til stimplunar.

Ákærði kveðst hafa farið í frí daginn eftir, hinn 23. nóvember, og verið í fríi til 28. sama mánaðar, en þá mætt aftur til starfa.

Ákærði man ekki, hvort meðákærði hringdi til hans daginn eftir, hinn 23. nóvember, en hann man eftir því, að hann hafði tal af ákærða daginn eftir. Ekki man ákærði eftir, að meðákærði minntist á það, að hringt hefði verið til sín úr Alþýðubankanum og sagt, að stimpil vantaði á tékkann. Ákærði kveðst lítið muna eftir samtali þessu og ekki geta sagt um, hvað þeim fór á milli, en þó megi þetta vel vera.

Mánudaginn 4. desember komu yfirmenn Verzlunarbankans í afgreiðsluna til ákærða nokkru fyrir lokun. Spurðu þeir ákærða, hver Sigurður Björnsson væri, en ákærði sagðist ekki vita það. Var það mál ekki rætt nánar. Ákærða var sagt upp störfum í Verzlunarbankanum frá og með 4. desember 1978 vegna framangreinds máls.

Ákærða var bent á misræmið, sem er í skýrslu hans nú og skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu 7. desember 1978, en þar er m. a. eftirfarandi bókað:

„Ég sá, að tékkinn bar framsal með nafninu Sigurður Björnsson, og benti Jóni á að framselja með sínu nafni, sem hann kom sér hjá að gera".

„Í framhaldi af samtali mínu við Jón þennan dag (þ. e. 23/11 1978) þá tók Jón það fram við mig, að ef ég yrði spurður um,

hver þessi Sigurður Björnsson væri, sem áritaður var sem framseljandi tékkans, þá ætti ég að segja hann vera framseljanda tékkans, en ekki Jón sjálfan".

Ákærði var beðinn að gefa skýringu á þessu. Ákærði kveðst vísa til framburðar síns hér að framan, sem hann sagði vera réttan í öllum atriðum, en aðra skýringu kunni hann ekki á þessu. Hann tók fram, að hann hefði verið miður sín, þegar skýrsla rannsóknarlögreglu var lesin upp fyrir honum og hann átti að undirrita hana, og þetta orðalag farið fram hjá sér.

Ákærði kveðst hafa trúað orðum meðákærða um, að næg innstæða væri til fyrir tékkanum, er hann keypti hann. Hann kveðst ekki hafa vitað um nafnritunina Sigurður Björnsson fyrr en eftir á, svo sem í framburði hans greinir.

Ákærða var kynntur framburður meðákærða. Hann kvaðst mótmæla framburðinum að svo miklu leyti sem hann færi í bága við framburð sinn.

Ákærði óskaði bókað, að meðákærði hefði sagt, þegar hann kom með ávísunina, að hún væri „pottþétt", og bað hann ákærða um að skipta henni, þar sem búið væri að loka Alþýðubankanum, en klukkan var þá orðin 1815—1820, eins og áður greinir.

Ákærðu komu aftur fyrir dóm 12. desember sl. og voru þá samprófaðir að beiðni Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Þórarins Magnúsar Eldjárnssonar. Verjendur ákærðu mættu báðir í þinghaldi þessu.

Ákærði Jón tók fram, að það væri ekki rétt, sem segir í framburði hans frá 30. nóvember sl., að hann hefði sagt meðákærða Þórarni Magnúsi, að ekki væri til innstæða fyrir ávísuninni sem stæði, en innstæða yrði fyrir hendi, þegar ávísunin kæmi í bankann. Ákærði sagði nú, að hann hefði sagt meðákærða, að ávísunin væri góð, þ. e. að næg innstæða væri fyrir hendi á reikningi hans. Ákærði gaf þá skýringu á þessu, að um misminni eða misskilning hjá sér væri að ræða. Ákærði var spurður um það að beiðni verjanda síns, hvort hann hefði orðið þess var, að meðákærði færi í síma og hringdi. Ákærði kveðst hafa orðið var við það, að meðákærði fór baka til og hringdi. Ákærði heyrði ekki, hvað hann sagði í símann, og vissi ekki, hvert hann var að hringja. Ákærði kveðst hafa útfyllt ávísunina í kaffistofu í Umferðarmiðstöðinni, áður en hann kom inn í afgreiðslu Verzlunarbankans. Hins vegar man hann ekki, hvar hann ritaði nafnið Sigurður Björnsson á hana. Ákærði var spurður um, hvort meðákærði hefði verið viðstaddur, er hann ritaði nafnið Sigurður

Björnsson á ávísunina. Hann svaraði því neitandi. Ákærði kveður sig minna, að meðákærði hafi spurt um nafnritunina Sigurður Björnsson, en getur ekki nánar sagt um það.

Ákærði var spurður um, hvort eftirfarandi væri rétt í framburði hans í dómi frá 30. nóvember sl.:

„Ákærði ritaði og framsalið Sigurður Björnsson á ávísunina, og er það nafn tilbúið. Ákærði kveðst hafa gert þetta í því skyni, að svo liti út sem hann hefði ekki framselt ávísunina sjálfur. Meðákærði spurði ákærða, hvernig á þessu stæði, og sagði ákærði honum ástæðuna".

Svar ákærða var á þessa leið: „Já, það er rétt, að ég ritaði nafnið Sigurður Björnsson á ávísunina og að það nafn er tilbúið. Það átti að líta þannig út sem ég hefði ekki framselt ávísunina. Ég man ekki eftir að hafa gefið neina sérstaka ástæðu fyrir þessu".

Verjandi ákærða Jóns spurði, hvort þetta hefði komið til tals milli ákærðu daginn eftir, þegar þeir töluðu saman. Ákærði svaraði því neitandi og sagðist ekki halda það.

Verjandi ákærða Þórarins Magnúsar spurði, hvort ákærði Jón minntist þess, að meðákærði Þórarinn Magnús kallaði á eftir honum, um það bil sem hann var að ganga út úr afgreiðslunni eftir að hafa selt ávísunina, og svaraði ákærði því neitandi.

Ákærði Þórarinn Magnús óskaði bókað, að hann hefði spurt meðákærða eftir því daginn eftir að hann keypti ávísunina eða daginn þar á eftir, hvernig á nafnrituninni Sigurður Björnsson á henni stæði, en þar væri ekki hans eigið framsal. Sagði ákærði Jón, að hann hefði gert þetta í því skyni, að framsal hans sjálfs sæist ekki í Alþýðubankanum.

Vitnið Magnús Magnúson rannóknarlögreglumaður hefur mætt í dómi.

Vitnið kveðst hafa tekið skýrslu af ákærða Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni 7. desember 1978 og verið vottur, er skýrsla var tekin af ákærða Jóni Ólafssyni sama dag. Ákærðu skýrðu frá, eins og í skýrslunum greinir. Skýrslurnar voru síðan lesnar í heyranda hljóði, og sögðu ákærðu þær réttar. Þeir undirrituðu þær síðan því til staðfestingar.

Vitnið Björgúlfur Bachmann, aðalféhirðir Verzlunarbanka Íslands h/f, til heimilis að Þverbrekku 4, Kópavogi, mætti fyrir dómi 14. desember sl.

Vitninu var tjáð tilefni yfirheyrslunnar. Vitnið sá framan-

greindan tékka í dóminum. Vitnið skýrði frá því, að þar sem enginn stimpill væri á tékkanum um það, hvenær hann hefði verið innleystur hjá Verzlunarbanka Íslands h/f, sé ekki hægt að sjá, hvenær það hafi verið. Vitnið kveður alla tékka, sem inn koma í banka, vera senda sama kvöld til Reiknistofu bankanna. Þar hafi komið í ljós, að næg innstæða var ekki til fyrir tékkanum, sbr. stimpil Alþýðubankans h/f 22. nóvember 1978.

Vitnið kveður það almenn fyrirmæli til gjaldkera Verzlunarbanka Íslands h/f að kaupa ekki tékka á aðra banka, nema þeir geti algerlega treyst því, að næg innstæða sé fyrir hendi, svo sem þegar um er að ræða tékka frá opinberum stofnunum.

Þegar í ljós kom, að næg innstæða var ekki fyrir tékka þeim, sem ákærði Jón Ólafsson hafði gefið út f. h. Óðinstorgs h/f, að fjárhæð kr. 3.550.000, hafi málið verið rætt við féhirði í afgreiðslu Verzlunarbankans í Umferðarmiðstöðinni, ákærða Þórarin Magnús Eldjárnsson, og hann spurður um tékkann. Ákærði viðurkenndi strax að hafa keypt tékkann. Ákærði var spurður um, hvers vegna hann hefði keypt tékkann, og gaf hann enga viðhlítandi skýringu á því. Hann var og spurður, hvort hann kannaðist við Sigurð Björnsson, en það nafn var ritað sem framsal á tékkann, og sagði hann svo vera. Hann var nánar spurður um mann þennan og þar á meðal, hvort hann kæmi þarna í viðskiptaerindum. Hann sagði, að það væri ekki, en einungis, að hann kannaðist við manninn.

Vitnið var spurt um frí það, er Þórarinn segist hafa farið i þann 23. nóvember 1978. Vitnið kveðst ekki hafa vitað um frí þetta eða af hvaða tilefni það hafi verið.

Vitnið tók fram, að bréf Verzlunarbanka Íslands h/f til rannsóknarlögreglunnar sé dagsett 5. desember 1978 og sé því nær að halda, að ekki hafi komið í ljós um innstæðuleysi tékkans fyrr en fyrstu dagana í desember. Kveðst vitnið hafa látið Hafstein Sigurðsson, lögfræðing bankans, vita um tékkann strax daginn eftir og þetta komst upp og hafi Hafsteinn skrifað bréfið til rannsóknarlögreglu ríkisins.

Í bréfi Verzlunarbanka Íslands h/f frá 5. desember 1978 segir: „Gjaldkerinn, sem nú hefur vikið frá störfum, greiddi ávísunina út, eftir að Sigurður Björnsson hafði framselt hana".

Vitnið man ekki eftir, að það hafi verið rætt sérstaklega við Þórarin Magnús, hvenær Sigurður Björnsson hefði ritað framsal á tékkann, þ. e. hvort það hefði verið í viðurvist hans eða ekki. Það kom hins vegar aldrei annað til tals en að maður þessi

hefði komið í bankann og selt tékkann. Hvarflaði ekki í upphafi annað að vitninu en þetta væri rétt.

Vitnið Hafsteinn Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Mímisvegi 4 hér í borg, lögfræðingur Verzlunarbanka Íslands h/f, kom fyrir dóm sama dag og framangreint vitni.

Vitnið sá bréf þau, er það ritaði fyrir hönd Verzlunarbanka Íslands h/f, dagsett 5. desember og 12. desember 1978, til rannsóknarlögreglu ríkisins, og kvaðst það staðfesta þau.

Vitnið skýrði frá því, að Björgúlfur Bachmann hefði látið sig vita um tékka þann, er greinir í bréfi þess, daginn áður en það skrifaði bréfið, eða 4. desember 1978. Vitnið hafði strax samband við ákærða Jón Ólafsson, útgefanda tékkans, og lofaði hann að koma í bankann til viðtals sama dag. Hann gerði það ekki, en kom daginn eftir, eða 5. desember, og skýrði þá frá því, hver Sigurður Björnsson væri, svo sem greinir frá í bréfi vitnisins.

Vitnið ræddi aldrei sjálft við ákærða Þórarin Magnús Eldjárnsson, en féllst á, að honum yrði vikið frá störfum, eftir að í ljós kom, að hann hafði keypt tékkann. Vitnið kveður ákærða Þórarin Magnús hafa brotið tvær starfsreglur, sem honum höfðu verið settar varðandi kaup á tékkum, þ. e. að kynna sér, hvort næg innstæða væri til fyrir hendi, áður en hann keypti tékkann, og eins að geta ekki gert næga grein fyrir, hver framseljandinn væri.

Vitnið kveður Björgúlf Bachmann, aðalféhirði bankans, og Indriða aðstoðaraðalféhirði hafa rætt við Þórarin Magnús. Kveður vitnið það, er haft er eftir ákærða Þórarni Magnúsi í bréfi þess, frá þeim komið.

Vitnið Indriði Jóhannsson, deildarstjóri í Verzlunarbanka Íslands h/f, Kleppsvegi 126, hefur skýrt frá því, að tékki sá, er greinir í kæru Verzlunarbanka Íslands frá 5. desember 1978 hafi borist til Verzlunarbankans frá Alþýðubankanum h/f í endaðan nóvember 1978. Vantaði á tékkann bankastimpil, og var bætt úr því með stimplun 28. nóvember 1978 í aðalbanka og númerið 710 sett í stimpilinn, en það er númer í afgreiðslu Verzlunarbankans í Umferðarmiðstöðinni.

Tékkinn hafði reynst innstæðulaus, svo sem stimpill Alþýðubankans ber með sér. Vitnið hafði samband við gjaldkerann í afgreiðslu Verzlunarbankans í Umferðarmiðstöðinni, ákærða Þórarin Magnús Eldjárnsson. Var hann þá nýkominn úr eftirstöðvum af sumarfríi, sem hann hafði farið í 23. nóvember. Vitn-

ið kveðst ekki hafa vitað á þessu stigi málsins, hve málið var alvarlegt, og minnir, að það hafi beðið ákærða að hafa samband annað hvort við útgefanda eða framseljanda tékkans og biðja þá að greiða tékkann, þar sem hann væri án nægrar innstæðu. Lofaði ákærði að gera þetta. Vitnið man ekki, hvenær það hafði samband við Þórarin Magnús næst, en síðasti starfsdagur hans í bankaafgreiðslunni var 1. desember 1978 skv. gögnum Verzlunarbankans. Gerði vitnið þá upp sjóðinn hjá honum. Vitnið ræddi ekki við ákærða um kaup hans á framangreindum tékka og uppsögn hans úr starfi í því sambandi, heldur voru það þeir Björgúlfur Bachmann aðalféhirðir og Árni H. Bjarnason skrifstofustjóri. Vitnið heyrði eitthvað af samtalinu við ákærða, en man ekk nákvæmlega um, hvernig orð féllu. Vitnið man, að rætt var við ákærða um framsalið Sigurður Björnsson á tékkanum. Man það, að ákærði sagði, að hann kannaðist við mann þennan, og tók vitnið það þannig, að maður þessi hefði komið í bankann og átt þar viðskipti. Vitnið ræddi aldrei mál þetta við ákærða Jón Ólafsson.

Vitnið Árni H. Bjarnason, skrifstofustjóri Verzlunarbanka Íslands h/f, Brúnastekk 6 hér í borg, hefur mætt í dómi.

Vitnið sá framangreindan tékka.

Vitnið kvað upphaf þessa máls hafa verið það, að tékkinn hefði verið sendur frá Alþýðubankanum til Verzlunarbanka Íslands h/f vegna þess, að gjaldkerastimpil vantaði á hann. Úr því var bætt og tékkinn stimplaður í aðalbankanum til að tefja ekki málið, sbr. stimpilinn frá 28. nóvember 1978. Í stimplinum á þó ekki að standa millifærsla, enda er ekki um slíkt að ræða. Vitnið man ekki, hvort stimpillinn um innstæðuleysi var kominn á tékkann. Tékkinn var síðan sendur til Alþýðubankans, en síðan aftur til Verzlunarbankans með áritun um lokun hlaupareiknings Óðinstorgs h/f nr. 6432. Var nú haft samband við ákærða Þórarin Magnús Eldjárnsson. Fóru vitnið, Björgúlfur Bachmann og Indriði Jóhannsson til hans í afgreiðsluna í Umferðarmiðstöðinni. Var þetta undir lokun, og sjóðstalning gerð hjá ákærða Þórarni Magnúsi. Viðurkenndi hann að hafa keypt tékkann. Þar sem um brot á starfsreglum Verzlunarbankans var að ræða, að sögn vitnisins, var hann spurður um, hvort hann hefði ekki kannað, hvort næg innstæða væri fyrir tékkanum. Hann sagðist hafa reynt að ná sambandi símleiðis við Alþýðubankann, en það ekki tekist. Ákærði var spurður um, hver Sigurður Björnsson væri. Hann sagðist kannast við hann. Hefði hann keypt af

honum ávísanir nokkrum sinnum áður með lægri fjárhæðum og væri það ástæðan til þess, að hann hefði keypt tékkann, en nánari deili vissi hann ekki á manni þessum. Stóðu þeir starfsmennirnir í þeirri trú, að maður að nafni Sigurður Björnsson væri hinn raunverulegi seljandi tékkans. Höfðu þeir hug á því að reyna að finna hann, en það var útilokað, þar sem ákærði Þórarinn Magnús gat engar nánari upplýsingar gefið um hann. Vitnið kveður tékkann hafa verið afhentan Hafsteini Sigurðssyni, lögfræðingi bankans, til innheimtu, og kveðst það aldrei hafa rætt við ákærða Jón Ólafsson, er gefið hafði tékkann út f. h. Óðinstorgs h/f.

Vitnið kveður ákærða Þórarin Magnús hafa verið í fríi frá 23.—28. nóvember 1978 og muni hafa verið um hluta af sumarfríi að ræða.

Ákærða Þórarni Magnúsi var vikið úr starfi að afloknu samtali vitnisins og Björgúlfs við hann framangreint sinn. Aðspurt kveður vitnið það hafa komið fram hjá ákærða í samtalinu við hann, að hann hefði áður unnið hjá Óðinstorgi h/f í frítíma ýmislegt varðandi innflutning, svo sem að sjá um afgreiðslu tollskjala.

Í bréfi Alþýðubankans h/f, dagsettu 13. desember 1979, segir svo:

„Vegna fyrirspurnar yðar skal það staðfest, að síðdegisafgreiðslu innlánsdeilda Alþýðubankans var þannig háttað frá 1. september 1978 til 1. september 1979, að opið var á tímanum kl. 17—18 nema á föstudögum frá kl. 17—18.30.

Aðalféhirðir og afgreiðslustjóri bankans fullyrðir við undirritaðan, að uppgjör taki a. m. k. hálfa klukkustund eftir lokun afgreiðslu og allan þann tíma eigi að vera mögulegt fyrir aðra banka að fá upplýsingar símleiðis um, hvort óhætt væri að kaupa ávísun vegna innistæðu á reikningi þá stundina".

NIÐURSTÖÐUR.

Með játningu ákærða Jóns Ólafssonar og öðrum gögnum máls þessa er sannað, að hann gaf út framangreindan tékka, sem er að fjárhæð kr. 3.550.000, f. h. Óðinstorgs h/f á reikning fyrirtækisins nr. 6432 við Alþýðubankann h/f og seldi hann í útibúi Verzlunarbanka Íslands h/f í Umferðarmiðstöðinni, þótt innstæða væri ekki fyrir hendi til greiðslu hans, en reikningnum hafði verið lokað. Þá er og sannað með játningu ákærða, að hann

falsaði nafnið Sigurður Björnsson, sem er tilbúið, sem framseljanda á tékkann, áður en salan fór fram.

Varðar þetta atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með framburðum beggja ákærðu er sannað, að ákærði Þórarinn Magnús, sem var gjaldkeri í framangreindri afgreiðslu í Verzlunarbanka Íslands, keypti framangreindan tékka af ákærða Jóni hinn 22. nóvember 1978. Kemur þá til álita, hvort sannað sé, að ákærða Þórarni Magnúsi hafi verið ljóst, er hann keypti tékkann, að hann var innstæðulaus og eins að nafnritunin Sigurður Björnsson var fölsuð.

Ákærði Jón hefur borið fyrir dómi 30. nóvember sl., að svo hafi verið, en breytt þeim framburði sínum hinn 12. desember, svo sem áður greinir. Við mat á sönnun á þessu atriði verður þó upphaflegi framburður ákærða Jóns lagður til grundvallar. Breyting hans á framburðinum verður ekki tekin gild, en hún hlýtur þó að rýra trúverðugleika ákærða. Ekki þykja heldur efni til að taka til greina þá breytingu, sem ákærði Þórarinn Magnús hefur gert fyrir dómi á skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu hinn 7. desember 1978 og staðfesti með nafnritun sinni og áður er greint frá, enda hefur hann ekki rennt marktækum stoðum undir það, að breyting þessi hafi við rök að styðjast. Verður því höfð hliðsjón af skýrslu ákærðu hjá lögreglu við mat á sönnun um þátt ákærða í broti ákærða Jóns.

Af skýrslu ákærða Þórarins Magnúsar hjá lögreglu þykir mega draga þá ályktun, að hann hafi verið í vafa um, hvort innstæða væri fyrir tékkanum, er hann keypti hann af meðákærða, sbr. ummæli hans um, að hann hafi hafnað því í fyrstu, en látið tilleiðast, er meðákærði sagði, að tékkinn væri „pottþéttur". Ákærði fór með kaupum á tékkanum heldur ekki eftir þeim fyrirmælum, sem honum höfðu verið sett af yfirmönnum hans í Verzlunarbankanum um kaup á tékkum, þ. e. að fullvissa sig áður um, að næg innstæða væri til fyrir þeim í greiðslubanka, og eins að greiða hann út í peningum, sbr. bréf frá bankanum. Er svo að sjá sem ákærði hafi keypt tékkann af greiðasemi við ákærða Jón. Þá er og tortryggilegt, að ákærði setti ekki stimpil bankans með dagsetningu á tékkann um kaup á honum, og kaup á tékkanum fóru fram, þegar bönkum hafði almennt verið lokað. Loks vekja athygli fjármálatengsl þau, er verið höfðu milli ákærðu, sbr. framburð ákærða sjálfs.

Þrátt fyrir það, er nú hefur verið rakið, telst þó ekki gegn

neitun ákærða fram komin alveg næg sönnun fyrir því, að honum hafi verið ljóst, að tékkinn var innstæðulaus, er hann keypti hann, og ber að sýkna hann af ákærunni að því leyti.

Ákærði Þórarinn Magnús kveðst skv. lögregluskýrslu hafa séð nafnritunina Sigurður Björnsson á tékkanum, þegar hann keypti hann, og ákærði Jón hefur skýrt frá því, að meðákærði hafi séð, er hann ritaði nafnið Sigurður Björnsson á tékkann. Varhugavert þykir að telja þrátt fyrir þetta alveg nægilega sannað gegn neitun ákærða Þórarins Magnúsar, að honum hafi verið ljóst, að nafnritunin á tékkanum var fölsuð, þegar kaup á honum fóru fram.

Ákærði Þórarinn Magnús greinir frá því í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, að meðákærði Jón hafi tekið fram við sig í samtali þeirra daginn eftir að sala tékkans fór fram, eða hinn 23. nóvember, að yrði hann spurður um, hver umræddur Sigurður Björnsson væri, ætti hann að segja, að hann væri framseljandi tékkans, en ekki ákærði Jón sjálfur.

Ákærði Jón hefur og staðfest þetta. Hann hefur og skýrt frá því, svo sem áður greinir, að meðákærði hafi spurt um, þegar sala tékkans fór fram, af hverju hann skrifaði framsalið Sigurður Björnsson á tékkann, en ekki eigið nafn. Þá skýrði ákærði Þórarinn Magnús starfsmönnum Verzlunarbankans, er þeir ræddu við hann, rangt til um nafnið Sigurður Björnsson og sagði, að það væri maður, sem hann kannaðist við, og lögðu þeir þann skilning í þetta, að maður þessi hefði komið í bankaútibúið og átt þar viðskipti. Stóðu starfsmennirnir í þeirri trú, sbr. kæruna til rannsóknarlögreglunnar, að maður með þessu nafni væri hinn raunverulegi framseljandi tékkans. Þá greinir vitnið Árni H. Bjarnason frá því, að ákærði hafi sagt, að hann hefði áður keypt af nefndum Sigurði ávísanir nokkrum sinnum með lægri fjárhæðum og væri það ástæðan til þess, að hann keypti ávísunina. Verður að telja framangreinda háttsemi ákærða nægilega sannaða skv. því, sem nú hefur verið rakið. Veitti ákærði með henni meðákærða liðsinni til að halda við ólögmætu ástandi, sem skapast hafði fyrir brot meðákærða, sem telja verður sannað, að ákærða hafi verið fullkunnugt um hinn 23. nóvember 1978 eftir samtal ákærðu.

Varðar atferli ákærða Þórarins Magnúsar við 1. mgr. 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. og 254. gr., sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða Jóns þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fang-

elsi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvörðun um refsingu ákærða Þórarins Magnúsar þykir mega fresta, enda missti hann stöðu sína vegna máls þessa, og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærða Jón ber að dæma til að greiða verjanda sínum, Inga R. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun, og ákærða Þórarin Magnús ber að dæma til að greiða verjanda sínum, Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Jón Ólafsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvörðun um refsingu ákærða Þórarins Magnúsar Eldjárnssonar skal fresta, og verður refsing ekki dæmd, ef ákærði heldur í 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Jón greiði skipuðum verjanda sínum, Inga R. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun, og ákærði Þórarinn Magnús greiði skipuðum verjanda sínum, Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1981.

Nr. 56/1980. **Hlöðver Ingvarsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Steingrími Þormóðssyni
(sjálfur).

Stefna. Skuldamál. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1980. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur lagt fyrir Hæstarétt gögn um rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins á viðskiptum stefnanda og Einars Haukssonar, en Einar er nefndur í hinum áfrýjaða dómi.

Áfrýjandi sótti eigi þing í héraði, en hann telur, að gögn þau, sem lágu fyrir héraðsdómi, hafi að réttu lagi átt að leiða til sýknu hans. Rökstyður hann kröfu sína þannig, að í texta utanréttarstefnu þeirrar, sem stefndi gaf út 13. febrúar 1980 til aukadómþings Kjósarsýslu, segi, að stefnt sé Hlöðver Ingasyni. Áfrýjandi, Hlöðver Ingvarsson, hafi ekki talið, að sér væri réttilega stefnt með þessum hætti, og því hafi hann ekki talið sig hafa „ástæður til að sækja þing í héraði." Þá hafi sá ágalli verið á stefnunni, að málavöxtum hafi ekki verið lýst með öðrum hætti en þeim, að krafist væri greiðslu launakröfu vegna vinnu Einars Haukssonar í þágu stefnda Hlöðvers í september 1970. Sé þetta ónákvæmt. Loks hafi sá ágalli verið á stefnunni, að stefnufrestur hafi verið sagður „einn dagur", þótt hann ætti að vera einn sólarhringur hið skemmsta eftir 99. gr. laga nr. 85/1936.

Í stefnu til héraðsdóms var skírnarnafn áfrýjanda, staða og heimili rétt tilgreint, en hann þar talinn Ingason. Var áfrýjandi nægilega skýrt nefndur, til að honum mátti vera

ljóst, að honum var stefnt. Ágallar voru á málavaxtalýsingu í stefnu, en tilgreining stefnufrests, sem var ekki fullskýr, var þó fullnægjandi, þar sem stefna var birt áfrýjanda sjálfum 22. febrúar 1980, en þingfesting skyldi ekki vera fyrr en 28. febrúar. Verður því ekki sinnt aðfinnslum áfrýjanda, sem varða héraðsstefnu.

Áfrýjandi hefur ekki með fullnægjandi rökum andmælt kröfum stefnda efnislega, enda verður ráðið af lögregluskýrslu þeirri, sem áfrýjandi gaf og lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, að Einar Hauksson hafi átt vinnulaunakröfu á áfrýjanda, en Einar hefur framselt stefnda kröfu sína til eignar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu aukadómþings Kjósarsýslu, að áfrýjandi skuli greiða stefnda 4.957.00 krónur með vöxtum, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn samtals 2.000.00 krónur fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hlöðver Ingvarsson, greiði stefnda, Steingrími Þormóðssyni, 4.957.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 2.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 12. mars 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. mars sl., hefur Steingrímur Þormóðsson lögfræðingur, Stífluseli 5, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 22. febrúar 1980, gegn Hlöðver Ingvarssyni byggingameistara, Bergvík, Kjalarnesi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 495.700 með hæstu leyfilegum dráttarvöxt-

um frá 1. október 1979 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Einar Hauksson, Kastalagerði 6, Kópavogi, hafi í septembermánuði 1979 unnið fyrir stefnda, Hlöðver Ingvarsson, tréverk vestur í Ólafsvík og hafi stefndi greitt þann 17. september 1979 Einari kr. 350.000 með ávísun. Stefnandi kveður, að ávísun þessi hafi reynst innstæðulaus. Stefnandi kveður, að greindur Einar Hauksson hafi framselt sér kröfuna þann 8. janúar sl., og hefur lagt fram afsal, dags. 2. febrúar 1980, því til staðfestu, og kveðst stefnandi vera eigandi kröfunnar. Stefnandi hefur ekki hirt um að sundurliða kröfuna, en samkvæmt málsskjölum sundurliðast hún þannig:

36 innihurðir festar í vegg, falslisti og skrá sett í, kr. 9.000 pr. hurð	kr.	324.000
8 svalahurðir festar í fastan karm, lamaðar og glerjaðar og skrá og læsingarjárn sett í, kr. 10.000 pr. hurð	—	80.000
8 karmar settir saman og lamaðir, kr. 3.500 pr. karm	—	28.000
Ferðakostnaður á eigin bíl, 550 km, 100 kr. pr. km	—	55.000
Útlagt fyrir efni	—	4.000
Útlagt fyrir efni	—	4.700
	Kr.	495.700

Mál þetta var þingfest í aukadómþingi Kjósarsýslu 28. febrúar 1980, en stefnandi tók frest til frekari framlagningar skjala í dómi til 11. mars sl. Þing var ekki sótt við þingfestingu né síðar af hálfu stefnda, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, og hann hefur lagt fram myndrit tékkans og frumrit vinnuseðla og kvittana, verða þær teknar til greina. Vextir ákvarðast 27% ársvextir frá 1. október—1. desember 1979, en 31% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 106.620.

Gissur V. Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hlöðver Ingvarsson, Bergvík, Kjalarneshreppi, greiði stefnanda, Steingrími Þormóðssyni, Stífluseli 5, Reykjavík, kr. 495.700 auk 27% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1979 til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 106.620 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. nóvember 1981.

Nr. 188/1979. **Fínpússning s/f**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Benedikt Guðjónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Lögtaksmál. Orlof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1979. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang hins umbeðna lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ekki er um það deilt í máli þessu, að stefndi eigi rétt á orlofsfé. Gegn andmælum stefnda er ósannað, að aðiljar hafi samið svo um, að orlofsfé væri innifalið í greiðslum þeim, sem áfrýjandi innti af hendi til stefnda og miðuðust við unnin verk, en ekki tímalengd. Ekki verður talið, að stefndi hafi firrt sig rétti til að hafa uppi kröfur þessar með drætti á að hefjast handa um heimtu fjár þessa. Samkvæmt þessu

og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, en eigi er deilt um fjárhæðir.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fínpússning s/f, greiði stefnda, Benedikt Guðjónssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 10. september 1979.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 22. ágúst sl. eftir munnlegan flutning, hefur gerðarbeiðandi, Benedikt Guðjónsson, Kársnesbraut 77, Kópavogi, krafist þess, að lögtak fari fram hjá gerðarþola, Fínpússningu s/f, Dugguvogi 6, Reykjavík, til tryggingar kr. 381.192 ásamt 3% mánaðarvöxtum af kr. 254.994 frá 1. maí 1978 til 1. maí 1979 og með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi af kr. 381.192 til 1. júní 1979 og með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, innheimtukostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð.

Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um framgang lögtaksins, en til vara, að synjað verði um lögtak fyrir vaxtagreiðslum.

Aðiljar hafa hvor um sig krafist málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að árið 1977 tók gerðarþoli að sér fyrir Ísal, Straumsvík, að mala raflausnarefni. Verkefni þetta var unnið í akkorðsvinnu af 2 til 3 mönnum skv. munnlegum ákvæðisvinnusamningi. Efni samningsins var við hvern mann, að hann fengi greidda ákveðna upphæð fyrir hvert tonn, sem malað eða hreinsað væri.

Gerðarbeiðandi var einn þessara manna, og vann hann hjá gerðarþola frá ársbyrjun 1977 og fram til júlí 1978. Hluta vinnu sinnar vann hann við þessa ákvæðisvinnu, en að öðru leiti var um tímavinnu að ræða. Ofan á tímavinnukaup fékk gerðarbeiðandi greitt orlof, en ekki á ákvæðisvinnukaupið.

Með bréfi, dagsettu 17. apríl 1979, var gerðarþoli krafinn um

greiðslu orlofs af ákvæðisvinnukaupi á grundvelli eftirfarandi sundurliðunar á ákvæðisvinnulaunum:

Launagreiðslur árið 1977	kr. 3.061.151
Launagreiðslur árið 1978	— 1.514.976

Vangreitt orlof skv. þessu er því að mati gerðarbeiðanda kr. 254.994 vegna ársins 1977 og vegna ársins 1978 kr. 126.198.

Gerðarbeiðandi kveður sér hafa verið tjáð, að ekki væri greitt orlof á ákvæðisvinnukaupið. Hann hafi látið þetta átölulaust, þar til honum hafi verið bent á rétt sinn til orlofsgreiðslna af lögmanni sínum. Gerðarbeiðandi neitar alfarið, að gerðarþoli hafi minnst á það við sig, að orlof skyldi vera innifalið í ákvæðisvinnugreiðslum. Varla hafi heldur verið á þetta minnst við starfsfélaga hans, þar sem þeir hafi núna gert kröfu til orlofsgreiðslna. Enn fremur bendir gerðarbeiðandi á, að orlofsgreiðslur beint til launþega brjóti í bága við 11. gr. laga nr. 87/1971, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 150/1972.

Gerðarþoli kveður það í samræmi við hinn munnlega samning milli sín og gerðarbeiðanda, að orlof var greitt á tímavinnu hans, en ekki á ákvæðisvinnuna, þar sem þar hafi það verið innifalið. Gerðarbeiðandi hafi aldrei gert athugasemd við þetta, enda ekki ástæða til vegna hins munnlega samnings.

Gerðarþoli lítur svo á, að gerðarbeiðandi hafi verið undirverktaki hjá sér, þar sem í þeirri föstu fjárhæð, sem greidd var fyrir ákvæðisvinnuna, hafi allt verið innifalið, svo sem orlof, veikindadagar o. s. frv., en hann hafi svo aftur verið aðalverktaki hjá Ísal. Það hafi því verið árangurinn af vinnu gerðarbeiðanda, sem skipti máli. Þar sem orlof hafi verið innifalið, hafi hann fengið það greitt og ekki sé meining löggjafans, að orlof sé tvíborgað, slíkt sé ólögmæt auðgun. Það, að orlof sé ekki greitt í samræmi við reglugerðarákvæði, rétlæti ekki tvíborgun.

Gerðarþoli telur mál þetta velta nokkuð á því, hvort unnt sé að sanna sína staðhæfingu. Þetta geti hann gert með vitnum, sem hann fái ekki komið að í málinu sökum réttarfars fógetarétta. Málinu beri því að vísa til bæjarþings, þar sem krafan á hendur sér sé ekki ótvíræð, klár, glögg. Krafan verði að vera ljós eins og dómur, svo fógetaréttur sé bær til að úrskurða um hana.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 87/1971, sbr. lög nr. 29/1885, má taka vangreitt orlofsfé lögtaki. Krafa sú, sem um er deilt í máli þessu, er því lögtakskrafa. Um slíkar kröfur er svo farið, að þær eru af löggjafa taldar mjög skýrar og ákveðnar. Verður því að

krefjast þess, að sá, sem mótmælir réttmæti þeirra, eigi um það sönnunarbyrði.

Í máli þessu verður að telja það fullvíst, að gerðarþoli hafi ætlast til, að orlofsfé væri innifalið í ákvæðisvinnugreiðslum hans til gerðarbeiðanda á árunum 1977 og 1978. Það hefur samt ekki verið leitt í ljós, að gerðarbeiðandi hafi samþykkt það eða verið um það kunnugt. Hefur gerðarþola því ekki lánast sú sönnun, sem krefjast verður gegn lögtakskröfu. Slíkur greiðslumáti hefði svo og brotið í bága við ákvæði 11. gr. laga 87/1971, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 150/1972 um orlof. Verður af þessum ástæðum að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda, og verður lögtak látið fara fram hjá gerðarþola í samræmi við kröfugerð gerðarbeiðanda að öðru leiti en því, að dráttarvaxtakrafan er ekki tekin til greina, þar sem ekki verður séð, að henni fylgi lögtaksréttur.

Málskostnaður ákveðst kr. 60.000.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fara fram hjá gerðarþola, Fínpússningu s/f, til tryggingar kr. 381.192 ásamt 19% ársvöxtum af kr. 254.994 frá 1. maí 1978 til 1. maí 1979 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 381.192 til 1. júní 1979 og með 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudagurinn 23. nóvember 1981.

Nr. 236/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Birgi Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi ríkissjóðs.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 18. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald, sem Birgi Kristjánssyni húsaviðgerðarmanni, til heimilis að Teigaseli 7 hér í borg, fæddum 22. október 1944, var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 11 september síðastliðinn, gert að sæta og rennur út kl. 1700 í dag, verði framlengt til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700. Er krafan byggð á ákvæðum 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974. Kærði hefur mótmælt kröfu þessari.

Þann 11. september sl. var kærði úrskurðaður í gæsluvarðhald til 18. nóvember 1981, kl. 1700. Úrskurði þessum skaut kærði til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með dómi, uppkveðnum þann 16. september sl. Var úrskurðurinn byggður á 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974. Einnig voru í úrskurðinum talin upp þau mál, sem til rannsóknar voru hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á hendur kærða, og sakarferill kærða rakinn. Síðastliðinn 5 ár hefur kærði verið dæmdur í samtals 22 mánaða fangelsi, og á árunum 1966—1975 hefur hann verið dæmdur í samtals 58 mánaða fangelsi. Hefur kærði því á ferli sínum 9 sinnum verið dæmdur í óskilorðsbundna refsivist (fangelsi) í samtals 80 mánuði fyrir skjalafals og auðgunarbrot auk nokkurra annarra brota. Þá hefur kærði verið dæmdur í varðhald, hlotið skilorðsbundna fangelsisdóma og gengist undir sektargreiðslur.

Nú er til meðferðar hjá dóminum ákæra, dagsett 11. nóvember

sl., þar sem kærði er ákærður fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Ákæran er óbirt.

Með dómi, uppkveðnum þann 26. október sl., var kærði dæmdur í 9.000 kr. sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Kærði hefur áfrýjað dómi þessum til Hæstaréttar Íslands.

Kærði hefur áfrýjað til Hæstaréttar Íslands dómum sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 22. desember 1980 og 26. júní 1981, 4 mánaða og 12 mánaða fangelsi, óskilorðsbundið.

Samkvæmt upplýsingum ríkissaksóknara verður fyrrnefnda málið flutt í Hæstarétti Íslands þann 7. desember nk., en hið síðara væntanlega í janúar 1982.

Með bréfi, dagsettu 23. október sl., sendi rannsóknarlögregla ríkisins 13 kærur á hendur kærða til ríkissaksóknara til ákvörðunar, og eru þau mál nú þar til umfjöllunar. Varða kærur þessar einkum ætluð brot kærða á 155. og 248. gr. alm. hegningarlaga.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða og þar sem kærði hefur sýnt það þrátt fyrir sífelldar kærur og lögregluranns6kn af þeim ástæðum, að veruleg hætta er á því, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan málum hans er ekki lokið, verður að telja, að enn séu fyrir hendi skilyrði til þess að beita kærða gæsluvarðhaldi áfram, enda lýkur málum kærða ekki fyrr en hæstaréttardómar falla í þeim.

Verður því með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 tekin til greina krafa rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu gæsluvarðhalds á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald kærða, Birgis Kristjánssonar, er framlengt til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700.

Mánudaginn 23. nóvember 1981.

Nr. 13/1980. **Björn Baldursson**
(sjálfur)
gegn
Alþýðubrauðgerðinni h/f
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Úrskurður um útburð úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1980. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Skilja verður málflutning stefnda fyrir Hæstarétti þannig, að hann beri ekki gagngert brigður á, að kaup hafi komist á með aðiljum um fasteignina Hólmgarð 34, austurálmu. Hann telur hins vegar, að veruleg vanskil hafi orðið af hendi áfrýjanda á greiðslu kaupverðs á þeim gjalddögum, sem um hafi verið samið munnlega. Sé sér því heimilt að rifta samningnum og láta bera áfrýjanda út af eigninni, sem honum hafi verið fengin til umráða í trausti þess, að hann innti greiðslur sínar skilvíslega af hendi.

Áfrýjandi hefur goldið stefnda í reiðufé hluta af kaupverði hinnar seldu eignar, sem stefndi fékk honum í hendur, þó að eigi nemi sú greiðsla miklu. Hann hefur enn fremur kostað fé til viðhalds og lagfæringa á eigninni, eftir að hann fékk umráð hennar. Stefndi, sem telur sig eiga rétt á að rifta samningi aðilja, hefur ekki boðið fram endurgreiðslu á neinu af því fé, sem hann veitti viðtöku upp í kaupverð, eða lúkningu viðskipta aðilja með öðrum hætti. Hann hefur ekki

heldur boðið fram tryggingu fyrir því, að hann inni af hendi þær greiðslur til áfrýjanda, sem hann kann að eiga rétt á, ef útburðarkrafan nær fram að ganga. Að svo vöxnu máli þykir eigi rétt að heimila útburð áfrýjanda af eigninni samkvæmt N. L. 6-14-6. Verður hinn áfrýjaði úrskurður því úr gildi felldur og synjað um framkvæmd hinnar umbeðnu útburðargerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og synjað um framkvæmd umbeðinnar útburðargerðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri hinn áfrýjaða úrskurð með tilvísun til forsendna hans og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. janúar 1980.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Alþýðubrauðgerðarinnar h/f, eru þær réttarkröfur gerðar, að geðarþoli, Björn Baldursson, Hólmgarði 34, verði borinn út úr húsinu Hólmgarði 34 ásamt öllu því, er honum tilheyrir. Gerðarbeiðandi krefst þess, að gerðarþoli verði úrskurðaður til þess að greiða málskostnað.

Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um umbeðna útburðargerð. Hann krefst þess, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fór fram þann 14. desember 1979.

Það er upplýst í málinu, að gerðarbeiðandi, Alþýðubrauðgerðin h/f, er þinglýstur eigandi húseignarinnar Hólmgarðs 34 hér í borg.

Þá er komið fram, að umræður tókust á árinu milli gerðarþola,

Björns Baldurssonar, og forráðamanns gerðarbeiðanda um, að gerðarþoli gerðist kaupandi að húseign þessari. Þessar umræður urðu til þess, að gerðarþoli gerði kauptilboð í eignina þann 29. júlí 1978. Ekki varð af samningum á grundvelli þessa tilboðs, en síðar munu aðiljar hafa orðið ásáttir um, að kaupverð skyldi vera kr. 15.000.000 og greiðast þannig: þann 15. desember 1978 kr. 500.000, 15. mars 1979 kr. 2.000.000, 15. júní 1979 kr. 2.000.000, þann 15. desember 1979 kr. 7.500.000 og 15. maí 1980 kr. 3.000.000. Enn fremur virðist svo sem afhending eignarinnar skyldi fara fram annað hvort þann 1. september eða 1. október 1978, en eignin hafði verið í leigu, og leigutaki rýmdi ekki fyrr en 1. nóvember 1978.

Þessi atriði voru ekki skjalfest sem kaupsamningur, og virðist svo sem veikindi framkvæmdastjóra gerðarbeiðanda hafi þar valdið. En gerðarþoli flutti inn í húsið og hefur rekið þar fyrirtæki sitt síðan.

Þá er komið fram í máli þessu, að þann 11. janúar 1979 sendi gerðarþoli einum forráðamanna gerðarbeiðanda uppkast að kaupsamningi, og er skjal þetta lagt fram sem rskj. nr. 6. Er gert ráð fyrir öðrum greiðsludögum í þessu skjali en áður greinir, þannig að þeim seinkar um 2 mánuði.

Kaupsamningsuppkast þetta hefur ekki verið undirritað. Gerðarþoli sendi gerðarbeiðanda þann 21. mars 1979 póstávísun til efnda á 1. lið greiðsluskilmála, kr. 500.000, og hefur ljósrit kvittunar verið lagt fram í máli þessu sem rskj. 17.

Það liggur fyrir, að gerðarþoli hefur látið fram fara meiri háttar aðgerð á rafmagnskerfi hússins. Hefur hann lagt fram gögn og reikninga þar að lútandi, rskj. 14 og 15. Kostnaður gerðarþola af þessu nemur framt að 1.000.000 kr. Gerðarþoli hefur með bréfi sínu 12. júlí 1979 komið þessum reikningum á framfæri við gerðarbeiðanda og krefst þess jafnframt í þessu bréfi, að sér verði veitt afsal „gegn umsömdum greiðslum". Lögmaður gerðarbeiðanda svarar bréfi þessu um hæl, rskj. 8, og mótmælir þessum reikningum, enda hafi ekkert samráð verið haft við gerðarbeiðanda vegna viðgerða þessara. En varðandi samninga um kaup á eigninni geti ekki af þeim orðið, þar eð reiðufé sé ekki til að sögn gerðarþola sjálfs, en ræða megi hins vegar leigu eða kaupleigu á húseigninni.

Í málinu hefur komið fram, að gerðarþoli hefur fengið og sent gerðarbeiðanda þann 29. ágúst 1979 yfirlýsingu Samvinnubanka Íslands h/f, þar sem bankinn lýsir yfir, að hann ábyrgist þær

greiðslur gerðarþola, sem samkv. óundirrituðu uppkasti að kaupsamningi hans og gerðarbeiðanda hafi átt að fara fram dagana 15. maí og 15. ágúst 1979, kr. 2.000.000 í hvort skipti. Muni bankinn inna greiðslur þessar af hendi innan 30 daga frá útgáfu afsals fyrir eigninni til gerðarþola, en það skilyrði er sett, að bankanum verði afhent afsalið þegar eftir undirritun þess og áður en þinglýsing eignarheimildar hafi átt sér stað.

Útburðarbeiðni er dagsett þann 16. nóvember 1979. Byggist útburðarkrafan á stórfelldum vanefndum gerðarþola, en hann hafi ekki borgað af fyrirhuguðu kaupverði annað en nefndar kr. 500.000 þrátt fyrir áminningar í þá átt. Kaupsamningur hafi aldrei komist á, gerðarþoli hafi fengið afnot húsnæðisins að vísu, en hann eigi engan rétt til að hafast þar við. Þótt svo yrði litið á, að kaupsamningur hafi tekist, þá hafi gerðarþoli vanefnt hann, þannig að riftun varði. Þetta hafi gerðarþola verið bent á með bréfi 15. október 1979, þar sem þess hafi jafnframt verið krafist, að hann rýmdi húsplássið, en hér sé um að ræða ítrekun á áður fram settum rýmingaráskorunum.

Varðandi ábyrgðaryfirlýsingu Samvinnubankans sé athugandi, að gerðarþoli hafi þegar verið kominn í veruleg vanskil með 2 afborganir, er þessi yfirlýsing var gerð. Hún sé einnig skilyrt af því, að afsal verði gert, en það hafi að sjálfsögðu ekki komið til mála á því stigi. Er þessari yfirlýsingu bankans mótmælt sem algerlega þýðingarlausri í þessari deilu. Í þeim viðskiptum aðiljanna, sem að framan er lýst, hafi það lengst af verið ljóst, að gerðarþoli átti ekki fjármuni til þess að geta eignast þessa fasteign, og það sé vitanlega hans mál. Hann hafi leitað eftir veðleyfi í eigninni til að geta borgað kaupverðið og borið fram, að neitun gerðabeiðanda í þá átt hafi orðið til þess, að greiðslufall hafi orðið. En hann hafi alls ekki getað vænst þess að fá veðleyfi, eins og á stóð, enda almennt vitað mál, að ekki sé venja í fasteignaviðskiptum, að kaupandi samkvæmt kaupsamningi fái veðleyfi fyrir hærri fjárhæð en sem svari því fé, er hann hafi þegar greitt seljandanum.

Gerðarþoli skýrir svo frá, að hann hafi á miðju ári 1978 farið að hugleiða að kaupa húseign þá, er deilt er um í þessu máli, og eftir nokkur viðtöl við umboðsmann gerðarbeiðanda hafi samkomulag tekist um 15.000.000 kr. kaupverð svo og um greiðsludaga og vexti. Sér hafi í þessu sambandi verið tjáð, að húsplássið mundi losna úr leigu þann 1. september 1978. Rýmingu hafi þó seinkað til 1. nóvember s. á., og kveðst gerðarþoli þá hafa flutt

inn í húsið með vélakost og starfsemi fyrirtækis síns. Ekki hafi verið gengið frá skriflegum kaupsamningi, en allt um það hafi kaupsamningur tekist. Varðandi það atriði, að aðeins hafi verið borgaðar kr. 500.000 af kaupverði, segir gerðarþoli, að sér sé ekki um að kenna, heldur hafi forráðamenn gerðarbeiðanda lagt margvíslega steina í götu sína. Hann hafi þegar er samningaviðræður hófust tekið það fram, að sér væri nauðsyn á verulegri fyrirgreiðslu um lán til þess að geta gert kaupin. Þrátt fyrir það að forráðamönnum gerðarbeiðanda hafi þá þegar verið þetta ljóst, hafi þeir engin gögn fengið sér í hendur, sem kæmu að haldi við öflun lána, og hafi ýmsu verið borið við. Þetta athafnaleysi þeirra hafi orðið til þess, að sér hafi reynst ómögulegt að inna greiðslur af hendi á fyrirhuguðum dögum. Í því sambandi segir gerðarþoli, að þar eð afhending húseignarinnar dróst frá 1. september til 1. nóvember 1979, hafi greiðsludagar færst um 2 máuði frá því upphaflega hafi verið um samið, sbr. hér um rskj. 6. Þannig hafi upphaflega umsaminn greiðsludagur 15. mars 1979 orðið 15. maí, og 15. júní orðið 15. ágúst s. á. En hinn 29. ágúst hafi gerðarbeiðandi fengið í hendur ábyrgðaryfirlýsingu Samvinnubankans, að greiðsla verði til reiðu á þeim afborgunum, er þá voru fallnar, innan ákveðins frests gegn því, að afsal verði gefið út. Gerðarþoli bendir á það, að hann hafi kostað miklu fé til lagfæringa og endurbóta á raflögnum í húsinu, og vísar um það til framlagðra gagna. Verði því ekki séð, að gerðarbeiðandi sé verulega vanhaldinn, greiðslur hafi að vísu dregist nokkuð, en orsakanna sé að leita í þvergirðingshætti af hálfu gerðarbeiðanda. Málefni þetta sé heldur ekki þannig vaxið, að fógetaréttur ætti að fara með það í útburðarmáli.

Það verður að leggja til grundvallar í þessu máli, að aðiljar hafi náð samkomulagi um væntanlegt kaupverð hinnar umdeildu fasteignar, og sama er að segja um fyrirhugaða gjalddaga. Það liggur fyrir, að gerðarþoli hefur aðeins greitt kr. 500.000 af fyrirhuguðum 15.000.000 kr. kaupverði. Hann hefur borið fram greiðslufalli þessu til réttlætingar, að forráðamenn gerðarbeiðanda hafi alla tíð vitað, að hann gæti ekki ráðist í kaupin, nema hann fengi verulega lánafyrirgreiðslu, og að gerðarbeiðandi hafi algerlega brugðist þeirri viðskiptaskyldu sinni að láta í té skilríki fyrir kaupunum, sem honum voru nauðsynleg í þessum tilgangi, svo sem veðleyfi eða afsal. Það verður þó ekki talið sýnt af því, sem fram hefur komið í málinu, að forráðamenn gerðarbeiðanda hafi undirgengist neins konar skyldu í þessu efni, og verður ekki

talið, að gerðarþoli hafi réttlætt greiðslufall sitt með þessari röksemd.

Þó litið væri svo á, að aðgerðin, er gerðarþoli lét framkvæma á rafmagnskerfi hússins, ætti að metast sem greiðsla af hans hendi upp í kaupverð, verður að telja, að vanskil hans réttlæti útburð á honum að kröfu gerðarbeiðanda. Fer útburðargerðin fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Ekki þykir verða hjá því komist að leggja málskostnað á gerðarþola. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 80.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeta kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Útburðargerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiða gerðarbeiðanda kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1981.

Nr. 217/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þóri Þórissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Tilraun. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar og einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds, en að öðru leyti krafist staðfestingar héraðsdóms. Með símskeyti til skipaðs verjanda síns 23. þ. m. afturkallaði ákærði áfrýjunarbeiðni sína.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þ. á m. nýtt

sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að hinn 12. febrúar 1981 var ákærði í sakadómi Reykjavíkur dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og hinn 4. nóvember s. á. dæmdur í 10 mánaða fangelsi fyrir ölvunarakstur og þjófnað, en brot þessi voru framin eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms.

Ákærði hefur viðurkennt brot þau, sem hann í héraðsdómi er dæmdur fyrir að hafa framið. Eru þau heimfærð til réttra hegningarlagagreina og gætt viðeigandi ákvæða um refsiákvörðun ákærða, sbr. og 255. gr., sbr. 71. gr. og 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakararinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Þórir Þórisson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talinn saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1980.

Ár 1980, föstudaginn 11. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 275/1980: Ákæruvaldið gegn Þóri Þórissyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. nóvember 1978, gegn ákærða, „Þóri Þórissyni, Langholtsvegi 169 í Reykjavík, fæddum 28. apríl 1955 þar í borg, fyrir eftirtalin

þjófnaðarbrot, framin í Reykjavík árið 1977, nema annars sé getið:

1) Helgina 25.—27. mars fór ákærði í þjófnaðarskyni inn í húsið nr. 19 við Sóleyjargötu.

2) Í þessum mánuði fór ákærði inn í húsið nr. 15 við Ásenda og stal þar 10.000.- frönskum frönskum.

3) Fimmtudaginn 14. apríl fór ákærði inn í húsið nr. 15 við Hlíðarveg í Kópavogi og stal þar 30.000.- krónum og þýskum mörkum og belgískum frönkum að jafnvirði 60.000 króna auk tveggja gullhálsmena.

4) Mánudaginn 9. maí fór ákærði inn í húsið nr. 2 við Hrefnugötu, braut þar upp skatthol og stal 100.- þýskum mörkum, 44.- dollurum, 15.- hollenskum gyllinum og 177.- norskum krónum.

5) Á tímabilin frá 13. til 17. maí fór ákærði inn í húsið nr. 57 við Skólabraut á Seltjarnarnesi og stal þar 10.000 krónum úr skúffu.

6) Mánudaginn 16. eða þriðjudaginn 17. maí fór ákærði inn í kjallaraíbúð í húsinu nr. 21 við Tómasarhaga og stal þar töskú og allt að 15 áfengisflöskum auk peningafúlgu í gjaldeyri og íslenskum krónum.

7) Í þessum mánuði fór ákærði inn í húsið nr. 6 við Kambsveg og stal þar peningakassa með giftingarhringum, 4 minnispeningum, gamalli mynt, frímerkjum og skjölum auk 7.000 króna, sem ákærði tók úr skrifborðsskúffu.

8) Fimmtudaginn 16. júní fór ákærði inn í húsið nr. 94 við Langholtsveg, braut þar upp skrifborðsskúffu og stal 2 viskíflöskum og smáfúlgu í erlendri mynt.

9) Mánudaginn 20. júní fór ákærði inn í kjallara hússins nr. 10 við Sólheima, braut þar upp geymsluhurð og leitaði að verðmætum.

10) Á tímabilinu 23. til 25. júní fór ákærði inn í húsið nr. 10 við Grenilund í Garðakaupstað og stal þar peningakassa, sem í voru 10.000 krónur, 250.- dollarar, 3.000.- danskar krónur, 820.- sænskar, nokkrir gamlir peningaseðlar, sparisjóðsbók með 20.000 króna innistæðu.

11) Mánudaginn 27. júní fór ákærði inn í húsið nr. 120 við Langholtsveg og leitaði að verðmætum.

12) Í þessum mánuði fór ákærði inn í húsið nr. 92 við Langholtsveg og stal allt að 70.000 krónum.

13) Í þessum sama mánuði fór ákærði inn í húsið nr. 20 a við

Laugaveg, braut þar upp skúffu og stal 150.000 krónum og 90 dollurum.

14) Ákærði fór enn í þessum sama mánuði inn í húsið nr. 60 við Karfavog og stal þar 120.000 krónum.

15) Föstudaginn 17. febrúar 1978 braust ákærði inn í húsið nr. 4 við Austurbrún og stal þar 235.000 krónum.

Þykir atferli ákærða, eins og því er lýst hér að framan, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að undanteknum töluliðum 1, 9 og 11, þar sem ákærði þykir hafa brotið gegn 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og sakakostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1971		í Reykjavík: Uppvís að brotum á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 7. apríl 1971.
1971	10/12	í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga.
1972	9/5	á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. og 50. gr. umferðarlaga.
1972	19/12	í Reykjavík: Dómur: 20 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 18 mánuði frá 19/12 1972.
1973	11/5	í Reykjavík: Dómur: 10 daga fangelsi fyrir brot á 26., 49. og 80. gr. umferðarlaga.
1974	10/7	í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1975	7/2	í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
1975	30/9	í Reykjavík: Dómur: 2 ára fangelsi fyrir brot á 224. og 155. gr. hegningarlaga.
1976	1/4	í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli dags. 30/9 1975: Ákvæði hins áfrýjaða dóms eiga að vera óröskuð.
1974	22/7	Brönderbyernes Retkreds: 14 daga varðhald fyrir brot gegn 287. gr., 1. mgr., sbr. 276. gr. (þjófn.) dönsku laganna.

Málsatvik eru þessi:

I.

Ákærði kvaðst hafa farið inn í kjallara hússins Sóleyjargötu 19 hér í borg helginga 25.—27. mars 1977. Ekki hefði þó sú för verið í þjófnaðarskyni gerð, heldur til að hitta húsráðendur, sem voru góðkunningjar hans. Húsráðendur staðfestu, að ákærði væri kunningi þeirra.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður ekki talið nægilega sannað, að ákærði hafi farið inn í nefnt hús í þjófnaðarskyni, og verður hann því sýknaður af ákærulið þessum.

II.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í marsmánuði árið 1977 tekið heimildarlaust og í auðgunarskyni 10.000 franska franka í húsinu Ásenda 15 hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 14. apríl 1977 farið inn í húsið Hlíðarveg 14 (ekki 15, svo sem misritast hefur í ákæru), Kópavogi, og tekið þar heimildarlaust og í auðgunarskyni 30.000 krónur sem og þýsk mörk og belgíska franka að jafnvirði 60.000 íslenskra króna. Hins vegar neitaði hann töku tveggja gullhálsmena, og verður ekki talið sannað, að hann hafi slegið eign sinni á þau.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 9. maí 1977 tekið heimildarlaust og í auðgunarskyni í húsinu Hrefnugötu 2 í Reykjavík nokkra fjárhæð í erlendum gjaldeyri, svo sem réttilega er lýst í ákæru.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem

varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi um miðjan maímánuð árið 1977 tekið að ófrjálsu 10.000 krónur úr húsinu Skólabraut 57, Seltjarnarnesi.

Birna Óskarsdóttir, til heimilis á sama stað, hefur krafist endurgreiðslu á fjárhæðinni. Ákærði samþykkti kröfuna, sem tekin verður til greina.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi um miðjan maímánuð 1977 tekið að ófrjálsu fjármuni úr húsinu Tómasarhaga 21 hér í borg, svo sem nánar er lýst í ákæru.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í máímánuði árið 1977 farið inn í húsið Kambsveg 6 hér í borg og tekið þar að ófrjálsu ýmsa fjármuni, svo sem réttilega er lýst í ákæru.

Bergsveinn Bergsveinsson, Kambsvegi 6, Reykjavík, hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð krónur 100.000. Ákærði samþykkti kröfuna, og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VIII.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 16. júní 1977 tekið að ófrjálsu tvær áfengisflöskur og smáfúlgu í erlendri mynt í húsinu Langholtsvegi 94 hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IX.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 20. júní 1977 farið í þjófnaðarskyni inn í kjallara hússins Sólheima 10 hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

X.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi síðari hluta júnímánaðar árið 1977 tekið að ófrjálsu ýmsa fjármuni í húsinu Grenilundi 10, Garðakaupstað, svo sem nánar er lýst hér að framan. Ákveðin skaðabótakrafa kom ekki fram í þessum þætti málsins.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XI.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 27. júní 1977 farið í þjófnaðarskyni inn í húsið Langholtsveg 120 hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XII.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í júnímánuði árið 1977 tekið að ófrjálsu 40—50 þúsund krónur í húsinu Langholtsvegi 92 hér í borg. Eigandi peninganna, Hannes Jónsson, til heimilis á sama stað, taldi, að um 70 þúsund krónur hefði verið að ræða, og gerði hann kröfu til að fá þá fjárhæð endurgreidda. Ákærði samþykkti að greiða kr. 50.000 og verður dæmdur til þeirrar fjárgreiðslu, enda ekki sannað gegn neitun hans, að hann hafi tekið hærri fjárhæð.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XIII.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í júnímánuði árið 1977 tekið að ófrjálsu 90 dollara og 100.000 (fjárhæðin hefur misritast í ákæru) krónur úr húsinu Laugavegi 20 A hér í borg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XIV.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í júnímánuði 1977 tekið að ófrjálsu 120.000 krónur úr húsinu Karfavogi 60 hér í borg. Ákærði endurgreiddi fjárhæðina.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XV.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi hinn 17. febrúar 1978 heimildarlaust og í auðgunarskyni slegið eign sinni á krónur 235.000 í húsinu Austurbrún 4 hér í borg. Af fjárhæð þessari endurgreiddi ákærði kr. 148.500.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður annars vegar höfð hliðsjón af því, að um ítrekuð brot er að ræða, hann hefur farið inn í einkahíbýli og ekki að fullu bætt tjón, sem af brotum hans leiddi. Hins vegar ber til þess að líta, að nokkuð er liðið, frá því brot voru framin, og ákærði hefur á þeim tíma flust út á land, stofnað til fjölskyldutengsla og á fyrir konu og tveim börnum að sjá. Samkvæmt umsögn Boga Níelssonar, bæjarfógeta á Eskifirði, hefur ákærði verði samviskusamur og ástundunarsamur starfs-

maður og engin kæra á hendur honum borist. Með vísan til framanritaðs og 77. gr. hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuðir, en frá henni ber samkvæmt 76. gr. sömu laga að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. júní til 19. ágúst 1977 með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 180.000.

Dómsorð:

Ákærði, Þórir Þórisson, sæti fangelsi 5 mánuði, en frá þeirri refsingu skal draga gæsluvarðhald hans frá 30. júní til 19. ágúst 1977 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði Birnu Óskarsdóttur, Skólabraut 57, Seltjarnarnesi, kr. 10.000, Bergsveini Bergsveinssyni, Kambsvegi 6, Reykjavík, kr. 100.000 og Hannesi Jónssyni, Langholtsvegi 92, Reykjavík, kr. 50.000.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 180.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvember 1981.

Nr. 242/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði upphaflega til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1981. Hæstiréttur vísaði því máli frá dómi hinn 16. s. m. Varnaraðili hefur á ný skotið

máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. nóvember 1981, sem barst réttinum 25. s. m., en ríkissaksóknari hefur með bréfi 24. s. m. veitt leyfi til kærunnar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Krefst vararaðili þess, að dæmt verði, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með og dæma mál þetta og að hann skuli víkja sæti í því. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Skipaður verjandi varnaraðilja leitaði ekki í tæka tíð leyfis ríkissaksóknara til að kæra framangreindan úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. og 3. mgr. 174. gr. sömu laga. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Ástæða er til að taka fram, að varnaraðili hefur ekki rennt haldbærum stoðum undir þá kröfu sína, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með og dæma mál þetta.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. október 1981.

Sjá bls. 1430 að framan.

Mánudaginn 30. nóvember 1981.

Nr. 243/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði upphaflega til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1981. Hæstiréttur vísaði því máli frá dómi hinn 16. s. m. Varnaraðili hefur á ný skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. nóvember 1981, sem barst réttinum 25. s. m., en ríkissaksóknari hefur með bréfi 24. s. m. veitt leyfi til kærunnar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Krefst varnaraðili þess, að dæmt verði, að Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með og dæma mál þetta og að hann skuli víkja sæti í því. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Skipaður verjandi varnaraðilja leitaði ekki í tæka tíð leyfis ríkissaksóknara til að kæra framangreindan úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. og 3. mgr. 174. gr. sömu laga. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Ástæða er til að taka fram, að varnaraðili hefur ekki rennt haldbærum stoðum undir þá kröfu sína, að Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með og dæma mál þetta.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. október 1981.

Sjá bls. 1432 að framan.

Miðvikudaginn 2. desember 1981.

Nr. 99/1981. **Ólafur Róbert Ingibjörnsson**
gegn
Guðmundi Tómassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Róbert Ingibjörnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 7. desember 1981.

Nr. 31/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Steini Elíassyni
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Brottnám byggingar.
Kröfu um ómerkingu héraðsdóms hrundið. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og ákærunni vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann þess, að ákæruliður verði sýknaður af kröfum ákæruvalds í málinu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, fékk ákærði afsal fyrir skúrbyggingu þeirri, sem ákæran lýtur að, hinn 22. nóvember 1976, og var afsali þinglýst 24. s. m. án athugasemdar. Bæjarstjórn Akureyrar staðfesti hinn 25. nóvember 1975 synjun byggingarnefndar um að framlengja leyfi til þess, að skúrbyggingin fengi að standa á lóð þeirri við Helgamagrastræti, sem hér er um að ræða. Í framburði ákærða fyrir dómi 8. febrúar 1978 segir hann, að hann hafi, meðan viðræður um kaup á skúrnum stóðu, aflað sér „upplýsinga um, hver réttindi fylgdu skúrnum". Ber hann og, að hann hafi m. a. haft samband við Hrein Pálsson bæjarlögmann, sem hafi veitt þær upplýsingar, „að skúrinn væri stöðuleyfislaus", en hafi jafnframt bent sér á að leita til byggingarnefndar. Eftir að ákærði festi kaup á skúrnum, kveðst hann hafa hafist handa um endurbætur á honum í því skyni að reka þar fisksölu. Að svo búnu hafi hann leitað leyfis heilbrigðisfulltrúa til starfseminnar, en synjað var um leyfi þetta. Þá kveðst ákærði hafa ritað byggingarnefnd og leitað eftir „stöðuleyfi fyrir húsinu", en fengið synjun 9. febrúar 1977. Kveðst hann hafa byggt á því, að leyfið yrði veitt.

Helgi Már Bergs, bæjarstjóri á Akureyri, kveðst í framburði sínum fyrir dómi minnast viðræðna við ákærða um leyfi varðandi skúrbygginguna. Kveðst bæjarstjórinn hafa bent ákærða á, „að umræddar skúrbyggingar hefðu ekki stöðuleyfi, og varað hann við að kaupa skúrinn með atvinnurekstur á staðnum í huga." Telur hann, að ekki hafi verið endanlega gengið frá kaupum á skúrnum, þegar viðræður þessar fóru fram.

Hreinn Pálsson bæjarlögmaður skýrir svo frá í dómi, að hann hafi í viðtali sínu við ákærða „alls ekki gefið kærða neinn ádrátt um, að stöðuleyfi yrði veitt, þar sem því (vitninu) hafi verið falið af bæjarráði að fá fyrri eigendur til að fjarlægja skúrinn".

Eftir að bæjarstjórn Akureyrar samþykkti synjun um framlengingu leyfis varðandi greinda skúrbyggingu hinn 25. nóvember 1975, áréttaði hún afstöðu sína til málsins 18.

janúar 1977 og 8. febrúar s. á. og byggingarnefnd kaupstaðarins einnig, m. a. hinn 16. júní 1976.

II.

Svo sem áður greinir, krefst verjandi ákærða ómerkingar héraðsdóms og að ákæru verði vísað frá héraðsdómi, með því að málið hafi verið rekið sem opinbert mál andstætt lögum. Á þetta verður ekki fallist. Eftir að leyfi bæjarstjórnar til þess, að skúrinn fengi að standa á tilgreindri lóð við Helgamagrastræti, rann út síðla árs 1975, án þess að það yrði framlengt, tók við ólögmætt ástand í merkingu 11. tl. 2. gr. laga nr. 74/1974, og hefur réttur fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna krafist brottnáms skúrbyggingarinnar. Sætir málið því réttilega meðferð opinberra mála. Er ómerkingarkröfunni því hrundið.

III.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu um aðalskipulag Akureyrarkaupstaðar, stendur skúrbygging ákærða á svæði, sem ætlað er til leikvallar, en á enda er runnið leyfi það, er bæjarstjórn veitti ákærða til að láta skúrbygginguna standa á lóðinni við Helgamagrastræti, sem talin er vera eign bæjarsjóðs Akureyrar. Er skúrbyggingin því lóðarréttindalaus og fer enda í bága við ákvæði 5. gr., 1. málsgr., laga nr. 19/1964. Með vísan til þessa ber að taka til greina þá kröfu í ákæruskjali, að framangreind skúrbygging ákærða skuli fjarlægð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þ. á m. saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.000.00 krónur.

Það athugast, að ákærði er ranglega yfirheyrður sem vitni í sakadómi Akureyrar hinn 8. febrúar 1978.

Dómsorð:

Ofangreindri ómerkingarkröfu er hrundið.

Framangreind skúrbygging ákærða, Jóns Steins Elíassonar, skal fjarlægð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipað verjanda síns, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, 3.000.00.

Dómi þessu ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði:

Sigurgeirs Jónsson hæstaréttardómara.

Ágreiningslaust er, að Akureyrarkaupstaður sé eigandi lands þess (lóðar), sem hin umdeilda skúrasamstæða stendur á. Af gögnum málsins verður ekki séð, að byggingarleyfi hafi verið veitt fyrir skúrum þessum eða lóðarsamningur gerður um lóðina. Verður því að leggja það til grundvallar, að hvorki hafi lóðarsamningur verið gerður né byggingarleyfi verið veitt.

Málavextir eru þeir, að hinn 18. apríl 1950 samþykkti bæjarstjórn Akureyrar tillögu byggingarnefndar Akureyrar frá 14. s. m. um að veita 2 nafngreindum mönnum bráðabirgðaleyfi fyrir lóðarbletti við Helgamagrastræti undir fisksöluskúr, en menn þessir höfðu sótt um 2 lóðir í þessu skyni. Hinn 19. desember sama ár er tekin fyrir í bæjarstjórn Akureyrar beiðni annars manna þessara, Þorsteins Austmar, um föst lóðarréttindi eða að minnsta kosti réttindi til 10 eða 15 ára. Samkvæmt meðmælum byggingarnefndar var leyfi veitt til 10 ára. Samkvæmt kærubréfi lögmanns Akureyrarbæjar frá 28. nóvember 1977 „virðist skúrbyggingin hafa verið komin upp“ í desember 1950. Hinn 21. mars 1961 samþykkir bæjarstjórn Akureyrar tillögu byggngarnefndar um, „að bráðabirgðastöðuleyfi verði veitt fyrir umræddri byggingu til 5 ára“. Hinn 7. nóvember 1963 er beiðni um 15 ára lóðarsamning fyrir timburhús svarað með veitingu svokallaðs stöðuleyfis fyrir skúr þessum til 10 ára. Er nú sett upp lóðarleiga, kr. 500.00 á ári. Hinn 29. ágúst 1972 samþykkir bæjarstjórn beiðni Radíóvinnustofunnar „um leyfi til að setja niður skúr ... sunnan og áfast við Helgamagrastræti 10.... Leyfið er veitt sem bráðabigðaleyfi og til jafnlengdar og stöðuleyfi

gildir fyrir húsi því, sem fyrir er, þ. e. til 7. nóvember 1973". Hinn 4. desember 1973 framlengir síðan bæjarstjórn Akureyrar bráðabirgðastöðuleyfi fyrir húsinu til næstu tveggja ára. Í leyfisveitingu þessari segir, að leyfið sé háð gjaldskrá um byggingargjald. Engar skýringar eru á því í máli þessu, hvað byggingargjald sé. Hinn 25. nóvember 1975 synjar bæjarstjórn Akureyrar síðan beiðni þáverandi eiganda skúranna um svokallað stöðuleyfi til næstu 5 ára. Hinn 18. janúar 1977 synjar bæjarstjórn Akureyrar beiðni ákærða frá 13. s. m. um leyfi til atvinnurekstrar, þar sem stöðuleyfi hafi fallið úr gildi í nóvember 1975, og hinn 8. febrúar 1977 er ákærða synjað um svokallað stöðuleyfi fyrir skúrasamstæðunni.

Forverar ákærða höfðu um 25—26 ára skeið haft fulla heimild bæjarstjórnar Akureyrar til þess annars vegar að nota lóð Akureyrarbæjar, sem talin var nr. 10 við Helgamagrastræti, og hins vegar til þess að setja niður og láta standa á lóðinni skúra, sem ekki fullnægðu skilyrðum til þess, að út yrði gefið formlegt byggingarleyfi fyrir húsi.

Í athugasemdum og skýringum við lög nr. 27 5. mars 1951 um meðferð opinberra mála segir svo um 11. tölulið 2. gr. laganna, sem er samhljóða 11. tölulið 2. gr. núgildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974: „Hér er átt við ástand, sem aðili hefur komið á andstætt ýmiskonar lögum, sem vernda eiga almannahagsmuni, svo sem eru lögreglusamþykktir, heilbrigðissamþykktir, byggingarsamþykktir, ákvæði í brunamálalögum, vegalögum, hafnarlögum o. s. frv. ..."

Krafa sú, sem gerð er í máli þessu, er gerð af skipulagsástæðum. Bæði er kæra Akureyrarbæjar til sakadóms Akureyrar og kröfur í ákæruskjali byggðar á því, að fjarlægja þurfi skúrana af skipulagsástæðum, og öll tilvitnuð ákvæði í ákæruskjali varða skipulag eingöngu. Málatilbúnaður er því á engan hátt reistur á því, að um ólögmætt ástand af byggingarfræðilegum ástæðum sé að ræða eða öðrum ástæðum, sem varði við byggingarlög eða byggingarsamþykkt. Ef um lóð í einkaeign hefði verið að ræða, hefði því til þess að

fullnægja ákvæðum aðalskipulags um notkun lóðar til almannaþarfa þurft að kaupa lóðina eða beita eignarnámsheimild. Ég tel mál þetta því eingöngu varða skipti landeiganda og leigutaka um afnot lóðar, sem lýkur vegna þess, að landeigandi synjar um áframhaldandi afnot, að því er haldið er fram, til þess að geta fullnægt ákvæðum aðalskipulags. Um ástand það, sem skapast vegna loka slíkra viðskipta, tel ég réttarfarsákvæði 11. töluliðar 2. gr. laga nr. 74/1974 alls ekki geta átt við, enda í ósamræmi við athugasemdir með lögum 27/1957, sem að framan greinir. Ég tel réttarfarsákvæði þetta því ranglega notað í máli þessu og að vísa hefði átt málinu frá héraðsdómi. Í þeim dómum Hæstaréttar, sem staðfest hafa eða fyrirskipað hafa beitingu 11. töluliðar 2. gr. laga 74/1974, hefur ávallt verið um að ræða ástand, sem talið hefur verið ólögmætt frá upphafi gagnstætt því, sem er í þessu máli og rakið hefur verið.

Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins frá þingfestingu og vísa því frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 4.500.00 krónur.

Mér ber samkvæmt ákvæði 1. mgr. 53. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 að greiða atkvæði um efni máls, þar sem ofangreind niðurstaða hefur ekki hlotið stuðning meiri hluta dómenda. Atkvæði mitt um efnisþátt málsins er sem hér segir:

Í ákæru er höfðað opinbert mál á hendur ákærða „til þess að sæta brottnámi ólöglegrar skúrbyggingar á lóðinni nr. 10 við Helgamagrastræti á Akureyri samkvæmt 6. gr., sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 19/1964“ Ég fæ ekki séð, að lagaákvæði þessi geti átt við í máli þessu. 36. gr. laganna fjallar um refsiviðurlög, málsmeðferð og vald skipulagsstjórnar til þess með dagsektum að þvinga aðilja til þess að vinna verk með tilteknum hætti. Í málinu er ekki ákært til refsingar. 6. gr. laganna fjallar um það, er gerð mannvirkis er hafin á skipu-

lagsskyldu svæði, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, og vald sveitarstjórnar í því sambandi svo og málsmeðferð, greiðslu kostnaðar af ákveðnum athöfnum og eftirlit ráðuneytis og skyldu. Þá er síðar í ákærunni, þar sem lýst er ástandi því, sem krafist er, að breytt verði með dómi, talið, að staða skúrbyggingarinnar á lóðinni nr. 10 við Helgamagrastræti varði við auglýsingu félagsmálaráðuneytis um staðfestingu á aðalskipulagi Akureyrar nr. 548 19. desember 1975 og 5. gr., sbr. 36. gr. skipulagslaga. Að framan er fjallað um ákvæði 36. gr. skipulagslaga. Í 1. mgr. 5. gr. sömu laga segir: „Á skipulagsskyldu svæði skulu allar byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt ...". Ég tel orðalag málsgreinarinnar svo og síðari málsgrein sömu greinar og tilvísun í henni til 2. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 31/1978, ótvírætt gefa til kynna, að í málsgreininni sé átt við óorðna hluti með orðunum „gerð í samræmi við ...". Skúrar þeir, sem hér er krafist „brottnáms" á eða að fjarlægðir verði, höfðu staðið, frá því þeir voru settir þar niður, þar til undir árslok 1975, með fullum leyfum bæjarstjórnar Akureyrar, bæði sem landeiganda og byggingaryfirvalds. Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Akureyrar segir aðeins til um, hvert sé aðalskipulag Akureyrar, en ekki hvernig fara skuli, ef brotið sé gegn því.

Samkvæmt því, er hér hefur verið rakið, tel ég lagagreinar þær, sem ákært er út af, ekki geta átt við um ástand það eða atferli, sem í máli þessu á að fjalla um. Ber því að sýkna ákærða í þessu máli af kröfum í ákæruskjali. Um málskostnað vísast til þess, sem að ofan greinir.

Dómur sakadóms Akureyrar 5. september 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. ágúst sl., er höfðað fyrir sakadómi Akureyrar með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 14. mars sl., „á hendur Jóni Steini Elíassyni, Lönguhlíð 3 á Akureyri, fæddum 1. nóvember 1950 á Hellissandi, til þess að sæta brottnámi ólöglegrar skúrbyggingar á lóðinni nr. 10 við Helgamagrastræti á Akureyri samkvæmt 6. gr., sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Fyrrgreind skúrbygging var reist í desember 1950, og sam-

þykkti bæjarstjórn Akureyrar á fundi 19. s. m., að Þorsteinn Austmar, sem í upphafi reisti skúrinn, fengi lóðarréttindi á leigu til 10 ára. Gekk umrædd skúrbygging síðan kaupum og sölum, og fengust lóðarréttindi endurnýjuð, svo sem rakið er:

Hinn 21. mars 1961 til 5 ára — þá nefnd bráðabirgðastöðuleyfi.

Hinn 7. nóvember 1963 til 10 ára.

Hinn 29. ágúst 1972 ásamt leyfi fyrir viðbótarbyggingu, þó eigi lengur en til 7. nóvember 1973.

Hinn 4. desember 1973 bráðabirgðastöðuleyfi til tveggja ára, þar til bæjarstjórn samþykkti 25. nóvember 1975 að synja erindi Axels Guðmundssonar, annars eiganda margnefnds skúrs, um, að stöðuleyfið yrði framlengt til næstu fimm ára.

Ákærði eignaðist skúrinn með afsali 22. nóvember 1976, og hafði hann þá áður fengið vitneskju um, að staða skúrsins á fyrrnefndri lóð væri óheimil.

Skúrinn, sem byggður var í þremur áföngum, er alls 99.74 m^2 að flatarmáli, og er mesta hæð hans 3.50 m. Er hann byggður úr timbri, en gólf sumpart steinsteypt og sumpart úr timbri. Að utan er skúrinn ýmist klæddur með borðviði eða tjörupappa utan á timburklæðningu. Þak er klætt yzt með tjörupappa.

Telst staða skúrbyggingarinnar á lóðinni nr. 10 við Helgamagrastræti varða við auglýsingu félagsmálaráðuneytisins um staðfetingu á aðalskipulagi Akureyrar nr. 548 19. desember 1975 og 5. gr., sbr. 36. gr. skipulagslaga.

Þess er krafist, að margnefnd skúrbygging verði fjarlægð og ákærði dæmdur til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Þess er eigi krafist, að ákærða verði dæmd refsing."

Málavextir.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 1977, kærir bæjarlögmaðurinn á Akureyri f. h. bæjarstjórans á Akureyri vegna Akureyrarkaupstaðar óleyfilega stöðu skúrbyggingar við Helgamagrastræti hér í bæ. Skúrbygging þessi stendur nyrst á opnu svæði austan götunnar, næst sunnan við húsið nr. 12, en nr. 10 mun hafa verið notað á skúrbygginguna til hægðarauka. Það mun fyrst hafa verið í apríl 1950, sem sótt er um lóðarréttindi undir fisksölubúð á framangreindri lóð. Byggingarnefnd samþykkti að veita bráðabirgðaleyfi undir fisksöluskúr, og var veitt leyfi til 10 ára. Gekk umrædd skúrbygging kaupum og sölum, og fengust lóðarréttindi endurnýjuð sem rakið er:

Hinn 21. mars 1961 til 5 ára, þá nefnd bráðabirgðastöðuleyfi.

Hinn 7. nóvember 1963 til 10 ára.

Hinn 29. ágúst 1972 ásamt leyfi fyrir viðbótarbyggingu, þó eigi lengur en til 7. nóvember 1973.

Hinn 4. desember 1973 bráðabirgðastöðuleyfi til tveggja ára.

Að sögn kæranda voru þær ástæður, sem lágu til grundvallar, að stöðuleyfi var veitt fyrir skúrbyggingunni eftir 1973, þær, að fyrirtæki það, sem þá var með starfsemi í skúrbyggingunni, Radíóvinnustofan s/f, var að flytjast í nýtt húsnæði, og var greitt fyrir starfsemi fyrirtækisins með þessu móti.

Hinn 4. nóvember 1975 sækir Axel Guðmundsson f. h. Radíóvinnustofunnar s/f um 5 ára stöðuleyfi fyrir skúrbyggingunni. Byggingarnefnd synjaði umsókninni, og segir jafnframt í bókun byggingarnefndar, að skúrbyggingin skuli fjarlægð. Þessa bókun byggingarnefndar samþykkti bæjarstjórn á fundi sínum þann 25. nóvember 1975.

Með bréfi, dags. 6. júlí 1976, var þáverandi eiganda skúrbyggingarinnar tjáð, að farið yrði að ganga eftir því, að skúrbyggingin yrði fjarlægð, og þá á hans kostnað og af starfsmönnum bæjarins. Ekkert er aðhafst í málinu, en skúrbyggingin gengur kaupum og sölum, uns ákærði eignaðist hana með afsali 22. nóvember 1976.

Með bréfi, dags. 13. janúar 1977, sækir ákærði um stöðuleyfi fyrir skúrbyggingunni til tveggja ára. Þessu erindi er synjað af byggingarnefnd og bæjarstjórn. Skúrbygging sú, sem hér um ræðir, er byggð í þremur áföngum og er alls 99.74 m^2 að flatarmáli. Mesta hæð hennar er 3.50 m. Er skúrbyggingin byggð úr timbri, en gólf sumpart steinsteypt og sumpart úr timbri. Að utan er skúrbyggingin ýmist klædd með borðviði eða tjörupappa utan á timburklæðningu. Þak er klætt yst með tjörupappa.

Niðurstaða.

Skúrbyggingin við Helgamagrastræti 10 stendur á lóð, sem samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Akureyrar er ætluð sem íþrótta- og leiksvæði. Skúrbyggingin hefur verið stöðuleyfislaus síðan í nóvember 1975. Hefur ákærði því ekki stöðuleyfi fyrir skúrbyggingunni. Í ákæruskjali er staða skúrbyggingarinnar talin varða við auglýsingu félagsmálaráðuneytisins um staðfestingu á aðalskipulagi Akureyrar nr. 548 19. desember 1975 og 5. gr., sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964. Er þess krafist, að marggnefnd skúrbygging verði fjarlægð skv. 6. gr., sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Eigi er þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing.

Skipaður verjandi ákærða krefst frávísunar máls þessa frá sakadómi. Með vísan til 11. tl. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að hafna þessari kröfu skipaðs verjanda ákærða.

Þar sem sannað þykir, að ákærði hefur ekki stöðuleyfi fyrir margnefndri skúrbyggingu, ber að dæma hann til að fjarlægja skúrbygginguna af lóðinni við Helgamagrastræti, sbr. 6. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, sem ákvarðast kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Árni Pálsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Steinn Elíasson, skal fjarlægja skúrbygginguna að Helgamagrastræti 10.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. desember 1981.

Nr. 70/1980. **Friðrik Haraldsson**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Guðmundi Þórðarsyni
(sjálfur).

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með

stefnu 16. október 1979, en útivistardómur gekk í því máli 14. apríl 1980. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 skaut áfrýjandi málinu til Hæstaréttar að nýju með stefnu 12. maí 1980. Krefst hann þess, að fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Kjósarsýslu 28. september 1979, verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með sáttargerð á bæjarþingi Reykjavíkur 29. janúar 1979 lofaði áfrýjandi að greiða stefnda 250.000 krónur ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af 125.000 krónum frá 5. júní 1978 til 5. júlí 1978, en af 250.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags, 3.400 krónur í bankakostnað og 60.000 krónur í málskostnað, allt hinn 1. apríl 1979.

Áfrýjandi greiddi skuldina ekki á gjalddaga, og hinn 27. apríl 1979 lét stefndi framkvæma fjárnám í fógetarétti Kópavogs til tryggingar henni í tveim bifreiðum, R 62278 og R 57862, sem hann taldi eign áfrýjanda. Ekki hefur verið lagt fyrir Hæstarétt endurrit af þessari fjárnámsgerð. Sölutilkynning frá áfrýjanda til eiginkonu hans um bifreiðina R 62278 er dagsett 28. apríl 1979, og bifreiðin var skráð á nafn hennar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins 3. maí s. á. Bifreiðin R 57862 var sama dag skráð á nafn manns í Hafnarfirði hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Sölutilkynning um hana er dagsett 8. janúar 1979. Hinn 2. maí 1979 lét stefndi þinglýsa í Reykjavík áðurgreindri fjárnámsgerð á báðar bifreiðarnar. Var það gert athugasemdalaust, að því er séð verður af veðbókarvottorðum. Í júlímánuði 1979 tók stefndi bifreið þá, sem áfrýjandi hafði afsalað konu sinni, í sínar vörslur, en afhenti hana síðan aftur um það bil viku seinna, er hann vissi, að áfrýjandi mundi bera það fyrir sig, að hún væri eign konu sinnar.

Hinn 28. september 1979 var fógetaréttur Reykjavíkur háður af Ólafi Sigurgeirssyni, fulltrúa yfirborgarfógeta, á skrifstofu hans. Er bókað í þingbók, að lögð hafi verið fram gerðarbeiðni og fyrrnefnd sátt í bæjarþingi Reykjavíkur. Að-

iljar máls þessa sóttu báðir þing. Áfrýjandi kvaðst ekki geta greitt. Er síðan eftirfarandi bókað í þingbók: „Að kröfu gerðarbeiðanda er bent á eignina Norðurtún 18, Bessastaðahreppi, til fjárnáms. Gerðinni er lokið þar, en verður haldið áfram í fógetarétti Gullbringusýslu. Mætti skrifar eingöngu undir samþykki á fyrirtöku málsins hér. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið játað rétt bókað. Gerðinni lokið."

Sama dag ritaði stefndi sýslumanni Kjósarsýslu bréf og fór þess á leit, „að gert verði fjárnám í fasteigninni Norðurtún 18, Bessastaðahreppi, eign" áfrýjanda, til tryggingar áðurgreindri skuld ásamt vöxtum og kostnaði.

Sama dag tók Bergur Oliversson, fulltrúi sýslumanns í Kjósarsýslu, beiðni þessa fyrir í fógetarétti Kjósarsýslu, sem haldinn var að Norðurtúni 18 að viðstöddum tveim vottum. Fógeti lagði fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit úr fógetabók Reykjavíkur, dagsett sama dag. Stefndi sótti þing og krafðist fjárnáms til tryggingar áðurgreindri skuld ásamt vöxtum og kostnaði. Áfrýjandi var ekki viðstaddur, en bókað er í þingbók, að fyrir hann hafi sótt þing kona, er í húsinu bjó. Síðan er bókað: „Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Norðurtún 18, Bessastaðahreppi. Fallið er frá virðingu. Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólöglærð, og brýnir m. a. fyrir henni að tilkynna gerðarþola fjárnámið, að ekki megi ráðstafa hinu fjárn. á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum. Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið."

Það er þessi fjárnámsgerð, sem áfrýjað er.

Fjárnámi því í áðurgreindum bifreiðum, er þinglýst hafði verið í Reykjavík og fyrr getur, var aflýst hinn 12. október sama ár.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að fjárnám hafi ekki mátt gera hjá stefnda, þar sem stefndi „átti þegar þinglýst og óaflýst fjárnám í 2 bifreiðum fyrir sömu kröfu og hafi ekki látið framkvæma lausnargerð". Þá telur hann fjárnámsgerðina í fógetarétti Kjósarsýslu vera sjálfstæða gerð, en ekki

framhaldsfjárnám og sé því vandséð, hvernig mátt hafi framkvæma hana án þess að fá til atbeina áfrýjanda. Loks telur hann, að við fógetagerðina, sem fram fór í Reykjavík, hafi fógeti vanrækt að gæta leiðbeiningarskyldu sinnar.

Stefndi heldur því fram, að fjárnámið sé í alla staði löglegt. Ljóst sé, að verið var að framkvæma nýtt fjárnám í stað fjárnáms þess, sem gert hafði verið í áðurgreindum bifreiðum, en áfrýjandi hafi verið búinn að selja þær, áður en fjárnámið fór fram. Hið nýja fjárnám hafi verið byrjað í Reykjavík og því síðan fram haldið að Norðurtúni 18.

Þegar fjárnámsgerð sú, er áður greinir, fór fram í fógetarétti Kópavogs 27. apríl 1979, var áfrýjandi enn skráður eigandi beggja bifreiðanna. Hann var enn skráður eigandi þeirra, þegar endurrit fjárnámsgerðar var afhent til þinglýsingar 2. maí s. á. Ekki hefur gildi þessarar fjárnámsgerðar verið vefengt af hálfu áfrýjanda, og henni hafði ekki verið aflétt með lausnargerð eða á annan hátt, er hið áfrýjaða fjárnám var gert fyrir sömu kröfu. Ekki hafði stefndi þá heldur látið reyna á það, hvort fyrra fjárnámið væri gild uppboðsheimild gagnvart kaupendum bifreiðanna, né staðreynt með virðingu eða uppboði, að verðmæti bifreiðanna hrykki ekki til að greiða kröfuna. Mátti því ekki taka fjárnámið upp að nýju og halda því áfram, eins og gert var 28. september 1979, sbr. 51. og 52. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Verður þegar af þessari ástæðu að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Guðmundur Þórðarson, greiði áfrýjanda, Friðrik Haraldssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. desember 1981.

Nr. 110/1979. **Emil Pálsson**
(Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Vélsmiðjunni Faxa h/f
(Þorvaldur Ari Arason hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. júní 1979. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi ekki borið fyrir sig þann fyrirvara um ásigkomulag bifreiðarinnar X 825, sem hann gerði í afsali.

Við það verður að miða, að grind bifreiðarinnar hafi verið í mun lakara ásigkomulagi en vænta mátti eftir gerð bifreiðarinnar og aldri. Enn fremur má á það fallast, að þess hafi ekki verið að vænta, að forráðamaður stefnda kæmi auga á skemmdirnar á grindinni við skoðun sína. Skýtur 47. gr. laga nr. 39/1922 því ekki loku fyrir, að stefndi beri þær fyrir sig.

Fyrir Hæstarétti andmælir áfrýjandi ekki, að honum verði gert að bæta stefnda tjón hans, ef talið verði, að skemmdir á grind bifreiðarinnar hafi mátt dyljast fyrirsvarsmanni hans við skoðun. Verður áfrýjandi því dæmdur til að bæta tjón hans, án þess að skilyrði 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 komi sérstaklega til álita. Með hliðsjón af því, að stefndi seldi bifreiðina síðar óviðgerða, svo og af verðlagningu hennar í viðskiptum aðilja þykja bætur þær, sem áfrýjanda verður gert að greiða, hæfilega ákveðnar að álitum 1.500.00 krón-

ur (nýkr.) með vöxtum, svo sem krafist er, en upphafstíma þeirra hefur ekki verið andmælt.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Emil Pálsson, greiði stefnda, Vélsmiðjunni Faxa h/f, 1.500.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 11. maí 1978 til greiðsludags og samtals 3.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 26. apríl 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. ágúst 1978, af Magnúsi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni f. h. Vélsmiðjunnar Faxa h/f, Smiðjuvegi 36, Kópavogi, gegn Emil Pálssyni, Fögrubrekku 1, Kópavogi, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 236.000 með 19% ársvöxtum frá 11. maí 1978 til greiðsludags auk alls málskostnaðar, þ. m. t. kr. 40.000 vegna matskostnaðar.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af stefnukröfum og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Samkvæmt skjölum og gögnum málsins eru atvik þau, að hinn 11. maí 1978 gerðu málsaðiljar með sér bílakaup fyrir milligöngu bílasölunnar Bílavals í Reykjavík. Keypti stefndi Chevrolet Impala fólksbifreið stefnanda fyrir kr. 1.700.000 og greiddi kaupverðið með peningum og víxlum kr. 700.000 og með því að stefnandi tók upp í kaupin fyrir kr. 1.000.000 stationsbifreið stefnda, X 825, af gerðinni Volvo 145, árgerð 1970. Bifreið þessa hafði stefndi eignast réttum mánuði áður í bílaskiptum. Hún hafði nýlega verið færð í gegnum aðalskoðun.

Skömmu eftir kaupin var farið með Volvo bifreiðina á verkstæði til þess að láta þar skipta um gúmmí á höggvara. Komu þá í ljós alvarlegar skemmdir á undirvagni. Voru báðir grindarbitar að framan gegnum ryðgaðir og brotnir.

Með símskeyti 29. maí 1978 krafði lögmaður stefnanda stefnda

um skaðabætur vegna galla á bifreiðinni. Fylgdi í kjölfarið kröfubréf. Stefndi vísaði bótaskyldu á bug með bréfi 2. júní 1978.

Með beiðni 14. júní 1978 óskaði stefnandi dómkvaðningar matsmanna. Segir svo í niðurlagi hennar:

„Þess er óskað, að matsmennirnir láti í té skriflegt og rökstutt álit á eftirfarandi:

1. Lýsing á frambitum, vinstra frambretti og vinstri framhurð.
2. Hvað kostar að gera við bifreiðina?
3. Hvað séu hæfilegar fébætur til matsbeiðanda fyrir hvern dag, sem hann verður af afnotum bifreiðarinnar?“

Hinn 23. júní 1978 voru dómkvaddir á bæjarþingi Kópavogs til að framkvæma hið umbeðna mat þeir Jan Jansen og Sigurgestur Guðjónsson bifvélavirkjameistarar.

Skiluðu þeir matsgerð, dagsettri 21. júlí 1978, en meginmál hennar hljóðar svo:

„1. Við skoðun kom í ljós, að grindarbitar eru gegn ryðgaðir og brotnir og þar af leiðandi ónýtir, og þarf að endurnýja þá. Gert hafði verið við og soðið í vinstra frambretti, fyllt yfir með fyllingarefni og málað. Teljum við það vera viðgerð eins og tíðkast, að framkvæmd er á gömlum bifreiðum. Einnig hafði verið gert við vinstri framhurð, og teljum við, að þar sé um venjulega viðgerð að ræða.

2. Kostnað á viðgerð á bifreiðinni teljum við vera sem hér segir:

Grindarbitar, suða og annað efni	kr. 122.000.-
Vinna 40 klst. á 2.600.- pr. klst.	kr. 104.000.-
Samtals	kr. 226.000.-

3. Ekki hafa verið lögð fram nein gögn eða annað, sem sýna væntanlega notkun bifreiðarinnar, og telja matsmenn sig því ekki í aðstöðu til að meta þennan lið. En hæfilegur viðgerðartími telst vera 5 dagar.

Matið fór fram við Vélsmiðjuna Faxa h.f., Smiðjuvegi 36 í Kópavogi, 13. júlí 1978. Viðstaddir voru ásamt matsmönnum þeir hr. Magnús Þórðarson lögmaður fyrir hönd Vélsmiðjunnar Faxa h.f. og hr. Björn Ólafur Hallgrímsson fulltrúi fyrir hönd fyrrverandi eiganda.“

Matsmennirnir hafa báðir staðfest gerðina hér fyrir dóminum.

Þeir telja báðir, að greindar ryðskemmdir hafi átt langan aðdraganda.

Sigurgestur Guðjónsson segir í sinni skýrslu, að ryðskemmdir og brot á grindarbitanum hafi verið á grindarkjálkanum að framanverðu. Hann man ekki, hvort skemmdirnar voru meiri á annarri hliðinni, en segir, að þeir matsmennirnir hafi talið, að grindarramminn að framanverðu hafi verið alveg ónýtur. Sigurgestur tekur fram, að það hafi vakið furðu sína, að bíllinn hafi verið nýlega skoðaður. Áleit hann það vera alveg fráleitt, að bíllinn skyldi komast í gegnum skoðun. Hann minnir, að brotin hafi verið við hjólabitann og einnig aftast á grindarkjálkanum.

Sigurgestur segir aðspurður, að hann álíti, að venjulegur maður án nokkurrar sérþekkingar á bílum hefði ekki getað gert sér grein fyrir skemmdunum á grindinni og bitunum að framan við venjulega skoðun eins og tíðkist við kaup. Til þess að geta séð þetta fullkomlega þurfti að komast undir bílinn.

Hann tekur fram, að með því að beygja sig niður hafi verið hægt að sjá gat í grindarkjálkanum öðrum megin. Hann segir, að viðkomandi þyrfti að vita, hvort slíkt gat ætti að vera eða ekki, til þess að geta gert sér grein fyrir þýðingu þess, þar sem ekki hafi verið ljóst fyrir venjulegan mann við skoðun, að umrætt gat hefði verið ryðgat. Hann tekur fram, að grindarkjálkinn hafi verið ryðgaður í gegn, þannig að sást í gegn.

Jan Jansen segir, að grindarbitarnir að framan hafi verið gegnumryðgaðir og brotnir við hvalbak. Hafi aðalskemmdirnar verið fyrir aftan hjólabitann, en hann ekki verið laus. Hann segir, að ryðgötin hafi verið slík, að stinga mátti hendi í gegnum. Hafi þau verið allt að 20—30 cm löng.

Hann segir það vera álit sitt, að venjulegur maður hefði getað séð umræddar skemmdir, ef hann hefði beygt sig niður og litið undir bílinn. Hafi skemmdirnar verið mjög áberandi og blasað við, ef horft var undir bílinn. Hann tekur fram í þessu sambandi, að sitt álit sé, að menn skoði almennt ekki þannig undir bíla á bílasölum, er þeir séu að kaupa.

Jan segir, að bíllinn hafi verið óvenjuilla farinn af ryði á umræddum stað miðað við aldur, þótt einn og einn bíll sjáist svona illa farinn.

Bjarni Gunnar Sveinsson, framkvæmdastjóri Vélsmiðjunnar Faxa h/f, annaðist kaupin f. h. félagsins. Gaf hann skýrslu fyrir dóminum 17. janúar sl.

Bjarni skýrir svo frá, að síðastliðið vor hafi verið reynt að selja

fólksbifreið í eigu smiðjunnar, en bíll þessi var af gerðinni Chevrolet 1973. Var bíllinn hjá bílasölunni Braut og hafði verið þar í 2—3 vikur, án þess hann seldist. Föstudaginn fyrir hvítasunnuhelgina, að hann minnir, var hringt frá bílasölunni Bílavali og spurt, hvort bíllinn væri falur í skiptum og var nefndur Volvo station, árgerð 1970. Segir Bjarni, að bílasalinn, Þórhallur Ölver, hafi sagt, að bíll þessi væri í toppstandi. Kveðst Bjarni hafa farið á bílasöluna og hitti þá stefnda, sem staðfesti það aðspurður, að bíllinn væri í fullkomnu lagi. Kveðst Bjarni hafa skoðað bílinn með því að ganga í kringum hann og gangsetti og aðeins hreyfði hann þarna á planinu fyrir framan. Að því búnu voru kaupin afráðin, og borgaði stefndi á milli í peningum og með víxlum á aðra.

Bjarni segir, að bílasalinn hafi boðist til að láta setja demparagúmmí í bílinn, en það var það eina, sem sagt væri að, þ. e. að það heyrðist í dempara. Var því bíllinn skilinn eftir á bílasölunni, enda hafði hann ekki tök á því að fara með hann sama dag sökum anna. Eftir helgina eða þegar Þórhallur Ölver hafði látið setja í demparagúmmíið, sagði hann þeim í vélsmiðjunni, að grindin að framan væri stórbiluð, þar sem grindarbitar væru brotnir.

Bjarni segist hafa séð undir bílinn í fyrsta og eina sinnið, er matsskoðun fór fram. Var þá búið að lyfta bílnum upp. Segist hann hafa séð, að grindarbitinn vinstra megin var brotinn, en ekki greinileg merki um ryðtæringu.

Hann segist aðspurður, að með því að leggja hart á stýrið til hægri og horfa upp í brettisskálina hafi mátt sjá brotna bitann vinstra megin að framan, þótt bíllinn stæði á jafnsléttu og án þess að lyfta honum upp. Þetta hafi hann staðreynt við matsskoðun.

Stefndi kom fyrir dóminn 25. s. m.

Hann skýrir svo frá, að hinn 10. apríl 1978 hafi hann keypt umræddan bíl í skiptum fyrir annan. Kveðst hann hafa ákveðið strax að selja bílinn aftur og koma honum í sölu á bílasölunni á Höfðatúni, þar sem hann hafði keypt hann, svo og á Bílavali, Laugavegi 92, Reykjavík.

Réttum mánuði síðar komst hann í samband við stefnanda fyrir milligöngu Bílavals og kom með bílinn á söluna til þess að sýna hann og semja um hugsanleg kaup. Hafi hann þar hitt framkvæmdastjóra stefnanda, sem var með ameríska bíl til sölu, og varð það úr, að hann keypti þann bíl og lét Volvoinn upp í kaupverðið og borgaði á milli kr. 700.000 í peningum og víxlum.

Emil segir, að umræddur fyrirsvarsmaður stefnanda hafi skoðað bílinn og reynt hann í akstri, án þess að hann færi með. Hafi maðurinn spurt, hvað hann áliti um bílinn. Segist Emil hafa tjáð honum, að hann hefði átt bílinn mjög stutt og væri því ráðlegast fyrir hann að skoða bílinn sjálfur. Hann segist hafa vitað, að af hálfu stefnanda voru tveir menn, sem fjölluðu um kaupin, en hann talaði ekki nema við annan þeirra.

Emil segist ekki hafa vitað neitt um skemmdirnar á grind bílsins. Hafi hann ekki merkt neitt athugavert, er hann ók honum. Hann tekur fram, að hann hafi notað bílinn mjög lítið, enda átti hann aðra bifreið á þessum tíma.

Hann segist ekki muna til þess, að viðsemjandi sinn, Þorsteinn Þorsteinsson, lýsti Volvo bílnum nokkuð við þeirra kaup. Hafi hann fengið lýsingu á honum í samandregnu formi í gegnum síma frá bílasalanum. Hann segist hafa prófað bílinn í akstri og skoðað hann, en ekkert séð athugavert. Fannst honum bíllinn þokkalegur miðað við árgang.

Emil segir, að við kaupin hafi fyrirsvarsmanni stefnanda verið sagt það, ekki af sér, heldur af bílasalanum væntanlega, að setja þyrfti demparagúmmí á. Hafi framkvæmdastjórinn sagst ætla að láta sjá um það sjálfur. Segist Emil hafa sagt þeim á bílasölunni, að sér virtist sem vantaði demparagúmmí að aftan, þar sem skrölt var þar, að hann áleit. Hann segir, að bílasalinn hafi tekið að sér fyrir stefnanda að láta gera þetta.

Af hálfu stefnanda er því lýst yfir, að Bjarni Gunnar Sveinsson framkvæmdastjóri hafi einn skoðað bílinn og fjallað um kaupin fyrir félagið. Hafi engir aðrir komið þar nærri frá þeirra hlið.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi grundvallar dómkröfur sínar á matsgerð þeirra Sigurgests Guðjónssonar og Jan Jansen. Telur hann, að með gerðinni, sem í engu hafi verið hnekkt, sé sannað, að bifreiðin hafi verið haldin varanlegum leyndum göllum, sem stefndi beri bótaábyrgð á gagnvart sér. Styrki framburður matsmannanna ennfrekar þá staðhæfingu sína. Fjárhæð tjónsins nemi óvefengjanlega matsupphæðinni að viðbættum bótum fyrir afnotamissi. Það hafi enga stoð, sem stefndi hafi haldið fram við munnlegan málflutning, að ekki sé sannað, að hann hafi beðið tjón. Sjáist það best, er haft sé í huga, að bíllinn hafi verið seldur eins og hann var fyrir kr. 300.000 með gjaldfresti, en það sé 300—400 þúsund undir markaðsverði svona bíla í eðlilegu ástandi á sínum tíma. Kaup-

anda bílsins hafi eðlilega verið skýrt frá göllunum og sýnd matsgerðin.

Stefnandi leggur áherslu á það, að umræddir gallar hafi verið þannig og þess eðlis, að kaupandi hefði ekki séð þá, þótt hann gegndi skoðunarskyldu sinni óaðfinnanlega. Að öllum jafnaði fari menn ekki undir bíla til að skoða þar eða kíkja undir þá, er þeir skoði bíla við kaup. Beri hinum sérfróðu matsmönnum saman um það. Það sé fram komið, að ekki var unnt að sjá þessa galla og gera sér grein fyrir þeim, nema bílnum væri lyft eða kropið væri niður og horft undir bílinn. Jafnvel þá væri ekki víst, að venjulegur maður án sérþekkingar varðandi bíla og málma og tæringu gæti gert sér fulla grein fyrir þeim. Bjarni Gunnar Sveinsson framkvæmdastjóri hafi hvorki sér- né fagþekkingu varðandi bíla eða málmsmíði.

Af þessu sé ljóst, telur stefnandi, að bótaábyrgð hvíli á stefnda samkvæmt almennum reglum og 42. gr. kaupalaga, sbr. 47. gr. sömu laga.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína svo:

1.	Bætur samkvæmt matsgerð	kr. 226.000
2.	Vegna afnotamissis í 5 daga, meðan á viðgerð stendur, kr. 2.000 á dag	kr. 10.000
	Samtals	kr. 236.000

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því að benda á það í fyrsta lagi, að til grundvallar bílakaupum aðilja liggi skriflegur samningur. Í honum sé berum orðum sagt, að stefnandi hafi keypt bílinn í því ástandi, sem hann hafi verið í við kaupin og sem hann hafi kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Í annan stað sé alls ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna þessara kaupa. Beri þegar af þeirri ástæðu að taka sýknukröfuna til greina. Í þriðja lagi telur stefndi, að um greinda galla sé þannig farið, að fyrirsvarsmaður stefnanda hefði átt að sjá þá við skoðun. Sé því alfarið vísað á bug, að um leynda galla sé að ræða. Stefnandi, Vélsmiðjan Faxi h/f, búi yfir tækniþekkingu varðandi málma og tæringu. Stefndi eigi ekki að bíða halla af því, að stefnandi sendi á vettvang ófaglærðan mann til að annast kaupin.

Fram sé komið, að fyrirsvarsmaður stefnanda hafi vanrækt skoðunarskyldu sína þrátt fyrir áskoranir stefnda um, að hann skoðaði bílinn vel. Verði stefnandi að bera hallan af þessari vanrækslu. Þar sem bíllinn hafi verið bæði gamall og hrörlegur,

hefði það átt að sýna fyrirsvarsmanni stefnanda, að meiri og brýnni ástæða hafi verið til að skoða bílinn betur og vandlegar. Fram sé komið, svo óyggjandi sé, að með því að beygja sig niður og líta undir bílinn hafi vel mátt sjá umrædda galla, sem voru áberandi og blöstu við. Geti því stefnandi ekki borið fyrir sig þessa galla og krafist bóta, sbr. 47. gr. kaupalaga nr. 39/1922.

Stefndi mótmælir því sem ósönnu, að hann hafi lýst því yfir, að bíllinn væri í besta lagi. Hafi hann þvert á móti sagt, að hann hefði átt bílinn í stuttan tíma og því skyldi fyrirsvarsmaður stefnanda skoða hann vel sjálfur. Það sé og ósannað, að bílasalinn hafi lýst bílnum sem í toppstandi væri við Bjarna Gunnar Sveinsson framkvæmdastjóra.

Þegar það sé virt, sem nú hafi verið sagt, kveður stefndi, að það hljóti að leiða til sýknu.

Álit dómsins og niðurstaða.

Bifreið sú, sem í málinu greinir, er ekki lengur í eigu stefnanda. Kom það fram í munnlegum málflutningi, að bíllinn hefði verið seldur í sama standi fyrir kr. 900.000 með gjaldfresti og væri kaupandi búinn að bæta úr göllunum og selja hann aftur. Hefur þess því ekki verið kostur að skoða bílinn í því ástandi, sem hann var í við kaup málsaðilja. Dómendur hafa því athugað bifreið af sömu gerð og hér um ræðir til frekari glöggvunar.

Það er álit dómsins, að við kaup notaðra bíla sé almennt ekki gerð skoðun á ástandi undir bílnum, nema eitthvað gefi tilefni til þess, svo sem skrölt, ódeyft vélarhljóð o. s. frv. Bifreið sú, sem hér um ræðir, leit allþokkalega út, að því er stefndi segir, en hún var u. þ. b. 7 ára. Bifreiðar af þessari gerð hafa ekki orð fyrir tiltakanlegar ryðskemmdir á undirvagni, þótt komnar séu þetta til ára sinna. Er því ekki að sjá, að þær aðstæður væru við kaupin, að sérstakt tilefni hefði verið fyrir kaupanda að huga nánar að ástandinu undir bílnum. Það er íhugunarefni í þessu sambandi, að þeir báðir, fyrirsvarsmaður stefnanda og stefndi, báru sig mjög líkt að, er þeir hvor um sig skoðuðu bílinn fyrir kaup, en hvorugur þeirra sá galla þá, er hér um ræðir.

Ekkert er fram komið, sem veitir nokkrar líkur fyrir því, að stefndi hafi vitað um gallana og vísvitandi leynt þeim við kaupin, enda er eigi byggt á því í málsútlistun stefnanda. Þó hafi stefndi átt bílinn í mánuð, er kaupin voru gerð.

Þegar þetta er virt, sem nú er sagt, svo og framburðir hinna dómkvöddu matsmanna, sem að framan greinir, er það álit dóms-

ins, að gallar þeir, sem hér er um fjallað, séu þannig staðsettir og þess eðlis, að ætla megi með nokkurri vissu, að venjulegur kaupandi mundi að jafnaði ekki sjá þá við samviskusamlega skoðun, svo sem tíðkast við kaup notaðra bíla. Verður því ekki talið, að ákvæði 47. gr. kauplaga nr. 39/1922 standi því í vegi, að stefnandi eigi bótarétt að heimta hjá stefnda.

Að framan er rakin matsgerð þeirra Sigurgests Guðjónssonar og Jan Jansen, en henni hefur í engu verið hnekkt. Fallast má á það með stefnanda, að hann hafi beðið tjón við kaup þeirra stefnda, sem nemi fjárhæð þeirri, sem matsmenn telja, að kosta muni að bæta úr umræddum göllum, þ. e. kr. 226.000. Ber að dæma stefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar auk umkrafðra vaxta, en eigi þykja vera efni til að taka til greina kröfu stefnanda um bætur, kr. 10.000, vegna afnotamissis.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þ. m. t. matskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 149.000.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara og meðdómendunum Braga Sigurjónssyni bifvélavirkjameistara og Ragnari Valssyni bifreiðasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Emil Pálsson, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Faxa h/f, kr. 226.000 með 19% ársvöxtum frá 11. maí 1978 til greiðsludags og kr. 149.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. desember 1981.

Nr. 253/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Davíð Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 3. þ. m. hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 3. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði í gær þá kröfu, að Davíð Ólafssyni, Nönnugötu 3 A hér í borg, fæddum 28. júlí 1956, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 16. desember nk., kl. 1700, vegna ætlaðra fjársvika hans. Kærði hefur mótmælt kröfu þessari.

Dómarinn tók sér 24 klukkustunda frest til þess að úrskurða um kröfuna, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og 66. gr. laga nr. 74/1974.

Í dag gerði réttargæslumaður kærða, Hrafnkell Ásgeirsson hæstaréttarlögmaður, þá kröfu, að dómarinn úrskurðaði um afhendingu gagna í málinu, en dómarinn synjaði því með bókun, sbr. 4. tl. 170. gr. laga 74/1974.

Á hendur kærða og fleirum eru nú eftirtalin mál til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins:

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 3062/81:

Sighvatur Andrésson, sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á ætluðum fjársvikum hans, hefur skýrt svo frá, að hann hafi fyrir nokkru látið kærða hafa blanco víxla, samþykkta til greiðslu af Sighvati, en útgefna af Guðmundi Edwin Þór Björnssyni, en óútfyllta að öðru leyti. Kvað Sighvatur, að víxlana ætti að nota til kaupa á bifreið, sem síðan ætti að selja og skipta svo andvirðinu milli Sighvats, kærða og Kristins Jónssonar, sem einnig situr í gæsluvarðhaldi.

Sighvatur hvað kærða hafa spurt sig að því, hvort Sighvatur gæti útvegað nöfn á víxla, og hafi aldrei verið rætt um greiðslu á víxlunum, en þeim hafi öllum verið það ljóst, að þarna var um að ræða víxla, sem ekki átti að greiða. Kvað Sighvatur kærða hafa átt að fá í sinn hlut 2/3, en Sighvatur og Kristinn áttu hvor um sig að fá þriðjung (sic).

Kærði hefur borið, að Jóhann Jósefsson hafi ætlað að hafa milligöngu um kaup Sighvats á skartgripum af kærða. Sighvatur hafi hins vegar hætt við kaupin, en Kristinn Jónsson keypt skartgripina af kærða og greitt þá með víxlum, samþykktum til greiðslu af Sighvati og útgefnum af Guðmundi Edwin Þór Björnssyni. Kærði kveðst hafa krafið Sighvat um greiðslu á fyrsta víxlinum, er gjaldféll þann 15. október sl. Kvað kærði Sighvat hafa talið upp ýmsar eignir, sem hann ætti, m. a. í Stykkishólmi.

Kærði kvaðst hafa notað alla víxlana, nema þann fyrsta, í viðskiptum við kunningja sinn, Emil Pálsson. Í gærkvöldi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins Kristján Hoffmann. Kvaðst Kristján hafa fengið þrjá víxla hjá kærða þann 20. nóvember sl. vegna bifreiðaviðskipta, var einn víxillinn að upphæð kr. 10.000.00, með gjalddaga þann 1. febrúar 1982, samþykktur til greiðslu af Sighvati og útgefinn af Guðmundi Björnssyni. Tveir víxlanna voru að fjárhæð kr. 5.000.00 hvor. Kvað Kristján kærða hafa talað um, að Sighvatur og Guðmundur væru eignamenn. Kristján kvað kærða einnig hafa beitt sig svikum vegna kaupa á Peugeot bifreið Kristjáns, taldi Kristján sig ekki hafa fengið greiddar nema kr. 2.000.00 fyrir bifreiðina, sem kærði átti að greiða kr. 18.000.00 fyrir, og jafnframt sæti Kristján uppi með ofangreinda víxla að fjárhæð kr. 20.000.00. Kærði hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins ekkert nefnt þessi viðskipti við Kristján Hoffmann.

Kærði hefur borið, að Sighvatur hafi keypt af sér fjögurra tonna trillu á kr. 60.000.00 í víxlum. Kvað kærði Sighvat til viðbótar kaupverði trillunnar hafa látið sig hafa víxil að fjárhæð kr. 15.000.00, sem átti að vera framlenging á þrem fyrstu víxlunum, sem komu út úr viðskiptunum með skartgripina við Kristján. Kærði kveður Arngrím Pálmason og Emil Pálsson hafa fengið eitthvað af öllum ofangreindum víxlum.

Sighvatur hefur sagt framburð kærða um trillukaupin rangan, og þverneitar hann að hafa keypt trilluna.

Kristinn Jónsson kveðst hafa keypt skartgripi af kærða og

greitt fyrir þá með víxlum, sem hann fékk í viðskiptum við Sighvat, samtals kr. 40.000.00.

Kristinn hefur borið, að Sighvatur hafi tjáð sér, að Sighvatur ætti að láta kærða hafa kr. 70.000.00 í víxlum og í þóknun ætti Sighvatur að fá kr. 10.000.00 í peningum frá kærða. Hafi Sighvatur á pappírnum átt að fá bát, sem átti að vera yfirskin til að fóðra með viðskiptin. Á afsölum átti að koma fram, að Jón Ármann Guðmundsson væri sagður seljandi bátsins, en Kristni skildist, að Jón Ármann væri eigandi bátsins. Kvað Kristinn kærða hafa ætlað að nota víxla þessa til kaupa á bifreið á bílasölu Eggerts. Kristinn kvaðst hafa farið margar ferðir með Sighvati til kærða til að reyna að innheimta þóknunina fyrir víxlana hjá kærða, en kærði hafi látið Sighvat hafa einhverjar smáupphæðir og leyft honum að taka út vörur í sjoppu kærða í Höfðatúni 10. Kristinn skýrði einnig frá því, að kærði hefði sagt, að báturinn væri einungis til þess að sýna, að einhver verðmæti væru fyrir víxlunum. Kristinn kvað kærða hafa reynt að selja bátinn manni í Keflavík.

Kristinn hefur skýrt frá því, að hann, kærði og Sighvatur hafi ætlað að kaupa Malibu bifreið, sem greiðast átti með víxlum frá Sighvati, og átti hver um sig að fá 1/3. Ekkert hafi orðið úr þessum viðskiptum.

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2417/81:

Hér er um að ræða kæru Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns á hendur kærða fyrir ætlað brot gegn 250. gr. almennra hegningarlaga, en við fjárnám, sem fram fór þann 19. ágúst 1980, benti kærði á bifreiðina Í 1524, en kærði reyndist þá vera búinn að selja bifreiðina. Kærði kveðst hafa selt bifreiðina, eftir að fjárnámið fór fram.

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 3063/81:

Sighvatur Andrésson hefur borið, að hann hafi látið Kristin Jónsson og Jóhann Ósland Jósefsson hafa víxla, samtals að fjárhæð kr. 30.000.00 sem greiðslu á fatnaði. Var Sighvatur samþykkjandi á víxlunum, en Guðmundur Edwin Þór Björnsson útgefandi. Mun Kristinn hafa notað víxla þessa í viðskiptum við kærða.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, er ljóst, að kærði er undir rökstuddum grun um stórfelld svik í viðskiptum, og er framburður kærða í verulegu ósamræmi við framburði annarra aðilja í máli þessu.

Þar sem rannsókn mála þessara er á algeru frumstigi, og eftir er að taka skýrslur af fjölmörgum, er borið geta um ofangreind viðskipti, og nauðsynlegt þykir að koma í veg fyrir, að kærði geti spillt sakargögnum með óskertu frelsi sínu, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða hugsanlega samseka, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Davíð Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700.

Þriðjudaginn 8. desember 1981.

Nr. 187/1979. **Margrét Ólafsdóttir**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Gísla Hjálmarssyni
(Othar Örn Petersen hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 17. október 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Margrét Ólafsdóttir, greiði stefnda, Gísla Hjálmarssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 4. apríl sl., hefur Gísli Hjálmarsson, Nökkvavogi 28, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. apríl 1978, á hendur Margréti Ólafsdóttur, Seljavegi 13, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 337.500 auk 19% ársvaxta frá 31. ágúst 1977 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, þar með talinn matskostnaður og annar kostnaður samkvæmt framlögðum reikningum.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hún verði með öllu sýknuð af kröfum stefnanda og honum gert að greiða henni málskostnað að mati dómsins.

Aðiljar hafa gert samkomulag um að ganga fram hjá sáttanefnd, og sáttatilraunir fyrir dóminum hafa reynst árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dagsettum 14. desember 1971, keypti stefnandi íbúð í kjallara hússins nr. 28 við Nökkvavog af stefndu, sem situr í óskiptu búi eftir mann sinn, Magnús Brynjólfsson. Samkvæmt kaupsamningi tók stefnandi við afnotum hinnar seldu eignar þá þegar. Í kaupsamningi er tekið fram: „Kaupanda er kunnugt um bann heilbrigðisnefndar við því, að íbúðin sé tekin í notkun, en seljandi upplýsir, að tvær megin ástæður fyrir því hafi verið: a) raki í íbúðinni, b) ófull-

nægjandi salerni. Seljandi hefur látið lagfæra vatnsfrárennsli umhverfis húsið, en kaupandi tekur að sér að flytja til salerni." Stefnandi heldur því fram, að raka hafi gætt í íbúðinni, en veturinn 1976 til 1977 hafi keyrt úr hófi, þannig að allt hafi farið á flot í íbúðinni. Í júní 1977 gróf hann nokkrar holur umhverfis húsið til að kanna vatnsfrárennsli við húsið. Kom þá í ljós að sögn stefnanda, að það var mjög ófullkomið, jafnvel svo að verra væri en ekkert. Hann fékk tvo húsasmíðameistara til að skoða ástand frárennslisins, og liggur vottorð þeirra fyrir á dskj. nr. 10 og er dags. 26. júní 1977. Segir þar m. a., að við uppgröft hafi komið í ljós, að blautur moldarjarðvegur nái upp fyrir steypuskil og ekki sé jarðvatnslögn umhverfis húsið. Niðurfallsrör frá þaki liggi beint niður í jörðina og séu ekki tengd jarðvatnslögn. Greinilegur raki sé í kjallaranum og sums staðar renni vatn óhindrað inn í íbúðina. Miklar skemmdir séu í kjallara af þessum sökum. Einangrun sé ónýt, rafmagnsleiðslur og dósir sundur brunnar af ryði. Húsasmíðameistarar þessir voru Bergsveinn Jóhannesson, Heiðargerði 32, og Haukur Jósefsson, Nökkvavogi 28, báðir í Reykjavík. Þeir hafa staðfest vottorð þetta fyrir dómi.

Þann 10. ágúst 1977 voru þeir Indriði Níelsson húsasmíðameistari og Guðni Þórðarson byggingatæknifræðingur dómkvaddir samkvæmt beiðni stefnanda til þess að skoða og meta vatnsfrárennsli umhverfis húsið að Nökkvavogi 28 í Reykjavík. Var þess sérstaklega óskað, að matsmenn létu í té skriflegt og rökstutt álit á eftirfarandi:

„1. Er vatnsfrárennsli umhverfis húsið fullnægjandi?
2. Var vatnsfrárennsli fullnægjandi miðað við kröfur og skyldur, sem gerðar voru 1970 til 1971?
3. Stafar raki í íbúðinni af utanaðkomandi raka vegna lélegs vatnsfrárennslis?
4. Hvað kostar að gera fullnægjandi vatnsfrárennsli?
5. Hvað kostar að bæta úr þeim skemmdum, sem stafa af vatnsaga?
6. Að lokum er þess beiðst, að skoðaðar verði og metnar sýnilegar skemmdir, sem að öðru leyti hafa komið fram vegna ófullnægjandi vatnsfrárennslis."

Skoðun fór fram 29. ágúst 1977, og var mætt af hálfu beggja aðilja. Matsmenn segja í matsgerð sinni frá 31. ágúst 1977:

„Við skoðun kom í ljós, að vatn virðist hafa flætt inn í kjallarann og hafði valdið nokkrum skemmdum í herbergi NV hluta

hússins. Fyrir utan húsið höfðu verið grafnar þrjár holur, sitt á hvorri hlið hússins, og náðu þær niður á fast jarðlag við neðri brún sökkuls. Vatn stóð í tveimur af þessum holum, þeim sem voru á vestur- og austurhlið hússins, en hola á suðurhlið var þurr, enda hafði verið komið fyrir gólfrist ofan á frárennsislögn, sem þarna lá frá húsinu í átt að Nökkvavogi.

Við skoðun á holum þessum kom greinilega í ljós, hvernig frágangur við húsvegg er. Efst kom gras ásamt 10—20 sm. moldarlagi, síðan kom um 25—30 sm. grjótlag (púkk) og síðan 60—70 sm. moldarlag, sem náði að þéttu sandlagi, sem undirstöður hússins standa á. Við mælingar kom í ljós, að kjallaragólfið lá um 100—110 sm. undir jarðvegsyfirborði að utan. Þakniðurföll voru ekki tengd frárennslislögn, heldur gengu niður í áðurnefnt steinlag (púkk). Engar jarðvatnslagnir voru sýnilegar við húsið.

Með tilliti til framanskráðs viljum við svara spurningum í matsbeiðni á eftirfarandi hátt:

Sp. 1. Við teljum vatnsfrárennsli (flutningur á jarðvatni og regnvatni frá þaki) allsendis ófullnægjandi.
Sp. 2. Frágangur við húshlið (púkk) verður að teljast algerlega ófullnægjandi í dag og eins 1970.
Sp. 3. Við teljum, að koma megi í veg fyrir raka í íbúðinni með rétt hönnuðum og unnum jarð- og regnvatnslögnum.
Sp. 4. Við teljum kostnað við gerð fullnægjandi jarð- og regnvatnslagna vera kr. 210.000.-.
Sp. 5. Svar, sjá sp. 4 og 6.
Sp. 6. Skemmdir innanhúss (herbergi NV) metum við á kr. 77.500.-."

Kröfugerð stefnanda er að meginstofni til byggð á matsgerð dómkvaddra manna. Stefnandi sundurliðar hana þannig:

1.	Kostnaður við gerð fullnægjandi jarð- og regnvatnslagna skv. mati	kr. 210.000
2.	Skemmdir innanhúss skv. mati	— 77.500
3.	Óþægindi	— 50.000
	Samtals	kr. 337.500

Stefnandi byggir á því, að í kaupsamningi hafi seljandi fullyrt, að hann hafi látið lagfæra vatnsfrárennsli umhverfis húsið, en heilbrigðisnefnd hafi bannað notkun íbúðarinnar vegna raka.

Stefnandi hafi samkvæmt þessu ákvæði kaupsamningsins mátt treysta því, að vatnsfrárennsli væri í stakasta lagi, sérstaklega þar sem það var nýlagað. Þá heldur hann því fram, að mjög hafi skort á, að umboðsmaður stefndu, Ólafur Magnússon, hafi getað gefið upplýsingar um, hvernig að þessu verki hafi verið staðið á sínum tíma, og hafi þetta háð mjög framgangi og úrlausn málsins. Það hafi enda komið í ljós, að vatnsfrárennsli sé mjög ófullnægjandi. Þá getur hann þess, að stefnandi hafi ekki getað gert kröfu vegna þessa galla fyrr, þar sem honum hafi ekki verið kunnugt um, hvaðan rakinn kom, og eins það, að aðalrakinn hafi ekki komið í ljós fyrr en veturinn 1976/1977. Síst af öllu hafi stefnanda grunað, að vatnsfrárennslið væri ekki í lagi. Telur stefnandi galla þann, sem á eigninni er, verði að telja á ábyrgð stefndu, og heldur hann því fram, að stefnda eða umboðsmaður hennar hafi vitað við sölu íbúðarinnar, að vatnsfrárennslið var ekki fullkomið, hvort sem við það hafi verið gert eða ekki.

Þá byggir stefnandi á því, að matsmenn staðfesti, að vatnfrárennslið sé ófullnægjandi. Fjárkröfu vegna óþæginda reisir hann á því, að við svo stórfelldan galla og vatnsaga, eins og hér sé við að eiga, verði þeir, er fyrir verða, fyrir miklum óþægindum. Heldur stefnandi því fram, að dómstólar hafi fulla heimild til að dæma aðiljum bætur þessa vegna.

Rök stefndu fyrir sýknukröfu eru þau, að íbúðin hafi ekki verið haldin neinum bótaskyldum, leyndum galla, þá er hún var seld. Þá er kaupin voru gerð, hafi stefnanda verið vel ljóst, hvert ástand kjallaraíbúðarinnar var, húsið hafi verið gamalt, enda tekið fram í kaupsamningi, að heilbrigðisnefnd hafði bannað, að íbúðin væri tekin í notkun vegna raka og ófullnægjandi salernisaðstöðu. Þá segi í samningnum, að seljandi hafi látið lagfæra vatnsfrárennsli umhverfis húsið.

Stefnda heldur því fram, að eiginmaður sinn, Magnús Brynjólfsson, hafi á árunum 1968 til 1969 grafið í kringum húsið skurð, sem hafi alls staðar verið það djúpur, að hann hafi náð niður fyrir plötu kjallaragólfs. Hafi síðan verið látið í skurðinn grjótpúkk, en þar ofan á ca 20 cm moldarlag og þökur. Frárennsli af þaki hafi ekki verið lagt niður í grjótlagið, púkkið. Við suðurhlið hússins hafi verið komið fyrir rist ofan á frárennslislögn, sem hafi að sjálfsögðu verið undir kjallaraplötu. Stefnda telur þennan frágang hafa verið algerlega fullnægjandi til þess að halda jarðvatni frá húsinu, enda sé aðeins um það rætt í kaupsamningi, að frárennsli hafi verið lagfært, en ekkert á það minnst, með hverj-

um hætti frárennslið var lagað, og því síður, að lögð hefði verið fullkomnasta gerð „drain"-lagnar. Þá leggur stefnda á það áherslu, að eiginmaður sinn hafi ekki lagt niðurföll af þaki niður í púkklagið, heldur muni stefnandi ásamt eiganda miðhæðar hússins hafa gert það vorið 1972, er þakrennur hússins voru lagfærðar.

Þá bendir stefnda sérstaklega á, að líta verði á tímann, sem liðinn sé, frá því að stefnandi kaupi, þar til hann kvartar við stefndu um leyndan galla, en það séu um fimm og hálft ár. Ástæða þessa hafi að sjálfsögðu verið, að enginn raki hafi verið í íbúðinni þennan tíma. Hins vegar kunni það að hafa smám saman valdið þéttingu á púkklaginu, að þakniðurföll voru lögð niður í púkklagið. Stefnda mótmælir fullyrðingu í matsgerð um, að púkklagið sé ekki nema 25—30 cm á þykkt og nái ekki niður að kjallaragólfi. Telur stefnda skýringu þess, að matsmenn telji púkklagið ekki þykkara, sennilega vera þá, að holur þær, sem grafnar voru fyrir utan húsið og matsmenn skoðuðu, hefðu staðið opnar þó nokkuð langan tíma og jarðvegur runnið niður í þær, áður en skoðun vegna matsgerðar fór fram.

Stefnda heldur því fram, að hvernig sem á málið sé litið, beri hún enga bótaábyrgð gagnvart stefnanda og eigi þannig að sýkna hana af öllum kröfum hans.

Þá var því haldið fram af hálfu stefndu við munnlegan flutning málsins, að færi svo, að hún yrði talin ábyrg vegna tjóns stefnanda, gæti það aldrei orðið nema að hluta. Vegna lagareglna um sambýlishús ætti kostnaður við gerð frárennslislagnar við hús og tjón af þess völdum að skiptast milli íbúðareigenda í hlutfalli við eignarhluta.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm. Hann sagði, að íbúðin hefði verið nýmáluð, þegar hann tók við henni. Eftir um það bil hálft ár hafi farið að bera á raka. Málning hafi farið að detta af veggjum í eldhúsi og stofu. Þorkell Traustason húsasmiður hafi sagt sér, að þetta væri raki eða einhverjar sýrur. Hann hafi fengið Ólaf Magnússon, son stefndu, til að koma og líta á þetta. Þeim hafi komið saman um, að rakinn, sem var í íbúðinni fyrir lagfæringu þá, sem rætt er um í kaupsamningi, væri að þorna upp. Raki þessi hafi haldið áfram árið eftir, en ekki mundi hann, hvort þá var rætt við Ólaf. Í bæði skiptin, sem rankans varð vart, kveðst hann hafa spartlað veggina og málað.

Síðan sagði stefnandi það hafa gerst um haustið 1976, að einn

morguninn fari allt á flot í svefnherberginu, en þar hefði ekkert sést áður.

Ólafur Magnússon, sonur stefndu, hefur fyrir dómi neitað því, að stefnandi hafi kvartað undan raka við sig stuttu eftir kaupin, eins og stefnandi vill vera láta. Hann kvaðst aldrei eftir kaup stefnanda hafa séð raka í íbúðinni. Hann taldi, að haustið 1977 hefði heldur ekki verið um raka að ræða, heldur hafi flóðið stafað af bilun í plötunni. Stefnandi hafi lýst því þannig við hann, að bunan hefði staðið upp úr gólfinu.

Stefnandi upplýsti, að haustið eftir kaup hans á íbúðinni hefðu steyptar þakrennur verið teknar niður og settar járnrennur í stað þeirra. Niðurföllum frá þessum rennum hefði þó ekki verið breytt. Hann hefði séð, þegar hann gróf þetta upp síðar, að niðurföllin hefðu aðeins verið sett svona meter niður í jörðina og ekkert meira. Þar undir hafi verið grjót. Eitt niðurfallsrör hafi þó verið sett í steinrör, sem tengt var út í „klóak". Við breytinguna hefði frágangi ekki verið breytt.

Matsmenn báru fyrir réttinum, að niðurfallsrennurnar hefðu, þá er þeir skoðuðu húsið, verið óslitnar alveg niður í púkklagið, sem um getur í matsgerð þeirra. Endi þeirra hafi náð niður undir púkklagið. Sama efni hafi verið í þeim alla leið frá þakrennu og niður í púkklag. Við skoðun matsmanna hafi ekkert komið fram um, hvenær þessar rennur voru gerðar eða hvort þeim hefði verið breytt.

Komið hefur fyrir dóminn Benedikt Bogason verkfræðingur, tengdasonur stefndu. Hann kvaðst hafa skoðað frágang við húsið haustið 1977, eftir að þær holur höfðu verið grafnar, sem um getur í matsgerð. Hann sagði það sitt álit, að aðskilja bæri þetta í tvennt. Annars vegar „drain"-lögn og hins vegar regnvatnslögn. Jafnvel í nýbyggingum væri ógjarnan lagt í sömu lögn jarðvatn og regn af þaki, nema þetta væru óverulegir spottar, heldur væri lögð sérlögn fyrir yfirborðsvatnið, sem fossi niður í rigningarskúrum og leysingum. Af þessum ástæðum hélt hann því fram, að í matsgerðinni væri gengið út frá algerlega röngum forsendum. Hér ætti að ræða um tvennt, annars vegar, að „drain"-lögnin væri ófullkomin, sem ágreiningur væri um, og hins vegar um niðurfallsrennu frá þaki, sem hefði, eftir að stefnandi keypti íbúðinar, verið lögð niður í „drain"-ið, en það sé brot á öllum reglum og reglugerðum. Síðan fari allt eftir kenningum, „drain"-ið smáþéttist vegna tengingar niðurfallsrennunnar niður í það og svo komi að því 1977, að „drain"-ið beri ekki meira og það hreinlega

flæði inn í kjallarann. Þetta sjáist m. a. á því, að ekkert komi fyrir frá 1971—72 til 1977. Alltaf megi reikna með, að í þessum gömlu húsum geti opnast göt með fúgum, væru ekki gerðar sérstakar ráðstafanir til að þétta svona kjallara. Hann kvaðst fullyrða, að „drain"-lögnin hefði verið algerlega fullnægjandi til að taka við jarðvatni. Áður en þakrennurnar voru lagfærðar eftir kaup stefnanda, hafi rennuniðurfallið verið svona meter frá jörðu og þannig gutlast ofan á grasið og dreifst þar og miðlast niður. Þegar gert hafi verið við rennurnar, hefði átt að leiða rennuniðurfallið algerlega út í frárennslið, en í stað þess hefði því aðeins verið stungið niður í „drain"-ið.

Hörður Haraldsson byggingameistari, sá er breytti þakrennum hússins að Nökkvavogi 28 1972, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa unnið það verk að beiðni Lilju Guðjónsdóttur, eiganda fyrstu hæðar og með samþykki stefndu. Hann kvaðst hafa ráðið framkvæmd verksins í samráði við húseigendur. Hann sagðist hafa tengt niðurföll í stúta eða steinrör, sem fyrir voru í jörðinni, og ekkert hafa breytt legu niðurfalla. Hann kvaðst hafa athugað, að niðurföllin væru óstífluð. Hann sagðist hafa haft samband við konu stefnanda og spurt hana, hvort þau hefðu orðið vör raka í kjallaranum. Konan neitaði því.

Haukur Skagfjörð Jósepsson húsasmíðameistari, annar vottorðsgjafanna, sem áður er um getið og heima á að Nökkvavogi 28, kvaðst í skýrslu sinni fyrir dóminu hafa flutt í húsið 1977. Hann sagðist hafa aðstoðað stefnanda við að grafa holur þær, sem getið er um í matinu og hjálpað honum við lagfæringar á lögnum við húsið eftir matið. Hann sagði, að niðurfallsrörin væru tvö. Garðmegin hefði niðurfallsrörið ekki tengst neinu, en götumegin hefði rörið, sem þar var, verið tengt við steypurör, sem voru gömul, full af jarðvegi og óhreinindum. Hann kvað púkklag hafa verið sums staðar við húsið, en annars staðar ekki. Hann sagði, að púkklagið hefði alls ekki náð niður að steypuskilum milli kjallaraplötu og veggs.

Við yfirheyrslur kom fram, að stefnda greiddi hlutdeild kjallarans í viðgerðinni á þakrennunum og niðurföllunum, en ekki voru þeir sammála um það, stefnandi og Ólafur, sonur stefndu, hvernig á því stóð. Sagði stefnandi, að stefnda hefði gert þetta gegn því, að hann félli frá bótarétti vegna bílskúrsréttar, sem hann keypti samkvæmt kaupsamningi, en reyndist ekki fyrir hendi, þegar til átti að taka. Ólafur sagði aftur á móti, að stefnandi hefði talið, að rennurnar hefðu verið haldnar leyndum galla

og því ætti stefnda að greiða viðgerðina. Hún hafi gert það, enda þótt ástand rennanna hefði verið öllum ljóst, er stefnandi keypti eignina.

Stefnda var, þá er breytingar voru gerðar á rennunum, og er enn eigandi rishæðar hússins að Nökkvavogi 28.

Álit dómsins.

Í reglugerð nr. 169/1960 um holræsi í Reykjavík segir í 4. gr.: „Hyggist húseigandi tengja ræsi frá húsi sínu við holræsakerfi bæjarins eða gera breytingar eða viðbætur við eldra ræsi, ber honum með nægum fyrirvara að fá til þess skriflegt leyfi hjá bæjarverkfræðingi.“ Í 5. gr. sömu reglugerðar segir í 1. mgr.: „Með umsókninni fylgi uppdráttur af fyrirhuguðum holræsum og/eða breytingum á þeim eldri“. Í 6. gr., 2. mgr., sömu reglugerðar segir: „Uppdrættir skulu sýna allar lagnir, utanhúss og innan, er tengjast eiga við holræsið. Öll tæki, vatnslásar, niðurföll, hreinsilok og brunnar, er kerfinu tilheyra, skulu sýnd. Taka skal fram um vídd, efni og halla allra lagna“. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar á bæjarverkfræðingur að samþykkja uppdráttinn. Í 11. gr., 1. og 2. mgr., segir: „Bæjarverkfræðingur skal hafa eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar frárennslislagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af bæjarverkfræðingi“.

Í kaupsamningi segir, að seljandi hafi látið lagfæra vatnsfrárennsli umhverfis húsið. Af hálfu stefndu er við það miðað, að eiginmaður hennar hafi gert þetta 1968 eða 1969, en kaupsamningur er dags. 14. desember 1971. Samkvæmt þessu ákvæði í kaupsamningi mátti stefnandi treysta því, að vatnsfrárennslið hefði verið lagfært og við það hefði verið farið að settum reglum og venjum. Ósannað er, að við lagfæringar vatnsfrárennslisins hafi verið fylgt ofannefndum reglugerðarákvæðum, og samkvæmt áliti matsmannanna, Indriða Níelssonar og Guðna Þórðarsonar, og vottorðsgjafanna, Bergsveins Jóhannessonar og Hauks Jósepssonar, var vatnsfrárennslið umhverfis húsið algerlega ófullnægjandi, þá er þeir skoðuðu það.

Þakrennum var breytt 1971, en ekki er í ljós leytt, að enda þótt þá hafi verið skipt um niðurfallsrör, hafi legu þeirra nokkuð verið breytt. Þannig hefur ekki verið sannað af hálfu stefndu, að þessi famkvæmd hafi skipt sköpum um, að flæddi í íbúð stefnanda haustið 1976.

Stefnandi hefur borið, að hann hafi orðið var raka í eldhúsi og

stofu fyrstu árin eftir að hann tók við íbúðinni, en samkvæmt framburðinum var þetta frekar talin sýrumyndun en raki, og eru kröfur málsins ekki af völdum þessa raka. Það er svo veturinn 1976/1977 sem flæðir í svefnherbergi stefnanda. Hinn 10. ágúst 1977 hlutast stefnandi til um, að tjón hans af þessum völdum og lagfæringar við húsið séu metnar. Matsgerð er dags. 31. ágúst 1977 og stefna birt 24. apríl 1978. Stefnandi þykir þannig ekki hafa sýnt tómlæti við að halda uppi kröfum sínum á hendur stefndu, og er þá m. a. við það miðað, að ósannað er, að hann hafi ekki mátt ætla, að raki sá, sem áður hafði komið fram í eldhúsi og stofu, mundi lagast, þar sem hann var fullvissaður um, að vatnsfrárennsli við húsið hefði verið lagfært 1968 eða 1969.

Af öllu ofanrituðu þykir leiða, að stefnda verði að bæta tjón stefnanda og lagfæringarnar við húsið, þar sem eignina skorti eiginleika, sem telja verður, að áskildir hafi verið við kaupin.

Þótt stefnda kunni að eiga kröfu til þess, að aðrir íbúðareigendur að Nökkvavogi 28 beri hluta kostnaðar við endurbætur vatnsfrárennslisins, sem nú hafa farið fram, skiptir það hér ekki máli, þar sem réttur stefnanda styðst við kaupsamning hans og stefndu.

Af hálfu stefnda hefur áliti matsmanna um tjón stefnanda ekki verið hnekkt, en þar sem stefnandi vann algerlega sjálfur að lagfæringum eftir matið, liggur viðgerðarkostnaðurinn ekki fyrir. Þykir því við ákvörðun bóta stefndu til stefnanda rétt að miða við álit matsmannanna. Stefnandi hefur ekki reifað, hver óþægindi hann hefur haft af göllum þessum, og ekki fært fram nein gögn til styrktar síðasta lið kröfugerðar sinnar. Sá liður verður þannig ekki tekinn til greina. Stefnda skal þannig bæta stefnanda kr. 287.500.

Vextir ákveðast 13% ársvextir frá 31. ágúst 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags af dæmdri fjárhæð.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 190.000 í málskostnað, þar með talinn matskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Magnúsi Guðjónssyni byggingameistara og Ragnari Ingimarssyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefnda, Margrét Ólafsdóttir, greiði stefnanda, Gísla Hjálmarssyni, kr. 287.500 með 13% ársvöxtum frá 31. ágúst 1977

til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim tíma til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 190.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. desember 1981.

Nr. 95/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Birgi Kristjánssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjárdráttur. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en jafnframt áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar og þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt öllum ákæruliðum.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Kristjánsson, greiði allan kostnað af

áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3000.00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1980.

Ár 1980, mánudaginn 22. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 670/1980: Ákæruvaldið gegn Birgi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 9. þ. m., gegn Birgi Kristjánssyni, Strandaseli 2, Reykjavík, fæddum 22. október 1944 í Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot framin í Reykjavík á árinu 1979, nema annars sé getið:

I. Tekið á leigu handslípivél þann 31. maí 1977 hjá vélaleigu Eyjólfs Gunnarssonar, Seljabraut 52, Reykjavík, án þess að standa skil á leigu eða vélinni sjálfri, sem ákærði ráðstafaði annað, en óvíst hvert.

II. Í september 1979 tekið við samtals kr. 700.000 úr hendi konunnar I. I. sem fyrirframgreiðslu til efniskaupa og fyrir vinnu á heimili konunnar og staðið skil á hvorugu, en notað peningana í þágu fyrirtækis síns, Húseignaþjónustunnar sf.

Teljast framangreindir verknaðir varða aðallega við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 247. gr. laganna.

III. Falsað nafn Árna Kristinssonar á umsókn um stofnun tékkareiknings nr. 3463 í Sparisjóði vélstjóra í Reykjavík 11. júní 1979 og eftir opnun reikningsins gefið út í júní 1979 með sama nafni alls 11 tékka til handhafa og notað í viðskiptum:

1. Nr. 281501, kr. 20.000, dagsettur 14 .júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er með framsali ákærða og áritun sparisjóðsins á bakhlið.

2. Nr. 781502, kr. 50.000, dagsettur 14. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Sigfúsi Sigurðssyni, Garðastræti 49, Reykjavík.

3. Nr. 781503, kr. 10.000, dagsettur 15. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af sama manni.

4. Nr. 781504, kr. 17.000, dagsettur 15. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Gunnari Sch. Sigurðssyni, Mávahlíð 46, Reykjavík.

5. Nr. 781505, kr. 10.000, dagsettur 16. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Laugavegs Apóteki, Laugavegi 16, Reykjavík.

6. Nr. 781506, kr. 15.000, dagsettur 16. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Fossnesti, Selfossi.

7. Nr. 781507, kr. 10.000, dagsettur 16. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Blómavali, Sigtúni, Reykjavík.

8. Nr. 781508, kr. 5.000, dagsettur 17. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Brauðbæ, Reykjavík.

9. Nr. 781509, kr. 10.000, dagsettur 17. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af versluninni Kjalfelli sf., Gnoðarvogi 78, Reykjavík.

10. Nr. 781510, kr. 10.000, dagsettur 18. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Fínpússningu sf., Dugguvogi 6, Reykjavík.

11. Nr. 781511, kr. 7.000, dagsettur 18. júní 1979. Óvíst um notkun, en tékkinn er framseldur af Sveini Egilssyni hf., Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málsatvik.

1. Hinn 13. mars 1979 kærði Eyjólfur Gunnarsson, Seljabraut 52, yfir því til rannsóknarlögreglu ríkisins, að ákærði hefði hinn 31. maí 1977 tekið hjá vélaleigu sinni á leigu handslípivél af gerðinni Wolf og ekki skilað vélinni aftur, þótt margsinnis hefði verið rekið eftir því. Verðmæti vélarinnar kvað Eyjólfur um 80 þús. kr.

Ákærði kannast við, að hann hafi tekið vélina á leigu og að hann hafi ekki staðið skil á henni. Hann neitar því hins vegar, að hann hafi selt vélina né fénýtt sér hana á annan hátt. Hann segist hafa um þessar mundir stundað húsaviðgerðir. Hann kveður vélina hafa verið í sinni vörslu eða starfsmanna sinna, er hann fór til útlanda, og hafi þá allt verið komið í vitleysu með verk þau, er hann hafði á hendi, eins og ákærði orðar það. Síðan viti

hann ekkert um, hvað um vélina hafi orðið, en hefur getið sér þess til, að starfsmenn hans hafi tekið vélina upp í vangreidd laun. Ekki hefur ákærði þó fært sönnur á það, og við rannsókn málsins hefur ekki komið í ljós, hvað orðið hafi um vélina.

2. Í septemberbyrjun 1979, er ákærði fékkst enn við húsaviðgerðir, tók hann að sér viðgerðir á húsi Ingibjargar Ingibjartsdóttur, Bjargarstíg 16 hér í borg. Var um að ræða viðgerðir bæði utanhúss og innan. Er sannað, að ákærði tók fyrirfram við greiðslum frá Ingibjörgu, hinn 5. sept. við 200 þús. kr. „fyrir efni og vinnu", eins og það er orðað í kvittun, og 11. sept. 500 þús. kr. „inn á verk v/Bjargarstíg 16". Þá er leitt í ljós, að ákærði lét í staðinn hvorki efni né vinnu í té, nema hvað hann annaðist smáviðgerð á hurðarhúni. Stendur enn við það, að Ingibjörg hefur ekkert annað fengið fyrir greiðslur sínar.

Ákærði kannast við, að fé þetta, 700 þús. kr., hafi runnið inn í rekstur Húseignaþjónustunnar s/f, er hann kveðst hafa rekið. Kannast hann við, að hann hafi ekki innt verkið af höndum. Hann ber því við, að hann hafi verið settur í afplánun refsingar, en svo sem síðar kemur fram, var hann dæmdur 12. des. 1979 í 6 mánaða fangelsi og hefur afplánað þann dóm. Ákærði neitar því, að hann hafi fengið greiðslurnar án þess að ætla sér að vinna verkið, en þetta hafi lent í undandrætti.

3. Hinn 11. júní 1979 opnaði ákærði ávísanareikning í Sparisjóði vélstjóra og gaf þá upp nafnið Árni Kristinsson, Strandaseli 2. Hann sýndi þá ökuskírteini Árna Kristinssonar, Laugarnesv. 48, fædds 29. júlí 1947, nafnnr. 0526-2518. Skírteini þetta segist ákærði hafa fengið hjá manni, er hann vill ekki nafngreina. Inn í skírteinið hafði ákærði límt mynd af sér. Ákærði ritaði nafnið Árni Kristinsson undir umsókn um opnun reikningsins svo og undir innleggsnótu að fjárhæð 60.000 kr. Dagana 14. til 18. júní gaf ákærði svo út 11 tékka á reikninginn og undirritaði þá með nafni Árna. Notaði hann tékkana í ýmsum viðskiptum, að eigin sögn bæði til persónulegra þarfa eða í þágu Húseignaþjónustunnar, svo sem segir í ákæru, en eins og þar kemur fram, er ekki í öllum tilvikum upplýst, hvaða greiðslur ákærði innti af höndum með tékkunum.

Innborganir hafa borist á reikninginn fyrir öllum tékkunum, þannig að tékkaeigendur urðu ekki fyrir neinu fjártjóni.

Ákærði segist vegna fortíðar sinnar ekki hafa getað fengið opnaðan tékkareikning á sínu nafni, en þurft nauðsynlega á reikningi að halda vegna starfsemi sinnar. Hafi hann því gripið

til þess ráðs að nota nafn Árna, þar sem hann hafði ökuskírteini hans undir höndum.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu kemur fram, að Árni hafði týnt skírteininu, en ekki mundi hann hvenær.

Niðurstöður.

Um slípivél þá, sem I. ákæruþáttur fjallar um, er það að segja, að ekki er leitt í ljós, hvað um hana hafi orðið. Að vísu er ljóst, að ákærði stóð ekki skil á henni, en það kann að stafa af orsökum, sem ákærða verður ekki gefin refsiverð sök á. Þykir ekki sannað, að hann hafi selt vélina eða fénýtt sér hana. Ber að sýkna ákærða af þessum ákærulið, og samkvæmt því verður ekki tekin til meðferðar í máli þessu fjárkrafa, sem eigandi vélarinnar hafði sett fram.

Ekki þykir sannað, að ákærði hafi beinlínis haft í huga að nota sér fé það, sem Ingibjörg Ingibjartsdóttir greiddi honum, án þess hann ætlaði sér að inna verkið af höndum. Hins vegar er ljóst, að ákærða var óheimilt að ráðstafa fé þessu nema í þágu verks þess, sem hann hafði tekið að sér, svo sem til efniskaupa eða upp í áfallin vinnulaun. Með því að eyða fénu til annars hefur ákærði gerst sekur um fjárdrátt, er varðar við 247. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði notaði í lögskiptum við Sparisjóð vélstjóra o. fl. skjöl, sem hann hafði í heimildarleysi undirritað nafni Árna Kristinssonar. Hafa ber þá í huga, að ákærði sveik ekki út fé með tékkum þeim, sem hann notaði, og er ósannað, að hann hafi haft slíkan fjárvinning í huga. Þessi brot ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

1963 1.500 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðalagabrot.
1963 8 daga varðhald fyrir umferðalagabrot.
1965 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað og svik.
1965 4.000 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðalagabrot.
1966 6 mánaða fangelsi fyrir svik (skilorð dóms frá 14. apríl 1965 rofið).
1968 20 daga varðhald fyrir umferðar- og áfengislagabrot.
1969 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot.
1971 3 mánaða fangelsi fyrir svik.

1972 20 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, svik og nytjastuld og brot gegn 110. gr. hegningarlaga.
1974 7 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik.
1975 sakfelldur fyrir skjalafals og svik, en refsing ekki dæmd.
1975 15 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, fjárdrátt og svik.
1978 150.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur.
1979 (12. des.) 6 mánaða fangelsi fyrir svik.

Ákærði hafði 10. febr. 1978 fengið reynslulausn á 146 fangelsisdögum, er hann átti eftir að afplána samkvæmt eldri dómum. Dagar þessir eru innifaldir í refsingu skv. dómi 12. des. 1979.

Í sakavottorði kemur einnig fram, að ákærði hafi 1969 verið dæmdur í eftirlit (skyddstilsyn) í Gautaborg vegna þjófnaðarbrots.

Refsingu ákærða ber að dæma sem hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga, þar sem brotin eru öll framin fyrir 12. des. 1979, er ákærði var síðast dæmdur í refsingu. Enn fremur verður að taka tillit til 72. og 255. gr. hegningarlaga, þar sem ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur í 4 mánaða fangelsi.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Fimmtudaginn 10. desember 1981.

Nr. 91/1980. **Raftækjaverksmiðjan h/f**
(Gestur Jónsson hdl.)
gegn
Sementsverksmiðju ríkisins
(Gunnar Helgason hdl.).

Veðtrygging. Tryggingarbréf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1980. Krefst hann þess, að hrundið verði kröfu stefnda um viðurkenningu á 1. veðrétti (áður 2. veðrétti) í eignarhluta áfrýjanda í Háaleitisbraut 68 í Reykjavík fyrir dómskuld Breiðholts h/f við stefnda, að fjárhæð 30.540.924 gamlar krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er áfrýjanda varðar, þó þannig, að viðurkenndur verði 1. veðréttur hans (áður 2. veðréttur) í eignarhluta áfrýjanda í Háaleitisbraut 68, Reykjavík, nú um 400 fermetrar, fyrir dómskuld Breiðholts h/f við sig, að fjárhæð 30.540.924 gamlar krónur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, veðsetti Breiðholt h/f stefnda með bréfi 10. nóvember 1976 með 2. veðrétti og uppfærslurétti um það bil 600 fermetra verslunarhúsnæði á I. hæð í húsinu Háaleitisbraut 68 í Reykjavík og um það bil 500 fermetra húsnæði í kjallara hússins „til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim, sem fyrirtækið (Breiðholt h/f) nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann að

standa í við Sementsverksmiðju ríkisins, Akranesi... að samantaldri fjárhæð allt að kr. 42.500.000,00." Með bréfi 11. febrúar 1977 veðsetti Breiðholt h/f stefnda ofangreint um það bil 600 fermetra verslunarhúsnæði með 2. veðrétti og uppfærslurétti til tryggingar á skuldum veðsala við stefnda „að samantaldri fjárhæð allt að kr. 8.500.000,00". Bréfi þessu hefur nú verið aflýst.

Með ódagsettu bréfi stefnda leysti hann úr veðböndum vegna framangreindra skuldaskipta um það bil 500 fermetra húsnæði í kjallara hússins Háaleitisbrautar 68, og með bréfi stefnda 19. júní 1981 leysti hann enn úr veðböndum 205 fermetra af um það bil 600 fermetra verslunarhúsnæði á I. hæð hússins, sem hann átti 2. veðrétt í samkvæmt framansögðu.

II.

Dómkröfur stefnda í héraði á hendur Breiðholti h/f voru einskorðaðar við þá 8 víxla, sem greinir í héraðsdómi. Eru þeir gefnir út á tímabilinu 8. nóvember 1977 til 3. mars 1978. Telur stefndi, að kröfur sínar á hendur Breiðholti h/f, sem dæmt var um í héraðsdóminum, er ekki hefur verið áfrýjað af hálfu Breiðholts h/f, séu veðtryggðar í eignarhluta áfrýjanda í húsinu Háaleitisbraut 68 í skjóli tryggingarbréfs 10. nóvember 1976 og beri áfrýjanda að hlíta því. Miða verður við það, að framangreindir víxlar eigi rót að rekja til sölu stefnda á sementi til Breiðholts h/f á tímabilinu 3. október 1977 til 27. febrúar 1978. Víxlar þessir stafa því sjálfstætt frá viðskiptum stefnda við greint fyrirtæki, eftir að það afsalaði hinum veðsetta eignarhluta til áfrýjanda hinn 7. júlí 1977. Eigi er því haldið fram í málinu af hálfu stefnda, að til viðskipta þessara hafi verið stofnað af nauðsyn í því skyni að firra hann tjóni vegna sementssölu til Breiðholts h/f.

Afsali Breiðholts h/f til áfrýjanda var þinglýst 8. júlí 1977. Óljóst er, hvenær fyrirsvarsmönnum stefnda varð kunnugt um afsalið. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi ber að miða við, að bréf áfrýjanda til stefnda frá 18. nóvember 1977, sem tekið er upp í héraðsdóm, hafi borist stefnda sama dag og það var ritað.

III.

Sönnunarbyrði um, að forráðamenn stefnda hafi vitað um afsalið fyrir þennan tíma, hvílir á áfrýjanda, en eðlilegt var að ætlast til þess af honum, að hann tilkynnti stefnda sem tryggingarbréfshafa um afsalið. Hefur áfrýjanda eigi fullnast sönnur um, að stefnda hafi verið kunnugt um afsalið fyrr en 18. nóvember 1977.

IV.

Með vísan til þessa verður að telja, að einungis þær kröfur, sem stafa af skiptum stefnda og Breiðholts h/f fram til 18. nóvember 1977 séu veðtryggðar á grundvelli tryggingarbréfs 10. nóvember 1976, að aðgættum veðbandslausnum samkv. framansögðu. Nema þessar fjárhæðir alls 142.599.35 nýjum krónum. Málsaðiljar eru á einu máli um, að vegna uppfærsluréttar séu kröfur, sem falla undir greint tryggingarbréf, nú tryggðar með 1. veðrétti, sbr. kröfur þeirra hér fyrir dómi og veðbókarvottorð, sem fram hefur verið lagt. Aðilja greinir eigi á um afmörkun veðandlagsins. Á stefndi samkvæmt þessu 1. veðrétt í um það bil 400 fermetra verslunarhúsnæði á I. hæð (suðvesturhlið) í húsinu Háaleitisbraut 68 í Reykjavík, eign áfrýjanda, til tryggingar ofangreindri fjárhæð, 142.599.35 nýjum krónum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, samtals 12.500.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Sementsverksmiðja ríkisins, á 1. veðrétt í um það bil 400 fermetra verslunarhúsnæði á I. hæð (suðvesturhlið) í húsinu Háaleitisbraut 68 í Reykjavík, eign áfrýjanda, Raftækjaverksmiðjunnar h/f, til tryggingar 142.599.35 nýjum krónum.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, samtals 12.500.00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikt Sigurjónssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Við erum sammála atkvæði hæstaréttardómaranna Loga Einarssonar og Ármanns Snævarr að öðru leyti en því, er varðar forsendur í kafla III, sem við teljum að eigi að hljóða svo:

Við mótttöku bréfs þessa varð forráðamönnum stefnda örugglega kunnugt um sölu hinnar veðsettu eignar til áfrýjanda og að áfrýjandi vildi ekki sætta sig við, að frekari veðbönd legðust á eignina. Mátti stefndi því eigi treysta því, að skuldir, sem stofnuðust vegna viðskipta við Breiðholt h/f eftir þann dag, nytu veðtryggingar í umræddri eign.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála öðrum dómendum um, að víxlar þeir, sem í málinu greinir og út eru gefnir á tímabilinu 8. nóvember 1977 til 3. mars 1978, séu vegna sementsúttektar Breiðholts h/f hjá stefnda í mánuðunum október 1977 til febrúar 1978 að báðum meðtöldum. Enn fremur tel ég, eins og hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Logi Einarsson, að eins og hér stendur á, njóti ekki veðréttar samkvæmt tryggingarbréfi því, sem Breiðholt h/f gaf út til stefnda hinn 10. nóvember 1976, kröfur stefnda á hendur Breiðholti h/f, sem stofnaðar voru vegna sementsúttektar, eftir að stefndi fékk vitneskju um, að félagið hafði selt áfrýjanda hinn veðsetta eignarhluta sinn í Háaleitisbraut 68.

Áfrýjandi hélt því fram þegar í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi, að vitneskju um sölu eignarhlutans hefði stefndi fengið áður en framangreindar sementsúttektir áttu sér stað. Sést ekki, að á þetta hafi stefndi nokkru sinni borið brigður. Þessa óvefengdu staðhæfingu áfrýjanda tel ég, að leggja beri til grundvallar dómi í málinu. Leiðir þá af því og öðru, sem að framan hefur verið greint, að stefndi á ekki veðrétt í eign-

arhluta áfrýjanda í Háaleitisbraut 68 fyrir neinum hluta af þeirri fjárhæð, er Breiðholt h/f var dæmt til að greiða með hinum áfrýjaða dómi. Tel ég því, að sýkna beri áfrýjanda af öllum kröfum stefnda í málinu og dæma hann til að greiða áfrýjanda 18.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Sementsverksmiðja ríkisins, Akranesi, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. júní 1978, á hendur Breiðholti h/f, Lágmúla 9, Reykjavík, og Raftækjaverksmiðjunni h/f, Hafnarfirði.

Kröfur stefnanda í upphafi voru þær, að stefndi Breiðholt h/f verði dæmdur til að greiða sér kr. 37.566.574 með tilgreindum vöxtum svo og til greiðslu málskostnaðar. Á hendur stefnda Raftækjaverksmiðjunni h/f var krafan gerð til að þola með dóminum staðfestingu á veðrétti í ca 600 fermetra eignarhluta í fasteigninni nr. 68 við Háaleitisbraut hér í borg fyrir hinum dæmdu fjárhæðum á hendur stefnda Breiðholti h/f.

Á síðara stigi málsins lækkaði stefnandi fjárhæð stefnukröfu sinnar. Eru kröfur stefnanda nú þannig, að stefndi Breiðholt h/f verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 30.540.924 með 3% mánaðarvöxtum af kr. 3.727.694 frá 1. desember 1977 til 15. desember s. á., af kr. 8.982.569 frá þeim degi til 1. janúar 1978, af kr. 14.259.934 frá þeim degi til 15. janúar s. á., af kr. 21.000.519 frá þeim degi til 15. febrúar 1978, af kr. 24.676.634 frá þeim degi til 15. mars 1978, af kr. 26.946.219 frá þeim degi til 1. apríl 1978, af kr. 28.966.624 fá þeim degi til 15. apríl s. á., af kr. 30.540.924 frá þeim degi til 1. júní 1979, 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 4½% frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Á hendur stefnda Raftækjaverksmiðjunni h/f gerir stefnandi nú þær kröfur, að staðfest verði, að ofangreindar kröfur á hendur stefnda Breiðholti h/f séu veðtryggðar með 2. veðrétti, næst á eftir veði áhvílandi á 1. veðrétti til Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 50.000.000 í eignarhluta þessa stefnda í húseigninni nr. 68 við Háaleitisbraut hér í borg, sem nánar er tiltekinn 600 fermetra verslunarhúsnæði á 1. hæð (suðvesturhlið). Beinist krafan að því, að þessi stefndi verði dæmdur til að þola þessa staðfestingu. Ekki er gerð krafa af hálfu stefnanda til greiðslu málskostnaðar úr hendi þessa stefnda.

Af hálfu stefnda Breiðholts h/f hefur ekki verið sótt þing í málinu, var honum þó löglega stefnt. Ber því samkvæmt 118. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 að dæma málið að því er hann varðar samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefndi Raftækjaverksmiðjan h/f hefur krafist þess, að synjað verði um staðfestingu á veðrétti í eignarhluta hans í Háaleitisbraut 68 hér í borg fyrir þeim fjárhæðum, sem stefnda Breiðholti h/f kann að verða dæmt að greiða stefnanda málsins. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Krafa stefnanda í málinu nú er samkvæmt 8 víxlum, öllum útgefnum af stefnanda, en samþykktum til greiðslu af stefnda Breiðholti h/f í Landsbanka Íslands þannig:

1.	Víxill, útgefinn 8. nóvember 1977, með gjalddaga 1. desember 1977, upphaflega að fjárhæð kr. 9.161.195, en nú að eftirstöðvum	kr. 3.727.694
2.	Víxill, útgefinn 8. nóvember 1977, með gjalddaga 15. desember 1977	— 5.254.875
3.	Víxill, útgefinn 23. nóvember 1977, með gjalddaga 1. janúar 1978	— 5.277.365
4.	Víxill, útgefinn 8. desember 1977, með gjalddaga 15. janúar 1978	— 6.740.585
5.	Víxill, útgefinn 18. janúar 1978, með gjalddaga 15. febrúar 1978	— 3.676.115
6.	Víxill, útgefinn 9. febrúar 1978, með gjalddaga 15. mars 1978	— 2.269.585
7.	Víxill, útgefinn 3. mars 1978, með gjalddaga 1. apríl 1978	— 2.020.405
8.	Víxill, útgefinn 3. mars 1978, með gjalddaga 15. apríl 1978	— 1.574.300
	eða samtals	kr. 30.540.924

Stefnandi hefur lagt fram frumrit umræddra víxla. Ber því samkvæmt framansögðu að dæma stefnda Breiðholt h/f til að greiða stefnanda fjárhæð þeirra, kr. 30.540.924 með vöxtum, eins og krafist er í stefnu, enda hefur ekki verið framhaldsstefnt til hækkunar á vaxtafæti. Enn fremur til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.900.000.

Allur rekstur máls þessa snýst um kröfur stefnanda á hendur stefnda Raftækjaverksmiðjunni h/f.

Verða málsatvik nú rakin að því leyti:

Breiðholt h/f var um árabil starfandi byggingafyrirtæki og hafði af þeim sökum stór og mikil viðskipti við stefnanda um sementskaup. Á árinu 1977 hafði fyrirtækið m. a. í byggingu verslunarhúsnæði við Háaleitisbraut nr. 68 hér í borg. Gagnvart viðskiptum sínum við stefnanda gaf stjórn þess félags út tryggingarbréf, dags. 10. nóvember 1976, þar sem segir m. a.:

„Að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim, sem fyrirtækið nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann að standa í við Sementsverksmiðju ríkisins, Akranesi, hvort sem það voru víxilskuldir þess, skuld á viðskiptareikningi, eða hvers konar aðrar skuldir við Sementsverksmiðjuna, að samantaldri fjárhæð allt að kr. 42.500.000,- — Fjörutíu og tvær milljónir og fimm hundruð þúsund krónur 00/100 —, setjum við hér með Sementsverksmiðjunni að veði eftirtalda hluta í 2. byggingaráfanga í fasteigninni nr. 68 við Háaleitisbraut, hér í borg:

a) Ca. 600 fermetra verslunarhúsnæði á 1. hæð (suðvesturhlið).

b) Ca. 500 fermetra húsnæði í kjallara í norðvesturhluta hans.

Eignir þessar eru veðsettar með II. — öðrum veðrétti og uppfærslurétti, næst á eftir tryggingabréfi til Landsbanka Íslands, útg. 7. júlí 1975, að fjárhæð kr. 50.000.000.-.

Hið framangreinda er veðsett í því ástandi sem það er nú í eða síðan kann að verða með hvers konar endurbótum og viðaukum, og eru vátryggingarfjárhæðir hins veðsetta innifaldar í veðsetningunni.

Tryggingabréf þetta gildir jafnt, þótt greiðslufrestur verði veittur einu sinni eða oftar, víxlar framlengdir að meira eða minna leyti, með sömu eða öðrum víxilskuldurum og þar til allt, sem að framan getur, að sé með veði þessu tryggt, er veðhafa að fullu greitt."

Enn gaf stjórn félagsins út tryggingarbréf, dags. 11. febrúar 1977, en þar segir m. a.:

„Að til tryggingar skilvísri og skaðlusri greiðslu á skuldum þeim, sem fyrirtækið nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann að standa í við Sementsverksmiðju ríkisins, Akranesi, hvort sem það voru víxilskuldir þess, skuld á viðskiptareikningi eða hvers konar aðrar skuldir við Sementsverksmiðjuna, að samantaldri fjárhæð allt að kr. 8.500.000,- — Átta milljónir og fimm hundruð

þúsund 00/100 —, setjum við hér með Sementsverksmiðjunni að veði eftirtalda hluta í 2. byggingaráfanga í fasteigninni nr. 68 við Háaleitisbraut, hér í borg.

Ca. 600 fermetra verslunarhúsnæði á 1. hæð (suðvesturhlið).

Eignir þessar eru veðsettar með II. — öðrum veðrétti og uppfærslurétti, næst á eftir tryggingabréfi til Landsbanka Íslands, útg. 7. júlí 1975, upphaflega að fjárhæð 50.000.000,- en nú að eftirst. 10.000.000,-".

Báðum bréfum þessum var þinglýst að lögum.

Með kaupsamningi, dags. 5. júlí 1977, selur stefndi Breiðholt h/f stefnda Raftækjaverksmiðjunni h/f ca 600 fermetra verslunarhúsnæði á 1. hæð í húsinu nr. 68 við Háaleitisbraut, sem í byggingu var, sem ekki er deila um, að hafi verið í suðvesturhluta hússins og tryggingarbréfin um þann hluta tóku til. Samkvæmt þessum kaupsamningi, sem ekki var þinglýst, kemur fram m. a., að „þær áhvílandi veðskuldir, sem nú hvíla á eigninni, skal seljandi hafa afritað af henni eigi síðar en 20. september 1977, og skal afsal þá gefið út, enda lofar seljandi að skila hinni seldu eign veðbandslausri og án allra kvaða....".

Hinn 7. júlí 1977 gaf stefndi Breiðholt h/f út afsal til stefnda Raftækjaverksmiðjunnar h/f fyrir hinu fyrrgreinda húsnæði. Þar segir, eftir að húsnæðinu hefur verið lýst, ástandi þess við afsalið og hvað stefndi Breiðholt h/f taki að sér að gera húsnæðinu, „á eigninni eru nú áhvílandi eftirtalin veðbönd, sem Breiðholt h.f. skal hafa afmáð af eigninni fyrir 20. september 1977:

a) Tryggingarbréf vegna skuldar við Landsbanka Íslands á 1. veðrétti að fjárhæð kr. 10.000.000,- b) Tryggingarbréf vegna skuldar við Sementsverksmiðju ríkisins á II. veðrétti (2 bréf) samtals að fjárhæð kr. 51.000.000,-"

Afsali þessu var þinglýst að lögum.

Af gögnum málsins er ljóst, að á þessum árum, þ. e. 1975 til 1977, átti stefndi Breiðholt h/f í greiðsluörðugleikum með uppgjör við stefnanda varðandi úttektir á sementi frá verksmiðju hans svo sem og aðrar steypustöðvar á þessum tíma. Gekk á ýmsu í þessu sambandi, en mikil víxilviðskipti áttu sér stað varðandi útektirnar. Stefnandi hafði veitt hinum ýmsu steypustöðvum, þ. á m. stefnda Breiðholti h/f, staðgreiðsluafslátt, en vegna vanefnda svipt það félag um tíma þeim afslætti og krafist staðgreiðslu á sementsúttektum fyrirtækisins. Gekk á ýmsu í þessu sambandi. Hér fyrir dómi hafa gefið skýrslur þeir Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður, sem á þessum tíma var stjórnar-

formaður Breiðholts h/f, og Sigurður S. Jónsson, framkvæmdastjóri þess félags. Þessar yfirheyrslur hníga að svo til öllu leyti að viðskiptum stefnda Breiðholts h/f við stefnanda um greiðslukjör, staðgreiðsluafslátt og víxilviðskipti vegna úttekta á sementi frá stefnanda. Dómurinn telur ekki tilefni til að rekja yfirheyrslur þessar sérstaklega, en vísar til þeirra. Á þessum tíma, sem þessar skýrslur greina frá, voru samningaviðræður milli stefnda Breiðholts h/f og stefnda Raftækjaverksmiðjunnar h/f um kaup hins síðarnefnda á margnefndu húsnæði, sem svo leiddu til afsals, eins og áður greinir. Hinn 18. nóvember 1977 ritar Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Raftækjaverksmiðjunnar h/f stefnanda bréf, þar sem segir m. a.

„ — Hinn 11. nóvember s.l. fór fram nauðungaruppboð á verslunarhúsnæði á 1. hæð Háaleitisbrautar 68, Reykjavík, áður eign Breiðholts h.f.

Af því tilefni leyfi ég mér f. h. Raftækjaverksmiðjunnar h/f í Hafnarfirði að taka fram eftirfarandi:

Með afsali, dags. 7. júlí s.l., seldi Breiðholt h/f framangreinda eign Raftækjaverksmiðjunni h/f. Eignin var þá undir uppboði, m. a. vegna vanskilaskulda við yður að fjárhæð um 13,5 milljónir króna. Samkvæmt samningi bar seljanda að aflétta áhvílandi veðskuldbindingum og leysa eignina undan uppboðinu eigi síðar en 20. september s.l. Við þetta var ekki staðið af hálfu seljanda. Seljandi hafði leitað eftir því við Landsbankann, að hann keypti af honum 25 milljón króna veðskuldabréf, sem kaupandi átti að gefa út fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, en dráttur varð á því, að það fengist samþykkt.

Nú liggur samþykki Landsbankans hinsvegar fyrir, og munu fulltrúar bankans væntanlega ræða við yður á næstu dögum um ráðstöfun á andvirði veðskuldabréfsins, en seljandi hefir jafnan fullvissað kaupanda um, að þér mynduð létta allsherjarveðinu af eigninni, þegar gengið hefir verið frá greiðslu á uppboðskröfu yðar, og hefir því verið treyst af kaupanda.

Er þess að vænta, að málið leysist sem allra fyrst.

Í öryggisskyni þykir mér þó rétt að benda á, að Breiðholti h/f er með öllu óheimilt frá 7. júlí s.l., að það seldi umbjóðanda mínum framangreinda eign, að nota hana sem tryggingu fyrir viðskiptum við yður."

Raftækjaverksmiðjan h/f gerði síðar upp nauðungaruppboðskröfuna, samtals að fjárhæð kr. 20.381.034, sem kæmi þá að þeim hluta til lausnar á margnefndri veðtryggingu í húseigninni og

jafnframt hluti af greiðslu kaupverðsins, þannig að trygging samkvæmt tryggingarbréfunum yrði eftir það að hámarki kr. 30.618.966. Er þetta viðurkennt af stefnanda í málinu.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Raftækjaverksmiðjunni h/f er einvörðungu byggð á ákvæðum tryggingarbréfanna, þ. e. höfuðstóll og vextir að viðbættum málskostnaði, sem dæmt verður Breiðholti h/f að greiða.

Stefnda Raftækjaverksmiðjan h/f hafi verið að fullu ljósar við kaup sín á umræddu húsnæði kvaðir þær, sem á húsnæðinu voru, enda tekið fram í kaupsamningi og síðar gerðu afsali. Að vísu hafi fyrirtækið greitt sem greiðslu af kaupum nauðungaruppboðsgreiðslu að fjárhæð kr. 20.381.034, þannig að nú sé tryggingarfjárhæðin kr. 30.618.966.

Sýknukrafa stefnda Raftækjaverksmiðjunnar h/f er studd þeim rökum, að stefnanda hafi verið óheimilt að nýta umrætt veð vegna skuldbindinga Breiðholts h/f, eftir að það fyrirtæki hafði selt eignina til Raftækjaverksmiðjunnar h/f. Er salan til Raftækjaverksmiðjunnar h/f fór fram, hafi eignin verið undir uppboði, m. a. vegna skuldar við stefnanda samkvæmt fjárnámi að fjárhæð kr. 13.532.910. Samkvæmt samningi aðilja skuldbatt seljandi sig til þess að láta afmá öll áhvílandi veðbönd af eigninni fyrir 20. september 1977. Við þá skuldbindingu var ekki staðið þrátt fyrir það, að kaupandi reyndi að greiða fyrir lausn þess umfram skyldu. Af hálfu stefnda var staðhæft við söluna, að á bak við tryggingarbréf stefnanda væri ekki önnur skuld en áðurgreindar kr. 13.5 milljónir, þar sem öll viðskipti við stefnanda væru staðgreidd, og mundi tryggingarbréfunum verða aflýst, þegar uppboðskrafa verksmiðjunnar hefði verið greidd. Sementsverksmiðjan hefði skuldbundið sig til þess að láta Breiðholt h/f fá venjuleg viðskiptakjör, þegar uppboðskrafan hefði verið greidd, en þetta fæli í sér, að verksmiðjan mundi aflétta veðinu og veita Breiðholti h/f á ný 8% afslátt af sementskaupum, sem Breiðholt h/f hefði ekki notið sl. tvö ár.

Hinn 18. nóvember 1977 hafi stefndi Raftækjaverksmiðjan h/f ritað stefnanda bréf, þar sem m. a. í lok þess hafi verið á það bent, að Breiðholti h/f væri óheimilt að nýta umrædda eign til tryggingar viðskiptum við stefnanda. Síðan það gerðist og fram á mitt árið 1978 hafi viðræður farið fram milli aðilja um lausn málsins. Hafi Raftækjaverksmiðjan h/f boðið stefnanda að greiða uppboðskröfurnar gegn því, að stefnandi aflýsti tryggingarbréfunum, en á það vildi stefnandi ekki fallast, nema Breiðholt h/f

setti aðra tryggingu fyrir viðskiptum við hann vegna skulda, sem stofnað var til, eftir að stefnanda var kunnugt um, að Breiðholt h/f hafði selt Raftækjaverksmiðjunni h/f eignina. Tryggingarbréf stefnanda var fyrir ótilgreindum viðskiptaskuldum. Veðréttur stefnanda samkvæmt tryggingarbréfum var skilorðsbundinn. Hann varð ekki virkur, nema önnur atvik kæmu til, þ. e. að stofnað væri til lánsviðskipta. Hvort lögmæt skilyrði voru fyrir stofnun veðréttar, verði því að meta eftir því, hvernig ástatt var á þeim tíma, þegar skuld stefnda Breiðholts h/f við stefnanda varð til. Vitneskja stefnanda um það, að veðsali hafði selt umrædda eign og hafði ekki heimild til að nota hana sem tryggingu fyrir viðskiptum, hlýtur að ráða úrslitum um það, hvort lögmæt skilyrði voru til stofnunar veðréttar eða ekki. Víxlar þeir, sem stefnt er út af í máli þessu, eru allir til orðnir vegna viðskipta, sem stefnandi stofnaði til við stefnda Breiðholt h/f, löngu eftir að Breiðholt h/f hafði selt Raftækjaverksmiðjunni h/f eignina. Stefnandi var því ekki í góðri trú, þegar til þessara skulda var stofnað. Stefnandi virti að vettugi sérstaka tilkynningu Raftækjaverksmiðjunnar h/f í bréfi 18. nóvember 1977, þar sem fram var tekið, að stefnanda væri óheimilt að nota veðið til frekari viðskipta við Breiðholt h/f. Það sé því einsýnt, að skuldir þær, sem hér er stefnt út af, séu stofnaðar á ábyrgð og áhættu stefnanda sjálfs. Leiði þetta af almennum grundvallarreglum laga, sbr. 32. og 38. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Eins og rakið er hér að framan, keypti stefndi Raftækjaverksmiðjan h/f hið umrædda húsnæði með afsali, dags. 7. júlí 1977. Á þeim tíma, svo sem fram er tekið í afsalinu, voru veðbönd á hinu selda til tryggingar skuldum seljanda, Breiðholts h/f, við stefnanda. Þrátt fyrir ákvæði varðandi söluna um skyldur Breiðholts h/f til að leysa eignina úr veðböndum fyrir 20. september 1977 varð það ekki að efndum. Raftækjaverksmiðjan h/f ritaði stefnanda bréf, dags. 18. nóvember 1977, þar sem bent var á, að stefnanda Breiðholti h/f væri óheimilt frá 7. júlí þess árs að nota umrædda húseign sem tryggingu fyrir viðskiptum stefnanda við Breiðholt h/f. Ekki liggur fyrir í málinu, að svar hafi borist við þessari ábendingu. Á árinu 1978, eða nánar tiltekið með uppgjöri til lögmannsstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar hæstaréttarlögmanna, Reykjavík, dags. 1. nóvember 1978, greiddi Raftækjaverksmiðjan h/f nauðungaruppboðsandvirði að fjárhæð kr. 20.381.034, sem reiknað var sem hluti af kaupverði eignarinnar og þar með til lausnar að hluta veðbandanna á eign-

inni, eins og áður er rakið. Hvort tveggja þetta sýnir, að Raftækjaverksmiðjan h/f var þess meðvitandi, að veðböndin voru óleyst af eigninni við hina síðastnefndu dagsetningu. Stefnandi átti samkvæmt tryggingarbréfunum 2. veðrétt í hinu selda húsnæði til tryggingar greiðslum á skuldum Breiðholts h/f við sig, jafnt þótt greiðslufrestur væri veittur einu sinni eða oftar, víxlar framlengdir að meira eða minna leyti, með sömu eða öðrum víxilskuldurum, og þar til skuldin sé veðhafanum að fullu greidd, eins og segir í tryggingarbréfunum. Telur dómurinn því eigi skipta máli, þótt víxlar þeir, sem hér er stefnt út af, séu út gefnir, eftir að afsal var gefið út fyrir eigninni til Raftækjaverksmiðjunnar h/f, enda ekki sannað, að um svik gagnvart því fyrirtæki hafi ráðið útgáfu víxlanna. Ber því að taka til greina kröfu stenanda um staðfestingu veðréttar í eignarhluta Raftækjaverksmiðjunnar h/f í húseigninni nr. 68 við Háaleitisbraut hér í borg til tryggingar dæmdum höfuðstól í kröfu hans á hendur Breiðholti h/f, eða kr. 30.540.924.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Skaftasyni hæstaréttarlögmanni, viðskiptafræðingi, og Atla Haukssyni, löggiltum endurskoðanda.

Dómsorð:

Stefndi, Breiðholt h/f, greiði stefnanda, Sementsverksmiðju ríkisins, kr. 30.540.924 með 3% mánaðarvöxtum af kr. 3.727.694 frá 1. desember 1977 til 15. desember s. á., af kr. 8.982.569 frá þeim degi til 1. janúar 1978, af kr. 14.259.934 frá þeim degi til 15. janújar s. á., af kr. 21.000.519 frá þeim degi til 15. febrúar 1978, af kr. 24.676.634 frá þeim degi til 15. mars 1978, af kr. 26.946.219 frá þeim degi til 1. apríl 1978 og af kr. 30.540.924 frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 1.900.000 í málskostnað.

Á stefnandi 2. veðrétt í ca 600 fermetra verslunarhúsnæði á 1. hæð (suðvesturhlið) í húseigninni nr. 68 við Háaleitisbraut hér í borg, eign Raftækjaverksmiðjunnar h/f, til tryggingar greiðslu á framangreindum höfuðstóli, kr. 30.540.924.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. desember 1981.

Nr. 17/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Öllu Lúthersdóttur
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar og einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds að því er hana varðar. Meðákærði í héraði vildi una dómi, og var við það látið sitja.

Hér fyrir dómi var þess krafist af hálfu ákæruvalds, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal endurrit úr sakadómsbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur af dómprófum, er fram fóru eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms.

Hinn 19. október 1981 komu fyrir sakadóm Reykjavíkur lögreglumennirnir Þorgrímur Guðmundsson og Jón Helgi Birkir Snorrason. Þeir handtóku ferðafélaga ákærðu og færðu þá í lögreglustöðina í Borgarnesi, en óku ákærðu að Faxaborg, svo sem rakið er í upphafi hins áfrýjaða dóms úr frumskýrslu máls þessa, er lögreglumaðurinn Þorgrímur Guðmundsson ritaði. Fyrir sakadómi báru lögreglumenn þessir, að þeir minntust ekki málsatvika, nema kvað Jón Helgi Birkir kvaðst muna, „að stúlkan virtist vera mjög drukkin og lítið geta áttað sig á staðháttum."

Sama dag og að framan getur voru yfirheyrðir í sakadómi

Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Þórður Sigurðsson, lögregluvarðstjóri í Borgarnesi, og Björn Þorbjörnsson, lögreglumaður þar.

Skýrir lögregluvarðstjórinn svo frá, að er hann hafi komið til vinnu sunnudagsmorguninn 17. júlí 1977, hafi þeir meðákærði í héraði, Ólafur Rúnar Björnsson, og félagi hans, Björgvin Ólafur Eyþórsson, verið í fangaklefa á lögreglustöðinni. Í fyrstu hafi þeir eigi viljað segja, hver ekið hefði bifreiðinni M 859. Við yfirheyrslur síðar um daginn hafi þeir svo samhljóða skýrt frá því, að meðákærði í héraði og ákærða hefðu bæði ekið bifreiðinni. Á sama veg bar lögreglumaðurinn Björn Þorbjörnsson. Kveður hann ákærðu hafa verið sótta að Faxaborg, þangað sem henni hafði verið ekið aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 1977. Þórður Sigurðsson lögregluvarðstjóri yfirheyrði hana dag þennan, og segir hann hana hafa staðfastlega neitað því að hafa ekið bifreiðinni.

Hinn 1. desember sl. kom lögreglumaðurinn Björn Þorbjörnsson enn fyrir sakadóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hafði hann markað á ljósrit af korti Landmælinga ríkisins, blað nr. 36, leið þá, er bifreiðinni M 859 var ekið aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 1977 frá Brautartungu að vegamótum við bæinn Hest í Borgarfirði, þar sem meðákærði í héraði og félagi hans voru handteknir. Í áðurnefndri skýrslu Þorgríms Guðmundssonar lögreglumanns segir, að lögreglubifreiðin hafi verið stöðvuð við Haugavegamót í Borgarfirði, en þau eru að sögn Björns Þorbjörnssonar lögreglumanns við bæinn Hauga í Stafholtstungum, og er því um misskilning að ræða í lögregluskýrslu Þorgríms Guðmundssonar.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi getur, verður að telja sannað með framburðum Björgvins Eyþórssonar og Ólafs Björnssonar, meðákærða í héraði, að ákærða hafi með áhrifum áfengis ekið bifreiðinni M 859, eins og henni er að sök gefið í ákæruskjali. Er brot hennar rétt heimfært til lagaákvæða þar.

Í sakadómi Vestmannaeyja 10. júlí 1980 samþykkti ákærða að greiða 225.000 króna sekt til ríkissjóðs vegna ölvunaraksturs og vera svipt ökuleyfi í eitt ár frá þeim degi að telja.

Ber því að ákvarða refsingu hennar með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hæfilega ákveðin 900.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Staðfesta ber úrlausn hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærðu að öðru leyti en því, að tilvitnun í 78. gr. almennra hegningarlaga á hér eigi við.

Þá verður ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ákærðu staðfest.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, 2.000.00 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

Dómsorð:

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, greiði 900.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærðu og greiðslu sakarkostnaðar hennar eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 12. september 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. ágúst sl., er með ákæruskjali, dags. 4. apríl 1978, höfðað gegn Ólafi Rúnari Björnssyni, Akrakoti, Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu, og Öllu Lúthersdóttur, Geldingaá í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu, fyrir að hafa til skiptis aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 1977 ekið bifreiðinni M 859 undir áhrifum áfengis, ákærða Alla frá Brautartungu

í Borgarfirði áleiðis til Faxaborgar, uns ákærði Ólafur Rúnar tók við stjórninni við Hesthálsvegamót og ók, þar til lögreglumenn höfðu afskipti af ákærðu í Lundarreykjadal.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærði Ólafur Rúnar er fæddur á Akranesi 8. janúar 1959 og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 16/2 á Akranesi: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr., 26. gr., 37. gr. og 41. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 16/2 1977.

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, er fædd á Akureyri 25. apríl 1944 og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1963 30/10 á Akureyri. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1965 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga, sbr. 22. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8. desember 1965.

1966 23/3 á Akureyri: Dómur: 1.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Svipt ökuleyfi í 4 mánuði frá dómsbirtingu.

1980 10/7 í Vestmannaeyjum: Sátt, kr. 225.000 sekt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svipt ökuleyfi í 1 ár frá 10/7 1980.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 17. júlí 1977, um kl. 0350, voru lögreglumenn í umferðareftirliti í Lundarreykjadal. Veittu þeir athygli bifreiðinni M 859, þar sem hún stóð kyrrstæð við vegarbrún. Fyrir utan bifreiðina stóðu tveir piltar, en ung stúlka virtist sofandi í aftursæti bifreiðarinnar. Piltarnir voru báðir áberandi ölvaðir og kváðu ökumann bifreiðarinnar hafa farið með annarri bifreið að ná í bensín. Yfirgáfu lögreglumenn þá staðinn. Skömmu seinna, eða um kl. 0400, voru sömu lögreglumenn staðsettir við Hesthálsvegamót, Borgarfirði, og veittu áðurnefndri bifreið athygli, þar sem henni var ekið að áðurnefndum gatnamótum. Skyndilega var bifreiðin stöðvuð, og sáu lögreglumennirnir þá, að ökumaður hennar

færði sig í aftursæti bifreiðarinnar eða í farþegasæti hægra megin að framan. Piltarnir báru í upphafi sök hvor á annan um að hafa ekið bifreiðinni, og voru þeir fluttir á lögreglustöðina í Borgarnesi. Umrædd stúlka, sem var ákærða, Alla Lúthersdóttir, í máli þessu, virtist áberandi ölvuð, en þar sem engin vísbending kom fram um, að hún væri þátttakandi í akstri bifreiðarinnar, var henni ekið að Faxaborg og skilin þar eftir.

Annar piltanna, Björgvin Ólafur Eyþórsson, var færður fyrir varðstjóra í Borgarnesi, og kvað hann þá ákærða Ólaf Rúnar hafa ekið bifreiðinni og einnig ákærðu Öllu, sem hann þá gat ekki nafngreint.

Ákærði Ólafur Rúnar kom einnig fyrir varðstjóra og kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn og neitaði að segja, hver hefði ekið henni. Voru ákærði Ólafur Rúnar og áðurnefndur Björgvin Ólafur því næst fluttir í fangageymslu lögreglunnar í Borgarnesi.

Síðar sama dag kemur Ólafur Rúnar fyrir varðstjóra og skýrir svo frá, að ákærða, Alla Lúthersdóttir, hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn niður að Hesthálsvegamótum og þar hafi hann sjálfur tekið við stjórn bifreiðarinnar. Kvaðst hann aðeins hafa ekið nokkrar bíllengdir, er lögreglan stöðvaði akstur hans.

Björgvin Ólafur kom sama dag fyrir varðstjóra og skýrði svo frá, að þeir félagar hefðu hitt ákærðu Öllu við Brautartungu og hafi þeir verið að svipast um eftir bílstjóra. Hann kvaðst hafa vikið sér að Öllu og spurt hana, hvort hún vildi aka bifreiðinni fyrir þá félaga, þrátt fyrir það að hún væri eitthvað ölvuð. Hann kvað Öllu síðan hafa ekið bifreiðinni nokkra stund, en þá hafi þau stoppað, þar sem þau hafi talið, að þau rækjust ekki á lögregluna eftir það, og þá hafi ákærði Ólafur tekið við stjórn bifreiðarinnar og hafi hann verið við stjórn hennar, er lögreglumenn komu að, en þá hafi hann fært sig í afturstætið hjá Öllu.

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, kom fyrir varðstjóra sama dag og neitaði alfarið að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn. Hún hafi verið farlaus eftir umræddan dansleik og hafi fengið far með þeim félögum, Ólafi Rúnari og Björgvin Ólafi, en kvaðst ekki muna, hver ók bifreiðinni umrætt sinn.

Ákærði, Ólafur Rúnar, kom fyrir dóm 25. nóvember 1977 og viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni M 859 umrætt sinn og fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kvað Öllu Lúthersdóttur hafa ekið bifreiðinni fyrst í stað og kvað hana greinilega hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Björgvin Ólafur Eyþórsson kom fyrir dóm 31. okt. 1977 og skýrði svo frá, að ákærða Alla hefði í fyrstu ekið bifreiðinni M 859 áleiðist frá Brautartungu umrætt sinn og síðan hefði ákærði, Ólafur Rúnar, tekið við akstrinum, er hann sá, að Alla var undir áhrifum áfengis.

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, kom fyrir dóm 23. febrúar 1978 og skýrði svo frá, að hún hefði að loknum dansleik í Brautartungu aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 1977 fengið far með bifreiðinni M 859 frá Brautartungu áleiðis að Faxaborg. Hún kvað ákærða, Ólaf Rúnar Björnsson, hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn. Hún neitaði alfarið, sérstaklega aðspurð, að hafa ekið bifreiðinni.

Blóðsýni til alkóhólmælingar var tekið úr ákærða, Ólafi Rúnari, umrætt sinn, og reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1.16‰. Blóðsýni var ekki tekið úr ákærðu, Öllu Lúthersdóttur.

Skipaður verjandi ákærðu Öllu, Haraldur Blöndal héraðsdómslögmaður, hefur krafist sýknu, er hann byggir á því, að ákærða hafi ætíð neitað að hafa ekið bifreiðinni umrædda nótt. Hann telur framburði Björgvins og ákærða Ólafs mjög ruglingslega og bendir á, að þeir hafi báðir nýfengið á sig dóm vegna ölvunaraksturs og hafi þeir því haft af því mikla hagsmuni að hagræða sannleikanum og varpa sök af sér á þriðja aðilja. Heldur verjandinn því fram, að ekkert sé leggjandi upp úr síðari framburðum þeirra um hlut ákærðu Öllu í máli þessu, heldur verði alfarið að styðjast við framburð hennar sjálfrar.

Með vísun til niðurstöðu blóðrannsóknar á blóði ákærða Ólafs Rúnars og framburðar hans og annarra gagna í máli þessu þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, er í ákæru greinir og þar þykir réttilega fært til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 160.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt. Var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða 25. nóvember 1977, og skal sviptingin gilda frá þeim degi.

Þá ber að dæma ákærða Ólaf til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með hliðsjón af framburði tveggja vitna, þeirra Ólafs Rúnars og Björgvins Ólafs, sem hafa bæði fyrir lögreglu og dómi staðfastlega haldið því fram, að ákærða Alla hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn undir áfengisáhrifum, þykir nægilega sannað þrátt fyrir

neitun ákærðu, að hún hafi gerst sek um atferli það, er í ákæru greinir og þar þykir rétt fært til refsiákvæða.

Við ákærðu var, á meðan á meðferð þessa máls stóð, gerð dómssátt í sakadómi Vestmannaeyja, þar sem hún var svipt ökuleyfi í 1 ár frá 10. júlí 1980 að telja, og verður því í dómi þessum með hliðsjón af framansögðu að dæma henni hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin kr. 90.000 sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga er ákærða svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá 10. júlí 1981 að telja. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Haralds Blöndal héraðsdómslögmanns, kr. 75.000.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Rúnar Björnsson, greiði kr. 160.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Ákærða, Alla Lúthersdóttir, greiði kr. 90.000 í sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða er svipt ökuleyfi í 4 mánuði frá 10. júlí 1981 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal héraðsdómslögmanns, kr. 75.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. desember 1981.

Nr. 105/1979. **Óli Þór Ólafsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Landsvirkjun
(Othar Örn Petersen hrl.).

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 5. júní 1979. Hann gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2.955.76 krónur með 16% ársvöxtum frá 1. febrúar 1978 til 21. s. m., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Hrafns G. Johnsen tannlæknis frá 15. ágúst 1979. Segir þar, að áfrýjandi hafi hringt til hans 6. janúar 1978 og beðið um ráð við „óþolandi tannpínu". Hafi áfrýjandi síðan komið til tannlæknisins 10. janúar og reynst vera með „acut (heiftarlega) tannrótarbólgu" og fengið meðhöndlun samkvæmt því.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, varð um það samkomulag í október 1977 milli aðilja máls þessa, að áfrýjandi fengi leyfi frá störfum til að leita sér lækninga, en

starfssamningi hans skyldi slitið, ef fram kæmi síðar, að af því yrði ekki árangur. Var heimilt að gera slíkan samning þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 16/1958 og 1. gr. laga nr. 9/1974, þar sem telja verður, að samningurinn í heild hafi eigi rýrt rétt áfrýjanda. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. mars 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars sl., hefur Óli Þór Ólafsson, Engjavegi 2 á Selfossi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. júní 1978, gegn Landsvirkjun, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér vinnulaunaskuld að fjárhæð kr. 517.898 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. febrúar 1978 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Til vara krefst stefndi þess, að sér verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 49.811 án málskostnaðar. Til þrautavara krefst stefndi þess, að dæmd verði lægri fjárhæð en stefnufjárhæðin að mati dómsins án málskostnaðar.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hóf störf hjá stefnda í marsmánuði 1977 á „lager" á virkjunarsvæðinu við Sigöldu. Síðar hafði hann yfirumsjón með „lagernum". Stefnanda var sagt upp störfum 9. janúar 1978 fyrirvaralaust. Uppsögnin var ekki skrifleg. Stefndi greiddi stefnanda kaup fyrir allan janúarmánuð, en

stefnandi telur sig eiga rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti miðað við næstu mánaðamót á eftir uppsagnardegi og gerir kröfu til, að sér verði greitt kaup fyrir febrúarmánuð 1978. Launakröfuna sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Laun fyrir tímabilið 1/2—14/2 1978 (með fastri eftirvinnu og 15% bónus)	kr. 242.180
2.	Laun fyrir tímabilið 15/2—28/2 1978 (með fastri eftirvinnu og 15% bónus)	— 235.894
3.	Orlof 8.33%	— 39.824
	Samtals	kr. 517.898

Eftirmaður stefnanda í starfi hafði í kaup á tímabilinu frá 29. janúar—25. febrúar 1978 samtals kr. 411.201. Stefnandi hafði kr. 115.625 í launatekjur í febrúar 1978, en í janúar mun hann ekki hafa haft önnur laun en stefndi greiddi honum. Aðiljar málsins eru sammála um, að samkvæmt kjarasamningi þeim, sem stefnandi vann eftir, hafi hann átt rétt á mánaðaruppsagnarfresti.

Stefndi telur stefnanda hafa rofið samkomulag, sem þeir hafi gert, og því hafi uppsögnin verið heimil. Þessu samkomulagi er svo lýst í greinargerð stefnda: „Fljótlega (þ. e. eftir að stefnandi hóf störf hjá stefnda) fór að bera á því, að stefnandi neytti áfengis á vinnustað. Umbjóðendur mínir vildu reyna að aðstoða stefnanda, og varð að samkomulagi í nóvember, að stefndi (sic.) fari í mánaðarfrí og skyldi fríinu varið til dvalar á drykkjumannahæli á Vífilsstöðum. Varð og að samkomulagi, að svo skyldi litið á, að stefnandi hefði hætt vinnu, ef hann stæði sig ekki eftir dvölina á Vífilsstöðum, og að tilgangslaust væri, að hann kæmi til starfa aftur, ef hann neytti áfengis á vinnustað. Þegar í fyrsta úthaldi eftir áramót brást stefnandi og mætti ölvaður til vinnu að morgni 7. janúar og hafði þá verið við drykkju í vinnubúðunum um nóttina."

Stefnandi kom fyrir dóminn 16. janúar sl. Hann kannaðist við að hafa neytt áfengis einstöku sinnum á vinnustað, en þó utan vinnutíma. Stefnandi taldi neysluna ekki hafa verið að verulegu marki og ekki meira en almennt gerðist á meðal starfsmanna. Hann hefði einu sinni neytt áfengis í vinnutíma, líklega í byrjun september, og þá hefði hann fengið aðvörun. Stefnandi kvaðst hafa talið sig eiga við áfengisvandamál að stríða og önnur vandamál, sem valdið hefðu þrýstingi. Því hefði hann farið þess á leit

við yfirmenn sína að fá leyfi til þess að fara á hælið á Vífilsstöðum. Þangað hefði hann farið 23. okt. og dvalið til 23. nóvember. Hann hefði fengið kaup greitt fyrir þann tíma án þess að fara þess á leit. Stefnandi kvaðst hafa fengið aðvaranir, sem hann hefði skilið svo, að neytti hann áfengis í vinnutíma, mætti hann eiga von á uppsögn. Þetta hefði verið talið skapa slæmt fordæmi og þar sem hann hefði verið verkstjóri, hefði hann boðist til þess að láta af störfum. Það hefðu yfirmenn sínir ekki viljað.

Stefnandi kannaðist við, að um það hefði verið talað, áður en hann fór á hælið, að neytti hann áfengis í vinnutíma, eftir að hann kæmi af hælinu, mætti líta svo á, að hann væri hættur störfum. Stefnandi kvaðst einu sinni hafa neytt áfengis, eftir að hann hóf störf hjá stefnda eftir hælisdvölina. Það hefði verið á föstudagskvöldi eftir áramót. Hann hefði ekki mætt til vinnu morguninn eftir, eins og staðið hefði til. Hann kvaðst einhver eftirköst hafa haft eftir drykkjuna, en ekk mikil. Hins vegar hefði hann verið búinn að hafa óstöðvandi kvalir vegna tannpínu. Hann hefði beðið eftir því að geta hitt yfirmann sinn til þess að tilkynna honum þetta, en ekki fundið fyrr en síðdegis og þá hefði hann fengið leyfi hans til þess að fara heim. Síðan hafi Sigurbjörn Skarphéðinsson, sem er fulltrúi, hringt í sig og tjáð sér, að nærveru sinnar væri ekki óskað. Í það skipti hafi verið rætt um, að orðið hefði að samkomulagi, að stefnandi hætti vinnu, ef hann neytti áfengis, og kvaðst stefnandi hafa skilið það svo, að um væri að ræða áfengisneyslu í vinnutíma.

Í málinu hefur stefnandi lagt fram vottorð Hrafns G. Johnsen tannlæknis, dags. 29. september 1978, svohljóðandi:

„Hér með vottast, að Óli Þór Ólafsson kom á tannlæknastofu mína þ. 10. janúar 1978 vegna heiftarlegrar (acut) tannrótarbólgu, sem var meðhöndluð á viðeigandi hátt."

Enn fremur vottorð Gísla Gíslasonar, sem var staðarverkfræðingur stefnda í Sigöldu á þessum tíma. Vottorðið hefur verið tekið gilt sem rétt og staðfest af báðum aðiljum. Það er dagsett 3. okt. 1978 og hljóðar svo:

„Að ósk Óla Þórs Ólafssonar, Hörðuvöllum 2, Selfossi, skal eftirfarandi tekið fram: Í septembermánuði 1977 kom Óli Þór til mín að Búrfelli og óskaði viðtals. Kvaðst hann eiga í miklum erfiðleikum með að hafa stjórn á drykkjuhneigð sinni. Reynold Jónsson, yfirmaður hans við Sigöldu, hefði gefið honum áminningu og aðvörun, og kvaðst hann álíta, að sín eina von til að komast út úr vítahringnum væri að fara í endurhæfingu að Vífilsstöð-

um. Óskaði hann eftir mánaðarleyfi frá störfum til þessa. Ég tók vel undir þessa málaleitan Óla og lét í ljós ánægju yfir því, að hann skyldi sjálfur gera sér grein fyrir vandamáli sínu og hvar helst væri hjálpar að vænta. Hét ég honum mánaðarleyfi frá störfum á launum, en tók jafnframt fram, að ef sækti í sama horfið aftur, að lokinni Vífilsstaðadvöl, þá yrði hann að hætta vinnu við Sigöldu.

Ofangreint er í aðalatriðum innihald samtals okkar þennan dag."

Þá hefur verið lagt fram ódagsett bréf stefnanda til Guðjóns Tómassonar, starfsmannastjóra stefnda. Bréfið er svohljóðandi:

„Herra starfsmannastjóri, Guðjón Tómasson. Mig langar þrátt fyrir allt, sem á undan er gengið, að senda þér vottorð frá tannlækninum, sem ég fór til. Ég var búinn að vera frá í 1 dag vegna þessa. Á laugardeginum fékk ég frí hjá Reynold Jónssyni, án þess að hann minntist á nokkuð annað en allt væri í stakasta lagi. Þetta kom mér því svolítið á óvart. Samt veit ég, að þetta er samkvæmt því munnlega samkomulagi, sem gert var, en öll okkar mál bæði kaupgjalds og önnur voru munnleg og voru haldin. Ég geri mér ljóst, að ég er sekur, og tek þessu eins og manni sæmir, en með þessu vottorði er ég þó aðeins að bera hönd fyrir höfuð mér. Ég veit ósköp vel, að það eru fleiri sekir en ég. Að endingu langar mig til að þakka fyrir það, sem þið gerðuð fyrir mig."

Stefnandi kvaðst hafa ritað bréf þetta, eftir að hann hafði hætt störfum hjá stefnda. Hann hefði á þessum tíma haldið, að samkomulag hans við stefnda næði til allrar neyslu áfengis, en ekki einungis í vinnutíma. Þegar hann hefði farið að ræða þetta mál við fólk sér nákomið, hefði sér fundist, að túlkun á samkomulaginu hefði verið þess eðlis, að aðeins hefði verið átt við neyslu áfengis í vinnutíma. Ekkert hefði þó komið fram hjá stefnda, sem gerði það að verkum, að hann hefði skipt um skoðun á þessu. Þegar hann tali um í bréfinu, að hann sé sekur, þá sé það víðtækt, en ástand sitt hafi verið mjög bágborið, en sektarkennd sé eitt aðaleinkenni áfengissýki og hann hafi álitið sig sekan um margt. Stefnandi kvaðst álíta, að hann hefði staðið við samkomulagið að sínu leyti og stefndi einnig, nema hvað uppsögnina snerti.

Guðjón Tómasson, starfsmannastjóri stefnda, kom fyrir dóminn. Hann kvað fulltrúa sinn í Sigöldu, Sigurbjörn Skarphéðinsson, hafa skýrt sér frá því, að dálítið bæri á því, að stefnandi

neytti áfengis á vinnustaðnum, og hefði það komið fyrir í vinnutíma oftar en einu sinni. Þetta hafi þótt vera orðið dálítið áberandi. Hann hefði samþykkt þá uppástungu, að stefnandi reyndi að fá einhverja bót á því ástandi, sem þeir hefðu talið vera orðið ansi alvarlegt. Leyfið hefði hann veitt með því skilyrði, að stefnandi sýndi, þegar hann kæmi aftur, að hann hefði fengið einhverja bót. Ef það reyndist ekki vera, þá hefði stefnandi verið búinn að gangast undir það að hætta að vinna. Skilyrðið hefði þó ekki verið, að stefnandi hætti algerlega að neyta áfengis, heldur að það yrði ekki eins áberandi og verið hefði. Enn fremur, að neysla áfengis kæmi ekki niður á vinnu stefnanda, að hann mætti á réttum tíma og þess háttar. Þetta samkomulag hefði Sigurbjörn gert við stefnanda, og kvaðst Guðjón hafa samþykkt það. Guðjón kvaðst hafa talið sig hafa haft öruggar upplýsingar um, að í fyrsta úthaldi eftir áramót hafi stefnandi verið ölvaður morgun einn, þegar menn áttu að mæta til vinnu. Þá hafi hann talið skýlaust, að stefnandi hefði brotið það samkomulag, sem við hann var gert, og hafi hann tekið ákvörðun um það, að stefnanda skyldi sagt upp.

Sigurbjörn Skarphéðinsson, fulltrúi starfsmannastjóra stefnda í Sigöldu, kom fyrir dóminn 16. janúar sl.

Vitnið skýrði frá því, að dálitlu eftir að stefnandi hefði hafið störf hjá stefnda, hefði komið í ljós, að hann átti við drykkjuvandamál að stríða. Vitnið taldi, að stefnandi hefði neytt áfengis í vinnutíma. Áfengisvandamál stefnanda hefði ágerst fremur en hitt. Stefnandi hefði sjálfur sótt um að komast á hælið á Vífilsstöðum og hefði honum fúslega verið veitt leyfi til þess, en öllum hefði komið saman um að gefa stefnanda þetta tækifæri. Áður en til þess hefði komið, hefði áfengisvandamál stefnanda aukist mjög og ekki hefði verið talið verjandi að hafa hann áfram við störf. Þá hefði verið reynt að flýta því, að stefnandi kæmist á hælið, og hefði hann verið beðinn að fara heim og bíða þess þar, að hælisvist fengist. Á það hefði stefnandi fallist. Vitnið taldi, að hann hefði gert það samkomulag við stefnanda, að ekkert yrði frekar gert varðandi áfengisneyslu hans annað en það, að þegar hann kæmi af hælinu, væri ætlast til þess, að hann stæði við sína vinnu. Ef hann stæði sig ekki og neytti áfengis í vinnutíma eða gæti ekki mætt í vinnu sakir áfengisneyslu, yrði litið svo á, að hann væri hættur vinnu. Hann hefði rætt þetta í miklu bróðerni við stefnanda og taldi, að stefnandi hefði samþykkt þetta samkomulag. Vitnið taldi, að ekki hefði verið ætlast til

þess, að stefnandi hætti algerlega áfengisneyslu, heldur að áfengisneyslan kæmi ekki niður á vinnu hans. Eftir að stefnandi kom til vinnu á nýjan leik, hefði ekki borið á áfengisneyslu, en hins vegar kvað vitnið stefnanda hafa sótt í það að komast í áfengi hjá starfsfélögum sínum, en ekki fengið. Rétt eftir áramótin hefði yfirmaður stefnanda haft samband við sig, en vitnið kvaðst þá hafa verið í Reykjavík við störf, og sagt sér, að stefnandi væri orðinn ómögulegur aftur og réði ekki við vínlöngun sína. Hefði hann nefnt, að stefnandi hefði setið við drykkju að næturlagi og látið síðan samstarfsmann sinn hafa lykla að morgni næsta vinnudags, þar sem hann hefði verið að fara í háttinn. Hann hefði ráðgast við yfirmenn stefnanda og hefði þeim komið saman um, að þetta gæti ekki gengið lengur. Vitnið kvaðst hafa tekið að sér að hringja í stefnanda. Hann hafi tjáð honum, að sér þætti hann ekki hafa staðið við samkomulagið, og hafi stefnandi alveg verið sáttur við það, eftir því sem sér hefði best skilist á honum. Hann hefði sagt „ég veit, að ég stóð ekki við minn hluta af málinu". Hann hefði tjáð stefnanda, að honum yrði greitt kaup út janúarmánuð og þar með yrði litið svo á, að þeir væru skildir að skiptum. Stefnandi hafi ekki fengið aðvörun, áður en honum hafi verið sagt upp, enda verði að líta á málið sem eina heild, þrátt fyrir að hælisvistin kæmi þar inn á milli.

Fyrir dóminn kom vitnið Ragnar Gísli Thorvaldsson hinn 1. febrúar 1979.

Hann kvaðst hafa unnið undir stjórn stefnanda við lagerstörf innanhúss frá 25. júní 1977 og hefði samkomulag þeirra ætíð verið gott. Vitnið kvað það hafa komið fyrir, að stefnandi mætti ölvaður til vinnu og eins að hann neytti áfengis í vinnu sinni. Einnig hefði hann haft eftirköst drykkju í vinnunni með þeim afleiðingum, að hann hefði þurft að fara afur „í koju" til að jafna sig. Vitnið kvaðst hafa gegnt störfum stefnanda í forföllum hans. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að stefnandi hefði haft áfengi um hönd, frá því hann kom af hælinu fram til jólaleyfis. Eftir hælisdvölina hefði stefnandi virst rólegri og hefði hann notað lyf reglulega. Stefnandi hefði samt tjáð sér, að hann hefði engan bata fengið. Fyrstu vinnuvikuna eftir áramót hefði stefnandi verið ákaflega ókyrr og jafnvel undarlegur með köflum. Það hefði birst í einhverri vanlíðan og hefði stefnandi etið allar þær pillur, sem hann hefði komist í. Eitt sinn, kl. 5 að morgni dags, hefði stefnandi staðið ölvaður inni á gólfi í klefa vitnisins með lykla að bíl, sem þeir hafi notað, og sagst vera að fara í rúm-

ið. Stefnandi hefði farið upp úr rúminu um miðnætti, eftir að aðrir menn voru komnir í ró, og niður á lager, en þar hafi hann vitað, að til var brennsluspritt, sem notað var á þungavinnuvélar, þegar frost voru mest. Vitnið sagði, að á vinnustað þeirra hefði allt verið illa útlítandi, skrifborð í tómri ösku og könnur á borði með sprittlögg í og enginn vafi hefði leikið á, að þar hefði verið setið að drykkju. Eftir því, sem hann hefði komist næst, hefði stefnandi setið þar einn. Stefnandi hefði ekki mætt til vinnu þennan morgun kl. 7 og ekki komið í hádegismat kl. 12, eins og venja allra hefði verið. Þegar vitnið mætti aftur til vinnu klukkan tæplega 13, hafi stefnandi verið mættur og fljótt á litið hafi ekki verið hægt að merkja, að hann væri undir áhrifum. Stefnandi hafi ákaflega lítið verið við vinnu þennan dag, en þó í kringum vinnustaðinn. Vitnið kvað stefnanda hafa kvartað mikið um tannverki og hafi viljað fara heim, sem hann muni hafa gert daginn eftir eða næsta dag.

Málsástæður.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að honum hafi verið sagt upp með ólögmætum hætti. Samkvæmt þeim kjarasamningi, sem hann hafi unnið eftir, hafi hann átt rétt á mánaðaruppsagnarfresti miðað við næstu mánaðamót á eftir uppsagnardegi. Það samkomulag, sem stefndi byggi kröfur sína á, sé mjög óljóst og erfitt að ráða í, hvert efni þess hafi átt að vera. Hvergi komi fram, að gert hafi verið ráð fyrir, að stefnanda mætti segja upp störfum fyrirvaralaust, enda þótt hann kynni að brjóta samkomulagið. Samkomulagið verði að skýra stefnda í óhag og gera verði ráð fyrir, að stefnandi hafi átt að halda samningsbundnum uppsagnarfresti sínum og samkomulagið því náð til þess, að ekki mætti segja stefnanda upp, þótt með uppsagnarfresti væri, nema hann bryti samkomulagið. Þá sé vafasamt, að samkomulagið sé í sjálfu sér löglegt, því ef skilningur stefnda sé réttur, hafi stefnandi verið látinn afsala sér rétti, sem hann hafi átt. Hvergi komi fram, að stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis við vinnu sína. Vitnið Ragnar Thorvaldsson lýsi því, að stefnandi hafi verið frá vinnu sakir ölvunar, en það sé misskilningur vegna þess, að stefnandi hafi þá verið veikur af tannpínu, enda fengið leyfi sama dag hjá yfirmanni sínum til að fara til tannlæknis, eins og framlögð vottorð í málinu sýni. Samkomulagið verði að túlka svo, að það hafi átt að gilda um vinnu stefnanda, eftir að hann kom af hæl-

inu á Vífilsstöðum, og því sé ekki hægt að líta til þess, sem á undan hafi gengið, þegar metið sé, hvort uppsögn stefnanda hafi verið lögmæt eða ekki. Bréf stefnanda til Guðjóns Tómassonar, starfsmannastjóra stefnda, verði að meta út frá því, að sektarkennd manna eins og stefnanda sé mjög mikil, þegar þeir telji, að þeir hafi brotið eitthvað af sér. Ósannað sé, að stefnandi hafi brotið samkomulagið, enda þótt það yrði skilið skilningi stefnda. Kaupkrafa stefnanda sé byggð á upplýsingum frá Trésmiðafélagi Reykjavíkur um mánaðarkaup manns með iðnmenntun stefnanda miðað við þá stöðu, sem hann gegndi. Ekki sé hægt að leggja til grundvallar kaup eftirmanns stefnanda í starfinu, því að ekki sé upplýst, hvort hann hafi haft sömu menntun og stefnandi. Þegar um ólögmæta uppsögn sé að ræða, verði að miða við það kaup, sem viðkomandi hefði fengið í vinnu sinni í þann tíma, sem uppsagnarfrestur nái til.

Stefndi.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að upplýst sé, að stefnandi hafi iðulega neytt áfengis í vinnutíma, og auk þess hafi hann oft mætt illa fyrirkallaður í vinnu vegna eftirstöðva áfengisdrykkju. Stefnandi hafi nokkrum sinnum sætt áminningum vegna þessa og ástandið hafi verið orðið svo alvarlegt, að honum hefði verið sagt upp störfum fyrirvaralaust vegna áfengisneyslu, hefði ekki verið gripið til sérstakra ráðstafana. Þær hafi verið í því fólgnar, að stefndi og stefnandi hafi gert með sér samkomulag um, að stefnandi færi á drykkjumannahælið á Vífilsstöðum til að reyna að fá lækningu við áfengisfýsn sinni. Stefndi hafi greitt stefnanda kaup þennan tíma. Þá hafi þeir samið um, að sækti í sama farið, þannig að stefnandi neytti áfengis í vinnutíma eða gæti ekki stundað vinnu sína vegna áfengisneyslu, þá mætti líta svo á, að stefnandi væri hættur störfum. Stefnandi hafi viðurkennt undir rekstri málsins, að samkomulagið hafi verið þessa efnis. Þetta samkomulag sé skýrt og hafi verið stefnanda sjálfum til hagsbóta og því sé rangt, að túlka beri stefnda í óhag vafa, sem kynni að verða talinn um efni samkomulagsins. Þá liggi í hlutarins eðli, að samkomulagið hafi gert ráð fyrir heimild til fyrirvaralausrar uppsagnar stefnanda, bryti hann það, því að samningsbundinn uppsagnarfestur hafi að sjálfsögðu alltaf verið fyrir hendi og því hafi ekki þurft að semja neitt um hann. Þótt samkomulagið yrði ekki talið vera fyrir hendi, hafi stefnda samt verið heimilt að segja stefnanda upp fyrirvaralaust, því að hann hafi margoft brotið af sér í starfi með áfengisneyslu sinni og ítrekað verið að-

varaður. Hins vegar hafi stefnandi brotið samkomulagið með því að neyta áfengis, þannig að hann hafi ekki getað mætt til vinnu, en framburður Ragnars Gísla Thorvaldssonar sé skýr sönnun þess. Þá hafi stefnandi beinlínis viðurkennt í bréfi sínu til Guðjóns Tómassonar, starfsmannastjóra stefnda, að hafa gerst sekur við samkomulagið, og sé sú játning ótvíræð.

Varakrafan sé á því byggð, að stefnanda hafi verið greidd full laun út janúarmánuð og sé krafan miðuð við, að stefnandi fái greidda eina viku til viðbótar, en þá nemi kaupgreiðslur til hans kaupi í einn mánuð. Stefnandi eigi engan rétt á því að fá greidda yfirvinnu og staðarppbót fyrir þann tíma, sem hann hafi ekki verið á staðnum, og verði að líta til þess, ef niðurstaðan verði sú, að stefnandi teljist eiga að fá greitt kaup fyrir febrúarmánuð, að honum hafi verið ofgreitt fyrir janúar og eigi það að koma til frádráttar febrúarkaupinu.

Þrautavarakrafa byggist á því, að verði stefnandi talinn eiga einhvern rétt til skaðabóta, eigi þær að vera mun lægri en farið sé fram á.

Forsendur dómsins.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að áfengisneysla stefnanda á vinnustað og í vinnutíma hafi verið komin á svo alvarlegt stig, að honum hefði verið sagt upp störfum, ef ekkert hefði verið að gert. Því er einnig haldið fram, að stefnandi hafi fengið ítrekaðar aðvaranir vegna þessa. Framburður vitnisins Ragnars Gísla Thorvaldssonar bendir í þá átt, að stefnandi hafi átt við verulegt áfengisvandamál að stríða.

Skilja verður framburð stefnanda sjálfs svo, að hann hafi oftar en einu sinni fengið áminningar frá yfirmönnum sínum vegna áfengisneyslu. Hann lýsti því enn fremur, að hann hefði boðist til þess að láta af störfum, sem yfirmennirnir hafi þó ekki viljað.

Verður að telja í ljós leitt, að um verulegt vandamál hafi verið að ræða vegna áfengisneyslu stefnanda, enda leiddi hún til hælisvistar.

Stefnandi átti sjálfur frumkvæði að því að fara á drykkjumannahælið á Vífilsstöðum til þess að leita sér lækninga í fullu samráði og samkomulagi við yfirmenn sína. Aðiljar málsins eru sammála um, að þeir hafi jafnframt gert með sér samkomulag um áframhaldandi vinnu stefnanda hjá stefnda eftir dvölina á hælinu, en deila um í fyrsta lagi, hvers efnis samkomulagið hafi verið, og í öðru lagi, hvort við það hafi verið staðið. Skal nú vikið að

þessum deiluatriðum, en fyrst þykir rétt að taka afstöðu til þeirrar röksemdar stefnanda, að samkomulagið, fái túlkun stefnda á því staðist, brjóti í bága við lög- og samningsbundinn rétt stefnanda sem launþega. Þegar litið er til aðdraganda og tilefnis samkomulagsins, sem rakið er hér að framan, verður að telja, að málsaðiljum hafi verið heimilt að semja um áframhaldandi vinnu stefnanda hjá stefnda, enda þótt samkomulagið kynni að hafa í för með sér skerðingu á rétti, sem stefnandi áður átti.

Samkvæmt því, sem komið er fram í málinu, ekki síst með hliðsjón af framburði stefnanda sjálfs svo og af vottorði Gísla Gíslasonar staðarverkfræðings, dags. 3. okt. 1978, verður talið í ljós leitt, að aðiljar málsins hafi samið um, að stefnandi hefði sjálfur hætt vinnu hjá stefnda, ef hann neytti áfengis í vinnutíma eða þannig, að neysla áfengis kæmi niður á vinnu hans eftir vistina á Vífilsstöðum. Samkomulagið verður því að skýra svo, að stefnda hafi verið heimilt að segja stefnanda upp störfum fyrirvaralaust, ryfi hann samkomulagið. Verður því ekki fallist á þá röksemd stefnanda, að hann hafi átt rétt á uppsagnarfresti þrátt fyrir brot á samkomulaginu.

Stefnandi hefur sjálfur viðurkennt að hafa neytt áfengis einu sinni á vinnustað eftir hælisvistina, en heldur því fram, að sú neysla hafi ekki verið þannig, að hún hafi komið niður á vinnu hans. Hann hafi ekki mætt í vinnu daginn eftir vegna tannpínu, en sama dag hafi hann fengið leyfi hjá yfirmanni sínum til að leita læknis.

Vitnið Ragnar Gísli Thorvaldsson lýsti umræddri áfengisdrykkju stefnanda þannig, að hann hefði komið til sín ölvaður kl. 5 að morgni vinnudags og afhent sér lykla að bifreið, sem þeir hefðu haft til afnota, en sjálfur farið að sofa. Stefnandi hefði eigi mætt til vinnu um morguninn kl. 7, en mætt eftir hádegið kl. 13 og verið ákaflega lítið við vinnu þann dag, en þó í kringum vinnustaðinn.

Þegar litið er til þessarar áfengisneyslu stefnanda, verður hugsanlegur tannverkur hans ekki talin gild ástæða fyrir stefnanda að mæta ekki í vinnu morguninn eftir.

Bréf stefnanda til Guðjóns Tómassonar, sem rakið er að framan, verður ekki skilið öðruvísi en svo þrátt fyrir skýringar stefnanda á efni bréfsins hér fyrir dóminum, að stefnandi viðurkenni að hafa rofið það samkomulag á milli málsaðilja, sem lýst hefur verið hér að framan.

Samkvæmt framburði vitnisins Ragnars Gísla Thorvaldssonar

og bréfi stefnanda verður að líta svo á, að stefnandi hafi brotið samkomulag það, sem málsaðiljar gerðu, og því hafi stefnda verið heimilt að segja honum upp störfum fyrirvaralaust. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landsvirkjun, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Óla Þórs Ólafssonar, í máli þessu. Hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Fimmtudaginn 17. desember 1981.

Nr. 260/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Árna Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. desember 1981, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrksurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum
13. desember 1981.

Ár 1981, sunnudaginn 13. desember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113 Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Föstudaginn 11. desember sl. var handtekinn og yfirheyrður af lögreglu Þórður Már Þórðarson. Við lögregluyfirheyrslu kvað Þórður sig hafa keypt hass af Guðmundi Árna Jónssyni. Kvað Þórður kunningja sinn, Kormák Geirharðsson, hafa keypt með sér efni hjá Guðmundi. Þórður kvað sig hafa átt fíkniefnaviðskipti við Guðmund í sumar er leið, en hafi nú með stuttu millibili í tvö skipti keypt af Guðmundi 38 grömm af hassi. Kvaðst Þórður hafa séð meira af hassi hjá Guðmundi.

Kormákur Geirharðsson hefur hjá lögreglu við yfirheyrslu viðurkennt að hafa farið með Þórði og keypt hass hjá Guðmundi Árna.

Guðmundur Árni Jónsson hefur við lögregluyfirheyrslu viðurkennt að hafa fengið sent „gras" frá Danmörku. Hafi efnið komið í tveimur myndum, er holar séu að innan.

Guðmundur hefur borið hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa keypt hass hjá aðiljum, er hann vill eigi nafngreina, bæði fyrir sjálfan sig og eins keypt fyrir kunningja sína. Þá hefur Guðmundur nefnt 50 gr af hassi, er hann hafði í umboðssölu nú nýverið. Guðmundur vill ekki nafngreina, fyrir hvern efnið var selt.

Við húsleit á heimili Guðmundar að Hagamel 51, Reykjavík, þann 11. desember sl. fundust 3 gr af marihuana (grasi) auk ýmissa muna og tækja með cannabisleifum á. Þá fundust tvær myndir, sem holar voru að innan, og var hasslykt úr hólfunum.

Við greinda húsleit 11. desember var handtekin á heimili Guðmundar að Hagamel 51, Reykjavík, Drífa Hrönn Kristjánsdóttir, og fundust í hennar fórum ísl. kr. 9.000, danskar kr. 2.500, 100 belgiskir frankar og 10 ísraelsk pund. Bar Drífa, að Guðmundur Árni hefði afhent sér fjármunina, í þann mund er húsleit hófst. Guðmundur Árni hefur hér fyrir dómi kannast við að eiga nefnt fé. Kveður Guðmundur þar vera um að ræða samansafnaða peninga undanfarna 3 mánuði.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, er að ofan er rakið, er verið að rannsaka meint brot á lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974.

Ætla má, að myndir þær, er fundust við húsleit hjá Guðmundi, geti innihaldið um 500 gr af hassi. Úr myndunum var megn hasslykt.

Guðmundur Árni hefur hér fyrir dómi og hjá lögreglu kannast við að hafa keypt til eigin neyslu hass, haft hass í umboðssölu, fengið sent gras erlendis frá og útvegað kunningjum sínum hass. Guðmundur Árni hefur enga aðilja nafngreint. Ekki er talið, að Guðmundur hafi gert nægilega grein fyrir peningum, er fundust á Drífu Hrönn, en Guðmundur er talinn eigandi að.

Samkvæmt ofanrituðu gæti sök, ef sönnuð þætti, varðað Guðmund Árna Jónsson fangelsisrefsingu. Því eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár eigi í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Ætla má, að rannsókn sé skammt á veg komin og að fleiri aðiljar kunni að dragast inn í mál þetta síðar.

Með vísan til þessa svo og ofanritaðs að öðru leiti þykir með vísan til 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 nauðsyn bera til, að Guðmundur Árni Jónsson sæti gæsluvarðhaldi, er hæfilega telst ákveðið allt að 10 dögum, frá kl. 2030 laugardaginn 12. desember 1981.

Úrskurðarorð:

Guðmundur Árni Jónsson, fæddur 14. júlí 1958, til heimilis að Hagamel 51, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 10 dögum, frá kl. 2030 laugardaginn 12. desember 1981.

Föstudaginn 18. desember 1981.

Nr. 257/1981. **Eyjólfur Friðgeirsson**
Ingimundur Konráðsson
Jakob V. Hafstein og
Pétur Rafnsson
gegn
Fiskeldi h/f og hluthöfum í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, er fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1981.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 1. tl. b. 21. gr. laga 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. desember 1981, sem barst Hæstarétti 11. desember. Þeir krefjast þess, að fyrri hluta dómsorðs hins kærða frávísunardóms um, að kröfum stefnenda á hendur hluthöfum í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, er fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1980, væri sjálfkrafa vísað frá dómi, verði fellt úr gildi. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar úr hendi þessara varnaraðilja.

Af hálfu þessara varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Á hendur varnaraðilja Fiskeldi h/f eru engar kröfur gerðar og engar kröfur af hálfu þess á hendur sóknaraðiljum.

Sóknaraðiljar hafa ekki sýnt fram á, að fyrir hendi séu skilyrði samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936, til að birta megi fyrrgreindum varnaraðiljum stefnu með þeim hætti sem gert var í máli þessu. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann að því leyti sem hann er kærður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður að því leyti er hann er kærður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu Fiskeldis h/f 26. október sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri í Lögbirtingablaði 8. apríl sl., af Eyjólfi Friðgeirssyni fiskifræðingi, Hverfisgötu 47, Ingimundi Konráðssyni framkvæmdastjóra, Bakkagerði 16, Jakob V. Hafstein framkvæmdastjóra, Grenimel 1, og Pétri Rafnssyni framkvæmdastjóra, Hagamel 17, öllum í Reykjavík, gegn Fiskeldi h/f, Reykjavík, svo og hluthöfum í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, sem fylgdi stofnsamningi félagsins hinn 17. apríl 1980.

Dómkröfur stefnenda eru þær,

(1) *að* aðalfundur félagsins, sem haldinn var 21. febrúar 1981, verði lýstur ógildur,

(2) *að* lýstar verði ógildar sölur hlutabréfa Fiskeldis h/f til annarra en áskrifenda samkvæmt stofnsamningi.

(3) *að* stjórn félagsins verði, að viðlögðum 1.000 kr. dagsektum, gert að veita áskrifendum samkvæmt stofnsamningi kost á að leysa til sín áskriftarhluti sína gegn afhendingu hlutabréfa og verði áskrifendum tilkynnt um það sérstaklega, ef ætlunin er, að óinnleystir hlutir verði seldir öðrum en áskrifendum í stað innheimtu þeirra með málssókn,

(4) *að* stjórn Fiskeldis h/f verði að því búnu gert, að viðlögðum 1.000 kr. dagsektum, að boða til aðalfundar og stjórnarkjörs,

(5) *að* hlutafjáraukning, sem ákveðin kynni að verða af þeim aðalfundi, verði boðin hluthöfum í hlutfalli við hlutafjáreign, sem nú er fyrir hendi orðin,

(6) *að* stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað, bæði vegna málsmeðferðarinnar fyrir viðskiptaráðherra og fyrir bæjarþinginu, samkvæmt mati dómsins.

Varnaraðili Fiskeldi h/f gerir þær dómkröfur, að 5. lið í dómkröfum stefnenda verði vísað frá dómi, en félagið verði sýknað af öllum öðrum kröfum stefnenda. Auk þess krefst félagið þess, að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða því málskostnað

samkvæmt mati dómsins, bæði vegna reksturs sérstaks kærumáls fyrir viðskiptaráðherra og vegna reksturs máls þessa fyrir bæjarþinginu. Varnaraðili Fiskeldi h/f tekur fram, að hann mæti óstefndur, þar sem honum hafi aldrei verið birt stefnan, en birting í Lögbirtingablaði sé haldlaus gagnvart honum.

Af hálfu annarra stefndu en Fiskeldis h/f hefur ekki verið sótt þing.

Viðskiptaráðherra hefur verið stefnt til réttargæslu, en engar kröfur hafa á hann verið gerðar. Réttargæslustefndi hefur mætt í málinu, en hefur engar kröfur gert.

Deiluaðiljar hafa krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málavöxtum er í stefnu lýst þannig:

„Til skýringar á málavöxtum vísa stefnendur til eftirtalinna ákvæða:

(a) Samkvæmt 3. gr. stofnsamnings félagsins skyldi hlutafé vera kr. 104.500.000, 1045 hlutir á kr. 100.000 hver; fjórðungur hlutafjárins skyldi greiðast innan tveggja vikna frá stofnun félagsins, en afgangurinn verða kræfur, þegar stjórn félagsins ákvæði.

(b) Í 3. málslið 7. gr. samþykkta félagsins segir svo: „Þar til hlutabréf þeirra hafa verið gefin út við fulla greiðslu áskriftarfjár, skulu hluthöfum afhent bráðabirgðaskírteini, er greini fjárhæð þeirra hluta, sem þeir hafa skrifað sig fyrir, og að hve miklu leyti hún er greidd."

(c) Um áskriftarloforð í vanskilum er vísað til 14. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en í 2. mgr. segir m. a. svo: „Stjórn félagsins skal þá án tafar annað hvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Jafnan skal þó, áður en hlutir eru afhentir öðrum, veita áskrifanda 4 vikna frest til að koma málum sínum í rétt horf."

(d) Um hlutafjárhækkun segir í 3. mgr. samþykkta félagsins, að stjórn félagsins sé heimilt að hækka hlutafé þess um allt að kr. 104.500.000 með áskrift nýrra hluta, þannig að heildarhlutafé félagsins verði allt að kr. 209.000.000. Skulu hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína, enda skrái þeir sig fyrir nýjum hlutum innan frests, sem stjórnin ákveður og auglýsir. Eftir að sá frestur er liðinn, er stjórninni heimilt að bjóða öðrum til sölu þá hluti, sem áskrift hefur ekki fengist að.

Málavexti segja stefnendur nú í sem stystu máli þá, að stjórnin hafi engin bráðabirgðaskírteini gefið út, en auglýst eftir greiðslu

áskriftarloforða í gíró; við þetta hafi margir áskrifenda ekki viljað sætta sig og því ekki innleyst loforð sín, er ekki var boðin fram lögmæt kvittun;

að stjórnin hafi ráðstafað áskriftarhlutum til annarra án þess að tilkynna áskrifendum um það sérstaklega;

að stjórnin hafi síðan ákveðið hækkun hlutafjár og það hlutafé að verulegu leyti verið keypt af nýjum hluthöfum;

afleiðingar þessa séu orðnar þær, að hlutafélag, sem stofnað var til af nokkur hundruðum félaga, sé nú komið í hendur tiltiltölulega fárra manna.

Stefnendur kveðast hafa leitað liðsinnis viðskiptaráðherra samkvæmt ákvæðum 150. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en erindi þeirra verið synjað með úrskurði ráðherrans 5. mars sl. Sé þeim því nauðsynlegt, vilji þeir eigi una úrskurðinum, að skjóta málinu til dómstóla innan 30 daga samkvæmt niðurlagi 150 gr."

Engin frekari grein er gerð fyrir málavöxtum í greinargerð stefnenda.

Fiskeldi h/f lýsir málavöxtum þannig í greinargerð, sem lögð var fram í bæjarþinginu 5. maí 1981:

„Fiskeldi h.f. var stofnað 17. apríl 1980, og var tilgangur félagsins að kanna líffræðilega, tæknilega og fjárhagslega möguleika á fiskeldi hér álandi, þ. m. t. markaðsmöguleika, og að hefja að því búnu fiskeldi, þegar fært og hagkvæmt þykir. Ennfremur að vinna að fullvinnslu framleiðsluafurða á neytendamarkað ásamt sölu og markaðssetningu afurða svo og uppbyggingu og rekstri hliðargreina fiskeldis að því marki sem nauðsynlegt er til að ná tilgangi félagsins, sem og kaup og rekstur fasteigna og lánastarfsemi í sama skyni, eins og fram kemur í 2. gr. stofnsamnings og samþykkta félagsins, sbr. dskj. nr. 5 og 6. Söfnun hlutafjárloforða hafði áður farið fram á meðal almennings, bæði einstaklinga og fyrirtækja og bæjarfélaga, og voru stofnendur alls 625 talsins og hlutafé gkr. 104.500.000. Lágmarkshlutur í félaginu var gkr. 100.000, en ekkert hámark var sett á hlutafjáreign einstakra hluthafa, þótt fram væri tekið í 19. gr. samþykkta félagsins, að enginn hluthafi gæti farið með fyrir sjálf sín hönd eða annarra meira en 1/5 hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Félagið réðst fljótlega í framkvæmdir, og voru hlutafjárloforð innkölluð sumarið og haustið 1980 í tvennu lagi, helmingur í senn. Innheimta hlutafjárloforða gekk þó verr en vonir stóðu til, og skapaði það félaginu mikla fjárhagsörðugleika. Fór svo á endan-

um, að stjórn félagsins sá sér ekki annað fært að undangengnum ítrekuðum innheimtubréfum, símhringingum og aðvörunum til hlutafjáráskrifenda í vanskilum en að selja ógreitt hlutafé öðrum, en það hafði þá áður verið auglýst til sölu í dagblöðum.

Stefnendur sátu allir í stjórn félagsins eða varastjórn, þegar fyrrgreindar ákvarðanir voru teknar, og tóku þátt í töku þeirra. Tveir þeirra sögðu sig hins vegar úr stjórn félagsins í nóvember 1980 vegna ágreinings um önnur mál. Í febrúarmánuði 1981, allnokkru eftir að ógreiddir hlutir höfðu verið seldir öðrum, tóku stefnendur sig allt í einu til og mótmæltu ýmsum ráðstöfunum stjórnar, sem þeir höfðu áður átt hlut að. Kærðu þeir til viðskiptaráðuneytisins, sbr. dskj. nr. 4, og kröfðust þess, að stjórn umbjóðanda míns yrði að viðlögðum dagsektum eða vikusektum boðið að inna ýmis verk af hendi, auk þess sem þeir kröfðust þess, að lagt yrði fyrir stjórnina að fresta aðalfundi félagsins.

Með úrskurðum viðskiptaráðuneytisins 19/2 1981 og 5/3 1981, sbr. dskj. nr. 21 og 22, var kröfum stefnenda synjað. Aðalfundur félagsins var svo haldinn 21. febrúar 1981 og félaginu þar kjörin ný stjórn. Á þeim fundi flutti einn stefnenda dagskrártillögu um, að aðalfundi yrði frestað, þar til úrskurður viðskiptaráðherra væri fallinn um þá óúrskurðuð atriði í kæru stefnenda til ráðherra. Þessi tillaga fékk 45 atkvæði á fundinum, en 1265 greiddu atkvæði á móti, og 2 atkvæði voru ógild. Lýsti þessi niðurstaða því vel, hversu lítinn hljómgrunn málflutningur og umkvartanir stefnenda áttu á aðalfundi félagsins, sbr. dskj. nr. 32."

Kröfu sína um frávísun 5. liðs í dómkröfum stefnenda styður félagið þeim rökum, að ekki verði með dómi kveðið á um það, hvaða ákvarðanir aðalfundir félagsins geti tekið í framtíðinni. Þegar litið sé til 28. gr. hlutafjárlaga nr. 32/1978, sem fjalli um hækkun hlutafjár, þá geymi 1. mgr. þá meginreglu, að hluthafar eigi við hækkun hlutafjár rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Þessi sama meginregla sé í 6. gr. samþykkta félagsins. En í 4. mgr. 28. gr. sé heimild þess efnis, að hluthafafundur geti með því atkvæðamagni, sem kveðið sé á um í 76. gr. laganna, ákveðið að víkja frá aðalreglunni, er greini í 1. mgr. 28. gr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Þess vegna geti hluthafafundur sá, sem um sé rætt í 5. lið dómkrafna stefnenda, með tilskildum meiri hluta, svo gilt sé, breytt ákvæðum 6. gr. samþykkta félagsins um forkaupsrétt hluthafa að aukningarhlutum í samræmi við skráða hlutafjáreign þeirra og tekið aðra ákvörðun, t. d. um að bjóða hlutaféð út á almennum

markaði. Þessa heimild geti dómstólar ekki takmarkað fram í tímann og beri því að vísa þessum lið frá dómi.

Stefnendur andmæla kröfu þessari um frávísun með þeim rökum, að hér sé um að ræða efnisatriði í málinu, sem annað hvort beri að taka til greina eða sýkna af, frávísun komi ekki til greina. Dómurinn hafði lögsögu í málinu um þetta atriði, stefnt hafi verið fyrir rétt varnarþing, krafan sé nægilega reifuð, skýr og framkvæmanleg, til þess að ekki sé um neinar þær frávísunarástæður að ræða, sem lög nr. 85/1936, 67.—69. gr., geri ráð fyrir né önnur ákvæði.

Niðurstaða.

Stefnendur gera í máli þessu kröfur á hendur Fiskeldi h/f, sem látið hefur sækja þing, og einnig á hendur „hluthöfum í Fiskeldi hf., sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, er fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1980". Stefnan var gefin út 30. mars 1981 og birt í Lögbirtingablaði 8. apríl s. á. Var þetta eina birting stefnunnar.

Hluthafar í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, sem fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1980, hafa engir sótt né látið sækja þing í málinu.

Í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 er undantekning frá almennum reglum 95. gr. um stefnubirtingar, og segir þar, að birta skuli stefnu í auglýsingablaði landsstjórnarinnar, þegar ókunnugt sé, hvar birta skuli, eða birta skuli óákveðnum mönnum. Reglu þessa ber að skýra þröngri lögskýringu. Samkvæmt 7. gr. samþykkta Fiskeldis h/f og 24. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög skal stjórn félagsins halda nákvæma hlutaskrá, og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að skránni og mega kynna sér efni hennar. Þegar þetta er virt, verður að telja, að hluthafar þeirra í félaginu, sem stefnendur beina kröfum að í málinu, séu nægilega tilgreindir í hlutaskrá, til þess að vitað sé um þá. Þess vegna hefði bæði átt að greina þá í stefnu skv. 88. gr. laga nr. 85/1936 og birta þeim stefnuna á lögformlegan hátt samkvæmt almennum ákvæðum 95. gr. laganna. Þar sem þessa var ekki gætt af stefnenda hálfu, ber af sjálfsdáðum að vísa öllum kröfum á hendur þessum hluthöfum frá dómi.

Fiskeldi h/f hefur látið sækja þing í málinu óstefnt.

Fallast ber á með talsmanni félagsins, að liður 5 í dómkröfum stefnenda lúti að ákvörðun, sem hluthafafundur félagsins getur tekið í framtíðinni, og að dómurinn geti ekki eðli máls samkvæmt

tekið þessa ákvörðun um málefni félagsins fyrir hluthafafund. Hér er því sakarefni, sem samkvæmt eðli sínu sætir ekki lögsögu dómsins, og ber skv. 66. gr. laga nr. 85/1936 að vísa þessum kröfulið frá dómi.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Kröfum stefnenda á hendur hluthöfum í Fiskeldi h/f, sem ekki voru áskrifendur að hlutafé samkvæmt skrá, er fylgdi stofnsamningi félagsins 17. apríl 1980, er sjálfskrafa vísað frá dómi.

Lið 5 í dómkröfum stefnenda, „að hlutafjáraukning, sem ákveðin kynni að verða af þeim aðalfundi, verði boðin hlut-höfum í hlutfalli við hlutafjáreign, sem nú er fyrir hendi orðin", er vísað frá dómi.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.

Föstudaginn 18. desember 1981.

Nr. 78/1980. **Geir Gunnar Geirsson og Guðbjörn Guðjónsson** (Guðjón Steingrímsson hrl.) gegn **Einari Matthíasi Einarssyni** (Hilmar Ingimundarson hrl.).

Víxilmál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr.

20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 7. s. m. Krefjast þeir þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir ómerkingar dómsins og að málinu verði vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Til þrautavara krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu. Þá krefst áfrýjandinn Guðbjörn Guðjónsson þess enn fremur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Báðir krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Áfrýjendur hafa lagt fyrir Hæstarétt vottfesta, vélritaða yfirlýsingu, undirritaða af málsaðiljum 31. ágúst 1977, svohljóðandi:

„Undirritaðir, Gunnar Geirsson, Vallá, Kjalarnesi, og Guðbjörn Guðjónsson, Reykjavík, annars vegar, og Matthías Einarsson, Teigi, Mosfellssveit, hins vegar, lýsa því gagnkvæmt yfir, að enginn aðili á neina kröfu hvorki fjárhags né annars eðlis á hendur hinum í sambandi við afhendingu hinna fyrrnefndu til hins síðarnefnda á leigu Fuglabúsins að Teigi, Mosfellssveit, sbr. samning milli aðila um leigu á því.

Með undirritun sinni undir yfirlýsingu þessa staðfesta aðilar því, að Matthías hefur tekið við búinu með öllu, sem því fylgir og fylgja ber, í ástandi, sem hann sættir sig við og í samræmi við leigusamning aðila þar um.

Jafnframt afhendir Matthías þeim Gunnari og Guðbirni tryggingarvíxil, sem hann hefur í vörslu sinni, til þess að tryggja efndir nefnds leigusamnings að upphæð kr. 2.000.
tvær
000,00 — einmilljón 00/100.-“

Í neðstu línu yfirlýsingarinnar hefur upphaflega staðið kr. 1.000.000,00 — einmilljón 00/100. Ofan í töluna 1 hefur verið handskrifaður tölustafurinn 2, og fyrir ofan orðið einmilljón hefur verið handskrifað orðið tvær, án þess að strikað hafi verið yfir orðið einmilljón.

Áfrýjendur hafa ekki stutt kröfur sínar um ómerkingu,

frávísun og heimvísun haldbærum rökum. Verða þær því ekki teknar til greina.

Ekki verður með neinni vissu ráðið af framangreindri yfirlýsingu, að víxill sá, er mál þetta fjallar um, sé sami víxillinn og stefndi skyldi afhenda áfrýjendum samkvæmt henni. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð eru engir þeir gallar, sem leitt geta til þess, að hún verði úr gildi felld. Ber að staðfesta hana.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur dæmdir óskipt til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eru staðfest.

Áfrýjendur, Geir Gunnar Geirsson og Guðbjörn Guðjónsson, greiði óskipt stefnda, Einari Matthíasi Einarssyni, 4.000.00 krónur í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 5. september 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 5. september, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 151/1979: Einar Matthías Einarsson gegn Geir Gunnari Geirssyni og Guðbirni Guðjónssyni í aukadómþingi Kjósarsýslu.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Einar Matthías Einarsson, Teigi, Mosfellssveit, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 24. apríl 1979 og 7. maí 1979, á hendur Geir Gunnari Geirssyni, Vallá, Kjalarnesi, og Guðbirni Guðjónssyni, Síðumúla 22, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð 2.000.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 31. ágúst 1978 til greiðsludags, 7.700 kr. í banka- og afsagnarkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Skuld þessi er samkvæmt víxli að fjárhæð 2.000.000 króna, útgefnum og áböktum af stefnda Guðbirni 31. ágúst 1977 og samþykktum af stefnda Geir til greiðslu 31. ágúst 1978 í Iðnaðar-

banka Íslands h/f, Reykjavík, þar sem hann var afsagður sökum greiðslufalls 4. september 1978.

Af hálfu hinna stefndu hefur verið sótt þing í málinu og skilað greinargerð, en þingsókn hefur síðan fallið niður af þeirra hendi. Af hálfu hinna stefndu hefur verið krafist sýknu og málskostnaðar. Í greinargerðinni segir, að stefndi hafi ritað orðið tryggingarvíxill á víxilinn og að þeir hafi þannig ritað á víxilinn með þeim fyrirvara, að þeim bæri ekki að greiða víxilinn, nema þeir reyndust vera í skuld við stefnanda um að minnsta kosti víxilfjárhæðina vegna skila á húsnæði, tækjum og bústofni alifuglabúsins að Teigi í Mosfellssveit við lok leigumálanna um búið samkv. því, sem nánar greinir í framlögðum skjölum.

Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram, að þeir skuldi stefnanda ekkert af þessu tilefni, heldur þvert á móti, að hann skuldi þeim út af viðskiptum þessum.

Til stuðnings sýknukröfunni er vísað til ákvæða 26. og 19. gr. laga 93/1933.

Víxillinn ber með sér, að á hann hefur verið ritað orðið tryggingarvíxill, en síðan hefur verið strikað yfir það orð.

Þingað var í málinu þann 28. júní sl., kl. 1330. Klukkan 1605 barst dómaranum í hendur svohljóðandi skeyti frá lögmanni stefndu.

„Vegna anna bið ég vinsamlegast um frestun sáttafundar Einari Einarssyni gegn Geir Gunnarssyni örstuttan tíma."

Af þessu tilefni ritaði dómarinn lögmanninum svohljóðandi bréf þann 29. júní 1979:

„Málið nr. 151/1979: Einar M. Einarsson gegn Geir Gunnarssyni o. fl. var dómtekið 28.6.1979 kl. 13:00. Skeyti yðar, dags. 28.6.1979, barst mér í hendur kl. 16:05 sama dag.

Þetta tilkynnist yður hr. lögmaður hér með."

Afrit bréfsins var sent lögmanni stefnanda. Í bréfinu hefur misritast stund dómtökunnar, sem á að vera kl. 1400.

Víxillinn, sem lagður hefur verið fram í málinu, fullnægir skilyrðum 2. tl. 1. gr. laga 93/1933 svo og öðrum skilyrðum nefndrar 1. greinar víxillaga.

Varnir, sem varða viðskiptin á bak við víxilinn, komast ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og aðrar varnir, sem koma má að í víxilmáli skv. nefndu ákvæði, hafa ekki komið fram í málinu.

Ekki verður talið, að kunnugt sé um, að þingsókn hafi fallið niður af hálfu hinna stefndu vegna forfalla, og þótt dómarinn

hafi gefið lögmanni þeirra kost á að neyta heimildar 2. ml. 3. mgr. 118. gr. laga 85/1936, hefur hann ekki snúið sér til dómara með sönnun fyrir forföllum. Verður þá samkvæmt 2. ml. 2. mgr. 118. gr. nefndra laga að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu verjanda.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með formlega löglegri heimild sér til handa, og samkvæmt því og því, sem að framan er rakið, þykir bera að taka kröfur hans til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 250.000 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Geir Gunnar Geirsson og Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnanda, Einari Matthíasi Einarssyni, 2.000.000 króna auk 3% vaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 31. ágúst 1978 til greiðsludags, 7.700 kr. í banka- og afsagnarkostnað og 250.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 1. nóvember 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 1. nóvember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Kornagörðum 1 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-2060/1979: Einar Matthías Einarsson gegn Guðbirni Guðjónssyni, Kleppsvegi 80.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm aukadómþings Kjósarsýslu í málinu nr. 151/1979. Nr. 1 fylgir með í ljósriti, nr. 2 fylgir með í afriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 2.000.000 með 3% mánaðarvöxtum frá 31. ágúst 1978 til greiðsludags, kr. 3.200 í birtingarkostnað, kr. 7.700 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 250.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í bifreiðinni R 66984, Moskvits, árgerð 1979. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.
Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 28. desember 1981.

Nr. 199/1978. **Hreppsnefnd Landmannahrepps**
f. h. hreppsins
(Páll S. Pálsson hrl.)
hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins
eigendur og ábúendur jarða í Holtahreppi
hreppsnefnd Rangárvallahrepps
f. h. hreppsins
og
eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts
og Hóla í Rangárvallahreppi og
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
hreppsnefnd Skaftártunguhrepps
f. h. hreppsins
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkisins
(Sigurður Ólason hrl.)
og
fjármálaráðherra f. h. ríkisins
gegn
hreppsnefnd Landmannahrepps
f. h. hreppsins
hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins
eigendum og ábúendum jarða í Holtahreppi
hreppsnefnd Rangárvallahrepps
f. h. hreppsins
eigendum og ábúendum jarðanna Næfurholts
og Hóla í Rangárvallahreppi og
hreppsnefnd Skaftártunguhrepps
f. h. hreppsins og svo
Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni og
Skúla J. Pálmasyni hæstaréttarlögmanni.

Eignardómsmál. Eignarréttur að afrétti. Málskostnaður. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Hreppsnefnd Landmannahrepps f. h. hreppsins hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1978. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið um annað en gjafvarnarlaun og að synjað verði kröfu fjármálaráðherra f. h. ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti íslenska ríkisins að Landmannaafrétti. Hún krefst og málskostnaðar úr hendi fjármálaráðherra f. h. ríkisins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þessi áfrýjandi, sem hafði gjafvörn í héraði, hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 8. janúar 1980.

Hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins, eigendur og ábúendur jarða í Holtahreppi, hreppsnefnd Rangárvallahrepps f. h. hreppsins og eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í þeim hreppi hafa áfrýjað málinu með stefnu 12. desember 1978. Þeir hafa sameiginlega gert þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið um annað en gjafvarnarkostnað og að synjað verði kröfu fjármálaráðherra f. h. ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti ríkisins að Landmannaafrétti. Þessir áfrýjendur krefjast og málskostnaðar úr hendi fjármálaráðherra f. h. ríkisins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en allir þessir áfrýjendur höfðu gjafvörn í héraði og hafa fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 27. október 1981.

Hreppsnefnd Skaftártunguhrepps f. h. hreppsins hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. júlí 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 18. s. m. Gerir hún þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og synjað verði kröfu fjármálaráðherra f. h. ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti ríkisins að Landmannaafrétti. Hún krefst og málskostnaðar úr hendi fjármálaráðherra f. h. ríkisins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þessi áfrýjandi,

sem hafði gjafvörn í héraði, hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 8. janúar 1980.

Fjármálaráðherra f. h. ríkisins áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 29. desember 1978 og stefndi öllum þeim aðiljum, sem tóku til varna í héraði gegn kröfu hans um eignardóm. Krafðist hann staðfestingar héraðsdóms að öðru en varðar gjafvarnarlaun. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi hreppsnefndar Landmannahrepps f. h. hreppsins, en málskostnaður falli niður að því er aðra réttarkrefjendur varðar.

Að fengnu áfrýjunarleyfi 28. febrúar 1979 áfrýjaði fjármálaráðherra f. h. ríkisins enn málinu með stefnu 1. mars s. á. Stefndi hann nú hinum skipuðu talsmönnum varnaraðilja í héraði, hæstaréttarlögmönnunum Páli S. Pálssyni, Sveinbirni Jónssyni og Skúla J. Pálmasyni, persónulega fyrir Hæstarétt til að þola lækkun hinna dæmdu gjafvarnarlauna í héraði, en gerði ekki aðrar kröfur á hendur þeim.

Undir rekstri málsins fyrir Hæstarétti andaðist Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður. Hefur fjármálaráðherra f. h. ríkisins fallið frá kröfu um lækkun talsmannslauna hans og málið að því leyti verið hafið.

Stefndu Páll S. Pálsson og Skúli J. Pálmason hafa krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er talsmannslaun þeirra varðar. Þá hafa þeir krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi fjármálaráðherra f. h. ríkisins.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Skulu gögn þessi reifuð stuttlega:

Með samningi 31. mars 1973 hétu hreppsnefndir Landmannahrepps og Holtahrepps f. h. hreppanna Herði Gunnarssyni, forstjóra í Reykjavík, að selja honum „allt það efnismagn af vikri, sem nýtanlegt er á landsvæði innan landamarka seljanda (svo) sem markast að sunnan við girðingu milli Tröllkonuhlaups og í Ófærugil, að ofan við girðingu úr Þjórsá í Sölvahraun, að vestan skal miðað við Þjórsá, en í austur nýtanlegt magn allt að Skjólkvíahrauni 1970, þó undanskilið Sauðafell. .". Kaupandi skyldi einnig „hafa forkaups-

rétt að því magni vikurs, sem er á öðrum stöðum á Landmannaafrétti, ef til sölu á honum kemur". Samningurinn skyldi gilda í 15 ár, en virðist ekki hafa komið til framkvæmda.

Hinn 17. desember 1977 og 23. maí 1978 undirrituðu „aðilar að landsréttindum í Rangárvallasýslu í nágrenni Heklu, hver um sig og sameiginlega", samning og samningsviðauka við hlutafélagið Jarðefnaiðnað, Holtahreppi, Rangárvallasýslu, um vinnslu jarðefna á vikursvæðunum út frá Heklu austan Þjórsár o. fl." Með samningnum er hlutafélaginu eða þeim, sem það vísar á, veitt „ótakmarkað leyfi til að leita að jarðefnum í landareignunum og framkvæma rannsóknir á þeim með hagnýtingu fyrir augum". Í 8. gr. samningsins er þetta ákvæði: „Með samningi þessum er ekki tekin afstaða til þess, hvern rétt hver landeigenda eigi á Hekluvikursvæðunum eða annars á gildissvæði hans, né heldur þess, hvar borið yrði niður á svæðinu til vinnslu eða hagnýtingarstarfsemi og hver yrði aðild hinna einstöku landeigenda í sambandi við réttindaöflun hennar vegna". Samningurinn skyldi gilda til ársloka 1987.

Þá hefur verið lagður fyrir Hæstarétt samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holta- og Landmannahreppa hins vegar 3. júlí 1981, endanlega staðfestur 24. júlí 1981. Með samningi þessum skuldbindur Landsvirkjun sig til að greiða hreppunum „bætur vegna alls tjóns af hvaða tagi sem þeir hafa orðið fyrir til þessa vegna byggingar og reksturs Búrfellsvirkjunar, Þórisvatnsmiðlunar, Sigölduvirkjunar, Hrauneyjarfossvirkjunar og annarra framkvæmda og aðgerða á vegum Landsvirkjunar á afréttum hreppanna." Bæturnar nema 3 millj. nýkr. og greiðast „í eitt skipti fyrir öll". Sérstakar bætur skyldi greiða Ása-, Djúpár-, Holta- og Landmannahreppi að auki. Enn fremur skuldbindur Landsvirkjun sig til að greiða hreppunum „ákveðnar bætur fyrir hvern hektara beitarlands, sem fer undir vatn eða spillist á annan hátt vegna miðlana, vatnaveitna og annarra virkjanaframkvæmda á afréttum hreppanna ... á vegum Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár..." í samræmi við tiltekna mynsturáætlun. Í 14.

gr. er þetta ákvæði: „Aðilar eru sammála um, að með samningi þessum sé á engan hátt tekin afstaða til ágreinings hreppanna annars vegar og ríkisins hins vegar um beinan eignarrétt á afréttum hreppanna eða hlunnindum innan afréttarmarka".

Loks áskilja hrepparnir sér rétt til sérstakra bóta fyrir sand- og malartöku Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í þágu virkjanaframkvæmda.

II.

Í héraðsdómi er greint frá forsögu dómsmáls þess, sem hér er til úrlausnar, og tengslum þess við mál það út af Landmannaafrétti, sem dæmt var í Hæstarétti 25. febrúar 1955. Hinn 29. janúar 1975 óskaði fjármálaráðherra útgáfu eignardómsstefnu. Greinir í beiðninni, að útgáfu stefnunnar sé óskað í samráði við landbúnaðarráðherra. Hefur það ekki verið vefengt, og verður við það að miða. Dómsmálið var síðan höfðað með eignardómsstefnu samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936 hinn 12. mars 1975. Héraðsdómur vísaði málinu frá dómi hinn 20. apríl 1976, en þeim dómi var hrundið með dómi Hæstaréttar 28. janúar 1977, er taldi málið réttilega höfðað með eignardómsstefnu samkvæmt greindri lagaheimild. Gekk síðan efnisdómur á málið hinn 27. október 1978, og er það hinn áfrýjaði dómur.

III.

Af hálfu hreppsfélaga þeirra, sem eru aðiljar máls, er því lýst, að ágreiningur sé milli þeirra innbyrðis um eignartilkall til Landmannaafréttar. Í eignardómsmáli þessu þarf þó eigi að kanna þessa hlið málsins, heldur það eitt, hvort aðiljar þeir, sem andæft hafa eignartilkalli ríkisins, hafi nægilega lagahagsmuni af því að fá dæmt um kröfurnar. Þykir þessi ágreiningur milli hreppsfélaganna og eftir atvikum annarra varnaraðilja í héraði ekki eiga að taka fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið.

Í héraðsdómi er greint frá dómssátt hinn 7. ágúst 1951 út af afmörkun Landmannaafréttar. Stóðu Landmanna-, Ása-, Djúpár- og Rangárvallahreppur svo og landbúnaðarráðherra f. h. ríkisins að sáttinni. Eru kröfur aðilja dómsmáls þessa

ýmist beinlínis reistar á greindri afmörkun landsvæðisins eða taka a. m. k. mið af henni að því er varðar Skaftártunguhrepp. Mörk svæðisins eru dregin á uppdrátt, sem er meðal gagna málsins, og er þeim lýst í héraðsdómi.

Fjármálaráðherra f. h. ríkisins hefur í dómsmáli þessu viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir". Þessi viðurkenning er ekki hnitmiðuð. Þegar þess hins vegar er gætt, að mál þetta er höfðað með eignardómsstefnu til viðurkenningar á beinum eignarrétti málshöfðandans að landsvæðinu, stendur þessi óvissa um tilvist óbeinna eignarréttinda ekki því í vegi, að dómur verði lagður á kröfu fjármálaráðherra f. h. ríkisins í máli þessu.

Svo sem greinir í héraðsdómi, afsalaði skilanefnd Titan h/f íslenska ríkinu með afsali 16. janúar 1952 öllum þeim vatnsréttindum, sem félagið átti í Þjórsá, þverám hennar og vötnum, ásamt öllum réttindum til virkjana og til nýtingar þessara vatnsréttinda og landsafnota að því leyti sem félagið hafði öðlast samkvæmt 35 tilgreindum heimildarskjölum, sbr. kaupsamning 8. júní 1951. Fjármálaráðherra hefur ekki undanskilið þessi réttindi í málssókn sinni, en um þau verður eigi dæmt í eignardómsmáli þessu.

Meðal gagna í dómsmáli þessu er skrá um eigendur og ábúendur í Holtahreppi, og er skrá um þá tekin upp í héraðsdóm.

IV.

Kröfugerð aðilja hér fyrir dómi er hin sama að stofni til sem í héraði. Sama gegnir um málsástæður, lagarök og málsreifun. Af hálfu Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi er þó ekki höfð uppi krafa um viðurkenningu á eignarrétti þeirra að Landmannaafrétti, svo sem gert var í héraðsdómi.

Málsástæðum og lagaröksemdum málsaðilja er lýst rækilega í hinum áfrýjaða dómi.

V.

Í máli því, sem dæmt var í Hæstarétti 25. febrúar 1955 og höfðað var með opinberri stefnu, út af veiðirétti að vötnum

og vatnsföllum á Landmannaafrétti voru málsaðiljar hreppsnefndir Holtahrepps og Landmannahrepps f. h. hreppanna og hreppsnefnd Rangárvallahrepps f. h. eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla og svo landbúnaðarráðherra f. h. ríkisins. Var Landmannaafréttur afmarkaður landfræðilega með sama hætti í því máli sem í þessu máli. Í dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955 segir m. a. svo:

„Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.

Þar sem framangreindir afréttaraðiljar hafa samkvæmt framansögðu ekki beinan eignarrétt á Landmannaafrétti, koma hér til álita ákvæði 5. gr. laga nr. 112/1941 um rétt til veiði í vötnum á afréttum. . .“.

Málflutningur þeirra, er andmælt hafa kröfum ríkisins í máli því, sem hér er til úrlausnar, lýtur að því, að þeir eigi afréttarlandið og gangi eignartilkall ríkisins í berhögg við það. Um þessa málsvörn er þegar dæmt í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 að því er varðar framangreinda aðilja þess máls.

Skaftártunguhreppur telur sig eiga nokkurn hluta afréttarsvæðisins, svo sem greint hefur verið frá af hans hendi í málflutningi hér fyrir dómi. Öðrum þræði er af hálfu þessa aðilja tekið undir málflutning af hendi hinna hreppsfélaganna. Eigi hefur þessi aðili sýnt fram á, hvað sem öðru líður, að hann eigi nein þau réttindi til afréttarins, sem séu rýmri en réttindi þeirra hreppsfélaga, sem aðiljar voru að fyrrgreindu hæstaréttarmáli frá 1955.

Gögn þau, sem eigendur jarða í Holtahreppi tefla fram í máli þessu, eru eigi með þeim hætti, að þeir verði taldir hafa

rýmri rétt til afréttarins en Holtahreppur. Ábúendur jarða í þeim hreppi eru eigi réttir aðiljar þessa máls, og verður kröfum þeirra eigi sinnt.

Málsreifun Rangárvallahrepps er ekki studd nægilega traustum rökum og óglöggt, hverjar nytjar sá hreppur hafi haft af Landmannaafrétti.

Í máli þessu verða því andmæli framangreidra aðilja gegn eignartilkalli ríkisins, sem á því eru reist, að þeir eigi afréttarsvæði það, sem málið lýtur að, ekki tekin til greina.

VI.

Kemur þá að úrlausn um það, hvort fjármálaráðherra f. h. ríksins hafi gert viðhlítandi grein fyrir eignarrétti sínum að umstefndu afréttarsvæði, svo að eignardómur verði kveðinn upp samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936.

Í máli þessu leitar stjórnvald, fjármálaráðherra f. h. ríkisins, dómsviðurkenningar á beinum eignarrétti ríkisins á Landmannaafrétti. Alþingi hefur ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málsefnið. Heimilt er að leita viðurkenningardóms, eins og hér er gert.

Fjármálaráðherra krefst dómsviðurkenningar á rétti, sem reglur einkamálaréttar gilda um, en ríkið getur engu að síður átt.

Um eignartilkall ríkisins er þess fyrst að geta, að eigi hafa af þess hálfu verið settar fram fullnægjandi röksemdir fyrir því, að ríkið hafi eignast landsvæði þetta þegar við stofnun allsherjarríkis á landi hér. Lög þjóðveldisaldar veita þeirri skoðun eigi stoð eða önnur gögn frá því réttarsögutímabili. Gögn fyrir því, að ríkið hafi öðlast eignarrétt að þessu landsvæði fyrir eignarhefð eru eigi haldbær, sérstaklega þegar virt er það, sem í ljós er leitt um nýtingu þessa afréttarsvæðis og lögskil af því.

Skráðar réttarreglur um eignarréttarlega stöðu afrétta eru af skornum skammti, og hið almenna eignartilkall í skilningi einkaréttar, sem ríkið hefur uppi í máli þessu, styðst eigi við slíkar reglur. Einstök lagaákvæði, sem fjármálaráðherra f. h.

ríkisins ber fyrir sig í málinu, svo sem námulög, vatnalög og eldri lög um nýbýli, veita eigi slíkri almennri reglu stoð, og hún þykir eigi heldur, svo að óyggjandi sé, verða reist á almennum lagarökum og lagaviðhorfum. Hins vegar verður að telja, að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða, en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir". Um það efni verður þó eigi fjallað hér frekar, eins og mál þetta horfir við.

Samkvæmt framansögðu verður krafa fjármálaráðherra f. h. ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti til handa ríkinu á landsvæði því, er í málinu greinir, eigi tekin til greina.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja, sem eigi þykja úr hófi.

Allur gjafsóknarkostnaður þeirra málsaðilja, sem fengu gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns Landmannahrepps, 50.000.00 krónur, skipaðs talsmanns Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi og Rangárvallahrepps og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í þeim hreppi, 45.000 00 krónur, og skipaðs talsmanns Skaftártunguhrepps, 18.000.00 krónur.

Ágripsgerð er ábótavant í máli þessu, og m. a. skortir heildarregistur um efni dómskjala.

Dómsorð:

Krafa fjármálaráðherra f. h. ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti til handa ríkinu á landsvæði því, er í málinu greinir, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað, þar með

talin málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja, eiga að vera óröskuð.

Allur gjafsóknarkostnaður þeirra málsaðilja, sem fengu gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns Landmannahrepps, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000.00 krónur, skipaðs talsmanns Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi og Rangárvallahrepps og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í þeim hreppi, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000.00 krónur, og skipaðs talsmanns Skaftártunguhrepps, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, 18.000.00 krónur.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

I.

Í hæstaréttarmálinu nr. 103/1953, sem dæmt var í Hæstarétti 25. febrúar 1955, kom til dómsúrlausnar sú krafa hreppsnefndar Landmannahrepps, sem er einn af aðaláfrýjendum þessa máls, að viðurkenndur yrði með dómi einkaréttur hreppsins til veiði í öllum vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti. Voru mörk afréttarins gagnvart aðliggjandi löndum í því máli greind í hvívetna með sama hætti og gert hefur verið í eignardómsmáli þessu, þannig að um sama landsvæði er að tefla í báðum málunum. Kröfur sínar í framangreindu máli rökstuddi Landmannahreppur með því, að einkarétturinn til veiði helgaðist af fullum og óskoruðum eignarrétti hreppsins að Landmannaafrétti. Í máli þessu um veiðirétt, sem höfðað var með opinberri stefnu gegn ótilteknum aðiljum, tóku til varna ýmsir þeir, sem einnig eru aðiljar að eignardómsmáli þessu. Var þar um að ræða hreppsnefnd Holtahrepps vegna hreppsins og hreppsnefnd

Rangárvallahrepps vegna eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í þeim hreppi, sem báðar héldu því fram, að réttur þessara aðilja til Landmannaafréttar væri hinn sami og réttur Landmannahrepps. Enn fremur tók til varna landbúnaðarráðherra vegna ríkisins og krafðist þess, að hrundið yrði kröfunni um dómsviðurkenningu á veiðiréttarkröfu Landmannahrepps, þar sem hvorki hreppsfélagið né íbúar hreppsins ættu beinan eignarrétt að afréttinum, heldur einungis rétt til upprekstrar á hann. Orkar samkvæmt þessu ekki tvímælis, að umrætt mál varð eigi dæmt, án þess að leyst væri úr því, hvernig háttað væri eignarréttindum hreppsfélganna og hinna tveggja jarða í Rangárvallahreppi að Landmannaafrétti, þó að dómkröfur vörðuðu ekki beinlínis annað en veiðiréttindi í vötnum og vatnsföllum.

Í máli því, sem nú er til úrlausnar, hefur Landmannahreppur og þeir aðiljar aðrir, sem til varna hafa tekið gegn eignardómskröfu ríkisins, lagt fram nokkur gögn í héraði, sem eigi voru lögð fram í hinu fyrra máli. Er frá þeim greint í hinum áfrýjaða dómi, þeirra á meðal hinni textafræðilegu og skjalfræðilegu athugun tveggja dómkvaddra manna á bréfi því, sem prentað er í Íslenzku fornbréfasafni, VI, nr. 78, en það er dómur um Þjórsártungur, sem talinn er hafa gengið á Skarði á Landi 25. júní 1476. Enn fremur hafa verið lögð fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl, þeirra á meðal þrír samningar frá síðustu árum milli nokkurra hreppsfélaga í Rangárvallasýslu og tiltekinna aðilja um jarðefnatöku og um vatnsvirkjanir á afréttarsvæðum ofan byggða í Rangárvallasýslu. Er efnis þeirra að nokkru getið í atkvæði meiri hluta dómenda svo og þess, hverjir að þeim stóðu. Að langmestu leyti hefur þó Landmannahreppur og aðrir málsaðiljar rökstutt mótmæli sín gegn eignardómskröfunni með því að vísa til gagna, er fram voru lögð í því máli, sem dæmt var 1955. Er frá gögnum þessum greint í hinum áfrýjaða dómi, allt frá fyrrnefndum dómi um Þjórsártungur til afsals skilanefndar A/S Titan til ríkisins á vatnsréttindum í Þjórsá, þverám hennar og vötnum svo og rétti til nýtingar þeirra vatnsréttinda. Er afsalið dagsett 16. janúar 1952, en ekki 8. júní 1951, eins og misritast hefur í héraðsdómi.

Í dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955 var því slegið föstu í dómsforsendum, að íbúar Landmannahrepps, Holtahrepps og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi ættu upprekstrarrétt á Landmannaafrétt. Síðan segir í dóminum um rétt þessara aðilja til veiði í vötnum á afréttinum:

„Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins var háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.

Þar sem framangreindir afréttaraðiljar hafa samkvæmt framansögðu ekki beinan eignarrétt á Landmannaafrétti, koma hér til álita ákvæði 5. gr. laga nr. 112/1941 um rétt til veiði í vötnum á afréttum."

Með dómsorði Hæstaréttar í framangreindu máli var að vísu aðeins dæmt um veiðirétt í vötnum á Landmannaafrétti, en ekki um eignarrétt að afréttinum sjálfum. Það var þó meginatriði í málflutningi aðilja í því máli, hvernig farið væri eignarráðum yfir afréttinum. Úrlausn um eignarréttinn í dómsforsendum, sú sem að framan er greind, var eitt af því, sem málsúrslit um veiðiréttinn ultu á. Verður eigi nú dæmt á annan veg en í forsendum þess dóms segir um eignarrétt þeirra hreppsfélaga og eigenda lögbýla, sem aðiljar voru að hinu fyrra máli. Þeir aðiljar voru Landmannahreppur, Holtahreppur svo og eigendur og ábúendur Næfurholts og Hóla. Enginn síðastgreindra aðilja eða aðrir þeir, sem nú andmæla kröfum ríkisins um eignardóm sér til handa, hefur fært fram aðrar ástæður fyrir andmælum sínum en þær, að sjálfir hafi þeir hver fyrir sig, einir eða ásamt öðrum, tekið hið umdeilda landsvæði, allt eða að hluta, til fullkominna eignarráða og eigi að því beinan eignarrétt. Samkvæmt þessu

og þar sem því hefur þegar verið slegið föstu með dómi, svo sem áður var greint, að fyrrnefnd hreppsfélög og eigendur jarða hafi ekki beinan eignarrétt að Landmannaafrétti, verður eignardómskröfu ríkisins ekki hrundið vegna mótmæla þessara málsaðilja. Fær það engu breytt í því efni, að dómkvaddir menn hafa nú komist að þeirri niðurstöðu, að óhugsandi sé, að uppskrift sú, sem prentuð er í Íslenzku fornbréfasafni, VI, nr. 78A, sé falsbréf, er falsað hafi verið frá grunni á síðari öldum. Kemur þar hvort tveggja til, að hvorki er dómur Hæstaréttar 25. febrúar 1955 gagngert á því reistur, að svo sé, né heldur getur dómur þessi, þó að örugg heimild yrði talin, ráðið úrslitum um eignarrétt hreppsfélaganna að afréttinum. Og að því er varðar samninga þá, er lagðir hafa verið fyrir Hæstarétt og fyrr hefur verið getið, er það fram að taka, að upp úr þeim er ekkert leggjandi í þessu máli þegar af þeirri ástæðu, að þeir eru ýmist ríkinu óviðkomandi eða hafa að geyma sérstakan fyrirvara af hendi hlutaðeigenda um ágreining þann um eignarrétt að Landmannaafrétti, sem hér er til úrlausnar.

II.

Um kröfur annarra málsaðilja, sem kröfur gera um, að hrundið verði kröfum ríkisins um eignardóm sér til handa, skal þetta tekið fram:

Allir þessir aðiljar reisa dómkröfur sínar alfarið á því, að þeir hafi eignarrétt að því afréttarlandi, sem stefnan tekur til, ýmist öllu, og þá eftir atvikum í sameign við aðra aðilja, eða að hluta afréttarins.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps krefst þess vegna hreppsfélagsins sjálfs, að kröfum ríkisins verði hrundið, en gerir ekki kröfur sínar í málinu vegna eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla, svo sem hún gerði í hinu fyrra máli um veiðirétt. Krafan af hendi hreppsfélagsins er ekki sérstaklega rökstudd, þó að helst sé svo að skilja, að hún sé á því reist, að ágreiningslaus upprekstrarréttur áðurgreindra tveggja jarða á Landmannaafrétt sé sönnun fyrir eignarrétti hreppsfélagsins sjálfs að landsvæðinu í sameign með öðrum aðiljum, sem þangað eigi upprekstur. Á þetta er þó engan

veginn unnt að fallast. Eru engin efni til að sinna andmælum þessa aðilja við eignardómskröfunni vegna þess, að hann eigi beinan eignarrétt að Landmannaafrétti.

Eigendur og ábúendur jarða í Holtahreppi virðast reisa kröfur sínar á því, eins og hreppsfélagið sjálft, að Holtamenn hafi frá fornu fari nýtt Landmannaafrétt til upprekstrar og haft af honum önnur afréttarnot ásamt Landmönnum og eigendum Næfurholts og Hóla. Vegna þeirrar nýtingar og fyrir nám til eignar sé afrétturinn í einu og öllu sameign þeirra, sem hafi nýtt hann. Vísa þeir um þetta til allra sömu sönnunargagna og aðrir, er til varna hafa tekið gegn kröfum ríkisins.

Eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem hér er um að ræða, flytja mál sitt sameiginlega með Holtahreppi og með öldungis sömu röksemdum og hreppurinn. Þó verður að ætla, að þá og hreppinn skilji á um það, hvort Landmannaafréttur sem upprekstrarland Holtamanna sé fremur hreppseign eða liggi undir einstakar jarðir í hreppnum.

Málsreifun af hálfu eigenda og ábúenda jarðanna hefur ekki að neinu leyti beinst að því, að þeir standi öðruvísi að vígi um að hrinda eignardómskröfu ríkisins en hreppsfélagið sjálft og eigi ekki óskilið mál með því. Dóm Hæstaréttar 25. febrúar 1955 verður að skilja svo, að með honum sé því hafnað, að afnotaréttur Holtamanna að Landmannaafrétti sé grundvöllur beins eignarréttar þeirra að afréttinum, hvort heldur er hreppsfélagsins eða einstaklinga. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem segir um kröfur Holtahrepps, verður eignardómskröfu ríkisins ekki hrundið vegna mótmæla eigenda og ábúenda jarða í Holtahreppi.

Eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, mótmælir hreppsnefnd Skaftártunguhrepps eignardómskröfunni á þeim grundvelli, að tilgreindur hluti þess landsvæðis, sem málssóknin tekur til, liggi utan Landmannaafréttar og sé eign Skaftártunguhrepps. Nánar reisir hreppurinn mótmæli sín á því, að hér hagi svo til, eins og algengt sé um afréttarlönd hér á landi, að fjalllendi hafi í fyrstu legið undir einstakar jarðir. Síðan hafi tekið við sameign jarða að landinu, þar sem bændur höfðu sameiginleg fjallskil. Loks hafi þau

sameignarlönd með tíð og tíma orðið eignarlönd hreppsfélaga, er tekið hafi fjallskilin í sínar hendur.

Af hálfu þessa aðilja hefur það ekki verið sérstaklega rökstutt, að eignarréttur hreppsfélagsins að fyrrgreindri landspildu — ef á hann yrði fallist — standi því í vegi, að eignardómskrafan verði tekin til greina að því er varðar aðra hluta hins umdeilda lands. Þá hefur hreppsfélagið ekki fært fram nein gögn, sem sýni afréttarnot Skaftártungumanna að þeirri landspildu, sem það telur falla utan Landmannaafréttar. Einungis er því haldið fram í málflutningi, að hreppsmenn hafi að einhverju marki farið til silungsveiða í vötnum, sem þar liggja.

Þegar framangreint er virt, þykir Skaftártunguhreppur ekki hafa sýnt fram á, að hreppsfélagið hafi fyrr eða síðar öðlast beinan eignarrétt að landsvæði því, sem hér er um að tefla, öllu eða að hluta. Verður eignardómskröfunni því ekki heldur hrundið vegna mótmæla þessa hreppsfélags.

III.

Svo sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, kom í upphafi málsmeðferðar fram sú krafa af hálfu allra þeirra, er andmæla eignardómskröfu ríkisins, annarra en Skaftártunguhrepps, að málinu yrði vísað frá dómi. Töldu þeir skilyrði bresta til eignardómsmeðferðar svo sem sakarefni væri vaxið.

Héraðsdómur féllst á frávísunarkröfuna með dómi 20. apríl 1976. Þeim dómi hratt Hæstiréttur með dómi sínum 25. janúar 1977. Taldi meiri hluti dómenda ríkið hafa „átt tilkall til þess, að eignardómsstefna samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936 yrði gefin út“ í málinu. Bæri því að „leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar“.

Héraðsdómara bar að kanna það, áður en hann heimilaði útgáfu eignardómsstefnu, hvort réttindi þau, er ríkið krafðist eignardóms fyrir, væru þess háttar, að fyrir þeim mætti að lögum veita eignardóm, ef réttindi annarra, er kynnu að gefa sig fram eftir eignardómsstefnunni, stæðu því ekki í vegi. Þar sem höfð var uppi frávísunarkrafa, kom þetta enn til álita, er dómstólar dæmdu um hana. Með dómi sínum um

formhlið málsins hefur Hæstiréttur þegar dæmt, svo sem greint var, að ekki hafi verið þeir meinbugir á málatilbúnaði ríkisins, að synja hafi átt kröfu þess um útgáfu eignardómsstefnu. Til slíkra meinbuga yrði það að teljast, ef réttindi þau, sem eingnardóms er krafist fyrir, eru slík, að fyrir þeim má ekki veita dómgildingu í eignardómsmáli án tillits til þess, hvort aðrir sýna fram á betri rétt sinn til eignarinnar en eignardómsbeiðandi, sbr. 220. gr., sbr. 217. gr. laga nr. 85/1936.

Við dómsmeðferð um efnisþátt málsins hefur ekkert nýtt komið fram, um hvers konar réttinda ríkið telji til yfir Landmannaafrétti. Verður ríkinu því ekki nú synjað um eignardóm, vegna þess að réttindi þau, er það krefst dóms fyrir, séu ekki eignarréttindi í skilningi einkaréttar, sem dómsviðurkenningu megi veita fyrir í eignardómsmáli, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Má þó á það fallast með héraðsdómi, að heimildum almennings sé ekki að öllu leyti eins farið í afréttum og ella gildir um eignarlönd.

Svo sem fyrr var sagt, hefur enginn þeirra, er gefið hefur sig fram eftir eignardómsstefnunni, sannað beinan eignarrétt sinn að Landmannaafrétti. Verður eignardómskröfu ríkisins því ekki hrundið vegna mótmæla þeirra. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 220. gr., sbr. 218. gr. laga nr. 85/1936 ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um beinan eignarrétt íslenska ríkisins yfir Landmannaafrétti, eins og hann er afmarkaður í máli þessu, en með sömu athugasemd og í dóminum greinir, að þau eignarréttindi sæti þeim takmörkunum, sem leiða af lögmæltum og venjuhelguðum réttindum þeirra, sem upprekstur eiga á afréttinn, svo sem viðurkennt er af ríkisins hálfu í málinu.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um málskostnað og um ákvörðun gjafsóknarlauna, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo og athugasemd þeirra um ágripsgerð.

Samkvæmt þessu teljum við, að dómsorð ætti að vera svofellt:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hreppsnefndar Landmannahrepps f. h. hreppsins, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000.00 krónur, laun skipaðs talsmanns hreppsnefndar Holtahrepps f. h. hreppsins, eigenda og ábúenda jarða í Holtahreppi, hreppsnefndar Rangárvallahrepps f. h. hreppsins og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000.00 krónur, og laun skipaðs talsmanns hreppsnefndar Skaftártunguhrepps f. h. hreppsins, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, 18.000.00 krónur.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 27. október 1978.

Mál þetta var tekið til dóms 11. f. m.

Hinn 29. janúar 1975 ritaði lögmaður stefnanda sýslumanninum í Rangárvallasýslu bréf og fór þess á leit af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, að gefin yrði út eignardómsstefna með heimild í 220. gr. laga nr. 85/1936 til að fá ákveðið og staðfest með dómi, að ríkissjóður eigi beinan eignarrétt að landsvæðum þeim innan Rangárvallasýslu, sem auðkennd væru á uppdrætti, sem bréfinu fylgdi, og nefnd séu Landmannaafréttur. Var um það atriði vísað til dómasafns Hæstaréttar frá árinu 1955, bls. 109 og 117. Var gerð grein fyrir því, að tilefni málssóknarinnar væri ágreiningur, sem risið hefði út af réttarstöðu afréttarsvæðanna í sambandi við virkjunarframkvæmdir hins opinbera við Tungnaá og Þórisvatn. Hafi oddvitar fjögurra hreppa í Rangárvallasýslu lýst því yfir, að leita þyrfti úrskurðar dómstóla á því ágreiningsmáli, þ. e. hvort um beinan eignarrétt væri að ræða eða hvort um landsvæðin giltu almennar reglur um afrétti. Jafnframt hafi verið talið, að vegna umsvifa veiðifélagsins við Þórisvatn væri nauðsynlegt að fá skorið úr þeirri óvissu og ágreiningi, sem þar hefði komið upp, en nokkur hluti vatnsins sé innan Landmannaafréttar. Þá sé brýn nauðsyn slíkrar dómsúrlausnar vegna víðáttumikilla landsvæða, sem fari undir vatn (Nýja-Krókvatn) við stíflugerð í Tungnaá. Loks hljóti dómur í slíku máli að verða til mikilsverðrar leiðbeiningar um eignarréttarstöðu annarra afréttarsvæða á landinu, þar á meðal stöðuvatns á afréttum, en þessi mál séu mjög á dagskrá á síðari árum. Þá tekur lögmaðurinn fram í bréfi sínu, að málshöfðunarbeiðendur vilji láta

það koma skýrt fram, þótt þess sé ekki getið sérstaklega í stefnunni, að þrátt fyrir málssókn þessa um viðurkenningu á beinum eignarrétti að afréttarsvæðunum, sem stundum sé kallaður grunneignarréttur, muni ríkisvaldið viðurkenna rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög og venjur séu fyrir, enda sé gert ráð fyrir, að þeir muni, er þar að kemur, sjálfir gera grein fyrir þeim réttartilköllum undir rekstri eignardómsmálsins. Ekki sé um það að ræða, að ríkisvaldið hafi unnið hefð á landsvæði því, sem krafan beinist að, þ. e. Landmannaafrétti, heldur eigi ríkisvaldið slík landsvæði og hafi átt allt frá upphafi ríkisskipunar hér á landi, aldahefð, en skorti hins vegar formlega staðfestingu á þeim rétti. Hið umstefnda landsvæði sé almenningur, nánar tiltekið byggðaalmenningur, svokallaður Landmannaafréttur, og sé ríkisvaldið réttur og löglegur eigandi þess. Þótt afréttarlönd hafi vafalaust fljótt verið tekin í notkun, eftir að land byggðist, þá hafi þar ekki verið um að ræða nám til eignar, heldur nám til afnota og eigi því afréttarhafar einungis afnotarétt yfir afréttinum. Samfelld réttarþróun hér á landi staðfesti, að ríkisheildin sé eigandi að hinu umstefnda afréttarsvæði með óskertum rétti til jarðefna og hvers konar námavinnslu, jarðhita, vatnsafls og rétti til hagnýtingar þess, rétti til umferðar, dvalar og náttúruskoðunar fyrir landsmenn o. s. frv. Með rannsóknum á afréttarsvæðunum til undirbúnings virkjana, sem hafi hafist 1952, og síðari framkvæmdum hafi ríkisvaldið tekið sér varanlega bólfestu á afréttarsvæðinu og tekið svæðið til vörslu og eignarhalds. Er ríkið hafi í janúarmánuði 1952 leyst til sín rétt þann, sem svonefnt Titanfélag hafi öðlast yfir vatnsréttindum, vatnsbotni og árfarvegum og til virkjunarframkvæmda á afréttarsvæðinu, hafi ríkið öðlast þinglesnar eignarheimildir fyrir öllum þessum réttindum. — Þá lýsti lögmaður stefnanda því yfir í bréfi sínu, að ef svo verði talið, að réttarstaðan að fornu þyki ekki upplýst til hlítar, þá sé það varamálsástæða stefnanda, að með því að byggja eingöngu eða fyrst og fremst á því, sem best samrýmist hugsunarhætti, stöðu og þörfum nútímaþjóðfélags, sem fram hafi komið í úrlausnum dómstóla og áliti fræðimanna, verði komist að sömu niðurstöðu um rétt stefnanda til afréttarsvæðisins. — Í bréfi lögmanns stefnanda var gerð rækileg grein fyrir sjónarmiðum og þau rökstudd nánar.

Á grundvelli bréfs lögmanns stefnanda gaf sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu síðan 12. mars 1975 út eignardómsstefnu, sem síðan birtist í 20. tbl. 68. árgangs Lögbirtingablaðsins, er út kom

19. mars 1975. Er kröfugerð í stefnunni svohljóðandi: „.... Mér hefur tjáð fjármálaráðherra, Matthías Á. Mathiesen, að hann þurfi, fyrir hönd ríkissjóðs vegna ríkisvaldsins, að fá út gefna eignardómsstefnu samkvæmt heimild í 220. grein einkamálalaga nr. 85/1936, til viðurkenningar á beinum eignarrétti ríkissjóðs að svokölluðum „Landmannaafrétti" hér í sýslu, en formleg eignarheimild að afréttarsvæðum þessum liggur ekki fyrir, enda þótt greinilega sé gert ráð fyrir beinum eignarrétti ríkisins í hæstaréttardómi frá 25. febrúar 1955 (málið nr. 103/1953). Landsvæði þau, sem hér um ræðir og málssókn þessi tekur til, eru tilgreind í dóminum sem hér segir nánar:

„Úr Ófærugili (A) í Tröllkonuhlaup í Þjórsá (B), eftir Þjórsá í Tungnaá (C), eftir Tungnaá í Blautukvísl (D), eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna (E), þaðan í Þóristind (F), og þaðan sjónhending í Þveröldu (G), og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur (H), þaðan þvert í Tungnaá (I), síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós (J), og eftir honum í Kirkjufellsvatn (K), þaðan eftir Hábarmi (L) í há-Torfajökul (M), frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts (N), þaðan í Krakatind (O) og þaðan í Ófærugil (punkt A)." "

Við þingfestingu málsins var sótt þing af hálfu þessara aðilja: Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, Rangárvallahrepps, Ása- og Djúpárhreppa og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum. Þá var mætt og af hálfu Landsvikjunar til réttargæslu. Í næsta þinghaldi í málinu var sótt þing af hálfu Skaftártunguhrepps. Í því þinghaldi var því lýst af hálfu Ásahrepps og Djúpárhrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum, að því sé mótmælt, að hinar umstefndu kröfur nái fram að ganga að því er snertir þann hluta landsvæðanna, sem séu innan marka afrétta Ása- og Djúpárhreppa, en ekki sé talin ástæða til að mæta frekar í málinu. Í þinghaldi þessu kom fram krafa um frávísun málsins af hálfu Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og af hálfu Rangárvallahrepps.

Með dómi, uppkveðnum 20. apríl 1976, var málinu vísað frá dómi, en með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 25. janúar 1977, var frávísunardóminum hrundið og lagt fyrir héraðsdóminn að taka málið fyrir að nýju til efnismeðferðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði beinn

eignarréttur hans að svokölluðum Landmannaafrétti með þessum merkjum samkvæmt uppdrætti í stefnu:

Úr Ófærugili (A) í Tröllkonuhlaup í Þjórsá (B), eftir Þjórsá í Tungnaá (C), eftir Tungnaá í Blautukvísl (D), eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna (E), þaðan í Þóristind (F), og þaðan sjónhending í Þveröldu (G), og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur (H), þaðan þvert í Tungnaá (I), síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós (J), og eftir honum í Kirkjufellsvatn (K), þaðan eftir Hábarmi (L) í há-Torfajökul (M), frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts (N), þaðan í Krakatind (O) og þaðan í Ófærugil (punkt A).

Þá er þess og krafist, að Landmannahreppi og Holtahreppi verði gert að greiða stefnanda málskostnað, sem skipt verði að mati dómsins, eins og málið sé ekki gjafvarnarmál.

Af hálfu Landmannahrepps er þess krafist, að hrundið verði öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða Landmannahreppi málskostnað að skaðlausu, eins og málið sé ekki gjafvarnarmál.

Af hálfu Holtahrepps, eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og Rangárvallahrepps eru þessar dómkröfur gerðar:

Að kröfum stefnanda verði hrundið.

Að viðurkenndur verði eignarréttur Holtahrepps, eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og Rangárvallahrepps vegna sömu jarða að Landmannaafrétti með öllum gögnum og gæðum í jörðu og á og í lofti yfir afréttinum í samaðild með Landmannahreppi að jöfnu.

Að stefnanda verði gert að greiða Holtahreppi, eigendum og ábúendum jarða í þeim hreppi, eigendum og ábúendum jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og Rangárvallahreppi vegna sömu jarða málskostnað að skaðlausu, eins og málið sé ekki gjafvarnarmál.

Af hálfu Skaftártunguhrepps er þess krafist, að kröfum stefnanda verði hrundið og stefnanda verði gert að greiða Skaftártunguhreppi málskostnað, eins og málið sé ekki gjafvarnarmál.

Lögð hefur verið fram í málinu svofelld skrá um eigendur og ábúendur jarða í Holtahreppi:

1. Akbrautarholt: Katrín Jónsdóttir
2. Árbæjarhellir: Guðmundur Gíslason
3. Árbæjarhjáleiga: Jón Ingólfsson o. fl.

4. Árbær eyðib.: Gunnar Jóhannsson
5. Arnkötlustaðir: Hannes Hannesson
6. Bjálmholt: Sigurður Karlsson
7. Brekkur 1: Jónas Sigurðsson
8. Brekkur 2: Hannes Árnason
9. Efri-Rauðalækur: Helgi Haraldsson
10. Fosshólar: Þórður M. Sigurjónsson
11. Gata: Einar Brynjólfsson
12. Gíslaholt: Kristinn Kristinsson
13. Guttormshagi: Þorst. Daníelsson
14. Hagi: Guðmundur Halldórsson
15. Hallstún eyðib.: Stella Björk Georgsdóttir
16. Heiðarbrún: Guðm. H. Eyjólfsson
17. Hreiður: Hermann Sigurjónsson
18. Hvammur: Elímar Helgason
19. Kaldakinn: Vilhjálmur Þórarinsson
20. Kaldárholt: Gísli Helgason
21. Kambur: Jón V. Jónsson
22. Ketilsstaðir: Ólafur Sigfússon
23. Kvíarholt: Karl Þórðarson
24. Lyngás 1: Sveinbjörn Stefánsson
25. Lýtingsstaðir: Eiríkur Sigurjónsson
26. Litla-Tunga: Þórarinn Vilhjálmsson
27. Litla-Tunga 2: Einar Jónsson
28. Lækur 1: Sigfús Davíðsson
29. Lækur 2: Pálmi Sigfússon
30. Marteinstunga: Guttormur Gunnarsson
31. Meiri-Tunga 1: Þórður Bjarnason
32. Meiri-Tunga 2: Ketill Vilhjálmsson
33. Meiri-Tunga 3: Ragnar Marteinsson
34. Meiri-Tunga 4: Guðmar Ragnarsson
35. Mykjunes: Magnús Guðmundsson
36. Nefsholt: Olgeir Engilbertsson
37. Pula: Ólafur Helgason
38. Raftholt: Hjalti Sigurjónsson
39. Saurbær: Páll Elíasson
40. Syðri-Rauðalækur: Runólfur Haraldsson
41. Skammbeinsstaðir 1: Sigurður Sigurðsson
42. Skammbeinsstaðir 2: Þorvaldur Sveinsson
43. Skammbeinsstaðir 3: Karl Pétursson
44. Skammbeinsstaðir 4: Svavar Svavarsson

45. Stúfholt 1: Sigurgeir Ingimundarson
46. Stúfholt 2: Gunnar Þórisson
47. Þjóðólfshagi 1: Stefán Jónsson
48: Þjóðólfshagi 2: Þórður Erlendsson
49. Þverlækur: Guðni Guðmundsson
50. Ölvisholt eyðib.: Benjamín Eiríksson
51. Ölvisholtshjáleiga eyðib.: Marsibil Jóhannsdóttir.

Málsatvik.

Með opinberri stefnu, útgefinni 2. júlí 1951, og framhaldsstefnu, útgefinni 8. ágúst s. á., höfðaði hreppsnefnd Landmannahrepps fyrir hönd hreppsins mál fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu til viðurkenningar á einkarétti hreppsins til veiði í Fiskivötnum (Veiðivötnum) suð-vestan Vatnajökuls svo og öllum öðrum vötnum og vatnsföllum á Landamannaafrétti. Við þingfestingu málsins risu upp til andmæla við kröfum stefnanda, landbúnaðarráðherra f. h. ríkisvaldsins, hreppsnefnd Holtahrepps í Rangárvallasýslu fyrir hönd hreppsins og hreppsnefnd Rangárvallahrepps í Rangárvallasýslu fyrir hönd hreppsins vegna eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi. Með sáttargerð umboðsmanna Landmannahrepps, Ása- og Djúpárhrepps, Rangárvallahrepps og landbúnaðarráðherra fyrir landamerkjadómi Rangárvallasýslu 7. ágúst 1951 urðu þeir ásáttir um þessi mörk Landamannaafréttar:

Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind og þaðan sjónhending í Þveröldu og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur, þaðan þvert á Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Krikjufellsós og eftir honum í Kirkjufellsvatn. Þaðan eftir Hábarmi í há-Torfajökul, frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugil.

Með dómi aukadómþings Rangárvallasýslu 15. júní 1953 varð niðurstaða málsins sú, að viðurkenndur var einkaréttur Landmannahrepps til veiði í öllum vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti innan þeirra marka, sem ákveðin voru með sáttargerðinni frá 7. ágúst 1951. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 25. febrúar 1955, var kröfu Landmannahrepps hafnað. Er dómur Hæstaréttar og forsendur hans í dómasafni Hæstaréttar 1955, bls. 108—115.

Í því máli, sem hér er til úrlausnar, hafa verið lögð fram sömu

skjöl og fram komu í framangreindu Hæstaréttarmáli. Verður nú rakið það, sem þar kemur fram:

Í málinu er fram komið skjal, sem ritað er á fyrri hluta 19. aldar og samkvæmt efni sínu er talið endurrit af dómi, sem gengið hafi á Skarði á Landi 25. júní 1476. Er skjal þetta, sem prentað er í Íslenzku fornbréfasafni (DI) VI, nr. 78, svohljóðandi:

„Dómur um Holtamanna og Landmanna Afrjett.

Þad giörum vier Oddur Asmundzson. Örnólfr. Oddsson. Biörn Jónsson. Þorsteinn Þordarson. Sigurdur Eireksson og Sigurdur Haflidason. godum monnum kunnugt med þezu voru opnu brefi: Anno Domini 1476 þridiudaginn [1]) nærstan eptir Jonsmessu Babtista ad Skardi a Landi. a Þingstad riettum. vorum vier i Dóm nefndir af Þorsteini Pálssyni, er þá hafdi syslu og umbod af Ellendi Ellendssyni i Rángarþingi. ad meta og skoda um afriett þann. er heita Þiotzár Túngur. og liggur fyrir Landmanna Repp. millum Túnár og Spreingi-Sands. hvort þad væri eign edr. almenníngur edur afriettur þeirra manna er i Landamanna Repp búa, og þar viettu akiæru um.

Var og svarid fyrir oss af tveimur mönnum Tomase Illugasyni og Sigurdi Ögmundssyni. ad þessi afriettur þiotzar Tungaur hafi verid hafdr og haldinn til Lambareksturs og Elldra fiar af þessum tveimur hreppum Landi og Holtum [svo lengi [1]] sem þeir mundu til og ej vissu þeir annad sannara. en þad væri þeirra Eign.

Þvi eptir þessum Eijdi og (ad) so profudu máli sem fyrr skrifad er. Dæmur vier fyrr skrifadir Domsmenn þeirra Eign og afriett. sem haft og haldid hafa i Holtum og á Landi, sem eru og verid hafa til fra Túná og til Spreingsands og vestur í Þiótzá og allt austur i fiallgard. so langt sem vötn renna til og frá hierada a millum. ad riettri tiltölu. Og aungver menn aldret meiga i þessum afriett fugla veida. Grös lesa. Rotagröft hafa edur önnur Giædi. fyrir utan þeirra leifi er fyrr skrifadir eru. nema þeir hafi skilvís vitni edr brief er i fara. edur sier kalla. nema þeir menn er i Hreppum bua hafi samreid vid þa. er ur Holtum og af Landi fara til Fuglaveidar og Grös ad tyna badu megin Þiótzar. sem ad fornu hef verid og þeim hefur samid sijn a millum et cetera.

Til sanninda hier um setium vier fyrrnefndir Domsmenn vor innsigli fyrir þetta Domsbrief.

Skrifad a Ytri Völlum a sama ári sem fyrr seigir."

Á manntalsþingum í Rangárvallasýslu árið 1829, að undanskildum manntalsþingum á Skarðs- og Þjóðólfshagaþingstöðum,

var með vísan til dóms, sem kveðinn hafði verið upp á Skarði á Landi 25. júní 1476 lesið upp bann hreppstjóra Holtamannahrepps og hreppstjóra Landmannahrepps við því, að óviðkomandi hagnýttu sér með nokkrum hætti afrétt hreppanna Þjórsártungur eða önnur afréttarsvæði.

Í sóknarlýsingu Holtaþings í Rangárvallasýslu, sem rituð er af séra Sigurði Sigurðssyni í Guttormshaga 3. júlí 1840, eru afréttarlönd þau, sem kölluð eru Landmanna- og Holtamannaafréttir, talin tilheyra Holtasveit og Landsveit.

Í sóknarlýsingu Stóruvalla í Landsveit, sem rituð er af Jóni Torfasyni 14. janúar 1841, er sveitin talin eiga Landmannaafrétt í félagsskap við Holtasveit. Þá er sveitin einnig talin eiga annan afrétt, Holtamannaafrétt, út við Þjórsá fyrir innan Túná, sem kallaður er Búðarháls, fyrrum Þjórsártungur, einnig í félagsskap við Holtasveit.

Með lögfestu, dags. 27. desember 1856, lögfestu þrír nafngreindir menn í umboði allra búenda í Holtamannahreppi og Landmannahreppi undir þessar sveitir afrétt þann, „er fyrrum nefndist Þjórsártungur, en nú á dögum er nefndur Holtamannaafréttur og Þóristungur, með þessum takmörkum: frá Túná að sunnan og til Sprengisands að norðan og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð svo langt sem vötn renna til og frá, héraða á millum.“

Í ágústmánuði 1858 kærðu hreppstjórar Landmannahrepps og Holtamannahrepps þrjá utansveitarmenn fyrir heimildarlausa veiði fisks og fugla á Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti. Með dómi, uppkveðnum 21. september 1858, í lögreglurétti Rangárvallasýslu voru hinir kærðu sýknaðir af kærunni, þar sem ekki var talið sannað, að hinir kærðu hefðu veitt í landi Holta- eða Landsveita. Með dómi landsyfirréttarins 5. desember 1859 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu heimvísað, þar sem m. a. áreið hafði ekki farið fram, og ekki lá fyrir uppdráttur, er sýndi afstöðu þeirra vatna, sem hinir kærðu voru taldir hafa veitt í. Ekki kemur fram, hver urðu endalok máls þessa.

Hinn 22. október 1886 samþykktu hreppsnefndir Landmannahrepps, Holtamannahrepps og Rangárvallahrepps landamerkjaskrá fyrir Landmannaafrétt, og var hún þinglesin 17. maí 1890 og rituð í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Á fundi sýslunefndar Rangárvallasýslu 7. og 8. maí 1889 var rætt bréf sýslumannsins í Skaftafellssýslu, dags. 21. nóvember 1888, þar sem óskað var samþykkis sýslunefndarinnar á marka-

lýsingu Vestur-Skaftafellssýlu á afréttarlöndum Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu frá 30. apríl 1888, en þar voru mörkin ákveðin svo: „Úr Fúlalæk á Sólheimasandi yfir Eyjafjallajökul beina stefnu í miðjan Meyjarstrút, þaðan beint í Námarkvíslarminni, þar sem hún fellur í Túngnaá, og þaðan fyrir vestan Túngnárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn.“ Gat sýslunefnd Rangárvallasýslu ekki fallist á þessa markalýsingu með hliðsjón af skýrslum sýslunefndarmannanna úr Rangárvallahreppum, og ekki var heldur hægt að fá sennilega markalínu eftir þeim upplýsingum, og var málinu frestað. Á fundi sýslunefndar Rangárvallasýslu í október 1889 var á ný rætt bréf sýslumannsins í Skaftafellssýslu frá 21. nóvember 1888. Stakk sýslunefndin upp á til samkomulags, að mörkin yrðu ákveðin þannig: „Úr Fúlalæk beina stefnu á Hólmsárbotna, úr Hólmsárbotnum beina stefnu í austurenda á Þórisvatni.“ Kom og fram, að vildi sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu ekki samþykkja þessi mörk, yrði málið lagt í gerð manna, sem kosnir yrðu af báðum sýslunefndum. Ekki er fram komið í gögnum málsins, að ágreiningur þessi hafi verið til lykta leiddur.

Að beiðni hreppsnefndar Holtamannahrepps ákvað landshöfðingi hinn 11. júlí 1892 á grundvelli 23. gr. sveitarstjórnartilskipunar frá 4. maí 1872, að Holtamannahreppi skyldi skipt í tvo hreppa, Holtahrepp og Ásahrepp. Skyldi sýslunefnd Rangárvallasýslu ákveða fjallskil hreppanna og afrétti. Á grundvelli samkomulags hreppsnefnda Ásahrepps og Holtahrepps ákvað sýslunefnd Rangárvallasýslu á fundi sínum 12.—14. apríl 1893, að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á Landmannaafrétt.

Á fundi hreppsnefnda Holtamannahrepps og Ásahrepps 8. maí 1911 kom fram, að hreppsnefnd Holtahrepps gæti ekki unað við samkomulag það, sem gert hafi verið við skiptingu Holtahrepps 1892. Kom fram á fundi þessum, að oddviti Landmannahrepps taldi Landmannaafrétt eign Landmannahrepps, og lagði fram gögn því til stuðnings.

Hinn 4. mars 1914 var í aukarétti Rangárvallasýslu kveðinn upp dómur í máli, sem hreppsnefnd Holtahrepps hafði höfðað gegn hreppsnefnd Ásahrepps, þar sem þess var krafist, að Ásahreppur viðurkenndi Holtahrepp sem meðeiganda eða sameiganda að Holtamannaafrétti. Af hálfu hreppsnefndar Ásahrepps var því hins vegar haldið fram í máli þessu, að hreppurinn væri einn eigandi Holtamannaafréttar. Urðu lok málsins þau, að því var sjálfkrafa vísað frá dómi.

Með afsali, dags. í desember 1916, afsalaði hreppsnefnd Holtahrepps Titan h/f að tilskildu samþykkti Einars Benediktssonar, sem hann veitti 31. október 1917, öllum réttindum Holtahrepps til vatnsafls og vatnsaflsnotkunar á Holta- og Landmannaafrétti. Var skjal þetta skráð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu til þinglestrar á næsta manntalsþingi fyrir Holtahrepp.

Að undangengnum samningi við Einar Benediktsson og að áskildu samþykki hans, sem hann veitti 31. október 1917, lýsti oddviti Ásahrepps því yfir 1. nóvember 1916, að öll þau réttindi til vatnsafls og notkunar þess, sem Ásahreppur ætti eða hefði heimild yfir í Þjórsá eða þeim straumum eða vötnum, sem til Þjórsár liggja, hvort heldur fyrir löndum eða afréttum og hvort heldur til áveitu, fráveitu, vatnsgeymslu eða annarra mannvirkja, fyrirtækja eða stofnana til hagnýtingar vatns eða vatnsafls á afréttarsvæði hreppsins, skyldi færast yfir til Titan h/f gegn því, að fullnægt yrði öllum skilyrðum fyrrnefnds samnings. Var yfirlýsing þessi skráð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu til þinglestrar á næsta manntalsþingi fyrir Ásahrepp.

Með afsali, dags. 1. nóvember 1916, mun eiga að vera 1. desember, afsalaði hreppsnefnd Landmannahrepps Titan h/f að áskildu samþykki Einars Benediktssonar, sem hann veitti 31. október 1917, öllum réttindum til vatnsafls, sem Landmannahreppur átti eða hafði heimild yfir í Þjórsá eða þeim straumum eða vötnum, sem liggja að ánni, hvort heldur fyrir löndum eða afréttum, svo og rétti til notkunar þess vatnsafls og mannvirkjagerðar til nýtingar réttindanna gegn bótum fyrir ágangi og spjöll, sem verða kynnu á löndum eða afréttum. Var skjal þetta innritað í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu 21. september 1917 til þinglestrar á næsta manntalsþingi fyrir Landmannahrepp.

Með yfirlýsingu í desember 1916 afsalaði hreppsnefnd Holtahrepps til Titan h/f að áskildu samþykki Einars Benediktssonar, sem hann veitti 31. október 1917, öllum réttindum til vatnsafls og notkunar þess, sem Holtahreppur átti eða hafði heimild yfir í Þjórsá eða þeim straumum eða vötnum, sem liggja að Þjórsá, hvort heldur fyrir löndum eða afréttum, að áskildum bótum fyrir ágang og spjöll, sem kynnu að verða á löndum eða afréttum við framkvæmdir til nýtingar vatnsaflinu. Var afsal þetta skráð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu til þinglestrar á næsta manntalsþingi fyrir Holtahrepp.

Með vísan til samþykkts tilboðs Einars Benediktssonar og framsals hans til Titan h/f afsalaði hreppsnefnd Landmanna-

hrepps hinn 14. febrúar 1919 Titan h/f vatnsafli í Þjórsá fyrir „Landmannahreppsafréttarlandi" frá Tungnárósi til Merkihvolslands og frá Galtalækjarlandi til Skarfaneslands svo og rétti til notkunar þess. Var afsal þetta skráð í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu til þinglestrar á næsta manntalsþingi fyrir Landmannahrepp.

Með vísan til kaupsamnings við Einar Benediktsson, sem hann hafði framselt Taurus h/f, er hafði framselt hann Titan h/f, afsalaði hreppsnefnd Ásahrepps Titan h/f hinn 26. janúar 1918 réttindum yfir vatnsafli og vatnsnotkun í Tungnaá á Holtamannaafrétti, sem tilheyrði Ásahreppi. Var skjal þetta skráð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu til þinglestrar á næsta manntalsþingi fyrir Ásahrepp.

Með vísan til samþykkts tilboðs afsalaði hreppsnefnd Ásahrepps hinn 13. júní 1921 Titan h/f öllum rétti til vatns og vatnsafls í Köldukvísl, rétti til að stífla Þórisvatn og nota það sem vatnsgeymi og rétti til að leiða Köldukvísl úr farvegi sínum eftir því sem félagið vildi. Var félaginu jafnframt veittur réttur til mannvirkjagerðar við nýtingu vatnsréttindanna. Var skjal þetta skráð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu og þinglesið 23. júní 1923.

Með vísan til samnings við Einar Benediktsson og Titan h/f afsalaði hreppsnefnd Landmannahrepps hinn 14. febrúar 1919 Titan h/f til fullkominnar eignar og umráða rétti til að notfæra sér vatnsafl í Tungnaá og öllum kvíslum og vötnum, sem í hana renna, þar með talin „hin svonefndu veiðivötn (c. Fiskivötn) og partur úr Þórisvatni, allt í þeim hluta afréttarlandsins, sem tilheyrir Landmannahreppi. Samkvæmt þinglesinni landamerkjaskrá." Var skjal þetta skráð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu til þinglestrar ánæsta manntalsþingi fyrir Landmannahrepp.

Á árinu 1935 gerðu hreppsnefndir Landmannahrepps og Rangárvallahrepps með sér samning um helmingaskipti á andvirði því, er fást kynni fyrir hrafntinnu og fleira, er tekið væri í svonefndum Reykjadölum á afréttarmörkum hreppanna. Kemur og fram, að hreppsinefnd Holtahrepps hafi gert kröfu til þess, að hreppurinn yrði talinn meðeigandi Landmanna- og Rangárvallahrepps að hrafntinnu þeirri, sem hafði fundist og fyrirfyndist á afréttum og smalaleiðum þessara þriggja hreppa. Á fundi hreppsnefndar Landmannahrepps 12. september 1935 var þessari kröfu hafnað á þeim grundvelli, að Landmannaafréttur væri

óskert eign Landmannahrepps með þeim verðmætum, er þar kynnu að finnast innan þeirra landamerkja, sem samþykkt hefðu verið af hreppsnefnd Holtamannahrepps og þinglesin voru á Þjóðólfshagaþingi 1890 án nokkurra athugasemda eða mótmæla, og hefði enginn ágreiningur risið fyrr eða síðar um eignarrétt að Landmannaafrétti.

Á fundi sýslunefndar Rangárvallasýslu 1. júní 1945 var samþykkt, að réttast og eðlilegast væri, að nýbýlið Hólar í Næfurholtslandi fylgdi um fjallskil jörð þeirri, sem það er byggt úr, þ. e. Næfurholti, en sú jörð hafi um aldir verið í fjallskilafélagi við Landmannahrepp.

Með afsali, dags. 8. júní 1951, seldi og afsalaði skilanefnd Titan h/f íslenska ríkinu öllum þeim vatnsréttindum, sem félagið átti í Þjórsá, þverám hennar og vötnum ásamt öllum réttindum til virkjana til nýtingar þessara vatnsréttinda, sem félagið hafði öðlast samkvæmt 35 tilgreindum heimildarskjölum. Eru þar m. a. afsöl Landmannahrepps, Holtahrepps og Ásahrepps, sem rakin hafa verið hér að framan.

Auk framangreindra skjala hafa í málinu verið lögð fram skjöl, er einnig komu fram í hinu fyrra máli, svo sem hreppsreikningar Landmannahrepps og ýmis gögn um afréttarmál og fjallskil, en ekki þykir ástæða til að rekja þau sérstaklega.

Verður nú getið skjala, sem orðið hafa til eftir 25. febrúar 1955 eða ekki voru lögð fram í fyrra máli:

Hinn 3. apríl 1918 sendi atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins sýslumönnum landsins svohljóðandi símskeyti:

„Fossnefndin hefur skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmæta, sem hreppsfjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landsjóðs gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárhöfn."

Með samningi, dags. 22. maí 1970, veitti iðnaðarráðuneytið Glit h/f leyfi til leirtöku á Landmannaafrétti sunnan Tungnaár og austan Sigöldu fremri á svæði, sem nánar yrði afmarkað síðar.

Fyrir leirtökuna skyldi fyrirtækið greiða kr. 10.00 af hverri smálest af leir, sem unnin væri á svæðinu.

Í ódagsettri greinargerð Landsvirkjunar um samskipti við oddvita Ásahrepps, oddvita Djúpárhrepps, oddvita Holtahrepps og oddvita Landmannahrepps til undirbúnings framkvæmda við Sigölduvirkjun, Þórisvatnsmiðlun og virkjun Hrauneyjarfoss kemur fram, að oddvitar Ása- og Djúpárhrepps hafi haldið fram þeirri skoðun, að Holtamannaafréttur væri eignarland þessara hreppa, en því hafi verið mótmælt af hálfu Landsvirkjunar. Ekki kemur fram í greinargerð þessari, hvort til umræðu hafi komið, hvernig væri háttað eignarrétti að Landmannaafrétti, sem virkjunarframkvæmdir mundu að nokkru leyti ná til.

Með auglýsingu, dags. 11. desember 1972, sem birtist í Lögbirtingablaðinu 22. desember s. á., kynnti iðnaðarráðuneytið með vísan til c liðs 1. mgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sbr. a lið 1. mgr. 133. gr. sömu laga, umsókn Landsvirkjunar um leyfi til að reisa 150 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu. Af því tilefni ritaði Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður ráðuneytinu bréf fyrir hönd hreppsnefnda Holtamannahrepps og Landmannahrepps í Rangárvallasýslu og hreppsnefnd Skaftártunguhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu og lýsti því yfir, að hann mundi gæta hagsmuna hreppanna í eignardómsmáli því, sem ríkisvaldið hefði höfðað til viðurkenningar á eignarrétti ríkisins að Þórisvatni og Holtamannaafrétti og almenningum þeim, sem að fornu hefðu verið nefndir Þóristungur. Teldu hreppsnefndirnar lönd þau, sem eignardómskrafan beindist að, eign hreppanna, þó að óvissa væri að svo stöddu þeirra í milli um skiptingu landsins milli þeirra. Var hreppunum áskilinn réttur til bóta út af væntanlegum virkjunarframkvæmdum.

Lögð hefur verið fram álitsgerð dómkvaddra matsmanna, dr. Aðalgeirs Kristjánssonar skjalavarðar og Stefáns Karlssonar handritafræðings, um áðurgreint skjal nr. 78 í Íslenzku fornbréfasafni (DI) VI, og er niðurstaða hennar svohljóðandi:

„III.

Niðurstaða okkar af þeirri athugun texta DI VI nr. 78A, sem hér hefur verið lýst, er sú, að vegna náinna formlíkinda við önnur dómsbréf frá síðari hluta 15. aldar, sem varðveitt eru í frumriti, transskriftum eða uppskriftum gerðum fyrir Árna Magnússon eftir frumbréfum, sé óhugsandi, að umrætt bréf hafi verið falsað frá grunni á síðari öldum. (Í þessu efni gegnir allt öðru máli um

DI V nr. 706, sem að er vikið í Hæstaréttardómum 1955, bls. 120, þar sem mýmörg atriði í formi og orðfæri girða fyrir, að um gamlan texta geti verið að ræða).

Að okkar mati hlýtur bréfið því að vera gamalt, a. m. k. að stofni til, og við höfum ekki fundið nein einstök atriði í formi þess eða orðalagi, sem benda til þess, að þau hafi verið fölsuð, en sum minni háttar frávik frá venjulegu formi dóma frá þessum tíma kynnu að stafa af afbökun í uppskriftum ellegar af óvana þeirra, sem að gerð bréfsins stóðu, og í því sambandi má minna á, að það er umboðsmaður sýslumanns, en ekki sýslumaður sjálfur, sem samkvæmt bréfinu nefnir dómsmenn.

Enda þótt bréfstextinn hljóti að vera gamall, a. m. k. að stofni til, þarf að sjálfsögðu ekki að felast í því, að bréfið hafi í öndverðu verið lögmætt skjal, þ. e. a.s. að dómur hafi gengið, eins og hér er lýst, og hafi verið innsiglaður af öllum tilgreindum dómsmönnum. Í því efni á þessi texti sammerkt við fjölmörg bréf önnur frá fyrri öldum, sem samkvæmt eigin orðum hafa verið innsigluð, en eru aðeins varðveitt í uppskriftum — oft í bréfabókum —, sem ekki er staðfest, að gerð séu eftir frumriti eða vottfestri uppskrift (transskrift), en það, að þetta bréf er aðeins varðveitt í óvenjulega ungum uppskriftum og að það hefur verið notað til greinilegrar fölsunar á 19. öld (DI VI nr. 78B og trúlega DI V nr. 706) gerir það þó ekki tortryggilegra en aðrar óstaðfestar bréfauppskriftir almennt, þar sem form bréfsins og orðfæri virðist girða fyrir unga fölsun, eins og áður segir."

Röksemdir fyrir kröfum stefnanda eru þær, að í réttarskipulagi íslenska ríkisins sé greint á milli tveggja tegunda landsvæða, eignarlanda, sem háð eru eignarumráðum, og almenninga, sem megi svo aftur skipta í raunverulega almenninga, svo sem hálendissvæði, auðnir og jöklar, og hins vegar „afnotabundna" almenninga, þ. e. afrétti byggðarlaga. Sumir afréttir séu þó vafalaust eignarlönd, eftir því hvernig til eignarumráðanna hafi verið stofnað í upphafi, þ. e. með kaupum eða löggerningi lögbærra aðilja. Ekki muni vera dæmi til, að eignarhefð hafi unnist að afrétti hér á landi. Upphaflega hafi eignarréttur til lands orðið til fyrir töku, þ. e. landnám. Hafi þá einatt afmarkast svæði, sem ekki hafi verið háð eignarrétti íbúa nærliggjandi byggðarlaga. Hafi ríkisvaldið talið sig eiganda allra þeirra landsvæða, sem ekki hafi verið háð eignarrétti einstaklinga, en íbúar aðliggjandi byggðarlaga hafi haldið afnotarétti sínum, þ. e. afréttarnotum. Landsvæði það, sem fjallað er um í máli þessu, hafi íbúar í vestur-

hreppum Rangárþings tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Eins og notkun afréttarlandsins hafi verið háttað, hafi þeir ekki unnið eignarhefð á því. Komi þetta fram í dómi Hæstaréttar frá árinu 1955. Landið sé því almenningur, en einungis háð afréttarnotum byggðamanna, þ. e. „afnotabundinn" almenningur. Dæmi séu þess í fornöld, að lönd, sem tekin voru af einstaklingum sem sektarfé, hafi síðan verið gerð að almenningum eða allsherjarfé, t. d. Þingvellir, almenningar á Hornströndum o. fl. Þó muni þetta hafa talist til undantekninga. Um „afnotabundna" almenninga hafi það gilt frá fyrstu tíð, svo sem fram komi í Grágás, að afréttarnotin lúti svo til eingöngu að upprekstri, þ. e. sumarbeit búfjár, auk þess sem lax- og silungsveiðilög veiti afréttarhöfum einkarétt til veiði nú á síðari tímum. Réttarreglur um almenninga hér á landi séu fáar og ekki svo ljósar sem skyldi, enda dómsúrlausnir af skornum skammti. Fornlög okkar hafi að geyma nokkur ákvæði um þetta efni. Í Grágás segi: „Það eru almenningar er fjórðungsmenn eiga allir saman", en afréttir hins vegar, sem „tveir menn eða fleiri eiga saman". Ákvæði þessi muni öðrum þræði af norskri rót, enda mikið um almenninga þar í landi. Við athugun á almenningsrétti verði að hafa það í huga, að hann sé tvíþættur. Annars vegar hlutlægur almenningsréttur, sem fjalli um almenningana sjálfa, og hins vegar huglægur almenningsréttur, sem lúti að réttarstöðu hlutaðeigandi rétthafa gagnvart almenningunum. Þá skipti og máli, að ekki megi alltaf skilja sögnina að eiga í fornu og nýju máli svo sem um eignarrétt sé eða þurfi að vera að ræða. Þótt sagt sé, að menn eigi almenning saman eða það það sé afréttur, er tveir menn eigi saman eða fleiri, þá þýði það ekki, að þeir eigi landið sjálft, heldur að þeir eigi óbeinan eignarrétt, þ. e. afnotaréttinn, afréttarnotin. Orðið eign sé hér, svo sem tíðkast hefur, notað bæði um beinan og óbeinan eignarrétt, þar á meðal afnotaréttindi. Hér á landi vanti að mestu löggjöf um almenninga, en hins vegar hafi ekki fyrir löngu verið sett lög um afréttarmál nr. 42/1969, II. kafli. Þau lög nái þó ekki til annarra afréttarnota en upprekstrar búfjár. Í almenningsréttinum megi gera greinarmun á landsalmenningum, sem landsmenn eigi allir aðgang að, og byggðaalmenningum, þar sem tiltekin byggðarlög eigi afnotaréttinn, þ. e. afréttir. Í þriðja laga sé talað um einkaalmenninga, þar sem einstaklingar eigi sjálft landið, en tilteknir hópar manna eða sveitir hafi afnotarétt af. Undir þennan flokk mundi falla jarðir eða lönd, sem hreppar hafa keypt til þess að nota sem upp-

rekstrarsvæði fyrir sveitarbúa. Enn fremur jarðir í einkaeign, þar sem fleiri eða færri hafa upprekstrarrétt með eða án greiðslu afréttartolla. Enginn vafi geti leikið á því, að landsvæði það, sem fjallað er um í máli þessu, sé almenningur, nánar tiltekið byggðaalmenningur, afréttur, svokallaður Landmannaafréttur. Samkvæmt héraðslýsingu Magnúsar sýslumanns Stephensen í Vatnsdal (Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar, Rvk. 1968) hafi Holtamannaafréttur verið talinn ná inn að Þórisvatni og Eyvindarhreysi og séu þá frjálsir almenningar þar fyrir ofan. Sama gildi um Landmannaafrétt og síðan hálendissvæðin fyrir ofan markalínu afréttarins. Þetta skipti þó hins vegar ekki máli, því að ríkisheildin sé jafnt „grunneigandi" að landinu, hvort heldur það teljist almenningur eða afréttur. Ekki skipti heldur máli í þessu sambandi, hvaða hreppar kynnu að eiga aðild að afréttinum eða eftir hvaða hlutföllum. Komi óvissa um þetta fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, I. bindi, bls. 281. Spurningin sé aðeins sú, hver sé réttur og löglegur eigandi, grunneigandi, að landsvæðunum sjálfum. Um eignarrétt að almenningum segi hvergi berum orðum í lögum. Lagaákvæði um almenninga hér á landi séu fá og mjög slitrótt og óljós. Segja megi, að í rauninni sé það nafnið sjálft, sem helst gefi hugmynd um það, um hvers konar rétt eða réttarhugtak sé að ræða. Almenningur sé það, sem enginn eigi sérstaklega, en allir megi nota eða nýta sér, þó með ýmsum takmörkunum eða innan tiltekinna marka eftir því sem á stendur og til hagar. Það þýði þó ekki, að almenningur sé eigendalaus í lagalegum skilningi, því að í svokölluðu réttarþjóðfélagi þekkist slíkt ekki. Er því haldið fram, að réttarsöguleg og réttarheimspekileg viðhorf og samfelld réttarþróun byggi á því, að ríkisheildin hafi við stofnun ríkis hér á landi eignast allan rétt yfir landi, þar til einstaklingar hafi getað sannað rétt sinn til ákveðinna eigna. Sú réttarregla, að ríkið eigi almenninga, eigi rót sína að rekja allt aftur í Rómarrétt. Í Noregi og á Norðurlöndum muni áþekkar reglur hafa gilt. Í Jósku lögum frá 1247 komi sama regla fram. Þessi regla hafi svo flust hingað til lands eftir sameiningu landsins við Danmörku. Annars hafi norsk fornlög engin ákvæði um grunneignarrétt til almenninga. Gulaþingslög segi einungis „Sinn almenning skal hver hafa sem að fyrnsku hefur haft" og sé það greinilega átt eingöngu við afnotaréttinn. Þegar samning laga þjóðveldisaldar hafi byrjað hér á landi, hafi svo verið byggt á sama grundvelli að því er þetta varðar, enda almenningsréttur beggja landanna af sama stofni og aðstaða svip-

uð. Hafi sumir viljað skilja þetta svo, að almenningar hér á landi hafi að fornu verið háðir eignarrétti fjórðungsmanna og því aldrei alþjóðareign. Um þetta sé það að segja, að varasamt sé að byggja á ákvæðum Grágásar, svo sem þau hafi verið lög í eiginlegum skilningi. Í rauninni hafi aðeins verið um að ræða minnisgreinar lagamanna þeirra tíma og sé reyndar engin trygging fyrir því, að rétt sé skráð í smærri atriðum. Um almenninga segi aðeins: „Þat es mælt". Því verði af því ráðið, að hér sé aðeins um að ræða munnmæli og annað ekki. Þá sé ekki loku fyrir það skotið, að sitthvað hafi skolast til, hvað einstök ákvæði varðar, sérstaklega ef þau njóta ekki stuðnings frá öðrum ákveðnum heimildum eða hafa ekki verið tekin upp í lögbækurnar, Járnsíðu og Jónsbók. Megi ætla, að Jónsbók hefði tekið einhverja afstöðu gagnvart eignarrétti til almenninga, ef aðrir en ríkisheildin, þ. e. allsherjarríkið, teldist hafa komið þar til greina. Þá verði og að varast að leggja of mikið upp úr orðalagi gamalla réttarheimilda einum saman, jafnvel þótt skrásetning teldist óbrengluð, verði því að skýra umrætt ákvæði Grágásar með þeim fyrirvara. Í annan stað þýði orðið „að eiga" („eiga saman") í umræddum ákvæðum Grágásar alls ekki eignarrétt í eiginlegum eða venjulegum skilningi. Í orðabókum hafi sögnin að eiga margar merkingar og komi þar fram, að sjálf eignarmerkingin eigi við einungis í fáum tilvikum. Annars skeri eftirfarandi ummæli í Íslendingabók úr um þýðingu orðanna í þessu sambandi, en þar segi: „Þá var landinu skipt í fjórðunga svo að 3 urðu þing í hverjum fjórðungi og skyldu þingnautar eiga hvar saksóknir saman."

Hér sé lýst eðli og hlutverki fjórðunganna sem einvörðungu dómsskapareðlis, en að engu leyti á sviði almennrar stjórnsýslu. Fjórðungarnir hafi ekki heldur getað verið eigendur að almenningum eða öðru, hvorki beint né í fyrirsvari fyrir fjórðungsmenn. Fjórðungarnir hafi aldrei, að minnsta kosti ekki í reynd, verið stjórnskipunar- eða stjórnarfarseiningar í landinu. Þeir hafi hvorki haft stjórn né framkvæmdarvald og enga eignaumsýslu, hvorki um almenninga né annað. Því hafi verið hreyft, að almenningar hafi verið sameign fjórðungsmanna, en það fái ekki staðist samkvæmt reglum almenningsréttarins. Almenningar hafi aldrei verið sameign í lagalegum skilningi, jarðeigandi hafi t. d. aldrei getað heimtað úrskiptingu eða slit á almenningsrétti. Virðist mega fullyrða, að almenningar hafi að fornu aldrei verið háðir eignarrétti einstaklinga eða byggðamanna. En jafnvel þótt fallist væri á þá skoðun, að fjórðungarnir hafi átt almenninga landsins

eftir orðalagi Grágásar, þá mundi það engu breyta nú, þar sem fjórðungarnir séu fyrir löngu úr sögunni og þess vegna engum til að dreifa nema ríkisheildinni til að taka við lögaðildum þeirra. Það, sem gerst hafi 1281, þegar fjórðungar voru lagðir niður, hafi verið það, að aðildir þeirra og eignir, ef einhverjar hafi verið, hafi flust yfir á hina nýju lögmenn sem umboðsmenn ríkisvaldsins ásamt Alþingi, eins og áður hafði verið. Síðar hafi þetta svo flust á sama hátt undir einn embættismann, hirðstjóra, höfuðsmann, undir forræði lögréttunnar. Séu engar heimildir fyrir því, að aðildir þessar hafi flust yfir á héruðin, hreppana. Sama sé að segja um ömtin, sem sumir hafi viljað telja arftaka hinna fornu fjórðunga. Þar hafi ríkið einnig tekið við hlutverkum þeirra í þjóðfélagsskipuninni. Fái það ekki staðist, að þessar aðildir hafi færst yfir á hreppana. Þegar svo skipt hafi verið upp störfum amtmanna samkvæmt tilskipun frá 23. ágúst 1904, hafi hreppunum ekki verið úthlutað neinum af þeim verkefnum. Frá tímum Grágásar og lögbókanna hafi ekki orðið nein breyting á réttarstöðu almenninga og afrétta fram á vora daga, a. m. k. síst til takmörkunar á rétti hin opinbera. Með rentukammerskrivelse 20. mars 1736 hafi verið ítrekaðar þágildandi reglur um, að það, sem enginn eigi, „res nullius", sé konungseign, þ. e. ríkiseign, og hafi þar með verið taldir afréttir. Um þetta leyti hafi svo ríkisvaldið farið að beita sér fyrir byggingu nýbýla á landinu samkvæmt tilskipun frá 15. apríl 1776, nýbýlatilskipuninni. Samkvæmt henni hafi ríkisvaldið talið sér hemilt að ráðstafa almenningum og afréttum til stofnunar nýbýla algerlega á eigin spýtur og án þess að leita samþykkis aðliggjandi byggðarlaga eða hreppa. Hafi nýbýlatilskipunin verið undirbúin af Jóni Eiríkssyni konferensráði, sem hafi verið mjög fróður í réttarsögu landsins. Hafi tilskipunin byggst á fornum íslenskum réttarreglum og samfelldri réttarhefð, en marki að því leyti áfanga í réttarsögunni, að hér hafi verið kveðið skýrt og tvímælalaust á um þessi efni. Lagagrndvöllur nýbýlatilskipunarinnar hafi síðan verið endurnýjaður með nýbýlalögunum 1897.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að eignarréttur ríkisheildarinnar, ríkissjóðs, yfir öllum almenningum hér á landi, þar á meðal afréttum og afréttarsvæðum, sem ekki séu háð ótvíræðum eignarrétti einstaklinga, sé fortakslaus og beinn eignarréttur, dominium directum. Sé þetta í samræmi við þær reglur, sem gildi annars staðar á Norðurlöndum, t. d. í Noregi. Komi þetta heim við það, sem margir íslenskir fræðimenn hafi haldið fram, enda

vafalaust, að almenningsréttur beggja landanna sé af sama stofni. Lagaákvæði og landshefðir hafi upphaflega verið hin sömu og síðari réttarþróun hér í beinu framhaldi af þeim reglum.

Við athugun á réttarstöðu þess hluta almenninga, sem almennt eru kallaðir afréttir, sé á það að líta, að eignartaka slíkra landa muni varla nokkurs staðar hafa átt sér stað. Landnámabók, sem greini frá yfir 400 landnámum, geti hvergi um slíkt nema í sambandi við eignarlönd, þar sem byggð var reist. Afréttarlönd hafi þó vafalaust fljótt verið tekin í notkun, eftir að land byggðist. Nám afréttanna hafi verið nám til afnota, en ekki nám til eignar. Hafi afréttareiganda ekki verið játaður annar réttur til afréttar en beitarréttur nema samkvæmt sérstakri heimild í hverju tilviki. Ákvæði Grágásar um afrétti lúti einungis að beitarréttindum og núgildandi lög um afréttarmélefni nr. 42/1969 geti ekki um önnur afnot afrétta en upprekstur búfjár. Orðið eign eigi jafnt við um beinan og óbeinan eignarrétt, þ. á m. afnotaréttindi. Ekki megi skilja orðið að „eiga" í Grágás sem um sé að ræða eignarrétt. Afréttarhafar eigi því einungis afnotarétt, en ekki eignarrétt að afréttum. Nám á landsvæðum utan heimalanda hafi ekki náð lengra en sjálf afnotin segi til um. Ef aðili hafi eignast afrétt fyrir löggerning, séu það einungis afréttarnotin, sem seld hafi verið. Að sjálfsögðu sé réttur afnotahafa lögverndaður. Ef ríkisvaldið eða aðrir með samþykki þess stofni til aðgerða á afréttarlandi, sem skerði eða valdi spjöllum á rétti afréttareiganda, beri að greiða bætur. Eigi þetta t. d. við um beitilönd þau á Landmannaafrétti, sem fari í kaf undir Nýja-Króksvatn vegna stíflugerðar við Sigöldu. En bætur fyrir þetta muni þegar hafa verið greiddar að fullu. Að því er varðar veiðirétt á afréttum gæti verið vafi um gildi 8. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 38/1970, en samkvæmt skoðunum fræðimanna teljist afréttarhafar einnig hafa rétt til veiði í almenningum vatna á afréttarsvæðum. Um það megi hins vegar deila, hvort þeir eigi einkarétt til slíkrar veiði. Þá sé vafalaust, að ríkið eitt hafi rétt til náma- og jarðefnavinnslu á afréttum, enda megi telja, að Landmannahreppur hafi viðurkennt það, hvað þennan afrétt varðar. Á árinu 1970 hafi hlutafélag eitt í Reykjavík tekið á leigu hjá ríkinu rétt til leir- og jarðefnatöku á Landmannaafrétti. Hafi nærliggjandi hreppum að sjálfsögðu vel verið kunnugt um þetta og jarðefnatöku þá, sem heimiluð var með samningnum. Hafi þeir engum mótmælum hreyft af því tilefni fyrr en síðar. Með því sé óbeint viðurkenndur beinn eignarréttur ríkisins að þeim afréttarsvæðum. Með leigu-

samningi þessum komi fram skýr afstaða og yfirlýsing ríkisvaldsins um frumeignarrétt að slíkum landsvæðum. Sama sé að segja um námaréttindi, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1909 og 9. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er því haldið fram, að almenn rök og samfelld réttarþróun hér á landi leiði í ljós, að ríkisheildin sé eigandi að hinu umstefnda afréttarsvæði með óskertum rétti til hvers konar jarðefna- og námavinnslu, jarðhita, vatnsafls og rétti til hagnýtingar þess, umferðar, dvalar og náttúruskoðunar fyrir landsmenn o. fl. Óhrakið sé, að réttarþróunin hafi byggst á eignar- og umráðarétti ríkisheildarinnar, að minnst kosti alla þá tíð, sem íslenskt þjóðfélag hefur verið að þróast í nútíma réttarríki, og megi þar nefna nýbýlatilskipunina frá 1776, álit landbúnaðarnefndar 1877, nýbýlalög 1897, vatnalög 1923, 4. gr. námalaga og álit beggja hluta Fossanefndar 1917, sem hafi verið sammála um þessa grundvallarreglu. Sama sé að segja um helstu lögfræðinga landsins, sem ritað hafi um þessi mál. Athyglisvert sé, að þeir tveir lögfræðingar, sem mest hafi um þetta ritað nú á síðari árum, reisi þó ekki skoðun sína um grunneignarrétt ríkisheildarinnar fyrst og fremst á hinum fornu reglum eða hinni samfelldu réttarhefð frá öndverðu til vorra daga, heldur aðallega á nútímaskilningi á eðli og stöðu réttarríkis ásamt undanfarandi réttarþróun síðustu eitt til tvö hundruð ár bæði hér á landi og í nágrannalöndum. Virðist fræðimenn þessir gera ráð fyrir, að engin forn lagaákvæði eða réttarhefð sé því til fyrirstöðu, að Alþingi skipi þessum málum að vild sinni, svo sem gert var, þegar lögfestir voru almenningar í stöðuvötnum, sbr. 4. gr. vatnalaga frá 1923. Við undirbúning á eignarréttarstöðunni í fornöld og fram á okkar daga sé við þau vandkvæði að etja, að ríkishugtak þeirra tíma hafi verið ómótað og einnig hafi eignarréttarhugtakið verið mjög óljóst miðað við skilgreiningu þess nú á dögum. Því komi til álita að leggja þennan ágreining til hliðar við úrlausn máls þessa, en byggja sem næst eingöngu á nútímaviðhorfum réttarþjóðfélags. Komi þá fyrst til það grundvallaratriði, að ríkið sé óhugsandi, nema það eigi landið undir sér og að frumeignarréttur að landi sé ávallt í höndum ríkisheildarinnar, en einkaeignarréttur aðeins innan þeirra marka, sem beinar sannanlegar heimildir verði leiddar að. En hvort sem ágreiningsefnið verði leyst út frá réttarsögulegum eða réttarheimspekilegum rökum, verði niðurstaðan sú sama. Ríkisheildin sé frumeigandinn. Hafi þetta sjónarmið orðið ríkjandi m. a. í Svíþjóð og Noregi við úrlausn álíka mála og hér er fjallað um.

Er byggt á því sem málsástæðu til vara af hálfu stefnanda, ef svo verður talið, að réttarstaðan að fornu hafi ekki þótt upplýst til hlítar, að þá sé allt að einu nægilegur grundvöllur til sömu niðurstöðu með því að byggja eingöngu eða fyrst og fremst á því, sem ebst samrýmst hugsunarhætti, stöðu og þörfum nútímaþjóðfélags.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að dómur sá frá 1476, sem byggt er á af hálfu varnaraðilja, hafi með dómi Hæstaréttar frá 1955 verið talinn að engu hafandi og sé það atriði bindandi fyrir úrlausn í máli þessu. Hafi álitsgerð sú, sem aflað hefur verið um dóminn frá 1476, engu breytt um þessa niðurstöðu. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að með dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955, þar sem deilt var um rétt til veiði á Landmannaafrétti, hafi endanlega verið kveðið á um réttarstöðu afréttarins. Samkvæmt honum eigi hvorki hrepparnir né íbúar aðliggjandi byggðarlaga beinan eignarrétt yfir afréttinum, heldur einungis þau takmörkuðu eignarréttindi, sem felist í upprekstrarrétti, og ef til vill einhver önnur takmörkuð notkunarréttindi. Leiði af þessu, að ekki geti verið öðrum eignaraðilja að afréttinum til að dreifa en íslenska ríkinu. Þá byggist dómur Hæstaréttar frá 29. apríl 1969 um Nýjabæjarafrétt á sömu niðurstöðu og styrki niðurstöðu hæstaréttardómsins frá 25. febrúar 1955 á ótvíræðan hátt. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að afréttarnot geti skapað grundvöll fyrir eignarhefð að landinu fyrir þá, sem haft hafa uppi andmæli gegn kröfum stefnanda í máli því, sem hér er til úrlausnar. Þá er því mótmælt af hálfu stefnanda, að sölur bænda og hreppa í vesturhreppum Rangárvallasýslu á vatnsorku í Tungnaá og Tungnaáröræfum ásamt virkjunaraðstöðu til Titan h/f sé staðfesting á eignarrétti þessara aðilja yfir afréttarlandinu. Sölur þessar hafi aldrei verið löglegar, en hafi verið látnar afskiptalausar af opinberri hálfu, án þess að í því fælist nein viðurkenning á raunverulegum eignarrétti þessara aðilja. Kaup ríkisins á þessum réttindum úr hendi Titan h/f á árinu 1952 hafi ekki heldur falið í sér neina viðurkenningu á eignarrétti þessara aðilja yfir afréttinum eða lögmæti hinna fyrri viðskipta um þessi réttindi. Ríkið hafi ekki keypt þessi réttindi af bændunum, heldur af útlendum aðiljum, sem ætla mætti, að hefðu verið í góðri trú, þegar þeir keyptu þau á sínum tíma.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að eftir að íslenska ríkið hafði keypt þessi réttindi, hafi verið hafnar rannsóknir á afréttarsvæðinu til undirbúnings virkjana á þessu svæði og síðan

hafi þær virkjanir hafist og staðið með litlum hléum undanfarin ár. Hafi nú Landsvirkjun á vegum ríkisvaldsins tekið sér varanlega bólfestu á afréttarlandinu til mannvista og mikilla mannvirkjagerða og geti engum blandast hugur um, að íslenska ríkið hafi þegar tekið umrætt afréttarsvæði til vörslu og eignarhalds. Ríkið hafi þegar þinglesnar eignarheimildir fyrir öllum vatnsréttindum, vatnsbotnum og árfarvegum og allri nauðsynlegri aðstöðu til virkjunarframkvæmda, hvar á afréttarsvæðinu sem er, og það eigi rétt til alls vatns, sem um afréttinn og frá honum fellur. Enda þótt ríkið hafi allar heimildir, skorti það skilríki fyrir hinum beina eignarrétti til landsins, sem verið hafi við líði frá því allsherjarríki og réttarskipulag var tekið upp hér á landi. Sé með málssókn þessari verið að bæta úr þessu með því að fá formlegan eignardóm fyrir þessum rétti ríkisvaldsins.

Af hálfu stefnda Landmannahrepps er því haldið fram, að afréttir á Íslandi geti ekki verið eign íslenska ríkisins, enda hafi íslenska ríkið aldrei haft tilburði í frammi til þess að veita afréttunum umhirðu sem eign sinni né í einu eða neinu talið sig eiganda þeirra fyrr en nú. Íslenska ríkið hafi heldur aldrei skipt sér af því, hvort afréttir gengju kaupum og sölum. Sveitarfélag þurfi ekki að hafa í höndum afsalsbréf til að sanna eignarrétt sinn til afréttarlanda. Þau hafi eignast afréttinn fyrir aldalanga notkun og hefð. Ríkið hafi heldur ekki sýnt í verki, að það hafi vilja eða áhuga á eignarráðum yfir landsvæði því, sem það gerir nú kröfu til í máli þessu, en landsvæði þetta sé ekki almenningur, heldur afréttur, Landmannaafréttur. Dómur frá 1476 um Þjórsártungur sýni, að landið norðan Tungnaár hafi verið háð einkaeignarrétti sveitar og sveitarmanna og þá að sjálfsögðu land það, sem er sunnan Tungnaár og nefndist Landmannaafréttur. Álitsgerð sérfróðra manna um dóm þennan sé óhrekjanleg heimild um gildi þessa dóms. Þá telji sóknarlýsing Sigurðar Sigurðssonar prests frá 3. júlí 1840 Holtamanna- og Landmannaafrétti tilheyra sveitum þessum. Í sóknarlýsingu Stóru-Valla, sem rituð sé af séra Jóni Torfasyni 14. janúar 1841, sé Landssveit talin eiga Landmannaafrétt og Holtamannaafrétt í félagsskap við Holtasveit. Hinn 27. des. 1856 hafi þrír menn lögfest Holtamannaafrétt og Þjórsártungur í umboði allra búenda Holtamanna og Landmannahrepps undir sveitir þessar og vitni í dóminn frá 1476. Á árinu 1856 hafi hreppstjórar Landmannahrepps og Holtahrepps kært utansveitarmenn fyrir heimildarlausa veiði fisks og fugla í afréttum Holta-

og Landssveita og hafi þeir talið sveitirnar eiga afréttina. Þótt máli þessu hafi lokið með því, að því var vísað frá landsyfirréttinum, þá sé ljóst af því, sem fram kom við meðferð málsins, að skoðun oddvitanna um afstöðu hreppanna gagnvart afréttunum hafi verið rétt og hafi réttmæti hennar ekki verið hnekkt. Þá hafi landamerki fyrir Landmannaafrétt verið samþykkt af hreppsnefnd Holtamannahrepps og Rangárvallahrepps og þinglýst athugasemdalaust 1886. Þá komi fram í forsendum fyrir dómi í aukarétti Rangárvallasýslu 4. mars 1914, að Holtamannahreppur og Landmannahreppur hafi fyrir skiptingu Holtamannahrepps átt í félagi afrétti þá, sem við sveitirnar eru kenndir. Er því haldið fram, að ríkisvaldið hafi í orði og í verki viðurkennt allt frá árinu 1914, að Landmannahreppur sé réttur eigandi að Landmannaafrétti með öllum gögnum og gæðum. Landmannahreppur hafi á grundvell eignarréttarins selt Einari Benediktssyni 30. apríl 1916 réttindi hreppsins yfir vatnsafli og vatnsnotkun í Tungnaá í Landmannaafrétti, en síðar hafi réttindum þessum verið afsalað til Titan h/. Íslenska ríkið hafi svo keypt þessi réttindi 16. janúar 1952. Hafi íslenska ríkið þannig þegar fyrir 26 árum keypt sér til handa athugasemdalaust hluta áðurtalinna réttinda. Þá er bent á, að á árinu 1935 hafi hreppsnefndir Landmannahrepps og Rangárvallahrepps gert með sér samning um skiptingu arðs af hrafntinnutöku á mörkum Landmanna- og Rangárvallaafrétta. Hafi engin hreyft mótmælum gegn þessu af hálfu ríkisins. Í sýslufundargerð Rangárvallasýslu frá árinu 1970 segi og berum orðum, að allir afréttir Rangárvallasýslu séu eign sveita í sýslufélaginu. Er því haldið fram, að ríkisvaldið hafi hvorki gert sennilegt né sannað, að það sé eigandi að Landmannaafrétti. Miklu fremur liggi fyrir í skjölum, sem lögð hafa verið fram af hálfu stefnanda, að ríkið hafi á liðnum tímum talið Landmannaafrétt eign Landmannahrepps. Megi segja, að allt frá þeim tíma, er fyrstu afsölum Landmannahrepps að landsréttindum á Landmannaafrétti var þinglýst mótmælalaust, hafi Landmannahreppur verið þinglýstur eigandi Landmannaafréttar. Viðurkenning ríkisvaldsins á liðnum tímum fyrir algerum eignarrétti afréttareigenda almennt að afréttum komi fram í afsali frá 18. október 1934, þar sem ríkisvaldið hafi selt Femri- og Ytri-Torfustaðahreppi í Húnavatnssýslu Húksheiði með öllum gögnum og gæðum að undanskildum námum, sem í jörðu kynnu að finnast, svo og vatnsafli öllu og notkunaraðstöðu þess í hinu selda landi. Sé af þessu ljóst, að ríkisvaldið hafi á þessum tíma talið öll þessi eignarréttindi fylgja afréttum, ef þau

voru eigi undanskilin. Er því haldið fram, að hvað sem öllum dómum og lögfestum líði, hafi Landmannahreppur öðlast óskoraða eignarhefð að landsvæðinu með hliðsjón af því, hversu langt sé síðan hreppurinn þinglýsti fyrsta eignarafsali þar. Er bent á, að íslenskir dómstólar hafi viðurkennt eignarrétt að afréttum samkvæmt áunninni hefð, svo sem fram komi í landsyfirréttardómi frá 1896, þar sem eignarréttur að Hellistungum hafi verið dæmdur upprekstrarfélaginu, en ekki eiganda aðliggjandi jarðar.

Við athugun á því, hvað felist í hugtökunum almenningur og afréttur, séum við Íslendingar í þeirri aðstöðu að hafa skjallegar frásagnir um það, er Ísland var numið, sem taldar séu áreiðanlegar af sagnfræðingum. Einnig sé talið áreiðanlegt, að Jónsbók í núverandi afritum sýni, hver lög voru látin gilda hér á landi árið 1281. Þá þyki og sannað, að við gildistöku Jónsbókar hafi verið tekin upp eldri ákvæði að miklu leyti óbreytt um það, er varðar landbúskap, svo sem sjá megi í eldri samtíningi lagaákvæða, sem nefnd hafa verið Grágás, og í skyldum ákvæðum í hinum norsku Gulaþingslögum, sem sagt sé, að fyrstu íslensku lögin hafi verið mótuð eftir.

Er því haldið fram, að sá, sem hafi átt afrétt samkvæmt orðalagi Jónsbókar og Grágásar, hafi átt afréttinn með öllum gögnum og gæðum. Er bent á, að fljótlega hafi bilið milli íslenskrar og norskrar löggjafar breikkað, enda hafi þarfirnar fyrir slík ákvæði verið ólíkar sökum mismunandi aðstæðna í löndunum. Hér á landi hafi landnám verið geysilega stór í upphafi, því að af miklu landsvæði hafi verið að taka. Þó að einstakir jarðeigendur og síðar hreppsfélög héldu landnáminu áfram allt til jökla, þá hafi ríkisvaldið engu getað um þokað, því landsmenn hafi staðið sem einn maður gegn því, að nokkur blettur á landinu yrði talin eign hins konunglega ríkis. Ríkisalmenningar í þeim skilningi, sem stefnandi leggi í það orð, hafi ekki fundist hér á landi, sönnunarbyrði fyrir því, að land sé ríkisalmenningur eða ríkiseign hér á landi, hvíli því á ríkisvaldinu. Því megi telja, að ef landsvæði hafi að einhverju leyti verið í umhirðu og notkun einstaklinga, sveitar- eða sýslufélaga um ómuna tíð, en að engu leyti í eignarhaldi ríkisins á fyrri tímum, þá verði slíkt land ekki með réttu dæmt ríkiseign. Í þessu ljósi verði að skoðast ákvæði í landsleigubálki Grágásar um almenninga. Þetta almenningsákvæði muni hafa átt við sjávarstrendur fyrst og fremst. Ef slíkir almenningar séu til í dag, sé ekki réttlætanlegt að telja þá ríkiseign, heldur eign næsta sýslu- og hreppsfélags, en samkvæmt hinu forna lagaákvæði hafi

þeir verið til nytja fyrir þá, er næstir bjuggu almenningnum 5/12 hluta hvers árs. Almenningsákvæðið hafi verið neyðarregla til sultarbjargar fyrir þá, er fjarri gæðunum bjuggu, en smátt og smátt hafi þessir almenningar horfið og þessi landsvæði sem önnur hafi fallið til einstakra jarða við sjó fram. Þá sé á það að líta. að sum ákvæði hinna fornu lögbóka hafi aldrei átt við hér á landi, svo sem það, sem í Jónsbók segi: „Fiskivötn öll í almenningi eru öllum jafnheimil", því að ekki hafi verið um slíka almenninga að ræða og sé ekki í dag. Aðeins sé vitað um eitt dæmi, sem bendi til þess, að landið hafi átt fasteign, en þar sé um að ræða landsvæði það, sem landsmenn lögðu til alþingisneyslu, sem þó hafi verið takmörkuð, svo sem fram komi í Íslendingabók. Að vísu séu til ýmis landsvæði hér á landi, sem beri nafnið almenningur, en það þýði, að þessi landsvæði séu í óskiptri sameign aðliggjandi jarða á sama hátt og orðið almenningur sé notað yfir miðhluta fjárréttar. Heiti þetta sé mjög algengt um sameignarlandsvæði. Til skýringar á því, að almenningar hafi verið í eign einstakra aðilja, hvað sem afnotarítökum líði, megi líta til ákvæða 14. kafla Jónsbókar, þar sem svo segi:

„Nú finnur maðr fé í almenningi í jörðu, hafi sá þriðjung, er finnur, en þeir tvo hluti, er þann almenning eiga". Það séu því ekki þeir, sem nota almenning, heldur þeir, sem eiga hann, sem eiga hlut í því, er í jörðinni finnst. Þá sé og til þess að líta, að ritaðar heimildir, svo sem Sturlunga, Biskupasögur, Alþingisbækur og hin svonefndu fornbréf, gefi nokkrar hugmyndir um viðskiptalífið á hverjum tíma og þá ekki síst um búskap og jarðeignir. Lítt fari þar fyrir frásögnum um almenninga, er fjórðungsmenn eigi saman. Getgátur einar ráði því nú, hvað um þessa almenninga varð og hve fljótt þeir lögðust niður, nema hvað öruggt sé, að þeir hafi aldrei orðið ríkiseign. Til þess skorti allar heimildir. Skipan Sæmundar Oddssonar frá 1245 um almenning í Hornafirði sé augsýnilega gerð sem neyðarráðstöfun þurfandi lýð. Þetta almenningsákvæði hafi ekki haggað einkaeignarrétti jarðeigenda að hlutaðeigandi landsvæðum og það hafi síðan horfið, þegar neyðinni létti af. Í Landnámabók sé talað um almenninga á Ströndum og sagt sé, að almenningar hafi sprottið af sektarfé eftir Geirmund heljarskinn sem almenningar hinir vestri. Auk þess sé almenninga getið í Fóstbræðrasögu í viðskiptum þeirra Þorgils Mássonar og Þorgeirs Hávarssonar. Allir þessir almenningar séu nú horfnir í raun og veru fyrir utan athugunarsvið þessa máls, nema af þeirri ástæðu, að mál þetta sé af hálfu

ríkisvaldsins að miklu leyti á því byggt, að ríkisvaldið eigi lagalegan rétt til hinna umdeildu landsvæða sem almenninga. Þau séu ýmist látin heita almenningur eða afréttir. Af hálfu stefnanda hafi ekki hin minnstu rök verið leidd að því, að Landmannaafréttur sé eða hafi verið almenningur. Komi þá til álita, hvað felist í orðinu afréttur, og þá haft í huga, að landsvæði það, sem málið snýst um, hafi að fornu og nýju verið nefnt Landmannaafréttur. Í riti Þorvalds Thoroddsen, Lýsing Íslands, komi fram sú skoðun, að landnámsmenn hafi eigi aðeins numið land á láglendi og í dölum, heldur hafi þeir einnig slegið eign sinni á stór svæði á hálendinu. Ekki sé sjáanlegt, að þeir hafi í fyrstu skilið neitt eftir til almenningsafnota, til afrétta eða annars. Sami höfundur láti einnig í ljós þá skoðun, að afréttir hafi áður fyrr verið taldir eign einstakra manna. Óljóst sé, hvernig afréttir hafi fyrst skipst milli sýslna og sveitarfélaga, en það hafi verið mjög snemma. Snemma hafi komist á samningur á milli þeirra, sem áttu stór svæði á heiðum, og annarra bænda um, að hinir síðarnefndu skyldu reka fé sitt í afrétt gegn greiðslu afréttartolla. Við lýsingu aðstæðna snemma á 20. öld skýri sami höfundur frá því, að einstök héruð eigi stór afréttarsvæði og reki þangað allt geldfé sitt og bændur í héraði borgi enga tolla. Hvernig héruðin hafi fengið þessi réttindi eða eignast afréttina, sjáist ekki eða hvort þau hafi haft nokkurn annan eignarrétt á þeim en þann, sem skapist við hefð. Verið geti, að sumar sveitir hafi keypt sér afrétti og sumir eigendur afrétta hafi látið réttinn ganga undan sér af meinleysi. Enginn efi sé á því, að stórir hlutar hálendisins og það flestir þeir, sem grösugastir voru, hafi heyrt undir ýmsar landnámsjarðir. Mörg afréttarlöndin hafi snemma komist undir kirkjur. Ýmsir máldagar sýni enn takmörk á greiningu afrétta, sem hafi heyrt undir sumar landnámsjarðir frá öndverðu. Í þessu sambandi sé rétt að benda á, að 1898 hafi Núpsheiði verið afsalað með öllum réttindum og skyldum, eins og seljandi eignaðist hana. Í landamerkjaskrá Efri-Núpsheiðar, eins og hún hafi jafnan verið nefnd, undirritaðri af eiganda Efra-Núps hinn 16. febrúar 1891, falli landamerkin að sunnan að löndum Borgfirðinga og hafi landamerkjaskráin verið staðfest af Magnúsi Andréssyni af hálfu prestsetursins Gilsbakka og enn fremur af hreppsnefndum Hvítársíðuhrepps, Stafholtstunguhrepps, Þverárhlíðarhrepps og Norðurárdalshrepps sem eigenda aðliggjandi landsvæða. Hið sama gildi einnig á Kili sunnan Arnarvatns og víðar. Einnig megi geta Aðalbólsheiðar, sem liggi að Núpsheiði að austan, en Núpsheiði

hafi Torfustaðahreppar í Húnavatnssýslu keypt snemma á þessari öld af eiganda Aðalbóls. Sé fráleitt að halda því fram, að kaupendur heiðalanda þessara séu ekki eigendur þeirra, heldur ríkisvaldið, svo sem felist í málflutningi stefnanda. Þá geri stefnandi engan greinarmun á því, hvort afréttir eru þingýstar eignir tiltekinna sveitarfélaga eða einstaklinga eða ekki. Mál það, sem hér sé til úrlausnar, snúist um íslenskan afrétt með öllum hans einkennum og hafi þessi afréttur verið í eignarhaldi og eignarumráðum hlutaðeigandi sveitarfélaga um langan aldur. Ýmsar hugleiðingar stefnanda um almenninga í Noregi eigi ekki við um afrétti á Íslandi. Hér sé heldur ekki deilt um það, sem að fornu hafi verið nefndir almenningar og fjórðungsmenn voru taldir eiga. Í lögum nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. segi í 5. gr., að það skuli vera afréttir, sem að fornu hafi verið. Í 4. gr. sé fjallskilalandi skipt í afrétti og heimalönd. Auk þess sé gert ráð fyrir, að til séu svonefndir almenningar, sem þurfi hreinsunar við. Það sé því greinilegt, að lög nr. 42/1969 skipi afréttum í annan flokk en almenningum. Lögin geri ráð fyrir, að afréttir lúti eignarráðum sveitarfélaganna almennt, en þó sé minnst á afréttarlönd, sem liggi undir einstaka jörð eða stofnun, og fari þeir eftir fornri venju eða samningum. Í 10. gr. laganna komi afstaðan til eignarréttar yfir afréttunum greinilegar fram. Þar segi svo: „Enginn má nota afrétt, sem eigi á þar upprekstrarrétt samkvæmt 7. og 8. gr., nema viðkomandi sveitarstjórnir leyfi, eða landeigandi, ef um einkaeign á afréttarlandi samkvæmt 8. gr. er að ræða.“ Eignarhald sveitarfélaganna sjálfra að afréttum, sem ekki eru skýlaust í einkaeign, komi vel fram í sveitarstjórnarlögunum frá 4. maí 1872 og í reglugerðum sýslunefnda um notkun afrétta, sem sett voru með stoð í lögum þessum. Sem dæmi megi nefna reglugerð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð óskilafjár o. fl. frá 1892. Þar sé talað um þá hreppa, sem eiga afrétt, og gerður munur á heimalandsgögnum og heiðargögnum. Í reglugerð fyrir sömu sýslu um eyðingu refa o. fl. frá sama ári sé og talað um heiðaeigendur. Í reglugerð fyrir Mýrasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttir o. fl. frá 1892 sé greining lands og notkun þess skipt í fimm flokka: 1. heimalönd, sem liggja næst túnum, 2. kirkjufjallalönd, sem kirkjur eiga, 3. fjallalönd, sem eru í einstakra manna eign, 4. fjærlendi, sem sé landspilda, er tilheyri jörð, en sé umlukt aflandi annarra jarða, 5. afréttir. Afréttir séu skilgreindir sem beitarland á heiðum eða fjöllum, eign eins eða fleiri hreppa eða eign heilla sýslufélaga eða héraða.

Þá sé í 5. gr. þessara reglugerða ákvæði þess efnis, að hreppsnefndir skeri úr ágreiningi um takmörkun afrétta og heimalanda. Þetta kippi fótunum undan þeirri kenningu, að gera beri skarpan greinarmun á því, hvort land sé í eignarréttarlegum skilningi heimaland í eigu jarðeigenda eða afréttarland í eigu ríkisins. Í lögum um kauprétt að jörðum nr. 40/1948 sé og fortakslaust gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnir geti eignast afréttarlönd eins og jörð eða jarðarhluta með fullum eignarrétti. Verði ekki séð, hvernig dómkröfur stefnanda í máli þessu fái samrýmst anda eða tilgangi efni þessara laga. Þá er því haldið fram, að af dómum, sem kveðnir hafi verið upp á liðnum öldum, megi ráða, hvernig litið hafi verið á eignarrétt að afréttum. Megi þar nefna landsyfirréttardóm frá 1898 milli upprekstrarfélaga Hvítársíðu, Þverárhlíðar, Stafholtstungna og Norðurárdalshreppa við eiganda aðliggjandi jarðar um eignarrétt yfir Hellistungum. Þá megi nefna landsyfirréttardóm frá 1892 í máli milli hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps og bæjarstjórnar Reykjavíkur og eiganda Elliðakots um mörk afréttar sveitarfélaganna og jarðarinnar. Einnig hefur af hálfu þessa stefnda verið bent á fjölda annarra dóma landsyfirréttarins frá 19. og 20. öld, sem staðfesti þá reglu, sem fylgt hafi verið af íslenskum dómstólum alla 19. öld og fram yfir miðja 20. öld, að þegar eigendur tveggja jarða, eigendur afréttar og jarðar eða eigendur tveggja afrétta deildu um eignarrétt að landi, þá hafi niðurstaðan orðið sú í öllum tilfellum að dæma öðrum hvorum aðiljanum þrætulandið til fullrar eignar. Hafi úrslit mála þessara ráðist af því, hvort hafi ráðið fremur gamlar skriflegar heimildir eða afnot um visst árabil. Stundum hafi þetta fallið saman, en í öðrum tilvikum hafi áhöld verið um, hvort sönnunargagnið mætti sín meira. Er land hafi sannanlega verið notað mjög lengi af eiganda aðliggjandi jarðar, hafi það verið látið ráða í því tilfelli, að hvorugur hafi getað sannað eignarrétt með skjallegum hætti. Í öðrum tilvikum hafi eigi þótt sönnuð svo stöðug og yfirgripsmikil og langvarandi afnot af landinu, að öðrum þrætuaðiljanum yrði dæmt það á þeim forendum, og hafi þá hinum verið dæmt það á grundvelli gamalla skjallegra heimilda. Í öðrum tilvikum hafi eignarrétturinn verið ákveðinn með tilliti til afstöðu, landslags og staðhátta þrætulandsins til aðliggjandi jarða. Komið hafi fyrir, að þrætuland hafi verið dæmt eign annars aðilja vegna afnota þrátt fyrir eldra afsalsbréf. Þá séu þess og dæmi, að þar sem engin skjalleg skilríki höfðu komið fram, er byggt yrði á með nokkurri vissu um landamerki, þá hafi

verið farið eftir því, sem sannast hafði um notkun landsins af hendi annars aðiljans svo lengi sem sögur fóru af. Að því er varðar niðurstöður dóma, sem stefnandi styður málsstað sinn við, er því haldið fram, að í dómi um veiðirétt í vötnum á Landmannaafrétti frá 1955 virðist Hæstiréttur hafa hafnað þeirri málsástæðu ríkisvaldsins, að allir þegnar íslenska ríkisins séu eigendur Landmannaafréttar, en ríkið sem handhafi umboðsvalds gæti hagsmuna þeirra. Því síður verði sú ályktun dregin af dómi þessum, að því hafi verið slegið föstu, að ríkið sé eigandi Landmannaafréttar, enda hafi því ekki verið haldið fram þá af fulltrúa ríkisvaldsins. Hafi Hæstarétti þótt skorta á sönnun fyrir eignarrétti hreppsfélaganna að afréttinum, enda hafi þeir deilt innbyrðis um eignarheimildir sínar. Þá sé viðurkennt af hálfu stefnanda, að ályktunarorð Hæstaréttar í þeim dómi um sönnunargildi svokallaðs Þjórsártungudóms frá 1476 hafi haft úrslitaáhrif á niðurstöðu dómsins. Úr þessu hafi nú verið bætt með álitsgerð sérfróðra manna, sem staðfesti trúverðugleik þessa forna dóms. Þá megi og draga í efa, að þá hafi verið flutt til hlítar sú málsástæða fyrir Hæstarétti, að Landmannahreppur hafi selt réttindi til virkjunar vatnsafls á Landmannaafrétti til Titan h/f og er íslenska ríkið hafi keypt þessi réttindi fullu verði á árinu 1952, hafi falist í því viðurkenning á fullum og óskoruðum eignarrétti Landmannahrepps yfir afréttinum. Þá er því mótmælt, að dómur í svonefndu Nýjabæjarafréttarmáli hafi nokkra þá þýðingu, sem stefnandi geti byggt á í máli því, sem hér er til úrlausnar. Í svonefndu Reyðarvatnsmáli hafi mikilvægt atriði verið látið bíða dómsuppsögu um hríð og sé ekki grundvöllur til að draga þær ályktanir af dómi þessum, sem gert sé af hálfu stefnanda. Er því haldið fram, að engir þeir dómar, sem vitnað er til af hálfu stefnanda, séu bindandi úrlausnir, er leiði til viðurkenningar á kröfum stefnanda í þessu máli. Er því haldið fram, að íslenskir afréttir séu ekki og geti ekki verið eign íslenska ríkisins. Til þessa hafi þeir í gildum lagafyrirmælum, dómum og í vitund landsmanna verið taldir eign ákveðinna jarðeigenda eða sveitarfélaga. Afréttir á Íslandi geti ekki heldur verið eign íslenska ríkisins þegar af þeirri ástæðu, að íslenska ríkið hafi aldrei haft neina tilburði til að veita afréttunum umhirðu sem sinni eign eða á neinn hátt talið sig eiganda þeirra. Hafi íslenska ríkið aldrei skipt sér af því, þótt afréttir gengju kaupum og sölum. Verði kröfur stefnanda í máli þessu teknar til greina, er Landmannahreppi áskilinn réttur til að hafa uppi bótakröfu fyrir afnot landsréttinda og land, sem

fyrirsvarsmenn hreppsins telja hann eiga samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og gjald hefur ekki verið greitt fyrir til þessa. Af hálfu þessa aðilja kemur fram, að það sé skoðun fyrirsvarsmanna hans, að hreppsfélagið, en ekki einstakir eigendur eða ábúendur jarða, sé eigandi afréttarlandsins, en hreppsfélagið hljóti að viðurkenna þá kvöð sem landeigandi, að eigendur og ábúendur jarða eigi upprekstrarrétt og beitarafnot fyrir búpening sinn á afréttinum innan þeirra marka, sem landeigandi telur skynsamlegt. Þá kemur og fram af hálfu þessa aðilja, að uppgjör vegna ágreinings um rétt annarra sveitarfélaga bíði síns tíma, en raski ekki því, að stefnandi eigi engan rétt til Landmannaafréttar.

Af hálfu Holtahrepps, eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og af hálfu Rangárvallahrepps er því haldið fram, að ábúendur jarða og hrepparnir hafi í upphafi byggðar hér á landi einir tekið landsvæði það, sem fjallað er um í máli þessu, til einkaafnota um alla framtíð og hafi þeir hirt landsvæðið og notað. Hafi hrepparnir og ábúendur jarða í hverjum hreppi talið og telji sig eigendur landsvæðisins. Hafi engin rök eða sönnur komið fram fyrir því, að svo sé ekki. Sé vísindalega fullsannað, að almenningur og afréttir hafi verið eigendalausir, er landnámsmenn slógu eign sinni á þá. Hafi þeir tekið landsvæði þessi til beitar fyrir búfé sitt, til ræktunar eða notkunar á annan hátt. Hafi þessi notkun haldist allt fram á þennan dag hjá þeim afkomendum landnámsmanna, sem lifðu á landbúnaði, án þess að tilraun væri gerð til að svipta þá þessum rétti. Er því haldið fram, að þessir aðiljar, sem hér hafa tekið til varna gegn kröfum stefnanda, séu réttir eigendur umræddra landsvæðis. Þótt íslenska ríkið geti verið aðili að eignarréttindum á sama hátt og einstaklingar, félög eða stofnanir, þá verði það að færa sönnur að eignarrétti sínum á sama hátt og þessir aðiljar. Því verði íslenska ríkið að sanna í máli þessu, hvernig það hafi öðlast eignarrétt að umræddu landsvæði og hvernig það hafi haldið þeim eignarrétti við, ef til hans hafi stofnast. Í málinu komi fram, að núverandi forráðamenn íslenska ríkisins viti ekki, hvort eignarréttur hafi stofnast yfir umræddu landsvæði til handa íslenska ríkinu eða hvernig þeim eignarrétti sé háttað. Sama sé að segja um fyrri fyrirsvarsmenn ríkisins. Núverandi fyrirsvarsmenn ríkisins hafi höfðað mál þetta, vegna þess að þeir viti ekki, hvort ríkið hafi nokkurn tíma eignast þann rétt, sem nú sé krafist því til handa. Sé það nú krafa

ríkisvaldsins, að þeir sem vitað sé, að eru réttir handhafar þessa réttar yfir landsvæðinu og því eigendur þess, færi sönnur að því, að ríkisvaldið eigi ekki þennan rétt. Af hálfu Holtahrepps er því mótmælt, að afsöl til Titan h/f fyrir vatnsréttindum á Landmannaafrétti hafi verið gerð af neinum þeim, sem til þess hafði umboð. Er því haldið fram, að þessi málssókn stefnanda sé í andstöðu við grundvallarsjónarmið þau, sem gilt hafi um eignarrétt frá upphafi hér á landi. Er því haldið fram, að ef krafa stefnanda í málinu verði tekin til greina, sé um að ræða eignarnám, sem fullar bætur verði að koma fyrir skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Af hálfu þessara aðilja er því mótmælt, að Skaftártunguhreppur eigi til réttar að telja yfir landsvæði því, sem deilt er um í málinu. Hins vegar standi aðild hans að málinu ekki í vegi fyrir því, að efnisdómur verði á það lagður.

Af hálfu Skaftártunguhrepps kemur fram, að krafa hreppsins sé byggð á lýsingu hreppsnefndarinnar á afréttarmörkum hreppsins frá 12. desember 1889. Afréttarmörkin séu í öllum verulegum atriðum hin sömu og sýslumörk Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu á landsvæði því, sem stefna í máli þessu afmarkar. Svo sem fram komi af skjölum málsins, séu mörkin milli Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu engan vegin ágreiningslaus. Af hálfu Landmannahrepps, Holtahrepps og Ása- og Djúpárhrepps muni því haldið fram, að svokallaður Landmannaafréttur nái alveg austur að Tungnaá og að Skaftártunguhreppur eigi ekkert land fyrir vestan ána. Skaftártunguhreppur hafi hins vegar engan hlut átt að sáttargerðinni frá 7. ágúst 1951 um mörk Landmannaafréttar og því sé hún ekki bindandi fyrir hreppinn. Hins vegar eigi ágreiningur um þetta ekki að standa í vegi fyrir því, að lagður verði dómur á kröfu stefnanda, enda standi hreppar þeir, sem risið hafa til andmæla gegn þeirri kröfu, sameinaðir í afstöðu sinni til hennar.

Kröfugerð Skaftártunguhrepps er studd þeim rökum, að samkvæmt skráðum heimildum um upphaf byggðar hér á landi, hafi landnámsmenn komið að ónumdu landi, ef frá eru taldir Papar, sem ekki hafi markað spor í landnámssögunni. Landnemarnir hafi helgað sér ákveðin landsvæði og sé talið, að landnámi hafi lokið á 60 árum og landið þá allt verið numið. Fjalllendi og heiðar hafi orðið eign einstakra jarða, er næst lágu. Sé svo enn víða á Vesturlandi og í Húnavatnssýslu. Heiðalönd og fjalllendi hafi þar verið hluti þeirra jarða, sem næst lágu heiðunum, og hafi lönd jarða í

Borgarfirði og Húnavatnssýslu mæst á miðjum heiðum. Víða, þar sem svo háttar, hafi landeigendur selt upprekstrarfélögum og hreppsfélögum heiðalöndin til sameiginlegra afnota. Annars staðar hafi mál þróast með öðrum hætti. Þar hafi búfénaður aðliggjandi jarða gengið á heiðum og afréttum og knúið bændur til samvinnu um eðlilega nýtingu þeirra. Hin brýna samvinna um fjallskil hafi leitt til þess, að eignarréttur einstakra jarða yfir afmörkuðu landi á heiðum uppi hafi smám saman horfið, en við hafi tekið sameign jarðanna, sbr. ákvæði 47. kafla Jónsbókar. Þegar hreppaskipan var komið á fót, hafi leitt af sjálfu sér, að hreppsfélögin tækju við skipulagningu og framkvæmd fjallskila og nýtingu afréttanna. Vegna þessa forræðis hafi viðhorf til eignarréttar yfir landsvæðum þessum breyst með tímanum í þá átt, að í stað sérstakrar sameignar hafi rétturinn alfarið horfið til hreppanna. Þessi breyttu viðhorf komi meðal annars fram í því, að hver einstakur jarðeigandi geti ekki krafist uppboðs á afrétti til slita á sameign. Á miðhálendinu séu mörk afréttarlanda ekki eins glögg, enda þar víða gróðurlausar auðnir. Engu að síður megi ætla, að bændur hafi nytjað þennan hluta landsins þá sem nú og búfé hafi gengið þar fram yfir sumarið og veiði stundum, þar sem aðstæður leyfðu. Hafi bændur orðið að bindast samtökum um smölun og nýtingu hálendisins undir forustu hreppsfélaganna. Verði að hafa í huga í þessu sambandi, að mikil gróðureyðing hafi orðið frá því á landnámsöld og sé nú víða auðn, þar sem áður var gróðurlendi. Samkvæmt þessu hafi allt landið verið eign bænda í upphafi, en eignarrétturinn hafi síðan færst til hreppsfélaganna í rás tímans. Hvergi sé að finna heimildir um það í fornum ritum, að þjóðarheildin öll eða ríkið hafi átt heiðalöndin eða afréttina. Ekki finnist heldur um það heimildir, að almenningar væru eign þjóðheildarinnar, enda ríkishugtakið óljóst á þjóðveldisöld og hafi það ekki fengið fasta mótun fyrr en síðar. Óhætt sé að fullyrða, að engar heimildir styðji það, að landsvæði það, sem fjallað er um í máli þessu, hafi verið almenningur til forna, heldur fremur hið gagnstæða. Jafnvel þótt slík heimild fyndist, væri þrátt fyrir það ekki úr því skorið, hver sé eigandi þess. Samkvæmt Grágás hafi almenningur verið eign fjórðunga, þ. e. bændanna í fjórðungunum. Svo virðist sem losnað hafi um eignarhald fjórðunganna yfir almenningunum með tímanum, einkum eftir að áhrif fjórðunganna í stjórnskipuninni fór þverrandi. Virðist hreppsfélögin, sem næst liggja almenningum, eðlilegur arftaki fjórðunganna sem eigendur þeirra. Komi þar margt

til. Verkefni hreppanna séu hin sömu og fjórðunganna, svo sem framfærsla o. fl. Hrepparnir hafi fyrir hönd íbúa sinna annast skipulagsbundna nýtingu og stjórnun heiða og fjalllendis. Hreppsfélögin séu smæsta skipulagsbundna einingin í stjórnskipuninni og standi því næst einstaklingum, þannig að þar gæti áhrifa hans mest, bæði á því sviði eignarréttarins, sem hér er fjallað um, sem á öðrum sviðum. Frá ómunatíð hafi öll nýting og afnot fjalllendis verið í höndum jarðeigenda. Nýtingin hafi meðal annars falist í beitarafnotum, veiði, grastekju, hrís- og mótekju og jafnvel grasnytjum til slægna. Afnot þessi hafi ýmist verið árstíðabundin eða farið fram allan ársins hring. Afnot hafi falið í sér fullnýtingu landsins, eins og atvinnuhættir frekast leyfðu. Meðan notkun vatns til virkjunar var óþekkt, hafi ekki verið hægt að sýna nein merki um slík afnot. Malartaka og notkun annarra jarðefna hafi að mestu verið óþekkt til forna. Þrátt fyrir þetta sé almennt viðurkennt, að slík réttindi séu einstaklingseign, að minnsta kosti ef þau eru í heimalöndum jarða. Breyttir atvinnuhættir valdi því, að nú megi hafa fjölbreyttari not af landinu. Það geti hins vegar ekki leitt til þess, að ríkisvaldið eignist hin nýju landgæði jafnóðum. Girði lögin nr. 46/1905 um hefð fyrir slíka öflun réttinda ríkisvaldinu til handa. Tilgangur laganna sé sá að tryggja og staðfesta réttindi notanda eignar, hafi hann fengið umráð hennar með eðlilegum hætti. Krafa stefnanda í máli þessu gangi þvert á þessa grundvallarreglu. Þau viðhorf fræðimanna á seinni árum, sem krafa stefnanda styðst við, fái ekki staðist. Hvarvetna í þjóðfélaginu séu árekstrar milli opinberra hagsmuna og hagsmuna einstaklinga, sem aldrei verði komist hjá. Vegna þessa hagsmunaárekstrar hafi ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar verið sett. Ríkisvaldið verði í þessu tilviki sem öðrum að fara að lögum í samskiptum sínum við borgarana. Sé nauðsynlegt að nýta ákveðin landsvæði í þágu alþjóðar, verði að taka þau eignarnámi, ef ekki takist frjálsir samningar um kaup. Þessa grundvallarreglu hafi ríkisvaldið viðurkennt í verki, þegar eignir Titan h/f voru keyptar.

Álit dómsins.

Af hálfu aðilja málsins annarra en Skaftártunguhrepps hafa ekki verið vefengd þau mörk Landmannaafréttar, sem ákveðin voru með sáttargerðinni 7. ágúst 1951. Verður að líta svo á, að landsvæði þetta sé afréttur, en ekki almenningur, svo sem fram hefur komið í málflutningi af hálfu stefnanda.

Í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955, þar sem fjallað var um rétt til veiði í ám og vötnum í Landmannaafrétti, er kveðið á um, að íbúar Holtahrepps og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi sameiginlega upprekstrarrétt á Landmannaafrétt með íbúum Landmannahrepps. Skaftártunguhreppur var ekki aðili að sáttargerðinni um mörk landsvæðis þess, sem fjallað er um í máli þessu, og byggir nú kröfu sína í máli þessu á því, að afréttarland hreppsins nái inn á þetta landsvæði. Þykir ágreiningur varnaraðilja innbyrðis ekki girða fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið.

Samkvæmt greindum dómi Hæstaréttar varð ekki byggt á skjölum þeim, sem talin eru endurrit af dómi, er gengið hafi á Skarði á Landi 25. júní 1476 um afréttinn Þjórsártungur, þar sem gögn þessi studdust hvorki við frumbréf né staðfest endurrit dóms. Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er einnig byggt á því, að dómur hafi gengið um þetta efni, eins og segir í skjölum þessum. Ekki hefur komið fram frumbréf af dóminum né staðfest endurrit af honum. Hins vegar hefur verið aflað álitsgerðar dómkvaddra sérfróðra manna um trúverðugleik skjala þessara, og hefur niðurlag álitsgerðarinnar áður verið rakið. Ekki þykir álitsgerð þessi færa lögfulla sönnun að því, að dómur hafi gengið, eins og lýst er í skjölum þessum.

Ekki er annað fram komið en að afréttur sá, sem hér er fjallað um og nefndur hefur verið Landmannaafréttur, hafi stofnast með þeim hætti, að bændur hafi í upphafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening sinn og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á. Hefur ekki verið leitt í ljós, að þessum notum af afréttarlandinu hafi fylgt þau umráð landsins, að í þeim hafi verið fólginn beinn eignarréttur yfir því. Eru þessi afnot ekki grundvöllur eignarheimildar yfir afréttarlandinu fyrir þá eigendur og ábúendur einstakra jarða, sem telja til eignarréttar yfir því. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á það, að þessi afnot ásamt öðrum atvikum hafi leitt til eignarheimildar þessara aðilja yfir afréttarlandinu. Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélög þau, sem aðild eiga að máli þessu og eitt eða fleiri hafa að lögum séð um afréttarnot á landsvæðinu, hafi öðlast eignarrétt yfir því fyrir nám, löggerning, hefð eða með öðrum hætti.

Verður og úrlausn Hæstaréttar um þetta efni í áðurnefndum dómi frá 25. febrúar 1955 ekki haggað að því er varðar hrepps-

nefnd Holtahrepps f. h. hreppsins, hreppsnefnd Rangárvallahrepps f. h. eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla og hreppsnefnd Landmannahrepps f. h. hreppsins, sbr. 195. gr. laga nr. 85/1936. Þótt hreppsnefndir Landmannahrepps og Rangárvallahrepps hafi gert með sér samning um að skipta milli sín arði af sölu hrafntinnu í Reykjadölum, þá þykir það ekki vera grundvöllur eignarheföar hreppanna yfir öllu afréttarlandinu eða hluta þess. Ekki verður heldur talið, að samningar og afsöl hreppsfélaga á vatnsréttindum og rétti til nýtingar þeirra, sem gerð hefur verið grein fyrir í málinu, geti verið grundvöllur eignarheföar yfir afréttarlandinu til handa þessum hreppum, þótt gerningum þessum hafi verið þinglýst og réttindi þessi hafi seinna verið hluti af kaupum íslenska ríkisins á vatnsréttindum á stærra svæði. Verður ekki talið, að íslenska ríkið hafi með þeim kaupum viðurkennt beint eða óbeint eignarrétt hreppanna yfir afréttarlandinu. Hefur og komið fram, að af hálfu ríkisvaldsins var þinglýsingu skjala um viðskipti þessi mótmælt við þinglýsingardómara á þeim grundvelli, að vatnsréttindi á landsvæðum í óbyggðum, þar sem bændur eiga sumarbeit, væru almenningseign. Ekki þykja önnur rök eða málsástæður, sem fram hafa komið í málinu af hálfu þeirra aðilja, sem risið hafa til andmæla gegn kröfum stefnanda, leiða til þess, að þeir verði taldir eiga beinan eignarrétt yfir landsvæði því, sem um er fjallað í málinu.

Leggja verður til grundvallar, að mál þetta sé höfðað sem eignardómsmál og hafi það verið staðfest undir rekstri málsins.

Ekki hefur komið fram í málinu, að nokkrum aðilja sé til að dreifa öðrum en aðiljum þessa máls, sem átt gætu beinan eða óbeinan eignarrétt að landsvæði því, sem hér er rætt um, og ekki verður talið, að í lögum felist nokkur slíkur réttur slíkum aðiljum til handa, sbr. 58. kap. landsleigubálks Jónsbókar, 2. mgr. 12. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, 2. tl. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglufriðun og 7. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849 um veiði á Íslandi. Ekki verður heldur talið, að í 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og tilskipun frá 20. júní 1849 felist hlutbundinn réttur til handa afréttarhöfum, sem varinn sé af 67. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu virðist þá ekki öðrum til að deifa en ríkisvaldinu, sem gæti talist eigandi hins umdeilda landsvæðis.

Í vatnalögum nr. 15/1923 er ekki tekin afstaða til þess, hver teljist eigandi vatnsréttinda á afréttum, en út frá því virðist hafa verið gengið við gerð þessara laga, að vatnsréttindi á afréttum

tilheyrðu ríkinu. Sömu grundvallarsjónarmið virðast eiga við um jarðhitaréttindi.

Telja verður, að í 2. gr. námulaga nr. 24/1973 felist sú regla, að réttur til töku jarðefna á afréttum heyri íslenska ríkinu til.

Af eldri lögum, svo sem tilskipun frá 15. apríl 1776, lögum nr. 15/1897 um nýbýli og námulögum nr. 50/1909, virðist mega ráða, að lengi hafi verið gert ráð fyrir, að ríkisvaldið hefði mjög víðtækan rétt til afréttarlands. Sama sjónarmið kemur fram um hliðstætt efni í 3. tl. 1. gr. laga nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Þótt réttur ríkisins til afrétta verði ekki í öllum atriðum talinn samsvara einstaklingseignarrétti, m. a. þegar tillit er tekið til margs konar heimilda almennings varðandi nytjar og not þeirra, þykir réttur þessi samkvæmt því, sem að framan er rakið, svo yfirgripsmikill, að fallast verði á, að sóknaraðili eigi rétt á að fá skilríki fyrir þessum rétti sínum samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt þessu þykir bera að taka kröfu stefnanda til greina og telja íslenska ríkið eiga beinan eignarrétt yfir landsvæði því, sem deilt er um í málinu og nefnt hefur verið Landmannaafréttur. Af hálfu stefnanda hefur verið lýst yfir, að ríkisvaldið viðurkenni rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarafnota, sem lög og venjur eru fyrir og varnaraðiljar geri grein fyrir undir rekstri málsins. Afréttarnotum er skipað með lögum, og er svo um fleiri málefni, sem varða afrétti, svo sem veiði í vötnum. Þykir því ekki ástæða til að taka afstöðu til þeirra í máli þessu eða annarra óbeinna réttinda til landsvæðis þess, sem til tals hafa komið í málinu. Verður ekki talið, að þessi niðurstaða málsins brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Hinn 2. júlí 1975 veitti dómsmálaráðherra Landmannahreppi gjafvörn í málinu, og var Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið af hálfu hreppsins. Gjafvarnarkostnaður þessa aðilja greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, og ákveðast þau kr. 3.500.000.

Hinn 2. júlí 1975 veitti dómsmálaráðherra Holtahreppi, eigendum og ábúendum jarða í hreppnum, Rangárvallahreppi og eigendum og ábúendum jarðanna Næfurholts og Hóla í þeim hreppi gjafvörn í málinu. Var Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið af hálfu þessara aðilja. Gjafvarnarkostnaður þessara aðilja greiðist úr ríkissjóði, þar með

talin málflutningslaun talsmanns þeirra, og ákveðast þau kr. 3.500.000.

Hinn 14. apríl 1977 veitti dómsmálaráðherra Skaftártunguhreppi gjafvörn í málinu, og var Skúli J. Pálmason hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið af hálfu þess aðilja. Gjafvarnarkostnaður þessa aðilja greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, og ákveðast þau kr. 1.000.000.

Með úrskurði, uppkveðnum 12. mars 1975, vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu. Hinn 4. júní 1975 skipaði dómsmálaráðherra Guðmund Jónsson borgardómara til að fara með mál þetta og dæma skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, en með honum skipa dóminn Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari og Þórhallur Vilmundarson prófessor.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur íslenska ríkisins að Landmannaafrétti.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður Landmannahrepps greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.000.

Gjafvarnarkostnaður Holtahrepps, eigenda og ábúenda jarða í hreppnum, Rangárvallahrepps og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í þeim hreppi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.000.

Gjafvarnarkostnaður Skaftártunguhrepps greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.000.000.

Sératkvæði Þórhalls Vilmundarsonar prófessors.

Þar sem skýr lagaákvæði skortir um eignarrétt á afréttum landsins og ekki hefur náð að myndast fullnægjandi réttarvenja um það efni, tel ég, að sýkna beri stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Varnaraðiljar hafa fengið gjafvörn í málinu, og tel ég því, að málskostnaður eigi að falla niður.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um ákvörðun gjafvarnarkostnaðar.

Dómsorð:

Stefndu, Landmannahreppur, Holtahreppur og eigendur og ábúendur jarða í þeim hreppi, Rangárvallahreppur og eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla og Skaftártunguhreppur, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður Landmannahrepps greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.000.

Gjafvarnarkostnaður Holtahrepps, eigenda og ábúenda jarðanna í þeim hreppi, Rangárvallahrepps og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.000.

Gjafvarnarkostnaður Skaftártunguhrepps greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.000.000.